






3 1761 05334592 2

UNIV. OF
TORONTO
LIBRARY




BINDING LIST OCT 1 1921.





Digitized by the Internet Archive
in 2009 with funding from
University of Toronto



H Scan
T Sigky

11

LÝSING ÍSLANDS.



Eftir

^{Tb}
Þorvald Thoroddsen.

Gefin út af

Hinu íslenska Bókmentafélagi.

Þriðja bindi.

167491
19/11/21

Kaupmannahöfn.

Prentað hjá S. L. Möller.

1919.



116

LANDBÚNAÐUR Á ÍSLANDI

Sögulegt yfirlit

eftir

Þorvald Thoroddsen.

I.

Gefið út af

Hinu íslenska Bókmentafélagi

Kaupmannahöfn

Prentað hjá S. L. Möller

1919

THE UNIVERSITY OF CHICAGO

PHYSICS DEPARTMENT

RESEARCH REPORT

NO. 100

1950

BY

J. R. OPPENHEIM

AND

H. S. GARDNER

AND

W. H. FURNESS

CHICAGO, ILLINOIS

Formáli.

Hin fyrsta deild þessarar lýsingar kom út á árunum 1908—1911. Þar var lýsing landsins og náttúrunnar skráð í einni heild með efnisyfirliti og registri, eða með öðrum orðum, landlýsingin var sjálfstætt verk, ágríp af öllu því, sem menn þá vissu um náttúru landsins. Hér þurfti því ekki beinlínis áframhald, því þjóðlýsingin út af fyrir sig fékst við alt önnur verkefni, sem ekki snertu hina eiginlegu landlýsingu að öðru en því, að landsbúar lifa á náttúrunni og af henni og verða að haga atvinnuvegum sínum eftir eðli landsins. Þegar Hafnardeild Bókmentafélagsins var lögð niður 1911, hætti eg við að rita þjóðlýsinguna og fór að fást við önnur vísindaleg störf. Eins og getið er í formála fyrsta bindis var það upphaflega tilgangurinn, að lýsing þjóðar og atvinnuvega kæmi smátt og smátt á eftir landlýsingunni, eins fljótt og kringumstæður leyfðu, en nú var aðstaðan öll mjög breytt, svo eg lagði verkið niður.

Fyrir stöðugar ábrýnslur ýmsra góðkunningja minna og sérstaklega fyrir áskoranir Guðmundar Björnssonar landlæknis hefi eg þó látið tilleidast að halda verkinu áfram og byrja með því að lýsa atvinnuvegum þjóðarinnar og þá sérstaklega landbúnaðinum, sem enn er aðal-atvinnugrein Íslendinga. Eg hafði um langan tíma safnað miklu efni til þjóðlýsingar og bjargræðissögu þjóðarinnar, en það var auðséð, eftir því sem til hagar á Íslandi, þar sem fræðimennirnir eru fáir og stórar bækur mjög sjaldan eru prentaðar, — að söfn mín mundu verða að engum notum, ef eg ekki ymi úr þeim sjálfur í lifandi lífi og skrásetti aðalefnið, svo að glögt yfirlit fengist, sem aðrir síðar gætu byggt á. En

með því höfundurinn nú er hniginn að aldri, svo að lítil líkindi eru til að honum auðnist að vinna úr öllu því efni, sem hann hefir safnað. Þá þykir honum best henta að skrásetja aðalþætti þjóðlýsingarinnar hvern fyrir sig í óháðar deildir. Þá er það gjört sem gjört er, þó margt af því kunní að verða látið ógert, sem upprunalega var áformað. Her kemur þá fyrst lýsing landbúnaðarins fram á sjónarsviðið og er hún miklu ítarlegri en kaflarnir um náttúrulýsingu landsins og hefi eg þar notað nærri alt, sem eg hefi safnað, mér faust engin ástæða til að draga það saman eða sleppa því úr, sem var til einhverrar fræðslu um aðaldrættina í búnaðarsögu Íslendinga. Eðlilega hefi eg slept öllum sérfrædislegum rannsóknum um ýms einstök atriði, þó freistingin væri oft mikil til að grænslast nánar eftir ýmsu athugaverðu, þar sem búnaðar- og þjargræðissaga landsins því nær ekkert hefir verið rannsökuð, en hefir legið eins og óráktað flag fram á þenna tíma. Það er mikið verkefni fyrir íslenzka fræðimenn að rannsaka margt þar að lútandi og mundu þær rannsóknir eflaust gefa meiri vísindalegan arð fyrir menningarsögu landsins en flestir hyggja.

Náttúruleýsingin í hinum fyrstu tveim bindum var að miklu leyti samín eftir eigin rannsóknum, búnaðarsagan, sem hér birtist, er að mestu leyti tekin eftir prentuðum heimildum, en stýðst þó að nokkru leyti við athuganir á ferðum mínum 1876 og 1881—98 og svo við endurminningar frá æskuárum í sveit. Efnið er mjög yfirgrípsmikið og ekki hægt alstaðar að rekja hin einstöku atriði til róta. Eg hefi notað flestallar ritgjörðir um landbúnað, sem prentaðar hafa verið á íslenzku, og læt viðasthvar höfundana með eigin orðum skýra frá athugunum sínum og skoðunum, og vísa jafnframt til rita þeirra. Sá er galli á sumum búnaðarritgjörðum, að þær lýsa ekki ástandinu eins og það er, heldur skýra frá því hvernig það ætti að vera. Þó má með athygli og samanburði finna nokkurnvegiun áreiðanlegar skýrslur um búnaðarástandið á ýmsum öldum. Bók þessi er engin ken slubók í búfræði, það getur hver séð

sem hana les, heldur sögulegt og landfræðislegt yfirlit yfir landbúnað Íslendinga. Aðalefni ritsins er búnaðarsaga og lýsing á búnaðarhögum Íslendinga á ýmsum öldum, sérstaklega á seinni hluta 19. aldar: þar við bætist yfirlit yfir hinar helztu framfarir á 20. öld samkvæmt skýrslum þeim, sem birtar hafa verið í bókum og tímaritum. Því miður hefir höfundurinn ekki með eigin augum getað athugað breytingar þær, sem orðnar eru á sveitalífinu á þessari öld. Að svo stöddu er einskis manns meðfæri, að rita fullkomna búnaðarsögu Íslands úr því nærri allar undirbúningsrannsóknir vantar. Hér hefir verið reynt að riða á vaðið, svo geta aðrir síðar leiðrétt og bætt við. Hinir einstöku búnaðarþættir eru edlilega ekki ritaðir svo til hlítar, að ekki megji mörgu við bæta, en alstaðar er vísað til rita, svo lesandinn getur leitað þangað, ef hann vill fá meiri fræðslu um einstök atriði. Það er mjög örðugt að semja fullkomlega nákvæma lýsingu á búnaðarástandinu eins og það er nú, ef vel væri þyrfti höfundurinn að ferðast um alt land til athugunar og samanburðar, og safna um leið hagskýrslum um ýmsar greinir búnaðarins. Það er einnig til mikils boga, að hagfræði vor er enn svo stutt á veg komin, öll í molum og á fyrri árum oft mjög óáreiðanleg. Um ýmsar greinir búnaðarins vantar allar skýrslur.

Kaupmannahöfn 14. apríl 1919

Þorvaldur Thoroddsen.

Yfirlit efnisins.

	bls.
A. Landbúnaður.	1
I. Ábúð landsins	1
1. Viðátta graslendis	1
2. Bæjaskipun	5
Hæð bæja yfir sjávarmál	6
Fjarlægð bæja frá ströndu	13
Þorp, hverfi	15
Bæjatal	18
Eyðijarðir	19
Stærð jarðeigna	25
Margbýli	25
Eignaskifting	27
3. Jarðabygging	30
Landskuldir	39
Kúgildi	43
Kvaðir	58
4. Jarðaverð	65
Jarðabækur og jarðamat	77
II. Notkun graslendis og haga	90
1. Tún og túnrækt. Heyvinna	90
Túngarðar	97
Þúfur, túnasléttun	103
Plógar	112
Nátthagar	116
Færíkviar	117
Áburður	118
Heyannir	124
Heygarðar og hlöður	134
Heymæling og heyverð	139
2. Mýrar, engjar og aðrar slægjur	144
Útbreiðsla mýra	144
Einstök mýrasvæði	148
Áveitur og framskurður	152
Mór	160
Torfrista	173
3. Beitarlönd og afréttir	175

	bls.
Beitarlönd	175
Afréttir	181
Almenningar	187
Greining haga og atrétta	189
Fjallskil	197
Sel	207
III. Kvíkfjarrækt. Nautpeningur	213
1. Yfirlit yfir nautpeningseign Íslendinga á fyrri öldum	213
2. Nautgripatala á 19. og 20. öld	232
3. Nautpeningsrækt Íslendinga á seinni öldum	238
Nautgripakyn á Islandi	238
Litur nautgripa	241
Kynbætur nautgripa	242
Fjós	247
Fjósbaðstofur	249
Fóður kúa	251
Mjólkurhæð kúa	257
Afrakstur kúabúa	266
Smjör og smjörbú	268
Skyr	272
Verð kúa	273
Sjúkdómar nautpenings	275
IV. Sauðfjénaður	278
1. Sauðfjäreign Íslendinga á fyrri öldum	278
2. Sauðfjártala á 19. og 20. öld	296
3. Sauðfjarrækt Íslendinga	302
Sauðfjarkyn og kynbætur	302
Tilhleyping	320
Sauðburður	322
Fráfarur	325
Rúning sauðfjár	328
Fjármörk	330
Samarnytkun ásauda	333
Vetrarhirðing sauðfjár	342
Fjánhús	343
Heyásetning	354
Fóður sauðfjénaðar	366
Beit og útigangur	372
Fjörubeit	378
Þyngd og frálag kinda	379
Sjúkdómar sauðpenings	387
Bráðapest	391
Fjárkláðinn fyrri	396
Sunnlenzki fjárkláðinn	401

	bls.
Fjárkláði á 20. öld	410
Óþrif	412
Ormasýki	413

Prentvillur.

- III. bls. 119¹⁷ reimar les reinar.
 — — 188 4. l. a. n. Dipl. isl. V, bls. 110, les Dipl. isl. VI, bls. 110.
 — — 351¹⁶ viðrar.)⁹ les viðrar.)
 — — 376 4. l. a. n. heppist l. hepnist.
 — — 387¹⁶ spendla l. sperðla.
 — — 388 5. l. a. n. Ströndinni les ströndinni.
 — — 388 7. l. a. n. Strandamenn les Strandarmenn.

A. Landbúnaður.

I. Ábúð landsins.

1. Víðátta graslendis.

Almennu gróðrarfari hefir áður verið lýst í Lýsingu Íslands, 2. bindi. Sakir legu sinnar á hnettinum og vegna veðráttufarsins er Ísland eðlilega hrjóstrugt land með litlum jurtagróða; og þó er gróðurinn aðalskilyrðið fyrir hinum helzta bjargræðisvegi íbúanna, landbúnaðinum. Á aðalhálandinu þrífast aðeins fáir jurtaeinstaklingar á stangli. og um stór svæði er þar alger eyðimörk. Samfeldur gróður, graslendi, mýrar og kvistlendi, ná aðeins yfir lítinn hluta af öllu flatarmáli landsins, en hve víðátta hans er mikil, er að svo stöddu ekki hægt að ákveða; mjög lítil líkindi eru til þess, að samfeldur gróður nái yfir meira en fimta hluta af öllu yfirborði landsins. Full þekking í þeirri grein fæst ekki fyrir en nákvæmlega er búið að mæla landið alt. Þó graslendi og kvistlendi aðallega taki yfir láglendi og dali, þá er þar þó hvergi nærri samfeld gróðrabreiða alstaðar; innanum fjölmennar bygðir eru stór svæði af gróðrarlitlum melum og söndum, holtum og hraunum með gisnum bersvæðisgróðri og mosapembum. Jarðvegur og mold eru í mörgum sveitum aðeins í dreifðum smáblettum hér og hvar, en holta og klettagróður þess á milli.

Líti maður á uppdrætti herforingjaráðsins, sem prentaðir eru, þá gegnir furðu, hve flatarmál graslendisins er lítið; í sumum sveitum og heilum héruðum er samfeldi

gróðurinn alveg hverfandi í samanburði við holt, kletta, hraun og sanda. Þannig er Reykjanesskagi fyrir utan Lágaskarð og sunnan Hafnarfjörð 1635 ferh. km. að flatarmáli, en þar af er aðeins 69,2 ferh. km. graslendi eða 4,23%.

Hitt eru alt klettar og hraun, melar og mosapembur. Eitt-hvað svipað mun hlutfallið vera milli graslendis og grjótlendis á Vestfjörðum og á stórum svæðum á Norðurlandi og Austurlandi. Þó eru á undirlendunum stöku sveitir, sem mega heita samhangandi grasbreiður, t. d. Flói, Holtasveit, Skeið. Grímsnes, Biskupstungur og Landeyjar. Sumstaðar eru sandsvæði innan um graslendið, eins og á Rangárvöllum, í Landsveit og á Mýrum eystra; í sumum sveitum skiftast á graslendi, holt og hálsar, einsog í Hreppum og Skaftártungu o. s. frv. Það mun síðar sannast, þegar hægt verður að mæla nákvæmlega, að grasivaxið land er miklu minna í hlutfalli við flatarmálið alt. en menn hafa ætlað. Um mestan hlut af yfirborði landsins, þegar jöklar eru fráskildir og hin örgustu öræfi, vex meira og minna dreifður bersvæðisgróður, og hann er engan veginn þýðingarlaus fyrir búskapinn. á honum má heita, að öll sauðfjárræktin sé bygd og svo hefur nautpeningur og hross einnig nokkur not af honum.

Framtíðarhorfur nautpeningsræktarinnar og þar með framtíð landbúnaðarins er mikið komin undir því, hve mikið land er ræktanlegt, hve mikið er hægt að gera að túnnum og áveituengjum. Ræktanleg svæði munu víðast hafa svipaða stærð einsog svæði með samfeldum gróðri, því þar er oftast jarðvegur til grundvallar fyrir grasræktina. Slík jarðvegssvæði hafa langmesta víðáttu á láglandunum, einkum á Suðurlandsundirlendi. Jón Þorláksson verkfræðingur telur stærð alls ræktanlegs lands á Suðurlandsundirlendi, að Þingvallasveit fráskilinni, 2372 ferh. km. eða um 42½ fermilu,¹⁾ og er það mælt á uppdráttum herforingjaráðsins. Þó þessar tölur séu að nokkru leyti bygðar á ágizkun og undir álitum komið, hvað menn telja ræktan-

¹⁾ Ársrit verkfræðingafélags Íslands 1914. Rvík 1915 bls. 5.

legt land, þá mun þó láta nærri, að þessi flatarstærð nokkurnvegin svari til þess flatarmáls, sem samfeldur gróður hefur á þessu svæði, enda er þetta hið langstærsta gróðrarsvæði Íslands. Meginið af yfirborði landsins mun þó jafnan aðeins verða notað til beitar fyrir sauðfénað, svo þó nautpeningsræktin kæmist á hátt stig í nokkrum héruðum, þá þyrfti sauðfjarræktin ekki að setja niður fyrir það.

Það er mjög undir álitum komið, hvað kalla skal byggt land og hvernig á að greina það frá óbygðum og afréttum. Í aðallöndum Evrópu er byggt land og ræktað land víðast hið sama, á Íslandi er það sitt hvað, því hér á landi er varla til annað ræktað land en túnin. Orðið bygðir þýðir á Íslandi vanalega sama sem sveitir eða héruð, landspildur með þéttsettum eða dreifðum býlum, túnnum, engjum, mýrum, flóum, búfjánhögum, holtum, söndum, hraunum, hálsnum og klettum, og er aðeins örlítið af því ræktað land. Þó stöku sveitir á láglandum og í dölum séu vaxnar samanhangandi gróðri, þá eru hinar þó miklu fleiri, þar sem gróðrarsvæðin skiftast á við holt, sanda og klappir. Það er mjög örðugt að ákveða stærð bygða á Íslandi nákvæmlega og þarf mikla aðgæzlu. Ef allir gróðrarlitlir blettir væru reiknaðir frá, sem alstaðar eru innanum sveitirnar, mundi flatarmál hinna eiginlegu bygða fljótt dragast saman og verða nærri að engu í samanburði við flatarmál alls landsins. Halldór Guðmundsson skólakennari¹⁾ gerði fyrstu tilraun til þess að ákveða hlutföllin milli bygða, afrétta og óbygða eftir Uppdrætti Íslands, sem Bókmentafélagið gaf út 1844. Undir bygðir telur hann eigi aðeins tún og engjar, heldur líka öll heimalönd og búfjánhaga og hafa þar stundum slæðst með sameiginleg beitarlönd og smærri afréttir, verða bygðirnar á þann hátt 764.3 ferh. mílur. Afrétti telur hann 682. ferh. mílur, óbygðir aðeins 421 ferh. mílu. Með afréttum telur Halldór Guðmundsson fjöll og heiðar upp frá bygðunum og mikinn hluta af hraunum,

¹⁾ *Halldór Guðmundsson: Um stærð Íslands (Skýrslur um landshagi á Íslandi. Kmhöfn 1858, I, bls. 97—109).*

undir óbygðir telur hann alla jökla, Ódáðahraun, sanda og öræfi á fjöllum og stóra sanda við sjó. Ef landinu væri skift í 5 jafna hluta, ætti, eftir þessari áætlun, hérumbil 2 hlutir að vera bygðir, 2 afréttir og 1 fimti hluti aðeins óbygðir. Það liggur í augum uppi, að þetta er mjög fjarri sanni. Það mun vera vel í lagt, ef bygðirnar eru taldar 250 fermilur, þegar hinum stærri gróðrarleysis-köflum, sem liggja innan um sveitirnar, er slept,¹⁾ en séu allir heimahagar taldir með, þó hrjóstrugir séu, verða bygðirnar um 400 fermilur, af þeim má telja að túnin séu nálægt 4 fermilum, skógar 8 fermilur og 16 fermilur engi, hitt alt. 372 ferh. milur, eru heimahagar og beitarlönd.²⁾ Flatarmælingar Halldórs Guðmundssonar voru á sínum tíma allrar virðingar verðar. Þar var í fyrsta sinn leitt í ljós nokkurnvegin glöggt yfirlit yfir hlutfallið milli sveita, heiða og öræfa; aðalgallinn er, að hin einstöku hugtök, sem lýsa skal, eru eigi nægilega sundurgreind og takmörkin mjög á reiki: það er t. d. mjög svo hæpið að telja hina fjarlægari búfjárhaga með bygðum, og eins eru takmörkin milli afrétta og óbygða mjög svo ónákvæm. Allar stærðir, sem snert hafa þessi hlutföll milli bygða, óbygða og afrétta hafa síðar og hingað til verið mældar á »Uppdrætti Íslands« og er hann nú orðin ónóg og óábyggileg undirstaða til slíkra mælinga, þó hann væri á sinn hátt ágætur, meðan nákvæmari kort ekki voru til. Flatamælingar ýmsra svæða í Lýsingu Íslands og í öðrum landfrædisbókum eru því aðeins nærhæfistölur: það er ekki hægt að heimta ítrustu nákvæmni, þegar grundvöllurinn ekki er nægilega tryggur, en menn verða að tjalda því sem til er. Fullnaðarúrskurður um stærðahlutföll þessi fæst ekki fyrr en herforingjaráðið er búið að mæla land alt, og þó nokkur hluti landsins sé þegar mældur, tekur því varla enn að rannsaka hlutföll einstakra héraða, það verður að biða betri tíma.

Allur landbúnaður á Íslandi byggist á grasinu, túnnum,

¹⁾ Sbr. Lýsing Íslands I, bls. 6—7.

²⁾ *M. Gruner*: Die Bodenkultur Islands. Berlin 1912, bls. 2—3.

engjum, beitarlöndum og afréttum, en fullur þriðjungur flatarmálsins mun þó til einskis nýtur, þar til teljast jöklar allir, roksandar flestir, sumar hraunbreiður og hin hæstu öræfi; þar sem ekki vex stingandi strá, getur engin skepna þrífist. Sá hluti hálendis, sem ekki er beinlínis gróðrarslaus öræfi, er notaður fyrir afrétti, og eru hin viðáttumeiri afréttasvæði almenningur fyrir heilar sýslur eða einstök héruð. Neðar á hálendi, á heiðum og efst í dölum eru allviða smærri afréttarlönd upp af búfjárhögum, sem heyra undir sérstök sveitafélög, kirkjur eða bændaeignir. Sveitunum er, sem kunnugt er, öllum skift niður í stórar og smáar jarðeignir með vissum og föstum landamerkjum og ítökum, búfjárhögum og beitarlöndum. Vér munum því næst athuga jarðeignirnar sérstaklega, bæjaskipun, jarðbyggingu, jarðamat og fleira, er þar að lýtur, en síðar snúa oss að almennri notkun graslendis og þá lýsa tünnum, engjum, beitarlöndum og afréttum, áður en vér snúum oss að kvikfjárræktinni sjálfri.

2. Bæjaskipun.

Legu bygða og niðurskipun bæja er nátengd þeim náttúruskilyrðum, sem fyrir hendi eru. Kvikfjárræktin, sem frá öndverðu hefir verið aðalatvinna Íslendinga, verður að styðjast við graslendi og gróður, en loftslag og jarðvegur ráða aftur þroska jurtagróðursins. Þannig er mannlífð og útbreiðsla íbúanna gjörsamlega háð þeim náttúru-fyrirbrigðum, sem skapast af legu landsins á hnettinum. Bygðin hefir þegar á landnáms tíð lagað sig eftir náttúrunni, og bæirnir verið bygðir þar sem landkostir voru bestir, slægjur fyrir nautgripi og beit fyrir sauðfé. Fiskiveiðarnar virðast ekki hafa haft nærri eins mikil áhrif á landnámið eins og kvikfjárræktin, þó hafa sumir útkjálkar snemma bygst sakir hlunninda, sem þar voru, vegna reka, sela og hvalveiða, eggvers og fiskifanga. Landnámsmenn bygðu einstaka bóndabæi, sem voru dreifðir mismunandi þétt yfir ýms héruð landsins, fylgdu þeir í því efni búnaðar-

háttum þeirra tíma á Norðurlöndum, enda var það líka hentugast eftir landsháttum á Íslandi. Þorp sköpuðust varla að heita mátti, þó þéttbýli yrði sumstaðar við mikil slægju- lönd, og verbúðahópar kæmu upp við sævarsíðuna hér og hvar. Kaupstaðir mynduðust ekki í fornöld, sem kunnugt er, menn verzludu á kaupstefnum eða mörkuðum, þar sem skip komu, og lágu við búðir og tjöld.

Hæð bæja yfir sjáfarmál. Ef vér þá athugum niður- skipun bæja, einsog hún er á landinu, þá sést það fljótt, að *hæðin yfir sævarmál* ræður mjög miklu um byggðina; meginíð af öllum bæjum liggur á láglandi, fyrir neðan 100 metra hæð yfir sjó. Nú mun tæpur 15. hluti flatarmáls vera láglandi, þó taldir séu sandar og brunahraun, sem óbyggð eru, en aftur eru margir dalir og mjóar strandræmur byggðar, sem vanalega ekki eru talin til láglandis. Það mun vera mjög vel í lagt, ef talið er, að 12. hluti landsins sé nokkurnvegin samfeld byggð, en sem stendur eru engin tók á að fá fullnaðar-úrskurð í því efni, það fæst ekki fyrr en búíð er að mæla landið alt. Á 100—200 metra hæð er nokkur byggð víðsvegar um land við útjaðra láglandis, á takmörkum hálendis og í dölum á Norðurlandi og Aust- fjörðum. Þar fyrir ofan eru fáir bæir og tvö dreifð byggð- arlög norðaustan á landinu. Fjallasveit og Mývatnssveit. Meginþorri þess fólks, sem býr fyrir ofan 150—200 metra hæð, lifir nærri eingöngu af sauðfjárrækt, á afurðum af- rétta og beitarlanda: engja og kúaræktin er aðallega stunduð í hinum neðri byggðum.

Þess hefir verið getið í Lýsingu Íslands, að hæð snæ- línunnar yfir sjó er töluvert mismunandi á ýmsum stöðum á landinu, hæst er hún að norðan og austan í miðju landi, en gengur lengst niður á Vestfjörðum. Nálægð jökla og fanna hefir mikil áhrif á gróðrarmagn landsins, en nálægð sævar og úrkomu ræður miklu um útbreiðslu og hæð jökla og snælinu. Af þessu skapast aftur mismunandi hæð gras- lenda, kvistlendis og beitarlanda, en við það verður niður- skipun bæja ýmisleg í ýmsum landsfjórðungum: byggðin nær lengra upp á hálendið, þar sem snælinan liggur hátt

og langt er til jökla, þess vegna eru hæstu bygðirnar á hálandishallanum norður af Vatnajökli.

Mývatnssveit er hin hæsta samfeld bygð á landinu, sem hefir vanaleg einkenni sveita, tún og engjar, og beitarlönd og afrétti í kring. Sveitin er lítil að ummáli, liggur á 280—300 metra hæð yfir sjó, flestir bæirnir eru í nánd við vatnið og hafa skjól af fjallahring; veiðiföng mikil eru í vatninu, silungur og eggver; jarðhiti er þar töluverður; 3 eða 4 bæir eru all-langt frá vatninu í góðum heiða- og haglundum. Bygðirnar í Fjallasveit og á Jökuldalsheiði liggja ennþá hærra (400—550 m. yfir sjó), það eru heiða- og fjallalönd, þar sem fólkið þvínær eingöngu lifir á sauð-fjarrækt og hefir bygðin þar verið mjög breytileg, bæir byggt og lagst í eyði á víxl. Túnrækt er í þessum bygðarlögum mjög lítil og örfáir nautgripir¹⁾; mýrlendi eru þar óviða til, roksandar taka yfir stór svæði í Fjallasveit, en á Jökuldalsheiði eru vanaleg heiðalönd með melum, urðum og holtahryggjum. Þar sem roksandurinn hefir yfirhönd, eru víða melþúfur, en sum sandsvæðin eru vaxin loðvíði, grávíði og bjúgstör. Þar eru víða ágæt beitarlönd fyrir sauðfé og víðátta mikil, en örðugra er að útvega heyforða til vetrar, menn notast helst við laufslægjur og melgresi og verða því mikið að ætla upp á útibeit. Fjallasveit liggur á 400—470 m. hæð (Viðirhóll á Fjöllum 415 m., Grímsstaðir 432 m., Möðrudalur 469 m.), en Jökuldalsheiði liggur enn þá hærra (Viðirhóll 533 m., Rangalón 530 m.), eru smábýlin þar innan um vötn á heiðinni og hafa þau líklega flest myndast úr fornum seljum.

Í hinum lengstu dölum austanlands nær bygðin allhált yfir sjó, á Efra-Jökuldal upp að 3—400 metrum; mjög óviða hafa þó bæjahæðir verið mældar eystra, en það er víst, að hvergi liggja bæir hærra en á Jökuldal, Hákonarstaðir eru t. d. 310 m. yfir sjó. Fljótisdalur hefir skorist dýpra niður (Kleif 126 m.), en efstu bæir í Vopnafirði

¹⁾ Árið 1914 voru í Fjallasveit á 8 býlum 18 nautgripir (12 kýr), en 1862 sauðfjár. (Búnaðarskýrslur 1914).

liggja nokkuð hærra (Hauksstaðir 195 m.) og á Búrfellsheiði upp af Þistilfirði hefir bygðin fyrrum náð hærra upp á hálandið, en er nú í eyði (Foss 321 m.). Afsæktur bær upp af Lóni, sem kallaður er Viðidalur, liggur 439 m. yfir sævarmáli, en sá bær hefir ýmist verið bygður eða í eyði: sérstakar kringumstæður hafa skapað þar mikinn sauðgróður, en slægjuleysið er þar aðalgallinn, einsog á flestum hinum hæstu fjallakotum.¹⁾ Á Norðurlandi ganga margir dalir langt inn í land og verður hæð efstu bæja þar sumstaðar allmikil yfir sjó. Hæð hinna instu dalabygða í hinum eystri dölum Norðanlands er svipuð, þannig liggur Lundabrekka í Bárðardal, Reykir í Fnjóskadal, Tjarnir í Eyjafirði og Gilhagi í Skagafirði hérumbil á sömu hæð (223--227 m.). Mýri í Bárðardal er þó nokkuð hærri (286 m.) og sumstaðar eru einstöku fjallabæir hátt upp á heiðum eða í afdalakvísium; þannig er Svartárkot á 409 metra hæð á hálandinu við hina neðstu útskækla Ódáðahrauns, Íshóll (368 m.) og fleiri eyðikot upp af Bárðardal, en Bakkasel (350 m.) efst í Öxnadal. Í hinum vestri dölum á Norðurlandi liggur efsta bygðin nokkuð lægra (Grims tungur í Vatnsdal 126 m., Guðlaugsstaðir í Blöndudal 176 m., Grænamyrartunga upp af Hrótafirði 91 m.), en þó eru sumstaðar fjallakot upp af dölum miklu hærra, einsog t. d. Marðarnúpsel upp af Vatnsdal (395 m.): eru þessi fjallakot þar eins og annarstaðar gömul sel, sem orðin eru að sérstökum smábýlum.

Á Vestfjörðum hagar öðru vísi til, þar er láglandis- og gróðrarræman milli fjalls og fjöru víðast mjög mjó, dalir fáir og flestir stuttir, en sumstaðar þverhnypt björg í sjó fram, til fjalla eru víðast gróðurlaus öræfi og urðir, en óviða heiðalönd hentug til beitar. Af þessu leiðir, að flestir bæir á Vestfjörðum standa svo að segja á sævarbakknum, þar eru aðeins fáir bæir fyrir ofan 50 metra hæð.²⁾ Við

¹⁾ Ferðabók I, bls. 76—80; III, bls. 268—270.

²⁾ Hæðatölurnar í þeim hérudum, sem búid er að mæla, eru allar teknar úr uppdráttum herforingjaráðsins.

fjarðarbotna og í dölum inn af hinum lengri fjörðum gengur gróðurinn lengst upp í landið og þar nær líka bygðin hæst, einkum við Hrutafjörð, Steingrímsfjörð, Ísafjarðardjúp og Arnarfjörð. Nærri Hrutafirði, upp af Prestsbakka eru Jónssel og Bakkasel á 100 m. hæð, Heydalur upp af Skálholtsvík 80 m. Sunnan við Steingrímsfjörð liggja nokkrir bæir tiltölulega hátt, Vatnshorn (100 m.), Þiðriksvellir (75 m.), Arnkötludalur (94 m.), Tindur í Miðdal (75 m.) og Kleppstaðir, hjáleiga frá Stað (100 m.), en langhæst standa Fitjar (163 m.), hjáleiga frá Ósi uppat Hrófbergi. Annars nær bygðin lengst upp í dalina inn af Ísafjarðardjúpi og þó eigi hátt: Lágidalur (140 m.). Kirkjuból í Langadal (76 m.); herra liggja bæirnir nokkru vestar við Inn-Djúpið. Í Vatnsfjarðardal upp af Vatnsfirði er Vatnsfjarðarsel, 153 m. yfir sjó, Miðhús 118 m., Þúfur 99 m.; í Laugardal milli Skötufjarðar og Mjóafjarðar er Laugaból (89 m.) og Efstidalur inst í dalnum, það er hæsti bær á Vestfjörðum, 172 m. yfir sævarmáli. Við Suðurfirði, inn úr Arnarfirði, er Hokinsdalur hæstur, á 100 m. hæð, við Þorskafjörð og aðra firði austan til í Barðastrandarsýslu eru fáeinir bæir á 60—80 m. hæð og Skógar í Þorskafirði 100 m. yfir sjó. Á útströndum Vestfjarða standa flestir bæir nærri sævarmáli, einstöku býli á 50—70 metra hæð, helzt í dalakvosum móti suðri.

Í Dalasýslu er meginfjöldi bæja nærri sjó, en þó fáein býli herra uppi til dala (Sælingsdalur 140 m., Hvammsdalur 151 m.) og svo ýms heiðabýli upp af Dölum á 120—140 metra hæð. Á Snæfellsnesi standa allir bæir lágt og flestir nærri sjó, mjög fáir ofan við 50 metra. Hæst standa nokkrir bæir sunnan undir fjallgarðinum í Miklaholtshreppi og Staðarsveit og þó eigi hátt (70—90 m.). Slitvindastaðir hæst, 92 m. Norðan á nesinu standa allir bæir nærri sjó, nema Selvellir upp af Berserkjahrauni 90 m. Utan til á nesinu eru Ingjaldshóll og Öxl hæstu bæir og þó eigi nema 53 og 59 y. sj. Á Reykjanesskaga er öll bygðin með sjó fram og á sævarbakkanum nema Krisuvík (126 m.), Vigdisarvellir (136 m.) og Kaldársel (87 m.), sem nú eru í eyði.

Upp af Faxaflóa eru víða grösug undirlendi og langir dalir upp frá þeim, af því leiðir, að byggðin nær lengra inn í landið, þó langmest þéttbýli sé fyrir neðan 50—60 metra hæð. Í Mosfellssveit eru Þormóðsdalur (110 m.), Miðdalur og Elliðakot (101 m.) hæstu bæir, en heiðabýli tvö upp af þeirri sveit liggja þó töluvert hærra, Stardalur 180 m., Stíflisdalur 193 m.; suður undir Reykjanesfjallgarði er Kolviðarhóll (262 m.), en það er fremur sæluhús en sérstakt býli. Kjósarbyggðin liggur mestöll lágt, 30—60 m., en stöku dalabýli liggja nokkuð hærra (Mýdalur 140 m., Eilífsdalur 130 m., Írafell 140 m., Fremriháls 120 m., Hækingsdalur 120 m.). Við Hvalfjörð og Akrafjall er öll byggð með ströndu fram, og byggðin í Leirársveit liggur líka lágt (10—60 m.), en Svínadalur þar uppaf nokkuð hærra, 70—90 m., Dragháls efsti bær 100 m. Borgarfjarðarundirlendið liggur víða mjög nærri sævarmáli og það sumstaðar langt upp eftir. Dalirnir hafa í þessu héraði skorist dýpra niður en víðast annarstaðar, þannig liggur Vatnshorn í Skorradal ekki nema 60 m. yfir sjó og meginíð af Lundarreykjadal ekki nema 40—50 m., bæirnir standa þar þó svolítið hærra, utan í hlíðunum; svipaður er Reykholtisdalur (30—50 m.), en Flókadalur er mikið hærri, enda ganga þangað aðlíðandi heiðar upp á hálendið með miklum graslendum og mýraflákum. (Hæll 150 m., Hrisar 153 m.). Svipað hagar til í Hálsasveit og Hvítársíðu, en hæðin er þó nokkuð minni neðan til, yfirleitt 50—100 m.; en þaðan ganga byggðir dalir upp eftir og í þeim ýmsir bæir, og hækkar byggðin þar mikið. (Húsafell 141 m., Gilsbakki 175 m., Fljótstunga 232 m., Kalmannstunga 218 m.).

Mýraláglendið frá Borgarfirði og Hvítá vestur í Miklaholtshrepp er mjög lágt yfir sævarmáli neðan til, upp fyrir miðju víða ekki meira en 10—20 m. yfir sjó, en svo smáhækkar, svo hæðin er orðin um 100 m. uppi við fjallamúlana. (Grímsstaðir 110 m., Svarfhóll 95 m., Skógar 100 m.). Vestan við Hvítá skerast daladrög lengst inn frá þessu láglendi, Stafholtstungur, Þverárhlið og Norðurárdalur; byggðin í Stafholtstungum og Þverárhlið liggur mest öll

fyrir neðan 50 metra hæð yfir sjó, en Norðurárdalur gengur lengst inn í landið, og instu bæirnir þar eru því allhátt yfir sævarmáli (Sveinatunga 130 m., Fornihvammur 160 m.); vestar skerast fáir bygðir dalir upp frá undirlendinu, merkastir eru Hitárdalur og Hnappadalur (Hitárdalur 120 m., Hafursstaðir við Hliðarvatn 100 m.); þvers fyrir ofan láglandið liggur Langivatnsdalur, þar kvað hafa verið bygð til forna og síðar sel, á 210—230 metra hæð yfir sjó.

Hvergi á landinu er eins mikil bygð og þétt einsog á hinu stóra Suðurlandsundirlendi, sú bygð er hvergi hátt yfir sjó, meginíð af henni töluvert fyrir neðan 100 metra hæð, og á stórum svæðum miklu neðar, svo er t. d. Ölfus, Flói, neðri hluti Holta og Rangárvalla, Landeyjar og Eyjafjallasveit víðast fyrir neðan 50 metra hæð. Af suðurlandsbygðunum liggja Þingvallasveit og Grafningur hæst í heild sinni, Þingvallasveit 100—180 m. yfir sjó. (Þingvellir 106 m., Hrauntún 158 m., Brúsastaðir 160 m., Svartagil 182 m.), Grafningur 100—150 m. (Ölfusvatn 120 m., Nesjavellir 151 m.). Ofan til í Holtum og í miðju Grímsnesi eru nokkrir bæir fyrir ofan 100 m., en annars standa bæirnir eðlilega hæst í röndum og aðdraganda hálendisins. Í Biskups tungum liggja Hrauntún og Austurhlíð 140 m. yfir sjó, í þar er Laug við Geysir 100 m., Haukadalur 114 m., Kjóastaðir 135 m., Hólar 200 m. yfir sjó. Efst í Hreppum er Tungufell að vestan 160 m. og Skriðufell að austan 180 m. yfir sævarmáli; annars eru ýmsir bæir aðrir í Hreppum dreifðir um dældir og sunnan í fella- og hálsahlíðum á 100—200 metra hæð yfir sjó. Í Landsveit eru Yrjur og Skarfanes efstu bæir, 120 m. yfir sjó og svo Galtalækur 134 m. Ofanvið Rangárvelli og í Hekluhraunum liggja nokkrir bæir töluvert herra en láglandið fyrir neðan, (Næfurholt 134 m., Dagverðarnes 172 m., Rauðnefsstaðir 170 m., Reynifell 151 m., Þorleifsstaðir 165 m., Vatnsdalur 160 m., Keldur 95 m.). Í Fljótshlíð standa flestir bæir utan í hlíðum mót suðri, nálægt 100 metra hæð, en efstu bæirnir lítið herra (Barkarstaðir 134 m., Fljóttdalur 140 m.). Undir

Eyjafjöllum liggja allir bæir lágt, ýmist úti á flatlendum mýrum eða litid hærra með fjallshlíðunum.

Í Mýrdal er meginíð af bygðinni á láglandi, en nokkrir bæir í hlíðum og í dalaskvompum nálægt 100 metra hæð. Höfðabrekka (153 m.) og Hjörleifshöfði (100 m.) stóðu fyrir á flatlandi, en urðu að flýja upp á hálsa fyrir jökulhlaupum. Nedri bygðinnar fyrir austan Mýrdalssand liggja lágt. Álftaver 20—40 m., Meðalland 10—20 m., Landbrot 20—50 m. og bygð á Brunasandi 20—30 m. yfir sjó. Á Austur-Síðu standa bæirnir undir hlíðunum á 30—50 m. hæð, en á Vestur-Síðu voru sumir fluttir upp á hálsaröðina vegna Skaftárelda 1783, (Holt 172 m.). Skaftártungu hallar niður frá hálendi og liggur hún nokkuð hærra en Síðubygðin, 50—70 m. neðan til; upp með Skaftá standa þó nokkrir bæir hærra. Búland 138 m. og Svartinúpur, efsti bær í þessum bygðarlögum, 273 m. yfir sjó. Heiðarbyli er líka upp af Síðunni, sem heitir Eintúnaháls, 227 m. yfir sjó. Bær í Fljótshverfi standa á láglandi undir hlíðunum, flestir á 30—40 m. hæð, nema tveir bæir uppi í dal Hverfisfljóts, Seljaland 110 m., Brattland 100 m. Í Austur-Skaftafellssýslu eru bygðinnar á gróðrareyjum innanum viðáttumiklar sandauðnir og standa allir bæir á láglandi, þó sumir séu all-langt frá sjó einsog Örafabæirnir og eru þeir því sumir nokkuð hátt yfir fjörumáli. (Kvísker 20 m., Hnappavellir 60 m., Hof 70 m., Sandfell 100 m., Svínafell 120 m., Skaftafell 160—200 m.). Suðursveit liggur lágt, Kálfafellsstaður og Reynivellir 40 m., aðrir bæir neðar. Mýrasveit er nærri sjó mjög lágland, býlin þar aðeins 2—5 m. yfir flæðarmáli, efstu hlíðabæir 30—50 m. Nesin eru líka lágland, flestir bæir á 30—50 metra hæð, efsti bærinn, Hoffell, sem er 15 km. frá fjöru, stendur þó ekki nema 40 m. yfir sævarborði.

Af þessu yfirliti sést, hve litill hluti íslenskra bæja er fyrir ofan 100 metra línuna; í heilum stórum héruðum liggja aðeins fáein heiðabyli svo hátt, og sumstaðar á stórum svæðum er öll bygð fyrir neðan 50 metra. Nú er landið í heild sinni hálent mjög og sést af því, sem hér hefir verið skráð, hve litil bygðin er í raun og veru, bæði

að hæð og flatarmáli, en auðvitað er sá hluti landsins, sem fyrir ofan bygðir liggur, líka notaður sem hagalönd og afréttir.

Fjarlægð bæja frá ströndu. Náttúruskilyrði ráða eigi aðeins hæð bygða yfir sjó, heldur einnig *fjarlægð bæja frá ströndu*, hún er mjög mismunandi í ýmsum landshlutum og stendur einnig í sambandi við loftslag og landslag. Á Vestfjörðum er hin bygða, grasivaxna ræma örmjó, oft ekki nema nokkur hundruð faðmar á breidd; fast frá ströndu rísa víðast hrjóstrugar og brattar fjallshlíðar, og bæirnir standa í hallandi fjallsfæti, þegar þeir ekki eru í dala-skvompum eða dældum, sem óviða skerast meira en 3—4 km. inn í fjöllin; sumstaðar er alls ekkert undirlendi. Hin eina nokkurnvegin samanhangandi strandabygð er Bárðaströndin, sem þó er aðeins 1—3 km. á breidd. Dalirnir á Vestfjörðum eru flestir stuttir, insti bær í Langadal á Langadalströnd, Bakkasel, er 12 km. frá dalmynni en 8 km. frá sjó, þvers yfir fjöllin; Efstidalur í Laugardal við Djúp og Kleppstaðir í Staðardal við Steingrímsfjörð eru 10 km. frá sjó; þetta nær bygðin lengst inn í landið á Vestfjarðaskaganum. Svipuð er tilhögun bygðanna á allstórum svæðum á Austfjörðum, á útkjálkum nyrðra og yfirleitt á blágrýtisströndum, sem snúa út að hafi, en af þeim héruðum hafa enn aðeins Vestfirðir verið mældir. Á Snæfellsnesi norðanverðu er bygðin örmjó, að sunnanverðu dálítið breiðari, við Búðavík 3 km. í Staðarsveit 6—7 km. Á Reykjanesskaga er öll bygð á sævarbakka og nær mjög sjaldan meira en 1 km. inn í land, þegar fráskilin eru býlin Krisuvík, $4\frac{1}{2}$ km. frá sjó, og Vigðisarvellir, 7 km. Þetta eru nú útskæklarnir, en nokkuð öðru vísi hagar til á meginlandinu víðast.

Í Húnavatnssýslu eru efstu bygðir 30—40 km. frá sjó, í Skagafirði og Eyjafirði rúma 50 km. Í norðausturhluta landsins eru bæir lengst frá ströndu, bygðin upp frá Bárðardal er 80 km. frá Skjálfanda, Mývatnssveit 60 km., Möðrudalur á Fjöllum 75 km. frá Vopnafirði, rúma 100 km. frá Axarfirði og Þistilfirði, en bæir á Jökuldalsheiði 60—70 km.

frá Vopnafirði. Brú á Jökuldal er 85 km. frá Héraðsflóa, en aðeins 60 km. frá Reyðarfirði, sjónhending yfir fjöllin; Kleif í Fljótssdal er 90 km. og 50 km. frá sömu fjörðum. Dalir upp af fjörðum eystra eru víðast stuttir (5—10 km.), nema Vopnafjarðardalir, 30—40 km. og svo nær Breiðdalsundirlendið um 25 km. upp frá vikinni. Fjarlægðir frá sjó hafa mikil áhrif á samgöngur og aðdrætti frá kaupstöðum, þó eru kaupstaðarferðir lengri sumstaðar í Skaftafellssýslum sakir hafuleysis: lengst eiga Öræfingar í kaupstað, til skamms tíma urðu þeir að sækja verzlun til Eyrarbakka eða á Papós. 260 km. beina leið vestur og 140 km. austur, yfir sandeyðimerkur og mörg hættuleg jökulvötn; nú er nokkur verzlun mikið nær, í Vik og við Hornafjörð. Á Suðurlandi nær bygðin víðast tiltölulega skemmra inn í landið en fyrir norðan og austan, þó liggja efstu bæir í Biskupstungum 70—80 km. frá sjó, en í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum 50 km.

Eins og nú hefir verið greint, er mest bygð á Íslandi fram með ströndum eða tiltölulega nærri sjó; samt fer fjarri því, að bygðin sé samfeld alstaðar, sumstaðar eru stór óbygð svæði milli sveita fram með sjó, hrjóstrugar heiðar eða fjallgarðar, sandar og hraun. Hvergi ber eins mikið á þessu einsog í Skaftafellssýslum, þar eru sveitirnar einsog smá blettir eða eyjar í sandauðnunum; úr Suðursveit í Öræfi og úr Öræfum í Fljótshverfi verður að fara 30—40 km. leið um gróðrarlausu sanda með jökulám, og úr Álftaveri í Mýrdal er um 30 km. leið. Vegir milli strandabygða eru víðast miklu styttri, þó um fjöll og heiðar sé farið; lengst er á milli Mývatnssveitar og Fjallasveitar, 30—40 km. Þéttleiki bæja og niðurskipun í hverri sveit er einnig mjög mismunandi og bæjarleiðirnar mislangar. Þéttast standa bæirnir vanalega á grasgefnum undirlendum, nálægt stórum engjafláku, t. d. á Suðurlandsundirlendi, eða við sjó, þar sem útræði er, t. d. á Reykjanesskaga. Gróðrarfarið hefir mikil áhrif á bæjaskipunina, samfeldur gróður af túna- og mýrgresi með slægjum og nautpeningsrækt eykur bæjafjölda og mannfjölda, beitarlönd með kvistlendi og

bersvæðisgróðri, sem hentugur er fyrir sauðfé. dreifa bygðinni og fólkinu; bæjatalan minnar og bygðin gliðnar í sundur eftir því sem hærra dregur og nær kemur hálandinu; efst í dölum og uppi á heiðum nærri afréttum verður tvístring býlanna mest, smákot á sundrungu með afarlöngu millibili. Eins er sumstaðar langt á milli bæja á útkjálkum, þó þeir liggi við ströndu. Þar er gróðurinn lítill og lífsskilyrði öll örðug.

Þorp, svipuð útlendum þorpum, er varla hægt að segja, að séu til á Íslandi; þó sumstaðar séu hópar bæja. Þá eru hin einstöku býli sjálfstæðir liðir, óháðir að flestu nábúunum; hver jörð í slíku íslenzku þorpi hefir sína landareign, þó túnin liggi saman, og sínar slægjur fyrir sig, en erlendis vinna þorpsbúar allviða lönd sín í sameiningu eða skifta þeim á milli sín eftir vissum reglum. Sjaldan eru hópar smábæja á Íslandi kallaðir þorp. oftast *hverfi*. Drög til þorpsmyndana eru helzt á Suðurlandi við mikla engjafláka, svo er t. d. Bæjaþorp fyrir ofan Forina í Ölfusi; þar eru túnin þó ekki samanhangandi, en það eru þau í Þykkvabæ; sú bygð sækir slægjur í Safamýri og eins Vetleifsholts- og Bjóluhverfin. Víðar í slægjusveitunum sunnanlands, einkum í Flóa, Neðri-Holtum og Landeyjum, hafa smáhverfi eða bæjaþorp myndast, oft upp úr einni aðaljörð með mörgum hjáleigum, eða margbýli er orðið á einni jörð; þéttsettir bæjahópar nærri miklum engjum eru ennfremur í Fljótshlíð og undir Eyjafjöllum, í Mýrdal, kringum Ósengi, í Álftaveri, Meðallandi og Örafum. Á Mýrasýslu-undirlendinu vestra eru bæirnir dreifðir, standa oftast á holtum hér og hvar um mýrarnar, stundum með all-löngu millibili; hverfi hafa eigi myndast þar eins og syðra.

Fram með sævarströndum hafa íbúarnir víða hnappast saman í hverfi vegna atvinnu sinnar, fiskiveiðanna; er þar víða þéttbýlt, þó upplendi sé hrjóstrugt, íbúarnir sækja bjargræði sitt aðallega úr sjónum. Sæbylahverfi hafa myndast á ýmsan hátt úr stærri og smærri jörðum og verbúðahópum, og tómthús hafa orðið að grasbýlum, af því menn

sáu snemma, að það var góð hjálp fyrir fiskimenn að hafa grasnyt sér til stuðnings. Á fyrri tímum sóttu stórhópar útróðrarmanna úr fjarlægum sveitum til ýmsra verstaða. lifðu þar í sjóbúðum á vertíðum, en fóru svo heim aftur. Þjuggu ekki í sjóporpunum að staðaldri: úr þessu hefir smátt og smátt töluvert dregið á seinni tímum við breytingu atvinnuveganna. Á Reykjanesskaga eru langflestir slíkir verstaðir eða fiskiþorp. alkunnar eru veiðistöðvar í Þorlákshöfn. Selvogi og Grindavík sunnan á skaganum. Gardur. Leira. Njarðvíkur. Vatnsleysuströnd og Hraun að norðan, en ýzt á nesinu eru hverfi þau, sem kölluð eru Sudurnes og Hafnir. Þá eru einnig viðáttumikil þorp eða hverfi á Álftanesi og Seltjarnarnesi, á Skipaskaga, í Vestmannaeyjum og á Stokkseyri og Eyrbakka. Oftast eru hverfi þessi mjóar og óreglulegar bæja- og húsaraðir með ströndu fram, víða með samhangandi túnspildum á milli. Í öðrum landshlutum er tiltölulega minna um slíki þorp: þó dálítið bryddi á þeim á Vestfjörðum og Austfjörðum, þá eru þau þó hvergi eins mörg og stór einsog við Faxaflóa. Á Snæfellsnesi, undir Jökli, voru fyrrum miklar verstöðvar og sótti þangað fjöldi vermannna úr fjarlægum héruðum; þar hafa myndast ýms sjómannaþorp, sem enn haldast, t. d. Búðir. Stapi. Hellnar sunnan við fjallgarðinn. Sandur. Rif. Olafsvík o. fl. utan og norðan við Jökulinn. Á Vestfjörðum eru Bolungarvík og Hnífsdalur alkunnar veiðistöðvar og búðaþorp; og á seinni tímum hafa smáþorp fiskimanna myndast á allmörgum stöðum vestra, nyrðra og eystra og eru sum orðin að kauptúnnum. Kaupstaða- og borgamyndun er tiltölulega nýtt fyrirbrigði í sögu Íslands og stendur í nánu sambandi við auknar fiskiveiðar og verzlun. Þjóðin hefir nú á seinni árum ákaft streymt til kaupstaðanna og mun þess nánar getið í kaflanum um fólksfjölda.

Bæirnir voru þegar í öndverðu settir þar sem hentugast var; þeir, sem fyrst námu land, tóku sér þær jarðir, sem beztar voru að landkostum og hlunnindum: en smátt og smátt bygðist allt, sem byggilegt var, svo allt land var full-

byggt um lok landnámsaldar. Bæirnir hafa oftast verið byggðir þar sem þurlent var, en þó gott vatnsból í nánd; á láglandum standa þeir vanalega reglulaust á böllum eða hæðum og á holtum, þar sem mýrlendi er í kring; sumstaðar sunnan í fellum og ásum; í dölum raða þeir sér vanalega fram með báðum hliðunum og standa utan í hallanum, oft á uppgrónum skriðum og giljadrúldum; oftast eru tvær bæjaraðir í dalnum, röð með hverri hlið. Þegar fjallshlið horfir mót grasgefnu sléttlendi eða söndum, hafa bæirnir vanalega verið byggðir með hliðunum; á hrjóstrugum útkjálkum og annesjum standa bæirnir oft í skeifumyndum botnum og íbjúgum hvilftum upp af vikum.

Í sumum héruðum hefir síðan á landnámstíð töluverð breyting orðið á bæjaskipun af náttúrunnar völdum; það eru einkum eldgosin og jökulhlaupin, sem því hafa valdið. Þjórsárdalsbyggðin og margir bæir nálægt Heklu hafa eyðst af öskugosum, heilar sveitir á Mýrdalssandi hafa liðið undir lok af jökulhlaupum úr Kötlu og marga bæi í Örfætum tók af við gos Örfæfajökuls á miðri 14. öld o. s. frv. Þá hafa líka bæir eyðst á Rangárvöllum, Landi, í Selvogi og víðar af sandroki, og hafa þær skemdir töluvert verið að kenna óforsjálni íbúanna á fyrri tímum, er þeir hugsunarlaust rifu hrís, melgresi og lyng, sem áður verndaði sveitirnar fyrir árasum roksandsins. Sumstaðar hafa brunahraun eytt einstaka bæi, þó ekki hafi mjög mikið kveðið að því. Nokkrir bæir við Mývatn urðu undir Leirhnúkshraunum á 18. öld, Ögmundarhraun rann yfir hinn forna bæ í Krisuvík á 14. öld, Skaftárhraun tóku nokkra bæi á Síðu og Meðal-landi 1783, en flestir þeirra voru byggðir aftur annarstaðar; Eldgjárhraunið, sem rann á 10. öld, mun hafa eytt nokkurri byggð á Mýrdalssandi. Þó hafa jökulhlaupin og öskugosin eytt miklu fleiri bæjum en hraunin. Stundum hafa hraun orðið til þess, að nýjar byggðir hafa skapast; þannig mun mestöll byggð í Landbroti, sem nú stendur á hraunröndinni, eða fram með henni, hafa myndast eftir Eldgjárgosið mikla, af því hið nýja hraun verndaði sandflæmin fyrir árasum jökulkvísla, og eins hafa miklu síðar á sama hátt myndast

slægjur og bæjahverfi á Brunasandi af atgerðum hraun-
kvislarinnar. sem raun niður með Hverfistljóti 1783.

Bæjatal. Fullkomlega nákvæmar skýrslur um jarða- og
bæjatal á Íslandi eru ekki til. Við manntalið 1910 voru
landsmenn allir 85,183, þá töldust bændur, sem stunduðu
landbúnað sem aðal-atvinnu 6,065, en auk þess voru 258
manns taldir stunda búskap sem auka-atvinnu, verður þá
bændatalan 6,323. Með bændum eru hér taldir allir sem
hafa jarðnæði, þó þeir séu embættismenn, kaupmenn eða
útgerðarmenn. Bændatalan hefir hin seinustu ár verið
talin 6,500 til 6,600 í búnaðarskýrslum og hefir frá því
1872 verið talin nálægt því (6,200—6,800). Af þessu sést
þó eigi hver bæjatalan er og því síður jarðatalan. Sum-
staðar búa fleiri en einn og jafnvel margir framteljendur
á sama bæ. Árið 1703 var tala allra heimila á Íslandi
7,537¹⁾, en íbúatalan var þá 50,444. Árið 1850 var heimila-
talan 8,750, fólksfjöldi 59,157, 1880 9,796 heimili, fólksfjöldi
72,445, 1901 12,679 heimili, íbúar 78,470.²⁾ Johnsen telur í
Jarðatali sínu, sem samið var 1843—46, 5,621 jarðir á landinu
öllu og ábúendur 7,204, en íbúatalan var þá 57,797, hefir
eftir því ábúendum fækkað töluvert frá því tímabili. Í býla-
tölunni mun vera innifalinn fjöldi smá grasbýla og kota
við sjó og í kaupstöðum; býli eru oft aðeins smápartar úr
jörðum, hús með túnskika, en alls ekki sjálfstæðar jarðir;
eftir skýrslum er hver jarðarpartur, sem einhver býr á,
hve litill sem hann er, talinn sérstakt býli. Jarðir og býli
eru því sitt hvað, og ómögulegt að svo stöddu að finna
vissar tölur fyrir þessi hugtök. Framteljendur eru allir þeir
nú kallaðir, sem telja fram 1/2 hundrað á landsvísu eða
meira, og er margt af þeim vinnufólk og lausamenn; þeir
hafa verið milli 8—11 þúsund að tölu, hafa á þessari öld
verið 9—11 þúsund og voru 1914 taldir 11,086. Árið 1695

¹⁾ Á þessu er orðin mikil breyting, af því fjölmennir kaupstaðir
hafa myndast og mannfjöldi heimila fer stöðugt minkandi: við mann-
talið 1910 voru á landinu öllu talin 14,725 heimili.

²⁾ Landshagsskýrslur 1903, bls. 108. Sbr. Landshagsskýrslur
1907, bls. 39—42.

var jarðatalan á Íslandi 4,059 og eins 1703, en hið síðara ár eru búendur (heimili) taldir 7,537; 1753 eru taldar 3,060 jarðir og 6,783 búendur, en þá höfðu hörð ár verið um nokkuð skeið, 1760 eru jarðirnar 4,252, en búendur 6,674; árið 1770 voru byggðar jarðir taldar 3,647, 1783 3,567, 1801 4,761 jarðir og 7,401 búendur¹⁾; í jarðatalinu 1861 eru aðeins taldar 4,356 jarðir á öllu landi, en þar er hjáleigum slept.²⁾ Tölur þessar eru þó edlilega ekki alveg nákvæmar.

Eyðijarðir. Útskæklar byggðanna á Íslandi hafa frá öndverðu verið mjög breytilegir og hreyfanlegir; takmörk sveitanna við hálendið hafa stöðugt verið að breytast; heiðabýlin og útkjálkabylin hafa jafnan verið viðkvæmust gegn áhrifum ills árferðis, mótstöðuaflið var þar minst. þau eru oftast slægjulítill og varð að ætla mikið upp á útigang, en ábúendur fátækir og edlilega fljótir til að flytja sig þangað, sem von var um betri afkomu. Þegar árferðið og aðrar kringumstæður batna og örðugra verður um jarðnæði í sveitunum, rennur bylgjan aftur til baka; þá taka menn aftur upp heiðabýlin eða byggja ný kot. Mjög víða hafa á seinni öldum sel frá sveitajörðum orðið sjálfstæð býli. sérstakar jarðir eða hjáleigur. Stundum hafa heilar byggðir á hálendi eða útkjálkum lagst niður af hörðu árferði eða ýmsum öðrum ástæðum, en svo hafa sumar byggst aftur, er betur áraði. Á Fjöllum og Jökuldalsheiði voru flestir bæir í eyði í byrjun 16. aldar, og oft hafa þeir síðan byggst og eyðst á vixl; seint á 19. öld var byggðin þar einna mest. síðan hafa sum býlin þar lagst niður. Á Hornströndum voru eftir harðindin á miðri 18. öld mjög mörg býli í eyði um langt árabil, en á góðu árunum um miðja 19. öld byggðust flest aftur, svo nærri hvert býli var notað. er eg fór þar um 1886 og 1887; síðan hafa, í byrjun 20. aldar. mörg þessi harðbýliskot aftur lagst í eyði og íbúarnir flestir

¹⁾ Gl. Félagsrit IV, bls. 178; VI, bls. 96. Ísland í det 18. Aarh. Kbh. 1808, bls. 270 og 433. 1. og 3. töluskýrsla.

²⁾ Skýrslur um landshagi II, bls. 75.

flutt sig í fiskihverfin við Ísafjardardjúp, þótti þar betri afkoma. Blónlegar bygðir á Búrfellsheiði upp af Þistilfirði og á Axarfjarðarheiði lögðust í eyði um 1870 af harðindum og Ameríkuferðum. Þá hafa einnig á seinni árum nokkeir bæir upp af Bárðardal verið yfirgefnir. Yfirleitt hefir bæjum á hálendisröndinni og í efstu dölum mjög fækkað síðan í fornöld og hefir sú fækkun ekki öll verið náttúrunni eða árferðinu að kenna. Sumar bygðir hafa líklega eyðst í svartadauda, þó menn ekki hafi vissar sagnir um, hverjar þær voru; sumar hafa verið yfirgefnar í hörðum árum, en meginíð hefir líklega lagst í eyði af breyttum bánaðar- og lífernisháttum, vinnukrafturinn varð dýrari og kröfurnar til lífsins meiri, en fjöldi fólks sótti til sjóarins til fiskiveranna, eftir að skreiðin varð helzta verzlunaryاران.

Af fornum eyðibygðum má nefna nokkrar til dæmis.¹⁾ Upp af Jökuldal og Hrafnkelsdal voru miklar bygðir, og rústir sjást líka hér og hvar um Mödrudalsöræfi; í Króksdal við Skjálfafljóti var blómleg bygð til forna, ennfremur voru allmargir bæir, sem nú eru í eyði, í Þegjandadal upp af Grenjaðarstað, í Timburvalla- og Bleiksmýraradal upp af Fnjóskadal; upp af Skagafjardardölum eru víða rústir og nær alstaðar má sjá leifar selja og heiðarbyla í afdölum og nærri þeim. Á Suðurlandi voru alþektar fornbygðir í Langavatnsdal, í Geitlandi, í Þjórsárdal og á Þórsnörk, ennfremur sjást miklar bæjarústir um afrétt Hruna-
mauna og jafnvel norður á Kjalvegi. Eins og fyrr var getið, hafa allmargar bygðir syðra eyðst af eldgosum og roksandi og af jökulhlaupum og ágangi vatna. Um miðja 17. öld og í byrjun 18. aldar eyddust margir bæir í Kelduhverfi, sökum þess að Jökulsá tók af slægjur þessara jarða; þær lágu í ósalandinu fyrir neðan bygðina.

Það eru eigi aðeins afdala- og heiðabygðir, sem hafa lagst í eyði; fjölda margar jarðir í miðjum bygðum, og sumar góðar, hafa fyrr og síðar verið yfirgefnar af ýmsum

¹⁾ Um eyðibygðir er nánar talað í Ferðabók minni á víð og dreif

ástæðum, sumar verið svo niðurníddar af aumingjum og ónyttjungum, að enginn hefir fengist til að búa á þeim. Af eldgosum hafa oft margar jarðir og stundum heilar sveitir verið óbyggilegar í nokkur ár, en svo hafa þær byggt allar aftur, er frá leið; tún og hagar náðu sér, er askan sökk niður í jarðveginn. Svo hefir verið um marga bæi í Skaftártungu eftir Kötlugos, allmarga bæi á Suðurlandsundirlendi eftir Heklugos, bæi á Siðu og í Fljótshverfi eftir Skaftárgosin 1783 og bæi á Jökuldal eftir Öskjugosið 1875. Mesti fjöldi jarða lagðist í eyði í Móðuharðindunum um stuttan tíma, það var t. d. talið að 1784 hefðu 315 jarðir verið komnar í auðn á Norðurlandi.¹⁾ Það eru sérstök fyrirbrigði hinna 20. aldar, að góðar jarðir hafa lagst í eyði af peningabralli og féglæfrum, verið virtar og veðsettar svo hátt í bönkum, að ómögulegt var að byggja þær með svo háum leigumála, að hann gæti borgað vexti af lánum, sem í þeim stóðu.

Þó nú megin byggðarinnar á Íslandi hafi verið stöðugt síðan á landnáms tíð, bæir og jarðir hinar sömu, þá er það þó allmikill hluti byggðanna, sem hefir verið mjög óstöðugur og sífeldum breytingum undirorpinn. Þetta sést best á hinum ógurlega grúa eyðijarða, sem dreifðar eru um allt land hátt og lágt, þó flestar séu langt frá sjó, sem fyrr gátum vér. Jarðabók Árna Magnússonar telur 1702–1712 2.906 eyðijarðir í öllum sýslum, nema Múla- og Skaftafells-sýslum, jarðabók þeirra sýsla er týnd; hafa þá að minsta kosti verið um 3.200 eyðijarðir á öllu landinu. Ólafur Ólavíus telur í Múlasýslum 176 eyðijarðir, en í Skaftafells-sýslum telur Sveinn Pálsson 127 eyðijarðir, og er það ef-laust of lítið. Í Ferðabók Ólafs Ólavíus'ar eru skrár yfir eyðijarðir á Norðurlandi og í Ísafjarðar- og Múlasýslum 1775–1777 og töldust honum í þeim 8 sýslum, er hann fór yfir, alls 656 eyðijarðir. Árið 1760 lágu undir Skálholtsstól 459 býli og 149 eyðijarðir og undir Hólastól 379 býli og

¹⁾ Gl. Félagsrit VII, bls. 121.

211 eyðijarðir:¹⁾ þá var 601 þjóðjörð í eyði. en ábúendur þjóðjarða voru þá 1.218. Ekki hefir eyðijörðum fækkað síðan og ef allar bæjarrústir eru taldar, sem menn vita af, væri ekki ótrúlegt þó á væri gizkað, að eun mætti finna menjar 3—4 þúsund eyðibýla á landinu öllu hátt og lágt.²⁾ Þetta virðist æði agalegt, ef eyðibæirnir eru meira en þriðjungur allra bæjarstæða á landinu. Þetta þarf þó nánari athugun: ýmsar orsakir gera eyðibæjatöluna nokkuð hærri, en hún er í raun og veru. Meginþorri eyðibæja mun, einsog fyrr var á drepíð, hafa verið heiðabýli eða hjáleigur, sem menn yfirgáfu, þegar óáran eða sjúkdómar minkuðu bústofn og vinnukraft, svo fátæklingar, sem á bylunum bjuggu, gátu eigi lengur komist af, en flýðu til sjóar eða í vinnumensku. Þó kot þessi eigi væru spilt að graslendi eða landkostum, hafa engir fengist til að búa á þeim; það þurfti nokkur efni til að byggja upp fallinn bæ og kaupa áhöfn á slíka jörð, en efnamönnunum stóðu til boða betri jarðnaði. Þeir vildu ekki setjast að á afskektum harðinda-býlum. Sveitabændum þótti ekkert að því, þó smábýlum á afréttum og í afdölum fækkaði, þá var beitin meiri fyrir þeirra fé; hafa bændur fyrr og síðar, og alt til þessa, jafnan lagt á móti því, að eyðibýli væri tekin upp eða nýbýli bygð fyrir ofan sveitirnar, bæði af fyrrgreindri orsök og líka af því, að þeir voru hræddir um, að fátæklingar í slíkum kotum freistuðust til hvinsku og legðust á afréttarfé, en örðugt að hafa umsjón með þeim; heiðabændur hafa því oft verið grunaðir um sauðatöku, þó þeir væru saklausir; en það hefur líka stöku sinnum komið fyrir, að þeir voru sumir ófrómir.³⁾ Stundum hefur komið fyrir, að hjáleigur hafa verið lagðar í eyði til að rýma um á heimajörðinni, ef

¹⁾ J. Johnsen's Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup o. fl. Kmhöfn. 1840, bls. 236.

²⁾ Um eyðibæi sjá O. Olavii oekon. Rejse bls. 60. 159. 215. 263, 326, 387, 477, 657. Fjölur V. bls. 9, 22—23. Gl. Félagarit IV, bls. 176.

³⁾ Þessa er líka getið í fornsögnum. Í Vígaglúms sögu (Rvík 1897, bls. 47) er t. d. getið um Hallvarð leysingja á Tjörn í Eyjafirði, sem var »mjök svá hendisamr í afréttum«.

ábúandi hennar eða eigandi í svipinn hefur haft margt fé; og það hefur borið við, að miklir fjárbændur hafa lagt heiðabyli í eyði til þess að stækka afréttinn, en svo þegar heimabændur urðu fátækari, bygðust heiðakotin eigi aftur. Stundum eru eyðibæja-rústir aðeins leifar fornra bæja, sem hafa verið fluttir. Sumum bæjum hefur slægjuleysið orðið að бага, þegar harðnaði í ári. Í dalabotnum á Norðurlandi og í fjarðabotnum vestra er ákaflega snjópungt á vetrum, snjórinn legst oft á þiða jörð og tekur ekki upp fyrr en öll frost eru úti, kemur þar oft kafgresi á sumrum og hinn fegursti hliðagróður; en þessi dýrð stendur aðeins fáa mánuði og sumargrasið getur eigi vegið á móti 8—9 mánaða harðindum og jarðbönnum; meginíð af peningi fær þá oft á slíkum stöðum eigi strá af jörðu fyrr en um messur og verður að vera á gjöf allan veturinn. Það er því ekki undarlegt, þó slík býli, þrátt fyrir sumargróðurinn, leggist í eyði, þegar harðnar í ári. Upp til heiða er oft betra um haga á vetrum.

Um miðja 18. öld, þegar stjórnin gerði svo margar tilraunir til þess að reyna að reisa atvinnuvegi Íslendinga úr niðurlægningunni, blöskraði henni eyðing bygða á Íslandi og landsnefndin, sem skipuð var með konungsúrskurði 20. marz 1770, átti meðal annars að athuga, hvernig bætt yrði úr fólksklunni, hvort byggja skyldi nýbýli, eða taka upp fornar eyðijarðir, eða skifta stórum jörðum í smábýli o. s. frv.¹⁾ Afleiðingin af tillögum nefndarinnar og ráðum embættismanna varð nýbýlatilskipunin 15. apríl 1776. Var þá öllum, er vildu taka upp nýbýli, eða byggja upp aftur eyðijarðir, heitið ýmsum hlunnindum; þeir áttu meðal annars að vera lausir við alla skatta og tíundir í 20 ár; ef þeir settust að á stjórnarlandi, voru þeir einnig í 20 ár lausir við »landskuld og allar afgiftir«. Ef þeir byggðu á bændaeign, þurftu þeir eigi að taka við kúgildum fremur en þeir vildu og fengu lífstíðar- og erfðaábúð. Ef landsdrottinn hafði kostað bæjarbygginguna, átti nýbýlingurinn

¹⁾ Landfræðissaga III, bls. 62.

ad vera laus við landskuld í 3 ár, en ef hann bygði sjálfur, átti hann ad vera afgjaldslaus í 10 ár.¹⁾ Auk þess veitti landbúnaðarfélagið danska verðlaun fyrir nýbýli á Íslandi. Árangurinn varð þó næsta lítill, fáein kot voru bygð á mestu árum,²⁾ en svo hjadnadi þessi vidleitni niður aftur, einsog svo margt annað í þá daga. Svo var þessu máli eigi hreyft fyrr en rúmum hundrad árum síðar. Alþingi gaf út lög um nýbýli 6. nóvember 1897 og hafði uppástunga um það mál komið inn á þingið 1893. »Allir, sem um málið töluðu á þingunum 1893—97, voru sammála um það, ad tilskipun 15. apríl 1776 um friheit nýbyggjara væri bæði úrelt og skadleg, og flutningsmaður frumvarpsins á þinginu 1894 taldi nýbýli yfir höfuð skadleg, af því ad afréttarlönd væru helzt til litil, en heimalöndin aftur ekki svo yrkt sem skyldi og mætti.«³⁾ Þó voru hin fyrrgreindu lög samþykkt á þinginu 1897: þau ákveða, ad menn með vissum skilyrðum megi stofna nýbýli á eyðijörð eða í óbygðu landi, þó er bannað ad býlið sé minna en 5 hundrud ad dýrleika; nýbýlingur átti ad greiða erfðafestugjald til hlutaðeigandi sveitarfélags, en öll hlunnindi þau, sem tilskipun 15. apríl 1776 hafði heitið, voru afnumin. Milliþinganefnd í landbúnaðarmálinu, sem sett var með konungúrskurði 2. marz 1904, lagði til, ad lögin 6. nóv. 1897 væri úr gildi numin, taldi þau »allsendis óþörf og skadleg ef þeim væri beitt, því ad alstaðar vilja menn forðast ad þrengja ad búfé í afréttarlöndum og miklu fremur þurfa menn ad auka þau en minka, og nú stefnir til þess ad bygðin færast saman til aukins þéttbýlis á þeim svæðum, þar sem auðveldast er ad rækta landið.«⁴⁾ Á aukþingi 1914 kom grasbýlamálið enn til umræðu en var ekki út-

¹⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 244—257.

²⁾ Ól. Olavius: Oekonomisk Rejse 1780. Formáli bls. 19—22.

³⁾ Búnaðarrit XIX, bls. 114—115; XXIV, bls. 245—247.

⁴⁾ Búnaðarrit XIX, bls. 114. Um grasbýli hér og erlendis hefur allmikilið verið ritað, getum vér hér aðeins vísað til ritgjörða þar ad hitandi. Sjá meðal annars Freyr II, bls. 60; IX, bls. 49—55, 89—94; XI, bls. 59—61; XIII, bls. 89—94. Lögrétta 1914, nr. 61.

kljád; nefnd í málinu skoraði á stjórnina að safna skýrslum um grasbýli og smábýli og að því búnu, ef tiltækilegt þætti, að leggja frumvarp fyrir þingið.

Stærð jarðeigna. Um stærð jarðeigna á Íslandi eru ekki til neinar skýrslur, enda er stærð þeirra mjög mismunandi: flatarmálið hefur á Íslandi miklu minni þýðingu fyrir verðmæti jarðanna en í öðrum löndum, þar sem mest allt land er ræktað. Landareign sunra góðra íslenskra jarða með miklum engjum og stórum túnum, er oft miklu minni en landeign lakari jarða. Sauðfjárjarðir með miklum høgum og afréttarlöndum taka stundum yfir stór svæði, sem oft eru hrjóstrug á stórum köflum; sauðfjarræktin þarf einsog kunnugt er, miklu meira landrými en nautpeningsræktin. Í fyrri daga voru miklu fleiri stórbýli á Íslandi en nú, þau voru flest og mest á 14. og 15. öld og þá bjó einn maður oft á mörgum höfuðbólum. Þýðing stórbýlanna hefir stöðugt minkað og nú má varla heita, að þau séu til. Efnahagur landbændu er miklu jafnari en áður var, færri fátæklingar og engir auðmenn, sem á nokkurn hátt geta jafnast við stórbændur fyrri alda.

Jörð er hvert það býli kallað, sem metið er til dýrleika,¹⁾ og jarðir geta verið í einbýli eða margbýli. Til jarða telst tún og engjar, útslægjur, búfjárhagar og afréttir, en jarðir eiga ekki saman nema nafnið, svo mikill mismunur er á stærð þeirra og gæðum. Sunum fylgja allskonar hlunnindi, laxveiði, silungsveiði, selveiði, hrognkelsaveiði, útræði, eggver, æðarvarp, fuglabjörg o. m. fl., en flestar eru hlunnindalausar. Til forna, þegar menn voru nægjusamir og notuðu allar landsuytjar, var ýmislegt talið til hlunninda, sem enginn litur við á vorum dögum, t. d. sölvafjara, grasatekja, berjalestur, hvanna- og mururætur og ýmislegt fleira. Hér tjáir ekki að fara út í hið einstaka, það yrði of langt mál.

Margbýli eru tíðust á Suðurlandi einkum í Skaftafells-

¹⁾ Landbúnaðarlagu-trumvarpið 1877 segir jörð ekki mega vera minni en eitt hundrað, sé hún minni, er hún talin þurrabúð.

sýslum og þó helzt í Öræfum; þar eru 8 jarðir, þegar með er talið Tvisker, kot við Breiðamerkursand, og á þeim 26 ábúendur (1908), sem flestir eiga jarðarparta sína. Í Suðursveit eru 10 jarðir og 23 ábúendur, 6 í Borgarhöfninni. Á Hnappavöllum í Öræfum og Hofi eru 7 ábúendur á hverri jörð og á Svínafelli 5. Þó Hnappavellir séu eigi metnir nema tæp 20 hdr., þá voru þar þó 1894 á 7 búum 54 menn í heimili: einn ábúandinn sem bjó á 180 álnum, heyjaði árlega 200 hesta.¹⁾ Á jörðum þessum hefir hver ábúandi sinn ákveðna hluta af túninu, en engjarnar eru sameign, þó þannig að hver ábúandi hefir sinn ákveðna teig af engjunum eitt ár í senn, og fær þá aftur sama teiginn til afnota eftir jafnmörg ár — frá því er hann hafði hann síðast — einsog ábúendur jarðarinnar eru margir.²⁾ Svipað fyrirkomulag er enn víða í þorpum ýmsra erlendra þjóða. Í Öræfum er fremur góð afkoma, en víða annarstaðar í Skaftafellssýslu, þar sem margbýli er, eru bændur fátækir; þeir geta ekki fjölgað skepnum sínum vegna þröngbýlisins, þó fjölskyldan vaxi, og sumir leiðast til að hafa fleiri skepnur en jarðarparturinn getur borið, svo meðferðin verður ill og afraksturinn litill.³⁾ Margir aðrir annmarkar fylgja margbýlum, því sjaldan ber það við, að ábúendur séu samþykkir um alt, enda væri það undur, því mjög hafa Íslendingar jafnan þótt einþykkir; menn geta ekki komið sér saman um jarðabætur, áveitur, framræsingar og fleira, sem þörf er á, og til bóta mætti verða, lendir svo alt í deyfð og framkvæmdarleysi. Það hefir lengi þótt brenna við, að margbýlum fylgdi fátækt og vesalmenska, þó er það ekki algild regla, sem betur fer. Hermann Jónasson getur um jörð í Barðastrandarsýslu með 4 býlum, einn ábúandinn, sem bjó á 6 hundruðum, hafði tún sitt í 8 smáblettum á víð og dreif um alt aðaltúnið. Á annari jörðu stóðu tveir bæir með dálitlu millibili á sama túni;

¹⁾ Ferðabók P. Th. III, bls. 242.

²⁾ Búnaðarrit XXII, 1908, bls. 199.

³⁾ Sæmundur Eyjólfsson í Skýrslu Búnaðarfélagssins 1884—86. Rvík 1887, bls. 28—29.

til þess nú að skiftin þættu sem réttust, hafði báðum hlaðvörpunum verið skift til helminga, en báðir ábúendur voru þó óánægðir með þetta, því hvor vildi hafa að öllu leyti varpann fram undan sínum bæ.¹⁾

Eignaskifting. Það væri mjög gagnlegt og fróðlegt ef hægt væri að bera saman eignahlutföll íslenzkra jarða á ýmsum öldum, en þess er lítill kostur, alt þar að lútandi er enn fullkomlega ókannað og varla að búast við að hægt sé að fá mikla fræðslu um fyrri tíma, þegar flestar skýrslur um ýmsar áriðandi greinir búnaðarins á 19. og 20. öld vantar gjörsamlega, auk þess er ennþá óunnið úr mestu því efni um hagfræði fyrri alda, sem til er á bókasöfnum. Eftir manntalinu 1910 voru taldir 2.261 sjálfseignarbændur á öllu landi og 3,773 leiguliðar, 62—63% bænda leiguliðar. 37—38% sjálfseignarbændur.²⁾ Hefur sjálfseignarbændum eftir því mikið fjölgað á seinni árum, því í Johnsens Jarðatali 1847 voru þeir aðeins taldir 1.237. Síðan hafa verið seldar margar þjóðjarðir og nokkrar kirkjujarðir, og svo hafa menn átt miklu hægra en fyr með að útvega sér lánsfé til jarðakaupa. Þá (um 1847) telur Johnsen allar jarðir á landinu 85,443 hundraða virði. af þeim voru 11,657 hdr. kirkjujarðir, 8,788 hdr. þjóðjarðir, 64,088 hdr. bændaeign, 910 hdr. fátækra og spítalajarðir.³⁾ Jarðabókin 1760 telur öll bygð býli á landinu, jarðir, jarðarparta og hjáleigur alls 6,674, þá voru á konungsjörðum 1,218 býli, á Skálholtsjörðum 459, á Hólajörðum 379, á spítala- og fátækrajörðum 60,

¹⁾ Búnaðarrit II, 1888, bls. 192.

²⁾ Sbr. *Páll Zóphóniasson*: Óðalsbændur og leiguliðar (Freyr XIII, 1916 bls. 6—10). Það er fróðleg yfirlitsskýrsla um sjálfseignarbændur og leiguliða í öllum sýslum, jarðabætur þeirra og húsabyggingar. Nafnið óðalsbændur, sem margir nota, er alveg rangt, óðal í réttir merkingu hefur aldrei verið til hér á landi.

³⁾ Í Skýrslum um landshagi á Íslandi 1858, bls. 497 er eftir mati 1849—50 reiknuð af hverjum 100 jarðhundraðum 71% bændaeign, 10,1% þjóðareign, 17,4% beneficia og kirkjueign, 1,3% fátækra- og spítalaeignir og 0,2% þrætulönd. Í Stjórnartíðindum C, 1885, bls. 44—45 er prentuð skýrsla biskups 3. október 1866 um kristfjár og fátækrajarðir með dýrleika þeirra, landskuldum og kúgildum.

á kirkjujörðum 998. á bændaeignum 3.560.¹⁾ Skúli Magnússon fógæti telur eftir jarðabókinni 1695 alls 4,059 bygðar jarðir á landinu, af þeim voru 718 þjóðjarðir, 304 Skálholtsjarðir, 345 Hólajarðir eður alls 649 stólsjarðir, 640 kirkjujarðir, 140 prestajarðir, 45 djáknajarðir, 16 fátækrajarðir eða kristfjárjarðir, 4 spítalajarðir og 1.847 bændajarðir.²⁾ Eftir hinu síðasta jarðamati, sem prentað var 1861, voru allar jarðir á Íslandi metnar 86.755 hdr. Árni Thorsteinsson landfógæti segir 1879, að af þeim 86.000 hdr., sem jarðirnar voru metnar til dýrleika, séu þá rúm 62.000 í einstakra manna höndum, um 8.400 hdr. þjóðeign, um 15.000 hdr. eign kirkju og andlegrar stéttar, um 1.000 eign ýmsra stofnana og nokkuð eru þrætulönd. Af þessum 62.000 hdr., er aðeins litið sem er í sjálfsábúð: »vér vitum eigi« segir Árni Thorsteinsson »hve margir búa á sjálfsins eign, en ætlum, að það sé tæplega 20.000 hdr., eða ef til vill ekki nema 16.000 hdr., sem sé í reglulegri sjálfsábúð«. ³⁾

Á sögnuöldinni hafa líklega fleiri verið sjálfseignarbændur en nú, þó vita menn það eigi með vissu eða tölum. Eftir því sem aldir liðu, komust fleiri og fleiri jarðir undir kirkjur, klaustur, biskupsstóla og konung og svo söfnuðust afarmargar jarðir til einstakra ætta og einstakra höfðingja á 14. og 15. öld, svo öll líkindi eru til, að meginþorri bænda hafi verið orðnir leigulíðar um 1500. Síðan um síðabót hefur verið seldur fjöldi býla af konungs og kirkjujörðum og fyrir og um aldamót 18. og 19. aldar voru seldar um 1.100 konungsjarðir. Samt fjölgaði sjálfseignarbændum þá eigi nærri eins mikið og við hefði mátt búast. Því fáeinir ríkir menn keyptu meginíð af jörðunum.

Kirkjur og biskupsstólar eignuðust þegar fjölda jarða á 11. öld og eftir það uxu jarðeignir klerka stöðugt. Í Banda-

¹⁾ O. Olavii Rejse bls. 657.

²⁾ Skýrslur um landshagi á Íslandi II, 1861 bls. 69.

³⁾ Ísafold VI, 1879 bls. 77. Fróðleg skýrsla um jarðeignir í Skagafirði 1913, eftir Pál Zophóníasson, er prentuð í Frey XIII, 1916 bls. 63.

mannasögu er sagt um Odd Ófeiggsson, að hann var svo auðugur «at hann mundi eigi minna fé eiga, en þær kirkjur, er auðugastar voru hér á landi.»¹⁾ Á seinni hluta 13. aldar á dögum Árna biskups Þorlákssonar (1269—1298) voru landleigur af jörðum, er heyrðu undir Skálholt, nær hundrað hundraða²⁾ Síðar urðu jarðeignir stólanna miklu meiri. Árið 1544 átti Skálholtsstóll 1.700 málnytukúgildi á leigustöðum, staðarbúum og heima fyrir.³⁾ Eftir jarðabók Kristjáns Müllers 1699 voru landskuldir Skálholtsjarða tvö hundruð hundraða, 70 hdr. og 87 álnir, en landskuldir Hólajarða 3 hundruð hundraða, 35 hdr. og 104 álnir, hefur þó eflaust þá margt verið gengið undan stólunum, er áður hafði heyrt undir þá. Einsog fyrr var getið, telur jarðabókin 1760, að þá heyrri undir báða stólana 838 jarðir bygðar og 360 eyðibýli að auk, en þá var jarðatalan á öllu landinu 4.252. Þegar athuguð er eign kirkna og klaustra samtímis, þá er ekki ólíklegt, að biskupsstólar, klaustur og kirkjur hafi rétt fyrir síðabót átt fullan þriðjung af öllum jarðeignum landsins eða meira. Þó er þetta ekki enn fullrannsakað og næg gögn eru ekki fyrir hendi til þess að skera úr því með vissu. Kapólska kirkjan fargar aldrei neinum jarðeignum, sem hún fær, og því vex eignafúlgan altaf stöðugt. A 15. öld voru margir stórikir menn á Íslandi, einsog fyrr var á drepið, og mestöll eign þeirra var jarðagóss. Loptur Guttormsson hinn ríki lét eftir sig 1432 þrjátíu og fimm hundruð hundraða og átta tigi hundruð í jörðum⁴⁾. Jarðeignir Guðmundar Arasonar á Reykhólum 174 að tölu voru 1446 metnar á þrjátíu og tvö hundruð hundraða og 17 hundruð.⁵⁾ en eftir Björn ríka og Ólöfu er talið (1467 og 1480) að jarðagóss hafi verið 3,467 hundruð.⁶⁾

¹⁾ Bandamanna saga. Rvík 1901, bls. 4.

²⁾ Biskupasögur I, bls. 778.

³⁾ Dipl. isl. XI, bls. 315.

⁴⁾ Dipl. isl. IV, bls. 519.

⁵⁾ Dipl. isl. IV, bls. 683—694. Sunnanfari I, bls. 11. Björn Þorleifsson hirðstjóri keypti jarðir Guðmundar Arasonar af Kristjáni Í-árið 1466 fyrir 400 nobíla (Dipl. isl. V, bls. 469).

⁶⁾ Sunnanfari I. bls. 42. Dipl. isl. V, bls. 497—503; VI, bls. 254—57.

en talan er þó eigi alveg viss. Nú voru margir aðrir stórfiskar af höfðingjastétt á 15. öld en þessir, þó þeir væru ekki eins ríkir, þannig er t. d. sagt um Auðunn ríka Salómonsson, að hann hafi átt mestalla bóndaeign í Borgarfirði og auk þess margar jarðir syðra.¹⁾ Eftir svartadauda var allt jarðagóss á landinu komið í stórhrugur, einstöku menn höfðu erfð fjölda jarða og notuðu sér örðugar kringumstæður ambara til þess að komast yfir enn meira. Við þetta fækkaði sjálfseignarbændum stórkostlega og meginþorri bænda hefur því eflaust verið orðnir leiguliðar á seinni hluta 15. aldar. Hefur aldrei fyrr né síðar verið jafn mikill munur á efnahag manna, fáeinir burgeisar í hverri sýslu réðu öllu, en alþýðan mun yfirleitt hafa átt við örðug kjör að búa: smábændur voru þá flestir leiguliðar á jörðunum og áttu heldur ekki nema lítið af áhöfninni, kvikfénaður þeirra var að miklu leyti leigufé. Hafði það snemma byrjað, að smábændur lifðu við leigufénað, enda segir Jónsbók (bls. 224) »nú af því at í þvísá landi þurfu margir við leigufé at hjálpast. Á dögum Brands biskups Sæmundssonar (1162—1201) er getið um Steinólf nokkurn, sem bjó á landi staðarins á Hólum »ok hafði þat mest sér til atvinnu, er staðurinn átti, sem margir aðrir.«²⁾ Þó virðist afkoma almennings enn hafa verið nokkurnvegin góð á 15. öld, líklega mest vegna þess, að útgjöldin voru lítil og kröfurnar til lífsins fáar. Þetta ástand með stórefnamönnum og fátækum almúga hélzt fram á 17. öld með nokkrum breytingum, þá fór efnahag landsins, af ýmsum orsökum, smátt og smátt að fara aftur og ástæðurnar urðu jafnari við almenna afturför heildarinnar.

3. Jarðabygging.

Fornar ákvarðanir um *bygging jarða* og byggingarskilmála hafa að miklu leyti haldist frá því í fornöld fram á vora daga, þó hafa nokkrar breytingar orðið á ýmsu, fremur

¹⁾ Safn til sögu Íslands III, bls. 709.

²⁾ Biskupasögur I, bls. 209.

af venju en lagaboðum. Í lögum 12. janúar 1884 um bygging, ábúð og úttekt jarða segir svo fyrir, sem jafnan hefir verið: »Jörð skal ávalt byggja frá fardögum til fardaga, og skal um það bréf gjöra og er það byggingarbréf fyrir jörðunni«. Eins var í fornum lögum ákveðið, að menn skyldu flytja á leigulönd, er 6 vikur voru af sumri, eða í fardögum; byggingarbréf fengu menn þá eigi, en áttu að taka jörðu með tveggja manna vitni skilríku eða fleiri og hafa þá jörð heimila í 12 mánuði.¹⁾ Með tilskipun 15. maí 1705 voru landsdrottnar skyldadír til að gefa landsetum sínum reglulegt byggingarbréf, sem nákvæmlega greindi skyldur leiguliða, og þurfti hann eigi að greiða neitt eða gjöra neitt, frammar en þar var ákveðið.²⁾ Þar var líka fyrirskipað, að landeigandi mætti ekki byggja neinum út, sem stóð í skilum. Lögum þessum mun þó eigi alstaðar hafa verið hlýtt. Með konungsbréfi 22. des. 1797 var leiguliðum veittur forkaupsréttur að jörðum þeim, sem þeir bjuggu á.³⁾ Eftir ábúðarlögum 1884 skal nú í byggingarbréfi taka skýrt fram, hve langur ábúðartími er, en sé það eigi gjört, skal svo álíta, sem jörð sé bygd æfilangt.⁴⁾ Til forna hafa jarðir víst oftast verið bygðar frá ári til árs, hélzt það fram á 19. öld og voru leiguliðar þannig mjög háðir landsdrottni. Í Búnaðarriti 1887 stendur: »Það er víða síður að byggja jarðir til árs í senn, þannig að leiguliða er gjört að skyldu að «taka heima» árlega, ef hann vill vera; og á sama hátt getur landsdrottinn árlega sagt honum upp ábúðarréttinum. Vanalega eru þau ein skilyrði sett, að leiguliði standi í skilum og hirði jörðina »forsvaranlega«. Margar opinberar eignir munu vera með slíkum skilyrðum bygðar, svo lengi sem ábúandi vill vera,

¹⁾ Jónsbók Ó. H. bls. 130. Á fyrri öldum hafa menn þó eflaust stundum fengið byggingarbréf fyrir jörðum, þannig er til byggingarbréf fyrir hálfri Mælifellsá 1467. Dipl. isl. V, 481—82.

²⁾ Lovs. f. Island I, bls. 623—24. Sbr. tilskipun 27. júlí 1791. s. st. V, 733—35.

³⁾ Lovs. f. Island VI, bls. 314—15.

⁴⁾ Í landbúnaðarfrumvarpinu 1877 var í 63. gr. ákveðið, að engi mætti leigja jörð sína skemur en í 15 ár.

en séu þær eignir einstakra manna, er þessu oft bætt við: en lausa skal hann láta jörðina, ef eg eða minir óska þess. Ef jarðir eru bygðar upp á lífstíð, mun það venja, að ekkjan njóti ábúðarréttar mannsins. Í sumum héraðum landsins mun það og algengt samstaðar, að erfingjar hafi einuig forgangsrétt fyrir öðrum, en þetta er engum föstum reglum bundið. Að byggja jarðir upp á ákveðið tímabil (20—30—50 ár) mun hér á landi varla eiga sér stað.¹⁾

Eftir lögum 12. janúar 1884 eiga jörðu að fylgja »nauðsynleg hús, er henni hafa áður fylgt. Um stærð og tölu fer eftir jarðarmagni og því sem venja er til í hverri sveit, eftir mati úttektarmanna«. Í Grágás er ákveðið, að leiguliði skuli hafa hús, sem hann þarf. Leiguliði átti að ábyrgjast húsin við handvömmum sínum og halda uppi húsum, en landsdrottinn á að »fá honum við, ef hann krefr, at styðja hús, svá at óhætt sé fé hans.«²⁾ Í Jónsbók eru sviðuð ákvæði, nema hvað þar er tekið fram, að landsdrottinn á að leggja til við, svo »úhætt sé mönnum ok fé«, »en ef hann fær við til, þá skal leiguliði ábyrgjast hús at eigi falli niðr, ok hlaða fadn saman eða lengri veggj. Landeigandi átti ekki að ábyrgjast meira en þriðjung húsa við eldsvoða, en leiguliði að minsta kosti tvo hluta. Þessi skylda landeiganda með viðartillag hefir að sönnu eigi verið viðtæk, eftir því sem ráða má af orðtaki lögbókanna, en það var skýlaus skylda, og fyrir þá, sem áttu margar jarðir, hefir viðartillagið munað miklu. Í máldaga Hrunakirkju 1331 er ákveðið að leggja skuli við þu úr skógum stadarins til fjárhúsa á kirkjújörðinni Þórarinsstöðum, »en ef norrænn viðr er tillagður, þá falli af landsleigu.«³⁾ Ráðsmannsreikningur frá Hólum í Hjaltadal 1389 sýnir, að allmiklum við hefur stóllinn miðlað landsetum sínum.⁴⁾ Þegar Jón biskup Vilhjálmsson veitti sira Þorfinni Þórólfssyni umboð í Fljótum, 1434, þá átti hann »í greindu takmarki

1) Björn Bjarnarson í Búnaðarriti I, 1887, bls. 140—141.

2) Grágás 1852. II, bls. 136—137. Jónsbók (Ó. II.) bls. 131—132.

3) Dipl. isl. II, bls. 664.

4) Dipl. isl. III, bls. 429.

vora reka vel og trúlega vakta og vakta láta og fá við af þeim til jarðanna, skifta viðum og skipa til jarðanna, eftir því sem hann sér vel henta, en oss og vorri kirkju er skaðaminst«.¹) Líklega hafa biskupsstólarnir útvegað sér þann urmul af rekaitökum, sem þeir áttu, meðfram til þess að geta staðið straum af húsaviðhaldi á stólseignunum. Í skrá um kúgildi á Hólastólseignum og bygging jarðanna 1449 sést, að stóllinn hefur reynt að koma húsaviðhalds-skyldunni á leiguliða, og sumar jarðir eru byggðar með því skilyrði, að landseti annist húsagjörð.²) Sumir létu landskuldargjald ganga upp í húsagjörðir, þannig átti herra Eiríkur Sveinbjarnarson að borga Lárentius biskupi 12 hundruð eftir Flugumýri »lúkandi sumt í húsbótum«.³) Þessi forna skylda landeiganda að leggja við til húsa á leigujörðum hélzt fram yfir síðabót. Eftir að konungur hafði tekið undir sig eignir klaustranna, fór að bera á því, að stjórninni þótti þung byrði að ábyrgjast fyrningu jarðhúsa og leggja við til þeirra, og í tilskipun 8. maí 1591 er ákveðið, að konungslandsetar skuli »bæta jarðirnar með góðum húsum og túngörðum«, en ef þeir eigi gjöra það, má byggja þeim út, en þeir missi það, er þeir hafa byggt og sé refsað að auki. En ef þeir standa í skilum með afgjaldið og halda við húsum, má eigi reka þá af jörðinni. Í tilskipunum 14. apríl 1607 og 21. apríl 1619 er þetta endurtekið og landsetum lofað æfiábúð, ef þeir halda við húsum og gördum á sémilegan hátt, og eftir tilskipun 29. nóvember 1622 eiga ekkjur landseta að njóta sömu réttinda, en þar er skýrt tekið fram og stranglega boðið, »að bæði ekkjur og aðrir, er búa þar í landi, skuli sjálfir útvega sér húsavið til þess að byggja og bæta hús sín og jarðir, eftir því sem efni þeirra og ástæður landsins leyfa«.⁴) Þessu var síðan fylgt á konungsjörðum, en flestir lands-

¹) Dipl. isl. IV, bls. 547.

²) Dipl. isl. V, bls. 35—37.

³) Biskupasögur I, bls. 855.

⁴) Lovsamling for Island I, bls. 126—127, 149—150, 182—183, 210—211.

drottnar munu enn um langan tíma hafa fylgt fyrirmælum Jónsbókar. Af jarðabók Árna Magnússonar má sjá, að landsdrottnar þá enn lögðu við til húsa; á 18. öld mun þó smátt og smátt sú venja hafa komist á, að jarðeigendur skylduð leiguliða til þess að leggja við til húsa, halda þeim við og ábyrgjast þau að öllu, jafnvel fyrir eldsvoða. Landbúnaðarlaganefndin 1877 segir, að það hafi á 19. öld jafnan verið komið undir velpóknun og veglyndi landsdrottna, hveru hlut þeir hafi átt að endurbyggingu jarðarhúsa, þegar óhöpp báru að höndum.¹⁾ Þetta hafði í för með sér, að húsakynni jarða urðu miklu lélegri en áður hafði verið.²⁾ Í lögum 12. janúar 1884 um ábúð jarða (15. gr.) segir: »skyldur er maður að halda uppi húsum þeim öllum, er þá voru, er hann kom til jarðar og jörðu fylgja og ábyrgjast fyrning þeirra, svo skal hann og viðhalda öðrum nýtsömum mannvirkjum, sem jörðu fylgja«. Leiguliði skal viðhalda húsum að þökum, veggjum og viðum, nema ef bær ferst af eldsvoða eða af náttúruslysum, þá á landsdrottinn að leggja við til húsa, jörðar og smíðar, en leiguliði veggja alla og þök. Þó skal leiguliði greiða landsdrottni álag á hús þau, er fórust, ef þau voru eigi fullgild eftir áliti úttektarmanna.³⁾

Þegar leiguliði flytur af jörðu, er hún tekin út af lögboðnum úttektarmönnum í hverjum hreppi. Þeir eiga að taka út hús og mannvirki, er jörðum fylgja, líka skoða innstæðukúgildi jarðanna, en fráfarandi leiguliði geldur álag til viðtakanda að aflokinni úttektargjörð. Eftir fornum lögum voru úttektarmennirnir 5 eða 6, í ábúðarlögunum 12. jan. 1884 (31. gr.) eru hreppstjórar úttektarmenn. »Þar sem eigi er nema einn hreppstjóri í hrepp, skal sýslumaður nefna að auki svo marga úttektarmenn, sem hreppsnefnd

¹⁾ Frumvarp til landbúnaðarlaga. Reykjavík 1877. bls. 60.

²⁾ Sbr. *Páll Briem*: Eirðaábúð, sjáltsábúð og leiguábúð (Lögfræðingur III, bls. 108–172).

³⁾ Í ritgjörð eftir *Pál Víðalín* lögmann, sem prentuð er í *Íslendingi III*, 1862, er bls. 78 og víðar nákvæmlega skýrt frá því, hver hús eigi að fylgja jörðum og hve stór eftir dýrleika þeirra.

þurfa þykir. Úttektarmenn þessir skulu eið sverja fyrir sýslumanni. Séu úttektarmenn eigi fleiri en tveir í hrepp, skal hinn þriðja tilnefna til vara. Hvernig til hagar með úttektir, fer mest eftir venjum, lagaákvæði um þær eru ónóg og á reiki, enda eru þær mjög misjafnar, oft sagðar á ýmsan hátt ranglátar, stundum hallað á fráfarandi leiguliða og stundum á viðtakanda; aðalmeið hefir það verið, að leiguliðar sjaldan eða aldrei hafa fengið endurgjald fyrir jarðabætur og húsabætur; leiguliðar hafa í þeim efnun mátt heita réttlausir.¹⁾

Einn er sá örðugleiki við jarðir á Íslandi frekar en í öðrum löndum, sem sjaldan er athugaður, að verðmæti flestra hinna einstöku jarðeigna er svo lítið og afgjaldið svo lágt — jafnvel þar sem það er tiltölulega nógu hátt — að jarðirnar geta eigi borið neinn verulegan tilkostnað fyrir eigandann. Á sjálfs síns jörð getur bóndinn haft gagn og arð af húsa- og jarðabótum, og eins leiguliði, sem hefur langa ábúð eða æfiábúð; en ef landsdrottinn á að leggja nokkuð verulegt af mörkum fyrir jarðabætur eða húsagjörð, verður eignin honum arðlaus um mörg ár, því mjög sjaldan getur hann unnið tilkostnaðinn upp á hækkunni eftirgjaldi. Það hefur því um langan aldur borgað sig illa að setja fé sitt í jarðir fyrir aðra en þá, sem á þeim bjuggu. Nú eru margir aðrir vegir til þess að útvega sér góðan arð af fjársafni, og ætti einmitt þetta að stuðla að því, að sjálfseignarbændum fjölgaði, því þeir einir geta haft verulegan hagnað af jörðunum, ef alt gengur vel. Fram undir lok 19. aldar settu allir fé sitt í jarðir, af því þeir gátu ekki ávaxtað það á neinn annan hátt, peningarnir láu annars arðlausir; það var gamall landsvani efnamanna að kaupa jarðir, og það kom eigi sjaldan fyrir, að þeir, sem stöðugt voru að kaupa jarðir, vanræktu sínar eigin ábylisjarðir. Menn borguðu jarðirnar vanalega út í

¹⁾ Nánar um úttektir má lesa í hinni fyrnefndu ritgjörð *Páls Briem's* Um erfðaábúð í Lögfræðingi III. bindi og í ritgjörð *Tómásar Sæmundssonar*: Um bygging jarða, meðferð og úttektir í Búnadarriti Suduramtsins Húss- og Bústjórnarfélags. Víðey 1889 I. bls. 139—238.

hönd. lán var sjaldan hægt að fá og heldur ekki um þau beðið, menn söfnuðu specíum á kistubotninn, þangað til nóg var komið í jarðarverð. Magnús Stephensen segir 1808, að peningabirgðir þær, sem þá voru á strjálengi og huldar hér og hvar út um land, hafi ekki verið til neinnra gagnsmuna; þær lágu dauðar og ávaxtalausar. af því enginn vegur var að gera þær arðberandi nema »með mögrum jarðakaupum«.¹) Á árunum 1786—1800 var aðeins þinglýst 9 veðskuldabréfum einstakra manna, og á árunum 1801—1833 aðeins 24 veðskuldabréfum til Íslendinga sjálfra. Öll samtalin 8,682 rd. Þetta sýnir, hvernig peningaveltan var í þá daga og þó voru á þessum árum stólgóssin seld og mörg hundruð jarðir aðrar skiftu um eiganda.²) Þegar stólgóssin voru seld, keyptu nokkrir leiguliðar jarðir sínar, en meginþorra þeirra keyptu þó embættismenn og efna-menn.

Þó leiguliðar á Íslandi oft ættu við örðug kjör að búa, þá var staða þeirra að öllu leyti frjálisari en í öðrum löndum. Viðast um Norðurálfu urðu leiguliðar á miðöldunum fullkomnir þrælur landsdrotna, og stóð sú ánauð viðast fram á 18. öld og sumstaðar langt fram á 19. öld. Viða var leiguliðinn bólfastur, mátti eigi flytja af jörðu þeirri, sem hann var fæddur á. varð að vinna baki brotnu fyrir landeiganda og sumstaðar voru landsetar seldir með eignunum einsog búfé. Þó allþungar kvaðir væru lagðar á leiguliða kirkjujarða og konungsjarða í sumum héraðum á Íslandi, þá mistu þeir þó aldrei frelsi sitt; á 18. öld reyndi stjórnin með ýmsum fyrirskipunum að vernda réttindi þeirra og var reynt að haga landbúnaðarlöggjöfinni nokkuð svipað því sem var í Noregi, en þar voru bændur jafnan nokkurnvegin frjálisir líkt og á Íslandi. Aftur á móti áttu bændur í Danmörku sjálfri að búa við mikla ánauð (Hoveri, Vornedskab, Stavnsbaand). Á 13. öld var á Englandi þegar búið

¹) Island i det 18. Aarhundrede bls. 447—448.

²) *J. Johnsen*: Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup o. fl. *Kmhöfn* 1840, bls. 35—36, 38.

að leggja alskonar kvaðir og skyldur á leiguliða,¹⁾ auk landskuldar urðu þeir að vinna fyrir landsdrotna fjölda dagsverka, borga alskonar aukagjöld og máttu ekki selja neitt af kvikfé sínu án leyfis landeiganda, ekki gifta son eða dóttur án leyfis húsbóndans, borga aukagjald fyrir giftingar o. s. frv. Í Noregi og Danmörku urðu leiguliðar að borga sérstakt gjald (Indfæstning eða Bygselpenge), þegar þeir tóku við jörðu, en það varð ekki alment á Íslandi, þó reynt væri að koma því á sumstaðar. Það var kallað »festugjald« eða »festa«, en á Suðurlandi stundum »tilgjöf«, og var borgað, er menn tóku jörðina, vanalega með sömu upphæð eins og eins árs landskuld. Gjald þetta borguðu sumir leiguliðar á kirkju- og konungsjörðum á Suðurlandi, og líklega hafa sumir leiguliðar klaustra og landsetar Hólastóls einnig borgað það.²⁾ á bændaeignum munu festugjöld varla nokkurstaðar hafa átt sér stað. Á Vestmannaeyjum borguðu tómthúsmenn (um 1704) vanalega 40 fiska í festu, er þeir leigðu kofa sína.³⁾ Íslenzkir leiguliðar voru lausir við »veizlur, mútur og tilgjafir«,⁴⁾ sem norskir leiguliðar urðu að greiða langt niður eftir öldum. Bygging leigulanda var í Noregi bundin við þriggja ára tímabil, og í hvert sinn, er ábúðin var endurnýjuð, varð leiguliði að borga sérstakt gjald (Tredjeaarstage); þetta varð ekki heldur venja á Íslandi. Yfirleitt höfðu íslenzkir leiguliðar betri kjör en aðrir leiguliðar á Norðurlöndum, en sakir fátæktar hefðu þeir ekki heldur þolað mikil gjaldaþyngsl.

Leigulönd eru að öllum líkindum jafn gömul einsog bygð á Íslandi, landnámsmenn hafa eflaust skift landnám-

¹⁾ *I. Th. Rogers*: Six centuries of work and wages. London 1906, bls. 40—46.

²⁾ Sbr. Lovsamling for Island V. bls. 741—742. Ný Félagsrit XV, bls. 118.

³⁾ *Arne Magnusson's* Embedsskrivelser og andre offentlige Aktstykker. udg. af Kr. Kålund. Kbhavn 1916, bls. 203, 262, 279, 547.

⁴⁾ »Jarðamútur« til umboðsmanna voru bannaðar á Íslandi með réttarbót Eiríks konungs Magnússonar 2. júlí 1294. Dipl. isl. II, bls. 288—289.

um sínum niður í jarðir. gefið sumar, en selt sumar, einsog Molda-Gnúpur, sem seldi mörgum mönnum af landnámi sínu.¹⁾ Sumar jarðir og jarðapartar hafa verið leigðir landsetum. Á söguöldinni eiga efnumenn leigulönd, eins og Blundketill, hann var manna auðgastr ok bezt að sér í fornum sið: hann átti þrjá tigu leigulanda;²⁾ hann vildi líka ráða því, hvernig landsetar hans settu fé á vetur, en þeir höfðu athvarf til hans í vandræðum sínum. Undir Hlíðarenda heyrðu leigulönd: í Gunnlaugssögu³⁾ er getið um Atla á Grenjum, landseta Þorsteins Egilssonar, og víðar er getið um landseta ýmsra heldri manna í sögunum. Þó leigulíðar í fornöld hefðu jafnrétti við aðra menn, þá er það auðséð, að þeir hafa verið minna metnir en sjálfs-eignarbændur, enda fór virðingin þá sem síðar mest eftir efnunum; þó landsdrottnar hefðu ekki að lögum neina heimild til að leggja á landseta sína skyldur eða kvaðir, aðrar en eftirgjald jarðarinnar, þá voru þeir vanalega svo háðir höfðingjunum, að þeir urðu að hlýða þeim og fylgja þeim í herferðir og árásir á aðra menn og starfa ýmislegt fyrir þá, er lélegt þótti og miður sæmandi fyrir frjálsa menn. Þetta ágerðist, er fram í sótti, og líklega munu landsetar sumra höfðingjanna á Sturlungaöld stundum hafa fundið til þess, hve nærri þeim var gengið; þeir gátu sjaldan um frjálst höfuð strokið, urðu að hlaupa frá búi og börnum í óparfa vastur fyrir landsdrottna og höfðingja, fara í sendiferðir og vígaferli og máttu búast við lífláti og lemstrunum þegar minst varði. Leiglendingar voru þegar í fornöld að lögum settir skör lægra en sjálfseignarbændur, jafnvel þó að þeir væru svo efnaðir, að þeir ættu að gjalda þingfararkaup; landeigendur gengu fyrir í allar virðingarstöður í sveitastjórn, leiglendingar voru aðeins notaðir í viðlögum.⁴⁾ Á seinni öldum hefir enginn slíkur munur verið gerður.

¹⁾ Landnáma 1891, bls. 194.

²⁾ Hænsnapóris saga 1892, bls. 2, 6—7.

³⁾ Njála 1894, bls. 180. Gunnlaugs saga 1893, bls. 3.

⁴⁾ Sbr. *K. Maurer*: Island 1874, bls. 148—149.

Landskuldir. Eftirgjald jarða var til forna kallað landleiga eða landskuld (landskyld) og var það eina gjaldið, sem borgað var af jörðinni til eiganda hennar. Landskuldin átti að vera vextir af verðmæti jarðarinnar og vanalega í fornöld aðeins lögvextir af verðinu, en lögleiga var til forna einn eyrir af tíu eða 12 álnir af hundraði¹⁾, það er 10% eftir nútíðarreikningi. Var sú skoðun lengi ríkjandi hjá mörgum, að landeigendur mættu eigi taka meira en lögleigu Grágásar í landskuldir,²⁾ en út af því var þó oft brugðið og alloft teknir 2 fjórðungar smjörs eftir hvert tíundarbært hundrað. Á seinni öldum hefir landskuldin vanalega verið að jafnaði eitt hundrað af 20 hundruðum, eða 6 álnir af hundraði, helmingi minni en fyrr, eða 5%³⁾ Var þá reiknað í hundruðum á landjörðum, en í vættum og fiskum á sævarjörðum.⁴⁾ Landskuldir jarða eru stundum nú á tímum ennþá lægri, svo þær jafnvel eigi nema meira en 2–3% af jarðarverðinu, þegar kúgildin eru frá skilin; leigan og landskuldin jafna því hvort annað og þess vegna væri það miklu eðlilegra að breyta þessu, þannig að kúgildaleigan væri færð niður en landskuldin upp.⁵⁾ Landskuldir voru hvorki fyrr né síðar fastlega lögákveðnar, fór um þær eftir því sem landsdrotni og leiguliða samdi. Snemma fóru jarðeigendur að færa sig upp á skaftið, reyndu að hafa svo mikið upp úr jörðunum sem hægt var og áskildu sér ýmisleg gjöld í landskuld, sem juku hana að mun, fram yfir forna lagavexti. Seinna komu kúgildin til sögunnar, en þau áttu lengi fram eftir ekkert skylt við landleiguna, það var lifandi peningur, seldur á leigu landsetum og öðrum mönnum, án tillits til jarðeignar-

¹⁾ Grágás 1852, II, bls. 140.

²⁾ Sveinn Sölvason: Tyro juris. Kmh. 1799, bls. 170.

³⁾ Þessi landskuldur-upphæð var orðin svo algeng í byrjun 19. aldar, að Magnús Stephensen segir (í Ræðum Hjalmaris á Bjargi. Viðey 1820, bls. 58–59): »sé dýrleiki jarðar óviss, er hann sanngjarnlegast metinn svo eftir landskuldurhæð, að eitt hundrað landaura í landskuld þyki samsvara 20 hundruða jörð«.

⁴⁾ Vætt = 20 álnir = 40 fiskar; 6 vættir = hundrað.

⁵⁾ Páll Briem í Lögfræðingi III, bls. 170.

innar. Þó þau síðar kæmu í náið samband við ábúð og eftirgjald jarða.

Í fornöld er sjaldan greint svo nákvæmlega frá eftirgjaldi jarða. að mikið sé á því að byggja, en líklegt er, að menn oftast hafi fylgt fyrirmælum Grágásar og borgað 12 álnir eftir hvert hundrað. Afgjöld jarða voru þannig yfirleitt miklu hærri en nú. Eiríkur Sveinbjarnarson tók Flugumýri, sem að fornu mati var metin hundrað hundraða, á leigu í 4 ár af Lárentius biskupi fyrir 12 hundruð árlega;¹⁾ löngu fyrri (1171) voru Möðruvellir í Eyjafirði leigðir á 10 hundruð og mun það líka svara til lögleigu (Grágásar.²⁾ Þegar kemur fram á 14. og 15. öld. eru til mörg skilríki fyrir jarðabyggingu, einkum um jarðir klaustra og kirkna. Klerkastéttin virðist snemma hafa verið öðrum fremri í því að leggja aukagjöld og kvaðir á landseta og hefur þar fylgt tízku annara landa. Oft er þó örðugt að sjá, hve miklu gjaldið nemur, af því jarðamatið er óvíst, og oft er landskularupphæðin langt fram úr lögleigu. Þannig er t. d. Hraunskarð á Snæfellsnesi, klausturjörð frá Helgafelli, 20 hdr. að dýrleika, um 1400 bygð fyrir 18 vættir fiska (3 hundruð) í landskuld.³⁾ Stundum hefir landskuldin verið mjög mismunandi í hlutfalli við dýrleika jarðanna, þannig er 1402 landskuld af Ytri-Ey, sem metin er 30 hdr., 6 hundruð, en árið 1465 er landskuld af 20 hdr. í Bustarfelli í Vopnafirði 1½ hdr.⁴⁾ Hvað klaustrin hafa snemma aukið gjöld á landsetum sínum, sést meðal annars af leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs 1313,⁵⁾ landskuldir eru þar, bornar saman við fornt mat jarðanna, nálægt lögleigu víðast, en svo eru ýmsar aukagetur: »helmingur sáð«, »4 vættir mjöls«, »sældingur í jörðu«, »geymsla nauta og hrossa staðarins og vetrunga eldi«, »hrossabeit« o. s. frv. Á tveim jörðum er engin landskuld önnur en »helmingur

1) Biskupasögur I, bls. 855.

2) Biskupasögur I, bls. 418.

3) Dipl. isl. III, bls. 141.

4) Dipl. isl. III, bls. 677; V, bls. 452–453.

5) Dipl. isl. III, bls. 377.

heyja þeirra sem fást«, og getur það hafa verið allþungt gjald.¹⁾ Kirkjubæjarklaustur byggir 1397 jarðir sínar mjög dýrt, landskuldir í smjörvum víða langt fram úr lögleigu og svo eru alskonar auka-kvaðir í fóðrum og öðru: að fóðra 8 naut, 2 kýr, 20 skjólur seltu, 20 hesta lénur, 2 málkeröld lýsis o. s. frv.²⁾ Þrátt fyrir þessa útúrdúra á klaustra og kirkjujörðum, mun lögleiga Grágásar hafa verið almennust á landskuldum bændaeigna víðast um land fram undir lok 14. aldar. Hvenær landskuldin fellur niður í helming verðs einsog verið hefur á síðustu öldum, er eigi full rannsakað, líklega hafa eftir plágurnar á 15. öld³⁾ verið svo fá bændaeigni, að jarðirnar hafa eigi fengist bygðar nema með lægra eftirgjaldi. Í öðrum löndum féllu landskuldir einnig við svartadauða, hagur leiguliða batnaði, landaurar og verkalaun stigu mjög.⁴⁾ Jarðeignirnar höfðu á 15. öld safnast á fáar hendur, en leiguliðar voru flestir fátæklingar, svo fáir gátu tekið þær nema kýr og ær fylgdu með, og hefir þetta oft sýnt sig á seinni öldum eftir sóttir og hallæri; þá hafa landeigendur reynt að ná sér niðri á kúgildum og kvöðum. Reyndar var það fyrir löngu orðin venja, að leiguliðar höfðu kúgildi, en þau voru í fornöld einsog hvert annað lán, leigulandinu óviðkomandi, og voru metin og talin sér, á seinni tímum urðu þau föst. Á 15. öld mun sú venja hafa komist á, að jarðeigendur létu landseta sína borga tíundir og inna af hendi öll sveitaskil, þá voru margir leiguliðar farnir að takast á hendur ábyrgð húsa, og sumir lögðu við í bæjahús o. s. frv. Alt þetta mun hafa stuðlað að því, að landskuldir féllu.

Á 16. öld eru landskuldirnar víða fallnar mjög, þó

¹⁾ Árið 1395 hefir heygjaldi þessara jarða verið breytt í landskuldir í almennum gjaldaurum. Dipl. isl. III, bls. 598.

²⁾ Dipl. isl. IV, bls. 238—239.

³⁾ *Magnús Stephensen* (Ræður Hjálmars á Bjargi bls. 59) og margir aðrir halda, að landskuldir hafi fallið í svartadauða, og plágan seinni hefir varla haft minni áhrif.

⁴⁾ *Th. Rogers*: Six centuries of work and wages. London 1906, bls. 226—242.

mismunandi í ýmsum héruðum og varla eins mikið einsog síðar. Í skrá um leigur af jörðum Reykjaholtskirkju 1504 eru 20 hundraða jarðir leigðar fyrir eitt hundrað mest. minst fyrir 10 aura í landskuld (2 $\frac{1}{2}$ —5 $\frac{0}{0}$). en 6 kúgildi fylgja hverri.¹⁾ Af skrá Gísla biskups Jónssonar yfir jarðir þær, sem lagðar voru til uppeldis prestum í Skálholtsstifti 1580. sést, hvað landskuldirnar þá hafa verið á reiki (1: 10. 1: 12. 1: 15. 1: 20) eða með öðrum orðum 5—10 $\frac{0}{0}$. Lág landskuld er þar oft bætt upp með mörgum kúgildum.²⁾ Á seinni tímum hefir verið vanalegt. að eitt kúgildi fylgdi hverjum 5 jarðarhundraðum, en í þessari skrá fylgir vanalega kúgildi hverjum 3—4 hundraðum, sumar jarðir eru þó kúgildalausar. Eins er með jarðir Ögmundar biskups, bygging þeirra hefir verið mjög mismunandi, borin saman við fornt jarðamat og yfirleitt mjög lág, landskuldir víðast 2—5 $\frac{0}{0}$. og kúgildatalan mjög á reiki.³⁾ Alt þetta þarf nánari rannsókn, því örðugt er að finna jarðarverðin í þá daga með vissu. en mörg gögn eru fyrir hendi frá 15. og 16. öld. Páll Víðalín segir, að landskuldir hafi víða fallið eftir stórubólu 1707. Páll lögmaður, sem var manna fróðastur í þeim efnun, segir, að þá (snemma á 18. öld) sé hundraðslandskuld af 20 hdr. jörð (5 $\frac{0}{0}$) víðast kölluð lög-leiga á Suður- og Norðurlandi. en víða haldist vestra og eystra hinar fornu landskuldir.⁴⁾ Landskuldirnar á jörðum Ögmundar biskups á Vestfjörðum virðast þó eigi sanna þetta.

Landskulda-upphæðin af öllu Íslandi var reiknuð saman 1696 og var þá talin 33 þúsund dalir,⁵⁾ en í hallærunum um aldamotin og á miðri 18. öld féllu landskuldirnar mjög og voru 1760 reiknaðar 18,811 rd. 76 sk.,⁶⁾ enda höfðu þá margar jarðir lagst í eyði. Landskuldir af sveitajörðum

1) Dipl. isl. VII, bls. 737.

2) Alþingisbækur I, bls. 421—422.

3) Safn til sögu Íslands I, bls. 126—127.

4) Fornyrði lögbókar bls. 552

5) Árb. Esp. VIII, bls. 51.

6) Gl. Félagsrit V, bls. 81; VII, bls. 177.

hafa frá því í fornöld oftast verið borgaðar í landaurum: smjöri,¹⁾ vaðmálum,²⁾ ull, ám eða sauðum, eða þá öðrum skileyri, en mjög er það mismunandi, hvað áskilið er í byggingarbréfum í því efni. Af sævarjörðum hefir oftast verið borgað í fiski eða lýsi, stundum í selskinnum o. fl., af hlunnindajörðum í æðardún, fiðri, laxi o. fl. Til forna voru landskuldir af kirkjajörðum stundum borgaðar með korni, saltbelgjum, seltuskjólum, mellénum, heyi og ýmsu öðru, er áskilið var, og af bændaeygnum var líka stundum borgað með ýmsum peningum fríðum og ófríðum, jafnvel með útlendum verzlunarvörum; þannig áskilur Björn Guðnason sér 1509 landskuldir í bjórtunnum og mjóltunnum.³⁾ Nú eru landskuldir víða borgaðar í peningum og upphæðin tiltekin, eða landskuldin er ákveðin í landaurum, en áskilið að hún sé borguð í peningum eftir verðlagsskrá.

Kúgildi áttu upprunalega ekkert skylt við jarðabyggingu, það var nafn á verðlagi og engu öðru. Kýrin var nokkurskonar verðstofn eða verðmælir í peningareikningi fornanna og það hefir hún frá alda öðli verið hjá mörgum öðrum þjóðum.⁴⁾ Kýrin er aðal-verðmælir í landaurareikningi Íslendinga, nokkurskonar stofneyrir (Möntfod) einsög gullið nú er í peningareikningi flestra landa, við kýrverðið

¹⁾ Í Danmörku voru landskuldir í fornöld oftast borgaðar í smjöri. *C. Christensen*: Agrarhistoriske Studier. Kbhavn 1886. I, bls. 52. Einnig í Noregi voru til forna flestar landskuldir borgaðar í smjöri; smjör er enn borgað eftir flestar jarðir Munkalífs 1463 (Norsk historisk Tidsskrift 4. R. V, bls. 569). Smjörið var í Noregi mælt í laupum, tveggja og þriggja punda laupum; laupsland var sá jarðskiki kallaður, sem einn laupur var goldinn eftir í landskuld; stundum var smjörið mælt í »spann«ir, sem vanalega mun hafa verið fjórðungur laups, en þessi mál munu hafa verið nokkuð mismunandi í ýmsum landshlutum.

²⁾ Töluverður hluti af eftirgjaldi eftir sýslur átti fram á 18. öld að borgast í voðum vaðmála, hver voð 20 álnir; 1706 átti konungur að fá 138½ voðir vaðmála í sýslueftirgjöld og auk þess 1,290 þör sokka. *Árni Magnússon*: Embedsskrivelser 1916 bls. 162.

³⁾ Dipl. isl. VIII, bls. 268—269.

⁴⁾ Orðið peningur, peningar, á eins og kunnugt er skylt við latneska orðið *pecunia*, en það er komið af *pecus* nautgripur; mynd af

var um margar aldir alt samanborið, sem selt var og keypt. Kýrin, sem verðmælir, á eftir Jónsbók að vera »VIII vetra ok eigi yngri en að öðrum kálfi, heil ok heilspenuð ok hafi kelft um veturinn eftir Pálsmessu, eigi verri en meðalkýr, héraðsræk at fardögum«. ¹⁾ Jafngildi við kú voru »6 ær, tvær tvevetrar ok fjórar gamlar, ok fæði lömb sín, úrotnar, loðnar og lemdar«. Þetta voru kúgildi leigufær. Jónsbók telur líka 12 veturgamla sauði kúgildi eða jafna 6 ám; en þeir féllu í verði, svo 18 þurfti síðar í kúgildið, eftir konungsbréfi 17. júlí 1782. ²⁾ Kúgildi hefir um margar aldir jafnan verið reiknað sama sem hundrað, 120 álnir vaðmáls, eða 20 sex álna aurar. Nokkur efi er á því, hvenær kúgildið fyrst er reiknað jafnt hundraði, og ekki er þess beinlínis getið í hinum fornu lögbókum, þó það megi ráða af þeim óbeinlínis. Jónsbók segir (bls. 224): »enginn skal dýrra byggja málnytukúgildi en tveim fjórðungum smjörs, eða ala fjögur lömb ok ábyrgjast sem fúlgufé, eða leysa 12 álnum, ef eigi er smjör til eða hey«. Nú er lögleiga einn 6 álna eyrir af 10, eða 12 álnir af 20 aurum. Þar af leiðir, að kúgildið er metið á 20 aura eða hundrað. ³⁾ Kúgildið hefir því verið löglegt hundrað að minsta kosti síðan á 13. öld. Þar á undan, á 11. og 12. öld, virðast kúgildin hafa verið lægra metin og ýmislega í ýmsum héruðum, einsog Páll Briem hefir bent á. kýrin aðeins 90 álnir og sumstaðar jafnvel eigi meira en 72 álnir, sumstaðar 96 álnir. ⁴⁾ Árið 1186 er í skrá um eignir klaustursins á Helgafelli fyrst talað um »hundrað álna virð kúgildi«, ⁵⁾ og á 13. öld mun jafngildi hundraðs vaðmála og kúgildis hafa orðið fast-

nauti var á sumum hinum elztu peningum Rómverja (*æs signatum*). Í fornöld Grikkja voru nautin líka verðmælir, einsog sjá má af *Ilias*-drápu Hómers. Indversku myntirnar *rupi* hafa nafn af *rupa* naut. Fé þýðir enn hjá oss eigu, peningar, *fee* á ensku kaupgjald, þóknun.

¹⁾ Jónsbók O. H. bls. 215.

²⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 666.

³⁾ Páll Vídalín: Fornyrði lögbókar. Rvík 1854, bls. 315—316.

⁴⁾ Lögfræðingur IV, bls. 16—18. Skírnir 1910, bls. 3—4. (B. M. Ólsen).

⁵⁾ Dipl. isl. I, bls. 282.

ákveðinn verðmælir, sem hélzt um margar aldir. Kúgildi er þá eigi annað í reikningi en fjárupphæð sú, sem kölluð er hundrað, og oft er verð hluta fyrr og síðar miðað við þau; til forna var verð jarða oft reiknað í kúgildum, en síðar hefir tíðkast að telja það í hundruðum.

Nú gefur lifandi peningur af sér arð, og kúgildið í fríðu er arðberandi eign. Í fornöld þektust hvorki bankar né sparisjódir, lánstofnanir né skuldabréf, allir þeir, sem fé græddu, urðu að koma því í jarðir eða kúgildi til þess að gera það arðberandi. Þetta hélzt að miklu leyti óbreytt fram á 19. öld; þó settu menn á seinni öldum frekar fé sitt í jarðir en kúgildi. Fjársýslufyrirtæki hófust ekki að neinum mun fyrr en í byrjun 20. aldar. Kýrnar eða kúgildin voru til forna þeir sparisjódir, er menn oftast settu fé sitt í, og þar var því vel fyrir komið og svo tryggilega sem hægt var á þeim tímum. Lögleiga fyrir hvert málnytu-kúgildi var eftir Jónsbók, sem fyrr var getið, tveir fjórðungar smjör eða 4 lambsfóður og hefur það haldist fram á þenna dag, en með 12 álnum mátti borga leigurnar, ef smjör var eigi til.¹⁾ Hér var því einsog við landskuldir borguð hin lögboðna renta 10%. Svo voru í lögunum nákvæm ákvæði um ábyrgð og tryggingu á kúgildunum. Gróðamenn komu fé sínu á vexti með því að setja það í kúgildi, því altaf voru nógir, sem vantaði höfuðstól til að búa við, og »urðu við leigufé að hjálpast«, einsog Jónsbók kemst að orði. Þessi kúgildi stóðu ekki í neinu sambandi við jarðirnar, menn áttu oft kúgildi á annara jörðum. Leigjendur leigðu kúgildin frá fardögum til fardaga, og þeim var heimilt að skila þeim aftur, þegar þeir vildu, áttu þá að skila kúnum og ánum með vottum og öðrum reglum, er lög tiltóku.²⁾ Bæði í fornöld og síðar áttu efna-

¹⁾ Fyrr, á 11. og 12. öld, voru, eins og áður var getið, kúgildin oft lægra metin, og þá var eftirgjaldið eftir þau líka lægra; eftir alþingissamþykkt 1200 var lögleiga á kú »9 álnir í hönd, 10 álnir á frest« (Dipl. isl. I, 315). Þessi leiga hefur ekki staðið lengi, og hefur ef til vill aðeins haft gildi í sumum bygðarlögum.

²⁾ Jónsbók O. H. bls. 226.

menn laus kúgildi á leigustöðum víðsvegar um sveitir og þeir hinir sömu áttu ef til vill engar jarðir, aðeins lausafé; kirkjur, klaustur og biskupsstólar komu frá öndverðu fé sínu á rentu á þenna hátt; árið 1220 átti Þingeyraklaustur t. d. 190 kúgildi á leigustöðum.¹⁾ Í Sturlungu er getið um Þórir prest Þorsteinsson í Deildartungu: »hann var auðmaður mikill; hann átti hundrað kúgilda á leigustöðum ok tíu lendur«. Síðar er þess getið, er hann fór af landi brott, að hann þá hafi átt fjögur hundruð hundraða.²⁾ Árið 1504 átti Guðni Jónsson sýslumaður, sem var fjárgæzlumaður mikill, á fjórða hundrað kúgilda á leigustöðum að eins í Þverárþingi vestan Hvítár, og voru sum kúgildin leigð prestum, og hjá sumum einstökum mönnum stóðu 12—16 kúgildi.³⁾ Gísli Sveinsson sýslumaður í Árnassýslu hafði árið 1564 svo mikinn ágóða af sýslunni, að hann bygði 40 málnytukúgildi um vorið.⁴⁾ Það var stórfé sem þannig var í útlánum um land alt, einkum á 15. öld, er auðmennirnir miklu þurftu að gera fé sitt arðberandi.

Eins og fyrr var getið, er leiga eftir kúgildi samkvæmt Jónsbók 2 fjórðungar smjørs og eru þeir þar metnir á 12 álnir. Réttarbót Eiríks konungs Magnússonar 1294 bætir við: »standa skal lögleiga eftir bók, en 6 skynsamir menn meti, hvárt sá, er leigði, hefur til fóðr eða smjör, ok ef eigi er til, gjaldi annan mat jafnvirðan, ef hann þarf eigi úti at kaupa, ella leysi 12 álnum vaðmáls«⁵⁾ Á næstu öld hefir smjörverðið hækkað, og síðan á 14. öld hafa 2 fjórðungar af smjöri verið reiknaðir sama sem 20 álnir og eftirgjald kúgilda verið 20 álnir í öðrum skileyrir, þegar ekki var borgað í smjöri. Þetta var hagur mikill fyrir kúgilda-eigendur, sem þannig fengu meiri vexti af fé sínu (16²/3⁰%) og hefur þetta síðan haldist átölulaust, þó lögbók ákveði aðeins 12 álna leigu. Á 15. öld virðast klaustrin hafa leigt

¹⁾ Dipl. isl. I, bls. 398—400.

²⁾ Sturlunga I, bls. 142, 143.

³⁾ Dipl. isl. VII, bls. 742—745.

⁴⁾ Safn til sögu Íslands I, bls. 114.

⁵⁾ Jónsbók O. H. bls. 283.

kúgildi sín mjög mismunandi dýrt, alveg eftir geðþótta og samkomulagi og ekki skift sér neitt af lögleigu, bygt sum fyrir 20 áluir eða vætt skreiðar og oft áskilið sér kálf í ofanálag, sum miklu dýrara. Þá fylgdu líka miklu fleiri kúgildi jörðum en síðar varð, oft 10—12 með 20 hundraða jörðum og minni jörðum.¹⁾ Sumstaðar voru geldfjárkúgildi á jörðum og jafnvel hestar, kvígildishestar;²⁾ 1572 eru kaplar með sumum jörðum Þingeyraklausturs í stað kúgilda, en fyrir þá varð að svara réttum kúgildum.³⁾

Ávöxtur sá, sem leiguliði var álitinn hafa af hverju leigubæru kúgildi, var ákveðinn með ýmsum dómum. Þannig dæmdi Ólafur biskup Rögnvaldsson 1473, Þórarinn Þorsteinsson staðarlandseta Hóla, sem ekki hafði goldið leigur eftir 6 kúgildi og 2 ásauðarkúgildi, skyldugan að borga hálfu vætt smjørs, tunnu skyrs, tunnu síru eftir hvert kúgildi, svo og kálf eftir kú og veturgamlan sauð eftir hverja á.⁴⁾ Hinn 5. febrúar 1544 dæmir Jón bóndi Jónsson á Heggstöðum með 6 mönnum ávexti eftir kúgildi »eina vætt⁵⁾ smjørs, tvo hluti skyrtonnu, lömb með ám og kálfa með kúm«. ⁶⁾ 1573 dæmir Finnbogi lögmaður, að ávöxtur af kúgildi skuli vera hálf vætt smjørs, skyrtonna og sírutunna.⁷⁾

Einsog vér nú höfum skýrt frá, voru kúgildin upprunalega aðeins lausakúgildi, sem þeir bændur tóku á leigu, er urðu við leigufé að bjargast, en þau þurftu ekki að standa í neinu sambandi við landleigu eða jarðabygging. Hinsvegar var það edlilegt, að efnamenn helzt léðu land-

¹⁾ Dipl. isl. IV, bls. 701—702, 710—712. Sbr. ráðsmannsreikning Orms Snorrasonar. Dipl. isl. III, bls. 659—660.

²⁾ Dipl. isl. VII, bls. 682, 684.

³⁾ Alþingisbækur I, bls. 105—106. Finnur biskup Jónsson efast um að geldfjárkúgildi hafi nokkurntíma verið föst innstæðukúgildi (Gl. kgl. Saml. nr. 3310, 4^o), en það mun þó stöku sínum hafa komið fyrir, þó varla þætti löglegt.

⁴⁾ Dipl. isl. V, bls. 700—701.

⁵⁾ »hálf vætt« segja önnur handrit.

⁶⁾ Dipl. isl. XI, bls. 294, 358.

⁷⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 81.

setum sínum kúgildi. Þegar þeir áttu jarðir; en sumir áttu aðeins lausafé og leigðu ýmsum mönnum kúgildi á við og dreif, sem þá stundum hafa verið landsetar annara, og borið hefir við, að sumum jarðeigendum og prestum og öðrum, sem litil efni höfðu, hefir þótt það borga sig að taka kúgildi á leigu. Kúgildin voru þá upprunalega lán tekin af frjálsum vilja. Á seinni öldum hefir orðið gjörsamleg breyting á þessu, nú eru innstæðukúgildi á flestum jörðum, föst við jarðeignina og vanalega metin með henni, en lausakúgildi þekkjast varla. Þó eru kúgildin ennþá eigi alstaðar föst, þau hafa oft verið seld frá jörðum og sumar eru alveg kúgildalausar, einkum þar sem bygð hefir verið breytileg, þannig eru óviða kúgildi á Hornströndum.¹⁾

Leigukúgildi voru þegar á miðöldum algeng víða um Norðurálfuna, sérstaklega voru það klaustur og klerkar, sem bygðu mönnum kúgildi; kirkjan fékk oft kýr að gjöf og gat ekki hagnýtt sér þær allar nema með því að leigja þær bændum, var þá vanalega áskilið að menn auk leigu endurnýjuðu kúgildin. Þetta voru á Þýzkalandi kallaðar »eiserne Kúhe« (járnkýr), í Danmörku »udodelige Køer« eða »Holdsfæ«. Í jarðabók biskupsstólsins í Hróarskeldu 1370 eru kúgildi oft nefnd. Eftir siðabótina fækkaði kúgildum fljótt í Danmörku og tókust brátt alveg af, nema hvað sá siður hélzt sumstaðar fram á byrjun 18. aldar, að vinnumenn, sem áttu gripi, leigðu þá húsbændum sínum og tóku leigu eftir, árlega 10 hluta af kýrverðinu og kemur það alveg heima við hina fornu kúgildaleigu á Íslandi.²⁾ Á Englandi höfðu leigukýr tíðkast frá ómunatið á mörgum jörðum og héldust þar víða kúgildi fram á 18. öld, en eigandi bar að nokkru ábyrgð á leigufé leiguliða.³⁾ Þar voru 10 ær metnar á við eina kú, á Íslandi 6. Er ekki ólíklegt að kúgildasiðurinn upprunalega hafi komið til Íslands frá Bretlandi einsog svo margt annað.

¹⁾ Ferðabók Þ. Th. II, bls. 91.

²⁾ C. Christensen: Agrarhistoriske Studier I, bls. 61.

³⁾ J. Th. Rogers: Six centuries of work and wages. London 1906, bls. 94—95, 280, 284—285.

Hér á landi hefir það etlaust snemma komist á, að sumir landeigendur gerðu leiguliðum sínum að skildu að taka við leigukúgildum og bygðu þau með jörðunum; stundum munu leiguliðar, sem efnalitlir voru, sjálfir hafa beðið um kúgildin og þau hafa orðið nokkurskonar innstæða á jörðinni. Þó eru kúgildin langt niður eftir öldum skoðuð sem sérstök eign, landskuldin er landleigan, kúgilda-leigan eru vextir af láni, sem er jörðinni óviðkomandi. Það hefir verið byrjað mjög snemma, líklega á 12. og 13. öld, að leigja kúgildi með jörðum, en leiguliði hafði, sem fyrr var getið, fulla heimild eftir lögum til þess að skila þeim af sér, ef hann þurfti þeirra eigi. Á 14. og 15. öld mun það þegar hafa verið föst venja, að kúgildi fylgdu því nær hverju leigulandi, en þó var hverjum leiguliða heimilt að leigja kúgildi af öðrum en landsdrotni, ef hann stóð í skilum; en eðlilega fanst landsdrotnum sér misboðið, ef fátæklingar forsómuðu jarðarkúgildin og leigðu þó kúgildi hjá öðrum án leyfis eða samþykkis landsdrotna, og í dómi 1. júlí 1505 er það alvarlega átalið.¹⁾ Um kúgildi á jörðum er getið í óteljandi bréfum frá fyrri öldum og jarðakúgildi hafa þegar verið algeng á 13. öld, og hefir mikið verið um það ritað.²⁾ Margir hafa þó haldið, að föst kúgildi hafi eigi verið sett á jarðir fyrr en um lok 15. aldar. Á þeirri öld komust fjölda margar jarðir í eyði um stundarsakir vegna manndauðans í stórsóttunum, ábúendur voru fáir og flestir fátækir og urðu svo að taka leigufé, en eins og fyrr hefur verið sagt, eru ótal gögn sem sýna, að kúgildin af vana og samkomulagi hafa verið orðin innstæða á mörgum jörðum löngu fyrr, þó þau væru eigi föst eða talin með í jarðarverðinu einsog nú. Fornbréfin sýna, að jarðakúgildin eru allviða komin á kirkju- og klausturjarðir í byrjun 13. aldar, fara að verða algeng á 14. öld, bæði á kirkju- og bændaeignum, og eru í lok 15. aldar komin á flestar jarðir. Þó eru kúgildin enganvegin lögfylgjur jarð-

¹⁾ Dipl. isl. VII, bls. 785—786.

²⁾ Sbr. Ólafur Stephensen í Gl. Félagsritum VII, bls. 172—179 og Páll Briem í Lögfræðingi IV, bls. 21—31.

anna, og því síður fastur hluti eignarinnar, þau eru sjaldan með í kaupum jarðanna, eru vanalega talin sér í lagi með lausafé eigandans og seld sérstaklega langt fram á 16. öld. Þegar stólsjarðirnar voru seldar, voru kúgildin líka seld sér í lagi. Við hver ábúandaskifti varð húsbóndi og leiguliði að koma sér saman um, hve mörg kúgildin ættu að vera: leiguliði var sjálfráður um, hve mörg kúgildi hann vildi hafa og þau voru að miklu leyti í ábyrgð eiganda, sem oftast endurnýjaði þau.

Einsog vér höfum séð, voru hin fornu kúgildi þjóðleg bankastofnun eða lánsstofnun efnamanna, hafði hún smátt og smátt skapast af þörfinni; myntaðir peningar voru þá eigi til á Íslandi og vegið silfur, sem notað var til borguna á söguöldinni, var á 13. og 14. öld að mestu horfið úr landi. Eftir hugsunarhætti þeirra tíma var örðugt að gera sér gull- og silfurpeninga arðberandi á sómasamlegan hátt nema með því að breyta þeim í lifandi pening eða kaupa fyrir þá fasteignir. Skoðanir manna á fjáratla og vaxtaborgun voru á miðöldunum mjög undarlegar og barnalegar. Um allar miðaldir barðist kirkjan með hnúum og hnefum á móti allri vaxtaborgun af peningum og kallaði það okur, hvað lítil sem rentan var. Hjá kirkjuféðrum og kirkjufundum komu fram margar afkáralegar skoðanir um fjáratla og peningaard; því var haldið fram, að peningar og alt dautt fé væri að edli sínu gelt og ófrjósamt, gæti því í raun og veru engan arð gefið. Þessi heimskulega kenning komst inn í kirkjurétt kaþólsku kirkjunnar, en gat þó aldrei fullkomlega rutt sér til rúms í mannfélaginu, hún hindraði nokkuð verzlunarviðskifti og framfarir kristinna manna framan af miðöldunum, en varð Gyðingum til mikils gagns, þeir höfðu enga samvizku af því að lána mönnum peninga gegn vöxtum og margir urðu að leita til þeirra, konungar og stórhöfðingjar og jafnvel sjálfir klerkarnir. Smátt og smátt fyrntust þessi fyrirmæli kirkjulaganna og enginn sinti þeim, ekki einu sinni klerkarnir sjálfir.¹⁾ Þessi okur-

¹⁾ Nánar er talað um okur-kenningar kirkjunnar í hinni frægu

kenning komst líka inn í íslenzkan kirkjurétt, í kristinrétti Árna biskups 1275 er bannað að taka leigu af dauðu fé og kallað okur. Þetta hafði þó litla þýðingu á Íslandi, þar sem engin peningavelta var til og engin arðberandi verzlunar eða iðnaðarfyrirtæki. Kirkjan staðfesti með þessu kúgildaleigurnar sem leyfilegar og kristilegar, því kúgildin voru lifandi peningur, það var ekkert okur að leigja mönnum þau, og biskupar, ábótar og klerkar notuðu sér einmitt kúgildin til mikils gagns og gróða.¹⁾

Hin mikla breyting, sem varð á allri jarðabyggingu á 15. öld, hafði tvenn aðaláhrif, að lækka landskuldirnar og festa kúgildin við jarðeignina, þó þau yrðu aldrei föst að lögum og séu það ekki enn fullkomlega; venjurnar skapast smátt og smátt og eru oft sterkari bönd en lagaákvæði. Nú er það orðin landsvenja, að kúgildin fylgja jörðunum sem lögfylgjur og eru seld með þeim. Við mat eigna er kúgildaleigan oftast skoðuð sem vextir af höfuðstól jarðarinnar. Þó þetta geti nokkurnvegin til sanns vegar færst

bók eftir W. E. H. Lecky: *History of the rise and influence of the spirit of rationalism in Europe*. London 1900. Vol. II, kap. 6 bls. 250–270. M. Lúther barðist framan af með miklum ofsa gegn allri vaxtaborgun, en varð að síðustu að láta undan. Sbr. A. Rubow: *Rente-forhold i Danmark*. Köbenhavn 1914. bls. 24–29.

¹⁾ Í hinni ágætu ritgjörð Páls Briem Um hundradatal á jörðum (í Lögfræðingi IV, bls. 1–54) er undarlegur misskilningur eða misgáningur er að þessu lýtur. Páll Briem heldur því fram, að Kristinréttur Árna biskups og Jónsbók hafi ýtt undir gróðafýsn manna með því að leyfa hærri leigu en lögleigu fyrir málnytukúgildi. En þetta er ekki rétt. Jónsbók leyfði aðeins lögleigu 12 álnir fyrir hvert kúgildi, en tók það um leið fram, að kúgildisarðurinn ætti að vera 2 fjórðungar af smjöri, sem þá samsvaraði 12 álna lögleigu. Við smjörleiguna hafa menn haldið sér síðan, en smjörð mun hafa hækkað í verði á 14. öld og voru þá og síðar 2 fjórðungar metnir á 20 álnir og síðan hafa menn reiknað kúgildisleiguna 20 álnir, þegar hún var borguð í öðrum eyri og hafa grætt á því; þeir gátu altaf heimtað smjörð, sem var lögboðin leiga. En Jónsbók tiltekur skýlaust 12 álnir (10%) og bætir við: »en sá er dýrra selr, skal eigi meiri leigu hafa en lögleigu, ok tvígildi konungi þat sem hann aukar lögleigu». 20 álna virðingin á smjörfjórðungnum segir Skúli Magnússon fúgeti að hafi komið upp á 14. öld. (Gl. Félagsrit IV, bls. 206).

af því nú er varla nokkurstaðar borguð meira en hálf landskuld af jörðum. Þá er það í rauninni óeðlilegt og villandi að reikna og meta svo. formenn virtu jarðirnar sér, og kúgildin sér, og var það miklu eðlilegra; hin síðasta matsvenja hefir skapast á 18. og 19. öld og verið staðfest með ýmsum stjórnarbréfum, þó hafa skoðanir manna í þessu efni verið mjög á reiki. Jarðarverðið hefir jafnan verið gjaldstofn tíunda og skatta og því vildu menn ekki kannast við, að landeignir allar væru fallnar í verði um helming, sem þær í raun réttir voru.

Í fornöld voru leigusalar skyldir að yngja upp kúgildin,¹⁾ en smátt og smátt reyndu landsdrottnar að koma því á leiguliðann að ábyrgjast kúgildin og yngja þau upp. Um ábyrgð kúgilda og endurnýjun voru stöðugar deilur á 17. og 18. öld og skeyttu menn því lítið. Þó tilskipun 15. maí 1705 endurnýjaði fyrirmæli Jónsbókar. Landsdrottnar könnuðust reyndar flestir við almenna skyldu sína að endurnýja kúgildin, en reyndu að smokka ábyrgðinni af sér, er þeir gátu, gjörðu endurnýjun kúgilda skilyrði fyrir nýrri byggingu o. s. frv. Þó umboðsmenn klausturjarða væru tregir til þess, virðast þeir þó oftast hafa kannast við, að þeir væru leiguliða skuldugir um einhverja þóknun eða ívilnun fyrir endurnýjun kúgilda. Það kom fyrir að skift var um gamlan og ungan kúgildapening, en oftar fengu leiguliðar uppbót eða úbót, sem kölluð var, ofanálág á hin gömlu kúgildi. 20 álnir eða 40 fiska á hverja gamla kú, en um ásauðarkúgildi fór eftir samkomulagi;²⁾ var álitid að kúr væri leigufær í 8—10 ár, en ásauðarkúgildi í 6—7 ár.³⁾ Með þessu millibili áttu leiguliðar að fá ofanálagið, en oft var þetta í óreiðu og stundum er kvartað um, að konungslaudsetar hafi eigi fengið »úbót« í 20—30 ár. Sumir umboðsmenn vildu víðra þetta alveg fram af sér, af því

¹⁾ Jónsbók. Kaupab. 16. kap. bls. 225—226.

²⁾ *Árni Magnússon*: Embedsskrivelser. Kbhavn 1916, bls. 207—208, 244—245, 251, 253, 283.

³⁾ *Árni Magnússon* s. st. bls. 285. Sveinn Sölvason telur kúr leigufærar í 12—18 ár. *Isl. Maanedstid.* II, bls. 71.

það féll á þá sjálfa, er þeir höfðu leigt umboðin fyrir vissa upphæð. Um ábyrgð ásauðarkúgilda urðu miklar deilur í fjárkláðunum báðum á 18. og 19. öld; leiguliðar vildu eðlilega ekki ábyrgjast allan leigufénað, þegar þessar pestir gengu og almennur niðurskurður var boðinn.¹⁾ Fyrir og um aldamót 18. og 19. aldar kom mikið rót á alt kúgilda-fyrirkomulagið vegna hinna miklu byltinga, sem þá urðu. Stjórnin var ekkert áfram um að gera kúgildin föst og rígbundin við eignirnar, einsog flestir íslenskir embættismenn og landeigendur vildu. Í skilmálunum fyrir sölu Skálholtsjarða 27. apríl 1785 segir meðal annars: »Föst kúgildi, sem þessum jörðum hingað til fylgt hafa, skulu hèreftir öldungis aftekin, og engar leigur gjaldast til konungs eftir kúgildi þau, sem seld verða ásamt jörðunum... má engan neiða til þess að taka leigukúgildi með jörðinni á móti vilja sínum«. Jarðirnar voru seldar sér, en hver, sem keypti jörð, fékk öll kúgildi sem jörðinni fylgdu, kúr eða fé, án uppboðs, hvert kúgildi fyrir 6 rd. kúrant.²⁾ Hólajarða kúgildi voru líka samkvæmt söluskilmálum 13. marz 1802 boðin upp og seld sér í lagi með því skilyrði, að »föst kúgildi skyldu af þessu gössi aldeilis vera afsköffuð, utan kirkjukúgildi«. ³⁾ Með sömu skilmálum voru margar konungsjarðir seldar víðsvegar um land fyrir og eftir aldamót.⁴⁾ Á 18. öldinni hafði mikið verið deilt um gagn og ógagn innstæðukúgilda og voru mjög skiftar skoðanir um þau.⁵⁾ Fyrir aldamótin var stjórnin eins og

¹⁾ Sbr. O. Olavii oekon. Rejse 1780, formáli bls. 87–88. Lovs. f. Island, V, bls. 6. Norðri VII, bls. 55–56. Þjóðólfur VII, bls. 68; IX, bls. 25, 73, 153–155, 157–158.

²⁾ Lovsamling for Island V, bls. 146, 151.

³⁾ Lovs. f. Isl. VI, bls. 549.

⁴⁾ J. Johnsen: Hugvekja bls. 202–203.

⁵⁾ Sveinn Sölvason: Om Inventarii Quilder udi Island (Islandske Maanedstidender II, 1775, bls. 65–73). Bjarni Halldórsson: Tillæg om Inventarii Quilder (s. st. II, bls. 74–80). Ólafur Stephensen: Skrif um kúgildi (Gl. kgl. Samling nr. 3309, 4^o). Sveinn Sölvason: Bréf til eins fornemme vinar um innstæðu-kúgilda viðhald og uppþætur. (Gl. kgl. Samling nr. 3310, 4^o). Finnur Jónsson: Skrif um innstæðukúgildi (Gl.

sjá má af fjölda stjórnarbréfa, komin á þá skoðun, að þau væru skadleg fyrir leiguliða, og vildi afnema þau; en þörfin og venjurnar voru sterkari, kúgildin sátu, þrátt fyrir allar árásir, sem fastast á jörðunum. Ólafur Stephensen stiftamtmaður segir 1787: »eg sé eigi mögulegt að byggja jarðir á þessum tímum án kúgilda; fólk býður tvöfalda leigu eftir kúgildi eða hross, sé þau látin jörðum fylgja, en án kúgilda tekur engi maður þær. Þau eru því ekki einungis í hörðum, heldur og fátæku fólki í hinum góðu árum, öldungis ómissandi. Margur duglegur ungur maður, er giftist fátækur, hefir af kúgildum upp komið fjölda sauðfjár og nægum nautpeningi, sem annars hefði hvergi komist með búnað sinn. Þau hafa verið fótur hans fjárafla, og einasti bústólpi, og í samhleika er þéanlegra að halda jörð með kúgildum, fyrir fátækt fólk, en að gjalda eins mikið eftir kúgildalaus jörð eftir fornu lagi. Það er og sjálf-talað, að á meðan kúgildi fylgja jörðum, fá þær ætíð rækt af teðslu kúgildanna, en þar þau eru eigi, er jarðræktin miklu óvissari. Í hörðum árum etur sá fátæki sína eigin málnytu, en skirrist við að eyðileggja innstæðu jarðeigandans, sem heldur jörðinni við rækt, leiguliðanum við hokur og gefur honum af sér nýjan kvikfénað.¹⁾ Í lok 19. aldar er það tekið fram, að »leiguliðum, sem vel komast af, sé illa við kúgildi, en öreigum, sem vilja fara að búta, þyki vænt um þau.«²⁾

Innstæðukúgildin festust betur á 19. öldinni en nokkurn tíma áður og varð það venja og síðar lög, að leiguliðar bóttalaust endurnýjuðu kúgildin. Með lögum 12. janúar

kgl. Samling nr. 3310, 4^o), mjög fróðlegt. *Bjarni Halldórsson*: Um kúgildi, sem af fjárpestinni dáði hafa. (Gl. kgl. Samling, nr. 3312, 4^o). *Bogi Benediktsson*: Tanker om Inventarii Quilders Afskaffelse udi Island. Hdr. J. S. 161 - 4^o.

¹⁾ Gl. Félagsrit VII. bls. 178. Í ritum sínum um gagnsmuni af sauðfé og not af nautpeningi í Gl. Félagsritum V. og VI. bindi hefir Ólafur Stephensen líka sýnt og sannað, að landsetar geta haft mikinn hagnað af að leigja kýr eða ásauðarkúgildi fyrir 2 fjórðunga smjör, þó vextirnir virðist háir.

²⁾ Björn Bjarnarson í Búnaðarriti I. 1887. bls. 151. sbr. bls. 139.

1884. 15. gr. er fyrirskipað að leiguliði ábyrgist innstæðu-kúgildi jarðar sinnar, að ávalt séu til og leigufær, og skili þeim, er hann fer frá eða deyr, einsog öðru, er jörðunni fylgir, með fullu álagi. Nú er það orðin föst landsvenja víðast um land, að borgað sé eftir hver 5 jarðarhundruð með einu kúgildi, 50 álnir í landskuld og leigur og eru þá eftir kúgildið 20 álnir, 2 fjórðungar smjörs, eða vætt fiska á sævarjörðum og borgist kúgildaleigur á hverju hausti fyrir eða um Mikkaelsmessu. Það er einnig áskilið í hverju byggingarbréfi, að landsetar: »greiði alla þá skatta og skyldur, sem á jörðunni hvíla eftir lögum þeim, sem nú gilda, eða síðar kunna sett að verða, og halda upp öllum lögskilum af henni landsdrotni kostnaðarlaust að öllu. Þessu var engan veginn svo varið til forna, jarðeigendur urðu sjálfir að svara tíundum og öðrum skyldum af eignarjörðum sínum, en smátt og smátt var þessu komið yfir á leiguliða. Þessi venja er þegar komin á 1509. Björn Guðnason byggir jarðir með þeim skilyrðum, að leiguliðar borgi tíundir og svari öllum lögskilum fyrir jarðirnar,¹⁾ og hefir venja þessi verið orðin algeng í byrjun 17. aldar. Í tilskipun 21. apríl 1619 er þess getið, að það sé venja á Íslandi, að landeigandi borgi tíund, en í alþingissamþykkt 30. júní s. á er sagt, að þetta »hefði óréttilega verið fram borið« við stjórnina og »leizt lögréttumönnum öllum utan vébanda og innan ásamt lögmönnum, með umboðsmanninum Andrési Hannessyni, að svo standi héðan af sem hingað til, og eftir gömlum siðvana, að tíund sé rétt heimt af þeim, sem á jörðu býr.«²⁾ Þetta hefir síðan verið skoðað sem sammingsmál milli landeiganda og leiguliða og er það svo orðið vani, að leiguliði borgi gjöldin af jörðunum. Konungslandsetar í Gullbringusýslu og Mosfellssveit voru með konungsúrskurði 13. júní 1787 undanþáðir tíundagreiðslu í þágu kvaða þeirra, sem þeir áttu að inna af hendi.³⁾

1) Dipl. isl. VIII, bls. 268—269.

2) Lovsamling for Island I, bls. 181, 184.

3) Lovs. f. Island V, bls. 474.

Þó landskuld félli á 15. öld, sem fyrr var getið, voru leiguliðar litlu bættari, er fram í sótti, smátt og smátt var komið á þá ábyrgð og endurnýjun kúgilda, húsagjörð allri og tímum, en við þetta allt voru þeir lausir til forna. Um kúgildi jarða eru til margar skýrslur frá fyrri öldum og fram undir miðja 19. öld í jarðabókum og öðrum ritum og væri nauðsyn á, að þetta væri alt rannsakað nákvæmlega. Frá nútímanum vantar aftur allar skýrslur um kúgildi og jarðabyggingu, einsog um svo margt annað, er að búnaði lýtur, og erum vér í því orðnir miklir eftirbátar forfeðra vorra.

Í sambandi við kúgildin má geta þess, að stofnanir og einstakir menn, sem áttu mikið jarðagóss, fengu öll kynstur af smjöri í kúgildaleigur. Eftir jarðabók Kristjáns Müllers 1699 voru kúgildaleigur af jörðum Skálholtsstaðar 2778¹/₂ fjórðungur af smjöri, af Hólajörðum 2960 fjórðungar.¹⁾ Eftir lifnaðarhætti fyrri alda var kúgilda-smjörið mjög þörf vara, meðan mestöll þjóðin lifði á hardfiski í eitt eða fleiri mál á hverjum degi; smjörið gekk ekki í verzlun í þá daga, en vermenn þurftu mikla útgerð af smjöri og þeir öfluðu aftur fiska, sem var hin bezta verzlunarvara. Smjörið var líka, eftir að vaðmálagjörðin fór að minka, almennur gjaldeyrir um allt land og allir hlutir voru borgaðir með smjöri, það hélzt út hina 19. öld, að kaupafólki var borgað í smjöri, og sumstaðar lengur; í byrjun 19. aldar urðu danskir herforingjar, er mældu strendur Íslands, að borga fylgdarkaup og annað í smjöri. Þegar beztu eyrir var áskilinn, var oft ákveðið að borga skyldi «í smjöri eða peningum». Smjörið var á fyrri öldum edlilega ekki ætíð sérlega vel verkað og leignasmjör hefur fram á vora daga ekki haft á sér mikið álit. Menn fyrntu smjörið, og annað viðbit þektist varla en súrt smjör. Smjörið var því nær aldrei saltað, enda segir Þorlákur biskup Skúlason, að það hafi verið almenn trú, að menn yrðu sterkari af

¹⁾ Alþingistíðindi 1845, bls. 615.

súru smjöri en söltuðu.¹⁾ Pétur Resen (1625—1688) segir, að súra smjörið geti geymst árum saman án þess að mygla, en það verði þá þægilega beiskt á bragðið.²⁾ Annars lýsa útlendingar íslenska smjörinu sjaldan vel. Anderson borgmeistari segir, að það sé ákaflega hárugt, verði brátt grænt eða svart, þrátt, þefilt og viðbjóðslegt, svo það sé varla hægt að gera það ætt fyrir háseta á dönskum skipum, þó það sé brætt upp aftur. Þó þetta eflaust séu ýkjur, þá er víst að smjörgjörðin var í fyrri daga lítt vönduð og aldrei varð íslenska smjörið verzlunarvara fyrr en á síðustu tímum. Flestir, sem rita um Ísland á fyrri öldum, undrast hinar miklu fornu smjörbirgðir, enda var ekki ofsögum af þeim sagt. Biskupsstólarnir og klaustrin, sem átta mörg hundruð kúgilda á leigustöðum, söfnuðu miklu smjöri og var því hlaðið í hlaða í búrunum.³⁾ Árið 1550 er smjörhlaði í Langabúri á Hólum 30 álna langur, 2 stikur á hæð og stika á breidd, þó átti Hólastaður 68 vættir smjör-syðra, sem ætlaðar voru vermönnum, og auk þess á staðarbúum og utangarðs 192 vættir; staðurinn átti þá alls yfir átta hundruð (tólfræð) vætta af smjöri.⁴⁾ Áraskifti voru þó að því, hve smjörbirgðirnar voru miklar, 1374 voru á Hólum aðeins 90 vættir smjör-s, 10 vættir mörs, 4 vættir flots,⁵⁾ en 1525 voru þar til 2 hundruð vættir af smjöri o. s. frv. Synir Lopts ríka, Þorvarður og Eiríkur, fengu hvor um sig eftir föður sinn meðal annars sjötíu og sex hundruð í smjörvum og voru lagðir 20 fjórðungar í hundradið, en dætur Lopts, Ólöf og Sofía, fengu 38 hdr. hvor,

¹⁾ Sbr. »Ef þú étur ekki smér, eða það sem matur er, dugur allur drepst í þér, danskur Íslendingur«. Kvæði Eggerts Ólafssonar bls. 198.

²⁾ Landfræðissaga II, bls. 113, 189. Í kvæðum Stefáns Ólafssonar (I. 411) er nefnt »þrifornt smér« sem áburður á meiðsli.

³⁾ Á biskupssetrunum er talað um smjörbúur og smjörskemmur, á Hólum er nefndur smjörhjallur. Jón biskup Arason lét taka síra Árna Arnórsson í Hítardal, »þrengdu þeir honum niður undir smjörhjallinn og beygðu hann saman í einn kuðung«. Safn I. bls. 91.

⁴⁾ Landfræðissaga I, bls. 137.

⁵⁾ Dipl. isl. III, bls. 289.

verða það alls 570 vættir af smjöri.¹⁾ Árið 1729 segir Matthías Jochumsson Vagel að geymt hafi verið súrt smjör í Skálholti fyrir mörg þúsund dali og var því hnoðað saman í afarstóra kös;²⁾ smjörhlaðar hafa því tíðkast á biskupssetrunum fram á 18. öld. Útlendingum þótti þetta kynleg meðferð á smjöri og gera úr því alskonar ýkjur. Blefken (1607) segir, að Íslendingar troði smjörinu alstaðar í horn og smugur í hibýlum sínum til uppfyllingar, en Daniel Streye (1614) fer þó réttar með, er hann segir, að Íslendingar, vegna ilátaleysis, hlaði smjörtöflunum upp í húshorn.

Kvaðir. Auk landskuldar og kúgildaleigna hafa fyrrum ýms gjöld og störf sumstaðar verið lögð á leiguliða; þessar kvaðir skuldbundu þeir sig til að inna af hendi, er þeir leigðu jarðirnar. Þó kvaðirnar væru mjög þungbærar í stumum sýslum við sævarsíðuna, urðu þær aldrei svipaðar því sem samtímis var í öðrum löndum og aldrei var innleidd hér á landi sú bændakúgun, sem þrælkaði nærri alla alþýðustétt Danmerkur í margar aldir. Hinar svonefndu kvaðir eru nú fyrir löngu úr sögunni, þær tíðkuðust aðeins að mun á suðvesturhluta landsins, í Gullbringusýslu og Mosfellssveit og á Snæfellsnesi og í nokkrum öðrum sjávarplássum sunnanlands, en annars voru þvínær allir leiguliðar í öðrum sýslum lausir við þær; það var helzt á klaustra-jörðum hingað og þangað að dálítið bryddi á kvöðum, og umboðsmennirnir héldu í þær sér til hagnaðar í lengstu lög. Í fornöld verða menn ekki varir við neinar fastar kvaðir, þó leiguliðar stundum yrðu að vera allauðsveipir við landsdrotna sína og starfa ýmislegt fyrir þá. Á Sturlunga-öldinni voru alloft lagðar sauða-kvaðir og aðrar kvaðir á bændur, en það voru goðorðsmennirnir, sem það gerðu; það voru nokkurskonar skattar til valdhafanna, en þeir voru ekki bundnir við jarðaábúð, komu jafnt niður á sjálfseignarbændum sem leiguliðum. Hinar eiginlegu á-

¹⁾ Dipl. isl. IV, bls. 520.

²⁾ Landfræðissaga II, bls. 238.

búðarkvaðir virðast fyrst koma upp á klaustra og stólsgóssum, líklega að erlendum sið. klerkar höfðu kynst kvöðum leiguliða víða í útlöndum og hefir því þótt tilhlýðilegt að innleiða þær hér á landi, þegar því varð við komið; auk þess tók íslensk alþýða framan af mjög vel öllum beiðslum og álögum heilagrar kirkju og samþykkti, að því er virðist mótmælalítið, heytolla, lýsitolla, ostatolla, sauðatolla og margskonar aðra tolla, sem kirkjan lagði á bændur, en lengi fram eftir mótmæltu menn harðlega öllum stjórnaráögum; kirkjan fékk líka, sem kunnugt er, urmúl af ítökum í jörðum um alt land.

Einna fyrst virðast fóðurkvaðir hafa verið lagðar á leiguliða, jarðir byggðar með þeim skilyrðum, að landseti auk landskuldar og kúgildaleigu fóðraði lömb, nautgripi eða hesta fyrir jarðeiganda. Þá var farið að krefja landseta um dagsláttu eða dagsverk, mannslán, hestlán og því um líkt, en fastar urðu kvaðir þessar óvíða nema á Suðurlandi. Í lögum um bygging konungsjarða 2. júlí 1294 er ekki getið um neinar kvaðir, en þó er sleginn varnagli við ágangi umboðsmauna.¹⁾ Í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs 1313 bryddir þegar á kvöðum.²⁾ Bóndinn á Korpólfsstöðum á að geyma naut og hross staðarins og fóðra 3 vetrunga, á Ósi er 3 vetrunga fóður, í Þormóðsdal 12 hrossa beit o. s. frv. 1397 áskilur Kirkjubæjarklaustur sér allmikil kúa- og nautafóður hjá ýmsum landsetum, og bóndinn á Brekku í Dyrhólahreppi á að gjalda eftir jörðina sjö hundruð skreiðar og tíu auru vöru ok fara með skip staðarins, ok kosta þat at öllu.³⁾ Róðrarkvaðir hafa verið farnar að komast á um 1400 bæði á kirkjujörðum og bændajörðum hingað og þangað og eru orðnar algengar í sjóplássum um 1500. Á 15. öld hafa biskupar sett grúa af fóðurrkvöðum á stólsjarðir, sem sjá má af skrá um kúgildi og eldi á jörðum Hólastaðar 1449.⁴⁾ Róðrarkvaðir

¹⁾ Dipl. isl. II, bls. 288—289.

²⁾ Dipl. isl. II, bls. 377.

³⁾ Dipl. isl. IV, bls. 239.

⁴⁾ Dipl. isl. V, bls. 41—44.

hafa eftlaust á 15. öld verið settar á margar jarðir Skálholtsstaðar, að minsta kosti sést það á dómi Stefáns biskups með þrem prestum og 3 leikmönnum. 18. nóvember 1511, að ráðsmaður Skálholts hafði »svo fyrirskilið á landastefnu, þá er hann bygði kirkjunnar jarðir, að staðarins landbúar, þeir sem réru eða létu róa, skyldu róa fyrr á staðarins skipum en annara manna í öllum þeim verstöðum, sem þeir fengju þar ekki tjón af eða skaða«. Hafði Einar nokkur Þórðarson »ekki róið á staðarskipinu, svo sem skilit var upp á hann«, og var dæmdur, og hver sá er slíkt dirfðist, til að »gjalda staðnum fulla skipleigu, svo sem fellur á því skipi, sem honum er tilsagt að róa á, og sekan fullrétti kirkjunnar að auki«.¹) Hér eru það staðarlandsetar í Flóa og nálægum héruðum, sem allir hafa róðrarkvöð fyrir Skálholtsstað, en á 18. öld fengu landsetar að gjalda fyrir mannlán þetta 20 álnir eða róa sjálfir, segir Jón Espólín.²)

Um siðaskiftin tóku Danir allar jarðir af Skálholtskirkju, er hún átti suður, um nes, en fengu henni Bjarnar-neseignir og jarðir í Borgarfirði í staðinn. »Þótti þetta mörgum ójafn kaupskapur«. segir síra Jón Egilsson, »bæði að dýrleika og inntektum«, »af þeim voru goldnar XIII vættir fiska til annars hundraðs, en mjöltunnur og kúgildi að auk og allar leigur; leigurnar voru hafðar upp í Grindavík til matna fyrir staðarmennina um vertíð«.³) Í Grindavík var aðalútræði Skálholtsstaðar. Um afrakstur landjarða kærðu Danir sig lítið, en það var fiskurinn, sem þeir vildu ná í. Allir útlendingar voru gráðugir í skreiðina og höfðu bæði Englendingar og Þjóðverjar haldið út róðrarskipum svðra, meðan þeir verzludu þar. Þannig komust smátt og smátt flestar sjávarjarðir og jarðir nærri sjó úr höndum klerkastéttar, Skálholtsstóls og klaustra í hendur hirðstjóra og umboðsmanna á Bessastöðum og með þeim róðrarkvadir

¹) Dipl. isl. VIII, bls. 362—363. Árið 1544 átti staðurinn í Skálholti 3 áttæringa, 2 teinæringa og einn 12 æring. Dipl. isl. XI, bls. 368.

²) Árb. Esp. III, bls. 30—31.

³) Safn til sögu Íslands I, bls. 105—106.

og aðrar kvaðir, sem þroskuðust og margfölduðust á 17. og 18. öldinni.

Vér skulum þá stuttlega geta hinna einstöku kvaða, einsog þær sérstaklega voru lagðar á leiguliða í Gullbringu-, Kjósar- og Snæfellsnessýslum í byrjun 18. aldar.¹⁾ Aðal-kvaðirnar voru þessar: *Mannslán*, eitt eða tvö af jörðu hverri, þau voru í því innifalin, að leiguliði átti að láta mann, einn eða fleiri, róa á vegum landsdrottins, annað hvort aðeins um vetrarvertið eða allar vertiðar. Kvöð þessi lá eigi aðeins á konungsjörðum, heldur og á mjög mörgum stóls- og kirkjujörðum og sumum bændaeygnum. Í Gullbringusýslu og í Vestmannaeyjum urðu menn fyrst og fremst að róa á konungsskipum, en ródrarkvöðin fylgdi einnig umboðunum í sumum öðrum héruðum og notuðu umboðsmenn sér þessi hlunnindi mjög óspart; sumstaðar komst ródrarkvöðin í hendur kaupmanna. Kirkjur nærri sjó áttu oft innstæðuskip, sem landsetar réru á, og stundum var presturinn sjálfur formaður. Undir heimajarðir í sjóplássum heyra, bæði í Gullbringusýslu og á Snæfellsnesi, oft fjöldamargar hjáleigur, tómthús og verbúðir. Hver slík jörð var byggð einum manni, sem svo eftir byggingarbréfi átti að standa skil á eftirgjaldi af aðaljörðinni með undirliggjandi hjáleigum og húsum, í verzlunarfiski eður gjalda $1\frac{1}{2}$ rd. í krónumynt fyrir hverja vætt, sem áskorti; hann átti að svara tíundum og tollum hvers hjáleigumanns, hvort sem þeir gátu borgað eða ekki, halda heimajörðu, hjáleigum og þurrabúðum með húsum og kúgildum í leigufæru standi, alt upp á sinn kostnað og ábyrgð. Í þágu þessa átti hann svo að njóta skipsáróðurs hjáleigu- og húsmanna árið um kring.²⁾ Varla gat hjá því farið, að þetta fyrirkomulag

¹⁾ Sbr. *B. Thorsteinsson*: Om kongelige og andre offentlige Afgifter samt Jordebogs Indtægter i Island, Kbhavn 1819, bls. 156—163. *Þorkell Bjarnason*: Kaffi úr jarðabók Árna Magnússonar (Tímarit Bókmentafélagsins VII, 1886, bls. 215—219). *Jón Jónsson*: Fæstebondens kær på Island i det 18. århundrede (Dansk Historisk Tidsskrift 6. Række IV, bls. 563—645).

²⁾ Gömul Félagsrit VII, bls. 161.

stundum leiddi til þvingunar og harðbýlis fyrir smælingjana. Með stjórnarbréfi 15. apríl 1695 var ákveðið, að eigi mætti heimta fleiri róðrarkvaðir á konungsjörðum syðra heldur en þyrfti til að manna stjórnarbáta,¹⁾ þá voru 125 mannslán úr Gullbringusýslu einni, svo það hefði mátt ætla, að einhver hefði losnað við þessa kvöð, en fógetar og umboðsmenn notuðu kvaðirnar til eigin hágsmana og héldu út fjölda af bátum, sem þeir létu konungslandseta róa á. Í byrjun 18. aldar voru konungsbátarnir, sem vanalega voru kallaðir »inventariibátar»: 29 á Suðurlandi, 15 í Gullbringusýslu og 14 í Vestmannaeyjum; eyjabátarnir voru mjög stórir, 3 tólf-æringar og 11 teinæringar. Samtímis héldu umboðsmenn í Gullbringusýslu úti 80—100 bátum, er þeir sjálfir áttu, og í Vestmannaeyjum leyfðu umboðsmenn sér líka að hafa marga aukabáta. Þeir, sem af einhverri ástæðu eigi gátu róið eða fengið mann fyrir sig, borguðu 40 fiska.²⁾ Sýslur voru, sem kunnugt er, í gamla daga veittar þeim, sem hæst eftirgjald bauð og á sumum sýslum hvíldi auk þess einkennileg róðrarkvöð.³⁾ Sýslumaður var auk eftirgjalds skyldur að gera út ókeypis einn eða tvo útróðrarmenn með skinnklæðum og vermötu, þeir áttu að róa á konungsbátum og fékk konungur allan hlut þeirra. Þessi kvöð var lögð á sýslumannsembættin skömmu eftir siðabót; hinar fjarlægari sýslur gátu losað sig við þessa kvöð með því að borga 6 rd.⁴⁾ Með konungsbréfi 12. des. 1769 voru konungsbátar afteknir og 13. júní 1787 var ákveðið, að hvert mannslán skuli borgast með 1 rd. árlega.⁵⁾ Það hafði líka áður verið siður, að hver konungslandsseti í Mosfellssveit átti að róa á konungsbát frá kyndilmessu til krossmessu

1) Lovsamling for Island I, bls. 518.

2) Arne Magnusson: Embedsskrivelser udg. af K. Kálund 1916. bls. 181, 188, 265—267, 272, 274—275, 277.

3) Útróðrarmenn þessir voru alls 9, tveir úr Skaftafellssýslu, Rangárvalla- og Árnessýslum, einn úr Borgarfjarðar-, Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Þessa menn kölluðu fógetar »frie mænd til søes».

4) Árni Magnússon s. st. bls. 267—268, 518.

5) Lovs. f. Island III, bls. 637; V, bls. 473.

eða borga í rd.¹⁾ Mannslánið var líka leyst með 20 álnum á Skálholtsjörðum, og þegar þær voru seldar, var það í skilmálunum, að eigi mætti frammar krefja þessarar kvaðar af jörðunum. Skipsáróðrar voru mjög tilfinnanleg kvöð fyrir þá landseta, sem sjálfir áttu bát, eða voru einyrkjar og áttu því ilt með að yfirgefa heimilið.

Dagslattiv voru fyrrum nokkuð algeng kvöð á konungsjörðum og ýmsum kirkna- og klaustrajörðum.²⁾ Atti leiguliði að slá dagsláttu fyrir landsdrottinn ókeypis og fékk vanalega fæði. Á konungsjörðum í Gullbringusýslu, í Mosfellssveit og á Kjalarnesi voru leiguliðar víðast skyldir að slá dagsláttu, stundum 2 eða 3 og notuðu fógetar oftast þá kvöð til þess að láta slá í Viðey. Fyrir 1660 var dagsláttumönnum á konungsjörðum syðra gefinn þrisvar matur á dag, frá 1660 til 1683 fengu þeir aðeins tvímælt á dag af spónamat, en eftir 1683 varð leiguliði sá, er sendi sláttumanninn, algjörlega að fæða hann. Þessi dagsláttukvöð var aftekin um lok 18. aldar einsog mannlánin, þegar stólsjarðir og konungsjarðir voru seldar. *Fóðurkvaðir*, sem fyrr voru nefndar, höfðu frá alda öðli hvílt á landsetum biskupsstólanna og klaustranna og á sumum jörðum prestakalla. Sömu kröfu gerðu auðvitað fógetar og umboðsmenn á Bessastöðum, en notuðu þessa kvöð minna en biskupsstólarnir, enda var skipaútgerðin og fiskiveiðarnar þeim fyrir öllu. Bændur í nánd við Bessastaði urðu þó að leggja hey til fálkaskipsins handa nautum þeim, sem slátrað var fyrir fálkana, er eingöngu lifðu á nýju keti á leiðinni til Danmerkur. *Hestlán* var nokkuð algeng kvöð á jörðum biskupsstóla og klaustra og á konungsjörðum. Fyrir Þingeyraklaustur áttu landsetar að fara þingmannaleiðar lestaferð á haustin, fyrir Bessastaðamenn urðu landsetar að fara lestaferðir til alþingis og margar aðrar ferðir; eins urðu landsetar Skálholtsstaðar að flytja farangur biskups til al-

¹⁾ Eggert Ólafsson's Rejse bls. 32.

²⁾ Um lok 17. aldar lagði Lauritz Gottrup lögmaður nýjar dagsláttu og hestlánakvaðir á 7 jarðir í Vatnsdal (Arni Magnússon's Embedsskrivelser bls. 253—254.

þingis. Bessastaðamenn og biskupar héldu oft veizlur á alþingi og höfðu marga á sínum kosti, svo mikið þurfti að flytja af matvælum og ölföngum til alþingis. *Hvíshestar*, stundum tveir, stundum einn, var kvöð, sem hvíldi á mörgum leiguliðum í Gullbringusýslu, sóttu þeir hrísið suður í Almenninga í Hraunum og fluttu það til Bessastaða, þar var hrísið notað til eldiviðar: í byrjun 18. aldar var skógur þessi að mestu uppurinn og eyðilagður og voru þá leiguliðar látnir borga 5 fiska fyrir þessa kvöð.¹⁾ Á sumum jörðum lá sú kvöð að sækja timbur á 2 hestum austur í Þingvallaskóg, víður þessi var notaður til áreftis í peningshús á Bessastöðum.

Auk þessara aðalkvaða, sem lágu á mörgum leiguliðum á konungs- og kirkjújörðum, voru ýmsar aukakvaðir lagðar á leiguliða í nágrenni Bessastaða, en þær þektust hvergi annarstaðar. Var mismunandi ríkt gengið eftir þessum kvöðum, eftir því sem valdhafarnir voru mennirnir til, og stundum féllu þær niður um árabíl. Af þeim aukaverkum, sem krafist var af þessum konungslöndsetum, má nefna þessi helzt: þeir áttu að leggja menn til skipaferða til þess að sækja fisk þann suður á Miðnes eða í Keflavík, sem aflast hafði á konungsskipum á Stafnesi, þeir áttu að hjálpa til við húsagerð á Bessastöðum, í Viðey og á Gufunesi, taka upp mó, flytja deigulmó til Bessastaða ef þurfti, mala malt, þegar brugga skyldi á Bessastöðum o. s. frv. Hinar meiri kvaðir (mannslán, dagslættir, fóðurkvaðir, hestlán) höfðu orðið að landsvenju í kaþólskum sið; kirkjustjórnin hafði innleitt útlendar venjur í fyrstu sér til hagnaðar, en hinar smærri kvaðir voru flestar tilbúningur valdsmanna og umboðsmanna á Bessastöðum, hin danska stjórn var lítið við þær riðin; engin lagaheimild var fyrir slíkum álögum, en samkvæmt tíðarandanum í þá daga erlendis, þótti það ekki nema sjálfsagt, að valdsmenn notuðu sér vinnu almúgans einsog þeir gátu, þeir höfðu margir keypt embættin og

¹⁾ Í byrjun 18. aldar áttu 124 leiguliðar syðra að gjalda fyrir hvíshest. Árni Magnússon's Embedsskrivelser bls. 31, 183.

urðu að borga eftir þau hátt eftirgjald. Þeir, sem voru góðsámir og meinlausir, töpuðu stundum á umboðunum, en illmenni, sem þjökkuðu alþýðu, gátu stundum safnað of fjár á stuttum tíma. Þetta mjög óheppilega stjórnarfyrikomulag tíðkaðist um margar aldir víðast í Norðurálfu, allt fram undir lok 18. aldar. Á Íslandi voru það embættismennirnir og umboðsmennirnir, bæði danskir og íslenskir, sem héldu fastast í kvaðirnar, af því þeir höfðu mikinn hagnað af þeim. En eftir að Árni Magnússon og Páll Vídalín í byrjun 18. aldar djarflega höfðu mótmælt þessum álögum á leiguliða og sýnt fram á, að þær voru til niðurdreps fyrir velmegun alþýðunnar, fór stjórnin smátt og smátt að taka í taumana, svo kröfurnar línudust, unz kvaðirnar voru afteknar víðast seint á 18. öld. Kvaðir þær, sem taldar hafa verið, lágu allþungt á landsetum konungs nærri Bessastöðum, og yfirleitt voru kvaðirnar mjög erfiðar fyrir leiguliða í sævarsveitum nærri Faxaflóa; en meginþorri sveitabænda var alveg laus við allar kvaðir, og hvergi á landinu jafnaðist ánauð bænda við þá kúgun, sem tíðkaðist í Danmörku og öðrum löndum á fyrri öldum.

4. Jarðaverð.

Síðan á 16. öld hefir verð peninga úr gulli og silfri sífellt verið fallandi gagnvart afurðum náttúrunnar;¹⁾ með öðrum orðum: nauðsynjavörur, sem þurfa til lífsins viðurhalds, hafa stöðugt orðið dýrari og dýrari. Eftir því sem meira fékst af dýrum málmum, eftir því urðu þeir ódýrari, aukin framleiðsla fram yfir beina þörf og nauðsyn gerir hverja vöru verðminni. Af þessu verðfalli peninga og verðaukning landsnytja hefir eðlilega í flestum löndum leitt stöðugt vaxandi verðmæti jarðanna, því þær eru grundvöllur allrar framleiðslu landbúnaðar-afurða. Ísland virðist

¹⁾ *William Scharling*: Pengenes synkende Værdi. København 1869. 442 bls. 8°. Sbr. *Indriði Einarsson*: Peningar (Tímarit Bókmaf. XI, 1890, bls. 113–143).

undantekning frá þessari algildu reglu, jarðaverðin hafa hér á landi staðið í stað síðan í fornöld, eða jafnvel fallið, og virðist það ekki mikill vottur um framför þjóðarbúskapsins í heild sinni.

Óvída er talað um jarðakaup og jarðaverð á söguöldinni: þá borguðu menn flestar stærri upphæðir með vegnu silfri, en síðar hvarf silfrið úr landinu. Í Laxdælu er þess getið, að Ólafur þá keypti Hjarðarholt í Döllum fyrir þrjár merkur silfurs, en jörð þessi var þá í eyði og fylgdu hvorki fénaður, hús né hjáleigur. Páll Briem ætlar, að þetta verð muni samsvara 960 kr. í vorum peningum og ætlar, að Hjarðarholt, svo ásigkomið eins og þá var, er Ólafur þá keypti, muni vera nærri 10 hundruðum eftir nútíðar mati. Í Eyrbyggju er þess getið, að Borkur digri seldi Snorra goða hálf Helgafell fyrir sex tigu silfurs og »tók þó af ádr eyjarnar«; verða það 2400 kr. í núgildandi peningum. Eftir nýju jarðamati er Helgafell með kúgildum, hjáleigum og varpeyjum metið á 98,8 hdr. og hyggur Páll Briem, að hálf Helgafell án eyja og kúgilda mundi nú verða metið á svipaðan hátt.¹⁾ Þess má geta, að beggja þessara kaupa er getið í sögunum, af því verðið þótti óvanalega lágt. Sýna þessi kaup, að jarðir hafa á 10. öld verið í líku verði og nú, og ef til vill nokkuð hærra.

Síðan á söguöld hafa fasteignir og lausafé verið metið í landaurum til hundraða, í hundruðum álna eða sex álna aurum eða þá í kúgildum,²⁾ en kúgildið var, eins og fyrr var getið, sama sem hundrað, þó það hafi ef til vill verið nokkuð lægra á 11. og 12. öld. Á 12. og 13. öld og síðar möttu menn jarðir eftir vanalegu verði þeirra í kaupum og

¹⁾ Lögfræðingur IV, bls. 14–15.

²⁾ Fyrr og síðar hafa kúgildi verið notuð sem verðeining, er gjalda skyldi stærri upphæðir: sem dæmi má nefna: Grímur Pálsson á Möðruvöllum lofar 1501 að borga Þorvaldi Erlendssyni lögmanni átta hundruð og 40 í kúgildum og öllum þarfligum peningum (Dipl. isl. VII, 583). Guðbrandur Þorláksson biskup borgar 1579 jörð með 15 málnytkúgildum, og 15 hdr. í öðrum peningum fríðum og ófríðum. (Alþingisbækur I, bls. 378). Mörg önnur dæmi mætti tilfæra, er þörf gjörðist.

sölum, oftast í hundruðum álna, stundum í kúgildum, en það kom í sama stað niður, úr því hundrað og kúgildi var hið sama. Í ýmsum kirkjumáldögum eru lönd virt til kúgilda, þannig lönd kirkjunnar í Hafsfjarðarey (1223), kirkjunnar í Njarðvík (1269), kirkjunnar á Einarsstöðum í Reykjadal (1318) o. fl. Síðar og samtímis þessu voru lönd virt til hundraða, í hundruðum sex álna aura og hundruðum þriggja álna aura. Þessa má sjá mörg dæmi í kirkjumáldögum, sem prentaðir eru í Fornbréfasafni.¹⁾ Páll Briem hefir leitt rök að því, að jarðir um 1100 hafi alment verið metnar í hundruðum sex álna aura, af því tíundalögin (1096) ákváðu, að menn skyldu meta lönd sín í 6 álna aurum. En um lok 12. aldar og á 13. öld hættu menn smátt og smátt að telja hundruðin í aurum, en fóru að telja þau í álnum og svo hafa menn gjört síðan.

Um söluverð og mat jarða á ýmsum öldum og í ýmsum héraðum eru til svo margar skýrslur og skilríki, að það væri efni í heila bók, ef málið væri ítarlega rannsakað, sem þörf er á.²⁾ Hér getum vér aðeins nefnt nokkur fá dæmi frá ýmsum öldum til samanburðar, og athugum þá fyrst verð og mat nokkurra höfuðbóla í ýmsum landshlutum. Möðruvellir í Eyjafirði voru 1171 leigðir fyrir 10 hundraða landskuld,³⁾ og hafa þá verið á títiu hundruð, því lögleigan var 10% og sjaldan frá henni vikið; eftir nýju mati eru Möðruvellir með afbýlum þeim, sem þar heyrðu undir, metnir á 66,7 hdr. Gissur jarl keypti Reynistað fyrir hundrað (120) hundraða og fylgdu þá Holtsmúli og Hvammkot á Skaga, að fornu mati eru þessar eignir taldar 125 hdr. að nýju mati 139,7 hdr.⁴⁾ Árið 1872 var Reynistaður seldur fyrir 5010 rd.,⁵⁾ eða hérumbil alveg hið sama, sem

¹⁾ Mörg dæmi talin í Lögfræðingi IV, bls. 18—20, 38—47.

²⁾ Í ritgjörð Páls Briem: Hundradatal á jörðum, í Lögfræðingi IV, 1900, bls. 1—54, eru margar ágætar upplýsingar hér að lútandi, en í fornum bréfum og gjörningum eru þó óteljandi fleiri skýrslur, sem ekki hafa enn verið notaðar til samanburðar.

³⁾ Biskupasögur I, bls. 418.

⁴⁾ Lögfræðingi IV, bls. 40, 43.

⁵⁾ Norðanfari XI, bls. 12.

Gissur jafn keypti eignina fyrir. Árið 1244 eru Svefneyjar metnar á hálfan fimta tug hundrada,¹⁾ þær eru að fornu mati annars metnar 40 hundruð og í jarðabók 1861 105 hdr. vegna dúnsins. Um 1323 átti kirkjan 2 hluti í heimalandi Hvamms í Vatnsdal, en bóndi nokkur þriðjunginn, keypti Lárentius biskup þá þenna þriðjung fyrir 60 hdr.²⁾ hefir jörðin öll þá átt að vera 180 hdr. virði; eftir fornu jarðamati er Hvammur metinn á 90 hdr., eftir nýju mati 42,8 hdr.³⁾ Lárentius biskup gaf síðar (1326) Þingeyraklaustri jarðirnar Hvamm og Húnstaði.⁴⁾ Árið 1387 keypti Björn Einarsson hálfan Vatnsfjörð fyrir fimtán tigi hundrada.⁵⁾ nú er Vatnsfjörður allur aðeins metinn 46,2 hdr. að nýju mati og 48 hdr. að fornu. Í skrá um eignir Guðmundar Arasonar 1446 eru hálfir Reykhólar metnir á 60 hdr., en helmingur var kirkjueign, þeir hafa þá verið taldir 120 hdr. 1586 voru þeir eins metnir og 1601 seldir fyrir sama verð;⁶⁾ fram á 19. öld hélzt sama mat á Reykhólum, en eftir nýju mati (1861) eru þeir taldir 157,4 hdr. og mun það sérstaklega hafa verið æðardúnninn. er hleypti verðinu fram: í jarðatali Johnsens (1847) eru þar líka talin 16 kúgildi. Árið 1439 er hálfur Hagi á Barðaströnd metinn á 60 hdr., en 1568 40 hdr. (allur 120 og 80 hdr.);⁷⁾ Árni Magnússon telur allan Haga 100 hdr., en 1760 og 1805 er hann talinn 60 hdr., eftir nýju mati aðeins 41,4 hdr. Árið 1430 er Staðarhóll talinn allur 120 hdr.⁸⁾ og sama mat hefir Árni Magnússon á allri torfunni, en 1760 er hún komin niður í 60 hdr. og 1861 er hún aðeins metin á 41,2 hdr.

¹⁾ Sturlunga III, bls. 43.

²⁾ Biskupasögur I, bls. 841.

³⁾ Hvammur er enn talinn með beztu jörðum í Vatnsdal, 1900 var tónið þar 28 dagsláttur og fengust af því 400 hestar af töðu. (Búnaðarrit XV, bls. 85).

⁴⁾ Dipl. isl. II, bls. 579—580.

⁵⁾ Dipl. isl. III, bls. 399—400.

⁶⁾ Dipl. isl. IV, bls. 684. Sýslumannaæfir I, bls. 228, 230.

⁷⁾ Dipl. isl. IV, bls. 602. Safn I, bls. 121, 125.

⁸⁾ Dipl. isl. IV, bls. 405.

Hlíðarendi í Fljótshlíð er 1570 metinn á 60 hdr.,¹⁾ það mat hélzt til 1760, en 1803 er jörðin komin niður í 45 hdr., 1847 aftur upp í 55 og 1861 í 80^{1/2} hdr. Teigur er 1570 metinn á 120 hdr.,²⁾ 1803 80 hdr., 1847 80 hdr., 1861 90 hdr. Svoná mætti telja fjölda af höfuðbólum um allt land, þau hafa nærri öll fallið í verði og það töluvert meira en sést af hundradatalinu, því í jarðarverðinu eru á 19. öld alstaðar talin kúgildin með, sem fyrr voru seld sérstaklega og aldrei metin með jörðunum. Þó virðist verðfallið hafa verið minna á Suðurlandi; en þetta þyrfti alt nákvæmari rannsókn.

Smærri jarðir hafa líka fallið í verði á seinni öldum, þó varla eins mikið einsog höfuðbólin; hér mundi það taka altöf mikið rúm að athuga það mál ítarlega, vér munum aðeins nefna örfá dæmi. Árið 1395 var gjörð skrá yfir 16 jarðir, er Páll kjarni ábóti hafði komið undir Viðeyjar-klaustur, og allar metnar til dýrleika.³⁾ Jarðir þessar eru allar á Suðurlandi í nánd við klaustrið, ein þeirra er nú ekki metin sérstaklega, en hinar 15 voru 1395 til samans metnar 325 hdr. að dýrleika án kúgilda, en hinar sömu jarðir voru í jarðamatinu 1861 til samans virtar á 274 hdr. með kúgildum. Vatnsfjarðar-Kristín lét 1458 eftir sig meðal annars 39 jarðir í Ísafjarðarsýslu,⁴⁾ og voru þær að dýrleika 531 hdr., án 112 kúgilda, sem þar til heyrðu, en sömu jarðir voru með kúgildum í jarðamatinu 1861 metnar á 462 hdr. Árið 1476 voru 5 jarðir í Svarfaðardal metnar til 240 hundraða,⁵⁾ hinar sömu jarðir töldust eftir nýju mati 107 hdr. Í jarðaskiftabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar á Möðruvöllum 1501 eru 8 jarðir í

¹⁾ Alþingisbækur I, bls. 58.

²⁾ 1698 tók Jón biskup Vídalín hálfan Teig í Fljótshlíð upp í staðarskuldur í Skálholti, er Þórður biskup féll frá, fyrir 50 hdr. og þó hvert hundrað á 10 dali, en það var þá hálf þriðja hundrað. Árb. Esp. VIII, bls. 60.

³⁾ Dipl. isl. III, bls. 598.

⁴⁾ Dipl. isl. V, bls. 160—162. Þar að auki Æðey, sem þá var aðeins metin á 36 hdr., en nú vegna hins mikla æðardúns á 105., hdr.

⁵⁾ Dipl. isl. VI, bls. 92.

Eyjafirði metnar til dýrleika á 336 hdr. nú á 201 og 11 jarðir í Ölfusi¹⁾ metnar á 280 hdr., nú á 173 hdr. Árið 1563 tók Páll Stígsson höfuðsmaður 18 nesja- og sævarjarðir af Skálholtsstað, þær voru án kúgilda metnar á 434 hdr., nú á 358 hdr., biskupsstóllinn fékk aftur 17 jarðir í Borgarfirði, þær voru metnar á 428 hdr. nú á 316 hdr.

Samanburður jarðarverða á ýmsum öldum er mjög hægur, þegar metið er eftir landaurum, en örðugra er viðfangs, þegar jarðaverð eingöngu hafa verið ákveðin í peningum: peningaverðið hefur verið svo afar mismunandi á ýmsum tímum, enda hefir hlutfallið milli peninga og landaura á Íslandi aldrei verið rannsakað. Björn Þorleifsson hirðstjóri borgaði Kristjáni konungi hinum fyrsta 400 nobíla fyrir allar jarðir Guðmundar Arasonar á Reykhólum árið 1466; nóbel var gullpeningur með hérumbil 36 króna málmverði, en kaupverð hans hefur verið miklu meira en svarar til þeirrar upphæðar nú á dögum. Þegar stjórnin, 1674 og 1675, seldi Hinrik Bjelke höfuðsmanni margar jarðir á Íslandi, var hundraðið í jörðu, upp og niður, metið á 8 rd. specie, en kúgildið á 3 rd. specie, og 1701 segir Árni Magnússon, að jarðarhundraðið á Íslandi hafi verið selt fyrir 6—8 rd. Nú mun jarðarhundraðið alment vera metið á 150 krónur, eða lítið þar fyrir ofan og neðan,²⁾ fyrir seinustu aldamót var það oftast metið 100 kr. í hlunnindalausum jörðum.³⁾ Ef þau 86,189 hundruð, sem jarðir á Íslandi nú eru taldar, væru metin

¹⁾ Tveim jörðum, sem þar eru nefndar, er hér slept, af því mat á þeim vantar í hina seinustu jarðabók.

²⁾ Sbr. Landhagsskýrslur 1907. Rvík 1908, bls. 42.

³⁾ Indriði Einarsson segir í Íðunni II. 1916, bls. 31, að hvert jarðarhundrað um alt land hafi síðan 1907 hækkad í verdi um 100 kr., (uppi 250 kr.) en það getur eigi verið rétt, einsog sést af sölu jarða víðsvegar um land, þjóðjarðasölu o. fl. Virðingar er á Íslandi sjaldan að marka og féglæfrasala á ýmsum jörðum nærri Reykjavík hefnir sín síðar. Þegar snögg breyting verður á þjóðarþúskap, eins og nú hefur orðið á Íslandi, með mikilli aukning gjaldmiðla og notkun lánstrausts til hins ýtrasta, verður eigi komist hjá uppblögnun og útþynning verðmætis. Það er því varúðarvert að byggja fastar framtíðar-áætlanir á slíkum fyrirbrigðum, þegar harðnar í ári, atvinnuvegir verða fyrir áfellum eða útlend lán bregðast, fellur slíkt tildursverð fljótt niður úr öllu valdi.

á 150 kr. hundraðið. yrði það 12,924 þúsund krónur: en allar jarðeignir á Íslandi með öllum kaupstaðahúsum í ofanálag voru 1815 metnar á 528,260 rd. silfurverðs.¹⁾

Einsog fyrr hefur verið getið, hefir á seiuni tímum fjöldi jarða komist í sjálfsábúð, enda hefir mikill grúi þjóðjarða verið seldur fyrr og síðar; framan af söfnuðust margar þeirra til efnamanna, en eru nú farnar að dreifast og fleiri og fleiri komast í hendur ábúenda, og eru mest líkindi til, að þeir geri jörðunum gagn og hafi mest uppúr þeim. Á árunum 1674 og 1675 seldi stjórnin Hinrik Bjelke 86 jarðir fyrir 27,605 rd., á árunum 1760—1846 voru seldar konungsjarðir fyrir 136,039 rd. 33 sk., frá 1847—1862 fyrir 10,734 rd. 72 sk. Skálholtsjarðir voru, eftir reikningi fjárlaganna dönsku, seldar fyrir 59,029 rd. 47 sk. Hólajarðir fyrir 72,138 rd. 53 sk. Alls hafa þá frá 1674—1862 verið seldar opinberar eignir fyrir 305,547 rd. En hvað þessi upphæð eiginlega er eftir verðmæli nútímans, er ekki hægt að finna nema með löngum útreikningum og miklum rannsóknum. af því peningagangverðið hefir verið mjög mismunandi á þeim tímum, er selt hefur verið. Ef verðið hefði jafnan verið tiltekið í landaurum, einsog gert var til forna, hefði alt verið hægra viðfangs og einfaldara, og þá hægðarleikur að reikna hið sanna verð eftir nútíðarprisum á vörum og peningum.

Mjög deildar skoðanir hafa verið um það, hvort það væri búhnykkur eða bül fyrir þjóðfélagið að selja þjóðjarðir. Gamlar stofnanir erlendis, háskólar, vísindafélög, klaustur, kirkjur o. fl., sem haldið hafa jarðagóssi sínu frá miðöldum til þessa dags, hafa grætt á því stórfé og orðið vellauðugar, þó efnin væru eigi svo mikil í fyrstu. Sumir hagfræðingar danskir hafa jafnvel haldið því fram, að danskir þegnar nú mundu svo sem enga skatta eða tolla þurfa að borga, hefðu forfeður þeirra ekki ófyrirsýnju fargað öllum þjóðjörðunum, afgangur þeirra mundi að mestu

¹⁾ Sagnablöð 1817, bls. 42. Klausturpóstur I, bls. 60. Árið 1817 keypti Magnús Stephensen Viðey fyrir 14,000 rd. nafnverðs og var það talið eitt hið dýrasta jarðarkaup, sem nokkur tíma hefði átt sér stað á Íslandi.

hafa getað staðið straum af flestum tilkostnaði við þjóðar-búið. Til fróðleiks og athugunar set eg hér kaffa úr grein eftir *Tómas Sæmundsson* um þjóðjarðasölu: »Tvisýni er á því, hvað landinu sé það holt að verið er að selja þjóð-jarðirnar ár frá ári. því þó það sé borið fyrir, að þá fari jarðyrkjunní mest fram, er bændur eigi jarðirnar sjálfir, er þeir búa á, þá er fyrst að reynslan ekki staðfestir það nærri alstaðar. því bæði er það, að þar sem náttúran er með jarðyrkjunní, og menningin er komin, þar miðar henni áfram, og lagfæringu jarða, hver sem þær á; enda gefur að skilja, að ekki er unnið fyrir gíg, þó ekki eigi þeir jarðirnar sjálfir, sem á þeim búa, þar sem menn fá að sitja á jörðunum og brúka, sem þeir ættu æfilangt, og stundum niðjar þeirra eftir þá, og lengra komast menn ekki, þó þeir sjálfir ættu þær. Hvergi er jarðyrkja betur stunduð en á Englandi.¹⁾ en fæstir bændur búa þar á sjálfs síns eigu. Það er þessu næst, að menn mega ekki ætla, að bændur búi allir á sjálfs síns eignum fyrir það, þó þjóðareignirnar væru seldar; því þó jarðir verði fyrir þá sök fleiri bændaeignir, er ekki þar með sýnt, að bændur verði fleiri jarðeigendur, því það, sem selt er, lendir eins oft hjá þeim, sem rikastir eru og mestar eiga jarðirnar undir, og einmitt þeir, sem búa á eignum slíkra manna, hafa oft verstu kjörin, og miklu verri en meðan konunginum var eignuð jörðin, og þar verður jarðyrkjunní hvað minst ágengt. Jarðyrkjunní eða landinu er því einsog af þessu má sjá ekki mjög stór hagur í því, að þjóðeignirnar séu seldar, þar sem ekki er fleira eftir af þeim en nú er orðið í landi hér; en ekki mun hagurinn reynast meiri, þegar litið er til stiptananna, sem eiga þær, því einsog það er holt fyrir hvern einstakan mann, eftir ásigkomulagi lands vors, að hafa landaurana til umráða, sem mest á að búa, svo er og eins stjórnin miklu verr farin og ófrjálsari, þegar hún er búin að svifta sig allri fastri eigu og öllum umráðum landauranna, ef þeir kæmu tímarnir að til slíks þyrfti að grípa

¹⁾ Svo var þá er þetta var ritað.

og það kæmi sér betur að verja því heldur en peningum til launa embættismannanna og annara nauðsynja. Þar að auki hafa þau dæmi gefist, að af því of fljótt var selt, var minna upptekið, en ef það hefði verið látið lengur dragast. Svona var skólaeignunum¹⁾ fleygt í burtu, svo að ekkert kom í staðinn að kalla, og biður landið þess aldrei bætur, að því var rutt svo fljótt af; og þó nú sé gætilegar að farið, má geta nærri, að á meðan jarðyrkjan er svo skamt komin og varla er farið að gjöra neitt til bóta jörðum, sem gera mætti, þá munu þeir tímarnir vera í vændum, þá jarðirnar eiga fyrir sér að taka meiru verði en enn eru þær í, að eg sleppi því hér, sem nærri því allra ríkja dæmi hafa svo yfirfljótanlega leitt í ljós, að ríkiseignirnar eru ekki betur geymdar eftir að búíð er að draga þær í »gullhúsið«. ²⁾ en á meðan þær voru í fasteignum til og frá um landið«. ³⁾

Þó svo miklu væri búíð að farga af þjóðjörðunum, sem fyrr var greint, þá voru þær þó í fardögum 1854, 537 að tölu og 8271¹/₄ hundrað að dýrleika; innstæðukúgildin á þessum jörðum voru þá 1038³/₄, landskuldir 345 hundruð 36 álnir af sveitajörðum, en 674 vættir og 25 fiskar af sævarjörðum. ⁴⁾ Síðan hefir þjóðjörðum smátt og smátt verið að fækka. Menn gátu fengið ábylisjarðir sínar keyptar eftir mati sýslunefndar og samkvæmt tillögum umboðsmanna. á þann hátt, að landshöfðingi lagði umsóknirnar og skýrslurnar fyrir alþingi, sem svo úrskurðaði söluna í hvert skifti, ⁵⁾ en andvirðið var lagt í viðlagasjóð. Með lögum um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands, 2. marz 1900, var ákveðið, að andvirði þjóðjarða, sem seldar höfðu verið frá

¹⁾ Stólagóssunum.

²⁾ Á fyrri hluta 19. aldar kölluðu sumir Íslendingar ríkistjær-hirzluna í gamni »Gullhúsið kóngsins«.

³⁾ *Tómas Sæmundsson*: Um bygging jarða, meðferð og úttektir (Búnaðarrit Suðuramtsins Húss- og Bústjórnarfélags. Viðeyjarklaustri 1889, I, 1. bls. 168—170).

⁴⁾ Um þjóðjarðirnar á Íslandi í fardögum 1854 (Skýrslur um Landshagi á Íslandi I, 1858, bls. 179—214).

⁵⁾ Sbr. auglýsing frá landshöfðingja 17. nóvember 1879. Laga-safn handa alþýðu III, bls. 227.

árslokum 1883 til ársloka 1898, og þær sem síðar yrðu seldar, rymmu í ræktunarsjóð, en vöxtum hans skal verja til jarðabótalána og verðlauna fyrir jarðabætur. Hinn 20. október 1905 var svo lögleidd frjáls sala þjóðjarða, ráðherra var veitt heimild til að selja ábúendum jarðirnar með þeim skilmálum sem lögin til taka¹⁾ og ekki þarf hér að greina. Verðið skyldi miðast við það, að verðhæðin með 4% vöxtum á ári veitti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð námu í peningum til jafnaðar 10 síðustu árin. Jarðabótakvöðin skyldi leggjast í dagsverk, en hvert dagsverk er talið jafngilda 1 kr. 25 au. í öðru eftirgjaldi. Árið 1907 voru miklar breytingar gerðar á hinni fornu kirkju-skipun og þá voru samþykkt lög um sölu kirkjujarða (16. nóvember 1907); var í þeim á svipaðan hátt ákveðið, að ráðherra mætti selja ábúendum kirkjujarðir með likum skilmálum.²⁾ Með lögum 20. okt. 1913 er ákveðið, að umboð þjóðjarða framvegis verði lögð undir hreppstjóra, en hið gamla umboðafyrirkomulag legst niður, jafnóðum sem umboð losna.³⁾ Hvort allar þessar miklu breytingar verða til gagns eða skaða, verður framtíðin að sýna.

Síðan 1854 hafa engar samhangandi skýrslur um þjóðjarðir, bygging þeirra og sölu verið birtar.⁴⁾ Seldra jarða hefur verið getið á við og dreif í Þingtíðindunum, og í Alþingistíðindum 1911 er skrá yfir seldar þjóðjarðir 1905—11 og seldar kirkjujarðir 1907—11.⁵⁾ Þar er getið um 131 landssjóðsjarðir, alls 2344 jarðarhundrað með kúgildum, sem 1905—1911 hafa verið seldar til samans fyrir 267.190 kr. og 74 kirkjujarðir, 1.432 hundrað að dýrleika, sem seldar

¹⁾ Stjórnartíðindi 1905 A., bls. 202—207.

²⁾ Stjórnartíðindi 1907 A., bls. 312—319. Breyting við lög þessi 11. júlí 1911 (Stjórnartíðindi 1911 A., bls. 276); þar er ákveðið að söluheimildin nái einnig til hjáleigna prestssetra.

³⁾ Stjórnartíðindi 1913 A., bls. 40—41.

⁴⁾ Hagstofustjóri Þorsteinn Þorsteinsson hefur ritað mér, að skrá yfir þjóðjarðirnar sé til í etvinnuálaskrifstofu Stjórnarráðsins, einsog edlilegt er, og væri nauðsyn á, að hún væri birt á prenti með skýrslum um allar seldar þjóðjarðir, verð þeirra, mat og afgjald.

⁵⁾ Alþingistíðindi 1911 A., bls. 494—500.

voru 1907--1911 fyrir 173,409 kr. Meðalverð hundraðs í landsjóðssjörðunum var um 114 kr., í kirkjujörðunum 121 kr.¹⁾ Skoðanir manna um sölu þjóðjarða hafa farið töluvert á við og dreif.²⁾ Aðalhvötin til sölunnar mun hafa verið von um að auka sjálfsábúð og þar með ræktun landsins. Í öðrum löndum hefur orðið full erfitt að ná þessum tilgangi, sjálfseignarbændur rækta ekki allir betur ábyli sín en leiguliðar og jarðirnar hópast aftur saman í hendur einstakra manna, þegar frá líður. Á landsjóðssjörðum hefur líka oftast verið lífstíðarábúð og lágur leigumáli, svo ekki er sýnt að kaupendur vinni mikið við að eignast býli sín að nafninu, úr því þeir oftast verða að taka mikil lán til kaupanna. Sumir hafa gengið svo langt í hina áttina, að þeir óska þess að landssjóður kaupi allar jarðir og verði landsdrottinn allra bænda á landinu.

Dæmin, sem vér töldum hér að framan, munu nægja til að sýna hið stöðuga verðfall á íslenskum jörðum, smáum og stórum, frá því í fornöld fram á vora daga, dýrleiki þeirra hefur farið smáminkandi fram á miðja 19. öld. Síðan hefir ekkert jarðamat verið gjört, svo eigi er hægt að segja, hvort verðið hefir hækkað síðan að mun. mjög mikið mun það varla vera, þegar öll heildin er skoðuð, þó einstöku jarðir af sérstökum ástæðum hafi orðið töluvert dýrari en áður. Er þetta verðfall jarðanna vottur um stöðuga afturför landbúnaðarins á Íslandi? Ekki þarf það beinlínis að vera, en það er heldur ekki vottur um framför. Í flestum aðalatriðum hafa búnaðarhættir Íslendinga haft sama sniðið frá því í fornöld fram undir lok 19. aldar. á þeim hefur engin veruleg breyting orðið, og það litla sem

¹⁾ Á árunum 1905—1907 voru seldar 41 þjóðjarðir fyrir 92,545 kr., alls 787 hdr. 35 ál. með kúgildum; meðalverð á hundraði 117 kr. 50 au. Á árunum 1907—1909 voru seldar 43 landssjóðsjarðir fyrir 89,616 kr., 767 hdr. 92 ál., meðalverð hundraðs 116 kr. 67 au. Frá 1909—1911 voru seldar 47 þjóðjarðir fyrir 85,029 kr. 50 au., 788 hdr. 97 ál., meðalverð hundraðs 108 kr.

²⁾ Sbr. Freyr IV, bls. 56—60; X, bls. 25—29; XI, bls. 39—40; XIII, bls. 6—10.

breyzt hefir frá fyrri öldum hefur sízt verið til bóta. Þó hin beina afturför hafi í sjálfu sér líklega eigi verið mjög mikil. Þá hefur þjóðarbúskapurinn vissulega orðið langt aftur úr framförum annara þjóða, sumpart vegna einangrunnar og samgönguleysis á fyrri öldum, sumpart vegna þess, að framleiðslan í hrjóstrugu landi stóð í stað eða minkaði. jafnframt því sem kröfurnar til lífsins stöðugt jukust, vinnukrafturinn, sem laubúnaðurinn þurfti á að halda, varð minni og dýrari, útlendir markaðir voru lokaðir vegna verzlunarólagsins og þjóðin í heild sinni eyddi meiru en hún aflaði.

Um söluverð jarða á 20. öld vantar allar skýrslur. Nú hefir alþingi 1915 ákveðið nýtt jarðamat og vonandi stendur ekki altöf lengi á að það komi til framkvæmda. Jarðir munu hafa hækkað nokkuð í verði á seinni árum, einkum nærri kaupstöðum, en sumar hafa verið metnar til veðsetninga fram úr öllu hófi, svo þær jarðir hafa af eigin rammleik og afurðum eigi getað galdið þá vexti, sem á þeim hvíldu. Af því tala sjálfseignarbændur hefur mjög vaxið á seinni tímum, ættu að vera líkindi til að jarðirnar bötnuðu smátt og smátt og yxu í verði. Hin mikla viðleitni til búnaðarbóta á 20. öld hefur mikið aukið afrakstur allmargra jarða, enda hafa hinar miklu jarðabætur sumstaðar, betri húsakynni, girðingar, hlöður, peningshús, safnhús og m. fl. mjög aukið verðmæti sumra jarða. Afraksturinn hefur aukist og tilkostnaðurinn jafnframt, og er það undir hagsýni bænda komið, hver árangurinn verður. Af því þjóðin nú virðist vöknuð til umhugsunar um framtíð bjargræðisveganna, er engin ástæða til að efast um, að verð og afrakstur íslenzkra jarðeigna smátt og smátt muni stíga, er stundir líða. En það þarf mikla hagsýni og varfærni þings og stjórnar til þess að beita þjóðarskipinu fyrir öll sker og boða í þeirri samkeppnis- og baráttutíð, sem nú virðist vera fyrir höndum. Margt er að athuga ef vel á að fara, hlutfallið milli hinna einstöku atvinnuvega, að þeir styðji hver annan, en spilli eigi hvor fyrir öðrum, vinnuverðið, markaði og útsölu innanlands og utan, hentugar

samgöngur og margt fleira. En þó er mestu vert að einstaklingarnir séu duglegir, hagsýnir og sparneytnir, án þeirra kostna verður lítið úr öllum framförum.

Jarðabækur og jarðamat.¹⁾ Þegar í fornöld létu kirkjur og klaustur, eins og kunnugt er, gjöra máldaga yfir eignir sínar og hélzt sá siður langt niður eftir öldum. Flest þar að lútandi er nú prentað í »Íslenzku Fornbréfasafni«. Eftir siðabótina fann stjórnin nauðsyn á að gera skrár yfir eignir þær, sem hún hafði komist yfir, verð þeirra, landskuldir og leigur. Hin elzta jarðabók yfir konungsgóssið er samantekin á árunum 1551—1579.²⁾ og mun *Johan Bucholt* höfuðsmaður hafa sett skýrslurnar saman í eina heild.³⁾ Svo var gjörð jarðabók 1597, þar voru taldar umboðsjarðir, stólsjarðir og kirkjujarðir eftir skýrslum Odds Einarssonar og Guðbrandar Þorlákssonar biskupa. Eftir konungsúrskurði 27. maí 1638,⁴⁾ var sett saman ný jarðabók yfir konungsjarðir 1639 og með tilskipun 21. maí 1657 var sýslumönnum boðið að gjöra jarðabók yfir allar jarðir í sinni sýslu, ekki aðeins konungsjarðir og kirkjujarðir, heldur líka yfir bændaeignir með dýrleika þeirra, landskuldum og kúgildum; áttu sýslumenn svo að senda fógeta skýrslur sínar.⁵⁾ Aðalárangurinn af þessu boði mun hafa verið jarðabók yfir konungsjarðir, sem kend er við *Tómás Nikulásson* fógeta. 1660. Jarðabók, kend við *Johan Klein*, dags. 8. okt. 1681, var samin á 7 árum með aðstoð sýslumanna. hún er hin

¹⁾ Hér drepum vér aðeins lauslega á jarðabækur og jarðamatsstörf, þess er enginn kostur að lýsa því nákvæmlega, það yrði alt of langt mál. Jarðabækurnar eru geymdar í Ríkisskjalasafni Dana, þær eru í heild sinni mikil fúlga af fróðleik um atvinnuvegi Íslendinga á fyrri öldum, en lítt hafa þær verið notadar enn af fræðimönnum. Um jarðabækurnar sjá ennfremur *O. Olavii* oeconomicke Rejse, formáli eftir *Jón Eiríksson* bls. 55—74. *Bjarni Thorsteinsson*: Om kongelige og andre offentlige Afgifter i Island. Köbenhavn 1819, bls. 1—13. *Landfræðissaga* II, bls. 251—256.

²⁾ Dipl. isl. I, bls. 197. Ný Félagsrit XXII, bls. 38—41.

³⁾ *Árni Magnússon's* Embedsskrivelser bls. 69—70.

⁴⁾ *Magnús Ketilsson*: Forordninger og aabne Breve II, bls. 417—18.

⁵⁾ Lovsamling for Island I, bls. 252.

fyrsta jarðabók, sem líka telur bændaeignir, en kvað vera mjög óáreiðanleg í alla staði, jarðirnar allar á ruglingi og nöfnin mjög afbökud.¹⁾ Þá var 1695 tekin saman jarðabók í rentukammerinu, líklega eftir skýrslum embættismanna, undirskrifuð af *Jakob Sørensen* rentuskrifara 18. maí 1695. Einnfremur er til jarðabók, sem kend er við *Kristján Müller* amtman, innsend í rentukammerið 11. apríl 1698; hún er byggð á skýrslum sýslumanna, sem þeir eftir boði stjórnarinnar söfnuðu á þingum og á eldri jarðabókum um konungsjarðir og stólsjarðir; þar vantar kirkjujarðir, fátækrajarðir o. fl., þar er heldur ekki getið um hjáleigur eða peningsfjöldi á jörðum, en að því er snertir landskuldir og kúgildi er jarðabók þessi talin fullkomin á þeirri tíð. Þó eru í henni margir gallar. Jörðum í hverri sýslu blandað saman, ekki skift í hreppa og sumar konungsjarðir vantar.²⁾

A árunum 1702—1714 söfnuðu þeir *Árni Magnússon* og *Páll Vídalín*, eftir fyrirskipun stjórnarinnar 22. maí 1702, efni í hina miklu jarðabók, sem eftir þá liggur. Jarðabók þessi er að mörgu hin langfullkominasta, sem til er, þó hún nái nú eigi yfir allt landið; jarðabækurnar yfir Múlasýslur og Skaftafellssýslu týndust í hinum mikla bruna í Kaupmannahöfn 1728. Þegar þessi jarðabók er fullprentuð, mun hún verða hinn dýrmætasti fjársjóður fyrir menningarsögu landsins, er sérstaklega sýnir allt búnaðarástand Íslands í byrjun 18. aldar svo sem í skuggsjá.³⁾ Fyrir tilstilli rentukammersins samdi *Skúli Magnússon* landfógeti jarðabók, sem vanalega er kend við árið 1760, þó hún væri eigi fullbúin

¹⁾ Árni Magnússon's Embedsskrivelser bls. 330.

²⁾ Árni Magnússon's Embedsskrivelser bls. 331.

³⁾ Hér getum vér rúmsins vegna ekki nánar lýst þessari jarðabók, Fræðafélagið í Kaupmannahöfn er nú byrjað að gefa hana út, og er nú (1916) búið að prenta 4 hefti (320 bls.). Þorkell Bjarnason hefir prentað kafla úr jarðabókinni um Kjósarsýslu í Tímariti Bókmentafélagsins VII, bls. 193—285, með mjög fróðlegum athugasemdum. Þegar bókin öll er komin út, verður vonandi einhver til þess að rita yfirlit yfir fræðslu þá, sem bókin veitir um bjargræði Íslendinga í byrjun 18. aldar. Í formála fyrir Árni Magnússon's Embedsskrivelser. Kbhavn 1916 bls. 8—16 (sbr. bls. 321—331) hefir Dr. Kr. Kalund ritað yfirlit

fyrir en 1769. Við samning jarðabókar þessarar notaði Skúli fógeti allar hinar eldri jarðabækur og auk þess skýrslur sýslumanna um manntal, kvikfé og annað á árunum 1759—1760, svo hún lýsir aðallega búnaðarástandi á árunum nærri 1760. Jarðabók Skúla Magnússonar er í 6 bindum.¹⁾ og er stundum kölluð hin »harmoníska jarðabók«: þar er í fyrsta bindi lýst konungsjörðum, í öðru bindi stólsjörðum, fátækra- og spítalajörðum, í þriðja bindi kirkjujörðum, í 4. og 5. bindi bændaeygnum og í 6. bindi eru yfirlitsskýrslur um mannfjölda, kvikfénað, eyðijarðir o. fl. Jarðabók þessi er þó í sumum greinum eigi eins fullkomin einsog jarðabók Árna Magnússonar og dýrleika margra jarða vantar. Árið 1785 lét rentukammerið gera sérstakt jarðatal yfir eignir Skálholtsstóls.

Hinn 18. júní 1800 setti stjórnin jarðamatsnefnd, sem átti að meta allar jarðir á Íslandi eftir gæðum þeirra og afrakstri;²⁾ ferðuðust nefndarmenn um landið 1801—1805, »héldu þing í sveitum ok sögðu menn þeim til um jarðir sínar, ok mjög misjafnt, svo at ugga mátti, at eigi yrði allgóður jöfnuður, er á slíku skyldi byggja síðan skuldagjald af jörðunum« segir Jón Espólin.³⁾ Má heita að jarðamat þetta mishepnaðist algjörlega. Jarðamatsnefnd þessi var stofnuð í þeim tilgangi, að skattgjald á Íslandi gæti orðið lagað á líkan hátt og í Danmörku, nefnilega að skattar væru lagðir á jarðir, í stað þess að þeir væru nú lagðir á eigur manna, eins og þær voru taldar til tíundar. En viðvikjandi lúkningu þessara skatta þótti hentugast, að þeir

yfir jarðamatsferdir þeirra félaga um hinar einstöku sýslur. Sjá enn fremur Lovsamling for Island I, bls. 582—594. Landfræðissaga Íslands II, bls. 252—256.

¹⁾ Jón Jónsson: Skúli Magnússon landfógeti. Rvík 1911, bls. 66, segir, að jarðabók Skúla Magnússonar sé »í 23 stórum bindum«. Höf. hefur víst vilst á því, að Skúli fógeti hefur þýtt alla jarðabók Árna Magnússonar á dönsku og er sú þýðing í 16 bindum, hefur hann svo lagt saman bindatölu beggja bókanna og haldið að alt væri jarðabók Skúla Magnússonar.

²⁾ Lovsamling for Island VI, bls. 453—460.

³⁾ Árb. Esp. XI, bls. 118. Sbr. Ný Félagsrit VII, bls. 42—43.

væru goldnir í peningum eftir almennu gangverði á helztu landaurum, sem voru fiskur og sauðir, en til að ákveða verðlagshlutfall landaura og peninga var þá ákveðið að setja verðlagsskrár.¹⁾ Það komst þó eigi til framkvæmda fyrir en 1818. Árið 1847 lét Jón Johnsen, assessor í landsyfirréttnum, prenta »Jarðatal á Íslandi«, sem er hið langfullkomnasta rit um íslenskt jarðamat, sem út hefur komið á prent.²⁾ Jarðatal þetta var samið eftir skýrslum sýslumanna, hreppstjóra og presta, eftir hinum eldri jarðabókum, skýrslum frá rentukammerinu og ýmsum öðrum gögnum. Bók þessi hefir mikinn fróðleik að geyma, þar eru taldar allar jarðir á landinu, dýrleiki þeirra, landskuldir og kúgildi, ábúendur og eigendur, með margskonar fróðleik öðrum meðanmáls um eldra mat o. fl. Aftan við er manntal 1801, 1835, 1840 og 1845, búnaðartölur 1840—1845, lausafjäreign 1835—1839 í hundruðum, seldar Skálholts- og Hólajarðir með kúgildum og söluverði, konungsjarðir seldar 1760 til 1846, jarðir seldar Hendrik Bjelke höfuðsmanni 1674—1675 o. fl. Samkvæmt tilskipun 27. maí 1848 voru allar jarðir á Íslandi á árunum 1849 til 1850 metnar til peninga; mat þetta var síðan sent stjórninni, en hún lagði það fyrir alþingi 1855 og kaus það þriggja manna nefnd til að rannsaka og leiðrétta það; nefnd þessi lauk við starfa þenna um árslokin 1856, og bjó til frumvarp til nýrrar jarðabókar, sem var lagt fyrir alþingi 1857, en það beiddi nú konung um, að dýrleiki í hundruðum yrði settur á sérhverja jörð, eftir mælikvörðum þeim, sem þingið tiltók.³⁾ Fyrst féll alt í ljúfa löð með stjórninni og alþingi, en svo kom uppstyttu

¹⁾ Lovsamling for Island VII, bls. 698—694.

²⁾ J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartölum 1835—1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847 (XV + 468 bls.).

³⁾ Jarðamat þingnefndarinnar er prentað í Skýrslum um Landshagi á Íslandi. Kmh. 1858, I, bls. 620—801. Þar eru allar jarðir metnar á 87,860₁₈ hundruð, í jarðabókinni 1861 á 86,755₁ hdr., í Jarðatali Johnsens 1847 á 85,443₁ hdr. Sbr. Ný Félagsrit XXI, bls. 75—77; Norðanfari II, bls. 34—36.

í málið og ágreiningur, og á alþingi 1859 urðu hinar snörp-ustu umræður um jarðamatsmálið, en það endaði svo, að stjórnin löggildi nýja jarðabók með opnu bréfi 1. apríl 1861 á móti tillögum þingsins og hefir sú jarðabók verið í gildi síðan.¹⁾ Eftir það var oft talað um nýtt, alment jarðamat, en engin framkvæmd varð á því máli fyrr en nú, að alþingið 1915 samþykkti lög um fasteignamat, sem öðluðust gildi 3. nóvember s. á. Þar er ákveðið að meta skuli allar jarðir til peningaverðs 10. hvert ár, og á fyrsta mat eftir lögum þessum að fara fram árin 1916—1918, þvinæst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.²⁾

Það hefir jafnan haft mikla þýðingu á Íslandi, að mat jarða væri sem vandaðast og réttast. Eftir hundraðatali hafa menn borgað ýmsa skatta og tíundir til prests, kirkju og fátækra; eftir hundraðatali hafa menn á seinni öldum, eins og fyrr hefir verið á drepið, sett kúgildi á jarðir og eftir sama mælikvarða hafa landskuldir oft verið borgaðar. *Jarðamatið* hefir því um margar aldir haft hina mestu þýðingu fyrir alt þjóðlíf Íslendinga. Hundraðatal jarðar var frá öndverðu sennileg áætlun um verð jarðarinnar, eftir því sem hún gengur í kaupum og sölum, með eðlilegri hliðsjón af þeim arði, sem hún gefur af sér, þegar hún er bærilega setin og ræktuð. En af því kringumstæðurnar hafa verið svo breytilegar og hlutfallið milli landaura og peninga á ýmsum öldum svo margvislegt, þá hefir alment jarðamat jafnan verið hið mesta vandaverk.³⁾ Fornmenn, sem voru seinni mönnum fremri í flestum búnaðarefnum, sýndu mikla gaumgæfni, nærgætni, og greind, er þeir möttu jarðir sínar: »Á þeim tímum voru allir verðaurar í við-

¹⁾ Frumvarp til nýrrar jarðabókar fyrir Ísland. Kúhöfn s. a. 283 bls. 8°. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 448—461. Kostnaði þeim, sem leiddi af jarðamati þessu, að upphæð 8360 rd. 82 sk., var jafnað niður á jarðir í landinu, 9¼ sk. á hundrað hvert.

²⁾ Stjórnartíðindi A. 1915, bls. 79—82.

³⁾ *Páll Vídalín* lögmaður segir (Fornyrði Lögboðar bls. 553) »glæður yrði eg, ef fyrir mér væri nefndir þeir 12 menn á öllu landinu, sem kynnu fastar eignir eftir lögum að virða til tíundar«.

skiftum manna metnir til hundraða og álna, og alt miðað við það. Þegar jörð var fengin öðrum, hvernig sem það var, og finna þurfti jafnaðarverð hennar móti öðrum hlutum, og þetta hlaut að koma að í hvert sinni, nema þegar einn erfingi tók við jörðum án skifta, þá varð að meta jörðina til hundraða. Hlutaðeigendum reid á því, að jörðin væri rétt virt, og þessvegna gat eigi hjá því farið, einkum þegar hún hafði gengið að fleirum sölum, að hún hefði fengið rétt hundradatal. Þegar þetta var eitt sinn fundið, þá var verð jarðarinnar orðið fast, þegar hún breyttist ekki mjög stórkostlega; það er að segja: jörðin var metin til fasts ákveðins dýrleika. Eftir að tíundarlögin voru komin á, varð dýrleikinn einskonar skuldsetning, svo að sá eigandi, sem telja átti alt göss sitt til tíundar, bæði lönd og lausa aura, hann varð að eidfesta framtölu sína þegar krafist var. Þetta varð enn til að festa dýrleika á jörðunum, og styrkti það enn, hversu röksamlega hin andlega stétt í páfadóminum sá um hag sinn og kirkjunnar.¹⁾

Á seinni öldum hafa verið mjög deildar skoðanir um það, hvernig meta skuli jarðir til dýrleika og á hverju helzt skuli byggja matið. Það sést á ótal gömlum skjölum, að jarðir voru í fornöld oftast metnar í hundruðum álna eftir sönnu eða sanngjörnu söluverði jarðanna. Samkvæmt tíundarlögum var mat á jörðum trygt með eiðum manna,²⁾ og þegar menn leigðu jarðir eða aðra fjármuni, lá hegning við því, ef menn mátu dýrra eða leigðu dýrra en að lögum.³⁾ Af jarðasölu og jarðamati seinni alda fram um lok 17. aldar virðist auðsætt, að menn hafa fylgt hinni fornu reglu, að meta jarðir aðallega eftir sanngjörnu söluverði. En í byrjun 18. aldar og langt fram eftir 19. öld fóru margir að fylgja sérkreddum í þeim efnum og byggja matið á því, hve mörgum kúgildum jörðin gæti framfleytt. Þetta var fyrst sett fram í skjali því, sem kallað er »Bergþórsstatúta«.

1) Ný Félagsrit VII, 1847, bls. 49—50.

2) Dipl. isl. I, bls. 78.

3) Grágás 1852, II, bls. 140; Staðarhólsbók bls. 213.

Þegar Árni Magnússon var í jarðamatsstörfum austur í Hreppum, var honum afhent skjal nokkurt, sem hafði að geyma fornar reglur um það, hvernig virða skyldi fasteignir til dýrleika og til tíundar; átti Bergþór Hrafnsson lögsögumaður með 17 höfðingjum að hafa samþykkt skjal þetta á alþingi 1117; en skjalið ber það með sér, að það er falsbréf mörgum öldum yngra, því það er fult af villum. Nú vita menn, að Daði prestur Halldórsson í Steinholti (1671—1721) hefur samið skjalið til að freista þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, er þeir byrjuðu jarðamatsstarfið; en það tókst eigi, þeir sáu strax, að skjalið var falsað. Samt hefur Bergþórsstatúta haft mikil áhrif á jarðamat 19. aldar og margir embættismenn og jafnvel fræðimenn hafa trúað henni.¹⁾

Í »Bergþórsstatútu« er ákveðið að hvert kýrleidis-tún skuli vera 20 aurar (hundrað) í landi til tíundar, en engi hvert, sem tvö kýrleidi gjöri á jafnaðarári, varði 20 aura í landi, og hagbeitarland, sem elur 3 málnytukúgildi á sumrum, varði 20 aura o. s. frv. Eyjar og eggver öll þau, er gjöra með eggnámi og dúntaki tveggja hjóna fóstur á jafnaðarári, svá árlengis sé, varði 60 aura í landi o. s. frv.²⁾ Aðalefnið er, að jarðirnar skuli meta eftir þeim peningi, sem þær geta framfleytt í meðalári, með ýmsum fjarstæðum um matning hlunninda o. fl. Á 18. öld urðu þegar deilur um gildi þessarar skrár. Jón Arnason biskup varði hana og Finnur Jónsson biskup mótmælti henni og sýndi í henni margar villur.³⁾ Þó héldu margir því fram, að þetta væri hin réttasta aðferð við jarðamat, að meta eftir kúgildaframfleytingu, svo úr því varð nokkurskonar þjóðtrú sumstaðar,

1) Með kónungsúrskurði 23. apríl 1845 var sett skattamálsnefnd, er athuga skyldi alla skattalöggiöf Íslands, í henni voru helztu og æðstu embættismenn landsins; af nefndaráli þeirra má ráða, að þeir nafa trúað á Bergþórsstatútu. Sbr. Ný Félagsrit VII, bls. 50.

2) Bergþórsstatúta er prentuð í riti Halldórs Einarssonar: Om Værdie-Beregning paa Landsvis og Tiende-Ydelsen i Island. Kbhavn 1833, bls. 165—175.

3) Sbr. Halldór Einarsson s. st. bls. 164 og Jón Sigurðsson í Safni til Sögu Íslands II, bls. 22—23.

að sú aðferð ein væri hafandi. Víst er það, að ekki er hægt að finna nein rök fyrir því, að fornmennt hafi lagt kúgilda-framflutning til grundvallar fyrir mati sínu, þeir virðast blátt áfram hafa virt jarðirnar eftir almennu söluverði í gjaldeyri þeirra tíma í álnum og hundruðum.¹⁾ Um aldamót 18. og 19. aldar aðhylltist stjórnin matsaðferð Bergþórsstatútu og í erindisbréfi fyrir jarðamatsnefndina 2. ágúst 1800 er fyrirskipað, að jarðirnar skuli aðallega meta eftir því, hve mörgum kúgildum þær geti framfleytt, eða ef um hlunnindi eða afla var að ræða, hversu mörg kýrverð eða kúgildi arður þeirra væri.²⁾ Fyrir hverja kú, sem framfleytt var, átti að meta hundrað og eins fyrir hvert ásauðarkúgildi, eitt hundrað átti að meta fyrir hverjar 6 vættir fiska, 6 pund af æðardún, 2 tunnur sellýsis, 1 tunnu hákarlalýsis, er fengjust. Jarðamatsnefnd þessi vann að starfi sínu í 6 ár, en þá var harðæri og siglingaleysi enda matsreglurnar óheppilegar. svo jarðamat þetta hefir, sem fyr var greint, þótt lítilsvirði og lítt verið notað, enda segir Jón Johnsen, að allir muni sér »samdóma um, að það nú megi álitast fráleitt því sem er eða vera ber«. ³⁾ Um jarðamatsreglur eftir kúgilda-framfærslu segir Páll Briem, að þær séu nokkuð álitlegar í fyrstu, en við nánari athugun sjáist, að þær séu mjög athugaverðar. »Fyrst er afarmikill munur á því, hvernig jarðir eru setnar og mjög misjafnt, hvað menn framfleyta á jörðum. Í öðru lagi eru skepnurnar mjög misjafnar að gæðum; því rýrari sem skepnurnar eru, því fleiri þarf að hafa til þess að lifa af þeim, og þá hefur reglan það í för með sér, að jarðirnar verða því hærri að hundraðatali, sem skepnurnar á þeim eru rýrari.

¹⁾ Páll Briem hefir ítarlega rakið þetta mál í ritgjörð sinni: Um hundraðatal á jörðum í Lögfræðingi IV, bls. 1—54.

²⁾ Lovsamling for Island VI, bls. 477—478. Líklega hefur stjórnin meðfram hallast að þessari jarðamatsaðferð, af því hún nokkuð líktist matsaðferðum dönskum í »Tønder Hartkorn«. Þar voru beitarjarðir samkvæmt gamla mati (1681—1688), sem notað var fram á 19. öld, alt til 1844, virtar eftir áhöfninni, skepnunum þeim, sem þær gátu framfleytt.

³⁾ Johnsens Jarðatal 1847, formáli bls. 6.

Í þriðja lagi eru sumar jarðir mjög hægar, þar sem aðrar eru mjög erfiðar. Á erfiðu jörðunum þarf bóndinn fleiri skepnur til að lifa af, og þá hefur reglan það í för með sér, að jarðir verða því hærri að hundradatali, sem þær eru erfiðari. Þar sem um hlunnindi er að ræða, er reglan alveg gripin úr lausu lofti. Ef ekki á að draga frá kostnaðinn við hlunnindin, þá er kostnaðurinn svo misjafn, að reglan nær engri átt, en ef kostnaðurinn er dreginn frá, því er þá ekki talinn frá kostnaðurinn við skepnurnar? Þar sem um sjávarjarðir er að ræða, þá er afli á þeim svo misjafn eftir því, hver á þeim situr, að menn lenda í tómum ógöngum, ef menn ætla að fylgja reglunni. Á öllum jörðum er mikið komið undir því, hvernig jörðin er hýst, en eftir reglunni er alveg sama, hvort jörðin er með öllu húsalaus, eða henni fylgja bæði mikil og góð hús. Einn fremur er ekkert tillit tekið til þess, hvort jörðin er kúgildalaus eða hún hefur mörg kúgildi.¹⁾ Þrátt fyrir marga augljósa galla, hafa hugmyndir Berþórsstatútu fengið mikinn byr hjá þjóðinni, bæði einstakir menn og alþingi hafa hvað eftir annað haldið því fram að réttast væri að meta jarðir eftir kýr- fóðrum og hlunnindi eftir því, hvað margir gætu á þeim lifað. Þó hafa ýmsir sýnt með rökum, að þessi mælikvarði oft gæti verið ranglátur og villandi.²⁾

Samkvæmt áformi og tilhögun þessa rits, yrði það alt of langt mál að skýra nákvæmlega frá hinum mörgu uppá- stungum og bollaleggingum um jarðamat, sem fram hafa komið, og verðum vér að vísa til ritgjörða þeirra, sem taldar eru neðanmáls. Það er mjög örðugt að meta jarðir réttilega, einkum þegar jafnaður á að vera til skattagrund- vallar fyrir allt land; örðugt að bera saman sveitajarðir og sjávarjarðir, vanalegar bújarðir og hlunnindajarðir. Upphæð matsins hefir mjög oft farið eftir því, hvernig jörðin var setin í svipinn og það er aftur komið undir dugnaði og efnahag ábúenda. Að byggja jarðamat aðallega á hlunn-

¹⁾ Lögfræðingur IV, bls. 3—4.

²⁾ Sbr. Lögfræðingur IV, bls. 6—9.

indum, sem stundum hefur verið gert, er mjög viðsjált,¹⁾ þau breytast sífelldlega frá ári til árs að afrakstri og verði, enda dugnaður ábúenda til aflafanga mjög mismunandi. ýmsar búnaðarástæður breytilegar, jarðirnar mismunandi fólksfrekar og sumar landsnyttjar borga sig ekki með háu vinnukaupi; af þessu leiðir, að landkostir eru eigi einhlítir til jarðamats og liggur þá næst hendi að nota söluverðið sem aðal-mælikvarðann.²⁾ Ef markaður peninga og viðskifta er í heilbrigðu ástandi, mundu jarðir verða dýrastar þar sem bjargræðisvonin er mest, en einhlítur mælikvarði er þó söluverðið heldur ekki, nema það sé meðaltal af mörgum sölum og virðingum um langan tíma einsog jarðamat til forna; annars getur ástand peningamarkaðs og árferðis í svipinn haft of mikil áhrif á einstakar virðingar, sama er að segja um mat, sem er byggt á eftirgjaldi eingöngu.

Þegar ákveðið var að semja nýtt jarðamat 1848, fyrirskipaði stjórnin með tilskipun 27. maí 1848 »að meta hverja jörð til peningaverðs, að því sem slíkar jarðir verða sanngjarnlega seldar eftir gæðum sínum«. Stóð lengi á því jarðamati og var mikið um það ritað og deilt bæði utan þings og innan, og margir voru óánægðir með það, þegar það loks var löggilt, 1. apríl 1861.³⁾ Jarðamat þetta var þó að mörgu leyti framfór hjá því sem áður var, þó margt

¹⁾ Í riti eftir *Friðrik Eggerz*: Um jarðamötin, fjárkláðann og ýmislega tilhögun. Rvík 1865, 110 bls. 8^o eru margar fróðlegar athugasemdir hér að lútandi

²⁾ Í Búnaðarriti I, 1887, bls. 146–150 er stungið upp á sérstakri jarðamatsaðferð eftir virðingu afurða, sem þó víst yrði mjög örðug í framkvæmdinni.

³⁾ Um jarðamöt hefur margt verið ritað á íslenzku, og skulum vér, auk þess sem annarstaðar er vitnað í, meðal annars benda þeim, er nánari fræðslu vilja fá, á eftirfylgjandi ritgjörðir í tímaritum og blöðum og eru þó eflaust margar ótaldar: *Páll Vídalín*: Um jarðamat (Íslendingur III, 1862, bls. 77–79, 85–86, 93–95, 98–101). Reykjavíkurbóstur II, (1848) bls. 152–157; III, (1849) bls. 154–159, 170–183. Ný Félagsrit VII, (1847) bls. 41–55; XVIII, (1858) bls. 42–47. Landstíðindin 1850–1851, I, bls. 38–39, 79–82, 87–88; II, bls. 134–136, 184–186, 199–200. Ingólfur 1854, bls. 101–102, 105–106. Þjóðólfur

mætti að því finna.¹⁾ Árið 1877 lagði stjórnin fyrir þingið frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar 1861, en allt lenti þá í ráðleysu og var málið felt. Sökum hinna miklu skemða, sem urðu af sandroki í Landsveit og víðar um veturinn 1880–81, voru sett lög 8. nóv. 1883 »um mat á nokkrum jörðum í Rangárvallasýslu«, átti að meta skemdu jarðirnar í hverri sveit eftir fyrirmyndarjörðum, sem sýslunefndin tiltók, með hundraðatali eftir jarðabók 1861, »í því hlutfalli, sem matsmenn álíta að notkunargildi hinnar skemdu jarðar standi í við fyrirmyndarjörðina«.²) Hinn 19. febrúar 1892 voru samþykkt lög um breyting á mati nokkurra jarða, sem skemdar höfðu orðið í Vestur-Skaftafellssýslu og var þá ákveðið, að matið skyldi gert eftir þeirri reglu, »að 100 kr. virði í jörðinni, einsog hún mundi ganga kaupum og solum, sé látið gilda 1 hundrað að dýrleika«.³) Sýna þessi tvö lagaboð, hve hugmyndir þingmanna hafa þá verið á reiki.

Páll Briem hefur í hinni fyrrnefndu ritgjörð sinni fært mörg rök fyrir því, að hentugast og réttast mundi vera að meta jarðir eftir söluverði einsog gert var til forna, en ekki eftir hugmyndum Bergþórsstatútu, sem kom töluverðum glundroða á jarðamat 19. aldar. Í hinum nýju lögum um fasteignarmat, 3. nóvember 1915,⁴⁾ hefir alþingi lagt söluverðið til grundvallar með hliðsjón af ýmsu öðru. Þar segir, að hverja fasteign skuli meta einsog hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar með hliðsjón af tekjum af eigninni og hæfilegum leigumála, verði því er hún hefir verið seld síðustu 10 árin, söluverði nágrannafasteigna á sama tíma og virðingu til veðsetninga. Fasteignir skulu

I, (1849) bls. 83; XI, (1859) bls. 45–47, 58–59, 63–65, 73–74, 77–79, 133–135. Skýrslur um landshagi á Islandi I, bls. 620–801. Norðanfari II, (1863) bls. 34–36. Fróði III, (1882) bls. 85–88, 205–210. Auk þess mikið í Alþingistíðindum á við og dreif.

¹) Ný Félagsrit XVIII, bls. 42–47.

²) Stjórnartíðindi A. 1883, bls. 110–113; 1885, bls. 46–52.

³) Stjórnartíðindi A. 1892, bls. 14–17.

⁴) Stjórnartíðindi A. 1915, bls. 79–82.

metnar til peninga í hundruðum króna og skal matsverð hveurrar eignar standa á heilu hundraði. Hús skal meta sérstaklega, en með jörðum skal eigi meta innstæðukúgildi og annað lausafé. er jörð kann að fylgja. Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarðar taldar eitt hundrað á landsvisu. Hér er ákveðið, að eigi skuli meta innstæðukúgildi með jörðum og mun það verða örðugt í framkvæmdinni, þau eru af löngum vana orðin fastur hluti af jarðarverðinu. Páll Briem stakk upp á því 1900 að sleppa fornu hundraðatali og meta jarðirnar eingöngu í peningum, einsog lögin 3. nóv. 1915 skipa fyrir. hann taldi hundraðatal nú á tímum tóma sérvizku.¹⁾ Það er þó mjög efasamt. hvort þetta er rétt skoðun, hundraðatalið er stöðug eining, þjóðlegur verðmælir, sem hefir reynt hinn tryggilegasti grundvöllur undir búnaðarhögum Íslendinga í margar aldir, hefur landaurareikningurinn haldist fram á vora daga, sem óbifanlegur minnisvarði um viturleik forfeðra vorra, en hin seinni ár hafa glögglega sýnt, hve ákaflega peningaverðið er ótrygt og breytilegt. Peningamatið er því aðeins hægt að nota eingöngu, að það sé sífeldlega endurtekið með stuttu árabili.

Það er engum efa bundið, að landaurarnir eru til langframa miklu vissari mælikvarði en peningarnir; þó peningareikninginn sé nauðsynlegt að nota í daglegum viðskiftum, þá er hann á sífeldu flökti, og peningaverðið jafnan fallandi. Landaurareikningur er nátengdur sögu vorri og öllum bjargræðisathöfnum þjóðarinnar framan úr fornöld, og eftir honum hafa mörg gjöld og tollar verið borgaðir fram á þessa tíma. Verðlagsskrár voru ákveðnar á Íslandi með konungsráskurði 23. maí 1806, en sakir ófriðar og af öðrum ástæðum komust þær ekki til framkvæmdar fyrr en 1818 eftir endurnýjuðum konungsráskurði 16. júlí 1817. síðan hafa stjórnarvöldin á Íslandi árlega látið gera verðlagsskrár.²⁾

¹⁾ Lögfræðingur IV, bls. 54.

²⁾ Lovsamling for Island VII, bls. 23—25, 693—697. *Sigurður Hansen*: Um verðlagsskrár á Íslandi árin 1818 til 1856. (Skýrslur um landshagi á Íslandi I, bls. 234—283).

Um landaura segir Tómas Sæmundsson 1839: »Landaurarnir eru máttarstólpinn undir öllu bjargræði voru; þeir standa ætíð stöðugir. Þegar einu eyrir er lagður á móti öðrum, án þeirra geta menn sízt verið, því á þeim þarf að halda til lífsins helztu nauðsynja. fæðis og klæðnaðar, og eftir þeim verður hér á landi jafnan hollast að setja afgjald og tekjur, laun embættismanna og annað þvílíkt. Peningatekjurnar, sem búið er að einskorða til margra ára einu sinni fyrir öll, og ekki fara eftir því, hvað landaurarnir eru seldir og keyptir á hverju ári, eiga hér á landi illa við enn sem komið er, allra helzt til sveita, þar sem menn lifa að mestu leyti eingöngu við það, sem í landinu aflast. Peningarnir verða ekki brúkaðir til líkamlegrar nauðpurftar manna einsog þeir eru, og þegar fer að harðna á, verða þeir svo íburðarfrekir, að með því sem eitt árið var yfirfljótanlegt, geta menn ekki annað árið fengið hálfar þarfir sínar. . . . Svo hafa kjör andlegu stéttarinnar verið aumleg hér á landi á síðustu öldum, að ekki hefur annað haldið henni við, en að tekjum hennar, svo litlar sem þær eru, er svo notalega fyrir komið, að þær verða drjúgari til framdráttar lífinu, og affarasælli. Þegar alt er samantekið, allra helzt þegar fer að harðna á, en kanski hálfu meiri tekjur að álitum, sem greiddar væru í peningum, og það væri sú versta breyting, sem prestastéttin gæti orðið fyrir, ef frá henni væri svipt landauratekjurnum, en látnir koma peningar í móti.¹⁾ einsog þær gætu álitist vera, og enda þó valin væru þau árin til að verðleggja landauratekjur, þá þær voru mestar og mestir fengust fyrir þær peningarnir.²⁾ Nú á 20. öld eru orðnar miklar breytingar á öllu þessu, en

¹⁾ Nú er þetta framkomið sem kunnugt er. Með lögum um laun sóknarpresta 16. nóv. 1907 og lögum um sóknagjöld 30. júlí 1909, og fleiri lagaákvæðum, hefir hinni fornu kirkjuskipun verið umturnað frá rótum. Hvort hin íslenska þjóðkirkja þolir þessa meðferð til langframa, verður framtíðin að skera úr.

²⁾ Tómas Sæmundsson: Um bygging jarða, meðferð og úttektir í Búnaðarriti Suduramtsins Húss- og Bústjórnarfélags. Videy 1839, I, 1. bls. 167—168.

vist er það, að landaurareikningurinn, sem mörgum nú þykir óhafandi, var alíslenzk og snildarleg tilhögun, sem allur þjóðarþúskaður vor hefur verið byggður á í 8 eða 9 n hefir staðið stöðugur sem bjarg í brimi og hefur, þrátt fyrir alla einangrun og einokun, haldið jafnvægi á bjargræði voru og atvinnuvegum. Eftir þeirri gjörbreytingastefnu, sem nú um stund hefur gengið yfir Danmörku og Ísland, er edlilegt, að löggjafarvaldið á seinni árum hefur kappsamlega unnið að því athugalítið að breyta og umturna mörgu gömlu fyrirkomulagi. áður en nægilega hefur verið rannsakað hverjir kostir þess og gallar voru. Er þá stundum hætt við að menn af fljótfærni veiki eða felli ýmsar fornar og þjóðlegar stoðir undir bjargræðisvegum vorum. Á 20. öld hefur margt verið lagað eftir útlendu (dönsku) suiði og verður framtíðin að skera úr að hve miklum notum það verður.

II. Notkun graslendis og haga.

1. Tún og túnrækt. Heyvinna.

*Tún*¹⁾ kalla menn á Íslandi hin ræktuðu graslendi kringum bæina, sem borið er á, en afrakstur þeirra er kölluð *tada*; til forna voru tún vanalega nefnd völlum eða töðuvöllum. *Stærð túna* og rækt er mjög mismunandi á Íslandi, og flatarmál þeirra allra vita menn ekki enn með vissu. Eftir skepnufjölda og fódri því, sem þær þurfa, reiknaði Einar Ásmundsson 1870, að alt slægjuland á Ís-

¹⁾ Tún þýðir líklega upprunalega umgirt land (gerði), er sama orðið og town á ensku, toon á skozku, zaun á þýzku, tuyn á hollensku, garður, umgirt landspilda. Sbr. kaupþún. Í Noregi og á Færeyjum hafa menn hausavíxl á þýðingu ordanna bær og tún, kalla túnið bö og bövur, en bæinn með hláði og húsagardi tún. Sbr. Björn M. Ólsen í Tímariti Bmf. 1895, bls. 54—55.

landi mundi vera 20 ferh. mílur (1120 ferh. km.), þar af 4 ferh. mílur (224 ferh. km.) tún og 16 ferh. mílur (896 ferh. km.) engjar.¹⁾ Þetta mun vera allnærri sanni. Eftir búnaðarskýrslum var stærð túna 1909 talin 3,31 ferh. mílur eða 187,8 ferh. km. 1912 61.455 dagsláttur eða 196,1 ferh. km. 1914 61.756 dagsláttur, 197 ferh. km. Þetta mun vera heldur lágt reiknað eftir kúafjölda og töðufalli, mun réttast að telja, að túnin sé nálægt 4 ferh. mílum að flatarmáli²⁾ og er það lítil ræktun á svo stóru landi, þar sem vér höfum að kalla takmarkalaus viðáttu til ræktunar. Framför í túnræktun hefir verið allmikil á seinni tímum á stöku stað, einkum kringum Reykjavík og aðra kaupstaði og svo í nokkrum sveitum á ýmsum jörðum; en þegar landið er tekið í heild sinni, er framförin líklega ekki mjög mikil, efasamt hvort flatarmál túna hefir vaxið nokkuð að mun, en allviða hafa þau verið mikið betur ræktuð en áður. Margar jarðir, einkum á útkjálkum, hafa á seinni árum lagst í eyði eða fallið í órækt og þá gengur ræktunarframför alls landsins í sjálft sig aftur, þó hún sé nokkur sumstaðar.

Á fyrri öldum, sérstaklega á 13.—16. öld, hafa túnin að öllum líkindum verið töluvert stærri, þegar menn höfðu hin miklu kúabú og má víða sjá þess merki, einkum á höfuðbólum, að túnin hafa minkað að mun. Afturförin mun hafa verið stórstígust eftir miðja 16. öld og út hina 18. Magnús Ketilsson sýslumaður segir 1792, að jarðrækt fari þá mjög aftur, svo »tún, sem í manna minnum gáfu af sér 100—120 hesta, gefa nú af sér 50—60 hesta.«³⁾ Sveinn Sveinsson búfræðingur segir 1873: «Það er alls eigi sjaldan, hvorki fyrir vestan eða norðan, að sjá má, að túnin hafa verið talsvert stærri áður, en þau eru nú, og má það bezt

¹⁾ *Einar Ásmundsson*: Um framfarir Íslands. Khöfn 1871, bls. 16—17. Sbr. *Lögfræðingur* III, bls. 145.

²⁾ Samkvæmt lögum 3. nóv. 1915 á að vera búið að mæla öll tún og matjurtagarða utan kaupstaða árið 1920. (*Stjórnartíðindi* A. 1915, bls. 179). *Páll Zóphóníasson*. Túnmælingalögin (*Freyr* XIII, 1916, bls. 25—27).

³⁾ *Gömlu Félagsritin* XII, bls. 2.

marka af hinum gömlu túngörðum. er víða sjást menjar til og standa talsvert fyrir utan það, sem ræktað er af túnunum nú og eru milli túngarðanna og garðbrota þessara annaðhvort graslitlir þúfnamóar, eða flagblásnar þúfur. Einatt sér líka brot af tveimur túngörðum, öðrum utar en hinum innar, og sést þá, að ytri túngarðurinn er eldri og lægri, hinn þar á móti hærri og nýlegri, og þó er oft svo mikil órækt komin fyrir innan hann, að eg alls eigi efast um, að ef þeir bændur, sem nú búa á jörðum þessum, færu að girða um tún sín, þá mundu þeir setja garðana talsverðan spöl fyrir innan þessa innri garða, því þar spóruðu þeir bæði tíma og peninga, en mistu ekkert, það er að segja, ef þeir ætluðu sér að halda áfram í sömu stefnu og áður. Að túnin eru svo illa vaxin og víða orðin miklu minni en áður, er einungis vanhirðingu og áburðarleysi að kenna.¹⁾ Annars hefir flatarmál hins ræktaða lands jafnan verið stopult, af því svo margar jarðir, einkum smábýli og fjallabýli, stöðugt hafa verið lögð niður eða tekin upp aftur á víxl með löngum árabílum.

Hve mikla töðu hver *dagsláttu* gefur af sér er mjög mismunandi eftir ræktuninni, en þó hefir jarðvegur og árferði edlilega allmikil áhrif á afraksturinn.²⁾ Ræktun túna hefir sennilega farið töluvert fram á 19. öld og framan af hinni 20. öld, svo meira fæst af dagsláttu en áður, en þó mun það lítið ennþá sumstaðar; þó ræktunin sé mjög góð á stöku stað, þá hefir það ekki mikil áhrif til jafnaðar yfir allt landið. Túnræktin er afar misjöfn í ýmsum héraðum,

¹⁾ Skýrsla Búnaðarfélags Suðurrámsins 1872-1874. Rvík 1875 bls. 15.

²⁾ Afrakstur túna hefir jafnan verið mjög mismunandi eftir árferði. Hæða árið 1811 er sagt að 160 hestum hafi verið færri af Leirártúni en vant var, og Stelán amtmaður fékk 600 hesta alls á Hvitár-völlum, en 1200 voru í meðalári. (Árferði á Íslandi bls. 211). Sumarið 1908 fengust á Hvanneyri 700 hestar af töðu, en allur heyskapurinn varð rúmí 3000 hestar af vænu bandi. S. á. heyjuðust í Kaldaðarnesi 2800 hestar (Freyr V, bls. 127). Sumarið 1915 heyjaðist með bezta móti á Suðurlandi, þá fengust 2500 hestar á Selalæk og 2000 hestar í Deildartungu (Freyr XIII, 1916, bls. 4).

en þó er það víst að henni hefur farið fram síðustu 30 árin; þó flatarmál alls töðulands hafi ekki vaxið mikið, þá hefir þó allmikið verið sléttað og meira verið borið á, og túnin verið varin betur með girðingum en áður, af þessu hefir leitt meiri uppskeru, svo afrakstur túna hefir að ætlu manna á þessu tímabili vaxið um fjórðung. Flatarmál túna var 1911 í Landshagsskýrslum talið 61.248 dagsláttur og töðufallið 593,378 hestar, yrðu eftir því $9\frac{2}{3}$ hestar af dagsláttu að jafnaði um alt land; 1914 var dagsláttutalan 61,756, töðufengur 687 þús. hestar, meðal afrakstur af hverri dagsláttu ætti þá að vera rúmir 11 hestar. Fullkomna vissu gefa þessar tölur ekki, sérstaklega vegna þess að dagsláttutalan mun vera altof lág; það getur varla verið rétt að ætlast á, að hver dagsláttu á öllu landinu gefi af sér 9—11 hesta að meðaltali, af sumum fæst meira, en af flestum miklu minna¹⁾. Það mun vera nokkuð algengt að 10—15 hestar fái af dagsláttu að meðaltali af góðum tünnum, þó þau séu nokkuð þýfð, og sumstaðar meira. Í Reykjavík hafa stundum fengist 30 hestar af dagsláttu og fram yfir það, og eins á litlum túnpörtum hér og hvar til sveita,²⁾ en til eru þau héruð, þar sem eigi hafa fengist nema 5—6

¹⁾ Um ágóða af túnrækt hafa meðal annara ritað: *Jón Johnsen*: Hugvekja um þinglýsingar, jarda kaup, veðsetningar og peningabrukun á Íslandi. Kmhöfn 1840, bls. 139—150. *Jón Sigurðsson*: Nokkur orð um jarðyrkju (Ný Félagsrit VI, 1846, bls. 134—143). *Guðmundur Einarsson*: Um túnrækt (Tímarit Bókmaf. I, 1880, bls. 33—48) Sbr. Lögfræðingur III, bls. 154—155. *Torfi Bjarnason*: Um túnrækt (Búnaðarrit XVII, 1903, bls. 67—76). *Víkverji I*. bls. 112—113. Sbr. (Tryggvi Gunnarsson) Nokkrar greinar um sveitabúskap. (Ný Félagsrit XXIV, 1864, bls. 27—123). *Gíslí Ólafsson*: Um jarðyrkju (Ný Félagsrit XIX, 1859, bls. 92—127).

²⁾ Þess er getið um 1840 að Guðmundur bóndi á Háfafelli í Borgarfirði hafði ræktað svo vel tún sitt, að hann fékk 30 hesta af dagsláttu, þar sem bezt var borið á, en þar höfðu fengist 4 hestar af dagsláttu, er hann tók við. (*Jón Johnsen*: Hugvekja 1840, bls. 149). Sumarið 1913 fengust af flöt í tüninu í Huppahlíð í Miðfirði, 250 ferh. faðma að stærð, 10 hestar af vænu bandi, sem svara til 36 hesta af dagsláttu. Af flöt 120 ferh. faðma stórri á Ljótunnarstöðum í Hrútafirði fengust 5 hestar; það samsvarar 37 hestum af dagsláttu. (*Freyr XI*, 1914, bls. 32).

hestar af dagsláttu að meðaltali. Vér setjum hér nokkur dæmi um afrakstur túna fyrir og síðar.

Á 18. öld voru tún á Íslandi alment í litilli rækt, þó telur Björn Halldórsson, að hálfur annar eyrisvöllur (dagsláttar með góðri rækt gefi af sér kýrfóður, en kýrfóður reiknar hann 26 hesta, hvern á 3 vættir, eða 240 pund; en nú er töðuhestur vanalega talinn 2 vættir (160 pd.) og verður kýrfóðrið þá einum hesti minna en nú er vanalega talið og 26 hestar af vanalegu bandi af dagsláttu. Það er þó mjög ólíklegt að mörg tún hafi verið í slíkri rækt á þeirri öld, nema þá hjá síra Birni sjálfum.¹⁾ Stefán Þórarinnsson amtmaður segir (1796), að ýmsar jarðir á Norðurlandi gefi af sér 15—16 hesta af dagsláttu í góðum árum og hefir það þá verið fremur óalgengt.²⁾ Ólafur Stephensen stiftamtmaður getur þess, að á Geitaskarði í Langadal hafi fengist 22 dragbandshestar góðrar töðu af dagsláttu með sauðataðsáburði³⁾, en Magnús Ketilsson sýslumaður segir, að ekkert tún í Dalasýslu gefi af sér 12 kapla með 10 fjórðunga böggum af dagsláttu til jafnaðar, segist þó í Búðardal hafa getað ræktað nokkrar dagsláttur svo vel, að af þeim fengust 20 hestar, en aðeins í bezta ári hafi til jafnaðar fengist 12 hestar af dagsláttu af öllu túninu.⁴⁾

Einar Ásmundsson í Nesi segir: »Margföld reynsla sýnir það, að hér á landi þarf ekki nema jarðveg í meðallagi og meðal-árferði til þess að ein dagsláttar í túni, sem fær þolanlega ræktun, gefi af sér nægilegt fóður handa einni kú um fimta hluta ársins, eða af 5 dagsláttum fáist fóður handa kúnni, ef hún væri alin inni allt árið.⁵⁾ Nú mun alment kýrfóður víðast talið 40 hestar (eða um 50

1) Atli. Hrapsey 1783, bls. 78.

2) Gömlu Félagsritin XIV, bls. 231.

3) s. st. V, bls. 97.

4) s. st. VII, bls. 96. Í Nýjum Félagsritum (1859, XIX, bls. 100) er sagt að ekki geti kallast góð rækt í túni fyrir en 20 hestar fáist af dagsláttu.

5) Einar Ásmundsson í Búnaðarriti II, 1888 bls. 32. Sbr. Um framfarir Íslands bls. 17,

hestar alt árið) og telur Einar Ásmundsson eftir því, að á túni með þolanlegri ræktun gefi dagsláttan af sér 8–10 hesta af töðu. Tómas Sæmundsson telur kýrfóður 36 hesta af vættar böggum og tún í góðri rækt, sem gefur af sér 18 hesta af eyrisvelli.¹⁾ Sveinn Sveinsson búfræðingur segir 1873, að á Vesturlandi fái til jafnaðar 5 hestar af dagsláttu, þegar hún er þýfð og borið hefir verið á hana árlega, en vestan til á Norðurlandi segir hann víðast fái 8–10 hestar af dagsláttu.²⁾ Á Hvítanesi í Borgarfirði segir hann, að 1867–74 hafi að meðaltali fengist nærri 12 hestar af dagsláttu, mest 15, minst 10, eftir árferði; á Görðum í Borgarfirði fengust 1866–71 $4\frac{1}{2}$ –6 hestar af dagsláttu, en 1872–74 með betri rækt 10 hestar að meðaltali.³⁾

Ólafur Ólafsson frá Lundum hefir gefið út skýrslu um stærð á túnnum og afrakstur þeirra á $20\frac{1}{2}$ jörð í Kjós 1880; stærð allra túnanna á þessum jörðum var 306,7 dagsláttur, af þeim féllu til samans 3442 hestar af töðu, eða 11,2 hestar af hverri dagsláttu að meðaltali. Stærsta túnið var á Meðalfelli, 30 dagsláttur, er gaf af sér 330 hesta eða 11 af dagsláttu; minsta túnið var á Eyhóli 3,6 dagsláttur, er gáfu af sér 40 hesta, eða um 11 af dagsláttu. Minst fékst á bæ 8 hestar af dagsláttu, mest 15.⁴⁾ Þetta sumar var óvanalega heitt, og grasvöxtur meiri venju víðast um land, svo líklega er afrakstur þessara jarða dálítið minni í meðalári. Jónas Eiríksson búfræðingur hefir 1879 samið skýrslu um jarðir í Múlasýslum⁵⁾ og getur þar um túnstærð og heyfeng á 65 bæjum í Reyðarfirði, Skriðdal, Skógum, Völlum og Eiðapinghá. Voru vallardagsláttarnar á þessum jörðum samtals 611 og meðal-heyfangur á ári alls 5465 hestar. Eftir því fást þar að meðaltali tæpir 9 hestar af dagsláttu. Stærst

¹⁾ Fjölur V, 1839, bls. 48.

²⁾ Skýrsla Búnaðarf. Suðuramts 1872–74. Rvík 1875 bls. 14.

³⁾ Sama skýrsla 1874–76. Rvík 1877, bls. 11–14.

⁴⁾ Sama skýrsla 1880–84. Rvík 1885, bls. 8–9.

⁵⁾ Skýrsla eftir Jónas Eiríksson búfræðing um ferð hans um nokkrar sveitir í Suður-Múlasýslu sumarið 1879. (Skuld, III, 1879, bls. 312–314, 324–329, 333–336, 346–351, 361–366, 372–376).

tún voru þá á Ketilsstöðum. 32 dagsláttur með 250 hesta afrakstri, og á Eskifirði, 30 dagsláttur með 360 hesta heyfeng. Torfi Bjarnason segir 1903, að heimatúnið í Ólafsdal, sem alt hefir verið sléttað og er 21 dagsláttur að stærð, gefi af sér árlega 240—280 hesta af töðu í fyrra slætti, en 60—120 hesta af há, hesturinn 200 pd., og verður það 18—25 hestar af dagsláttunni með vanalegu bandi. Túnið á Fellsenda hefir líka alt verið sléttað og er 28 dagsláttur, af því fást vanalega 400 hestar eða 18 hestar af dagsláttu af smábandi.¹⁾ Árið 1903 voru tún á Vestmannaeyjum 170 dagsláttur að stærð og gáfu af sér 2113 töðuhesta,²⁾ eða 12 $\frac{1}{3}$ hest að meðaltali hver dagsláttu.

Einsog kunnugt er, kalla menn þann vallarflöt dagsláttu, sem er ferhyrningur, 30 faðmar á hvern veg, eða 900 ferh. faðmar að flatarmáli. Dagsláttu hefir að fornu fari verið kölluð eyrisvöllur, af því kaupamenn áttu að slá hann á dag og taka eyrir (6 álnir) fyrir í kaup og fæði. Í Búalögum segir: Þritugur á að vera eyrisvöllur á hvern veg horna á milli á sléttum velli eða lítt þýfðum í soddan máta, að þú skalt mæla hann með þritugum vað, og leggja vaðinn niður á milli hinnar þriðju hveirrar þúfu, ef hnappaþýfi er. Það er kölluð dagsláttu og meðalmanns verk.³⁾ Ef talið er eftir dönsku nútíðarmáli, þá er sláttur dagsláttu meira en meðalmanns verk, er litil ástæða til að ætla, að fornmennt hafi allir verið það meiri sláttumenn. Örðugleikinn og ósamkvæmnin liggur í því, að hin forna dagsláttu er alt önnur en hin nýja, og hafa menn eigi athugað, að flatarmálið hlaut að breytast með lengdarmálinu. Hin forna íslenska lögalin, sem var í gildi til 1200, var eftir rannsókn dr. Björns M. Ólsen 49.143 sentimetrar eða 18.79 danskir þumlungar; árið 1200 var stíkan lögleidd, en það var raunar sama mál. Því stíka var réttar tvær álnir fornar. Málfaðmur var frá alda öðli talinn jafn meðalmanns hæð, eða

¹⁾ Búnaðarrit XVII, bls. 68—69.

²⁾ *Einar Helgason*: Vestmannaeyjar (Búnaðarrit XVIII, bls. 225).

³⁾ Búalög. Rvík 1915, bls. 31, 55, 70.

3¹/₂ forn alin, faðmurinn þá 65.76 d. þuml. eða 172 sentimetrar. Það er enginn efi á því, að átt er við forna málfaðma, þegar Búalög tala um dagsláttu, en síðar hafa menn af þekkingarleysi og hugsunarleysi miðað dagsláttuna við seinni tíma álnir og faðma; Hamborgaralin kom hér inn með þýzku verzluninni á 16. öld og var síðar kölluð íslenzk alin, hún var 21⁹/₁₁ d. þuml. eða 57.064 sentimetrar (um 22 þuml.), sú alin var lögalin fram til þess, að danskt mál var lögboðið með tilskipun 30. maí 1776, en dönsk alin er 24 þuml. eða 62,77 sentimetrar. Af þessu leiddi mikinn rugling á hugmyndum manna um stærð dagsláttu og þá eðlilega skakkar hugmyndir um meðal-sláttumann og heyvinnu og við það urðu ýmsar fornar kröfur og kvaðir harðar og ósanngjarnar. Hefir þessi hugmynd um dagsláttustærðina haldist fram á þennan dag hjá alþýðu, þrátt fyrir það að Páll Vidalin lögmaður (1667—1727) fyrir löngu hafði bent á,¹⁾ að hin forna dagsláttu var minni en sú dagsláttu, sem þá tíðkaðist. Séu hinir fornu málfaðmar reiknaðir sem fyrr segir, verður íslenzk dagsláttu 743,8 danskir ferh. faðmar, en eigi 900 sem vanalega er talið, og skiljast þá betur ákvæði Búalaga um meðalmannsverk o. fl. þar að lútandi.²⁾

Tungarðar eða girðingar munu nú vera kringum fjölda mörg tún á Íslandi, þó engan veginn kringum öll; víða eru líka traðir, með gördum beggja megin, heim að bæjum. Sumstaðar er gördum mjög ábótavant og þeir illa hirtir og eigi eru þau býli fá, þar sem þá vantar algjörlega. Í Austur-Skaftafellssýslu voru tún til skamms tíma víða ógirt,³⁾ og svo er enn allvíða í afskektum sveitum. Flestir tungarðar

¹⁾ Fornyrði lögbókar bls. 23—25,

²⁾ Nánar um þetta má lesa í hinni ágætu ritgjörð dr. Björns M. Ólsen »Um hina fornu íslenzku alin« í Árbók fornleifafélagsins 1910, bls. 1—27.

³⁾ Búnadarrit XX, bls. 30. Í öllum Breiðdal var 1904 aðeins eitt tún girt. Á Héraði eru tún girt á stöku stað, þó tiltölulega mjög óvíða. Í Vopnafirði hafa eigi allfá tún verið girt með torfgarði fyrir mannsaldri sídan. Nú eru þær girðingar eyðilagðar að mestu. Á stöku stað eystra er farið að nota gaddavir til tunguðinga að einhverju leyti, einkanlega í fjörðunum. Freyr II, bls. 5.

á 19. öld voru hlaðnir úr torfi, sumir úr mýrahnausum eða sniddu. Á stöku stað eru túngarðar úr grjóti og torfi og sumstaðar vírgirðingar ofan á lágum torfgörðum.¹⁾ en sumstaðar vírgirðingar eingöngu. Vörzluskurðir eru sumstaðar fram með túngörðum eða þá einsamlir við parta af túnnum, eftir því sem hagar landslagi. Sumstaðar eru grjótgarðar kringum tún, annaðhvort tvíhlaðnir eða einhlaðnir og mjög mismunandi að gerð og varanleik, þeir sjást hingað og þangað um landið, en eru algengastir við sævarsíðuna og þar sem nægt efni er fyrir hendi. Girðingar úr tré eru óalgengar, nema sumstaðar í kaupstöðum og sjóþorpum kringum litla bletti. Á seinni árum hafa gaddavírgirðingar aukist mjög víðsvegar um land, eigi aðeins kringum tún. heldur hafa menn líka sumstaðar girt engjar, hagalönd og afréttarlönd.²⁾ Girðingalögin 19. des. 1903 og 22. nóv. 1913³⁾ komu mikilli hreyfingu á girðingamálið; allmikið fé var lagt fram úr landssjóði til að kaupa gaddavir og járnstólpa og til lána einstökum mönnum og sýslufélögum. Girðingar, sem gerðar voru á árunum 1861—1910 námu 552 mílum og þaraf voru gerðar 142 mílur af gaddavírgirðingum á árunum 1901—1910;⁴⁾ á árunum 1911—1914 voru gerðar 1877 km. af alskonar girðingum, þó langmest vírgirðingar (1606 km.). Landsbúnaðarfélagið hefir hvatt til girðinga og styrkt menn og félög til samgirðinga.⁵⁾

Fornmenn sýndu dugnað sinn í garðhleðslum sem öðru, túngarðar eða vallargarðar munu þá eflaust hafa verið á

¹⁾ Þórhallur Bjarnarson (Búnaðarrit XVIII, 1904, bls. 180) og Torfi Bjarnason (Andvari XXXVII, 1912, bls. 92—93) telja slíka garða framtíðargirðingar, hentugastar hér á landi.

²⁾ Í Ffey VI, 1909, bls. 113—116 eru talin mörg dæmi úr ýmsum héruðum.

³⁾ Stjórnartíðindin 1903, A. bls. 326—333; 1913, bls. 194—197. Um girðingamálið var á þeim árum mjög mikið rætt og ritað. Sbr. t. d. Freyr I, bls. 25—34; VI, bls. 73—76.

⁴⁾ Landshagsskýrslur 1911, bls. 19—200. Búnaðarskýrslur 1914, bls. 14.

⁵⁾ Búnaðarrit XXIV, 1910, bls. 233—234. Samþykktir um samgirðingar í Stjórnartíðindum 1914 B. bls. 161—162, 292—294.

flestum bæjum og þá voru líka víða landamerkjagarðar, hagagarðar, engjagarðar og vörzlugarðar af ýmsu tægi. Þeir bygðu jafnvel garða fyrir gil. Þar sem skriðuhætt var; lögðu fornmennt mikla áherzlu á garðhleðslur, enda er þeirra mjög oft getið í fornum lögum. Í Grágás var ákveðið, að allur ágangur búfjár á tún, akra og engi varðaði við lög, enda er álitíð sjálfsagt að menn girði lönd sín, og skyldir eru menn að girða engi, ef það er í annars landi.¹⁾ Jónsbók segir: »garðr er granna sættir« og »hverr maðr skal löggarð gjöra um töðuvöll sinn«, »en þat er löggarðr, sem 5 feta þykkur er við jörð niðri, en þriggja ofan, hann skal taka í öxl þeim manni af þrepi, er hann er hálfrafr fjórðu álnar hárr.«²⁾ Það mun láta nærri að garðurinn eftir því eigi að vera 5 feta hárr. Auðsjáanlega er hér átt við torfgarða, en allir garðar eru löggarðar, ef þeir eru gripheldir. Eftir Jónsbók voru menn þannig réttlausir fyrir ágangi fjár, ef þeir höfðu ekki löggarða um tún sín. Þegar Jónsbók var lögtekin á alþingi 1281, voru bændur óánægðir með þessi ákvæði, og bendir það til þess að þeir muni ekki allir hafa haft löggarða um tún sín og ekki viljað láta skylda sig til að byggja þá.³⁾ Krefjast þeir þess á þingi, að »helgi túns, engja og akra« haldist sem fyrr.⁴⁾ Enda varð það til þess, að lagafyrirmæli þessu var breytt með réttarbót Eiríks Magnússonar 2. júlí 1294.⁵⁾ Þar er lögboðið að full skaðabót skuli greiðast fyrir beit töðu, akra og engja »þó að eigi sé löggarðr um«, en »skylt er að hafa löggarð hvar sem hlaðið er korni eða töðu«.

Eftir orðum Jónsbókar er helzt átt við torfgarða, en grjótgardar voru líka tíðir til forna, og er þeirra alloft getið

1) Grágás 1852, II, bls. 95—96.

2) Jónsbók, útg. Ól. H. bls. 160. Sbr. Lögfræðingur I, bls. 19—20.

3) Í Reykdæla sögu kap. 15, bl. 48—49 segir svo: »Bóndi þóttist þurfa að láta gera garð um tún sitt fyrir þingmönnum, at eigi beitti þeir upp völlinn«. Bendir þetta og til þess, að ekki hafa öll tún verið girt.

4) Biskupasögur I, 719, 723. Dipl. isl. II, bls. 208.

5) Lovsamling for Island I, bls. 17—22. Dipl. isl. II, bls. 282—288.

í fornum bréfum. Fornmenn hljóta að hafa lagt mikla vinnu í garðlagningar. Því víða sjást enn leifar af afarlögnum görðum út um móa og jafnvel upp um heiðar, hafa það líklega verið landamerkjagarðar eða varnargarðar, eða afgirtar hagaspildur fyrir ýmsar tegundir búpenings. Er auðsætt að girðingar þessar hafa verið vel gjörðar, úr því eftirstöðvar þeirra enn sjást, eftir svo margar aldir.¹⁾ Einna mest ber á slíkum girðingum víða út um haga í Þingeyjar-sýslu. Á landamerkjaskrá fyrir Hafralæk, Garð, Skriðu o. fl. jarðir í Aðaldal árið 1263 sést vel, hve margbrotnar girðingar hafa verið í því bygðarlagi, og bændur skyldir að halda lokuðum hliðum svo eigi gengi peningur á engjar og tún.²⁾ Þess er og getið í fornum bréfum, hverjir bændur eigi að halda við varnargörðum á dala-afréttum, þannig eiga. 1397. bændur í Kræklingahlíð, sem eiga upprekstur á Glerárdal, að halda við garði fyrir daliun, og 1351 er þess getið, að nokkrir bæir, sem eiga beit í Höfðanum á Skagaströnd, eru skyldugir að halda við hagagarði³⁾ o. s. frv. Það þótti snemma mikið til þeirra manna koma, sem voru góðir garðlagsmenn. Í Fljótsdælu er um lok 10. aldar getið um Ásbjörn vegghamar, »hann var svá mikill meistari á garðlag, at þat er til marks, at þeir garðar standa enn á Austfjörðum, er hann hefir reista«, segir söguritarinn, hann »lagði garða um tún manna og svo merkigarða«. Þosteinn Egilsson lét gera garð um þvera Grísatungu, milli Langavatus og Gljúfrár og »lét þar at vera marga menn um vart.«⁴⁾

Á seinni öldum, þegar kyrkingurinn fór að koma í alt þjóðlíf Íslendinga og bjargræðisvegunum fór að hnigna að mun, lögðust fyrst niður hagagarðar og landamerkjagarðar, svo sukku bændur dýpra og dýpra, og um miðja 18. öld voru menn svo langt leiddir, að flestir túngarðar voru fallnir,

¹⁾ Stórum varnargarði fornum yfir Haukadal við Dýrafjörð er lýst í Árbók fornleifafélags 1883, bls. 28.

²⁾ Dipl. isl. II, bls. 3—4.

³⁾ Dipl. isl. III, bls. 620, 56.

⁴⁾ Fljótsdæla saga. Rvík 1896, bls. 59—60, 61. Egilssaga 1892, kap. 83, bls. 274.

og mátti fara sýslu úr sýslu án þess nokkur girðing sæst uppistandandi. Jón Sveinsson sýslumaður segir 1781, að girðingar túna séu þá »viðast fallnar og forsómaðar«, og túnin »liggja nú viðast hvar opin og ógirt.«¹⁾ Þó sá bæði hann og margir aðrir í þá tíma, hve nauðsynlegar girðingarnar voru, og Ólafur Stephensen stiftamtmaður segir: »til lítills kemur öll vor hirðusemi um tún, séu þau ekki umgirt með gripheldum görðum.«²⁾ Nicolai Mohr, sem ferðaðist víða um Ísland á árunum 1780—81, kom að Kjörseyri við Hrutafjörð og sá þar túngarð kringum alt túnið, sem hann annars hvergi segist hafa séð á Íslandi, en leifar af gömlum föllnum görðum segir hann sjáist víða. Bóndinn á Kjörseyri sagði honum, að garðhleðslan hefði borgað sig vel, því nú fengi hann tvöfalt meiri töðu af túninu en áður;³⁾ fáir bændur munu í þá daga hafa verið svo skynsamir. Sumir embættismenn munu þó hafa girt tún sín, þess er t. d. getið um Jón Jakobsson sýslumann (1738—1807), að hann hafi látið setja túngarð um tún sitt á Espihóli og sléttaði það víða.⁴⁾ Magnús Stephensen gefur í Eftirmælum 18 aldar túnunum á þeirri öld þann vitnisburð, að þau séu allvíða »rótlaus, sporuð, fena- og flagafull, eltningar- og mosagróin, mjýrskotin með köflum, úrgengin eða illa slæg, og heilum sýslum eða landsfjórðungum saman ógirt, nædd og kalin«. Landsnefndin mikla 1770, sem átti að gefa stjórninni skýrslur um ástand atvinnuveganna á Íslandi, benti meðal annars á girðingamálið og varð það til þess, að stjórnin gaf út hina alkunnu túngarða- og þúfnafyrirskipun 13. maí 1776.⁵⁾ Þar er boðið með harðri hendi,

¹⁾ Um vallarrækt (Gömlu Félagsritin I, bls. 166).

²⁾ Gömlu Félagsritin VI, bls. 53.

³⁾ *N. Mohr*: Forsög til en islandsk Naturhistorie, Köbenhavn 1786, bls. 357. Bóndinn hét Ólafur Þórðarson og var merkisbóndi og dugnaðarmaður. Sbr. Eimr. XX, 1914, bls. 176—183. Ólafur Olavius (*Öecon. Rejse* bls. 55) sem ferðaðist á Íslandi 1775—1777, segir um íslenzku túnin, að þau séu »ufredede, tuede, skaldede og forfaldne i større eller mindre Grad«.

⁴⁾ Sýslumannaæfir I, bls. 283.

⁵⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 278—296. Atli, 1783, bls. 15—31. Skýrslur um landshagi á Íslandi II, bls. 119—121.

að byggja skuli túngarða um öll tún á Islandi og lagðar við sektir, ef ekki er hlýtt þeim fyrirmælum, að bóndi hver skuli árlega hlaða 5 faðma af steingarði á ári eða 8 faðma af moldargarði fyrir sjálfan sig og eins mikið fyrir hvern verkferan karlmann á heimilinu: ef hlaðið var fram yfir hið ákveðna mál, var heitið verðlaunum. Þessi upphvatning varð til þess, að nokkrir bændur í lok 18. aldar hlóðu túngarða, en svo komst alt í sama horfið aftur, enda gengu þá móðuharðindin yfir og mörg önnur bágindi. Enginn eða fáir hlýddu konungsboðinu um túngarðahleðsluna, hreppstjórnarnir, sem áttu að hafa umsjón með þessu og áttu að draga hina seku fyrir dóm, voru jafnsekir hinum og alt lenti í tómlæti og hirðuleysi. Þeir sem sáu sér hag í að girða, hirtu verðlaunin, sem stjórnin og landbúnaðarfélagið danska voru óspör á. Á 19. öld fóru bændur smátt og smátt að rakna við, bæði fyrir uppörvanir ýmsra rithöfunda og af eftirdæmi einstakra manna, og síðan fóru búnaðarfélagin að yta undir framfarir í þessum sem öðrum greinum búnaðarins, en verulegt skrið kom fyrst á girðingamálið á 20. öldinni.²⁾ Langt fram eftir 19. öld sáust túngirðingar ekki nema á einstöku bæ í mörgum sveitum, í gróandanum og um sláttinn var strákur eða stelpa með hrossabrest og hund víða látin vaka yfir túni og var það oftast að litlu gagni, peningurinn kom jafnóðum aftur sem hann var rekinn.

Á sumum bæjum eru *traddir* heim yfir völlinn að bæjar-

¹⁾ Verðlaunaveitingarnar fyrir túngarðahleðslu og margt annað eru taldar í Gömlu Félagsritunum og í formála fyrir Ferðabók Olavii.

²⁾ Um túngarða og girðingar hafa meðal annara ritað: *Jón Sveinsson* í Gömlu Félagsrit I. 1781, bls. 169–170. *Jón Helgason*: Um þúfnasléttun og túngarðahleðslu (Búnaðarrit húss- og bústjórnarfélagins I, 1. Viðey 1839, bls. 27–46). *Tómás Sæmundsson* í Fjölni V. 1839, bls. 34–38. *Sveinn Sveinsson* í Skýrslu Búnaðarfélagssudurantsins 1872–74. Rvík 1875, bls. 15, 19. *Guðmundur Einarsson* í Tímariti Bókmenntafélagsins I, 1880, bls. 42–44. *Sigurður Sigurðsson*: Um girðingar (Búnaðarrit X. 1896, bls. 59–72. *Páll Briem*: Ágangur búfjár (Lögfræðingur I, 1897, bls. 1–34; II, bls. 70–83). Sbr. Ýmsar greinir í Búnaðarriti eftir 1903. Freyr I, bls. 25–34 o. s. frv.

hlaði, til þess hestar eigi sparki út túnið, en það er hvergi nærri alstaðar, þó girt sé; hestaréttir eru á stöku stað, til að láta í hesta ferðamanna, helzt á heldri bæjum, þingstöðum og kirkjustöðum. Traðir hafa líklega verið að bæjum til forna, þó þess sé eigi getið; þó segir í Njálu (kap. 76) »traðir voru fyrir ofan garðinn at Hliðarenda« en það er þó efasamt hvort það hafa verið traðir í nútíðar merkingu, líklega heldur fjartraðir.¹⁾ Menn virðast hafa kallað traðirnar geilar og garðana fram með þeim geilagarða, um geilagarðshlið er talað í Sturlungu.²⁾

Túnin íslensku eru mjög mismunandi að gæðum eftir jarðvegi og legu þeirra. Þykt jarðvegsins og efni er mismunandi, túnið getur hafa verið ræktað á klöppum, eða holtum, í mýrlendi, á harðvelli, í fjallshlið eða á sléttu og orsakast af þessu öllu mismunandi eðli og mismunandi jarðargróður; þó gætir þess minna þar sem ræktin er góð.

Þúfur, túnasléttun. *Þúfurnar* eru aðaleinkenni íslenskra túna, þrátt fyrir allar jarðabætur, mun verða langt í land þangað til hægt verður að útrýma þeim. Þúfur af sama

¹⁾ Tröð hafði einnig aðra þýðingu til forna, svo voru kölluð umgirt svæði fyrir fénað. Í máldaga Gaulverjabæjar 1220 stendur: »allir þeir menn, sem sambeit eigu upp á völl, skulu hafa í tröð fé sitt of vetr upp frá Ólafsmessu« (Dipl. isl. I, 404; II, 671; III, 114). 1360 er nefndur »traðastadur« og hrossabeit, er tilheyrir Mel í Miðfirði (Dipl. isl. III, 166) og virðist það vera girðing fyrir hross líkt og »hrossastöðull«, sem nefndur er 1356 (Dipl. isl. III, 114). Til skamms tíma hafa umgirt svæði fyrir búpening í ýmsum héraðum verið kölluð »traðir« og verið kallað að »traða fé« þegar það var látið inn í slíkar girðingar. Í Skaftafellssýslum hafa menn haft náttþaga fyrir hesta, er þeir kölluðu traðir. Í Jónsbók er (bls. 139) talað um »traðgjöf« handa hrossum; þar er líklega átt við umgirt svæði, er útígangshestar voru látnir í, þegar þeim var hjúkrað með modi og öðrum úrgangi úr heyi. Hvort orðið »tröð« í staðanöfnum á Íslandi á nokkuð skylt við akuryrkju, eins og dr. Björn M. Ólsen heldur (Búnaðarrit XXIV, 1910, bls. 89), er efasamt. Árið 1470 er getið um »akurtröð í Svinanesi« í Þorskafríði (Dipl. isl. V, 591) og þýðir það víst alveg sama sem akurgerði, girtur akurblettur, og að »akur sé í tröð« bendir til þess, að ekki sé sáð í hið umgirta akurland, en að það sé notað til beitar eða sem náttþagi.

²⁾ Sturlunga. Rvík útg. II, bls. 362. Biskupasögur I, bls. 748.

tægi eins og þúfurnar í íslenskum túnnum eru hvergi til nema í norrænum eða köldum löndum, þar sem klaki er í jörðu langt fram eftir vorinu. Túnaþúfurnar eru, sem kunnugt er, aflangar eða kollóttar, upphækkanir á grassverðinum, ávalir, ólögulegir hryggir eða kollar með dældum eða geilum á milli, mismunandi djúpum og þröngum. Þegar þýfið er hátt og þétt með löngum böggulshryggjum og þröngum geilum, er það kallað krappapýfi eða kargapýfi, er þar mjög örðugt að slá, og stundum er í óræktartúnnum moldarblettir og rotur í slíku þýfi. Oftast er þýfið lægra, þúfurnar kollóttari og lautirnar grynnri milli þeirra. Stærð þúfnanna, ummál og hæð er mjög mismunandi, sumar eru örlitlir kollar, aðrar $1\frac{1}{2}$ –2 fet á hæð og $1\frac{1}{2}$ –2 álnir á lengd eða meira, en flestar eru þó minni. Ennþá vantar nægilegar rannsóknir til þess að komast að því með vissu, hvernig þúfurnar eru til orðnar. Eg hefi á öðrum stað¹⁾, að því er mér virðist, gert það sennilegt, að þær standi í nánú sambandi við sprungunet í leirblöndnum jarðvegi og orsakist af botnklaka og uppgufun á þúfnakollunum, þar sem þíða og frost skiftast á. Þúfurnar virðast hafa svipað eðli eins og melatíglarnir, sem eru algengir á Íslandi. Jarðvegurinn undir íslenskum túnnum er víðast leirblandinn eða blandaður móhelludusti mjög smágjörvu, þar myndast sprungur af samdrætti efnanna engu síður en í melum, en þær sjást sjaldan á yfirborði, vegna moldar og grassvarðar, sem ofan á liggur. Leirblandinn moldarjarðvegur hefir mikinn sogpípukraft, getur sogið í sig mikla vætu og bólgnað út á þann hátt. Lögum og stærð þúfnanna afskamtast af sprungunetinu, í möskvunum milli sprunganna vaxa þúfurnar upp smátt og smátt af leirnum, sem fyrir ofan botnklakann þrýstist upp af vatni og frosti. Vatnsaðsóknin neðan að er lang-mest til þúfnakollanna, sem þurrastir eru, af því þar gufar mest upp, og hefir vatnið mikið afl til að hefja jarðveginn, þegar frost og þíður skiftast á. Þetta

¹⁾ Botany of Iceland bls. 257–265 Sbr. Eimreiðin XX, 1914, bls. 84–86.

sést bezt á fjallamýrum, á þúfum þeim sem kallaðar eru »dys« eða »rústir«. Af þrýsting frostsins og vatnsins að neðan rifna þær oft að ofan og gubba úr sér leirleðju og mold. Þar er mismunurinn svo mikill á þurkinum, að alt annar gróður er að ofan en að neðan á þúfunum, þurlendisgróður að ofan, mýragróður að neðan; uppgufunin mikil á þúfna-hryggjunum, en hið neðra standa þær í vætu. Þúfur geta myndast alstaðar í túnnum og utantúns, þar sem jarðvegur er leirblandinn og með sprungum, þar sem botnklaki er fram eftir vorinu og afrás vantar fyrir leysingavatnið, svo það verður að gufa upp af þúfnakollunum, en vætan, sem sýgst upp að neðan, frýs og þiðnar á víxl. Þannig er oft mikið þýfi í móum og kvistlendi. Harðvelli ofan á mól er vanalega þúfulaust, því grunnvatnið staðnæmist ekki, getur hæglega komist burt, frýs ekki saman í botnklakahellu. Sem kunnugt er, eru til margar þúfur af öðru tægi. Stundum eru þær eðlilegar ójöfnur á grýttri undirstöðu jarðvegsins, stundum eru þær myndaðar af blaðhvirvingum ýmsra jurta eða rótarflækjum, t. d. af melgresi eða fjöruarfa. Sumstaðar myndast þúfnahnúskar af miklum áburði á sama stað (hundapúfur, fuglapúfur). Þar sem grunnvatnið stendur mjög hátt í jarðvegi eða þekur hann og frýs í samhangandi hellu, t. d. í mýrum og flóum, myndast smáþúfur af stararflækjum og mosa, en dys eða rústir til fjalla eru vanalega flæðumóar á takmörkum mýra og móa.

Viðleitni Íslendinga til jarðabóta hefir aðallega verið innifalin í þúfnasléttun. Þúfurnar hafa verið til frá landnámstíð, en hvergi er þess getið, að fornmenn hafi glimt við þær eða sléttað á svipaðan hátt sem nú er títt; en líkindi eru til þess, að sumir bændur til forna hafi árlega stungið upp teiga í túnnum líkt og enn tíðkast í Færeyjum og hefir verið algengt í Noregi. Bæði í Grágás og Jónsbók stendur¹⁾: »Menn eigu at brjóta jörð, ef þeir vilja, til taðna sér eða akra, þó at fleiri eigi saman, ok eigu þeir jafngóðri jörðu at auka sína töðu, er síðarr auka«. Þetta virðist

¹⁾ Grágás 1852, II, bls. 89. Jónsbók (Ól. H.) bls. 121.

benda til þess, að menn hafi þælt upp eða plægt teiga af töðuvelli alveg eins og akra. Líklegra er þó að menn hafi stungið upp velli og akra, eins og enn á Færeyjum, plægingar hafa þá víðast verið lagðar niður. Búalög telja það meðalmannsverk »að velta fjórðungslandi á dag« og er það sennilegt verk, ef þælt er, en hlægilega litið ef plægt er. Fjórðungsland er eftir reikningi Björns M. Ólsen 48,7 ferh. faðmar. Jón Sveinsson ræður 1781 til að rækta tún smátt og smátt á þenna hátt, sérstaklega þau sem mikill mosi er í; vill láta plægja eða þæla upp teiga á haustin, sem hann segir að verði að töðuvelli á þriðja ári; en á meðan flögin eru opin, vill hann láta sá nytsömum fódurjurtum í teigana.¹⁾

Bændur munu fyrst eftir miðja 18. öld hafa farið að slétta tún, líklega eftir erlendum áhrifum og bendingum. Samkvæmt tillögum landsnefndarinnar gaf stjórnin út hina fyrrnefndu tilskipun um túngarða og túnasléttun. Fáeinir framtaksmenn sléttuðu þá nokkra bletti,²⁾ sem þó flestir innan skamms féllu í órækt og vanhvirzlu hjá eftirkomendum. Margir hlógu að jarðabótunum og töldu þær þýðingarlaust kák³⁾ Fyrirskipuninni um sléttun og túngarðahleðslu var alls ekki hlýtt og þó býður konungur stranglega, að þúfurnar skuli »árlega burttakast« og að »sérhvor. er hefir þýft tún. skal árlega slétta og jafna 6 faðma í ferkant fyrir sjálfan sig og eins mikið fyrir hvörn vinnufæran karlmann. sem hann hefur til verknaðar og brúkar til jarðarinnar fyrirvinnu«, þeim, sem framkvæmdu meira, er heitið verðlaunum. Í nágrenni við hina miklu framfara-

¹⁾ Gömlu Félagsritin I, bls. 181—182.

²⁾ Olavii Oekon. Rejse, bls. 198, 252.

³⁾ Sbr. Atli 1783, bls. 115. Ísleifur Einarsson háyfirdómari var hæddur fyrir þúfnasléttun (Bréf Páls Melsteds bls. 34), honum þótti engin læging í því, að standa aleinn við þúfnasléttun á Brekku á Álftanesi, milli embættisstarfa. Þegar hann tók við túninu, gaf það af sér 1½ kýrfóður eftir 4 sláttumenn. eftir 15 ár gaf það af sér 6 kýrfóður. og síðar, er alt var komið í fulla rækt, 8 kýrfóður eftir einn sláttumann á jafnlöngum tíma. J. Johnsen's Hugvekja 1840, bls. 147—148.

menn, Björn prófast Halldórsson í Sauðlauksdal og Magnús sýslumann Ketilsson í Búdardal og nokkra aðra dugnaðarmenn, munu þó dálitlar búnaðarframfarir hafa átt sér stað, en sú viðleitni mun víðast hafa kulnað út í hinum miklu harðindum fyrir og eftir aldamótin. Eftir að stjórnin, 1817—1820, hafði látið kenna þrem efnilegum bændasonum íslenskum jarðrækt og garðyrkju,¹⁾ fór dálítið að lifna áhugi á jarðabótum hjá stöku bændum, sem lærðu af þessum bændum eða fóru að dæmi þeirra. Svo fóru túnbætur smátt og smátt að aukast, einkum á góðu árunum fyrir miðja 19. öld, og ekki vantaði heldur upphvatningar hjá leiðtogum lýðsins, eins og Baldvini Einarssyni, Tómasi Sæmundssyni, Jóni Johnsen yfirdómara,²⁾ Jóni Sigurðssyni forseta og fleirum. Verulegt skrið komst þó ekki á jarðabæturnar fyrr en seinast á öldinni, einkum fyrir áhrif búnaðarskóla og búnaðarfélaga. Framfarirnar í þessu efni hafa verið hægfara framan af. Á árunum 1861—1870 voru að meðaltali árlega sléttaðar aðeins 32 vallardagsláttur á öllu landinu, 1871—80 63 á ári, 1881—90 128, á árunum 1891—1900 voru árlega sléttaðar 378 dagsláttur, 1901—1905 310, en 1906—10 862 dagsláttur árlega að meðaltali. Þúfnasléttunin hefir aukist mest eftir 1890 og voru á 20 árum, til 1910, alls sléttaðar 11193 dagsláttur (3571 ha.), en á 30 árum, frá 1861—90, aðeins 2230 dagsláttur (711 ha.). Síðan hefur túnasléttun aftur minkað og á árunum 1911—1914 voru eftir skýrslum búnaðarfélaga aðeins sléttaðar 3288 dagsláttur (1049 ha.), eða 822 dagsláttur á ári; nokkuð hærri verður þó þessi tala, þegar það er talið sem sléttað hefur verið utan félaga, túngræðslur utan túna o. s. frv. Talið er að nú sé búið að slétta 5. hluta allra túna af mannahöndum; en mörg tún eru slétt frá náttúrunnar hendi víðsvegar um land, en einna algengust eru þau í Skaftafellssýslum.

¹⁾ Landfræðissaga III, bls. 192; IV, bls. 270.

²⁾ Um verka- og tímasparnað við þúfnasléttun ritar Jón Johnsen í Hugvekju 1840, bls. 141—143. Um heyll af þýfðu og sléttuðu túni. Víkverji I, 81. Skýrsla Búnaðarf. 1875, bls. 17. Gl. Félagsrit X, 156.

Ýmsar sléttunaraðferðir hafa verið notaðar. Tilskipunin 13. maí 1776 kveður svo á um það hvernig eigi að slétta: »Þúfurnar eiga að þelast upp í ferstrendum stykkjum, frá hverjum moldina á að skera með ljá, svo að grassvörðurinn verði eftir einnar handar þykkur; enn fremur á moldin að takast eins djúpt upp úr þúfustæðinu, hvar í þau ferstrendu stykki eiga síðan niður að fellast og með trésleggju út að berjast, svo að barmarnir falli vel saman. . . . Þá afskornu og uppgröfnu mold á að útbreiða til áburðar á þær þúfur, sem á því ári eigi eiga að sléttast. . . . Þá á þann hátt útbreiddu mold á að meðhöndla og melja um sumarið með klárum eða mykjukvíslum einsog annan áburð«. ¹⁾ Þessi eða svipuð aðferð mun hafa verið notuð af þeim, sem sléttuðu á 18. öld, en þykir nú vond og erfið. Björn Halldórsson getur þess, að vel hafi sér tekist »að stinga upp túnpetti, þar sem þýft hefur verið eða troðið, snúa um grasrótinni aftur, so svörðurinn sé uppá, og slétta alt um leið. Þá læt ég taka þungan kepp eða trésleggju, og berja af allar mishæðir, so ljápitt verði, og þetta síðasta er hægst að gjöra, þegar jörð er á hausti frosin um hálf-fingur þykt. Þar kemur gott og mikið gras strax á næsta ári, hafi jörðin verið feit, annars verður að mykja strax á sama hausti, þegar nýbúið er að jafna«. ²⁾ Á 19. og 20. öld hafa menn aðallega haft tvær sléttunaraðferðir, þaksléttur og flagsléttur, og hafa hinar fyrri verið lang algengastar. Guðmundur prófastur Einarsson telur fjórar sléttunaraðferðir: 1. Að skera ofan af með torfljám, þæla niður og jafna yfir með skóflum og trésleggjum; ³⁾ var þessi aðferð þá algeng víða en seinleg og erfið og sléttan kemst ekki í góða rækt fyrr en á 3ja sumri: ganga 80 dagsverk til að slétta dagsláttu á þann hátt og reiða á hana áburð. 2. Að brúka skera, spaða, skóflur og trésleggjur; með skeranum er rist fyrir ferhyrndum eða þríhyrndum torfum, en jafnóðum er

1) Lovsamling for Island IV, bls. 292—293.

2) Atli 1783, bls. 82—83.

3) Sbr. Ármann á alþingi II, bls. 159—162.

farið undir torfurnar með spaðanum, af öðrum manni, og þeim kastað frá. Þessi sléttunaraðferð er fljótlegri og ganga 72 dagsverk til dagsláttunnar. Ef sléttað er að vorinu og torfið ekki liggur þrem dögum lengur og hagfeldlega er borið undir tyrting, þá sprettur slík slétta samsumars og er vel gróin annað sumar. Svipuð aðferð er að rista fyrir með heyljá, en undir torfið með torfljá og hafa torfið sniddu-myndað, en sú aðferð er jafn seinleg og hin fyrsta. 3. Ofanaf er skorið með skera og spaða og flagið síðan plægt og herfað; þæling moldarinnar verður á þann hátt miklu fljótari og betur gjörð og allar þúfur myljast niður að rótum; til dagsláttunnar munu ganga 53 dagsverk. 4. Aðferðin er að plægja þúfnastykkin með grasrótinni. jafna síðan flagið sem bezt og bera hentugan áburð í.¹⁾ Þessa síðustu aðferð kallaði Guðmundur Ólafsson á Fitjum flagsléttu²⁾ og þykir hún lang hentugust og fljótlegust, þar sem grasrótin er slæm og svo lítil, að hún mundi eigi duga að þekja sléttuna, er svo áburður borinn í og grasfræi sáð í flögin eða settar í það rófur eða kartöflur. eða sléttan er látin eiga sig og gróa upp og tekur það víðast langan tíma; sléttur þessar hafa reynst mjög misjafnlega. Björn Jensson skólakennari stakk upp á því 1902.³⁾ að Íslendingar alveg hættu við þaksléttuaðferðina, plægðu öll tún og gerðu þau að sáðlandi með skiftisáning teiga. Um þessa uppástungu urðu miklar umræður, en flestir voru á þeirri skoðun, að slíkt væri óframkvæmanlegt á túnnum á Íslandi, þar mundi hin gamla þaksléttu-aðferð borga sig miklu betur, en grasfræsáning gæti verið heppileg til útgræðslu á óræktaðri jörð.⁴⁾ Nú eru víðast flatar sléttur á Íslandi, en á seinni

¹⁾ Tímarit Bókmentafélagsins I, bls. 38—41. G. E. Fáein orð um túnasléttun (Ísafold II, 1875, bls. 9—13).

²⁾ Andvari I, bls. 158—164.

³⁾ Ísafold 1902, nr. 64 og 65. Uppástungur um þessa aðferð voru ekki nýjar, um hið sama hafði F. W. Hastfer ritað 1757 (sbr. Gl. Félagsrit XII, bls. 5) og Sveinn Sveinsson 120 árum síðar í Andvara IV, 1877, bls. 144—152. Sbr. Ný Félagsrit XIX, 1859, bls. 102—107.

⁴⁾ Umræður í Búnaðarriti XVI, 1902, bls. 243—259.

hluta 19. aldar gjörðu menn sumstaðar beðasléttur með ávölum teigum og ræsum á milli.¹⁾ Á seinni tímum hafa þaksléttur með plægingu mjög aukist. Einar Ásmundsson ræður, 1870, til að rista ofanaf, plægja og láta flagið vera óþakið eitt ár, en sá í það fóðurgrasi eða rótarávexti, þekja það svo ekki fyrir en næsta ár með torfinu, sem rist er ofan af þeim parti, sem þá er tekinn til sléttunar og svo þannig koll af kalli ár eftir ár.²⁾

Yfirleitt hefur verið mikil framför í túnrækt og sléttun á seinni árum, einkum fyrir áhrif búnaðarfélaga og skóla með fjárhagslegri aðstoð landstjórnarinnar. Menntun hafa lært að gera sér ýmislegt til hægðarauka og fengið betri verkfæri en áður, í þeim efnum hefir skólinn í Ólafsdal verið til leiðbeiningar og fyrirmyndar framfarir öðrum.³⁾ Það hefir verið jarðræktar-framförunum til mikils hnekkis víða um land, hvað oft það kemur fyrir, að ónyttjungar taka við jörðum eftir dagnaðarmenn, er þá lífsverk þessara heiðvirðu starfsmanna gert að engu og jörðin niður niðr með hirðu-

¹⁾ Andvari I, bls. 143.

²⁾ *Einar Ásmundsson*: Um framfarir Íslands, bls. 19. Björn búfræðingur Bjarnason (Skýrsla Búnaðarfélags Suduramtsins 1835, bls. 23–24) og Torfi í Ólafsdal (Búnaðarrit XVII, 1903, bls. 71) mæla fram með sömu aðferð. Um sléttun og ræktun graslendis eru enn fremur þessar ritgjörðir, er meðal annars greina frá ýmsri frábreytni í sléttunaradferðum, en ræða mest um flagsléttur og sáðsléttur: *P H Jónsson*: Nýjar ræktunaradferðir (Freyr IV, bls. 74–77). *Eggert Briem*: Túnrækt. Ný ræktunaradferð (Freyr VII, bls. 17–25, 33–42). *B. E.* Nokkur orð um þúfnasléttun (Freyr VII, bls. 85–86). *Alfred Kristensen*: Grasfræðsla eða sjálfgræðsla (Freyr VIII, bls. 13–15). *Sami*: Nokkur orð um túnrækt (Freyr X, bls. 61–63). *Salómon Sigurðsson*: Um þak- og sáðsléttu (Freyr XI, bls. 18–29). *Guðmundur Jónsson*: Hvaða ræktunaradferð eigum við að nota (Freyr XI, bls. 44–46). *Torfi Bjarnason*: Hvaða jarðræktaradferð eigum við að nota (Freyr XI, bls. 114–115).

³⁾ Guðbrandur Stefánsson, sem þótti þjóðhagi á smíðar, fann upp og smíðaði fyrir miðja 19. öld ýmsar tegundir af skerum til sléttana, myndir af þeim eru í Nýjum Félagsritum VI, 1846 bls. 138–143. Sléttujárn þessi notuðu ýmsir og breyttu þeim dálífið. Sbr. Ásgeir Einarsson: Um brúkun sléttujárnanna (Gestur Vestfirðingur IV, 1850, bls. 64–69) og Sighvatur Árnason: Um sléttunarverkfæri (Þjóðólfur III, 1851, bls. 279–280).

leysi og aumingjaskap á fáum árum. Sveitarfélögin ættu sjálfra sín vegna að hafa hönd í bagga með slíkum jarðniðingum og þau ættu að fá vald til þess að taka af þeim ráðin, ef þörf gjörist. Það er sorgleg sjón fyrir þá, sem víða ferðast um Ísland, að sjá hvað slík jarðniðsla er algeng, þó hún ef til vill hafi verið meiri fyrr en nú.¹⁾ Meðferð jarðanna hjá ýmsum ábúendum hefir eðlilega haft mikil áhrif á verð og mat jarðanna á ýmsum tímum og má sjá þess ótal dæmi í jarðabókum.²⁾ Mikið ber á því hvað ræktuninni hefir farið fram á seinni tímum sumstaðar við sævarsíðuna, einkum kring um Reykjavík, þar hafa verið grædd út tún á holtum, í þaufamóum og mýrum, sprengt upp grjót og klofið, ræstir fram mýrarblettir og þurkaðir o. s. frv. og eru þar orðin mörg falleg tún úr lélegu landi. Sýnir þetta hve óþrjótandi möguleikar eru til jarðræktar á Íslandi ef vel er að verið. Jarðabætur í Reykjavík voru mest framkvæmdar á árunum fyrir aldamótin, en höfðu byrjað um 1840, og voru það þeir danskir borgarar, er hófust handa, og ræktaði hver sitt tún: Bernhöft, Biering

¹⁾ Sbr. Ferðabók P. Th. III, bls. 43–44 og víðar. Um niðurniðslu höfuðbóla, sbr. Ísafold VII, bls. 109.

²⁾ Sem dæmi má taka jörðina Búdardal á Skarðsströnd, þar sem hinn mikli búmaður og framfaramaður Magnús Ketilsson bjó 1765–1803. Jörð þessi var í góðri rækt 1695 og var þá metin 50 hdr. með 12 kúgildum og 15 vætta landskuld; jarðræktin þverraði og leigumálinn féll svo. að 1760 var jörðin ei meira metin en 40 hdr. með 9 vætta landskuld og 8 kúgildum, þá komst hún eftir það í beztu rækt til 1804, meðan Magnús Ketilsson bjó þar, og hefir eftlaust verið þá dýrari en 1695 ef hún heldi verið metin, en eftir dauda Magnúsar sýslumanns féll Búdardalur í vanrækt til 1828. svo þá var á jörðinni aðeins 6 kúgildi og 6 vætta landskuld; hús voru þá öll svo hrunin og ónýtt, að á þau og gardana var gjört 77 vætta álag, af því fengu jarðeigandi og ábúandi ekkert, sem bjó þar í 16 ár eða til 1844; undir hans ábúð skánaði ræktin nokkuð, en síðan voru þar 2 eða 3 ábúendur og aldrei komst jörðin í þá rækt, sem hún var í fyrir aldamótin. Um 1840 var Búdardalur metinn á 40 hdr. og 1861 á 33 hdr. Mörg fleiri dæmi mætti telja frá ýmsum hérudum og sum verri. Sbr. *Friðrik Eggerz*: Um jarðamótin, fjárkláðann og ýmislega tilhögun. Rvík 1865, bls. 9–10. Þar eru talin mörg fróðleg dæmi úr Dalasýslu.

og August Thomsen,¹⁾ en nokkru áður (1837—38) fór C. E. Bardenfleth að girða og slétta Arnarhólstúnið.²⁾ Árið 1911 voru taldar í Reykjavík 323 dagsláttur túna, sem gáfu af sér 4092 hesta töðu, eða að meðaltali 12²/₃ hesta af dagsláttunni.³⁾

Plógar. Landnámsmenn hafa að öllum líkindum haft með sér arðu eða smíðað þá hér, til þess að erja akurlönd sín og beittu fyrir þá arðruxum, en arðruxar voru taldir metfé; en Hjörleifur lét þræla draga arðrinn.⁴⁾ af því hann hafði ekki nema einn uxu. Eigi er þess getið að menn hafi á Íslandi beitt hestum fyrir arðinn, þó þeir hefðu þá fyrir sleðum, vögnum og vögum; þeir sem áttu sterk naut plægðu með þeim, einsog enn er gert sumstaðar í Noregi og í mörgum öðrum löndum;⁵⁾ arður-uxa er við og við getið fram á 13. og 14. öld og fjögur arðreyxn komu að helmingi í hlut Sæmundar í Kirkjubæ á Síðu.⁶⁾ Líklega hafa þó flestir eða allir hinir fátækari bændur þelt upp akurreinar sínar, einsog enn er gert sumstaðar í Noregi og á Færeyjum. Arðrinn er elzta plægingarverkfærið í Noregi, en plógurinn er yngri, hefir ekki verið kominn til Noregs á landnámstíð, líklega ekki fyrr en á 11. eða 12. öld; þó er í Rígsþulu talað um að gjöra arð og keyra plóg, getur þula þessi því varla verið eins gömul eins og ýmsir hyggja.⁷⁾

¹⁾ Reykjavíkurbóstur I, bls 185; II, bls. 31.

²⁾ Jón Johnsen's Hugvekja, 1840, bls. 161—162.

³⁾ Stærð hins ræktaða lands í Reykjavík er mjög mismunandi í hinum seinni búnaðarskýrslum, hvernig sem á því stendur; 1912 eru taldar 321 dagsláttur, sem hafa gefið af sér 4868 hesta af töðu, 1913 eru aðeins taldar 239 dagsláttur, sem hafa gefið af sér 4398 hesta af töðu, eða nærri 19 hesta af dagsláttu, en árið eftir (1914) er dagsláttunum fjölgað upp í 274, en töðuhestarnir eru ekki nema 3473, eða rúmlega 12 af dagsláttu. Að framtalið sé alt rangt og geggið rétt undir handarjatri stjórnarvaldanna og óátalið af þeim, er mjög ótrúlegt.

⁴⁾ Landnáma I, 6, bls. 33. Sturlunga II, bls. 295.

⁵⁾ Í Danmörku var ekki alment farið að nota hesta til plæginga fyrr en á 17. öld, flestir bændur létu uxu ganga fyrir plögnum. C. Christensen: Agrarhistoriske Studier. København 1886, I, bls. 37.

⁶⁾ Sturlunga III, bls. 162. Sbr. Dipl. isl. III, bls. 259; IV, bls. 108.

⁷⁾ Al. Bugge (Vesterlandenes Indflydelse o. s. frv. 1905, bls. 26)

Arðar og plægingar hafa líklega snemma lagst niður á Íslandi. Því þeirra er ekki getið í fornum skjölum. Í skráum þeim, sem til eru yfir ýms stórbú á 14. og 15. öld, eru öll búsgögn talin utan húss og innan, en hvergi nefndur arðr eða plógur, líklega hafa þá allir þælt upp eða stungið akurteiga sína og túnteiga þá. er þeir vildu brjóta; það er efasamt, hvort plógar hafa nokkurntíma verið notaðir á Íslandi í fornöld, þeir eru hvergi nefndir, ætli menn hafi ekki eingöngu notað arðurinn. Hvort plógar hafa verið notaðir á 17. öld við akuryrkju- og garðyrkju-tilraunir þær, sem Gísli Magnússon sýslumaður gerði, vitum vér ekki, en um miðja 18. öld eru plógar komnir til Íslands. Hinir józku bændur, er sendir voru til Íslands 1752, höfðu með sér plóga og ýms önnur jarðyrkjuverkfæri. plægðu þeir allviða og gerðu ýmsar tilraunir með sáðtegundir, sem flestar mishepnuðust.¹⁾ Magnús Ketilsson hafði plóg og plægði land til ræktunar.²⁾ landbúnaðarfélagið danska og stjórnin sendu á árunum 1770–80 marga plóga til Íslands, og var þeim útbýtt ókeypis til ýmsra manna til þess að hvetja þá til jarðræktar og kornyrkju. Ýmsir framfaramenn í þá daga mæla mikið með plógunum. Þannig segir Hannes biskup Finsson 1769, að hin íslenzka grasrækt verði aldrei í lagi fyrr en farið sé að nota plóga, og Stefán Þórarinnson amt-

ætla, að Nordmenn hafi í byrjun víkingaaldar þekt bæði arð og plóg, og byggir það á Rígsþulu, en það mun nú vera að hafa hausavíxl á hlutunum. Guðbrandur Vigfússon talar um arð og plóg í Nýjum Félagssritum XXIII, 1863, bls. 113, honum farast þannig orð: Plógarnir eru tvennskoðar, hinn elzti heitir arðr og er innlendur (í Noregi), nafnið er dregið af að erja (á latínu heitir plógr aratrum); plógurinn er yngri og nafnið útlent (úr ensku?). Á tólftu öld er þó Plógr mannsnafn í Danmörku og er enn, en í Noregi er Arðskafi mannsnafn, sem þýðir arðsmið. Í Rígs málum er talað um að smíða arðr og keyra plóg. Þetta er eitt af mörgu vottr um, að kvæði þetta sé ekki ýkja gamalt. Svo er og plógr nefndr í kvæðum Haralds Sigurðssonar, en finst naumast fyr. En arðrinn er miklu tíðari. Guðbrandur byggir á ritum Schübelers, sem var allra manna fróðastur um sögu jarðræktarinnar.

¹⁾ Eggert Ólafsson's Rejse II, bls. 947. Árb. Esp. X, bls. 30.

²⁾ Gömul Félagssrit XII, bls. 3–4.

maður vill. 1793, með plægingum láta brjóta land til grasræktar í engjum, vallendum og móum, því Íslands velferð riði allra mest á jarðræktinni.¹⁾ Þórður Thoroddi stingur 1780 upp á að senda búfræðinga í ýms héruð til að leiðbeina bændum í búskap, og vill láta hvetja stórbændur, sýslumenn og presta til að útvega sér plóga.²⁾ Jarðyrkjumennirnir, sem sendir voru til Danmerkur 1817—18, höfðu með sér plóga til Íslands, en þeir þóttu of stórir og stirðir fyrir íslenzka hesta. Á Norðurlandi notaði Þorlákur Hallgrímsson í Skriðu plóg 1830—40, og »um 1850 eða lítið fyr fóru sumir í Skagafirði að fá sér plóga og herfi, en af þeim varð minna gagn en ætlað var í fyrstu.«³⁾ Þorsteinn Daniélsson á Skipalóni fékk sér 1849 danskan vinnumann, sem hét Jens Jensen Stæhr, og lét hann plægja land og flytja grjót og hey á vögnum, en hestum og graðungum var beitt fyrir: þá lét hann líka gera tilraunir með sáningu hörs, byggs og hafra; þessi danski jarðyrkjumaður fékst síðar (1851—52) víða við plægingar á Norðurlandi, og á árunum 1855—59 var víða plægt í Suður-Þingeyjarsýslu.⁴⁾ Meðal þeirra, sem í ýmsum sveitum plægðu fyrir bændur, er getið um Sæmund Eiríksson, Jón Espólin og Ólaf Sveinsson, sem allir höfðu lært jarðyrkju ytra. Um sama leyti mæltu sunnanblöðin fram með plægingum,⁵⁾ og nýstofnuð búnaðarfélög í sveitum fengu sér þá plóga og var á næstu árum allvíða plægt syðra, 1858 hafði verið plægt hjá 13 bændum í Árnassýslu og 17 bændum í Rangárvallasýslu; var sáð í hina plægðu reiti jarðeplum, höfrum og byggi.⁶⁾ Þessi áhugi á plægingum hjáðnaði þó brátt niður aftur. Á þessum árum (1850—58) voru margir Íslendingar styrktir til landbúnaðarnáms erlendis, og margir íslenzkir bændur

¹⁾ O. Olavii Rejse, formáli bls. 42—43. Lovs. f. Island IV, bls. 376. Ísafold VII, 1880, bls. 114. Gl. Félagsrit XIV, bls. 257.

²⁾ Landfræðissaga III, bls. 87.

³⁾ Timarit Bókmaf. XV, 1894, bls. 225 (Ólafur Sigurðsson í Ási).

⁴⁾ Norðri I, 1853, bls. 3—4; V, bls. 52—53; VIII, bls. 19—20.

⁵⁾ Ný Tíðindi I, bls. 48—49, 62.

⁶⁾ Þjóðólfur X, 1858, bls. 104.

fengu plóga og önnur jarðyrkjuverkfæri gefins frá stjórninni og landbúnaðarfélaginu danska. Meðal annars voru 1854 sendir 12 litlir amerískir plógar til Norðurlands með aktygjum og 10 skozk herfi.¹⁾ Sá sem einna fyrst notaði plóg til þúfnasléttunar á Suðurlandi var Guðmundur Ólafsson á Fitum í Skorradal. hann kom út með plóg 1851 og notaði hann meira og minna í yfir 20 ár.²⁾ Árið 1859 útvegaði stjórnin Borgfirðingum hjá landbúnaðarfélaginu danska 9 létta járnplóga, og átti plógur að fara í hvern hrepp.³⁾ Plógar þessir urðu að litlum notum; eg sá nokkrar ryðgaðar leifar þeirra 1866—67, sem enginn hirti um. Á síðari árum hefir plógum smátt og smátt fjölgað, sérstaklega fyrir áhrif búnaðarfélagsins og skólanna; plógar hafa líka verið smíðaðir í Ólafsdal. Plógarnir hafa verið mest notaðir til að plægja undir þaksléttur, nokkuð til að plægja óræktarland í flagsléttur og sáðlendi. Plægningum hefir mest farið fram á 20. öldinni, um aldamótin voru naumast fleiri en 4—5 menn á öllu landinu, sem kunnu að plægja. Síðan hefir þeim fjölgað svo, að 1910 er talið að minsta kosti 3—5 menn séu í hverri sýslu, er hafa lært plægningu, og 1905—09 var plægt og herfað í Rangárvalla-, Árness-, Mýra- og Dalasýslum og í Hrutafirði 315 dagsláttur hjá 185 bændum og auk þess nokkuð í öðrum sýslum.⁴⁾ Búnaðarfélagið styrkti plægningakenslu í Brautarholti, Húnavatnssýslu, Dalasýslu og Borgarfirði, eins hafa plægingar verið kendar við gróðrarstöðvarnár.⁵⁾

¹⁾ Lovsamling for Island XV, bls. 106—107, 281, 353, 360, 427, 563—565, 579, 726; XVI, bls. 343 og víðar.

²⁾ Andvari I, bls. 145. Plógur VII, bls. 19, 20.

³⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 314—315.

⁴⁾ 1907 er sagt að víða séu plógar og herfi notuð við sléttun í Strandasýslu (Freyr IV, bls. 26).

⁵⁾ Búnaðarrit XXIV, 1910, bls. 231—232. Sbr. Búnaðarrit XVIII, bls. 64—66, 70—71; XIX, bls. 354—357; XX, bls. 288—289; XXIII, bls. 5—10. *Egbert Finnsson*: Um tamningu plöghesta, s. st. XVIII, bls. 220—224. *Alfred Kristensen*: Plógurinn og þúfurnar, s. st. XXIV, bls. 206—214. Ennfremur um plægingar: Freyr V, bls. 23, 126; VI, bls. 40—42; VII, bls. 13; VIII, bls. 42—43; IX, bls. 75—78, 96.

Nátthagar. Ræktað land hefir allviða verið stækkað með *nátthögum* og færíkviúm. fénaður hefir verið látinn teðja illa sprottið harðvelli utan túns. sem smátt og smátt hefir gróid upp og orðið töðuvöllur. Fornmenn hafa eflaust ræktað land með nátthögum, en munu oftast hafa kallað þá traðir. Þó hefir orðið nátthagi snemma verið brúkað, því 1398 í vottorði um kaup á Hrisum í Helgafellssveit, er sagt að jörðinni fylgi nátthagi, en tekið fram að í kaupi á Svelgsá hafi nátthagi ekki fylgt.¹⁾ Jón Bjarnason²⁾ í Ólafsdal (f. 1807, d. 1892) bygði á seinni tímum fyrst nátt-haga vestra um miðja 19. öld. og tóku margir það eftir honum um Vestur- og Norðurland, og síðan hefir nátt-haga-ræktun orðið algeng. Í Skaftafellssýslum höfðu sumir þó enn haldið hinum gamla sið að afgirða svæði sem nátt-haga eða traðir fyrir hesta. Sveinn Sveinsson segir 1885, að sé jörðin góð, sem nátthagi er á, kemur hún mjög fljótt til og verður oft á þriðja ári eins góður töðuvöllur og tún-ið sjálf.³⁾ Torfi Bjarnason í Ólafsdal segir 1884: »Nýlega eru menn farnir að hirða meira af áburðinum undan ánum á sumrin, með því móti að láta þær liggja svo sem 5—7 stundir að nóttunni inni í girðingu, frá því ær fara að bera á vorin og þær til eftir réttir, eða hérumbil 16 vikna tíma. Háir þetta ánum alls ekki, en eflir mjög töðuræktina; má á þennan hátt halda allgóðri rækt í einni dagsláttu með hverjum 20 ám. Girðingar þessar kalla menn nátt-haga, en réttara væri að nefna þær bæli, því að í þeim liggja ærn-ar, en hafa þær alls enga beit. Til þess að sem mest not verði að fjárbælunum, þurfa þau að vera lítil, eða, sé gjörð stór girðing, þá er best að skifta henni í sundur í smá-girðingar, svo að ekki þurfi að bæla lengur en 10—14 næt-ur í sama bæli til þess að fá nógan áburð. Séu ærnar 100—120, er hæfilegt að hvert bæli sé hérumbil hálf dagsláttu;

¹⁾ Dipl. Isl. III, bls. 638.

²⁾ Þjóðólfur 44. árg. bls. 71.

³⁾ Skýrsla Búnadarfelags Suðuramtsins 1884—86, Rvík 1887, bls. 22.

má á þenna hátt teðja nægilega hérumbil 5 dagsláttur með 100 ám, og sé jarðvegurinn þur og allgóður, þá má gjöra ráð fyrir 7 hestum af góðri töðu af hverri dagsláttu í meðalári; verður það rúmlega einn hestur fyrir hverjar 3 ær.¹⁾

Færikvíar fóru bændur á Íslandi fyrst að nota á 18. öld, en þá voru þær algengar í Svíþjóð og á Englandi. F. W. Hastfer barún, sem ferðaðist á Íslandi²⁾ 1757 og 1760, hefir líklega fyrstur innfært færikvíar að sænskum sið, en Magnús Ketilsson mun fyrst hafa notað þær á Vesturlandi, og hann hefir í sérstakri ritgjörð ráðið mönnum til að brúka þær³⁾ og telur þeim margt til ágætis, meðal annars séu þær hentugar til ræktunar, því hundrað ær, sem liggja í færikvíum, geti ræktað eyrisvöll á ári, og 24 ær í færikvíum, sem færðar eru daglega, rækta, segir hann, stærri völl en taðfall undan 6 kúum, sem inni liggja. Auðséd er á því, sem Magnús sýslumaður ritar, að almenningur hefir verið mjög á móti þessari nýbreytni og viljað heldur láta ærnar liggja í stekkjarkvíum. Í kringum stekkina ræktuðust sumstaðar túnbleðlar af áburðinum, og til forna hafa á slíkum stöðum við höfuðbýli myndast smákot, sem þrælar og frelsingjar höfuðbóndans bjuggu í, þar af öll gerða og traða nöfnin og kotanöfn kend við stöðla og stekki. Smátt og smátt fjölgaði færikvíum og þær breiddust út um landið. Sumir söfnuðu á 18. öld áburði á stöðlum og í hestaréttum, báru þangað moð, rudda og mosa og mokuðu öllu saman í haug að haustinu.⁴⁾ Eftir því sem sóknalýsingar segja, voru færikvíar á árunum 1840—50 mjög mismunandi margar í ýmsum héruðum. Um 1840 voru þær allviða til nyrðra, en þó enganvegin almennar,

¹⁾ Andvari X, 1884, bls. 162. Sbr. ritdeilu um nátthaga í Fjallkonu IV, 1887, bls. 30—31, 43, 46, 59.

²⁾ Landfræðissaga II, bls. 248—249.

³⁾ *Magnús Ketilsson*: Um innilegu búfjár á sumrum (Gömul Félagssrit XII, 1792, bls. 1—47). Sbr. Gl. Fél. V, 88. Atli 1783, bls. 106.

⁴⁾ Gömul Félagssrit I, bls. 199. Í Þjóðlífi IV, 1852 (um kúatjóður bls. 354—355) er lýst aðferð til að rækta tún með því að binda nautpening um sumar á nóttu við hreyfanleg tjóðurtré.

1842 voru færíkviar hvergi til í Glaumbæjar og Viðimýrar-sóknun, en s. á. voru þær á 14 bæjum í Stafafellssókn eystra. Björn prestur Þorvaldsson innleiddi þær þar. Þá voru færíkviar eigi til nema á 2 eða 3 bæjum í Garðasókn á Alftanesi, en næstum á hverjum bæ í Stóranúpssókn 1841. Um miðja öldina og síðar hvöttu ýmsir bændur til að innleiða færíkviar, þó það hefði víða litinn árangur.¹⁾ Eftir miðja öldina var farið að telja færíkviar í Landshags-skýrslunum, þær voru 1853 á öllu landinu 1477 að tölu, lang-hestar í Árness- og Raugárvallasýslum og þar næst í Þingeyjarsýslu og Múlasýslum, en svo fækkar þeim, þær eru 1867 1077, 1876 979 og 1879 862, en úr því er hætt að telja þær.

Áburður. Fornmenn létu sér ant um að bera áburð á tún og akra, enda er orðið taða komið af tað; sumir hafa þó af ummælum Njálu haldið, að það hafi verið ótitt að bera á tún. Farandkonur sögðu Hallgerði meðal annars, að einn af húskörlum Njáls »ók skarni á hóla«, »Hví mundi þat sæta?« segir Hallgerðr. Þær svöruðu: »Þat sagði hann, at þar yrði taða betri en annarstaðar.«²⁾ Það er ólíklegt, að Hallgerður hafi eigi vitað, að menn töddu tún og akra, því það hefir eflaust verið gert á Hlíðarenda einsog annarstaðar, en »skarn« þýðir hér líklega salernis-áburð, sem þá hefir verið ótitt að nota.³⁾ Í Svarfdælu er talað um að aka mykju á völl, og í Kormákssögu er það talið óvirðulegt verk að teðja völl: »sás túnvöllu taddi tíkr erendi hafði, og ætlað fjósamanni, og í Rígsþulu er það talin

¹⁾ Björn Björnsson: Hugvekja um færíkviá brúkun og nytsemi (Þjóðólfur IV, 1852, bls. 339, 341–42, 353–54), Stefán M. Eiríksson: Færíkviar (Freyr II, 1905, bls. 89–90), Plógur IV, 1902, bls. 79–80.

²⁾ Njála, Rvík 1894, kap. 44, bls. 101.

³⁾ Björn Halldórsson (Atli bls. 107) heldur að orðið »vallgangur« sýni, að fornmenn hafi hagnýtt sér þau saurindi til áburðar, en líkleggra er, að orðið sé komið af því, að fæstir höfðu salerni, en það var algengast að ganga á völl. Magnús Ketilsson heldur, að ummæli Hallgerðar bendi til þess, að fornmenn hafi eigi borið á tún, landið hafi þá verið svo frjósamt, að þess þurfti ekki! Gömul Félagsrit VII, bls. 76. Sbr. Skólablaðið 1910, bls. 29 og Freyr VIII, 1911, bls. 31.

þræla vinna og í Atlamálum þykir auðvirðilegt verk að teðja garða. Þegar Glúmur varð að fara frá Þverá, sendi Einar Eyjólfsson verkmennt sína um vorið til að vinna landið.¹⁾ líklega til að berja á velli, stinga upp akra og túnreiti o. s. frv. Í Jónsbók er leiguliði skyldaður til að færa »alla myki á völl undan fénaði sínum, áðr hann ferr af jörðu«, og yfirleitt eru hin fornu lög órækur vottur þess.²⁾ að fornmenn töddu tún sín rækilega og töldu áburðinn dýrmætan, enda hefðu þeir ekki getað haft eins mikil kúabú. hefðu þeir eigi ræktað vel túnin. Annars er lítið skýrt frá ræktunar- og vinnuaðferðum þeirra: líklega hafa aðferðirnar jafnan verið svipaðar fram á vora daga, nema hvað fornmenn oftast óku á völl. en seinni menn báru á völl.³⁾

Jón Sveinsson sýslumaður lýsir 1781 áburðaraðferð manna, einsog hún var algengust í þá daga. »Að vetur-nóttum flytja menn mykju á völl, hlössum saman í reimar, fæstir moka úr og láta heldur það starf biða til sumars. eður þess tíma, að tún þurfa ekki lengur skjóls við. Að sumarmálum, sé svo hlýtt í veðrinu, vinna menn á völlum. og mylja hin gagnþurru hlöss. er síðan upprakast í hrúgur, og biða betri gróðrartíma, hvers bændur vænast milli krossmessu og fardaga. Þá ausast tún og breiðast, hvað sumir forsjáli á stundum geyma til næstu náttdaggar eða regns. Sé tún ausið en eigi breitt, má það aftur hreinsast að fullum gróðri, sem oftast sker þrem vikum frá austrarvinnu. Menn hreinsa völl. þá áburðurinn rakast upp í hrúgur, en bera af velli, nær þessar aftur flytjast burt í næstu afrakstrarhauga, sem á mörgum stöðum að loknu starfi uppbrennast.«⁴⁾ Það mun líka hafa verið algengast

¹⁾ Svarfdæla, Rvík 1898, kap. 24, bls. 63. Kormákssaga, Rvík 1893, kap. 4, bls. 9. Vigaglúms saga, Rvík 1897, kap. 26, bls. 76.

²⁾ Jónsbók (Ól. H.) bls. 136—37, 141, 282.

³⁾ Í Búalögum (bls. 57, 70) er það talið meðalmanntverk að bera á c hesta taðkláfa á völl til ýmsra útgarða á dag.

⁴⁾ Jón Sveinsson: Um vallarrækt á Norðurlandi (Gömul Félagsrit I, bls. 168).

á 19. öld að haga þannig áburðarvinnu; hefir víðast verið venja að bera á seint á haustin og jafnvel á vetrum. Í Múlasýslum bera flestir bændur nú á tún sín á vetrum eða á vorin, og eins er víða gert á Norðurlandi.¹⁾ Í sóknarlýsingu Breiðdalssóknar 1840 segir svo: »Á vorin er unnið á túnnum, mulið með klárum eða kvíslum. það sem borið var eða ekið á haustum og um vetur, líka er þá borið nýtt kúatað á völlum, þar sem eyður eru á honum, og gjörður úr því klínungur. Mulda taðið er fært um í þykka breiðslu og hún látin liggja þangað til farið er að hreinsa tún með fitjuðum (!) hrífum, er þykja betri en sköfur, af því hrífutindarnir koma meiru kviki og hræringu á grassvörðinu. Karlmenn og kvenfólk mylja áburðinn, en kvenfólk eitt hreinsar.« Sigurður Gunnarsson prófastur segir í sóknarlýsingu Hallormsstaðar 1874: »Áburður er borinn á á haustum á tún og svo á vetrum undan nautum og hestum, víða fram á góu, ýmist pentaður á þúfur eða eigi, barinn á vorin og rutt um áburðinum, ellegar mulið; taðið er látið standa í hrúgum þar til litkar, ausið þá yfir eða breitt. Seinna er hreinsað með hrífum og afrak borið af.« Þorkell prestur Bjarnason segir svo frá áburðaraðferð í Skagafirði um miðja 19. öld: »Að vorinu kom vallarvinnan; var áburðurinn, þegar hann fór að hardna, mulinn með kvíslum og síðan barinn með klárum, og túnið að því búnu ausið, en því var svo háttað, að áburðurinn var borinn út í trogum og dreift út með hendinni þannig, að hendinni var stungið ofan í áburðinn og honum svo dreift út með handarbakinu. Var þetta helzt gert, þegar lygnt var og deyfa. En áður en gras fór verulega að spretta, voru túnin hreinsuð, en það var fólgið í því, að áburði þeim, sem ekki gekk ofan í rótina, var rakað saman í hrúgur, og þær síðan bornar af, sem kallað var, 3: bornar í hauga út fyrir túnið eða á túninu. Að bera af gerðu helzt börn og unglingar, einkum á næturnar, er þeir vöktu yfir vellinum.«²⁾ Á

¹⁾ Freyr II, bls. 6.

²⁾ Tímarit Bókmaf. XIII, bls. 209.

seinni tímum er sumstaðar lagarkendur áburður borinn á þíða jörð með vorinu eða þegar dálítið er farið að spretta, en fastur áburður á haustin. Áburðurinn er víðast fluttur á hestum í kláfum¹⁾ og tíðast barinn með klárum, en á stöku stað eru brúkaðar ávinsluhrifur.²⁾ allvíða eru nú notaðar taðvélar, taðmyllur eða taðkvarnir til að mylja áburðinn.³⁾ Þar sem er nokkurnvegin slétt, gengur vallarávinsla vel með slóða (hrisslóða) með 1 eða 2 hestum fyrir, og hefir hann lengi verið notaður hér og hvar, um slóðahris er getið bæði í Grágás og Jónsbók og um slóða er einnig talað í búnaðaritum 18. aldar. Einstöku menn hafa notað hlekkjakerfi úr steypu jární í stað slóða.⁴⁾

Mjög er það mismunandi, hvað mikið hefir verið borið á tún, og hve mikið menn ætla nægilegt. Björn Halldórs-son segir, að almennast sé að bera aðeins 12 taðkapla á eyrisvöll af nýrri kúamykju, en álitur það alt of lítið. Tómas Sæmundsson vill 1839 bera 36 hesta á eyrisvöll.⁵⁾ Sveinn Sveinsson segir um áburð 1873: »Það eru margir, sem þykjast hafa nógan áburð, þótt þeir hafi alt sauðataðið til eldsneytis, og ætla að 20--30 taðhestar sé nóg á dagsláttu, og hefir það verið bágð að koma sumum í skilning um, að ef vel ætti að vera borið á, veitti eigi af 120 taðhestum á dagsláttuna.⁶⁾ Höldur álitur 40--50 hesta með vættarböggum nægilegan áburð á vallardagsláttu⁷⁾ og Grímur Jónsson

1) Kláfar eru í fornum ritum kallaðir mykilaupar, taðkláfar, þiljukláfar o. fl.

2) Búnaðarrit IX, bls. 147.

3) Á Ærlæk er 1504 meðal búsgagna taldar 4 klárir og taðkelling! Dipl. isl. V, bls. 740.

4) Lýsingar á slóðum af ýmsu tagi eru í Gömlu Félagsritum V, bls. 49--50, Höldi, bls. 84--85, Búnaðarriti IX, bls. 144--147 og Frey III, bls. 59--60; VII, bls. 86. Árið 1907 er þess getið, að í Strandasýslu sé slóði víðast notaður til ávinslu, þar sem tún eru slétt (Freyr IV, bls. 31).

5) Fjölnir V, bls. 42. Atli bls. 79.

6) Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins 1872--74, bls. 16. Sbr. Andvari IV, bls. 149.

7) Höldur I, bls. 74.

amtmaður kvað svo á, að landsetar á konungsjörðum nyrðra ættu að bera 40—50 taðhlöss á dagsláttu.¹⁾ Torfi Bjarnason telur meðaláburð á dagsláttu að haustinu 50—60 hesta af vel geymdri, hæfilega rotinni kúamykju, en 70—80 hesta mikinn áburð. »en á vorin má ekki bera á meira en $\frac{2}{3}$ parta af þessu eða vart það, því þá gengur minna ofan í.²⁾ Af þessu sést, að nokkuð eru skiftar skoðanir í þessu efni, þó munu bændur óviða hafa syndgað með því að bera of mikið á tún sín. Einnig hafa venjur manna verið mismunandi í því, hvenær borið er á og breitt úr. Einsog fyrr var getið, hefir áburður víðast verið borinn á allseint á haustin, oft þegar jörð var orðin frosin og ísar og snjóar komnir. Þetta hafa búfræðingar á 18. og 19. öld átalíð, því þá missist lögurinn og krafturinn úr taðinu og rennur burt með vatninu á klakauum, bæði á vetrum í hlákum og á vorin, undir það jörð fer að þiðna: ráða þeir til að bera á snemma á haustum, áður haustrigningar byrja, og dreifa áburðinum um leið.³⁾ Gamalt máltæki segir: »betri er ein haustbreiðsla en tvær vorbreiðslur«. Magnús Ketilsson telur 1792 það langbezt, »að bera á túnin eigi síðar en um höfuðdag og moka sem bezt úr og láta síðan liggja og ávinna og núa ofan í að haustinu, sem bezt verður; er þá því verki lokið og þarf lítið eða ekki um að bæta að vorinu.«⁴⁾

Kúamykja hefir frá öndverðu verið aðaláburður á tún, en víðast hefir mjög illa verið um hana hirt, haugstæðin slæm og opin, mykjunni dembt beint út úr fjósdýrunum og látin rigna þar, frjósa og snjóa; hinn fljótandi áburður verður allur að engu, hauglögurinn rennur í svöð eða læki eða sigur niður á litlum bletti, sem skemmist af of mikilli stækju, svo þar vex ekkert nema arfi eða önnur óræktargrös. Magnús Ketilsson hvetur, 1792, bændur mjög til að

1) J. Johnsen's Hugvekja bls. 146.

2) Andvari X, 1884, bls. 198.

3) Höldur I, bls. 72—74. Búnaðarrit I, bls. 160—161.

4) Gömul Félagsrit XII, bls. 8.

hýsa kýr á sumrum, sem þá var ekki títt, því hann segir, að »50 kaplar af sumarmykju séu eins góðir til áburðar einsog 90 af vetrarmykju.«¹⁾ Viða hefir klíningur verið gerður úr kúamykju og honum brent, til mikils meins fyrir jarðræktina.²⁾ og sauðatað hefir alment verið notað sem eldiviður um alt land, jafnvel þar sem nægur mór er til, og er það þó ein hin bezta áburðartegund.³⁾ Fyrrum hefir þó miklu meira verið brent af taði en nú. Tómas Sæmundsson segir 1839: »Að fráteknum fáeinum sveitum, helzt við sjáfarsíðu og nærri kaupstöðum, er nægast um alt land ekki brent öðru til eldiviðar en kúamykju og sauðataði.« »Þar sem sauðfátt er fyrir sunnan land og nægast er búið að kúnum, mun algengt að tveir þriðjungar vetrarfjóshaugsins séu hafðir til eldiviðar.«⁴⁾ Viðast á Vestfjörðum, þar sem fé gengur í fjöru, eru sauðahús á malarkambinum; er sandur borinn í fjárhúsin, álnar þykkur á haustum, mokað svo út á vetrum öllu taði ofan af með sandinum, svo það verður aldrei að gagni.⁵⁾ Aðrar áburðartegundir en kúamykja eru minna brúkaðar, þó er sumstaðar notað sauðatað og hrossatað viðast, ennfremur salernisáburður, hlandforir, fiskslor, þangrusl, moð, aska og ýmislegt fleira. Hrossataðshaugar eru viðast illa hirtir, taðinu venjulega mokað út á vetrum á hverjum mánuði, út fyrir hesthúsdýrnar, og látið liggja þar sumstaðar fram á haust, og sumstaðar eru gróðursettar kartöplur í haugunum.⁶⁾

Fyrr og síðar hafa búfróðir menn brýnt það fyrir alþýðu, hve nauðsynlegt væri að fara vel með áburðinn, hirða hann vel svo eigi skemdist, og sérstaklega að hagnýta sér hinn fljóttandi áburð. Hafa þær upphvatningar borið töluverðan árangur á síðustu árum, svo menn hafa

¹⁾ Gömul Félagsrit XII, bls. 12. Sbr. Atli 1783, bls. 104—105.

²⁾ Klíningur er alment eldsneyti hjarðmannapjóða í upplöndum Asíu, því þar er viðast mikill eldiviðarskortur.

³⁾ Gömul Félagsrit V, bls. 87—89.

⁴⁾ Fjölnir V, bls. 44.

⁵⁾ Atli 1783, bls. 105—106.

⁶⁾ Búnaðarrit XVIII, bls. 14—15.

lagað haugstæðin, gjört vatnsheldar mykjugryfjur og safnhús, hagnýtt sér forir o. s. frv. Þó er áburðarhirðingunni víða mjög ábótavant enn þá. Eftir Landshagsskýrslum voru 1901—1910 bygð safnhús og safnþróar að rúmmáli 15500 teningsmetrar, verða það miðað við meðalfjós rúm 300 áburðarhús og safngryfjur, og má það heita mikil framför frá því sem áður var, því um miðja 19. öld þekktist slíkt varla.¹⁾

Vatnsveitingar á tún og harðvelli hafa sumstaðar reynst vel, þar sem þeim hefir verið haganlega fyrir komið, og allrar varúðar gætt, einkum þar sem hefir mátt með þeim hagnýta ýmsar áburðartegundir, sem annars urðu arðlitlar eða ónýtar.²⁾ Fornmenn veittu líka vatni á tún sín og hafa til skamms tíma sumstaðar sézt merki eftir veitustokka þeirra.³⁾

¹⁾ Ritgjördir um áburð: *Sigurður Pjetursson*: Um áburð og mykju (Gömul Félagsrit I, bls. 192—200). Sbr. Gl. Félagsr. I. 167—168, 178—179; II. 58—59, 60; V. 87—88; VI. 49—51 og víðar. Atli 1783, bls. 103—112. Um áburð í Klausturpósti I. bls. 90—92, 104—110; III. bls. 102—104. *Gunnlaugur Þórðarson*: Ritgjörð um túna og engjarækt. Kúhöfn 1844, bls. 14—68. Höldur bls. 56—76. Fjöltnir V, bls. 41—44. Norðri I, bls. 42—43, 49—50. *Sveinn Sveinsson*: Fáein orð um áburð (Ný Félagsrit XXX, 1873, bls. 28—76). *Torfi Bjarnason*: Um áburð (Andvari X, 1884, bls. 148—215). *Hermann Jónasson*: Um áburð (Búnaðarrit I, 1887, bls. 154—168). B. E. Um áburðarauka og sumarhýsing saudfjár (s. st. XII, bls. 126—130). *Vígfús Guðmundsson*: Athugasemdir um áburð, áburðarhús og safngryfjur (s. st. XVIII, 1904, bls. 1—35). *Ágúst Helgason*: Um áburðarhús (s. st. XVIII, bls. 35—37). *Guðmundur Björnsson*: Bæjarforir á sveitaheimilum (s. st. XVIII, bls. 67—69). *Páll Jónsson*: Áburðurinn og rektun landsins (s. st. XXIII, bls. 300—307). *Sigurður Sigurðsson*: Um áburðarhirðingu (s. st. XXV, bls. 41—75). *Torfi Bjarnason*: Um áburð (Freyr VI, bls. 35—40, 56—60). Um hirðingu áburðar (s. st. VII, bls. 124—127). *Halldór Vilhjálmsson*: Tilraunir með forarburð (Freyr X, bls. 41—46; XI, bls. 65—72). Hvernig og hvenær er bezt að bera á túnin (Plógur III, 1901, bls. 72, 79—80).

²⁾ *Guttormur Vigfússon*: Fáein athugasemdir um vatnsveitingar á tún og harðvelli (Ný Félagsrit XIII, bls. 163—174). Gömul Félagsrit I, bls. 180—181.

³⁾ Eggert Olafssons Rejse, bls. 680, 847.

Heyannir. Gróðri túna hefir áður verið lýst í Lýsingu Íslands (II, 416–418)¹⁾ og um almennan heyaflla af tünnum hefir fyrr verið getið, og er hann mjög mismunandi eftir rækt tünanna og ásigkomulagi, líka eftir árferði; þó hefir árferðið ekki nærri eins mikil áhrif á vel ræktuð tún eins og illa ræktuð. Í sumum sveitum brenna tún af of miklum þurkum og víða kelur tún á vorin.²⁾ Tún, sem lengi liggja undir snjó á afdalabýlum og útkjálkum, gróa furðanlega fljótt, þegar af þeim leysir, snjórinu skýlir þeim einsog hlý ábreiða. Hafiskuldar á vorin eru víða í norðlægum héruðum meinlegir fyrir grasvöxtinn, og suddar, sem ísum fylgja, spilla nýtingu, svo oft er ekki hægt á útkjálkum að hirða túnin fyrr en seint á haustin.

Aðferðin við heyvinnu og hirðingu hefir í öllum aðalatriðum verið hin sama frá því í fornöld og fram á vora daga; formenn óku aðeins oftari heyi sínu en menn hafa gert á seinni öldum. Heyvinnustörfunum er lýst í Eyrbyggju (30. kap.) og í mörgum öðrum sögum, og með því fátt er frábrugðið nútíðarháttum virðist ekki þörf á að tina saman sögustaði þá, sem þar að lúta.

Þýðingarmesta sumarvinnan er túnaslátturinn, og er þá mikils vert að vel viðri, rekja og þurkur skiftist á hentuglega; misbrestur er þó oft á þessu, einsog sjá má af öllum árferðisskýrslum frá ýmsum öldum. Túnasláttur byrjar vanalega í 11. eða 12. viku sumars, stundum fyrr og stundum síðar eftir árferði og legu sveitanna á landinu.³⁾ Sumstaðar, þar sem góð rækt er í tünnum, er síðar á sumrum slegin há.⁴⁾ Helztu heyvinnu-verkfæri hafa jafnan verið orf og ljár. hrifa og reipi. Ljárnir voru fyrrum allir smíðaðir

¹⁾ Sbr. Botany of Iceland I, bls. 337–339.

²⁾ Sbr. Skýrsla Búnaðarfél. Suðuramtsins 1874–76, Rvík 1877, bls. 8–9.

³⁾ Ólafur Stephensen stiftamtmaður telur mátulegt að fara að slá, þegar bifukollan fyrst fer að fella frá. Gömul Félagsrit VI, bls. 55.

⁴⁾ Orðið »há« er enn notað í Noregi og kallað »Haa« í sömu merkingu. Sbr. *H. Ross*: Norsk Ordbog, 1895, bls. 304–305.

innanlands og voru hafðir mislangir eftir jarðvegi, sléttlendi og þúfum. Íslenzka orfið er nú lengra og ljárin styttri en vanalega gerist í öðrum löndum, enda standa íslenzkir sláttumenn beinni en hinir útlandu. Það má ráða af Kormákssögu, að fornmennt hafa haft tvennskona orf, löng orf til engjasláttar og þá líklega styttri orf til túnasláttar; þar er getið um »ljá í langorfi«, sem Kormákur kallar »engilé« í vísu.¹⁾ Eggert Ólafsson segir, að ljáirni hafi á hans tíð verið ein íslenzk alin á lengd (22 þumlungar) og tveir þumlungar á breidd, en orfið 2¹/₂—3 álnir á lengd.²⁾ Gömlu ljáirni voru við sláttinn brýndir 2—3 sinnum á klukkustundu eða jafnvel oftar, stundum lagðir á hverfistein og vanalega eldbornir og dengdir á steðja einu sinni á dag. *Brýnin* (hardsteinar, hein) hafa víst frá alda öðli verið flutt til Íslands frá útlöndum, menn hafa sjaldan eða aldrei getað notað innlent grjóti til þeirra.³⁾ *Hverfisteinar* eru fyrst nefndir 1503 og eru þá mjög dýrir, hver metinn á hundrað.⁴⁾ Þeir hafa þá líklega nýlega verið farnir að flytjast til landsins, en síðar komust þeir á hvern bæ; til skamms tíma var öllum hverfisteinum snúið með sveif, en nú er víða í sveitum farið að nota hverfisteina með annari gerð, sem eru stignir.⁵⁾

¹⁾ Kormákssaga, 1893, bls. 10.

²⁾ Eggert Ólafsson's Rejse I, bls. 33.

³⁾ Sunstaðar virðast hardsteinar í gömlum bréfum þýða annað en brýni, 1504 er í Hítardal talað um 7 hardsteina og 2 brýni (Dipl. isl. VII, 746), og sama ár eru á Breidabólstað í Fljótshlíð »stórir hardsteinar 4, brýni smá og stór 14« (Dipl. isl. VII, 736); hér virðist átt við tvær tegundir af brýnum? Í Búalögum (1915) er mörk af hardsteinsgrjóti metin á alin (bls. 21), á öðrum stað 12 marka hardsteinn á eyri (bls. 41). Til skamms tíma hafa ljáir verið dengdir á stöku stað vestan til í Noregi (F. C. Schübeler: Die Pflanzenwelt Norwegens, Christiania 1875, 4^o, bls. 199).

⁴⁾ Dipl. isl. VII, bls. 638, 667.

⁵⁾ Í fornum máldögum er alloft getið um *slikisteina* og þýða orðabækur það orð með Slibesten, Hvæssesten, sleekstone, a fine whetstone, hverfisteinn o. s. frv., en sú þýðing er eðaust röng, hefir hver höfundurinn tekið hana eftir öðrum. Í sögunum kemur orðið aðeins einu sinni fyrir í samsetningu; Halbjörn slikisteinsauga er

Ljáir munu þegar í fornöld hafa verið smiðaðir á Íslandi, og á seinni öldum er talað um ýmsa menn, sem voru nafnkunnir fyrir að vera góðir ljáasmíðir.¹⁾ Fram á 19. öld voru ljáirnir bundnir við orfin með ljáböndum, fingurbreið-

nefndur í Laxdælu, hann var fjölkunnugur og seiðmaður. Hrútr og synir hans bundu stein við háls Hallbirni og drektu honum. »Hallbjörn rak þá skygnur á landit, ok var augnalag hans ekki gott«. Stigandi bróðir hans hafði heldur ekki gott augnarád, þegar belgur var dreginn yfir höfuð honum, var rauf á belgnum, »ok getur Stígandi séð öðrum megin í hlíðina: þar var fagurt landsleg ok grasloðið: en því var líkast sem hvirfilvindr kæmi, at sneri um jörðinni, svá at aldregi síðan kom þar gras upp« (Laxdæla 1895, bls. 97, 110, 112). Þessi trú á »vond augu« hefir frá ómuna tíð verið algeng víða um heim, og er það enn hjá almúga í Ítalíu (mal d'occhio). Orðabækur telja slíkisteinsauga sama sem hverfisteinsauga, og ætla að Hallbjörn hafi verið stóreygður, og augum hans því líkt við gar á hverfisteini, en líklegra er, að hann hafi haft gljáandi augu og tuddalegt augnarád, því orðið slíkja er enn notað um gljáa eða glýju (t. d. á silki eða klæði). Þar sem slíkisteinar eru nefndir í fornum skjölum eru þeir alstadar taldir með kirkju-inventaríi, aldrei með búsgögnum. Árið 1170 lætur Ámundi prestur eftir að staðnum á Húsafelli meðal annars »vm heilagra manna sögur oc slijkjustein, item kertastikur tvær: er hann lét gjöra« (Dipl. Isl. VII, 2). 1179 á kirkjan í Miðarnarbæli undir Eyjatjöllum meðal annars »slikistein ok ellz virke« (Dipl. Isl. I, 255). Vallna kirkja í Svarfaðardal á 1394 »buðk steindan og tvo aðra slykiusteina« (D. I. III, 513). Hrunakirkja á 1397 meðal annars »krismakier og slykistein«. Strönd í Selvogi á sama ár »slykisteinn, 2 lítil paxspiöld« og Gardakirkja á Akranesi á »slykjustein oc hvslpunng með pell oc ij altarissteina lausa« o. s. frv. (D. I. IV, 44, 100, 196). Frú Þóra Thoroddsen getur þess til, að slíkisteinar hafi verið fægðir steinar, gljásteinar, sem kirkjurnar áttu og notuðu til þess að slétta og strjúka kirkjulín og kirkjuskrúða, nokkurskonar línastrokusteinar, sem notaðir voru líkt og trafakeli. Dr. Valtýr Guðmundsson hefir fallist á þessa skýringu og bent mér á, að svipuð merkiag hefir haldist í norsku alþýðumáli. Ivar Aasen kallar »slikjesten, en fin Sten til at glatte eller stryge med«; »slikjeben, et Ben til at glatte eller stryge med«, »slikjande, glindsende, meget glate« og »slikja, glindse, være glat og glindsende; glatte, polere, stryge, f. Ex. Linned«.

¹⁾ *Sveinn Nielsson*: Um ljáasmíði (Árman á alþingi IV, 1832, bls. 115—121). Jón Steingrímsson prófastur getur um konu í Skagafirði, Guðný Stefánsdóttur, afasystur hans, sem var ágetur ljáasmíður, og allur fjöldi sótti sín ljáasmíði til hennar (Ætisaga Jóns Steingrímssonar bls. 9). Eftir Búalögum (1915, bls. 62) er nýr sláttuljár gjör úr 5 ásmundum metinn á 10 álnir.

um. blautum ólum úr selskinni eða gömlu leðri; var ólin vafin utan um þjóð á ljánum og orfið framanvert, og að því búnu var rekinn fleygur undir ólina milli hennar og þjósins til að festa ljáinn; mjög var ljárin laus í, þegar þurkar voru, og stal það bitinu úr. En litlu fyrir 1830 fann síra Þórður Árnason (1803—1862), þá á Skarði á Landi, upp á að smíða orfhólka, og breiddust þeir þaðan út og munu hafa verið komnir um alt land um miðja öldina; lögðust ljáböndin þá algjörlega niður.¹⁾

Til ljáadengslu þurfti mikil *viðarkol*.²⁾ og olli það eitt með öðru miklum skemndum á íslenskum skógum, því það var ekkert smáræði, sem þurfti til ljáadengslu um alt land; allar hinar mörgu kolagrafir í gömlum skógarplássum sýna vel, hve mikið hefir til þess gengið. Auk þess skemdust ljáirnar oft við dengsluna, því allir voru eigi jafn lagtækir.

¹⁾ *Eiríkur Briem*: Ljábönd og orfhólkar (Búnaðarrit IX, bls. 179—181). Sbr. Ferðabók P. Th. III, bls. 215 og Tímarit Bókmenntafélagsins XIII, bls. 211. Um jarðabætur síra Þórðar Árnasonar sjá Ný Tíðindi I, bls. 79.

²⁾ Viðarkol hafa mjög gengið kaupum og sölum á Íslandi og ákveða Búalög nákvæmlega mál og verð á kolum og vinnu við að höggva þau og sviða. »Hálf mörk að höggva köst kela, það er upp á 6 hesta kol í mállaupum og brandalaupar að auki. Það eru mállaupar að íslenzkrar stiku eru í skakkhorn á alla vegu; 5 aurar koma á að sviða með, en 6 aurar ef hann færir heim« (Búalög 1915, bls. 18, 24—25). Í kesti eru 12 kolalaupar, tveir laupar á hest. Að sviða laup er metið 4 álnir (bls. 23), meðalmannsverk er talið að gjöra kolavætt á dag eða gjöra kolaklyfjar á dag og brenna með (bls. 19, 32); kolavætt er metin á 12 álnir (bls. 20, 30). Á 18. öld var verð viðarkola mjög mismunandi í ýmsum sýslum, enda voru þá löngu gleymdar hinar fornu samþykktir bænda um verðlag á vörum innanlands. Skúli Magnússon fógeti segir, að þá (1784) hafi kolatunnan í Nordursýslu kostað 11 skildinga, í Skagafirði 22 sk., á Sudurnesjum 34 sk. (Gömul Félagsrit IV, bls. 188). Sérstakt kaup var fyrir ákveðið fyrir ljáadengslu: »pund smiors kemur á að flappa ljá eftir einum manni um heyannir«. Búalög 1915, bls. 19, 25, 29. Leiðbeining um kolabrenslu hefir Magnús Stephensen ritað í Klausturpósti VII, 1824, bls. 94—98. Í Grágás 1852, II, bls. 137 og Jónsbók (Ó. H.), bls. 135 er tekið fram, að leiguliðum sé heimil léðengingar (léðengðar) kol í skógi þeirrar jarðar, er þeir búa á.

urðu ofhertir eða of deigir, fettust og undust o. s. frv.¹⁾ Ljairnir eyddust einnig mjög við dengsluna, og þegar þeir voru orðnir mjóir, voru þeir kallaðir spikur, var þá stundum lítið eftir nema bakki og þjó. Það var því mikil framför, er Torfi Bjarnason í Ólafsdal innfærði hina svokölluðu skozku ljái á Íslandi 1867 og endurbætti þá;²⁾ ruddu þeir sér til rúms á árunum 1868—71 og hafa síðan breiðst út um alt land með sandbrýnum þeim, sem þeim fylgja, og nú munu varla aðrir ljair notaðir neinstaðar.³⁾

Hrífurnar eru mislangar með eikarhaus, tindarnir eru vanalega um 20, úr brúnsþæni, eik eða eski, áður úr birki.⁴⁾ stundum fjaðratindar, stundum sívalir tindar; fjaðratindar eru helzt hafðir, þar sem er smátt hey, eins og taða er oftast, sívalir tindar í úthey og loðið gras.⁵⁾ Reipin, sem

¹⁾ *Ólafur Ólafsson*: Um ljáadengslu (Gömul Félagsrit X, bls. 149—160). Höf. ræður til að nota hverfisteina og fá sér norska ljái; hann telur, að hver bóndi muni brúka kolahest eða 4 tunnur til ljáadengslu á ári, og að árlega þurfi 21—22 þúsund tunnur viðarkola fyrir alt land. Um meðferð og herðing á ljáum í Norðra I, 1853, bls. 41—42, 62—63. S. E. Að klappa ljái (Plógur II, bls. 9—11).

²⁾ Þjóðólfur XX, 1868, bls. 137. Ísafold II, bls. 71—72, 182; III, bls. 22; XIII, bls. 3, 31, 62—63. Fréttir frá Íslandi 1875, Rvík 1876, bls. 43.

³⁾ Á seinni tímum hafa tvennskonar ljáblöð fengist frá Sheffield, hörd til að hvetja á hverfisteini, önnur stilt til að klappa (Freyr I, bls. 39—40). Á seinni árum hafa hinir svokölluðu skozku ljair ekki þótt reynast vel, og var gerð tilraun til að fá ljái frá Svíþjóð, en þeir reyndust líka misjafnlega. Freyr VIII, bls. 54; X, bls. 70—72. Búnaðarrít XXVI, 1912, bls. 212—213.

⁴⁾ Hinir íslenzku birkitindar voru léttir og kostuðu svo sem ekkert, en þeir brotnuðu og dattu úr í þurkum. Þá var um 1880 farið að nota brúnsþónstinda, þeir ruddu sér hljótt til rúms, voru þungir og dýrir, en haldgóðir. Nú eru sumir farnir að nota járntinda. *Ágúst Helgason* í Frey VIII, 1911, bls. 54.

⁵⁾ Sumir hafa brúkað stórar og sterkar hausmiklar hrífur til þess að hirta hey og sveifla flekkjum saman í skyndi. Sbr. *Jón Johnsen*: Hugvekja 1840, bls. 143. *Rakstrarakonan* heitir sérstakt áhald, sem sumstaðar er notað við heyvinnu í Skagafirði, það er ljár með áfastri rakstrargrind, er rakar heyinu í múga um leið og það er slegið með ljánum (Freyr II, bls. 45—46; Norðri 1911, bls. 51). Sumstaðar nota

heyð er bundið í, eru vanalega úr hrosshári með höglum, annaðhvort úr horni eða tré, og hafa þær ýmsa lögum, eru aflangar eða kringlóttar, með einu eða tveimur götum.

Það var fyrrum talið meðalmannsverk að slá dagsláttu á dag, völl ferskeyttan, 30 faðma í hvert horn, og voru eftir Búalögum, að fornu fari, goldnar 6 álnir fyrir, því var dagsláttu líka kölluð eyrisvöllur, svo var talið á 15. öld; voru þá 4 álnir kaup og 2 álnir taldar fyrir mat.¹⁾ En á 18. öld voru auk fæðis borgaðar 10 álnir fyrir dagsláttu í mælislátt, hvort sem hún var slegin á einum degi eða tveim.²⁾ Á greiðfærri sléttu má nú slá nýja, greiðfæra dagsláttu á dag, en eigi á þýfðu.³⁾ Ólafur Ólafsson í Kongsbergi segir 1790, að það sé þá haldinn gildur sláttumaður, sem slær 3 dagsláttur af greiðfærum velli á viku, en í þýfi tvær dagsláttur á viku; kennir hann það þýfinu og vondum verkfærum, að túnasláttur gengur svo illa á Íslandi.⁴⁾ Bjarni prestur Arngrímsson telur, að einn meðal-karlmaður og einn kvenmaður eigi að geta slegið og hirt dagsláttu á $2\frac{1}{2}$ degi.⁵⁾

menn *heyytur* til þess að taka saman hey á sléttri jörð og beita hestum fyrir (Freyr IX, bls. 62; XIII, bls. 84–86).

¹⁾ Búalög 1915, bls. 28.

²⁾ Búalög, Kmh. 1834, bls. 200.

³⁾ Jón H. Þorbergsson segir: »Sláttumenn eru nú alment betri en fyrrum. Að slá vallardagsláttu var hér áður talið tvö dagsverk, en nú þarf ekki nema meðalsláttumann til að slá hana á 10 tímum, sé hún allgreiðfær og eigi mjög seinslæg. Munur þessi felst í betri verkfærum og haganlegri vinnutíma» (Freyr IX, 1912, bls. 84). Á öðrum stað segir sami höfundur (Kynbætur saudfjár 1915, bls. 13–14): »Sumstadar slær maður með orti sínu 15 kapla á dag af þurrabandi, en sumstadar 1 kapal. Það er nú óvída. En bændur norður í Jökulfjörðum hafa sagt mér, að á útjörð slægi maður oft ekki nema þurrabandshest á dag. Mjög víða eru engjar þannig, að maðurinn slær 5 kapla af þurrabandi yfir daginn.«

⁴⁾ Gömul Félagsrit X, 1790, bls. 156–157.

⁵⁾ Bjarni Arngrímsson: Um garðyrkjunnar nauðsyn og nytsemi, Kmhöfn 1820, bls. 78. Um 1685 fékk Björn Magnússon frá Munkaþverá danskan sláttumann, ok sló hann ekki meira en íslenzkir, þó

Þegar býið er að slá, fara vinnukonur að raka ljána, og er hún annaðhvort rökuð saman í flekki, eða sett í dríli eða föng, ef útlit er fyrir vætu. Dríli (rosadríli) eru svo gjörð, að heyið er tekið upp í fang sér og látið hrynja niður í hrúgu; í föng er heyið saxað, þrýst saman með hrifunni eins miklu heyi einsog fang manns getur tekið. Þegar sólskin kemur, eru föngin breidd og jafnað yfir með hrifunni, er það kallað að ká. Þegar heyið er flekkjað til þurkunar, er það sett í garða (rifgarða) og snúið við og við með hrifunum og er það kallað að rifja. Ólafur Stephensen telur bezt að slá gras í tvöfalda múga og láta síðan liggja í tvö dægur eða 24 tíma óhrært, áður rakað er eða breitt. Þá (1786) var sú aðferð tíðust í Skaftafellssýslum að »slá ætið úr grasi í hálmúga«, en Ólafur stiftamtmaður telur þá hætt við mörgum ljámúsum og að túnið skemmist.¹⁾ Í ýmsum hlutum landsins er aðferðin dálítið mismunandi: »Á Suðurlandi austanfjalls er heyinu.« segir Ólafur Ólafsson búfræðingur, »vanalega rakað í smáa, flata flekki, svo litla að ekki er tekið fang, heldur aðeins rakað utan að; eru flekkirnir því mjög litlir og seinlegt að þurka og hirða (binda í garð), þegar um litla þerra er að gera. Í Borgarfirði, og eg hygg á öllu Vestur- og Norðurlandi, er öllu heyi rakað í þétt söxuð föng, þá rigningatíð er, í þerritíð í stóra flata flekki strax úr ljánni, og álita margir bezt, að ljá aldrei safnist.« »Austanfjalls er það síður, þá heyið er orðið hálfþurt og rigning vofir yfir, að dríla og setja í rosadríli; heyinu er rakað í uppmjóar hrúgur, en það ekki saxað.«²⁾ Markús prestur Eyjólfsson segir 1782, að heyið þoli 2—3 vikna óþerra í þéttsöxuðum föngum.³⁾ Á kvöld-

ham léti svo, ok má valdit hafa, at hér var ei landslag til þess: (Árb. Esp. VIII, bls. 9).

¹⁾ Gömul Félagsrit VI, bls. 56—57. Ólafur Stephensen getur þess, að sumir hafi í þá daga í rosatíð þurkað heyið með því að snúa því í vöndla, sem voru hringaðir á þúfnakollunum (s. st. bls. 58).

²⁾ Suðri II, 1884, bls. 51.

³⁾ Gömul Félagsrit II, bls. 62.

um er hey oft sett í smásæti eða föng til varúðar, ef rigning eða væta kynni að koma á nóttunni. Þegar útlit er fyrir mikla vætu, er heyið sett í sæti, það er einsett röð af föngum, af ýmislegri stærð, oftast þó svo, að hvert sæti er mátulegt í sátu, en stundum eru þau stærri.¹⁾ Þegar heyið er orðið svo þurt, að hugsað er til að hirða það, er það oft sett í galta eða bólstra, sem vanalega eru líkir sætum í lögun, en miklu stærri og faugaraddirnar að minsta kosti tvær. Stundum eru byggðir stórir sívalir galtar, seiling manns eða meira á hæð, og þykja þeir verjast vel í rigningu.²⁾ Sumstaðar á engjum er heyið látið standa lengi í stórum göltum og þá tyrft yfir og borið grjótt á. Stór sæti eru stundum kölluð lanir, og eru þá föngin stundum sett í kross, kalla menn þær þá langlanir eða krosslanir, eftir því hvernig þær eru uppsettar. Ólafur Stephensen ræður mönnum til að binda úr lönun, af því binda má 2—3 hesta eða meira úr lön, segir hann það sé venja norðanlands, en syðra hafi menn venjulega baggasæti, verður þá að sækja sátur á marga staði og rökin verða mörg og tafsöm, en í lön eru oft 10 sátur og ekki nema eitt rak.³⁾ Stórir galtar eru stundum kallaðir heydes og svo voru þeir kallaðir til forna. Dalla, er varð kona Ísleifs biskups, fyrsta biskupsfrú á Íslandi, sat uppi á heydes, er Ísleifur á bónorðsför sinni kom að Ásgeirsá í Víðidal.⁴⁾ Arið 1335 er þess getið, að þá tóku vatnavextir miklir heydes og mann úr garði að Eysta-Skarði í Leirársveit:⁵⁾ þar virðist heydes vera sama sem hey í hey-

¹⁾ Arið 1332 er getið um 10 hesta heys sæti undir Eyjafjöllum (Dipl. isl. II, bls. 684).

²⁾ Norðri V, 1857, bls. 5.

³⁾ Gömul Félagsrit VI, bls. 64.

⁴⁾ Biskupasögur I, bls. 54. Alexander Bugge hetir bent á, að allmörg íslensk búnaðarorð eru komin úr írsku og sum úr engilsaxnesku: úr írsku t. d. des (desjar), kláfur, tarfur, kapall, sofn, þust, úr engilsaxnesku kál, páll o. s. frv. (Vesterlandenes Indflydelse paa Nordboerne i Vikingetiden, Christiania 1905, bls. 257—262). Áhrifin á búnað hinna fornu Íslendinga veðtan um haf hafa eflaust verið mikil.

⁵⁾ Íslenzkir annálar 1888, bls. 349.

garði, og svo er einnig í Sturlungu.¹⁾ Á Vestfjörðum hefir það lengi verið siður að verja heygalta í votviðrum með voðum. Magnús Eyjólfsson í Skáleyjum lýsir þeim svo, að þær eru lagaðar einsog hettur með lykkjum neðan í, og er dregið í þær band, sem voðirnar eru bundnar með í veðrum um galtana.²⁾ Þetta tíðkast enn víða á Vesturlandi, einkum í Barðastrandarsýslu. Hermann Jónasson ritar 1888: »Margir hafa dúka til að breiða yfir uppsett hey. Dúkar þessir eru nefndir hærur eða galtatjöld. Lang almennust eru galtatjöld í vestursýslunni, einkum í Tálknafjarðarhreppi, enda finnast þeir bændur, sem eiga alt að 30 hærur. Flestir vinna hærurnar sjálfir, í uppistöðuna er hafður allur versti ullar-úrgangur. Uppistaðan er höfð tvöföld, viðlíka gild og pokaþráður; ívafið er úr uppleystum hrognkelsanetum, sem eru orðin ónýtt til veiða, en ef þau eru eigi til, þá úr ullar-úrgangi. Uppistaðan er vanalega höfð 6 kvartil á breidd, þráðafjöldi 300—360. Ef ekki er hægt að hafa uppistöðuna 6 kvartil á breidd, er hún höfð 3 kvartil, og hærarnar svo jöðruð saman. Hærurnar eru jaðraðar með snæri eða hrosshárs-þin, og eru þær láttnar poka lítið eitt, svo þær lagi sig sem bezt eftir heyinu. Lykkjur eru hafðar í öllum hornum og á miðjum hliðum, svo að hægt sé að festa í þeim steina eða hæla til þess að halda hærnunum niður, ef hvessir. Hærurnar eru álitnar beztar sem gisnastar, því þá nær heyið betur að blása undir þeim.«³⁾

Þegar ópurkar ganga og veðráttu oft er tvísýn, er heypurkur mjög tafsamur, altaf verið að breiða úr eða taka saman, drila og sæta o. s. frv., eru við þá vinnu miklir snúnningar og verst að hey samt oft kemur blautt í garð, skemmist og brennur.⁴⁾

¹⁾ Í töðugarði í Hvammi »rúfu húskarlar heydes, er drepit hafði um haustit« (Sturlunga I, bls. 121).

²⁾ Norðri V, bls. 5.

³⁾ Búnaðarrit II, bls. 185. Í Frey XI, 1914, bls. 46—48, er stungið upp á að sæta hey á grindum til þess að verja heyið jarðraka og svo vel blási undir það.

⁴⁾ Ritgjörðir um heyvinnu eru þessar helztar: *Markús Eyjólf-*

Þegar heyið er þurt, er það bundið í sátur og flutt í garð eða hlöðu, vanalega reitt heim á hestum. Þá er annaðhvort rakað saman úr flekkjumum, gjörð föng og þeim hladið á reipin og svo bundið, eða bundið er úr sætum. Þegar svo stendur á, annaðhvort með því að koma reipunum undir sætið (drepa undir), eða reipin eru lögð ofan á, og svo sætinu velt við, svo botninn verður upp. Af túbandi er sátan vanalega látin vera vætt eða 8 fjórðungar, hesturinn (eða kapallinn) 160 pd. (80 kg.), en sumstaðar eru hafðir 10 eða jafnvel 12 fjórðunga baggar, og eru sáturnar þá stundum svo síðar, að þær dragast með jörðu og eru kallaðar dragband (dragbandsklyfjar). Þar sem túnslægjur eru við beitarhús, sel eða útibú, er heynu stundum á vetrum, einkum á Norður- og Austurlandi, ekið heim á sleðum, og stundum líka útheyi. Fornmenn óku oft heyi sínu og beittu stundum öxnum fyrir sleðann eða vögurnar, eða þá hestum.¹⁾

Heygarðar og hlöður. *Heygarðar* eru á flestum bæjum, sumstaðar hlöður, víða einnig heytóftir við fjárhús og lambhús, en aðalheygarðurinn er oftast við bæinn og fjósið. Hlöður voru allvíða í fornöld, en lögðust svo víðast niður, en svo hefir þeim aftur fjölgað mjög á seinni hluta 19. aldar og á 20. öld, svo nú eru víða stórar og smáar hlöður með járnþaki. Heygarðar voru líka algengir í fornöld, en voru oftast kallaðir stakkgarðar,²⁾ stundum þó líka

son: Um heyannir (Gömul Félagsrit II, 1782, bls. 57–72). *Ólafur Stephensen* s. st. VI, 1786, bls. 54–59, 64–70. *Halldór Þorgrímsson*: Um verknad við heyannir (Höldur, Akureyri 1861, bls. 92–103). *Magnús Eyjólfsson* í Skáleyjum: Um heypurk í votviðrum (Norðri V, 1857, bls. 2–5, 12–14). *Sveinn Sveinsson*: Um grasrækt og heyannir (Andvari IV, 1877, bls. 121–161). *Ólafur Ólafsson*: Um heypurk (Suðri II, 1884, bls. 51–52). *Halldór Vilhjálmsson*: Heyverkun: (Búnaðarrit XXVII, bls. 161–181).

¹⁾ Fóstbræðrasaga, Rvík 1899, kap. 12, bls. 56. Vígastyrssaga, Rvík 1899, kap. 19, bls. 53. Aðferð fornanna við heimflutning og uppburð á heyi sést vel á þætti Orms Stórolfssonar, þó frásögnin sé ýkt (Fjörutíu Íslendingaþættir, Rvík 1904, bls. 201–205).

²⁾ *Páll Vídalín*: Fornyrði lögbókar, bls. 518.

töðugarðar eða heygarðar.¹⁾ Í heygörðunum eru mörg hey-
stæði með geilum á milli, og eru heyin þar borin upp í
háa stakka (eða hey) milli geilanna; hvert hey er vanalega
látið vera 1½ faðmur á breidd, en tvisvar eða þrisvar sinnum
lengra og þrjár mannhæðir eða framt að því á hæð, ef
vel á að vera, hæst í miðju með ávalan hrygg. Þegar
heyið er reitt heim, er altaf einn maður eða fleiri til að
taka á móti sátum, leysa úr og hlaða upp heyinu og troða
með fótunum, svo það verði þétt og fast. Þegar búið er að
bera upp heyið, er það tyrft með torfi, löngum torfum (hey-
torfum), þær eru oftast 7—9 feta langar og 3 feta breiðar,²⁾
og svo er borið grjót ofan á svo ekki fjúki, en torfið skar-
að svo eigi drepi, en það er kallað að lykkjutyrfu. Þegar
torfurnar eru ekki látvar ná saman, en látið vera tveggja
fingra bil milli þeirra.³⁾ Ólafur Stephensen segir: »Svo haga
allir góðir búmenn heytyrfingum, þeir láta rista heytorf
milli fardaga og Jónsmessu, hringa það í flagi, reiða síðan
út og breiða til þurks, en flytja heim til tófta og heygarða,
hvar þeir leggja það í bunka, svo eigi náí að vökna, þá
það er þurt orðið fyrir slátt; er þá ristur, þurki og heim-
flutningi torfsins aflokið fyrir heyanir, svo eigi þarf ann-
að að gjöra, en taka það úr bunkanum, þá tyrfa skal.«⁴⁾
Á heystæðin í gördum og tóftum lögðu menn fyrrum oft
hrís undir heyin, þótti það vel gefast, þá urðu engar rekj-
ur við gólfíð.⁵⁾ Hlöður munu hafa verið á flestum heldri
bæjum til forna, og er þeirra oft getið í sögunum, síðar fór
þeim að fækka, en þó munu menn um allar aldir allvíða
hafa haft smáhlöður við fjós, lambhús og nokkur sauðahús,
og ennfremur voru heytóftir þaklausar við fjós og fjárhús
víða um land og eru enn; eru þær sumstaðar kallaðar kuml.

¹⁾ Laxdæla 1895, bls. 256, kap. 84. Sturlunga, Rvíkurútg. I, bls. 121: III, bls. 21. Sumstaðar voru til forna stakkgarðar á engjum, fjarri bæjum, og sjást á stöku stað leifar þeirra.

²⁾ Eggert Ólafsson's Rejse bls. 35.

³⁾ Gömul Félagsrit VI, bls. 68.

⁴⁾ s. st. VI, bls. 66.

⁵⁾ Gömul Félagsrit II, bls. 64—65.

Eggert Ólafsson segir, að heytóftir, 2–3 álra djúpar, séu þá algengar á Vesturlandi, og heyi hlaðið svo í þær, að það breiðkar um sig, þegar kemur upp fyrir tóftaveggina, og telja menn, að heyin þá drepri síður.¹⁾ Á Vestfjörðum og Austurlandi, einkum á Fljótsdalshéraði, voru smáhlöður algengar á 18. öld, en flestar voru þó illa byggðar og margar í jörðu grafnar.²⁾ Enn eru heyhlöður algengar á Vestfjörðum, flestar með torfpaki, sumar með járnþaki; í Múlasýslum eru hlöður einnig alnennar, oft 4–5 á bæ, en viðast mjög smáar: á stöku stað eru þær kringlóttar með topp-risi;³⁾ í Skaftafellssýslum eru líka sumstaðar kringlóttar hlöður toppmyndaðar.

Þegar heyið er eigi vel þurt, þegar það kemur í garð, er oft stráð salti milli heylaga, til þess það eigi hitni um of. Ólafur Stephensen stiftamtmaður saltaði fyrstur hey á Innrahólmi, 60 hesta með 15 pottum af salti.⁴⁾ Það hefir verið talið, að tveir kútar salts eigi að ganga í kýrfóður eða hérumbil mörk salts í heyhestinn;⁵⁾ sumir vilja láta einn kút í kýrfóðrið.⁶⁾ aðrir eitt pund af salti í hverja 10–12 fjórðunga af töðu.⁷⁾ sumir eina skeppu í kýrfóður, 30 væna hesta, en ef heyið er ekki nema hálfþurt, þá alt að 2 skeppum í kýrfóður, en aldrei meira.⁸⁾ Skoðanir manna eru því í þessu efni æði mismunandi. Oft ber það við að hitnar í heyi og stundum að þau brenna, hafa af því hlotist miklir skaðar fyrr og síðar, sérstaklega er annálaður hinn mikli heybruni í Skálholti 1308.⁹⁾ Í gamla daga þóttust

1) E. O. Rejse bls. 16–17, 156. Um heytóftir Norðri V, bls. 12–13. Tímarit Bókmaf. XIII, bls. 179.

2) Um heyhlöður (Gömul Félagsrit XII, bls. 133–134). Leiðbeining um að hlada heyi í hlöður í Andvara IV, bls. 156–157.

3) Búnaðarrit XVI, 1902, bls. 35. Freyr II, bls. 21.

4) Gömul Félagsrit VI, bls. 68

5) Norðri V, bls. 13–14.

6) Höldur bls. 101.

7) Andvari IV, bls. 161.

8) Um söltun á töðu í Landstíðindum I, 1850, bls. 81. Þar er lýst aðferð hvernig best sé að salta.

9) Ísl. ann. 1888, bls. 53, 391. Jón Runólfsson: Brjef frá gömlum

mennt verða þess varir. að þau hey brynnu ekki. sem nýr arfi var látinn innan í. nokkrir höfðu tré eða tunnu í miðju heynu. þegar hlaðið var. neðan frá gólfi. og létu holu standa þar opna upp úr. en sumir höfðu trú á því. að ekki hitnaði í heyi. ef skininn hrosshaus var látinn innan í það eða blágrýtissteinn.¹⁾ Markús Eyjólfsson getur þess. að »sumstaðar hitni í eyjaheyi um hvörn stórstraum. og að það sé gömul hjátrú. að óperrar örfist. ef há er slegin af túnnum á haustin«.

Í landi þar sem ópurkar eru jafn tíðir einsog á Íslandi er votheysverkun mjög þýðingarmikil. og hafa á seinni tímum verið gjörðar ýmsar tilraunir til þess að gjöra sér gagn úr heyi í votviðrum. Sérstaklega hefir mikið verið fengist við tilbúning *súrheys* og mikið um það ritað. Sveinn Sveinsson reit 1877 um tilbúning á ornuðu heyi og súrheyi,²⁾ og svo fóru ýmsir bændur að reyna súrheysverkun. Þá gerði Torfi Bjarnason í Ólafsdal tilraunir í stærri stíl og ritaði rækilega grein um aðferð sína.³⁾ fór eftir það smátt og smátt að fjölga bændum. sem bjuggu til súrhey. hefnaðist sumum það vel. en sumum miður. Þó hefir súrheysverkun enganvegin fengið þá útbreiðslu. sem þyrfti.⁴⁾ Þá hefir á seinni árum mikið verið hugsað og talað um *slútturélav*

bónða (um heyjaeld). Búnaðarrit XVII, bls. 326—328. Halldór Vilhjálmsson: Hiti í heyjum (Búnaðarrit XXVII, bls. 170—180). St. St. Hiti og kviknun í heyi (Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands 1905. Akureyri 1906, bls. 103).

¹⁾ Gömul Félagsrit II, bls. 65, 67, 68.

²⁾ Andvari IV, 1877, bls. 154—160.

³⁾ Andvari X, 1884, bls. 121—147 og Búnaðarrit II, bls. 95—115.

⁴⁾ Aðrar ritgjörðir og greinar um súrhey: Árni Thorsteinsson: Um súrhey. Rvík 1887. Sbr. Þjóðviljinn 1887, nr. 29, 30. Norðanfari XXIII, 1884, bls. 94—95. Austri I, 1884, bls. 185—187; II, 1885, bls. 65—66. Norðurljós I, 1886, bls. 11. Ísafold VIII, 51; IX, 78; X, 51; XI, 110; XII, 131. Búnaðarrit I, bls. 189—190; XI, bls. 44—51. Daniel Jónsson: Súrþari og súrhey (Búnaðarrit XX, bls. 228—234). Sauðfjárrækt og súrþari XXV, bls. 273—281. Sætheysverkun í Búnaðarriti XX, bls. 120—122. *Einar Helgason*: Vothey (súrhey og sæthei) í Frey I, bls. 44—46, 51—53. Ennfremur Freyr VI, bls. 103—104; XIII, bls. 102—103. Plógur VIII, bls. 17—19, 25—27.

og rakstrarvélar. Fyrstu sláttuvélarnar munu hafa komið til Íslands 1895.¹⁾ en framan af gáfust þær ekki vel, reyndust of þungar fyrir íslenska hesta. Eftir aldamótin fór þeim að fjölga, og 1905—1909 voru fluttar til landsins nálægt 40 sláttuvélar, hafa vélar þessar verið prófaðar að tilhlutun Landbúnaðarfélagssins og menn fengið leiðbeiningar í notkun þeirra og meðferð.²⁾

Þegar búíð var að hirða tún, hafa menn víðast um land gjört sér einhvern glaðning í mat og kallað *töðugjöld*, var þá víðast veittur hnausþykkur grjóna-grautur með smjöri út í og sírópsmjólk. Grauturinn hét »töðugjaldagrautur«, en sumir höfðu þó hangið kjöt til töðugjalda.³⁾ Sumstaðar var síður að hafa annan glaðning í sláttarlok, og var hann kallaður *slægjur* (í Múla- og Skaftafellssýslum slægi), var þá oftast kjóthátíð, slátrað vænni kind eða lambi (slægnalamb), hefir þetta líka tíðkast á Íslandi í fornöld sem sjá má af sögu Ólafs helga: »Þá mælti konungur til Íslendinga, svá er oss sagt, at þat sé síðr yðvar, at bændr sé skyldir til á haustum at gefa húskörlum sínum slagasauð; nú vil ek þar gefa yðr hrút til slátr.«⁴⁾ Síður sá, sem getið er, að færa rjómatrog með skyri til sláttumanna, þegar búíð var »að losa bæinn úr grasinu«, slá alstaðar kringum bæinn,⁵⁾ hefir víst verið sjaldgæfur á seinni tímum og hefi eg hvergi orðið hans var.

Á vetrum, þegar hevin eru gefin peningi, eru leystar holur og geilar inn í hevin með heynál eða heykrók, en

¹⁾ Björn Þorláksson frá Munaðarnesi flutti sláttu- og rakstrarvélar frá Noregi til Íslands 1895. Eimreiðin I, 1895, bls. 79—80.

²⁾ Búnaðarrit XXIV, 1910, bls. 239—240. Jón Jónatansson: Not hæfi sláttuvéla hér á landi (Búnaðarrit XX, 1906, bls. 20—28). Sbr. Búnaðarrit XV, bls. 86—87; XIX, bls. 352—354; XXI, bls. 61—64; XXII, bls. 79; XXIII, bls. 19—31. Árið 1911 er talið, að til seu rúm- ar 100 sláttuvélar á Íslandi, flestar sunnanlands. Freyr VIII, bls. 104.

³⁾ Þjóðsögur Jóns Árnasonar II, bls. 378.

⁴⁾ Fornmannasögur V, bls. 62. Sumstaðar í Þingeyjarsýslu kvad nú aftur vera farið að taka upp slægjur um veturnatur, og kalla sumir svíðanessu, með ýmsum glaðningi, vökunótt, söng, dansi og ræðuhöldum. Sbr. Nýtt Kirkjublað VIII, 1913, bls. 38.

stöplar eða stapar látnir standa eftir undir torfbakinu, sem þá er frosið. Partur af heyi, sem eftir stendur óleystur, er kalláður heykleggi (sumstaðar heydes, heyveggurinn, sem leyst er úr, heystál; rúmin milli hinna einstöku heyja eru kölluð geilur. Heyið er borið frá heygardinum eða heytóftinni til fjárhúsa eða fjóss í meisum.

Heymæling og heyverð. Hey er vanalega mælt í hestum, einsog fyrr var sagt, og oftast hafðir vættar-baggar, stundum 10 fjórðunga baggar, klyfjarnar þá 80 kg. eða 100 kg. Til forna eru málbandsklyfjar taldar töluvert stærri, 4 íslenzkar vættir, eða rúm 138 kg., ef vættin er talin 34,56 kg.,¹⁾ en í hverju klyfi voru taldir 16 heyvöndlar á fjórðung eða 20 merkur.²⁾ Málbandsklyfjar átti að binda í reipi, sem voru hálf 3ja faðms löng frá hvorri högl og krókur og hnesla á, aðrir telja reipin 3½ faðm. Til forna voru hey líka mæld í heyföðmum og mælihlössum, og enn er sumstaðar á Íslandi, einkum í Skaftafellssýslum, hey talið í föðmum, hver faðmur 20 hestar.³⁾ Fyrrum hefir þó málfaðmur heys verið annar og þó nokkuð breytilegur. Í Búalögum eru í hverjum faðmi taldir 6 hestar og rekjuklyfjar að auk, og skal heyfaðmurinn vera 3½ alin á hvern veg; en stundum er heyfaðmurinn talinn 5 klyfjar og rekjuklyfjar að auk.⁴⁾ Þá var hey einnig mælt í mælihlössum, sem áttu að vera 4 álnir á hvern veg og 36 vætta þungar eða 9 málbandsklyfjar, en annarstaðar er mælihlössi talið 33

¹⁾ Búalög, Rvík 1915, bls. 6. Björn M. Ólsen í Búnaðarriti XXIV, bls. 151. 1340 átti að gjalda frá Hraunbæ til Þykkvabæjarklausturs 20 klyfjar á vetrinum af töðu, og er tekið fram, að 4 vættir eigi að vera í klyfjar (Dipl. isl. II, bls. 740).

²⁾ Stundum hafa verið taldir 18 fjórðungsvöndlar í hverri klyf (Atli og Búalög 1834, bls. 177). Þönglabakkakirkja á 1318 vöndul heys af hverjum 6 sátum of alla sveit (Dipl. isl. II, 444; V, 265).

³⁾ Sbr. Norðanfari XIII, bls. 91.

⁴⁾ Búalög 1915, bls. 6, 36, 75. Arnljótur Ólafsson (Norðlingur V, nr. 11–12) telur málfaðm og mælihlössi hið sama, 14 sextán fjórðunga klyfjar eða 2240 pd. af heyi, einsog hinar gömlu útgáfur Búalaga. Skoðanir manna í þessu efni eru mjög á reiki, og þyrfti málið nánari rannsókn.

vættir, en þó 4 álnir á hvern veg.¹⁾ Heymælingin virðist hafa verið nokkuð mismunandi í ýmsum héruðum, og mælihlössum og heyföðmum er oft á seinni öldum blandað saman, menn hafa þá verið búnir að gleyma hinni fornu þýðingu orðanna. Heyfaðmur var á 18. öld víðast talinn nægilegt kýrfóður, en hann var ýmislega reiknaður í ýmsum héruðum eftir heygæðum og öðru; Eggert Ólafsson telur heyfaðm 30 kapla,²⁾ enda hlýtur hann að hafa verið töluvert stærri en hinn forni málfaðmur, því forn faðmur var varla að þyngd þriðjungur af því kýrfóðri, sem nú er talið í minsta lagi; hafi kýrnar átt að lifa á því, hefir orðið að beita þeim út á milli, og þó stöðugt svelta þær meira og minna, enda er víst, að það var oft gert. Í fornum Búalögum er það talið gamalt mál, »að 2 kýr skuli vera um töðufaðm í miðja góí, 3 að einmánuði, 4 að sumri, 8 að síðara sumri, 16 að fardögum til þings«. ³⁾

Verð á heyi virðist jafnan hafa verið nokkuð á reiki, enda hefir hey sjaldan gengið kaupum og solum til sveita, nema á vorin í heyþröng. Þegar fátæklingar í Mosfellsveit um 1853 seldu töðu sína til Reykjavíkur var það talið vottur um vesalmensku.⁴⁾ Nú á seinni tímum, síðan kauptún risu upp og sævarþorp, hefir hey oftast verið selt, en mjög hefir verð þess verið breytilegt eftir kringumstæðum. Til forna var heyverð einnig mismunandi eftir árferði og ástæðum. Í Búalögum eru 4 vætta klyfjar af óornaðri töðu metnar á 16 álnir þá gott er til, 18 álnir þá verra er til, hálf mörk (24 álnir) þá harðast er til.⁵⁾ En oftast eru málbandsklyfjar metnar á 20 álnir, en málfaðmur á kúgildi; ⁶⁾ mælihláss er metið á 3 merkur (144 álnir) þegar

1) Búalög 1915, bls. 9, 35. Hér er eflaust átt við fornar álnir og fornar vættir.

2) Eggert Ólafsson's Rejse bls. 34, 208.

3) Búalög 1915, bls. 6.

4) Þjóðólfrur V, 1853, bls. 114—115.

5) Búalög bls. 17.

6) Búalög 1915, bls. 36.

hart er, en kúgildi (120 álnir) þegar betra er til heys,¹⁾ og svo er mælihláss töðu metið 1388 á Hólum í Hjaltadal.²⁾ Árið 1544 er töðufaðmur í Heggstaðadómi metinn á 10 aura (60 álnir), en útheysfaðmur á 5 aura.³⁾ Í Búalaga-útgáfunni 1834 er málfaðmur talinn sama sem mælihláss, 28 vættir töðu, og líka virtur á 60 álnir, en útheysfaðmur á 30 álnir.⁴⁾ Virðist þetta með öðru benda til þess, að menn snemma hafi eigi gjört greinarmun á mælihlössum og málföðmum heys, og að heyverðið hefir verið mjög mismunandi.

Eggert Ólafsson segir, að um miðja 18. öld hafi það verið talinn gamall vani að borga 20 álnir eða eina krónu í þeirra tíma peningum fyrir kapal góðrar töðu, og átti þá hesturinn að veða 20 lísipund, einsog ákveðið var í Búalögum, en nú (um 1750) segir hann, að kapallinn sé vanalega reiknaður aðeins 10—12 lísipund (160—192 pd.) og borgaður á Suðurlandi um slátt með 1 Mk. Croner, en 2 Mk. Croner að vorinu, en í harðindum voru þá borguð 5 mörk fyrir tveggja vætta klyfjar, en þá kostaði heyfaðmurinn, sem reiknaður var sama sem kýrfóður, 10 aura eða tvær speciur. Annarstaðar segir hann heyið sé ódýrara, og vanalega farið eftir Búalögum, þegar selt er.⁵⁾ Á 19. öld sté heyverðið mjög og varð mjög hátt í kaupstöðum og við sævarsíðuna, þannig segir Jón Johnsen assessor, að kýrfóður hafi 1840 í Reykjavík og á Suðurnesjum kostað 50—60 rd. og þar yfir.⁶⁾ Jón Sigurðsson telur, 1846, kýrfóður 30 rd. virði, hestinn á einn dal, en 1864 metur Tryggvi Gunnarsson töðuhest á 1 rd. 48 sk,

1) Búalög 1915, bls. 15.

2) Dipl. isl. III, bls. 411. Þegar gjöld eru í fornbréfum áskilin í töðu, er oftast tekið fram, að hún eigi að vera tvíhríst eða þríhríst.

3) Dipl. isl. XI, bls. 294.

4) Atli og Búalög, Kmhöfn 1834, bls. 177, 180.

5) Eggert Ólafsson's Rejse bls. 34, 155.

6) Jón Johnsen: Hugvekja o. s. frv., Rvík 1840, bls. 154—155. Í harðindum 1836 borguðu menn í Rangárvallasýslu um góluök spesiú fyrir klyfjar af kýrgæfu heyi (Árferði á Íslandi bls. 234).

en alment verð á útheyshesti telur hann 1 rd.¹⁾ Árið 1873 telur Sveinn Sveinsson alment verð á heyhesti með vættarböggum 1 rd. 32 sk., en sumum þótti það of lítið.²⁾ Guðmundur Einarsson reiknar, 1880, töðuhest (2 vættir) á 4 krónur;³⁾ 1882 var alment verð á töðuhesti (12 fjórðunga böggum) í Múlasýslum 8 kr., á Möðrudalsfjöllum var 1882 verðið á hesti af víði eða mel 10 fj. baggar) 2 krónur, en lauf og melur er þyngra en annað hey. Torti í Ólafsdal telur, 1903, töðuhest (200 pd.) 5 kr. virði.⁴⁾ Hærra verður heyverðið, ef reiknað er eftir afurðum þeim, sem af pening þeim fæst, er heyið étur. Eiríkur Briem telur, 1891, verðmæti fjórðungs af töðu 45 aura, en af útheysi á 28 aura.⁵⁾ Verður þá töðuhesturinn með 2 vætta klyfjum á 7 kr. 20 au.

Þess er snemma getið, að eigendur lögðu heykvaðir á sumar jarðir, og virðast klaustrin fornu hafa gengið einna lengst í því og meðal annars heimtað landsskuldur goldnar í heyjum. Þannig áskilur Þykkvabæjarklaustur sér, 1340, í eftirgjald af Hraunbæ 4 hross og 20 klyfjar á vetrinn af töðu, fjórar vættir í klyfjar.⁶⁾ Viðeyjarklaustur er þó enn ásælnara. Því 1313 áskilur klaustrið sér í landsskuld á tveim jörðum helming allra heyja (1; 7) klaustrið byggir yfirleitt allar jarðir sínar rándýrt og lagði ýmsar kvaðir á ábúendur, var þetta upphaf hinna miklu þrenginga, er bændur í þessum sveitum urðu fyrir af Bessastaðamönnum, þegar klausturjarðirnar komust undir konung. Það hefir viðgengist fram

1) Ný Félagsrit VI, bls. 136; XXIV, bls. 33, 88.

2) Skýrsla Búnaðarrelags Suduramtsins 1872—74, bls. 17. Í Víkverja 1874, I, bls. 112, er talið, að heyverð þetta sé í raun og veru alt of lítið, heyhesturinn ætti að vera minst 2½ rd. Sbr. Ísafold II, bls. 86.

3) Tímarit Bókmaf. I, bls. 36. Sbr. Ísafold II, bls. 10.

4) Búnaðarrit XVII, bls. 68—69.

5) Búnaðarrit V, bls. 32—40. Verð á heyi (Plógur VIII, bls. 65—66).

6) Dipl. isl. II, bls. 740.

7) Dipl. isl. II, bls. 377.

á vora daga, að sumir hafa notað sér neyð kotunganna til þess að leggja á þá heykvaðir. Þannig er þess getið, að sýslumaður í Kjósar- og Gullbringusýslu hafði áskilið sér 40 töðuhesta afgjald af 10 hdr. jörð í Mosfellssveit.¹⁾ Snemma lögðu klerkar heytolla á bændur, en ekki vita menn glögt, hvenær þeir komust á eða undir hverju yfirskyni. Það eru munnmæli, að allir þeir bændur, er grasnyt höfðu, hafi í fornöld fallist á í sameiningu að fóðra reiðhest sóknarprestsins, og af því hafi heygjalðið skapast.²⁾ Síðar breyttust heytollarnir í lambsfóður. Á miðri 13. öld er fyrst getið um heytolla, þannig á prestur á Ökrum á Mýrum 1258 að hafa heytolla af 6 bæjum,³⁾ og seinna á þeirri öld eru þeir orðnir almenn áлага, ef trúa skal réttarbót Eiríks konungs Magnússonar 1295. Þar segir: Heytollur skal til reiðu hið síðasta Maríumessu síðari á sumari, en sá er ei vill vitja eður við taka, hafi engvan á því ári. Skulu þar í gjaldast einar málbandsklyfjar af lambgæfu heyi eða tvær vættir af töðu. Ef á vetur er goldið, sé lukt fyrir Kyndilmessu. Sekur þrim aurum sá, er ei vill gjalda.«⁴⁾ Þetta var endurnýjing að með skipan Jóns biskups Sigurðssonar 1345⁵⁾ og statútu (Gyrðs biskups Ívarssonar 1359.⁶⁾ Árið 1510 lét Stefán biskup Jónsson dæma dóm um heytolla-gjald, og er þar úrskurðað, að hver búandi maður, er grasnyt hefir, greiði presti þetta gjald eða fóðri lamb, en ef hann þrjóskast, gjaldi tvöfalt og þriggja aura sekt einsog til forna.⁷⁾ Lambseldið var síðar metið á 10 fiska. Allar þessar ákvarðanir virðast benda til þess, að nokkur tregða hefir verið á að gjalda þenna toll. Heygjöldin virðast framan af hafa verið nokkuð mismunandi í ýmsum sveitum; 1318 á prestur á Þönglabakka að

1) Þjóðólfrur V, 1853, bls. 115.

2) *Jón Pjetursson*: Kirkjuréttur, 2. útg., Rvík 1890, bls. 189.

3) Dipl. isl. I, bls. 596.

4) Dipl. isl. II, bls. 292.

5) Dipl. isl. II, bls. 800, 824.

6) Dipl. isl. III, bls. 128—129. Sbr. Dipl. isl. VI, bls. 663—74.

7) Dipl. isl. VIII, bls. 306—308.

fá vöndul heys af hverjum 6 sátum um alla sveit. en um aðra heytolla er þá eigi getið. en 1461 áskilur Þönglabakka prestur sér enn heyvöndlana sem fyrr. en þá er bætt við heytolli af 8 bæjum.¹⁾ 1429 eiga Vellir í Svarfaðardal heytolla af 30 bæjum og að auk lambseldi um allan Svarfaðardal.²⁾

2. Mýrar. engjar og aðrar slægjur. Mótekja. Torfrista.

Útbreiðsla mýra. Mýrar og flóar taka yfir mjög stór svæði á Íslandi, enda er það eðlilegt eftir loftslagi og legu landsins. Einsog kunnugt er. er veðráttufar á Íslandi mestan hluta árs fremur kalt og hráslagalegt. rakt og saggasamt, mikill vatnsforði hefir safnast saman í jöklunum. og þaðan renna óteljandi ár og lækir. Af öllu þessu leiðir, að mikill vatnsagi verður víða í jarðvegi. bæði á láglandi og hálandi. en kaldur og rakasamur jarðvegur framleiðir sérstakan gróður. sem kallaður er mýragróður. Af öllum samfeldum gróðri tekur mýragróðurinn yfir langmest svæði, en ekki er ennþá hægt með fullri vissu að ákveða flatarmál mýrlenda á Íslandi. M. Gruner³⁾ getur þess til, 1912. að mýrasvæði á Íslandi muni taka yfir 10 þús. ferh. kílómetra eða um 10 % alls flatarmálsins. en þetta er ef til vill nokkuð riflega reiknað. Á uppdráttum herforingjaráðsins af Suðurlandi. sem eru 16600 ferh. km., hefir M. Gruner mælt flatarmál mýra og fundið 1520 ferh. km., ræður hann af því. að 10 % yfirborðsins alls muni vera mýrlendi; en nú eru mýrlendin víðast minni en á Suðurlandi. svo vér hyggjum vel í lagt. ef öll mýrlendi eru talin 8 %, en engin vissa er þó fyrir þessu. Til samanburðar má geta þess. að mýraflákar Norðurlanda eru af hundraði flatarmáls: á Finnlandi 27,2 %, í Svíaríki 12,6 %, í Danmörku 5 %, í Noregi 3,7 %.

¹⁾ Dipl. isl. II, bls. 444; V, bls. 265.

²⁾ Dipl. isl. IV, bls. 372.

³⁾ M. Gruner: Die Bodenkultur Islands (Archiv für Biontologie. III. Band, 2. Heft), Berlin 1912, 214 bls. 4^o, með 2 kortum.

Mýrlendum Íslands er mjög mismunandi niðurraðað, mjög stór svæði eru alveg mýralaus, en annarstaðar taka mýrar yfir heil héruð, svo varla er þurr grasblettur nema á holtahryggjum, sem upp úr standa. Mýrarnar eru mestar þar sem grunnvatnið stöðvast og hefir litla afrás, þær eru því edlilega algengastar og víðáttumestar á flatlendum, en minni mýrar eru oft í dölum, í aðliðandi fjallshlíðum og á klettaþrepum. Þó fer fjarri því, að alt flatlendi sé mýrlent, yfir mikinn hluta þess taka sandar, hraun, holt og þurrir móar. Þar sem jöklagangur er mikill og eldgos tíð, er oftar lítið um mýrar, svo er t. d. víða í Skaftafellssýslum, þó undantekningar séu frá því á ýmsum svæðum, þar sem sérstaklega hagar til. Þannig eru allstór mýrlendi í Austur-Skaftafellssýslu í Einholtssókn og byggðin kölluð Mýrar, þar skiftast mýrlendi á við sanda og jökulkvíslar og liggur flatlendi þetta lítið yfir sævarmáli (2—10 m.), jarðvegur er þó víðast mjög grunnur og mómyndanir litlar eða engar.¹⁾ Í Suðursveit eru og mýrlendi talsverð og einkum góðar slægjur frá Kálfafellsstað. Eftir það er lítið um mýrar, alt vestur í Meðalland, þar og í Álftaveri eru mýrakaflar fyrir neðan hraunin, en graslendurnar eiga þar í stöðugri baráttu við sandrokið. Í Mýrdalnum eru mikil mýrlendi, einsog nafnið sýnir, slægjur góðar og bæirnir alt í kring: þar er Ósengi upp af Dyrhólaósi, Hvolsmýri austur af Hafursá og Eyjarmýri við Pétursey. Vestan við Skógasand hefjast hin miklu votu graslendi, sem taka yfir mikil svæði af Suðurlandsundirlendi neðanverðu, ná yfir Eyjafjallasveit og Landeyjar, Holtasveit, Biskupstungur, Grímsnes, Flóa og Ölfus. Þá eru víða mýrlendar slægjur neðan til í Hreppunum (Hólasmýri, Sandlækjarmýri við Laxá) og sumar inni á milli hálsa og smáfella, í Biskupstungum eru mýrarnar mestar fram með Tungufljóti. Vestan við undirlendið hverfur hinn breiði Reykjanesfjallgarður út af hálendinu þurr og hrjóstrugur, þar eru nærri eintóm hraun og engin mýri teljandi. Þá eru víða mikil mýrlendi upp af botni Faxaflóa; allmiklar mýra-

¹⁾ Ferðabók P. Th. III, bls. 218—219.

slægjur eru í Kjós og í kringum Akrafjall, ennfremur í Leirársveit og Svínadal; mýrasvæðin verða þó enn víðáttumeiri, þegar kemur í Borgarfjörðinn, og þar eru miklar slægjur sumstaðar, einkum í Andakil. Vestan við Hvítá hefst hið stóra Mýra-undirlendi, sem er ákaflega votlent með flóum og fenjum, og bæirnir á klappaholtum, er upp úr standa; grein af mýrafláka þessum gengur sunnan með Snæfellsnesfjallgarði vestur um Staðarsveit, alt út fyrir Búdakraun, og er þar alstaðar mjög grasgefið. Þá eru allmiklar mýraslægjur í Dölum og í Saurbæ, og svo víða mýrlendi upp um hálsa og heiðar. Fyrir vestan Gilsfjörð, um alla Vestfirði, er lítið um mýrlendi, enda eru undirlendi þar óvíða svo nokkru nemi. Á Norðurlandi eru stærstu mýraflákarnir upp af Húnaflóa, í Þingi, Vatnsdal og Svínadal, í Skagafirði og Eyjafirði, en raklendar slægjur eru einnig víða í dölum og sumstaðar á hálsunum milli þeirra. Í Þingeyjarsýslu eru óvíða miklar slægjur, helst við Laxá og í Kelduhverfi: á Austfjörðum eru fáir samanhangandi mýraflákar, sem taka yfir mikil svæði, beztar engjar eru þar í Fljótsdal og í Hróarstungu. Sumstaðar á adalhálendinu og á heiðum þeim, sem út af því ganga, eru víðáttumiklir flóar og mýrar, einkum vestan til, en norðaustur-öræfin eru miklu hærri, og þar eru óvíða flóabreiður eða samanhangandi graslendi. Suðvestur af Snæfelli eru þó Eyjabakkar,¹⁾ mjög loðnar, víðáttumiklar og blautar sléttur, þær liggja á 600—670 metra hæð yfir sjó, einna hæst allra mýrlenda á öræfunum; þá eru ennfremur mýrar á Fljótsdalsheiði og á Búrfellsheiði upp af Þistilfirði, en yfirleitt er þó þessi hluti hálendisins mjög snauður að samanhangandi graslendum og víðast mjög gróðrarlítið vestur fyrir Sprengisand. Norður af Hofsjökli eru flóa- og mýrablettir í Pollum og Orravatnsrústum og á Kjalvegi er víða mikill gróður, einkum við Hvítárvatn, og eru þar sumstaðar flæðiengjar með miklum gróðri. Suðvestur af Hofsjökli upp af Hreppum eru allvíðáttumikil graslendi með mýrum

¹⁾ Ferðabók P. Th. III, bls. 274.

og flóum og góðum slægjum. einkum í Miklumýrum suður af Kerlingarfjöllum. í Búrfellsmýrum og víðar. Mestir eru flóarnir á heiðunum norður og vestur af Langjökli, einkum á Tvidægri, sumstaðar á Arnarvatnsheiði og Kúluheiði og heiðum þeim, sem ganga niður undir dalina og hálsana.

Í Lýsingu Íslands (II, 418—419) hefir áður stuttlega verið getið um aðaleinkenni mýragróðurs og mismuninn á mýrum og flóum, sem aðallega stafar af mismunandi vatnsmegni og hve hátt vatnsflöturinn stendur. Mýrarnar hafa myndast á ýmsan hátt, oft upp úr grunnum vötnum í lægðum með bergbotni eða leirbotni, á flatlendi þar sem afrenslisli er lítið og í ósalöndum milli lygnra fljótakvísla. Hinar grunnu dældir hafa smásaman fylst af leðju og árburði, síðan af jarðvegi með mosum og vatnsjurtum; hafa tjarnirnar eða vatnsbreiðurnar smátt og smátt orðið að flóum, en flóarnir svo að mýrum, þegar jarðvegurinn óx og vatnið minkaði. Sumstaðar hafa ekki beinlínis verið vötn eða tjarnir, heldur aðeins mjög votur jarðvegur, afrenslislitill. Breytingastigin eru mismunandi í hinu einstaka eftir kringumstæðum, og því eru afbrigðin mörg og flóar, mýrar, tjarnir og dý margvislega samtvinnad á einum fleti. Jarðvegur er lausari í flóum en mýrum og þá kallað að hann sé fúinn, margkvísladar vatnsrásir og keldur eru dreifðar um flóana og oft eru þeir illir yfirferðar eða ófærir, menn og skepnur liggja í. Jurtagróður er minni og dreifdari í flóum en mýrum, og er hinn græni litur þeirra oftast óhreinni og með móleitum blæ. Grunnvatnið nær upp í yfirborðið og á köflum yfir það, oftast eru smápúfur í flóunum, en stundum eru þeir sléttir, á þúfunum er á stöku stað annar gróður: hris, fjalldrapi eða lyng, en yfirleitt er aðalgróðurinn vetrarkviði, klófifa og mýrafinnungur, mismunandi niðuráað í kafla, og hafa þessar aðaljurtir mjög mismunandi útbreiðslu í flóunum. Heyskapur í flóum er mismunandi og margir eru ónýtir. Í mýrum er jarðvegurinn seigari og vatnsminni, samsettur af margflæktum rótartaugum og jarðsprotum, undirgróður oftast mosi, en aðalgróðurinn ýmsar starartegundir og fifa á köflum; þar eru miklu

fleiri jurtategundir en í flóum og víða allmikill gróður, sem hefir mikla þýðingu fyrir heyskap og kvikfjarrækt Íslendinga, en mjög mismunandi eru mýraslægjur að gæðum eftir gróðri og vatnsmegni.

Einstök mýrasvæði eru alkunn fyrir mikinn heyskap og afrakstur, sem þýðingu hefir fyrir heil héruð. Á Suðurlandi er *Safamýri* einna frægust, þangað sækir oft fjöldi bænda heyskap sinn. Safamýri liggur syðst í Holtamannahreppi og takmarkast að sunnan af Djúpós, að austan af Ytri-Rangá og að vestan af Kálfalæk; mýrin liggur að mestum hluta aðeins 5–9 metra yfir sævarmáli, en hin miklu vatnsföll, sem um hana lykja, renna sumpart hærra en mýrlendið, og er Safamýri því undirorpin miklum vatnaágangi að austan og sunnan. Safamýri er hérumbil 4233 vallardagsláttur að stærð, á Veteifsholt hérumbil helming mýrarinnar (2032 dgsl.). Þykkvibærinn þriðjunginn (1464 dgsl.), en Bjólan ásamt Hrafnóftum sjötta hlut (737 dgsl.). Á fyrra hluta 18. aldar var Safamýri fremur graslítill og mestur hluti hennar var alls eigi slægjuland, þá var hún vaxin mosa og smástör og á köflum óx þar lyng og fjalldrapi og hélst sá gróður sumstaðar fram á fyrri hluta 19. aldar. Við breytingu þá, sem varð á vötnunum smátt og smátt, er Þverá og Ytri-Rangá hlóðu undir sig, fór vatn með frjófgandi leðju að sækja á mýrina og að seitlest inn yfir hana, og af því fékk hún hina miklu frjósemi, sem allir undrast, er sjá. Mestur er grasvöxturinn við suðurjaðarinn og er grasið þar axlarhátt, ef rétt er úr blöðunum, og að sama skapi þétt. Þegar riðið er um þessi svæði, er sem verið sé að riða þungan straum á miðjar síður, og brautin sést langar leiðir. Eftir því sem norðar dregur er grasvöxturinn minni, en þó alstaðar mikill. Þessi mismunur kemur af því, að vatnið úr ánum flæðir jafnar og stöðugar yfir suðurhluta mýrarinnar, heldur en norðan til. Aðalgróðurinn í Safamýri eru þrjár starategundir: gulstör (*Carex cryptocarpa*), sem er stórvöxnust og ágætt fóðurgras, litlu verri en taða fyrir kýr; blástör (*C. rostrata*) verður og mjög stórvaxin, hún vex í blautum og fúnum flóðum og þykir

eigi gott fóður, og mýrastör (*C. vulgaris*), sem vex þar sem þurrast er og þykir allgóð fóðurjurt. enda er víða megin útheyskapar af þessari starartegund. Sumstaðar í flóðum og fenjum vex þar mikið af horblöðku og svo aðrar starartegundir, sem minna munar um en hinar fyrrtöldu.¹⁾ Safamýri hefir sjaldan eða aldrei verið slegin öll, vanalega aðeins rúmur helmingur hennar. Þangað sækja að staðaldri um 60 búendur úr Þykkvabæ, Bjólu og Veteifsholtshverfum, flestir hafa þeir verið smábændur og fátæklingar,²⁾ en á síðustu árum kvað vera þar töluverðar framfarir.³⁾ Í grasleysissumrum sækja þangað margir langt að úr öllum áttum, úr Holtum, Rangárvöllum og jafnvel ofan af Landi. Á árunum 1877—81 var Safamýri slegin að miklu leyti og fengust þá af henni um 40 þúsund hestar árlega, eða um þúsund kýrfóður, en oftast munu þar á seinni árum aðeins vera slegnir 10—15 þúsund hestar. Af því Safamýri er umkringd vötnum, liggur hún mjög undir skemdum af sumarflóðum jökulánna, því botn þeirra liggur hærra en miðhluti mýranna, en bakkarnir lágir og skörðóttir, en syðst er þar eintómur mýrasvakkir, land og vatn í einum sambreyskingi. Þegar árnar gerði miklar og vindgola var á austan, belgdi vötnin inn yfir mýrina, svo alt varð í flóði og mikill heyskapur ónýttist. Sérstaklega kvað mikið að þessu hitasumarið 1880, og margir mistu þá hey sín. Var þá farið að hugsa um að verja mýrina fyrir vatna-ágangi og var með styrk af Búnaðarfélagi Suðuramtsins, landssjóði og sýslusjóði á næstu árum (1883—85) bygður 2000 faðma langur flóðgarður fram með Rangá og Djúpós,⁴⁾ en hann gekk fljótt úr sér fyrir hirðuleysi landeiganda. Um aldamótin

¹⁾ *Sæmundur Eyjólfsson* lýsir Safamýri ítarlega í Skýrslu Búnaðarfélagsins fyrir 1895. Rvík 1896, bls. 43—62. *Sig. Guðmundsson*: Safamýri (Freyr III, 1906, bls. 77—79).

²⁾ Ísafold VIII, bls. 123.

³⁾ Um framfarir í Þykkvabæ sjá Nýtt Kirkjublað VIII, 1913, bls. 276—277.

⁴⁾ Suðri I, bls. 77—78.

var svo grafinn 3500 faðma langur skurður ¹⁾ ofanvert við mýrina frá Frakkavatni um Flóðakeldu yfir að Bjólu, og tekur hann móti aðrenslis ofan úr hagamýrunum og þurkar töluvert kringum sig.²⁾

Á Suðurlandi eru mörg önnur alpekt engjasvæði, meðal annars í Ölfusi, með miklum heyskap, og er vesturhluti þeirra kallaður *Forin* (Lýs. Ísl. I, bls. 279) upp af Arnarbæli, austan við Þorleifslæk, er þar mjög grasgefið, en ákaflega blautt og ófært sumstaðar; þar eiga 16 jarðir slægjur.³⁾ Þá eru og víða miklar slægjur í Flóa, þar er norðan til mýrafláki, sem heitir *Sorti*, 350–400 engjadagsláttur, þar er mjög grasgefið en votlent, og eiga 15 eða 16 bændur þar tilkall til slæguna.⁴⁾ Neðan til í Flóa eru einnig miklir mýraflákar, t. d. Breiðamýri vestan til og Miklavatnsmýri austan til. Í Biskupstungum eru mikil engi, einkum austan við Tungufljót hjá Bræðratungu, þar er *Pollengi*, mjög grasgefið, og flæðir yfir það úr Hvítá og Tungufljóti í vatnavöxtum;⁵⁾ hlaup úr Tungufljóti gerði þar töluverðan skaða 21. ágúst 1902. Af slægjulöndum á Norðurlandi, sem eru víðáttumikil og alkunnug, má nefna þessi: *Staðar-* og *Víkurmýrar* í Skagafirði, milli Héraðsvatna og Reynistaðarár fram að Grafarholti, eru taldar 1800 engjadagsláttur, en svæðið þar inn eftir milli Héraðsvatna og Langholtsins suður að Holtstjörn kvað vera um 1700 dagsláttur. Mýrar þessar eru blautar mjög og innan um þær eru víða starar-

¹⁾ Skýrsla Búnaðarfélagsins 1899, Rvík 1900, bls. 14–15.

²⁾ Um Safamýri ennfremur: Skýrsla Búnaðarf. 1892, Rvík 1893, bls. 25–33; 1899, Rvík 1900, bls. 9–10, 14–16. Ísafold XI, bls. 161; XIII, bls. 1–2; XIV, bls. 173. Fjallkonan XVI, 1899, bls. 29–30. Samþyktaarlög um verndun Safamýrar 13. apríl 1894 (Stjórnartíðindi A, 1894, bls. 80–83).

³⁾ Skýrsla Búnaðarfélagsins 1894, Rvík 1895, bls. 12–13, 15–16.

⁴⁾ Skýrsla Búnaðarf. 1896, Rvík 1897, bls. 27.

⁵⁾ Skýrsla Búnaðarf. 1897, Rvík 1898, bls. 16. Árið 1862 var mikið þurkasumar á Suðurlandi, þá var Pollengi alt teigslegið, og hafði það aldrei orðið um 27 undanfarin ár, sóktu 20 bændur þangað drjúgan heyskap, auk þeirra, er áttu. Þá var og mikið slegið í Arnarbælisforum í Ölfusi. Þjóðólfur XV, bls. 15.

flóð og kílar, grasgefnar eru þær í betra lagi, en þó er eigi nema tiltölulega litill hluti þeirra sleginn árlega, sakir bleytu og foræðis. Ef Staðar- og Víkurmýrar væru gerðar að áveituengi, telur Sigurður Sigurðsson búfræðingur að af þeim mundi fást 25—30 þúsund hestar af heyi.¹⁾ *Vallhólmurinn* í Skagafirði er einnig mikið og fagurt slægjuland og mætti eflaust bæta hann með áveitum úr Héraðsvötnum.²⁾ Í Þinginu og í Vatnsdal í Húnavatnssýslu eru miklar engjar, sem frjófgast af Vatnsdalsá, er flæðir yfir þær í vetrar og vorflóðum. Í botni Eyjafjarðar eru flæðiengjar, sem aldrei bregðast, þar eru líka *Staðarbyggðarmýrar*, áfastar við Öngulstaðamýrar, við þær var allmikið feugist á árunum 1878—80, grafnir skurðir og hlaðnir flóðgarðar, sem alt fljótt gekk úr sér.³⁾ Í Þingeyjarsýslu eru meðal annara mýrasvæðin Fóturinn í Köldukinn og Framengjar í Mývatnssveit og Grænavatnsengjar, og fást af þeim árlega 4000 hestar.⁴⁾ Í Múlasýslum er fremur lítið um víðáttumiklar engjar, þó má nefna Eylandið inn af Héraðsflóa, mýrarnar við Selfjót, Valþjófsstaðanes og Skriðublá í Breiðdal.⁵⁾ Á Vestfjörðum er lítið um engi, þó eru allstór engjasvæði í Önundarfirði og Dýrafirði:⁶⁾ víðast eru slægjurnar þar utan túns aðallega brokmýrar.

Eins og fyrr var getið, eru sumstaðar flæðiengi — eða áveitur af náttúrunnar völdum — með ágætum slægjum við fljótamynni, eins og t. d. við mynni Hvítár í Borgarfirði, við Mýrar, við ýmsar ár á Suðurlandsundirlendi, í Lóni eystra, við Eyjafjarðará, í Axarfirði og víðar. Á þessum stöðum hefir náttúran sjálf temprað áveiturnar, svo þær koma að gagni; en jökulkvíslarnar eru ekki alltaf svona meinlausar, oft eru þær mjög óstýrilátar og gera mikinn

¹⁾ Búnaðarrit XVII, bls. 164—165; XXII, bls. 169.

²⁾ Búnaðarrit XV, bls. 92—94.

³⁾ Búnaðarrit XV, bls. 98—99; XVII, bls. 168. *Sveinn Sveinsson*: Staðarbyggðarmýrar (Ísafold VI, 1879, bls. 73—74).

⁴⁾ Búnaðarrit XVII, bls. 168—169.

⁵⁾ Búnaðarrit XVII, bls. 169—171.

⁶⁾ Freyr IV, bls. 44.

usla. þegar þær eru straumharðar, bera undir sig mikinn sand og mól og eru þá altaf að kvíslast, breyta farvegum og ganga sitt á hvað. Ýmsar jökulár spilla því víða góðum slægjulöndum. Á seinni tímum hafa einna mest brögð orðið að þessu í ósalandi Markarfljóts, fljótið hefir mjög gengið á lönd manna undir Eyjafjöllum, stundum hefir Þverá ollað skemdum, og ýmsar kvíslir í Landeyjum hafa verið ókyrrar og belgst upp yfir góð graslendi og spilt þeim og stundum jafnvel eytt heilar jarðir.¹⁾ Þá hafa snöggleg jökulhlaup ýmsra fljóta fyrr og síðar gert mikið ilt, stundum í sambandi við eldgos, stundum án þeirra, á þenna hátt hafa sunnanlands heilar bygðir farið í eyði á fyrri öldum. Þannig hefir Skeiðará og ýmsar þverár í Örafum eytt tvær kirkjusóknir; við Kötluhlaup hefir mikil byggð eyðst á Mýrdalssandi, þá hefir Breiðamörk farið af fyrir ágang jökulvatna o. s. frv. Í Kelduhverfi eyddu hlaup úr Jökulsá 1717 miklum slægjulöndum, og smáar jökulár hafa líka víða gert usla, þannig hafa Klifandi og Hafursá mjög skemt engjar í Mýrdal. Sumstaðar stíflast ósar og ganga á landið í kring, einsog t. d. Holtsós undir Eyjafjöllum, sumstaðar skemma fjallalækir engjar í vorleysingum, sumstaðar skemmast þær af skriðum eða sandroki, og ínargt fleira getur orðið að meini, en stundum skapast við breytingar náttúrunnar miklar nýjar slægjur, þar sem engar eða litlar voru áður, einsog t. d. á Brunasandi, í Safamýri og víðar.

Áveitur og framskurður. Snemma hafa menn farið að veita vatni á engjar, þess er getið í fornöld og lagaákvæði þar að lútandi í fornum lögum.²⁾ Í Hávarðarsögu Ísfríðings er getið um veitiengi, sem var mesta gersemi, áttu Ljótr og Þorbjörn það saman. »Var svá skilit, at sitt sumar skyldu hafa hvárir, en sá lækr féll fyrir neðan bæ Ljóts, er hljóp á engit á várit. Váru þar í stíflur ok vel um búit.» Engið

¹⁾ Sbr. Vötnin í Rangárvallasýslu (Freyr IX, bls. 13–15).

²⁾ Grágás 1852, II, bls. 95, 97–98; Jónsbók (Ó. H.), bls. 149–150, 153.

var selt fyrir 60 hundruð. Þar er líka getið um læk, sem veitt var á engi og hét Túnsómi, hann var seldur fyrir 20 hundruð í slátri.¹⁾ Einnig er getið um vatnsveitingar á engjar í nokkrum skjölum og máldögum frá 13. og 14. öld. Mikið hefir þó varla kveðið að þessum áveitum til forna, og seinna munu þær víðast hafa lagst niður; það voru á seinni öldum að eins fáir menn, sem veittu vatni á engjar, þess er getið um Jón Steingrímsson prófast, að hann gróf skurði og veitti vatni á Frostastöðum í Skagafirði, 1754—56. og síðar á Kirkjubæjarklaustri.²⁾ Á 18. öld fóru líka ýmsir að hvetja bændur til vatnsveitinga og framræslu mýra, einsog Jón Sveinsson, Ólafur Stephensen³⁾ og Stefán Þórarinnsson. Stefán amtmaður ferðaðist um Noreg 1779 til þess að skoða aðferðir manna við framskurð mýra, og 1782 ritaði hann »Stutta einfalda undirvisun um vatnsveitingar af mýrum og þeirra meðferð, að þær beri gott gras«,⁴⁾ en stjórnin hét 1781 jafnframt verðlaunum fyrir skurðagröft.⁵⁾ Þó hafa þessar upphvatningar víst ekki borið mikinn árangur nema hjá einstaka manni, og svo fór það með þessar jarðabætur eins og aðrar, að hirðuleysi eftirkomendanna eyðilagði á stuttum tíma störf atorkumannanna. Framan af 19. öld og fram yfir hana miðja sést ekki getið um nein veruleg fyrirtæki til engjaræktunar, þó var nokkuð fengist við vatnsveitingar í Múlasýslum 1840—50,⁶⁾ og 1852 er getið um framskurðarfélög í Árnessýslu, og hefur framskurðarfélag Hraungerðishrepps, sem var stofnað 1845, líklega verið elzt þeirra.⁷⁾ Árið 1858 var búið að stofna 5 jarðræktar-

¹⁾ Hávarðarsaga Isfirðings, Rvík 1896, bls. 45, 46, 70. Landnáma 1891, bls. 107.

²⁾ Æfisaga Jóns Steingrímssonar bls. 92, 325.

³⁾ Gömul Félagsrit I, 1781, bls. 188—191; VI, 1786, bls. 60—61.

⁴⁾ Gömul Félagsrit II, bls. 30—56, 272—273. Lovs. f. Island IV, bls. 547—548.

⁵⁾ Lögþingisbókin 1781, bls. 48—49. Sbr. Lögþingisbókin 1783, bls. 30—31.

⁶⁾ Búnaðarrit VIII, bls. 34.

⁷⁾ Ný tíðindi I, bls. 36, 57—58.

félög í Árnes- og Rangárvallasýslum, og fengust þau við allskonar jarðabætur, líka skurðagröft.¹⁾ Yfirleitt var þó lítið fengist við mýraræktun fyrr en á seinni hluta 19. aldar. Um 1869 var kominn nokkur áhugi á vatnsveitingar og framræslu á Suðurlandi og fékk Búnaðarfélagið með styrk stjórnar og hins danska landbúnaðarfélags það ár danskan vatnsveitingamann, Niels Jørgensen, til þess að leiðbeina bændum í skurðagreftri, og fór hann allviða um suðursveitir og Borgarfjörð á árunum 1869—71, en 1875 var fenginn annar danskur maður, P. M. Madsen, til þess starfa.²⁾ Á þeim árum voru vatnsveitingar á útengi þær jarðabætur, er bændur helst vildu gefa sig við,³⁾ og notuðu helst búfræðingana til leiðbeiningar í þeim efnum. Á árunum 1880—1900 var allmikið fengist við slík störf víða um sveitir, en sumt af þeim verkum varð síðar að engu, af því viðhaldið vantaði og menn vantaði reynslu. Þá var sérstaklega starfað mikið í þeim efnum í Fljótshlíð, undir Eyjafjöllum og víðar á Suðurlandi, í Staðarbygdarmýrum í Eyjafirði, í Múlasýslum og víðar. Það er fyrst á seinni árum, að menn eru farnir að átta sig á því, hvernig mýrarækt verði bezt hagað og hvernig hentugast sé að koma fyrir framræslu og áveitum, því hvorutveggja verður oftast að verða samferða, ef góður árangur á að fást. Framskurður er sjaldan nægilegur, það verður líka með köflum að veita vatni yfir engin með nægilegum frjóefnum og útvega reynslu fyrir, hve vatnið eigi að vera mikið, hve lengi standa á o. s. frv. Síðan um aldamót hefur allmörgum áveitufyrirtækjum verið komið á, í Landeyjum, á Síðu, í Mýrdal og Skagafirði, ennfremur hafa miklir skurðir verið grafnir í Ölfusi, Flóa, Safamýri og víðar. Þá hafa verið gerðar rannsóknir og mælingar til stórrar áveitu á Flóa og Skeið; var byrjað að bollaleggja ýmislegt þar að lútandi

¹⁾ Þjóðólfur X, 1858, bls. 104.

²⁾ Þjóðólfur XXI, bls. 146. Skýrsla Búnaðarfélagsins 1870, bls. 5. 20—22; 1873, bls. 3, 5, 7, 10, 14—18.

³⁾ Skýrsla Búnaðarfélagsins 1875, bls. 19.

fyrir aldamótin, en Búnaðarfélagið fékk, 1906, danskan mann, K. Thalbitzer, til mælinga á þessu svæði og til þess að gjöra kostnaðar-áætlun.¹⁾ Reyndist svæði það í Flóanum, sem vatn getur náðst yfir, 169,5 km. að flatarmáli, og var kostnaðurinn áætlaður 600 þús. kr.: á Skeiðin má koma vatni yfir 35 ferh. km., en það mundi kosta 200 þús. kr., eða tiltölulega miklu meira. Ekki hefir enn þá neitt komist í framkvæmd af þessum miklu áveitum, nema hvað tilraun hefur verið gerð til þess að veita vatni úr Þjórsá yfir Miklavatnsmýri, austur af Gaulverjabæ, en sú áveita hefir ekki enn orðið að gagni, nægilegt vatn hefir af ýmsum ástæðum ekki getað náðst til áveitunnar.²⁾ Á síðustu árum hafa ýms áveitufyrirtæki verið sett á stofn, bændur í Mývatnssveit höfðu, 1915, samtök til að stífla Laxá, til þess að hækka vatnið í Mývatni, svo það gengi upp á engjar þeirra. Í Reykjadal í Þingeyjarsýslu lögðu 8 bændur saman til að setja stíflu í Reykjadalsá og veita henni á engjar, og 1913 létu bændur á Hellum í Skagafirði gjöra vindmyllu til að hefja vatn úr Héraðsvötnum upp á engjar þeirra.³⁾

Landshagsskýrslur sýna, að Íslendingar hafa töluvert unnið að jarðabótum á engjum og mýrlendum í seinni tíð, einna mest þó fyrir aldamótin. Á árunum 1871—80 voru grafnir skurðir að lengd 677 km., 1881—1900 1375 km. og 1900—1910 737 km. Af stíflugörðum voru hlaðnir 243,8 km., af lokræsum voru 1893—1910 gerðir 70,8 km.,⁴⁾ 1911—1914 40,3 km. Hinn 22. nóvbr. 1913 voru samþykkt lög um vatns-

¹⁾ K. Thalbitzer: Projekt til Vanding og Afvanding af Flói (Hedelskabets Tidsskrift 25. Marts 1907, nr. 6, bls. 59—84). Flóaaðveitan (Búnaðarrit XXI, bls. 141—149). Áveitan yfir Skeiðin (Búnaðarrit XXII, bls. 164—166). Freyr IV, bls. 48—50.

²⁾ Áveita á Miklavatnsmýri (Búnaðarrit XXV, bls. 76—83). Sbr. Freyr X, bls. 13—14.

³⁾ Almanak Þjóðvinafélagsins fyrir 1917, bls. 42. Freyr XI, bls. 31. Um engjætur og áveitur í Mýrdal sjá Freyr V, bls. 103.

⁴⁾ Ritgjörðir um framræslu og engjarækt, auk þeirra, sem taldar hafa verið: Gunnlaugur Þórðarson: Um túna- og engjarækt, Km-

veitingar.¹⁾ Áveitur á íslensk engi og mýrar eiga eflaust mikla framtíð fyrir sér, því jökulvatnið hefir mikið frjófgunarafli, ef það er hentuglega notað, bæði flytur það með sér mikla leðju og inniheldur auk þess ágæt næringarefni fyrir jurtirnar, sérstaklega mikið af fosfórsýru.²⁾ Það sýnir sig líka þar sem flæðiengi eru í ósalöndum ýmsra jökulhljóta, að stórvaxinn og þéttur starargróður kemur fram, þar sem jökulvatnið seitlar yfir hægt og hægt, en eins og vér fyrr gátum, gera hraðstreymar jökulkvislir oft mikið ógagn á graslendi og hafa víða valdið miklum skemdum; það er því áriðandi, að Íslendingar læri að beizla þessar ótemjur og geri sér þær gagnlegar með skynsamlegum áveitum.

Taðan er eins og kunnugt er aðallega notuð handa kúm, en úthey handa sauðfé og hestum, nú er sauðfjárræktin einn af aðalvatnivegum Íslendinga, og er útheysatflinn því mjög þýðingarmikill fyrir þjóðina. Árlega aflamenn hérumbil 12—1300 þúsund hesta af útheyi, eftir Landshagsskýrslum að meðaltali 1891—1900 1153 þúsund hesta, 1901—1905 1253 þús. hesta, 1906—1910 1324 þús. hesta. Eðlilega er hey þetta mjög mismunandi að gæðum,³⁾

höfn 1844. *Torfi Bjarnason*: Um framræslu (Tímarit Bókmaf. II, 1881, bls. 201—264). *Ádalsteinn Halldórsson*: Um vatnsveitingar (Búnaðarrit X, 1896, bls. 1—32). *Páll Bjarnason*: Um uppistöður og seituveitur o. fl. (Fróði VI, 1885, bls. 244—250, 253—258). *Halldór Hjálmarsson*: Um seituáveitu og flóðáveitu (Ísafold VII, 1880, bls. 1—2). *Ólafur Ólafsson*: Um vatnsveitingar (Ísafold VII, 1880, bls. 71, 74—75). *Tryggvi Gunnarsson*: Um flóðgarða og vatnsvörzlugarða (Fróði V, bls. 161—162). *Sigurður Sigurðsson*: Vatnsveitingaengi (Búnaðarrit XVII, 1903, bls. 163—174). *Jakob H. Lindal*: Um vatnsveitingar (Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands 1909, bls. 21—39). *Eggert Briem*: Um áveitur (Freyr VI, bls. 49—55).

¹⁾ Stjórnartíðindi 1913, A, bls. 189—194.

²⁾ Um efnasamsetningu árvatns á Íslandi, sjá Búnaðarrit XXI, bls. 147—148; XXII, bls. 265—266; XXV, bls. 82. P. Feilberg, Græsbrug paa Island, 1897, bls. 22. Tidskrift for Landøkonomi 1881, bls. 8—12. Botany of Iceland II, 1914, bls. 255.

³⁾ Talið er, að 2 hestar af engjahevi hafi ekki meira fódurgildi en 1 hestur af góðri töðu. Búnaðarrit XVIII, bls. 4.

og sumt það heyr. sem gott þykir á Íslandi, mundi erlendis vera álitid óhentugt til skepnufóðurs, en meltingarfæri íslensks kvikfjenaðar virðast smátt og smátt hafa lagað sig eftir fóðri því, sem fyrir hendi var. svo fénaður á Íslandi dafnar ágætlega af fóðri, sem útlendur peningur eigi mundi geta þroskast af.¹⁾

Engjadagsláttu hefur vanalega verið talin 40 faðmar í hvert horn og þá 1600 ferh. faðmar, en margir telja flatarmál engja í vallardagsláttum. Heyskapur á votum engjum er oft örðugur, og stundum verða menn að standa í vatni við sláttinn og binda alt rennblautt, er það þá flutt á þerrivöll eins fljótt og hægt er.²⁾ Sumstaðar er fergin (*Equisetum limosum*) slegið í tjörnum og síkjum og notað fyrir mjólkurkýr, verða menn þá að standa í vatni upp í mitti stundum eða skera ferginið úr bátum eða kænnum. Stundum eru smávötn og kilar svo fullir af fergini, að það líkist engjum til að sjá. Sumstaðar eru blautar engjar leirrunnar og með leirkeldum, og má þá gæta varúðar, að leir blandist ekki saman við heyið. Mjög víða eru útslægjur slitróttar, í smáblettum og geirum innan um bithaga, eða í flóum og dreifðum mýrasundum, og er þá mjög tafsamnt að kroppa heyið af jörðunni, flytja það saman og þurka. Sumstaðar eru slægjur fjarlægjar bæjum og jafnvel uppi á hálsu og heiðum, og verða menn þá að liggja við í tjöldum; er þá stundum heyjað að beitarhúsum og sumt heyr flutt heim á sleðum að vetrarlagi.

Sumstaðar hafa menn allmikinn útheyskap á þurrlendi og í nokkrum sveitum eru engar mýraslægjur til. Vallendisslægjur eru þó fremur óviða til að mun, sem hægt er að nota, en oft eru vallendi hentugar bithagi fyrir búpening

¹⁾ Ritgjördir um efnasamsetningu í íslenskum jurtum og heyi eru nefndar neðanmáls í *Lýs. Ísl. II.* bls. 417. Sbr. *M. Gruner: Die Bodenkultur Islands* bls. 38—42. *Ásgeir Torfason Freyr II*, 1905, bls. 64—66.

²⁾ Á Sturlungu (I, bls. 260) sést, að menn þá fluttu útney heim á tún til þerris.

manna. Snöggur vallendisgróður er sumstaðar sleginn, þar sem ekki er völ á öðru, t. d. í Grimsey, þar er bæði heyjað á bjarginu og á grasblettum, sem kallaðir eru Brekkur, svo er einnig á stöku stað á útkjálkum og á Vestfjörðum og Austfjörðum. Á Norðurlandi er víða sleginn finnungur (*Nardus stricta*) í lautum og brekkum og notaður til kindafóðurs á vetrum. Sumstaðar eru melslægjur töluvert notaðar, þó hvergi að mun nema í Vestur-Skaftafellssýslu og einkum í Fjallasveit. Þar er líka mjög mikið slegið af víðirlaufi, þurkað og notað fyrir skepnur á vetrum, og einnig töluvert af hrossanál (*Juncus ballicus*); á söndunum við Axarfjörð eru líka miklar laufslægjur.¹⁾

Í sumum héruðum hefir melgresi mikla þýðingu til að hefta sandfok, sem víða gerir mein (Lýs. Ísl. I, 145—149), enda hefir tómlæti manna og ráðleysi víða stuðlað að uppblæstri landsins og sumstaðar bein jarðniðsla með melrifi, skógarrifi og lyngrifi. Svólítið hefir á seinni tímum verið unnið að heftingu sandfoks, einkum í Landsveit, þar hefir Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi verið forgöngumaður framkvæmdanna. Þar hafa bæði verið hlaðnir grjótgarðar fyrir gára til að hefta sandfok, sáð til mels og blaðkan (melgresið) tekin upp með rótum og plöntuð út: grjótgarðarnir virðast helst hafa komið að notum.²⁾ Melgresið bindur roksandinn, þar sem það fær að vera í friði, en víða er það rifið upp með rótum, brúkað í meljur o. fl. Sandurinn stöðvast af jurtunum, sem í sandinum gróa, og hleðst utan um rótartlækjurnar; jurtin í heild sinni, einkum stöngin, er kölluð melur eða melgresi, blöðin eru kölluð blaðka, hinar finni og yngri rætur eru kallaðar búska, hinar eldri og

¹⁾ Ferðabók Þ. Th. III, bls. 321.

²⁾ *Sæmundur Eyjólfsson*: Hefting sandfoks (Búnaðarrit IX, bls. 182—185). *Eyjólfur Guðmundsson*: Um sandgræðslu (Búnaðarrit X, bls. 161—165). *Einar Helgason*: Sandfok og sandgræðsla á Landi (Búnaðarrit XVI, bls. 81—86). Sandfokið í Saudlauksdal (s. st. bls. 86—91). Sami: Sandgræðsla, í Frey III, 1906, bls. 133—136. *Helgi Jónsson*: Frá Jótlandsskaga (Sunnanfari VI, 1896, bls. 10—14). *Ólafur Ólafsson* í Ísafold VII, 1880, bls. 125—126.

grófari tágur sumtag og meljur. Þegar alt þetta er rífið af mönnum og skepnum, hefir sandrokið fría rás og öll vörn er úti.

Í Landsveit hagar svo til, að ekki er hægt að nota áveitur til sandgræðslu, en það hefir sýnt sig, að sanda má sumstaðar rækta með vatnsveitingum, það sést bezt á Stjórnarsandi. *Stjórnarsandur* (eða Klaustursandur) liggur milli Skaftár að sunnan og Geirlandsár að vestan, hann er talinn 2500 vallardagsláttur. Fyrir hvatir Sæmundar Eyjólfssonar og undir umsjón hans var 1886 farið að veita vatni á sandinn, sem þá var alveg gróðurlaus, olli hann miklum skemdum á jörðum í Landbroti með sandfoki. Tilgangurinn með þessari áveitu var fyrst og fremst sá, að komast að raun um, hvort auðið væri að græða upp sanda með vatni, og í öðru lagi, ef þessi tilraun hefnaðist, að hindra með því sandfok á jarðir þær, er lágu undir skemdum. Árið 1905 voru það nálega $\frac{3}{7,5}$ hlutar sandsins, sem vatni hafði verið veitt yfir, og var þá sá hluti hans meira og minna gróinn og grasi vaxinn, á mestan hluta þess svæðis var kominn viðunanlegur sauðhagi, og vestast á sandinum, þar sem fyrst var veitt á, var gróðurinn samvaxinn og langmestur. Samtímis hefir það unnist á, að 12 jarðir, sem næstar liggja sandinum, hafa nærri alveg losnað við sandrok og land þeirra hefir gróið upp og batnað.¹⁾ Náttúran hefir í nálægu héraði gert svipaða gróðrartilraun í stærri stíl. Hið mikla hraun, sem 1783 rann niður með Hverfisfljóti, rak fljótið úr farvegi sínum og ýtti því austur. Hverfisfljót rann fyrir eldinn í mörgum breytilegum kvíslum um allan Brunasand, þá var þar enginn gróður, nema mel-tottar á stöku stað. Hraunið stöðvaðist ofan til á sandinum, sem nú losnaði við ágang hinna hraðstreymu jökulkvísla. Brunasandur hefir síðan stórkostlega gróið upp, enda sitrar jökulvatnið nú í ótal lækjum undan hraunröndinni og

¹⁾ *Sigurður Sigurðsson*: Ferð um Skaftatellssýslur sumarið 1905 (Búnaðarrit XX, 1906, bls. 37—38). Um Stjórnarsand í Ísafold VII, 1880, bls. 121, 125.

frjófgar sandinn. Frá hraunröndinni eru nú eintómar grasbreiður að sjá, svo langt sem augað eygir niður eftir; þó eru sandar fyrir neðan og allmikil mellönd, en graslendin aukast árlega. Fyrir neðan Hruna er mikið engjapláss, sem heitir Þorkelsræsir, og fást af því margir faðmar heys; nafn hafa engjar þessar tekið eftir smala, sem um 1830 vísaði á, að þar mætti slá dálítið, en síðan hefir gróið svona upp. Á Brunasandi eru nú 5 bæir og 6 búendur, og hafa þeir nægar slægjur á sandinum: fyrsta nýbýlið, Orrustustaðir, var byggt þar 1822. Meðalland er undirorpið miklum ágangi af sandfoki, og hafa þar margar jarðir og slægjulönd skemst til muna, er mælt, að 8 jarðir hafi farið þar af síðan 1875. Hefir á seinni árum verið rætt um áveitur í Meðallandi til varnar gegn sandeyðileggingunni, en ekki er það komið til framkvæmda enn. Sumstaðar skemmist land þar í héraði líka af ágangi hinna miklu jökulfljóta, en á stöku stað hefir skapast jafnvægi af náttúrunnar eigin völdum: bærinn Fljótar, neðarlega við Eldvatnið, var þannig nærri kominn í eyði, en varð svo aftur ein hin bezta slægjujörð í Meðallandi. Hér þyrfti mannshöndin einsog víðar að setja náttúruöflunum skorður og beina þeim til gróðurs fyrir landið og hags fyrir íbúana, en slíkt kostar auðvitað bæði mikið fé og vinnu.

Mór. Af mýrum hafa menn auk heyskapar og beitar nokkuð annað gagu, sérstaklega mótekju og torfristu. Mómyndanir Íslands hafa enn mjög lítið verið rannsakaðar, og eru þær þó mjög þýðingarmiklar fyrir landið. Menn vita enn mjög lítið um útbreiðslu mólaga og þykt í ýmsum héruðum og enn minna um jurtaleifar mósins. Í sumum sýslum er þó lítið um mó, t. d. í Skaftafellssýslum, þar hefir hinn mikli órói jökla og eldfjalla hamlað mýramyndun að mun, svo menn verða að brenna taði, klíningi og sprekum; þó er þar mór á stöku stað, ef vel er leitað,¹⁾ en

¹⁾ Sveinn Sveinsson fann mó á 5 bæjum í Öræfum og á 3 bæjum í Landbroti. Skýrsla Búnaðarf. 1874—76, Rvík 1877, bls. 38, 39. Árið 1914 voru teknir í Vestur-Skaftafellssýslu 1157 hestar af mó í 3

hvergi er hann góður; þar sem dálítill mómyndun hefir orðið þar eystra, er hún mjög blönduð eldfjallaösku, t. d. í Skaftártungu, og jafnvel í mýrlendum vantar móinn, af því jarðvegsmyndunin hefir sífellt raskast af ágangi jökulkvísla. Í Fjallasveit og svipuðum sveitum, þar sem roksandur er og móbella, vantar oftast móinn, þó skiftast sumstaðar við Suðurlandsundirlendið mómyndanir á við móhellumyndanir, einsog t. d. í Þjórsárdal, þar hafa tjarna- og mýramyndanir síðar hulist móhellulögum í löngum sandrokstímabilum. Í eldbrunnum héruðum, þar sem alt er hulið fornum og nýjum hraunum, er eðlilega lítið um mó, hann vantar því viðast á Reykjanesskaga, verða menn þar að nota þang, lyng, sprek, fiskabein og annað þvílíkt til eldsneytis. Á stöku stað kemur fyrir, að mór hefir myndast ofan á hraunum, einsog t. d. sumstaðar í Bárðardal, en á slíkum stöðum hafa ár með leðju fyrst þakið og þéttað hraunbotninn, áður en mýri myndaðist ofan á. Sumstaðar nærri sjó, t. d. við Mýraundirlendið og við árósa, eru allþykk leirlög ofan á mónum eða hann skiftist á við sand og leir. Sumstaðar við Faxaflóa og víðar þar sem land hefir sígið, er mór í flæðarmáli og neðar og rekur upp úr sjó (sjótorf).¹⁾

Í hinum miklu mýrum á sléttlendum Íslands og í hinum stóru og breiðu dölum er eðlilega mest af mó, þó víða sé örðugt að ná í hann. Þar hafa smátt og smátt stórar vatnsbrekkur orðið að flóum með kilum og smátjörnum og mór myndast á botninum. Þykt mósins er mjög mismunandi, 2—12 fet og stundum meiri. Mómyndunin hefir þegar byrjað, er láglendin eftir ísöldu voru risin úr sjó, og því er víðast ísaldarleir undir mónum, á stöku stað ægisandur; í leirnum eru oft smásteinar jökulnúnir, stundum skeljar. Snemma hefir verið mikill skógvöxtur við mýrarnar, því í hinum elztu mólögum finnst oft digrir lurkar og fauskar, oft rétt yfir leirn-

hreppum af 7, í Austur-Skaftafellssýslu 943 hestar í 4 hreppum af 5: á engum sýslum var jafn lítil mótekja.

¹⁾ Eggert Olafsson's Rejse bls. 10, 936.

um; ¹⁾ þá hefir jurtagróðurinn í fyrstu líklega verið nokkuð annar en nú, ýmsar tegundir hafa fundist í fornum mó, sem nú ekki vaxa hér á landi, meðal annars sérstök birki-tegund (*Betula verrucosa*), en alt þar að lútandi er enn mjög lítið rannsakað. Í mönnum eru oft lög af »sendu«, sem kölluð er, það er oftast gömul eldfjallaaska, sem rignt hefir yfir mikil svæði á fyrri tímum; sendan er gulleit eða móleit og lýsist við að þorna. það er kísilsýrurík vikuraska, komin fram við vikurgos af líparíti, oft úr eldfjöllum, sem ekki hafa gosið síðan land bygðist; þannig eru allmörg hvít vikurlög í mönnum kringum Snæfellsjökul. Viða, einkum á Suðurlandi, eru líka lög af smágerðum blágrýtisvikri og gjalli, sérstaklega í nánd við Heklu og Kötlu.

Oft hefir þykkur mór myndast í dalabotnum og háslægðum eða í vikurhvilftum og er þá stundum undir sandi, t. d. í vikunum við Látrabjarg, í Dufansdal og víðar. Á Snæfellsnesi er víða mikill mór myndaður í djúpum hvilftum, en oft með mjög þykku afraki ofan á, sérstaklega er mógæðum viðbrugðið í Eyrrarsveit, einkum við Kolgrafarfjörð, og var hann fyrrum sóttur þangað á skipum vestan úr Eyjahreppi.²⁾ Á Vestfjörðum er víða þykkur mór á hinum yztu annesjum og í honum stórir lurkar; sést á því, að þar hefir verið hávaxinn skógur og mildara loftslag rétt eftir ísöldu, en nú getur smávaxið birkikjarr naumlega þroskast á þeim stöðvum. Í Grunnvík fyrir ofan Höfðaströnd er þykkur móskurður, stálið oft 4—5 álnir á hæð, og við Tungu í Aðalvík eru góðar mógrafir, svörðurinn harður í plötum og sumstaðar 1½ mannhæð á þykt. Við vikur á Austfjörðum eru líka sumstaðar þykkar mómyndanir, t. d. í Húsavík í Norður-Múlasýslu, þar er hjá Dalandsparti og Hólshúsum svarðartekja mikil, 13—16 stungur á þykt; hjá Eiði á Langanesi er svörðurinn 4 álnir á þykt, ægisandur undir honum og svo blágrýti o. s. frv.

¹⁾ Sbr. Ferðabók P. Th. I, bls. 20; III, bls. 3.

²⁾ Búnaðarrit XVII, bls. 106.

Mórinna hefir myndast, og myndast enn, af jurtagróðri mýranna, mosa, starartegundum, elting o. fl. jurtum, og þó fauskar séu í honum, þá hefir þó hluttaka skóganna í mómynduninni víðast verið litil, tréstofnar og trjálím, greinar og blöð af þeim skógum, sem nálægt hafa verið, hafa dott-ið í mýrarnar, borist með vatni eða fokið. en aðallega hefir mórinn myndast af votlendisgróðri; sumstaðar vex hris og fjalldrapi á þurrari þúfum innan um mýragróðurinn, og lenda þá hinar fúnuðu leifar í mónum. Oftast er mest af fauskum neðarlega í mónum, og þá stundum í 1—2 feta þykku lagi, en stundum eru fauskarnir dreifðir um móinn, en ofan til eru oft leifar af fjalldrapa. Þegar á landnáms-tíð grófu menn upp fauskana til eldiviðar.¹⁾ Mórinn er eðlilega mjög mismunandi að eðli og gæðum. Þar sem þykk mólög eru og mikill jarðvegspungi ofan á, er mórinn stundum harður, svartur og þéttur og klofnar í flögur líkt og surtarbrandur, er hann þá mjög hitamikill; oftast er þó svörðurinn lausari í sér og stundum blandinn mold og sandi, eða þá sand- og vikurrákir í honum, einsog fyrr var getið. Góður íslenzkur mór mun að gæðum og hitamegni fullkomlega geta jafnast við góðan útlendan mó, en Íslendinga vantar enn kunnáttu og hagsýni til þess að hafa full not af honum. Sumstaðar er mórinn svo öskumikill, að ilt er að nota hann, stundum er allmikill brennisteinn í honum og stundum tiltölulega mikil fosforsýra.²⁾

Mjög sjaldan hafa mómýrar verið ræstar fram, áður en mótekjan byrjaði, og eru því oft miklir örðugleikar vegna

¹⁾ Landnáma, Rvík 1891, V, 9, bls. 214.

²⁾ Rannsóknir af sýnishornum af íslenzkum mó eftir *Ásgeir Torfason* í Búnaðarriti XX, bls. 116—119, 179—180. Eimreiðin XI, bls. 40. Freyr I, bls. 34—36. *M. Gruner*: Bodenkunde Islands bls. 47—51. *Ásgeir Torfason*: Mór (Eimreiðin XI, 1905, bls. 31—61, 161—185). Íslenzkt eldsneyti (eftir sama) í Ársriti Verkfræðingafélags Íslands 1914, Rvík 1915, bls. 12—14. Ennfremur um mó: Þjóðólfur 1886, bls. 65—66. Ísafold 1903, bls. 281, 285, 293. Skólablaðið 1910, bls. 85—88 (G. Björnsson). M. B. Blöndal: Móidnaður (Freyr IX, bls. 17—20). Plógur VI, 1904, bls. 1—3.

ásóknar af vatni. Mórinn er víðast stunginn reglulítið í mýrunum, oftast í mýrajöðrum, grafirnar fyllast fljótt af vatni og rofinu er kastað niður í þær eða hrúgað upp á bakkana, en rimar eða stapar látnir standa milli grafanna. Mórinn er vanalega stunginn og tekinn upp á vorin og fluttur heim á haustin; svörðurinn er stunginn með páli, skóflu eða reku í ferhyrnda hnausa, sumstaðar með sérstöku um móskepa. Eggert Ólafsson talar um slíkan skera, sem þá var alment notaður, það var varreka með 3 feta löngu skafti, en blaðið var eitt fet og gekk járníð 3 þuml. upp öðru megin. Segir hann, að vinnumenn hafi stungið 6—8 hnausa og kastað þeim svo upp í einu.¹⁾ Þetta mun vera hinn sami eða svipaður móskepi, sem enn er notaður á Snæfellsnesi. Þórhallur Bjarnarson biskup lýsir honum svo: »Tréblaðið fram úr skaftinu er um $\frac{1}{2}$ alin á lengd, breiddin 5—6 þuml., járnvarið stendur um þumlung fram af. Öðru hvoru megin út — eftir á hverja hönd maður vill kasta — kemur í réttu horni við blaðið skeraeyrað eða hakið, hvasseggjað sem varið, 2—3 þuml. hátt; og ræður það þykt flögunnar, er skorið er. Fyrst er holan stungin niður með skeranum, niðurskurður, en síðan, þegar rúmið fæst, er spænt eða flísað frá hlið.«²⁾ Eftir Búalögum var það talið meðalmanns verk að stinga 20 feta langa mógröf á dag, 10 feta breiða og 20 feta djúpa; sumstaðar orðað svo: »liggi niður 20 torfur og ristitorfa að auki.«³⁾ Mógrafirnar eru vanalega aflangar, 5—6 álna breiðar, og liggja oftast í jafnhliða röðum með rimum eða hryggjum á milli; sumar mógrafir eru þó ferhyrndar eða óreglulega lagaðar eftir kringumstæðum, þær fyllast fljótt af vatni, svo sjaldan er hægt að ná öllum mónum, oft verður það eftir, sem

1) Eggert Ólafsson's *Rejse* bls. 122, 308. Í fornum bréfum er talið að um pálröku, það hefir líklega verið verkfæri til að stinga upp mó (Dipl. isl. IX, bls. 309, 329). Mynd af móskepa er í bók M. Gruners bls. 55.

2) *Búnaðarrit* XVII, bls. 107.

3) *Búalög* 1915, bls. 70.

neðst er. Hinir blautu mórnausar eru fluttir á þurrara land í torfkrókum eða kláfum og breiddir þar eða settir í smáhrúgur, unz mórinn er nokkurnvegin þornaður, þá er honum hlaðið í hrauka (móhrauka) 2—2^{1/2} álnar háa, eru þeir stundum látnir vera holir innan, en altaf mjög gisnir, svo blásið geti gegnum þá. Á haustin er mórinn svo fluttur heim í hripum, stundum á vetrum á sleðum, og honum svo hlaðið í stakka eða hlaða, eða hann er geymdur í mókofum. Eftir skýrslum hreppstjóra hafa á öllu landinu verið teknar af mó 191 þús. hesta að meðaltali árlega 1891—1900, árin 1901—1905 252 þús. hesta, 1906—1910 245 þús. hesta.

Viðast hefir fram á vora daga verið hið mesta ólag á mótekjunni, móskurðurinn hvergi nærri notaður til hlítar og mikið farið til ónýtis. Af heimskulegri aðferð við móskurð og mótekju hefir margt ilt leitt, mikil skemd á graslendi, tap á miklu af mónum, og auk þess orsaka mógrafirnar oft töluvert skepnutjón, bæði á sauðfje og stórgripum, móskurðar-aðferðin er líka mikill vinnu- og tímaspillir.¹⁾ Ýmsir höfundar hafa bent á betri aðferðir við móskurð að útlendu sniði, móeltingu o. fl., en það hefir haft lítinn árangur. Sveinn Sveinsson búfræðingur segir 1879: »Þar sem menn á annað borð grafa nokkurn svörð, taka menn ekki meira en þann viðbætir, sem þarf til að bæta við sauðatað (eða klíninginn sumstaðar), sem fellur árlega til á hverjum bæ, en brenna því jafnt sem áður. Líka grafa menn hvergi skurði til að veita vatninu frá sér, þannig verða menn að skilja álnar þykka bálka á milli grafanna á alla vegu, og hrekkur þó ekki til á stundum, því vatnið kemur oft fossandi upp úr botninum eða gegnum veggina, svo maður nær ekki nærri því eins djúpt niður eins og svörðurinn nær, og þannig verður beztí svörðurinn oft eftir á botninum. Með þessari aðferð skemmist oft langtum meira af sverðinum, en það sem næst, því það verður oft

¹⁾ Sbr. Ísafold XI, 1884, bls. 38—39, 66—68.

meira en helmingurinn eftir af því, sem hægt væri að nota, ruðningnum kasta menn ofan í næstu gröf, og þannig er fyrirbyggt, að nokkur maður seinna meir geti haft not af því, sem eftir var. Það er óviða hér á landi, að svörðurinn vaxi upp í sömu gröfunum einsog erlendis, því ruðningurinn, sem kastað er niður í þær, er oftast óhreinn af leir eða sandi, og svo grautast sandurinn innan um alt saman, sem annars er í reglulegum lögum í mýrum, sem ekki hafa verið hreyfðar áður, alt verður einsog hræringur. Eg hefi tekið eftir þessu í hinum gömlu gröfum, þar sem menn hafa vilst ofan í þær, í bálkunum milli grafanna var bezt svörður, en þegar kom út fyrir þá út í hinar gömlu grafir, þá fanst ekki annað en tómur hræringur af óbrúkanði sverði. Þetta þótti mönnum undarlegt og gátu ekki skilið í hvernig á því stóð, því þeir höfðu ekki tekið eftir, að þeir höfðu einmitt farið í svarðargrafir fornanna, en það var heldur ekki svo auðvelt að aðgreina, því alt var næstum orðið jafnt á yfirleti jarðarinnar, grafirnar og mýrin í kring. Þó þessi óregla á brúkun og meðferð svarðarmýranna eigi sér stað upp til sveita, sem þó hvorki ætti að vera, né þarf að vera, þá er það nú sök sér, en það versta af öllu er, að þessi sama aðferð er brúkuð á öllum stöðum, eins þar sem þó mikið riður á að bera sig sparlegar að, t. a. m. þar sem kaupstaðir eru, enda í kringum höfuðstaði landsins nl. Reykjavík og Akureyri, og þyrftu menn þó að vera varkárari þar, þar sem svo mikið þarf að brúka af sverði árlega, því svarðarmýrarnar eru þó ekki óþrjótandi á hvorugum þessara staða, enda er nú búið að eyðileggja mikið.*¹⁾ Í tímaritinu Plógur 1904 segir svo:²⁾ »Það mun láta nærri, að úr gröf, sem er 40 feta löng, 10 feta breið, þar sem 4 pálstungur liggja niður af mó, fáist

¹⁾ Sveinn Sveinsson: Svarðarmýrar og eldiviður (Nordanfari XVIII, 1879, bls. 93—94, 105—106). Um slæman frágang á mótækju á Akranesi, sjá Skýrslu Búnaðarf. 1895, Rvík 1896, bls. 75—76.

²⁾ Plógur VI, 1904, bls. 1—3.

100 hestar af þurrum mó. Slik gröf með tilhlýðilegum vatnsbökkum í blautri mýri mun gjöra hérumbil 15 ferh. faðma jarðrask, og fyrir 234 þúsund hesta (sem fengust á öllu landi 1901) verða þá landspjöllin nær 40 dagsláttum árlega.« »Vanalega og víðast hvar er grasrótin fyrst stungin ofan af grafarstæðinu, og henni kastað eitthvað til hliðar, svo rofinu, svo leir eða móblendingu. Því oft eru 3—4 pálstungur niður að mónum; þessu er öllu kastað hverju ofan á annað, svo það verður neðst, sem efst var. Oft er afrofinu á þenna hátt kastað ofan í gamla gröf, stundum út á heila jörð, eða út á gamla rofhauga, án þess að moka því nokkuð til, er svo líkast að sjá og ganga um slik mógrafasvæði, sem þar væri graslaust, kolsvart brunahraun. Þessu næst er mórinn stunginn upp úr gröfinni, án þess að veita vatni frá henni, þar sem þess er þó öll þörf í blautum mýrum; verða svo móhnausarnir líkari blautum hnoða en hnaus, og ódrygist alt að helmingi, þar eð bleytugrauturinn ekki er hirtur, auk þess springa vatnsbakkar og botn kemur upp, svo þannig tapast meira og minna af mónum úr gröfinni. Loks er mórinn borinn út á misjafnan þerrivöll, og öll sú bleyta og móklessa, sem merst utan af hnausunum í meðferðinni, er sjaldan hirt, oftast skilin eftir á grafarbakkanum og móvellinum og verður þar að skán, sem hindrar þar grasvöxt næsta ár.«

Eigi vita menn með vissu, hvenær fyrst hefir verið farið að nota mó til eldsneytis á Norðurlöndum; framan af hefir móbrúkun varla verið mikil í Noregi, því ekki skorti eldsneyti af hinum miklu skógum. Um Torf-Einar jarl í Orkneyjum er það sagt, að »hann var fyrir því kallaðr Torf-Einarr, at hann lét skera torf, ok hafði þat fyrir eldivið, því at engi var skógr í Orkneyjum« (Heimskringla). Í Flat-eyjarbók er þetta orðað svo: »hann fann fyrstr manna at skera torf úr jörðu til eldiviðar á Torfnesi á Skotlandi, því at ilt var til eldiviðar á eyunni.« Í Rígsmaalum er það talið verk þræla að »grafa torf«: »Akra töddu, unnu at svinum, geita gættu, grófu torf.« Í fyrstu hafa menn líklega

ekki verið búinir að finna móinn sjálfan eða not hans, en hafa notað sér sjálft torfið, grassvörðinn þurkaðan, til eldsneytis, einsog enn er gert sumstaðar í Færeyjum og Norgei. Síðar uppgötvuðu menn, hve miklu meira hitagildi mórinna hefir, sem neðar er í jörðu, og þurfti þá heldur ekki að skemma graslendin einsog með torfristu. Þessi breyting hefir orðið mjög snemma, og til forna og langt fram eftir öldum kölluðu menn móinn torf, sjaldan mó, sama nafni einsog sjálfan grassvörðinn. Lengi fram eftir er mótak kallað torfskurður og talað um að skera torf í sömu merkingu einsog nú að stinga upp mó.¹⁾ enn er sagt í Danmörku og Noregi »at skære Tørv« og enginn greinarmunur gerður á torfi og mó; virðist þetta benda til þess, að mótakan hefir skapast úr hinum forna torfskurði. Orðið mór er þó líka gamalt, einsog sjá má á Grágás, sem talar um »torf-mó«, en alment er það ekki brúkað fyrr en á 14. öld. Kirkjan í Haffjarðarey á 1354 »móskurð í Torfvági og Seljagröfum«, og Hraunskarðsjörð á Snæfellsnesi á 1360 »móskurð í Saxhamra«.²⁾ Þó er mór oftast kallaður »torf« fram á 17. öld.

Í landbrígdapætti Grágásar er það talinn réttur leiglendings: »hann á torf að skera í landinu, er leigt hefir, sem hann þarf til eldibranda sér, þar hjá, er áðr er skorit, fella saman torf grafar. En ef torf-mór er eigi í landi því, er hann hefir leigt, og á hann þá viði at elda, ef áðr var viði elt et næsta.«³⁾ Í Jónsbók voru ákvarðanir þessar endurteknar. Á þessu sést, að menn hafa í fornöld, á lýðveldistíma, brent mó og gjört mógrafir, einsog nú, og að leiguliðar áttu fyrst og fremst að nota móskurðinn, en hris, ef mór var eigi til. Virðist þetta, einsog aðrar heimildir, benda til þess, að lítið hefir verið orðið um skóga á 12. og 13. öld, svo takmarkalaus eldiviður fékst ekki af þeim. Mjög er þó efasamt, hvort þessu ákvæði Grágásar

¹⁾ 1528 er talað um að »stinga torf«. Dipl. isl. IX, bls. 470.

²⁾ Dipl. isl. III, bls. 83, 140.

³⁾ Grágás 1852, II, bls. 137. Jónsbók (Ól. H.) bls. 135.

hefir alment verið hlýtt, að nota fyrst og fremst móinn; hris og lyng hafa Íslendingar jafnan rifið miskunnarlaust fram á vora daga. Þegar hægt var að ná í það; að stinga upp mó var miklu fyrirhafnarmeira. Þó er það auðséð, að mór hefir frá því snemma í fornöld verið víða stungiun úr jörðu, þó líklega óvíða í landnámstíð. meðan skógar voru fyrir hendi nærri bæjum, þó var það ekki alstaðar. Því sumstaðar hefir verið skóglaut við bæi þegar á landnámstíð.

Á nokkrum stöðum í fornsögunum er getið um torf-skurð eða mótekju og það mjög snemma; en slíks er þó eðlilega ekki getið nema rétt af tilviljun. Þegar það eitt-hvað stendur í sambandi við viðburðina, er gerast. Í Fljótsdælu er seint á 10. öld talað um torfgrafir, og var torfinu eða mónum ekið á sleða heim til bæjarins og hesti beitt fyrir, en móhripunum hlaðið í hlass á sleðanum, mónum síðan hlaðið í stakk, er heim kom.¹⁾ Um torfhrip er getið í Njálu, hrip í Ljósvetningasögu, og í Laxdælu er talað um torfstakka, sem líklega hafa verið móhraukar. úr því grað-ungur lék sér að að brjóta þá niður, eins og enn vill oft verða.²⁾ Í Harðarsögu Grímkelssonar er getið um mann, er »leyndist í torfbingi, ok hlóð at sér elditorfi, svá at ekki kom upp nema nasirnar einar«, og í sömu sögu er getið um torfstakka hjá Bakkavaði á Hvítá.³⁾ Í Kjalnesingasögu er talað um vatntorf, er sviðnaði, svo reykur mikill var af og remma, og er þar líklega átt við illa þurkaðan mó.⁴⁾ Í Sturlungu er getið um menn, sem hlaupnir voru til orrustu frá torfskurði, og síðar er getið um torfgrafir miklar og fornar í Skagafirði, einnig um torfhrauka í mýrum, var héluþoka »ok heiddu upp úr kollarnir«.⁵⁾

¹⁾ Fljótsdælasaga, Rvík 1896, 19. kap., bls. 79–82.

²⁾ Njála bls. 392. Ljósvetningasaga bls. 68. Laxdæla bls. 247.

Útg. Sig. Kr.

³⁾ Íslendingasögur II, 1847, bls. 112, 116.

⁴⁾ Kjalnesingasaga, Rvík 1902, 4. kap., bls. 12.

⁵⁾ Sturlunga, Rvík, I, bls. 114; III, bls. 126.

Af fjöldamörgum bréfum og máldögum, frá 14. öld og síðar, sést, að móstunga hefir verið almenn, og er talin með hlunnindum jarða, gengur kaupum og sölum og er leigð öðrum; stundum er móskurður itak í jörðu eða kirkju-eign. Mótekjan er þá oftast talin áttfeðmings- eða tólffeðmings-skurður o. s. frv., en oftast er þó miðað við fleiri eða færri, 3 eða 4, tólffeðminga. Hafa menn ætlað, að hér væri átt við flöt, sem væri 8 eða 12 fornir faðmar í hvert horn, en það er mjög efasamt, hvort svo er; líklega er hér átt við rúmmál mósins, sem upp er tekinn, og hefir mórinn þá verið mældur í föðmum líkt og hey. Eftir rekaskrá Vatnsfjarðarkirkju 1327 átti af Unaðsdal að gjalda kirkjunni »áttfeðming torfs hvert sumar ok fá eyki til að færa til sjófar, þá sóttur er«. ¹⁾ Hér er auðséð að átt er við eitthvert rúmtak, en hvað er áttfeðmingur? Það bendir líka til þess hins sama, að ekki hafi verið átt við flatarmálið, heldur við afrakstur mógrafanna, að torfskurðarréttindi eru miðuð við stakka, þannig á Staður á Reykjanesi 1397 »þriggja stakka skurð í Hamarslandi«. ²⁾ Stundum er talað um fertugar eða áttræðar torfgrafir til móskurðar. ³⁾ og er þá líklega átt við lengd mógrafanna. Þegar menn eiga móskurð í annara landi, áskilja þeir sér í jarðabréfum að mega beita þar hestum, er nota þarf við torfskurðinn, að hafa vegu að mógröfum og stundum land til mófærslu til þess að þurka móinn. ⁴⁾ Árið 1387 kaupir Ólafur Kolbeinsson tólffeðmings torfskurð á Bakka í Öxnadal og áskilur sér að gera »skurði um torfvöllu«, ⁵⁾ hefir þá líklega ætlað að ræsa fram mómyrina, og er slíkt sjaldgæft fyrr og síðar. Mór hefir víst sjaldan gengið kaupum og sölum, enda hefi eg ekki séð verðs hans getið til forna. Í dómi um mógjaldið af Unaðsdal til Vatnsfjarðarkirkju 1526 er áttfeðmingur af torfi met-

¹⁾ Dipl. isl. II, bls. 620.

²⁾ Dipl. isl. IV, bls. 156.

³⁾ Dipl. isl. III, bls. 636.

⁴⁾ Dipl. isl. VII, bls. 32.

⁵⁾ Dipl. isl. III, bls. 397.

inn á 10 auru.¹⁾ en fyrir það er maður litlu nær, úr því ekki er víst hvað áttfeðmingur er að rúmtaki.

Menn hafa víðsvegar um Ísland langt fram eftir öldum mikið notað mótök sín, það sést bæði af fjölda fornbréfa og af hinum mörgu fornu, grasgrónu mógröfum, sem víða sjást; en á 17. og 18. öld mun hafa dregið mjög úr þessu bjargræði einsog öðru, svo flestir notuðu einungis sauðatað og klíning til eldsneytis. Hinn 8. apríl 1782 hét þó stjórnin verðlaunum, þeim er findu góð mótök, og hvatti menn til móskurðar, svo áburður ekki eyddist.²⁾ Þessu var þó lítið sint. Á fyrsta fjórðungi 19. aldar var enginn mór tekinn í Eyjafirði, nema á Akureyri, var fólk leigt þar til móskurðar, og fékk fullgildur karlmaður 48 sk. (1 kr.) í kaup, en kvenmaður 32 sk. á dag og ekkert fæði.³⁾ Árið 1914 voru í Eyjafjarðarsýslu (utan Akureyrar) teknir 20850 hestar af mó. Á sóknalýsingum sést, að menn langt fram eftir 19. öld lítið stunduðu móskurð til sveita.⁴⁾ Tómas Sæmundsson segir 1839 að fráteknum fáeinum sveitum við sjáfarsíðu og kaupstaði sé ekki öðru brent en kúamykju og sauðataði, og til jafnaðar um alt land mundi varla einum móhesti brent móti 9 af mykju.⁵⁾ Við Reykjavík var á seinni hluta 19. aldar mjög mikið tekið af mó, náðu mógrafirnir yfir mikið svæði, var þar fjörugt þjóðlíf við móskurðinn, og lifðu margar fjölskyldur á að taka upp mó, flytja hann og selja bæjarbúum. Á haustin var aðkomendum starsýnt á hinar endalausú hersveitir af móhraukum við holtabörðin og hina mörgu búreyki frá matseldi vinnulýðs-

¹⁾ Dipl. isl. IX, bls. 347.

²⁾ Lögþingisbók 1782, bls. 13. Gömul Félagsrit II, bls. 270.

³⁾ Norðlingur IV, 1879, bls. 228.

⁴⁾ Í lýsing Saurbæjarþinga 1842 er sagt, að mótök muni vera á flestum bæjum, en það sé óvíða notað. Í Saudaness sóknarlýsingu 1875 er sagt, að sauðatað og rekaviður sé alment eldsneyti, en mór sé að eins tekinn á 2 bæjum, o. s. frv.

⁵⁾ Fjölnir V, bls. 44, 46. Sbr. Búnaðarrit húss- og bústjórnarfélagans I, 1, bls. 187—188. Á þeim árum var þiljubátur notaður á Faxaflóa til móflutninga (Fjölnir I, bls. 67).

ins, en á götum bæjarins sáust þá stöðugar mólestir. Mótekju þessari fór mjög aftur um og eftir aldamótin, og 1903 er sagt, að allur bærinn taki vart meiri mó en gamli bakarinn einn fyrrum. Bernhöft bakari átti sérstakan móskurð suðvestur af Skólavörðu og hafði byggt veg þangað. Er kent um háum vinnulaunum og lágu kolaverði.¹⁾ Í Búnaðarskýrslum er mór fyrst talinn í Reykjavík 1899, og voru þá teknir 7530 hestar, en áður líklega miklu fleiri, næstu 4 ár er meðaltalið 5555 hestar, 1904 eru teknir 3525 hestar og 1905 3016 hestar. En þá hefst hinn mikli peningaaustur af lánsfé úr bönkunum með þarafleiðandi verðhækkun á allri vinnu, þá minskar mótekjan í Reykjavík ákaflega, almúgafólk vill ekki lengur fást við svo örðuga og óprifalega vinnu, kaup er orðið hátt í allri annari atvinnu og nóg fé til að kaupa kol fyrir. Eftir það er svarðargröftur varla teljandi atvinnugrein í samanburði við það sem áður var, 1906 eru teknir 1790 hestar af mó, 1907 825 hestar, 1908 — 1911 að meðaltali 1292 hestar, 1912 702 hestar, 1913 743 hestar og 1914 ekki nema 401 hestur; 1915 1150 hestar. Nú í ár (1917) hefir mikill mór verið tekinn upp í Reykjavík vegna kolaleysis, sem stafar af heimsófriðnum.

Eftir miðja 19. öld fór áhugi manna á móskurði yfirleitt að vaxa víða um land, sumpart vegna þess, að neyðin kendi mönnum að nota mómýrarnar betur en áður.²⁾ Við fjárkláðann og niðurskurðinn minkaði sauðataðið að miklum mun, svo margir bændur, sem áður ekki höfðu sint svarðartekju, neyddust nú til að fara að leita að mó í landareign sinni og stinga hann. Síðan farið var að telja jarðarafrakstur í Búnaðarskýrslum, hefir svörður líka verið talinn með landsnyttjum, en hin fyrri ár eru skýrslurnar mjög ófullkomnar. Árið 1885 er engin mótekja talin í 57 hreppum af 177, en það er eflaust að kenna skýrsluleysi, 1914 er mór eigi talinn í 29 hreppum af 209, og mun það nærri

¹⁾ Búnaðarrit XVII, bls. 107.

²⁾ Hinn 22. okt. 1912 voru gerð lög um samþykktir um mótak (Stjórnartíðindi 1912, A, bls. 90—93).

sanni, enda eru skýrslurnar nú víst í flestum greinum á-reiðanlegri. Þó nú svarðartekju, einsog fyrr nefndum vér, hafi mjög svo hnignað í Reykjavík af sérstökum ástæðum, þá eru menn þó nú víða um sveitir farnir að nota mótök sín betur en áður. Árið 1885 er svarðartekjan á öllu landi talin 124 þúsund hestar, hesturinn á 12 fjórðunga, og er sú upphæð eflaust of lág; meðaltal 1886—90 139 þús. 1891—1900 191 þús. hestar. 1898 eru taldir 213 þús. hestar, 1899 207 þús., 1900 224 þús.. síðan hafa að jafnaði verið teknir 240—260 þús. hestar, mest 1912 280 þúsundir, 1914 251 þúsund. Langmest mótekja var (1914) í Snæfellsnes-sýslu 26575 hestar, þar næst í Ísafjarðarsýslu 22272 hestar. í Eyjafjarðarsýslu 20850 hestar. minst í Austur-Skaftafellssýslu 943 hestar og í Vestur-Skaftafellssýslu 1157 hestar. Eftir að heimsófriðurinn byrjaði hefir verið tekið upp miklu meira af mó en áður, af því kolin urðu svo dýr. Seinustu skýrslur, fyrir árið 1915, telja mótekjuna 313 þús. hesta, og hún hefir eflaust mikið aukist síðan. Mest var mótekjan 1915 á Vesturlandi 116882 hestar, á Norðurlandi 83676 hestar, á Suðurlandi 79295 hestar, á Austurlandi 33280 hestar. Mestur var mórinn sem fyrr í Snæfellsnes-sýslu, 31 þúsund hestar, og í Ísafjarðarsýslu, 30 þús. hestar. minstur í Austur-Skaftafellssýslu, 1208 hestar.

Torfrista. Auk heyskapar og mótekju hafa mýrarnar jafnan haft mikla þýðingu fyrir Íslendinga enn á einn hátt, þangað hefir þjóðin sótt mikið af byggingarefni sínu í hús og garða, efni í reiðtygi og ýmislegt fleira. *Torfrista* hefir frá landnámstíð verið þýðingarmikið nauðsynjastarf fyrir íslenzka bændur, og hefir allur verknaður þar að lútandi haldist að mestu óbreyttur framan úr fornöld. Torfið, sem notað er, fæst þó eigi alt úr mýrlendi, sumt er líka tekið úr móa- og vallendisjörð eða á takmörkum þeirra og mýranna. Grassvörður sá, sem ristur er upp í torfur, er samsettur af rötarfækjum margra jurta af ýmsum tegundum frá takmörkum mýra og móa og kvistlendis, lyngplöntur eiga þar töluverðan þátt í, fjalldrapi og víðirtegundir, gras-tegundir, hálfgrös, þursaskegg, móasef o. m. fl. Torfurnar

eru skornar upp með torfljá, sem hefir sérstaka lögum og þverskaft eða handfang,¹⁾ undnar upp og hringaðar og svo reistar til þurks. Torfurnar eru mismunandi að þykkt, stærð og efni, eftir því til hvers á að brúka þær. Torfstrengir eru aflangar torfur kallaðar, sem notaðar eru í húsveggi milli hnausalaga eða þá eingöngu; þá er sérstakt torf rist á hey, heytorf. Það var til forna kallað létorf, líklega af því það hefir verið rist upp með vanalegum ljá, áður menn fundu upp sérstaka torfljái eða fengu þá frá útlöndum. 1384 er talað um desjatorf.²⁾ líklega sama sem heytorf, sem brúkað hefir verið á heydes. Í sumum mýrum fæst torf með sterkri og seigri grasrót, sem notað er til reiðinga, er þar kölluð reiðingavelta; er sagt, að slíkt torf helzt þekktist á horblöðku, er þar vex einungis.³⁾ og er horblaðka stundum kölluð reiðingagras. Það er auðvitað, að af öllum torf-skurðinum verður töluvert jarðrask. Þegar þar ofan á bætist öll hnausastunga til húsa og garða. Á mýrajörðum verða sumstaðar torfpætur að graslausum fenjum, vatnsrotum og dælum, en þar sem torf er skorið á vallendisjörðum, má víða sjá stór ber svæði eða flög hringinn í kringum túnið, meira að segja sumstaðar inni í túninu sjálfu. Vanalega eru sléttustu blettirnir teknir til torfskurðarins, og verða þar bóróttar reinar á eftir. Mest af þessu torfi er haft á heyin, sem á Suðurlandi eru þakin aðeins að ofan, en á Norðurlandi eru þar að auki þaktar hliðar og endar heyjanna.⁴⁾ Þar sem hlöðum hefir fjölgað að mun á seinni árum, hlýtur það að hafa haft töluverð áhrif á torfristuna, af því miklu minna

¹⁾ Í bók M. Grumers eru myndir af íslenskum torfljám (bls. 58—59); þar segir og, að líkir ljáir (heidelehn, le, lehe) séu notaðir á Þýskalandi á Lüneburgerheide. Í Fornbréfasafni er oft getið um torfskera fyrr og síðar, en torfljár er fyrst nefndur 1470 (Dipl. isl. V, bls. 557) og víð og víð síðar.

²⁾ Dipl. isl. III, bls. 373.

³⁾ Gömul Félagsrit I, bls. 175—176. Í æfisögu Jóns Steingrímssonar (bls. 27) er getið um karl, sem á dag »risti 80 reiðinga og skar nærstrengina og álagsdýnurnar upp á 60«.

⁴⁾ Ísafold XVII, 1890, bls. 325.

heytorf hefir þurft en áður. Auk þessara afnota af múrunum, sem þegar hafa verið talin, þá mætti telja fleiri gagnsmuni, sem múrlendin hafa veitt Íslendingum, þaðan hafa þeir fengið työ efni, sem töluvert hafa verið notuð: rauða, sem járn var soðið úr, og sortu, sem mikið var notuð til litunar á fyrri tímum. Um bæði þessi efni er annarstaðar talað í þessu riti.

3. Beitarlönd og afréttir. Sel.

Beitarlönd. Vetrarfóður búpenings á Íslandi fæst, eins og kunnugt er, af túnnum, engjum og nokkrum öðrum slægjulöndum, en kvikfjárræktin mundi þó í heild sinni ekki gefa mikinn arð, ef sumarhagar og beitarlönd væru ekki notuð. Í mörgum vel ræktuðum héruðum erlendis lifir búpeningur alt árið nærri eingöngu á gjafafóðri eða á ræktuðum beitarlöndum, úthagar og afréttir eru þar ekki til. Þó það ef til vill sé heldur freklega til orða tekið, er Ólafur Stephensen stiftamtmaður segir: »útigangurinn er fóturinn undir vorum landbúskap.«¹⁾ Þá er það víst, að sauðfjárrækt vor hingað til aðallega hefir verið byggð á haga-beit, á óræktuðu landi, á heimahögum og afréttum; heyafllinn er ætlaður kúnum, ánum og reiðhestum, en flest sauðfé lifir á útigangi, þegar hægt er, heyin, sem því eru ætluð, eru aðeins trygging gegn óbliðri náttúru á hörðustu tímum ársins; en það hafa, einsog kunnugt er, margar misfellur verið á því, hvernig Íslendingar hafa komið fyrir sig þessari váttryggingu og notað hana. Oft hefir velferð landsins verið í voða af vondri heyásetningu, menn hafa frá landnámstíð treyst upp á útiganginn og alt of oft búist við, að jafnan mundi slampast af einsog í góðu árferði. Á öllum öldum hafa sumir verið forsjalir, sumir óforsjalir. Flóki drap alt kvikfé sitt, af því hann gætti eigi að fá heyanna, en Úlfar á Úlfarsfelli var »forverksmaðr góðr ok tekinn til þess, at honum hirðist skjótara hey en öðrum mönnum:

¹⁾ Gömul Félagsrit V, bls. 95.

hann var ok svá fésæll, at fé hans drapst aldri af megri eða drephriðum«.¹⁾

Mikinn hluta af flatarmáli Íslands má að einhverju leyti nota til beitar; þó taka jöklar og alveg gróðurlaus öræfi líklega yfir rúman þriðjung landsins, en á öðrum þriðjungi mun vart vera meira en hlauphagi fyrir fé; hestabeit er óviða á hálendinu fyrir ofan 600 m. hæð yfir sjó. Gróðurinn eykst yfirleitt eftir því sem neðar dregur. nær ströndu, en þó misjafnlega, og þar sem sævarneþjan leikur um útkjálka, er gróðurinn oftast kyrkingslegur, þó er oft mjög gróðursælt í dalakvosum og fjarðarbotnum. Beitarlönd eru vaxin gróðri af allskonar jurtafélögum, og tekur bersvæðisgróðurinn oftast yfir stærstu svæðin, en á köflum eru kvistlendi, mýrar og flóar. móar og grasbrekkur. Utan við tún og engjar, sem slegnar eru, er oft í heimahögum töluverður vallendisgróður á þurrum harðvellisflákum, í grasmóum, brekkum og hliðarfótum. Þá er fjöldi mýra og brokflóa aðeins notaðir til beitar, og sumstaðar er kvistlendi mikið, víðirlönd, mellönd og lyngmóar, og af slíkum gróðri dafnar sauðfénaður vanalega ágætlega. Auk þess hefir búpeningur allmikið gagn af að kroppa margskonar strá og jurtir, sem dreifðar eru um holt og mela. Aðallega eru það ýmsar tegundir grasa og hálfgrasa, sem fénaðurinn nærast á, og svo á kvistendisplöntum trékendum, víði og lyngi; en skepnurnar bíta líka margar aðrar jurtir með góðri lyst, en hverjar þær eru og hvert næringargildi þeirra er, mun enn eigi nægilega rannsakað. Margar grastegundir á grundum og móum eru góðar beitijurtir, og þá eigi síður hálfgrösin í flóum og mýrum, ýmsar starartegundir og klófifa, en þursaskeggið á harðvelli, enn fremur seftegundir: móasef, þráðsef og hrossaná. Af æðri jurtum, sem þýðingu hafa fyrir beitina, má helzt nefna smára, vallhumal, kornsúru, mariustakk og skarvakál. af lægri jurtum ýmsar eltingartegundir og þarategundir; af víðitegundum eru loðvíðir og grasvíðir mjög góðar fóður-

¹⁾ Eyrbyggja, Rvík 1895, kap. 30, bls. 69.

jurtir, og gráviðir er líka mikið bitinn; af lyng- og birkiplöntum munu beitilyng, sauðamergur og fjalldrapi mest bitnár af fénaði, einkum á vetrum.¹⁾

Á sumrum eru stór svæði af hálendi og fjöllum notuð fyrir afrétti fyrir geldfé, lömb, stóðhross og geldneyti, en heimahagar eru þá notaðir eingöngu til beitar fyrir kýr, ær og brúkunarhross. Mestan hluta ársins eru þó heimalöndin beitt af öllum þeim búpeningi, sem ekki er algjörlega á gjöf. Fyrrum, meðan menn höfðu mannafla og mannskap til að hafa búsmala sinn á seljum mikinn hluta sumars, hlífðu þeir heimalöndum, sem nú eru víða skemd með of mikilli beit. Magnús Ketilsson segir,²⁾ að 12 eyrisvalla stærð í góðu haglendi sé nóg fyrir hundrað fjár á sumardag í eitt mál.

Á fyrri öldum var meginíð af sauðfénu látið ganga úti alt árið, og drapst það þá hrönnum í hörðum vetrum, enda hafði það ekkert húsaskjól; fjárlús voru þá mjög fá á Suðurlandi, og í sumum sveitum voru alls engin. Fénu var stundum gefið á gaddi, og sumstaðar voru fjárborgir til nokkurs skýlis í illviðrum. Nú mun hvergi eingöngu treyst upp á útigang, nema ef til vill í einstöku fjörubeitar-héruðum, féð hefir líka betri hirðingu og eftirlit en áður. Meðferð sauðfjár á Suðurlandi hefir mikið breyzt á seinni árum, minna beitt á vetrum, meira gefið inni. Fram yfir miðja 19. öld var fé á Suðurlandi víðast beitt eins mikið einsog hægt var úti frá beitarhúsum eða hagahúsum, sem oft voru jötulaus, og fénu gefið á gaddi.³⁾ Á einstöku stað við sjálf-

¹⁾ Meira um beitiurtir sjá Flóra Íslands, eftir St. St. og Búnaðarrít, 16. árg., 1902, bls. 186—196. Fjármaðurinn, eftir P. Stefánsson, Rvík 1913, bls. 84—89.

²⁾ Gömul Félagsrit XII, bls. 39.

³⁾ Björn Bjarnarson: Að beita sauðfé (Freyr I, 1904, bls. 36—37). Höf. telur nú heldur langt farið í innigjöfum og ráðleggur að beita meir á vetrum með nærgætni, hafa beitarhús með jötum og rimlagólfi til að forðast bleytu, er féð kemur alfent inn. Almennar leiðbeiningar um fjárbeit eru meðal annars í riti Jóns H. Þorbergssonar, Um hirðing sauðfjár, 1912, bls. 36—42.

arsiðu er fjörubeit svo góð. að skepnur geta lifað á henni eingöngu alt árið. þó kvað féð verða máttarminna og beinamyndun lambanna óstyrkari (skjögur), ef ekki er gefið hey með þarabeit. Á landjörðum mun nú fénu nærri alstaðar gefið eitthvað. þó því sé beitt út á daginn og hýst á nóttu; þó tíðkast útilegur sauðfjár enn sumstaðar á heiðabýlum og í afdölum framan af vetri, og getur fé fitnað, ef haglendi er gott. Í eyjum er víða ágætur útigangur, þar sem féð bæði hefir landgróður nokkurn og fjöru. »Við Breiðafjörð er alsíða að láta horaðar ær út í eyjar á haustin til fitunar, og eru þær látnar ganga fram undir jólaföstu og lengur. Skerast þær þá oft með fjörðung og þar yfir af mör, þó bláhoraðar hafi verið, en þar er haglendi ágætt, svo varla munu slíks dæmi annarstaðar hér á landi: skarfa-kál, melur, töðugresi og ágæt fjörugrös.«¹⁾ Það hefir borið við, að kind og kind hefir gengið sjálfala heilan vetur eða jafnvel fleiri vetur í haglendi til fjalla. þannig hafa kindur gengið í Arnarfelli, Breiðamerkurfjalli, Esjufjöllum í Vatnajökli og víðar; í Núpsstaðaskógum hefir, sem kunnugt er, verið villifé, sem reyndar hefir fallið unnvörpum í hörðum vetrum.²⁾ Fjármenn fylgja oftast sauðfénu frá beitarhúsunum og heim aftur og standa yfir því beirtímann og hafa eftirlit með því, meðan það er að krafsa snjóinn til að ná í beitina, og moka stundum ofan af fyrir það. Á vetrum er féð eðlilega ekki eins matvant einsog á sumrum, etur þá alt, sem það nær í af lyngi og kvistum undir snjónum, nagar skógarhrís og víði, etur fjallagrös, geitaskóf og mosa; til vetrarbeitar er fjalldrapi mjög þýðingarmikill, einkum í Þingeyjarsýslu, einnig hafa mörg önnur grös þýðingu fyrir vetrarbeitt, t. d. beitiylng, ljónslappi, rjúpnalauf, vallhumall o. m. fl.

¹⁾ P. Stefánsson: Fjármaðurinn, Rvík 1913, bls. 69. Magnús Kettilsson sýslunadur getur þess, að sumir bændur á 18 öld hafi ofbóðið beittinni á Breiðafjarðareyjum. Gömul Félagsrit XII, bls. 40.

²⁾ Ferðabók Þ. Th. III, bls. 183—184.

Til skjóls fyrir útigangsfénað á vetrum hafa fjárborgir snemma verið notaðar,¹⁾ þó þeirra sé eigi getið í sögunum; rústir þeirra hafa fundist á Grænlandi og víðar á Norðurlöndum. Fjárborgirnar voru í laginu einsog bíflugnabú erlendis, uppmjóar, bygðar úr hnausum, stundum með grjót-lögum, spítu og timburlausar, aðdregnar í toppinn; dyrnar voru svo lágar, að menn urðu að skriða inn, og sjaldan hurðir fyrir þeim. Stöku sinnum voru jötubálkar úr grjóti fram með veggjunum að innan, og var kindunum þar stundum hárað dálitlu, en vanalega var þeim ekkert gefið í fjárborgunum. Þessar fjárborgir voru til skamms tíma notaðar á Austurlandi og Suðurlandi sumstaðar, og var vanalega rúm í þeim fyrir 20—50 fjár.²⁾ Á Langanesströndum og Sléttu sá eg, 1895, fjárborgir öðruvísi lagaðar og bygðar úr óteglum rekastaurum með flötu þaki og lágum veggjum úr torfhnausum, en sandi mokað að, og torf lagt yfir stauraþakið. Fjárkofar þessar eru opnir og garðalausir, ætlaðir til skjóls fyrir fé, sem hefir fjörubeit.³⁾ Í Skaftafellssýslum, Rangárvallasýslu, á Melrakknesi eystra og víðar leitaði útigangsfé skjóls í hellum, sem mjög víða

¹⁾ *Valtýr Guðmundsson*: Privatboligen paa Island, Kbhavn 1889, bls. 107—108. *D. Bruun*: Fortidsminder og Nutidshjem paa Island, Kbhavn 1897, bls. 65—66. Í sögunni af Þuríði formanni og Kambráni, bls. 221, er getið um lambhúskofa, sem var toppmyndaður og lítið op í toppinum. Um fjárborgir á Suðurlandi er ennfremur getið í Ísafold 1890, bls. 334. Eggert Ólafsson segir, að fjárborgirnar séu 4—6 álnir á hæð með opi í toppinn. Magnús Ketilsson (*Sauðfjárhirðing* bls. 54—55) segir þær séu aðeins til á Austurlandinu og fáir kunni að byggja þær vel. Eggert Ólafsson segir (*Rejse* bls. 837), að menn á Síðu eystra noti hraunkatla (hornitos) fyrir fjárborgir og brjóti dyr á hliðina; heldur hann að hraunkatlarnir hafi verið fyrirmyndin, er menn fóru að byggja fjárborgir, en það mun ekki rétt, slíkar byggingar eru eldgamlar í öðrum löndum.

²⁾ Fjárborg í Þingeyjarsýslu, sem reft var yfir, er nefnd í Eimreiðinni XII, bls. 8.

³⁾ Sagt er, að síra Sigurður Jónsson á Presthólum († 1661) hafi fyrstur bygt fjárborgir þar í sveit (*Norðanfari* XIX, 1880, bls. 40). O. Olavius (*Oekon. Rejse* bls. 374) getur um þessar fjárborgir á Sléttu, og voru þær eins bygðar þá einsog nú.

eru til, smáir og stórir; fjárbyrgi¹⁾ hlaðin úr grjóti voru og algeng um alt land, sumstaðar nærri bæjum voru gjafaréttir eða gjafahringir, þar voru engar jötur eða garðar, en fénu gefið á gaddi. Um almenna fjárhirðingu mun síðar nákvæmlega getið í kaflanum um sauðfjárrækt.

Gróðurinn á beitarlöndum Íslands hefir víða orðið fyrir skemmdum, bæði af völdum manna og náttúrunnar; eldgos, jökulár og roksandur hefir sumstaðar spilt miklum haglöndum, en eyðing skógauna hefir þó víða valdið meiri skemmdum, og sumstaðar hefir melrif, lyngrif og víðirrif spilt högum og jafnvel eyðilagt margar jarðir. Í sumum sveitum, þar sem eldiviðarlítið er, t. d. á Reykjaneskaga, hefir lyngrif gjört mikið tjón, og sumstaðar hefir hrís og lyng verið rífið til vetrarfóðurs fyrir peninginn. Einnig hefir óskynsamleg vettararbeit sumstaðar skemt skóga og haga, svo þeir hafa aldrei borið þess bætur. Líklega hafa lög 30. júlí 1909 um meðferð skóga og kjarrs. friðun á lyngi o. fl.²⁾ haft einhver betrandi áhrif sumstaðar. Fornmenn unnu, sem kunnugt er, kappsamlega að því að eyða skógum og kjarri og voru á 13. öld að mestu leyti búnir að rýja landið; þeir lögðust líka á lyng og víði, og illdeilur og vígaferli urðu jafnvel út úr víðirri á fjalli eins og öðru.³⁾ Sumstaðar hefir melgrasið verið rífið upp og notað í meljur, eins og t. d. í Selvogi, svo þar hafa eyðst og skemst margar jarðir.⁴⁾ Þó nú mikið hafi skemst af beitalöndum, þá er það þó líka víst, að stórir landflákar hafa orðið örfoka og gróið upp aftur, mætti færa til þess mörg dæmi víðsvegar frá heiðum og öræfum.⁵⁾ ný brunahraun hafa gróið upp (Skaft-

1) *Magnús Ketilsson* lýsir slíkum fjárbyrgjum í »Sauðfjárhirðing« bls. 55—58. Sbr. *F. W. Hastfer*: Hugleiðingar o. s. frv. bls. 38.

2) Stjórnartíðindi 1909, bls. 262—265.

3) *Sturlunga, Rvík, II*, bls. 8.

4) *Ferðabók P. Th. I*, bls. 140.

5) Ólafur Stephensen heldur því fram, að sauðatadið hafi mikla þýðingu fyrir beitalöndin: hann segir, að úthagar hafi sumstaðar blásið upp á árunum 1760—80, meðan fjárpestin gekk, af því fé var þá svo fátt, að það ekki taddi beitalöndin nægilega (Gl. Félagssrit V, bls. 88).

árhraun) og sumir sandar orðið að graslendum (Brunasandur). Þannig græðir náttúran sárin jafnóðum aftur og reynir að halda á jafnvægi, svo í heild sinni hefir landið lítið gengið af sér síðan á seinni tíma þjóðveldisins. En eðlilega hefir hin mikla ániðsla, sem skógar og beitilönd, rekar og veiðar urðu fyrir á landnáms tíð og söguöld, gert landsnyttjar nokkuð minni, en þær voru þegar landið faust.

Afréttir. Það eru öll líkindi til þess, að menn þegar á landnáms tíð hafi að nokkru notað hin miklu óbygðu flæmi á hálendinu til sumarbeitar fyrir sauðfénað og búsmala sinn, þó eigi nærri eins og síðar; samt drógst það allengi, að menn könnuðu hin hæstu öræfi,¹⁾ svo fjárheimtur af afréttum voru lengi fram eftir öldum slæmar, því allmargt fé hefir eflaust týnst á hinum efstu hagategingum; illar heimtur voru fram á 19. öld kendar fjallabúum eða útilegumönnum. Á sögutímanum virðast svipaðar venjur með beit og afréttarfé hafa átt sér stað einsog síðar hafa haldist. Í Kormákssögu er á miðri 10. öld í vísu talað um að elta mórauða sauðu um afréttu.²⁾ Í Hávarðarsögu Ísfirðings (um 1000) er þess getið, að »Þorbirni á Laugabóli var vant 60 geldinga. Nökkuru fyrir vetr ferr Ólafr Hávarðsson heimán ok gengr afréttir ok öll fjöll, leitar fjár manna ok finnr fjölda fjár. bæði þat er Þorbjörn átti ok þeir feðgar, ok svá aðrir menn, rekr síðan heim fénaðinn ok færði hverjum þat er átti. Varð Ólafr af þessu vinsæll, svá at hverr bað honum góðs.«³⁾ Olafur hefir, einsog nú er komist að orði, farið í eftirleit. Í Vopnfirðingasögu⁴⁾ er sagt, að Bjarni Broddhelgason »var vanr at fara á fjall hvert haust, sem faðir hans hafði gert«. Þá bjóst Þorkell Geitisson líka til fjallgöngu »ok valdi menn með sér til brautgengis. Þá settist Bjarni aftur ok fær aðra menn í sinn stað«. Í Fljótsdælu er getið um helli, sem fjallgöngumenn oft notuðu á haust-

¹⁾ Um könnun öræfa til forna, sjá Landfræðissögu I, bls. 28—35.

²⁾ Kormákssaga, Rvík 1893, bls. 7.

³⁾ Hávarðarsaga, 1896, bls. 4.

⁴⁾ Vopnfirðingasaga, 1898, bls. 31.

in.¹⁾ Fjallafé var rekið saman í réttir einsog nú. í Bjarnar-sögu Hítðalakappa er t. d. getið um réttir í Langavatnsdal, í Þórarinsdal og í Hítardal ofanverðum.²⁾ Þetta með öðru bendir til þess, að á söguöldinni hefir aðferðin við fjár-rekstur á fjöllum og leitir verið svipuð því, sem enn er tízka. Búfjárhagar heima fyrir voru þá oft girtir, og alloft voru hlaðnir garðar fyrir dali, sem hafðir voru til uppreksturs fyrir nautgripi, stóðhross, lömb eða geldfje; landamerkjagagagardar voru þá algengir, einsog fyrr var á drepið, enda var ekki vanþörf á því, þar sem deilur út úr beit búfjár og ágangi voru svo almennar, sem sjá má af sögunum; enda voru afréttir þá víðast smærri og þrengri en nú. Um ágang afréttarfjár á lönd manna eru nákvæmar ákvarðanir í Grágás og Jónsbók.³⁾

Landnámsmenn námu eigi aðeins land á láglandinu og í dölum, þeir slógu líka eign sinni á stór svæði af hálendinu. Það er ekki sjáanlegt, að þeir hafi í fyrstu skilið neitt eftir til almennings afnota til afrétta eða annars, hver hugsaði aðeins um sig. Það sést af frásögnum Landnámu um hina fyrstu könnun Kjalvegs, að þeir Hrosskell og Vjekell helguðu sér land eins langt upp á öræfin einsog þrælur þeirra komust,⁴⁾ og Kalman í Kalmanstungu nam alt land austur undir jökla, sem grös eru vaxin. Það eru því öll líkindi til þess, að margir afréttir hafi á landnámstíð heyrt undir einhver landnám, stór og smá, og enn gera ýmsar jarðir tilkall til þess að eiga stór flæmi af hálendinu, þannig hefir Reykjahlíð við Mývatn talið sér afrétti og öræfi alt suður í Vatnajökul. Í sögum og fornum lögum er hvergi getið um almenningsafrétti fyrir heilar sveitir og sýslufélög, afréttirnir eru taldir eign einstakra manna. »Þat er afrétt, er tveir menn eigu saman eða fleiri, hversu mikit sem hver á í.«⁵⁾

¹⁾ Fljótsdælasaga, 1896, bls. 69.

²⁾ Bjarnarsaga Hítðalakappa, 1898, bls. 73, 75.

³⁾ Sbr. Lögfræðingur III, bls. 53–61.

⁴⁾ Landnáma, Rvík 1891, bls. 53, 139–140.

⁵⁾ Jónsbók bls. 177.

»Ef aðrir menn reka fé sitt í afrétt en eigi, ok hafa eigi lof til allra er afrétt eigo, þat varðar útlegð við alla þá er ólofat hafa«. Eigi mátti slá í afrétti og heldur eigi gjöra þar sel. Í Grágás er ennfremur ákveðið: »þar er menn eigo afrétto saman. 2 eða fleiri, þeir skulu reka fé sitt í afrétt, er 8 vikur eru af sumri, ok reka í afrétt miðjan, ok hafa ór rekit afréttinni, er 4 vikur lifa sumars«.¹) Í Jónsbók er bannað að reka svín á afrétti, en það sést af Vatnsdælu, að menn fyrrum hafa rekið sauðfé og svín á fjall í hin sömu beitarlönd.²) Um fjallskil er lítið talað í fornum lögum, enda munu ákvarðanir þar að lútandi hafa verið mismunandi í ýmsum héraðum, og hrepparnir verið látnir sjálfráðir um, hvernig þeir vildu haga þeim.

Nú eru þau haglendi kölluð afréttir, sem ekki eru í byggð, öll beitarsvæði utan heimalanda, bæði á heiðum og hálendi, og reka menn þangað sauðfé, og stundum stórgripi, á sumrum. Hinir stóru afréttir á aðalhálandinu eru notaðir af alþýðu manna í heilum héraðum og engiun tollur goldinn fyrir beitina; eru viss svæði eftir gömlum vana ætluð til uppreksturs fyrir sérstök sýslufélög, stærri eða minni hérað, eða fyrir einstaka hreppa. Í fornöld virðist orðið afréttur ekki hafa haft eins yfirgripsmikla þýðingu einsog nú, það virðist oftast notað um beitarlönd í byggðafjöllum og á nálægum heiðum. Fé hefir í fornöld sjaldan verið rekið á hin stærri afréttarsvæði á hálendinu, og það er vist, að stór svæði af öræfunum voru eigi könnuð og leituð fyrr en á 19. öld;³) var því eigi að undra, þó margt fé hyrfi og misfærist, og voru illar heimtur oftast kendar

¹) Grágás II, bls. 113.

²) Jónsbók bls. 122, 185. Vatnsdælasaga, 1893, bls. 109–110. Í máldaga milli Kvígandafells og Laugardals í Tálknafirði 1300 er tekið fram, að »hvoruger skulu hafa í afrétt hross né svín, nema hvortveggju leyfi«. Dipl. isl. IV, bls. 7.

³) Fram undir miðja 19. öld leituðu Eyfirðingar varla suður í Polla, og hin stóru afréttarsvæði kringum Ódáðahraun voru snemma á 19. öld ókunnur heimur. Sbr. Landfræðissaga II, bls. 229 og Ferðabók P. Th. I, bls. 270–271.

útilegumönnum. Hvernig afréttir hafa í fyrstu skifst milli sýslna og sveitarfélaga, er nú hulin ráðgáta; það hefir orðið mjög snemma, og eru nú ekki til nein skjöl eða skilríki fyrir því; þegar minst er á notkun afrétta í fornum bréfum, er vanalega vitnað í gamlar venjur. Fyrir beit á afréttarsvæðum, sem ábúendur ýmsra jarða höfðu kastað eign sinni á, þegar á landnámsstíð eða síðar, urðu menn að fá upprekstrarleyfi eiganda og gjalda tolla. Þar sem einstakir menn áttu stór afréttarsvæði á heiðum, sem nægðu fyrir heilar sveitir eða héruð, munu, einsog ráða má af ýmsum bréfum, snemma hafa komist á samningar, hlutaðeigandi bændur máttu nota afréttinn, en urðu að borga fastákveðinn toll, og voru skyldir að reka á þann afrétt og ekki á aðra. Það sést af kirkjumáldögum og öðrum skjölum, að afréttaitök hafa verið ákaflega margbrotin og hver jörðin margvíslega gripið inn á svæði annarar. Klerkar útvegudu kirkjum sínum mörg afrétta-ítök, og voru sum stundum langt í burtu. Þannig á t. d. Reykholtskirkja þegar 1185 afrétt á Hrútafjarðarheiði.¹⁾

Smátt og smátt hefir það þroskast svo af nauðsyninni, að bændur í sama héraði eða sveit hafa notað hin sömu afréttarlönd, sem næst voru, en ekki tvístrað fénaði sínum; var það óhjákvæmilegt vegna gangna og fjallskila, að sveitarfélögin hefðu samtök í þessu; menn settu lögréttir á vissum stöðum, og bændur þeir, sem næst bjuggu, áttu að telja fé í afrétt. Nú á tímum eigna flest sýslufélög, og sum sveitarfélög, sér allstór afréttarsvæði og reka þangað alt geldfé sitt, og hinir einstöku bændur borga enga tolla. Hvernig héruðin hafa fengið þessi réttindi, eða eignast afréttina, sést eigi, eða hvort þau hafa haft nokkurn annan eignarrétt á þeim, en þann, sem hefðin gefur. Það getur verið, að sumar sveitir hafi keypt sér afrétti, þó nú séu ekki til nein gögn fyrir því, sumir eigendur hafa látið réttinn ganga undan sér af meinleysi, sumir hafa ef til vill fallið í

¹⁾ Dipl. isl. I, bls. 280. Hrútafjarðarheiði er hér ef til vill sama sem Holtavörðuheiði?

stórmæli og löndin hafa verið dæmd af þeim, og líklega hafa allmiklir hlutar hálandisins og stór heiðasvæði sunnstaðar, einkum norðan og austan á landinu og á ýmsa vegu við Vatnajökul, aldrei verið numin, en hafa snemma í kyrþey orðið nokkurskonar almenningar næstu héraða. Samt er enginn efi á því, að stórir hlutar hálandisins, og það flestir þeir, sem grösugastir voru, hafa heyrt undir ýmsar landnámsjarðir, og var upprekstrarrétturinn í þær lendur eign þeirra manna, sem jarðirnar áttu; þeir, sem þangað vildu reka, urðu að borga afréttartolla; mörg af þessum afréttarlöndum komust snemma undir kirkjur. Þannig var farið flestum afréttarlöndum fyrir vestan Þjórsá og Blöndu; sýna máldagar enn takmörk og greining afrétta, sem undir sumar landnámsjarðir hafa heyrt frá öndverðu. Þannig er t. d. 1360 greint frá afréttarmörkum Ásgeirsár á Arnarvatnsheiði, 1380 afrétt Eyvindarstaða í Blöndudal og 1394 (og 1461) afrétt Víðidalstungu, »er fjallrekstur í Víðidalstungu jörð um allan hreppinn út að Gljúfurá«.¹) Lengi fram eftir hafa sveitirnar orðið að borga tolla fyrir afréttarfé, og hefir stundum orsakast af því ágreiningur. Á þriðgja hreppa þingi á Sveinsstöðum í Vatnsdal 26. okt. 1583 var uppkveðinn dómur um rekstra á Forsældalsheiði og Kúluheiði, úr Vatnsdalshreppi fremra og neðra á Dalsheiði, og af Ásamönnum og Svindælingum á Kúluheiði; kvörtuðu afréttaeigendur undan því, að þeir fengju ekki tolla sína og rekstrarnir væru niðurfeldir af allmörgum og rekið til annara afrétta, sem þeim sjálfum líkaði, og þar tollurinn goldinn. Voru vitni borin um það, að úr þessum hreppum hefðu verið vanarekstrar á fyrrnefndar heiðar. Voru svo bændur í þessum hreppum dæmdir til að reka fé sitt á hina gömlu afrétti og gjalda þeim venjulega tolla, sem afrétt áttu. Árið 1578 var kirkjunni á Breiðabólstað í Fljótshlíð dæmdur afréttur í Goðalandi, sem ýmsir bændur höfðu notað sér eftirgjaldslaust um mörg ár. Árið 1592 telja þrír hreppar í Mýrasýslu, Norðurárdalur,

¹) Dipl. isl. III, bls. 162, 352, 538, 594; V, bls. 348.

Þverárhlið og Stafholtstungur, sig eiga sérstakan afrétt, og er dæmt í Hjarðarholti 4. okt. s. á., að engir menn úr öðrum hreppum skuli mega reka án leyfis í þessara hreppa afrétt.¹⁾ Af þessu sést, að á seinni hluta 16. aldar hafa sumir hreppar átt afrétti, hvernig sem þeir hafa eignast þá, en aðrir hafa orðið að gjalda sérstökum landeigendum tolla fyrir notkun afrétta, sem þeir voru skyldir til að reka á. Líklega hefir afréttum mjög snemma verið skipað niður með samþykktum, þó engin skjöl séu til fyrir því. Hve mikið menn hafa þurft að gjalda í afréttartolla, er sjaldan hægt að sjá á fornbréfum. Þó er þess getið í máldaga Viðisdalstungu 1394, að fyrir afnot afréttar skuli gjalda »lamb af rekstri, til þess er eru sextiger, og svo með sama upp þaðan, eftir því sem úrskurðarbréf Rafns lögmanns og staðfestubréf Þorsteins lögmanns þar um gjör vátta.«²⁾ Árið 1464, 2. okt., var á Svinavatni dæmdur sex manna dómur um lambatoll af Eyvindarstaðaheiðum; var bóndi nokkur kærður fyrir, að hann hefði ekki rekið fé sitt þangað eftir gömlum vana og ekki goldið toll; var hann dæmdur til að reka og borga. Þar var á þinginu vitnað í úrskurð Einars Gíllsonar, sem var lögmaður norðan og vestan 1367—1368. Þar segir, að »allir bændur milli Gönguskarðs í Skagafirði fyrir vestan vötn, og Laxár á Skagaströnd fyrir norðan Blöndu, þeir sem eigu 10 lömb eða fleiri, eigi frjállega í heimild að reka sinn lambfénað um súmer á Eyvindarstaðaafrétt, en lúka að hausti eitt lamb af rekstri Eyvindarstadamönnum, er af fjalli kemur, svo framt sem þeir vilja forðast þá sekt, sem við liggur að rjúfa lögmanns úrskurð.«³⁾ Árið 1525 er sagt, að kirkjan á Breiðabólstað í Vesturhópi eigi lambseldi af hverjum bónda, er fé rekur á stadarins af-

¹⁾ Alþingisbækur II, bls. 50—52, 114—116, 334. Bréf um Holtamanna og Landmanna afrétt 1476 er mjög grunsamt (Dipl. isl. VI, bls. 81—82).

²⁾ Dipl. isl. III, bls. 348. Hér er líklega átt við Rafn Bótólfsson, sem var lögmaður norðan og vestan 1381—1390, og Þorstein Eyjólfsson (1391—1404).

³⁾ Dipl. isl. V, bls. 433—434.

rétt.¹⁾ Lambselði var eftir Jónsbók 3 álnir. Af því, sem hér er greint, virðist mega ráða, að venjulegur afréttartollur hafi verið eitt lamb af rekstri, en í hverjum rekstri áttu að vera 60 lömb. Eggert Ólafsson segir, að á miðri 18. öld hafi vanalega vérið borgaðar 5 álnir í hagatoll fyrir hver 20 lömb, sem rekin voru á kirkna afrétti,²⁾ en það er þrisvar sinnum meira en hinn fyrr nefndi tollur, því haustlamb var eftir Búalögum vanalega metið á 5 álnir.

Almenningar. Í fornum lögum er gerður greinarmunur á afréttum og almenningum, og er þó nokkuð óglögglega að orði kveðið. »Þat er almenning, er fjórðungsmenn eigu allir saman,« segir Grágás,³⁾ og geta almenningar verið við sjó og á landi, til fiskjar, reka, veiða og beitar. Jónsbók segir: »svá skulu almenningar vera sem at fornu hafa verit, bæði hit efra og hit ytra.«⁴⁾ Í þessu efni virðist Jónsbók, einsog í mörgu öðru, hafa of mikla hliðsjón af norskum lagavenjum, sem ekki áttu við hér á landi, og virðist á stöku stað blanda saman afréttum og almenningum. Eins og Eggert Briem þegar réttilega hefir bent á,⁵⁾ voru almenningar því nær eingöngu við sjó, það voru ekki landeignir, sem almenningur átti, heldur hlunninda-ítök, sem almenningur mátti nota með vissum skilyrðum. Almenningar á Hornströndum voru gerðir af sektarfé Björns þræls Geirmundar, er varð sekur um sauðatöku.⁶⁾ Um Almenninga, hina eystri og vestri, er nokkrum sinnum getið í fornsögum, þangað leituðu ýmsir lausamenn til fanga, notuðu sér rekavið, hvali og bjargfugl.⁷⁾ Staðanöfn benda til

¹⁾ Dipl. isl. IX, bls. 325. Hrafnagilskirkja áskilur sér 1508, að tollar fyrir afrétt á Bleiksmýrardal séu goldnir síðast viku eftir Bartholomeusmessu (24. ágúst). Dipl. isl. VIII, bls. 215.

²⁾ Ferðabók E. Ól. bls. 201.

³⁾ Grágás 1852, II, bls. 186.

⁴⁾ Jónsbók Ól. H. bls. 182, 185.

⁵⁾ Lögrjetta 1917, nr. 17. Sbr. *E. Briem*: Um Harald hárfagra, Rvík 1915, bls. 96--104 (um almenninga í Noregi og Svíþjóð).

⁶⁾ Landnáma bls. 93.

⁷⁾ Sbr. Ferðabók P. Th. II, bls. 64--65. Um takmörk Almenninga á Hornströndum er dómur 5. maí 1514 í Dipl. isl. VIII, bls. 484--486.

þess, að almenningar hafa allviða verið fram með ströndum, þó aðeins á stuttum svæðum, vanalega undir klettum og björgum, þar sem ilt var til aðsóknar. Þannig heita Almenningar á Skaga nyrðra og á Vatnsnesi, einnig við Úlfisdali, nærri Siglufirði. Þá er talað um almenninga í Hornafirði, um almenninga við Axarfjörð, um almenningafjöru undir Vogsfjöllum við Húsavík eystra o. s. frv.¹⁾ Almenningar hafa líka verið á landi, þó þeirra sé sjaldnar getið, 1477 er t. d. talað um Almenning í Mývatni og um Almenninga í Skógum upp af Skriðufelli.²⁾ Ennfremur eru hraunbreiður miklar á Reykjanesskaga kallaðar Almenningar, líklega af því fólk frá nálægum bæjum hafði þar sameiginlega beit og hrisrif. Það hefir verið talið, að Grímsey hafi til forna verið almenningur, af því Guðmundur ríki sagði, að eyjan væri nú gjörð að almenningi.³⁾ en það er mjög efasamt, hvort sagan hermir rétt frá. Þangað sóttu margir til veiðifanga og þar var almenn verstöð, en eyjan var eign ýmsra bænda, og þeir, sem veiddu fugl og fisk, urðu eins og í öðrum verstöðum að borga tolla,⁴⁾ bæði til eiganda og kirkju. Það er því ekki sjáanlegt, að þar hafi verið almenningur í vanalegum skilningi.

Grágás sýnir glögglega, að almenningar voru aðallega veiðitök: »Þar eiga menn at fiskja ok fygla, koma þangað er mánuður lifir vetrar ok vera þar 7 mánuði, þá skal liggja 5 mánuði svá at sá einn skal þangat beita, er næstur býr þar. Eigo menn við at höggva þar ok telgja ok föra til skips eða búða, ok er þá heilagur viðurinn«⁵⁾ o. s. frv. Þá er talað um hvalskurð á almenningum o. fl. Eftir

Vatnsfjarðarkirkja átti 40 vættir úr hverjum hval, sem rak á Almenningum (Dipl. isl. III, bls. 319–320; V, bls. 230; VIII, bls. 288, 485). Er svo talið enn frá Flata-Sleppi við Hvestu í Aðalvíkursókn til Geirólfsgrnúps á Ströndum. Sbr. Ferðabók Þ. Th. II, bls. 144.

¹⁾ Dipl. isl. I, bls. 536; II, bls. 310, 708; IV, bls. 223.

²⁾ Dipl. isl. V, bls. 110; II, bls. 866, 868, 869.

³⁾ Fornmannasögur IV, bls. 281.

⁴⁾ Ferðabók Þ. Th. I, bls. 245–247, 249–250.

⁵⁾ Grágás 1852, II, bls. 186.

orðum Grágásar er auðséð, að aðalhlunnindi almenninga voru hvalrekar, bjargfugl, rekaviður og fiskiveiðar, og almenningar hafa því ekkert átt skylt við afrétti. Íslenzkir almenningar voru fáir og litlir og voru mjög þýðingarlitlir fyrir landsbúskapinn í heild sinni. Þjóðfélagið átti sjálfst ekkert land og yfirleitt engar eignir. Árið 1647 ritar Gisli Magnússon sýslumaður á Hlíðarenda: «Eignir á þjóðin engar, nema eina klukku á Þingvöllum, sem notuð er til að hringja saman þingheimi til dóma, en fyrir 16 árum sprakk hún, svo nú heyrst varla til hennar.»¹⁾

Greining haga og afrétta. Greining lands í afrétti, heimalönd og búfjárhaga er nú töluvert mismunandi í ýmsum héruðum, enda er eignarréttinum á hinum einstöku landspildum ýmislega háttað. *Heimalönd* jarðar liggja umhverfis bæ hennar og út frá túni og er hvergi sundurskorid af annari landareign; þar undir heyra engjar og beitalönd þau, er búpeningur (ær, kýr og brúkunarhross) gengur jafnaðarlega í sumar og vetur. Heimalandi sumra jarða utan túns má aftur skifta í tvent. í búfjárhaga og útlendur; *búfjárhagar* er sá hluti af landareigninni, þar sem búpeningur hennar gengur árið um kring, en *útlendur* heita þeir hlutir af heimalandi, er liggja út frá búfjárhögum á eina eða fleiri hliðar og verða sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varðir fyrir almenningsfé eða notaðir stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar en mörgum öðrum. Þetta á aðeins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrétt. *Fjarlenda* heitir sá hluti af landareign jarðar, er liggur innan í annara landa heimalöndum. *Kirkjufjallönd*. Svo eru sumstaðar kölluð heiðalönd eða fjallönd, er kirkjur eiga, með ákveðnum ummerkjum og geta sakir afstöðu eða annars eigi talist heimalönd. *Fjallönd*, sem eru eign einstakra hreppa eða einstakra manna, en að öðru leyti eins ástatt með einsög kirkjufjallönd. *Afréttur* er beitarland á heiðum eða fjöllum, eign eins eða fleiri hreppa eða

¹⁾ Landfræðissaga II, bls. 129.

eign heilla sýslufélaga eða héraða.¹⁾ Hreppsnefndir ákveða takmörk milli afrétta og heimalanda, og í sumum héruðum kjósa hreppsmenn kunnuga menn, 3 eða fleiri, til að ákveða þessi takmörk, því þau hafa víða verið óglögg frá öndverðu. Sumar sýslur hafa þrönga afrétti í bygðafjellum og dölum þeirra, en þær sýslur, sem liggja að aðalhálandinu, hafa vanalega víðáttumikla afrétti, sem eru samanhangandi við öræfin og ná oft úr bygð upp til miðjökla. Ekki fer þó nytsemin altaf eftir stærðinni, því mikið af þessum víðlendum eru gróðurlaus klungur, hraun, sandar og urðir, samt verður líka að leita auðnirnar, því féð hleypur eftir jurtanælingi langt upp á öræfi.²⁾ Hinir eiginlegu afréttir eru nær bygðum á heiðum og í daladrögum.

Einn hinn stærsti afréttur norðan jökla er afréttur Suður-Þingeyjarsýslu, sem tekur yfir landspilduna milli Skjálfandaflióts og Jökulsár á Fjöllum, Ódáðahraun og öræfin öll suður í Klofajökul. Þar eru fjalleitir langar og torsóttar. Ódáðahraun er leitað í þrem flokkum. Mývetningar fara upp á Heilagsdal og þar fram um Útbruna alt austur í Hvammfjöll, reka síðan féð í Suðurárbotna og Sellönd, þar er rétt og þar hittast menn. Þeir 20, sem leita Frambruna, fara fyrst upp á Kolmúladal, síðan í röð hver suður af öðrum alt upp í Dyngjufjöll vestari; leitar hver á sínu svæði, er fyrst leitað hið syðra, svo hið nyrðra, og alt síðan rekið í Sellönd. Syðstu leitirnar eru örðugastar, og eru eigi hafðir aðrir en eflir karlmenn til þeirra. Ríða þeir fyrst upp í Yxnadal og eru þar nótt, síðan suður í Vonarskarð og þaðan aftur um kvöldið í Hitalaug, leita þeir allar hagatægjur vestan í Ódáðahrauni alt suður í Hraunárbotna og Gæsavötnu, og eru 6 daga á ferðinni. Þeir Bárðdælingar, sem búa vestanflióts, leita að vestanverðu suður um Sprengisand, fara suður í Nýjadal og að Þjórsárkvísl.

¹⁾ Stjórnartíðindi B, 1892, bls. 140–141.

²⁾ Fé af Mývatnsöræfum hefir fundist við Laugafell upp af Skagafirði, og hrútur og sauður komust þvers yfir landið suður í Holtamannahrepp. Ferðabók Þ. Th. I, bls. 359.

um, og eru 5 daga í leitinni. Austurfjöll eða Mývatnsöræfi leita Mývetningar fram í Herðubreiðarlindir og eru um 6 daga. Eftirleitir fara menn um veturnætur. Mývetningar suður í Herðubreiðarlindir, Bárðdælingar suður á Marteinsflæðu; vanalega eru um 34 menn alls látnir ganga Ódáðahraun og 30 fara á Austurfjöll.¹⁾ Á Mývatnsöræfum þykir einna bestur afréttur, þar ganga hestar enn úti alla vetur. Í Þingeyjarsýslu norður frá eru góðir afréttir á Reykjaheiði, Axarfjarðarheiði og Búrfellsheiði; á Sléttu og Langanesi eru nokkur beitarlönd, en þar er fjörubeit mikið notuð.

Þá eru einnig viðáttumikil beitarlönd og öræfi suður af Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum að Vatnahjallavegi og Hofsjökli, og var sumt af þeim svæðum eigi leitað fyrr en á seinasta fjórðungi 19. aldar, áður gengu menn eigi suður í Polla eða að Laugafelli, og hefir þar syðra eflaust týnst margt fé. Fyrst fóru Fnjóskdælingar og Bárðdælingar að leita þessar stöðvar um miðja 19. öld, en áður fóru þar engvir um, nema Skagfirðingar úr Austurdal.²⁾ Frá Tjörn-um í Eyjafirði er nú leitað suður í Laugafell og Bergkvísl og fram með Hofsjökli frá Jökulsá eystri að Litla-Arnarfelli; Skagfirðingar í Austurdal telja sig líka hafa tilkall til þessa afréttar og senda tvo göngumenn þangað, hafa rétt í Stórahvammi $1\frac{1}{2}$ milu norður af Geldingsá og reka þangað fé sitt, sem oft er saman við fé Eyfirðinga.³⁾ Vestar er hálendið víðast lægra og miklu grösugra, afréttir Skagfirðinga og Húnvetninga taka yfir mikil heiðasvæði, eru þar víða flóar og vötn, þó sumir hlutar séu grýttir, einsog Stórisandur og nokkuð af Arnarvatnsheiði. Á þessu svæði er Eyvindarstaðaheiði austan Blöndu, þar eru ýmsar afréttartungur, Háutungur, Ásgeirstungur, Guðlaugstungur, Bisk-

¹⁾ Eftir reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu skal hreppsnefnd skifta afréttum þeim, sem hún á fyrir að ráða, í leiti og kveða á, hve marga menn þarf í leit hverja. Stjórnartíðindi 1913, bls. 126.

²⁾ Landfræðissaga II, bls. 229.

³⁾ Geografisk Tidsskrift XVI, 1902, bls. 234.

upstungur og Svörtutungur syðst. Vestan við Blöndu er Kúluheiði, þá kemur Dalskvislaland, Grimstungnaheiði, Víðidalstunguheiði¹⁾ og Tvidægura. Afréttir Húnvetninga og Sunnlendinga ná saman við jökla, og Húnvetningar og Árnesingar rétta í fyrstu göngum við Seyðisá og í Gránunesi.

Í suðursýslum er víðátta afréttanna mjög mismunandi. Í Austur-Skaftafellssýslum þrengja jöklar mjög að bygðunum, svo þar er lítið landrými. Upp af Lóni og Nesjum eru þó töluverð beitarlönd í hinum mörgu dölum, sem skerast inn í hálendið, sérstaklega þykja sumar jarðir í Lóni hentugar til sauðfjárræktar. Í miðsveitum sýslunnar er víða mjög þröngt um sauðfjárhaga, og verða sumir bændur að útvega sér afrétt hjá öðrum, en hreppsnefndir hafa gát á því, að heimahögum sé ekki íþyngt um of á sumrum.²⁾ Í Örafum og Fljótshverfi eru beitarlöndin stærri, þó víðáttan sé eigi mikil. Sumstaðar verður að reka fé yfir jökla á afrétt, t. d. á Breiðamerkurfjall, sem er umkringgt af jöklum á alla vegu, og sjálft gengur það stundum á jökla, kindur hafa jafnvel fundist uppi í Esjufjöllum, sem liggja hátt uppi í Vatnajökli. Í Vestur-Skaftafellssýslu er víða hið mesta landrými hið efra, stórir og grösugir afréttir, einkum upp af Síðu og Skaftártungu, aftur eiga hinar neðri sveitir örðugra með upprekstur. Landbrotsafréttur liggur fjarri bygðinni upp með Skaftá vestan við Síðumannaafrétt, á óbrunnum eyjum innan um Skaftárhraunið mikla, og hafa Landbrytingar orðið að ryðja stigi fyrir fénað sinn yfir hraunklungrin sumstaðar.³⁾ Alftaversmenn eiga afrétt vestan við Hólmsá, norður með Mýrdalsjökli upp fyrir Einhyrningsfjöll, og eru þar allgóðir hagar sumstaðar, þó sandar og hraun séu innan um. Upp af Skaftártungu eru miklar heiðar með góðri sauðbeit og þar upp af mjög víðáttumikil öræfi með hagasnöpum hér og hvar vestan við

¹⁾ Bréf um fjárrekstur á Víðidalstunguheiði 14. maí 1501 prentað í Dipl. isl. VII, bls. 558—560.

²⁾ Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 142.

³⁾ Ferðabók Þ. Th. III, bls. 151.

Skaftá vestur að Tungná, í Jökuldali við Torfajökul og norður í Fögrufjöll og Langasjó. Fyrir 1850 leituðu Tungumenn aldrei Jökuldali eða vestustu leitir við Tungná, en nú leita þeir vestur í Kýlinga, um Jökuldali og Faxasund og finna þar oftast allmargt fé, þar hefir líklega margt fé drepist í fyrri daga. Í Mýrdal og Eyjafjallasveit er landrými lítið, en þar er víða grösugt í undirfjöllum jökulsins og meiri gróður í fjallshlíðum er mót sólu vita, heldur en í öðrum landshlutum, aftur er láglendið víða spilt af árbrúði jökulkvísla, þó þar séu góðar slægjur sumstaðar á köflum. Landeyingar eiga engan afrétt og verða að koma fráfaru- lömbum á afrétti annara sveita. Í Fljótshlíð og á Rangárvöllum¹⁾ er víða góður sauðgróður, bæði á þurru flatlendi og í fjöllum, og í hraunum upp af sveitunum eru sumstaðar allgóðir hlauphagar fyrir fé, þó víða séu vikursandar og gróðrarlausar auðnir. Norður af Torfajökli eiga Landmenn afrétt sunnan við Tungná og austur í Kýlinga, leitamenn hafa þar aðaladsetur sitt í Landmannahelli og eiga þess utan kofa við Laugar og víðar. Enn þá lengra eiga Holtamenn í afrétt sinn, hann liggur fyrir norðan Tungná, milli Þjórsár og Köldukvíslar, í Búðarhálsi og þar norður og austur af. Verða Holtamenn að reka fé sitt upp að Tungná og ferja það á 2 bátum yfir ána nærri Helliskvísl suður af Búðarhálsi. Á hin viðáttumiklu öræfi við Veidivötnu og Þórisvatnu koma sjaldan kindur, vegna vatna, er umgirða það svæði; einstöku kindur flækjast þó þangað stundum, og því senda Landmenn vanalega 3 leitarmenn til Veidivatna á haustin, og fara þeir eigi víða. Það getur varla hjá því farið, að nokkrar kindur tynist á hinum miklu öræfum vestan við Vatnajökul alt norður í Vonarskarð, sem ómögulegt er að leita. Göngumenn úr Holtum leita upp með Köldukvísl, til Illugavers, þaðan í Hágöngur og norður með Tungnafellsjökli, fara svo vestur í Hafursmýri og Eyvindarkofaver, síðan suður í Þúfuver, þar er safnrétt.

1) Um smáafrétti í Rangárvallasýslu upp með Eyjafjallaökli sjá Stjórnartíðindi 1894, bls. 86.

svo niður með Þjórsá til Hvanngils og á Klifshagavelli, síðan að ferjustaðnum sunnan við Búðarháls.

Upp af Hreppunum eru mjög grösugir og víðáttumiklir afréttir; vestan til eru á þessu svæði víða samanhangiandi graslendi og mýrlendi, enda var bygð til forna á Hrunamannaafrétti, sem nú er fyrir löngu komin í eyði.¹⁾ Hvítá skiftir afréttum Árnessýslu í tvent. Hrunamannaafréttur liggur upp frá efstu heimalöndum inn með Hvítá og upp að Kerlingarfjöllum og Blágnýpujökli. Gnúpverjahreppur er aftur lakar settur og á lengra að sækja á afrétt sinn. Afréttarlandið, sem þar liggur upp af bygðinni, milli afrétta Ytri- og Eystrihrepps, alt upp í Illahraun austan við Kerlingarfjöll, er sameignarland 5 hreppa í Flóa og Skeiðahrepps; ²⁾ eiga þeir yfir Eystrihrepp að sækja á afrétt sinn; undir þessa afrétti framsveitanna heyra lönd margra eyðijarða í Þjórsárdal. Afréttur Eystrihreppsmanna liggur aftur austar fyrir innan Fossá, upp með Þjórsá norður í Arnarfell; Fjórðungssandur skiftir honum í tvo hluti, og er sá hluti, sem liggur fyrir innau sandinn, miklu minni en hinn; notuðu Eystrihreppsmenn hann fyrrum nærri eingöngu til grasatekju, en síðar meir til beitarlands. Af því afréttarlöndum er svo skipað, hafa Eystrihreppsmenn oft haft mikinn ágang og átroðning af afréttarfé framsveitarmanna, sökum þess að grösugt er einmitt næst bygðinni og þangað leitar fénaðurinn. Fyrir vestan Hvítá á hver sveit sitt afréttarland upp af efstu heimalöndum austan frá Hvítá vestur á Bláskógaheiði og Kaldadal; afréttir þessir ganga hver yfir í annan, af því náttúrleg takmörk vantar. Afréttur Biskupstungna er víðáttumestur, nær norður á Bláfellsháls og að Hvítárvatni, auk þess eiga Biskupstungnamenn sér-

¹⁾ Ferðabók P. Th. II, bls. 173-175.

²⁾ Flóamenn hafa nú girt fyrir neðan afrétt sinn, milli hans og bútfjárhaga Eystrihreppsmanna, alla leið frá Þjórsá, fyrir innan Skriðufell, vestur að Laxá, og svo inn með henni, inn undir Gljúfur sem svo er kallað. Girðingin er 14300 fæðmar á lengd eða 26900 metra og kostaði 12 þús. kr. (Freyr IX, 1912, bls. 112).

stakt ítak fyrir innan Hvítárvatn og reka þangað helzt stóð, en þó líka kindur, bæði í Hvítárnes og landspilduna milli Jökulkvíslar og Fúlukvíslar. Norðan til í Þjófadölum byrjar afréttarland Húnavetninga og liggja beitarlönd nokkurnvegin samanhagandi um Kjalveg þveran, en þar eru allmiklar samgöngur af afréttarfé að sunnan og norðan.

Upp af Múlasýslum og Norður-Þingeyjarsýslu eru afar víðáttumikil beitarlönd og afréttir, enda fjárrækt þar víða með miklum blóma, t. d. á Jökuldal, Fljótsdalshéraði, Vopnafirði, Fjallasveit og víðar. Upp af Þistilfirði er mikill og grösugur heiðafláki, er heitir Búrfellsheiði, enda hefir þar áður verið mikil bygð; í Fjallasveit eru mikil víðirlönd og mellönd, og lifa menn þar því nær eingöngu á sauðfjárrækt. Þá eru beitarlönd mikil á Langanesströndum og í dölum upp af Vopnafirði, á Jökuldalsheiði og Fljótsdalsheiði; á Möðrudalsöræfum og Brúaröræfum eru sauðsnöp víða og sumstaðar stórir hagablettir, alt suður að jöklum, sumstaðar jafnvel loðin graslendi alveg við jökulröndina, einsog t. d. Eyjabakkar hjá Þjófahnúkum. Upp af Brúaröræfum við Brúarjökul eru hagasvæði á Þorláksmýrum og í Marítungum, og bændur frá Efra-Jökuldal hafa upprekstur fyrir lömb sín á Kringilsárrana, og eru þau haust og vor flutt á kláfrætti yfir Kringilsá; þá eru hagar í Arnardal upp af Möðrudalsöræfum og víðar. Sumstaðar er í Múlasýslum langt í afrétt, en fjallskilareglur skylda búendur að reka geldfé sitt á afrétt, þó meira en þingmannaleið sé til hans, eða alt að $1\frac{1}{2}$ þingmannaleið.¹⁾

Á vesturkjálka landsins eru afréttarlöndin yfirleitt minni, þó landrymi sé töluvert í ýmsum hreppum, er næst fjallgörðunum liggja, t. d. í dölunum upp af Borgarfirði;²⁾ en sumstaðar eiga bændur örðugt með upprekstrarlönd, og sumarhagar eru á stöku stað svo litlir, að fénaður kemst í bittröð, sumir hreppar eiga enga afrétti og verða að leigja

¹⁾ Stjórnartíðindi B, 1893, bls. 166.

²⁾ Frá takmörkum hinna ýmsu leitarsvæða í Borgarfjardarsýslu er skýrt í Stjórnartíðindum B, 1914, bls. 148.

sumarhaga, útvega þá hreppsnefndir afrétt, þeim er vantar, og víða sjá þær um ítölu búfjár í högum og jafna fénaði niður í löndin.¹⁾ Sumir leigja upprekstrarland í öðrum sveitum eða sýslum eða á einstökum bændaeignum eða kirkjujörðum, er mikið landrými hafa. Sumstaðar, þar sem afréttur ekki ber alt fjallafé hreppsmanna, »eiga þeir að nota afréttinn til skiftis eða hver einn að tiltölu, eða nokkurir af hreppsmönnum með samþykki hinna«:²⁾ sumstaðar hafa sveitir keypt afréttarlönd af kirkjum.³⁾ Á Mýrum, í Dölum og á Vestfjörðum eru afréttir á heidum og í dalalöndum upp af bygðunum margvíslega sundurskiftir og landrými hinna ýmsu sveita mjög mismunandi. Afréttarfé úr Borgarfjarðarsýslu kemur mikið saman við fé úr sumum sveitum Árnessýslu. Í Mýrasýslu er í neðri sveitunum létt land, en betri sumarbeit í efri sveitunum, og þaðan er rekið á Holtavörðuheidi og Arnarvatusheiði; upp af Hvítársíðu eru góð beitarlönd. Í Dölum eru víða góðir sumarhagar, en best er þar Laxárdalsheiði, þangað reka menn úr Laxárdal, Hvammssveit og Bæjarhreppi í Strandasýslu. Á Reykjanesfjallgarði er víðátta mikil, en þó fremur lítil beitarlönd, víðast urdir, hraun og mosar og ekkert vatn, það hverfur alt í jörðu; þó hafa stöku jarðir rúmgóða sumarhaga, einsog t. d. Krisuvík. Nokkur beit er í Grafningsfjöllum, suður af Þingvallavatni, og austan við Sog er Lyngdalsheiði og Þingvallahraun, sem Grímsnes og Laugardalur nota, svo taka við afréttarlönd hálendisins, sem fyrr var getið. Hreppar á Snæfellsnesi eiga afrétt á fjallgarðinum, og ganga leitarnenn kafla af honum og skifta honum niður eftir gangnamerkjum, eru langsmarki eftir fjallgarðinum, þar sem hann er hæstur, og þvermerki milli hreppa; austast er þar Raudamelsheiði, sem Dalamenn líka nota. Bæði hér og annarstaðar þar sem landrými er lítið á

¹⁾ Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 109; 1892, bls. 198; 1893, bls. 78 1904, bls. 141 og víðar.

²⁾ Stjórnartíðindi B, 1894, bls. 75.

³⁾ Stjórnartíðindi B, 1894, bls. 175.

afréttum og engin takmörk af náttúrunni, gengur fjallafé ýmsra sveita mjög saman.

Fjallskil. Sveitarstjórnarlögin 4. maí 1872 ákveða í 39. gr., að sýslunefndir semji reglugjörðir um notkun afrétta, fjallskil og fjárheimtur. Hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum. Reglugjörðir sýslunefnda eru samkvæmt lögum 22. marz 1890 (sbr. lög 24. nóvbr. 1903) staðfestar og löggiltar af amtsráðum. Sýslunefndir og hreppsnefndir hafa verið ópreytandi í að semja og breyta reglugjörðum þessum, í Stjórnartíðindunum eru prentaðar yfir 60 fjallskilareglugjörðir. Það er því töluverður mismunur á ákvörðunum um fjallskil í ýmsum héruðum eftir venjum og landsháttum.

Á afrétt reka menn geldfé sitt og líka vanalega fráferulömb, en sumstaðar eru ær látnar ganga með dilkum í heimahögum. Vanalega er ákveðið, að alt sauðfé skuli reka nema kvíær, sem nytkaðar eru. Graðneyti eldri en árgömul eru menn víðast skyldir að reka á fjöll. Þá reka menn einnig stóðhross á heiðar og geldneyti, tamin hross má eigi reka á afrétti nema hreppsnefnd leyfi, og háar sektir eru sumstaðar lagðar við, ef þangað eru reknaðar mannygar nautkindur,¹⁾ slíkir nautgripir eru oft settir í afskekta gljúfradali eða víkur, þar sem aðrar skepnur ekki komast að, og eru þá garðar hlaðnir fyrir þau einstigi, er þangað liggja. Stóðhross eru víða rekin á afrétt svo snemma á vorin sem fært þykir veðráttu vegna og færðar, og sumstaðar er stranglega baunað að hafa tryppi eða ótamin hross í heimahögum að sumri til. Alt geldfé er rekið, þegar það er komið úr ull, og sumstaðar eru verðir settir til þess að verja, að fé manna sleppi í ullu á afréttu.²⁾ Í sumum víðlendum sýslum, t. d. í Múlasýslum, er ákveðið, að hreppsnefndir megi skipa eina eða fleiri löggöngur hvert vor, er safna þarf geldfé til rýingar.³⁾ Víða er fyrirskipað, að

¹⁾ Stjórnartíðindi B, 1892, bls. 141.

²⁾ Stjórnartíðindi B, 1892, bls. 126; 1898, bls. 122; 1903, bls. 166.

³⁾ Stjórnartíðindi B, 1892, bls. 201; 1893, bls. 168; 1902, bls. 151.

hreppsnefndir sjái um að bændur smali heimalönd sín í 6.—8. viku sumars,¹⁾ og eru þá hafðar vorréttir, þegar best þykir henta. Almennigur er skyldur að hlýða fyrir mælum hreppsnefndar með smölun til rúningar og fráferna og til hreinsunar heimalanda um leið og fyrstu og önnur fjallskil fara fram.²⁾

Um fráferulömb eru ýmsar ákvarðanir; sumstaðar er ákveðið að þau skuli setin þrjá sólarhringa heima, áður en þeim er slept á fjall, í öðrum sýslum er lagt fyrir, að þau skuli setin þrjá sólarhringa á fjalli, þar sem þau eru eftir skilin, sumir láta nægja tvo sólarhringa heima, aðrir einn á fjalli. Í Borgarfjarðarsýslu er fyrirskipað: »fráfæring allan. er á fjall er rekinn, skal sitja í 3 sólarhringa, þar sem hann er eftir skilinn. Þó má nokkuð af þessum tíma sitja slíkan fráfæring heima, með því skilyrði, að allur gæzlutími, bæði á fjalli og heima, sé 4 sólarhringar. Sé fráfæringurinn rekinn í heimaland, skal sitja hann að minsta kosti í 6 sólarhringa, þar sem hann er eftir skilinn.«³⁾ Í Árnessýslu er fyrirskipað: »áður fráferulömb eru rekin til fjalls, skal láta þau hlaupa um stekk eigi skemur en 12 klukkustundir.«⁴⁾

Svo er víða ákveðið, að alt fullorðið geldfé skuli á afrétt komið, þá er 8 vikur eru af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni, en lömb og dilkær viku eftir fráferur. A stöku stað er eigi rekið á afrétt fyrr en um Jónsmessuleyti, í 10. eða 11. viku sumars.⁵⁾ Í héruðum þar sem smáir afréttir eru, er víða ákveðið, einsog gjört var í fornum lögum, að reka skuli í miðjan afrétt, en þar sem mjög stórir afréttir eru, er það eigi framkvæmanlegt, en kindurnar leita þá smátt og smátt sjálfar lengra og lengra inn í landið og fylgja þá vanalega ám og lækjum og votlendum

1) Stjórnartíðindi B, 1894, bls. 84.

2) Stjórnartíðindi B, 1913, bls. 123.

3) Stjórnartíðindi B, 1896, bls. 83.

4) Stjórnartíðindi B, 1902, bls. 168.

5) Stjórnartíðindi B, 1892, bls. 141; 1914, bls. 141, 318.

dældum og tjörnum, langt fara þær sjaldan út á vatnslaus öræfi.

A haustin, í septembermánuði, eru afréttir leitaðir og smalaðir. Viðast byrja göngur mánudaginn í 22. viku sumars, á stöku stað viku áður, og baldast þær út mánuðinn og fram í hinn næsta. Hve margar göngurnar eru, hve langar og fjölmennar, er mjög mismunandi eftir landsháttum í ýmsum héruðum landsins; sumstaðar þarf aðeins stutt að fara, sumstaðar er hver ganga langferð. Lögboðnar göngur eru viðast 3, sumstaðar 4, sumstaðar aðeins 2; hreppsnefnd hefir vald til að skipa fleiri göngur, ef þörf þykir. Í Vestmannaeyjum, þar sem enginn eiginlegur afréttur er, hafa menn 7—8 fjársöfn á ári, 4 vorsöfn og 3—4 haustsöfn.¹⁾ Fjallskilaskyldan er nokkurskonar herskylda eða þegnskylda, sem hefir skapast af þörfinni, og er hún mismunandi í ýmsum héruðum. Sumstaðar eru allir fjáreigendur fjallskilaskyldugir, hvort sem þeir eru búandi eða búlausir, og eiga að leggja mann til fjallgangna, annaðhvort einir eða í sameiningu við aðra. Sumstaðar eru að eins þeir skyldir, sem búa á jarðarparti, sem metinn er til dýrleika. Viða er þó skyldan miðuð við vissa kindatölu: í Eyjafjarðarsýslu eru t. d. ákvæðin þessi: »Hver sem á með sjálfan sig, hvort heldur hann er búandi eða búlaus, sem á 10 kindur á afrétti að lömbum meðtöldum, er skyldur að leggja til einn mann í einar göngur á hverju hausti. En sá, sem á 20 kindur, 1 mann í 2 göngur, og sá, sem á 30 kindur, skal leggja til 1 mann í þrennar göngur. Um tillög þeirra manna til fjallskila, sem fleira fé eiga á afrétti, en nú var mælt, fer eftir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður.«²⁾ Svipuð eru ákvæðin í mörgum öðrum sýslum. Í Kjósar- og Gullbringusýslu er ákveðið: »Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, sem metin er til dýrleika, skulu skyldir að smala heimaland sitt til rétta. Þeir, sem hafa 6 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða,

¹⁾ Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 147; 1901, bls. 103.

²⁾ Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 83; 1897, bls. 165.

skulu skyldir að smala fjall-lönd og afrétti eftir fyrirskipur hlutaðeigandi hreppsnefndar. Þeir, sem hafa 30 kindur full-orðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir eftir boði hlutaðeigandi hreppsnefndar að senda mann í utan-hreppsréttir.«¹⁾ Kindatalan, sem krefst til þess að leggja mann til fjallsafna, er mismunandi og breytileg í ýmsum sýslum, í Rangárvallasýslu t. d. 25 kindur, í Árnessýslu 14, í Borgarfjarðar- og Húnavatnssýslum 12, í Norður-Þingeyjarsýslu, Austur-Skaftafellssýslu, Suður-Múlasýslu og Mýrasýslu 10 kindur, í Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu 6 kindur²⁾ o. s. frv.

Til þess að göngur³⁾ og leitir séu í föstum skorðum og komi að tilhlíflegum notum, verður að skipa fjallskilamálum eins vel niður og hægt er. Því góðar heimtur af fjalli eru mjög þýðingarmiklar fyrir sveitirnar, í hinum mörgu fjallskilareglugjörðum eru því nákvæmar fyrirskipanir um hvert atriði, er þar að lýtur. Stundum er heil sýsla eitt fjallskilafélag, sem skiftist í stærri og smærri deildir, stundum er hver sýsla mörg félög, fleiri og færri eftir landsháttum. Þannig eru t. d. þrjú slík félög í Suður-Þingeyjarsýslu ásamt Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu. Á öllum svæðum milli Jökulsár og Skjálfafljóts er eitt fjallskilafélag, annað á svæðinu vestan við Skjálfafljót og norðan Ljósavatnsskarð vestur í Fnjóskadal hjá Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd; þriðja fjallskilafélagið er vestan Skjálfafljóts ofan við Ljósavatnsskarð. Hvert fjallskilafélag skiftist í deildir, eftir því sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefnd ákveður takmörk deilda, eftir

¹⁾ Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 109; 1896, bls. 212; 1902, bls. 161; 1914, bls. 162.

²⁾ Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 142; 1892, bls. 143, 202; 1894, bls. 76, 131; 1896, bls. 88; 1896, bls. 84; 1914, bls. 273.

³⁾ Magnús Ketilsson segir, að »fjallgöngur« séu nú orðnar að »fjallreiðum« síðan »ómenskan magnaðist«. Saudtjálrhirding, Hrapsey 1778, bls. 51.

tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga.¹⁾ Viða kýs hreppsnefndin einn eða fleiri menn úr sínum flokki til þess sérstáklega að annast alt. er lýtur að fjallskilum, og eru þeir kallaðir fjallskilastjórar.²⁾ Hreppsnefndin útnefnir líka gangnaforingja fyrir hvern afrétt, þeir eru sumstaðar kallaðir leitamannaforingjar, eða leitarforingjar, og allviða á Suðurlandi fjallkóngar; þeir skipa fyrir um alla tilhögun leitanna, og eru allir leitamenn skyldir að hlýða þeim að viðlögðum sektum. Gangnaforinginn ræður fyrir öllu, er fjársöfnun viðvikur, þangað til fé er komið til almennings rétta; hann á að skera úr, ef vanda ber að höndum, hvað gera skuli, ef slys verður eða einhver sýkist; en fatlist hann sjálfur, kjósa leitarmenn nýjan foringja. Sérhver leitarmaður, sem sendur er á fjall, á að vera með fullri heilsu og verkgreind og svo útbúinn að hestum, hundum, mat, fötum, skóledri, tjaldrúmi og fleiru sem hreppsnefnd ákveður og fjallkóngur álitur nægja. Viðast er ákveðið, að leitamenn megi ekki vera yngri en 18 ára, en í sumum sýslum er aldurstakmarkið sett niður í 16 ár og jafnvel 14 ár, ef hlutaðeigandi piltar eru tápmiklir. Ef einhver göngumaður eftir mati foringja eða meiri hluta leitarmanna reynist ónýtur eða gallaður, óhlýðinn, hirðulaus eða óreglusamur, má gera hann afturreka, og verður þá sá maður, er sendi hann, að borga fjallskil, sem hann engan mann hefði sent. Leitarmenn eru sumstaðar kallaðir gangnamenn eða fjallgangnamenn, sumstaðar á Suðurlandi fjallmenn eingöngu. Það er ákveðið í mörgum reglugjörðum, að menn frá þeim, sem fjárríkastir eru, skuli sæta hinum örðugustu göngum, nema hamragöngur sé, þær skulu þeir hafa, er bezt eru til færir. Með örðugustu göngum er það líka talið, þegar nokkurir eru sendir lengra í afrétt en aðrir.³⁾ Tala fjallkónga og leitarmanna er afarmismunandi í ýmsum sýslum,

¹⁾ Stjórnartíðindi B, 1904, bls. 235—236.

²⁾ Stjórnartíðindi B, 1892, bls. 144; 1897, bls. 164.

³⁾ Sbr. Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 143; 1894, bls. 76—77.

eftir landsháttum og viðlendi afréttanna. og breyttist eftir kringumstaðum. svo um töluna eru sjaldan fastar ákvarðanir í reglugjörðunum.¹⁾

Á öllum hinum stærri afréttum verða gangnamenn að hafa með sér tjöld. en mjög víða hafa verið bygðir göngukofar eða gangnamannakofar upp um afrétti hér og hvar. þar sem hentast þótti. og standa hreppsnefndir fyrir því. að þeir séu bygðir á kostnað sveitarsjóða eða af fjallskilafé. Í Múlasýslum eru í reglugjörðunum ákvarðanir um kofa þessa. að þeir skuli vera svo rúmgóðir, að þeir taki alla, er á afrétt þurfa að ganga; skulu þrep vera í þeim umhverfis að innan eða með annari hlið svo breið, að menn geti legið þvers um, og hafa á þeim hey eða lýng til mykinda; svo skal ganga frá dyrum, að eigi fenni inn á vetrum; tópt skal byggja hjá gangnakofum til að hýsa í um nótt kindur, sem finnast í seinni göngum. þá menn þrýtur dag til að ná til bygða.²⁾ Í Árnessýslu eru kofarnir kallaðir sæluhús og þar fyrirskipað, að eftirleitamenn víði að þeim hrísi eða lurkum. ef hægt er.³⁾ Annars eru göngukofarnir oft lélegir og illa tilhafðir. en þeir eru mjög víða á afréttum. Stundum lætur fjallskilastjórnin gera eftirleit, en síðar er hverjum heimilt að gera eftirleit, er vill; skal fé það. sem þá finst á afréttum. metast af óvilhöllum mönnum, og geta eigendur innleyst það gegn fundarlaunum, sem eru mismunandi eftir sýslum og afréttum. Ef eftirleitaféð á heima utan sýslu, er það, ef nauðsyn krefur vegna fjarlægðar. selt á uppboði. en eigandi fær það. sem afgangur verður fundar- og umboðslaunum.⁴⁾ Samkvæmt ákvörðunum í Þingeyjarsýslu eru fjarleitir á öræfi, sem ekki geta

¹⁾ Í fjallskilareglugjörðum fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár í Árnessýslu er þó tekin fram tala leitarmanna og fjallkóna í allar hinar fjarlægari leitir. Stjórnartíðindi B, 1895. bls. 99; 1902, bls. 173—174.

²⁾ Stjórnartíðindi B, 1892, bls. 203; 1893, bls. 168—169.

³⁾ Stjórnartíðindi B, 1895, bls. 101; 1902, bls. 176.

⁴⁾ Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 85; 1892, bls. 146; 1893. bls. 99—100; 1902, bls. 153; 1914, bls. 287—288.

talist til nokkurra afrétta. gerðar eftir sömu reglum sem eftirleitir, en heimilt er, að þær fari fram samtímis vana- legum fjallgöngum.¹⁾ Oft eru mikil vanskil á fjallafé, það ferst á ýmsan hátt, og er fjármissirinn á afréttum oftsinnis þungur skattur á bændum. Því miður vantar skýrslur um vanskil á afréttarfé, en það er enginn efi á því, að mjög margt fé týnist á hverju ári.²⁾

Þegar fjárrekstrarnir koma af fjöllum til bygða, eru þeir látnir í réttir og dregnir í sundur eftir mörkum eigendanna. Auk eyrnamarka eru nú í mörgum sýslum líka brennimerki á hornum, er tákna sýslu, hreppa og bæi með bókstöfum og tölum. Allir fjáreigendur eiga að byggja fjár- réttir og viðhalda þeim í sameiningu, og leggja þar til vinnu, sem hreppsnefnd ákveður. Hver fjáreigandi er skyldur að sjá sér fyrir dilkrúmi í þeirri rétt, sem hann á söku að, fyrir alt geldfé, er hann á á afrétti, byggja dilk sinn og viðhalda honum. Auk þess sér hreppsnefnd um, að í réttunum sé utanréttasóknardilkar, ómerkingadilkur, dilkur fyrir sölufé og fleiri dilkar eftir kringumstæðum.³⁾ Réttirnar hafa samkvæmt reglugjörðum ýms nöfu í ýmsum sýslum, eftir því hvar þær eru og hvernig þær eru notaðar. Réttirnar eru þannig kallaðar safnsréttir, fjallsafnsréttir, bygðasafnsréttir, aðalréttir og aukaréttir, skilaréttir, lögskilaréttir, sóknaréttir, almenningsréttir, lögréttir, sundurdráttaréttir o. s. frv. Réttirnar eru sem kunnugt er oftast byggðar úr grjóti, veggirnar 4½—5 feta háir, aðalveggirnir oft jafnbreiðir að ofan einsog þeir eru háir og upp á þá steinþrep við aðalinnganginn, svo fólk getur staðið uppi á réttarveggjunum og horft á sundurdráttinn. Í miðjunni er al-

¹⁾ Stjórnartíðindi B, 1893, bls. 89.

²⁾ Sýslunefnd Árnesinga ákvað á sýslufundi 1909, að safna skyldi skýrslum í öllum hreppum um vanskil á fé um haustið. Þegar hreppaskýrslurnar voru lagðar fram á sýslufundi, sýndi það sig, að það haust hafði vantað nálægt 1400 fjár í allri sýslunni (Freyr VII, bls. 80).

³⁾ Nú er farið að byggja réttir úr steinsteypu, einsog hina miklu Þverárrétt, sem tekur 15 þúsund fjár; heuni er lýst í Frey VIII, 1911. bls. 119—120.

menningur, sem oft getur tekið mörg þúsund fjár, en til hliðanna diltar alt í kring og fyrir opum þeirra oftast rimlagrindur. Vanalega eru réttirnar ferhyrðar, en þó stundum með útskotum og útbyggingum eftir réttum hornum; stundum eru útveggirnir íbognir, og á stöku stað eru hringmyndaðar réttir, einsog t. d. Reykjarétt í Árnessýslu, þar eru tveir grjóthringir hver innan í öðrum, og diltarnir milli þeirra takmarkast af beinum geislagörðum.¹⁾ Réttardagarnir eru hátíðisdagar fyrir sveitirnar, er þar oft mannmargt og mikil gleði og glaumur; í fyrri daga var oft drukkið mikið við réttir og urðu þar stundum deilur, áflog og ryskingar. Sumir verzludu við réttir með tóbak og brennivín.²⁾ Í sumum fjallskilareglugjörðum er bönnuð ofdrykkja við réttir.³⁾ og eiga hreppsnefndir að halda reglu og sekta þá. er sýna óhlýðni og mótþróa eða á annan hátt trufla réttarstörfin. Eggert Ólafsson⁴⁾ getur þess, að á miðri 18. öld hafi jafnan verið haldnir nokkurskonar markaðir við Hraundalsrétt í Mýrasýslu, kom þar fjöldi fólks úr sævarsveitum, lá við tjöld og verzlaði við bændur, tóku landbúnaðarafurðir (sauði, smjör og vaðmál) fyrir fisk, lýsi og útlendan varning.

Um óskilafé og utansóknafé. um ómerkinga, kalineyrt og myétið fé eru margar ákvarðanir í reglugjörðum. nokkuð mismunandi í ýmsum héruðum, og yrði of langt að skýra frá því hér. Á 18. öld var það venja, að réttarbóndi tók að sér óskilafé og fóðraði það. lýsti því á þingum fyrir nýár og svo jafnan upp frá því í 3 ár, en ef eigendur eftir 3 ár eigi höfðu gefið sig fram, varð féð eign réttar-

¹⁾ Mynd af þessari rétt er í bók *Daniel Bruun's Fortidsminder og Nutidshjem paa Island*, Kbhavn 1897. bls. 48. Í þeirri bók eru myndir af mörgum fleiri réttum með ýmsu lagi.

²⁾ Sbr. *Magnús Ketilsson: Saudjáhirding*, 1778. bls. 51. Lýsing á slarki í réttum Eimreiðin XII, bls. 12-14. Tímarit Bókmaf. XVI, bls. 223. Jón Egilsson getur um vígaferli í réttum í Árnessýslu 1554 (Safn I, bls. 102).

³⁾ Sbr. t. d. *Stjórnartíðindi B*, 1892, bls. 130.

⁴⁾ E. O. Rejse bls. 205.

bónnda.¹⁾ Nú er óskilafé vanalega selt á uppboði, ef eigandi eigi gefur sig fram fyrir Marteinsmessu; lýsingar á óskilafé eru birtar í blöðunum eða á annan hátt; ef eigandi svo að ári liðnu hefir sannað eignarrétt sinn, fær hann andvirðið að frádregnum fundarlaunum, gæzlukaupi, sölu- og innheimtulaunum, annars rennur upphæðin í sveitarsjóð; sumstaðar er ákveðið, að andvirði óskilafjár skuli varið til eyðingar refa; í hinu einstaka eru ákvarðanir þessar töluvert mismunandi í ýmsum sýslum.²⁾ Þó nú fjallskil í orði kveðnu eigi að fara fram eftir föstum reglum, þá ber þó ekki sjaldan við, að brugðið er út af þeim. Það ber t. d. við, að göngur eru dregnar um vikutíma á haustum sumstaðar, þegar vel viðrar; en oft hefir mönnum hlekt á því, þó bezta tíð sé fram undir Mikaelsmessu, þá spillist oft veðráttufar um það leyti, verða fjallskilin þá hálfu erfiðari og fé fennir þá stundum á afréttum eða ferst á annan hátt.³⁾ Einnig hefir það orðið til boga, að sumir leggja til fjallskilanna ónytjunga og liðléttinga, enda reyna reglugjörðirnar að koma í veg fyrir það með ströngum ákvörðunum, þó leyfa þær alt of oft að senda óharðnaða unglínga (14—16 ára), sem varla er hægt að búast við að geti þolað þá áreynslu, hrakninga og vosbúð, sem fjallamenn oft verða fyrir.

Hið margbrotna fyrirkomulag á fjallskilum og öllu þar að lútandi hefir smátt og smátt skapast á löngum tíma af þörf sveitarfélaganna, líklega að nokkru leyti þegar í fornöld. Í Grágás og Jónsbók er litið getið um fjallskil og engar sérstakar reglur settar, enda hefir það þá þegar verið á litið réttast, að hin einstökú sveitarfélög önnuðust slíkt. Þegar Jónsbók var lögtekin á alþingi 1281, voru bændur

¹⁾ E. O. Rejse bls. 206.

²⁾ Stjórnartíðindi B, 1891, bls. 83, 86, 111, 144; 1892, bls. 132, 151, 205; 1893, bls. 98, 171; 1896, bls. 213—214; 1897, bls. 169; 1898, bls. 128; 1901, bls. 91; 1913, bls. 131; 1914, bls. 147, 164, 274, 286—287, 317 og víðar.

³⁾ Sbr. Höldur bls. 104—105.

meðal annars óánægðir með ákvæði um afréttarfé og vildu hafa það sektalaust. Þó fé kæmi síðar af fjalli en »þá 4 vikur lifðu sumars«,¹⁾ sýnir það, að bændur vildu haga fjallgöngum eftir kringumstæðum í ýmsum héruðum, enda var þessu ákvæði Jónsbókar breytt í réttarbót Eiríks Magnússonar. 2. júlí 1294, þar segir svo: »Um geldfjárrekstr á vár til afréttar ok fjallgöngr á haustum, hvern tíma vera skal, þá geri eftir því sem hreppstjórnarmennu gera ráð fyrir ok hverju bygðarlagi hæfir, því at þat hæfir eigi öllum einn veg til. ella svári sá slíkri sekt. sem lögbók vátтар, er eigi gerir svá.«²⁾ Þá bannar Jónsbók líka, að fleiri en tíunda hver ær gangi með dilk og leggur við háar sektir, en þetta var afnumið með sömu réttarbót.³⁾ Eflaust hafa venjur sveitanna um fjallskil og göngur tekið ýmsum breytingum og verið mismunandi í ýmsum landshlutum á fyrri öldum, en um það eru nú fáar skýrslur eða frásögur. Í dómi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar um fjallskil, 1505, er það tekið fram, að »útgjörðir haldist, að 6 aura hafi hvor maðr fyrir hundrad sæuða, sá sem fer á fjall haust og vor. En ef sumir vilja láta hafa heima hjá sér síu lömb og geldfé. þá svári eyrir af 20 hundrada jörðum og svo upp þaðan. Og nefni til hreppstjórar svo margu menn úr hverjum hrepp, að afréttin sé fær.«³⁾ Af þessu sést, að venjur hafa verið nokkuð aðrar en nú, svo virðist sem sjálfstæðir menn hafi tekið að sér göngur og tekið borgun fyrir eftir höfðatölu, eins er það sérstaklegt, að menn borga fyrir að hafa fé í heimahögum. Hreppstjórar munu jafnan hafa haft umsjón og framkvæmd á fjallskilamálum, enda er það talið með embættisskyldum þeirra í skrá Þórðar lögmanns Guðmundssonar 1573.⁴⁾ Í alþingissamþykkt 5. júlí 1682 var meðal annars boðið að geyma fráfærulömb 5 daga heima, áður þau væru á fjall rekin, »að fullorðnir menn burðagóðir séu til fjallskila sendir og að

¹⁾ Jónsbók Ól. H. bls. 177. Biskupasögur I, bls. 723.

²⁾ Jónsbók bls. 225, 282, 283. Dipl. Isl. II, bls. 284.

³⁾ Dipl. isl. VII, bls. 814.

⁴⁾ Alþingisbækur I, bls. 199.

hver sem á hundrað eða fleiri sauði sendi tvo menn í göngur«. ¹⁾)

Sel. Sumarheit fyrir búsmala til dala, heiða og fjalla var á fyrri öldum mikið meir notuð en nú, menn höfðu snemma tekið eftir því, að gróðrarsæl fjallalönd og dalalönd voru góð undir bú og vildu eigi íþyngja heimahögum með of mikilli beit á sumrum. Það sá Skallagrímur fljótt, að fé proskaðist vel til fjalla á sumrum. »Hann fann mikinn mun á, at þat fé varð betra ok feitara, er á heiðum gekk, svá þat, at sauðfé helzt á vetrum í fjalldölum, þótt ei verði ofan rekit. Síðan lét Skallagrímur gera bæ uppi við fjallit ok átti þar bú. Lét þar varðveita sauðfé sitt«. ²⁾) Fornmenn munu því frá landnámstíð hafa haft búpening sinn í seljum á sumrum, enda voru þeir vanir því frá Noregi, og þar eru selstöður enn algengar, einsog líka í Alþafjöllum. Selin voru í fornöld kölluð sel einsog nú eða þá setr eða sætr; sætr eru þau kölluð í Jónsbók og hefir það nafn enn sumstaðar haldist í staðanöfnum, t. d. Sætra-fjall og Sætraklif við Reykjarfjörð á Ströndum (Kúvíkur). Selin voru stundum kölluð sumarhús og sjálfir bæirnir eru oft nefndir vetrarhús í sögunum. Í Landnámu er sagt, að Björnu austræni hafi haft sel frá Bjarnarhöfn, og Steinólfur lági, er bygði Saurbæ vestra, kom frá seli við 7da mann, er Þórarinn krókr réðist á hann. ³⁾) Í Hallfreðarsögu er getið um mörg sel við Langadal og Laxárdal í Húnavatussýslu, ⁴⁾) og hafa þau verið skamt frá bæjum. Eins hefir selið í Sælingsdal verið nærri bæjum, sem getið er í Laxdælu, þar var engi hjá selinu, sem húskarlar Bolla umu, og þar var mannmargt, hefir þar verið reglulegur sumarbústaður fyrir flest heimilisfólkið Selin voru þar tvö, svefn sel og bú. Þar í selinu var Bolli Þorleiksson veginn, sem kunnugt er. Í sömu sögu er getið um sel frá Vatnshorni, í

¹⁾ Lovsamling ior Island I, bls. 394.

²⁾ Egilssaga, Rvík 1892, 29. kap., bls. 75.

³⁾ Landnáma (1891) bls. 72, 95.

⁴⁾ Hallfreðarsaga (1901) kap. 9, bls. 33–35.

Sarpi í Skorradal, þar hefir vist aðeins verið eitt hús, því sagt er: »selit var gert um einn ás, ok lá hann á gaffhlöðum ok stóðu út af ásendarnir, ok var einart þak á húsinu ok ekki gróit«. Þar voru 5 menn í selinu, en fólk var líka heima á bænum í Vatnshorni.¹⁾ Í Glúmu er talað um sel á Mjaðmárdal, og í Ljósvetningasögu er getið um sel, er Þorkell hákur átti í Ljósavatnusskarði. Þorsteinn í Saurbæ var í seli í Kúvallardal, er þeir Hörður ætluðu að heim-sækja hann.²⁾ Í Örnólfsdal er talað um sel, og var þar flest fólkíð, en mannfátt heima; eins var sel á Langavatnsdal og hét þar á Þorgilsstöðum, og var þar mikið af stóðhrossum á beit, er Gunnlaugur ormstunga kom þangað.³⁾ Af Hrafinkelssögu má ráða, að þá hafi eigi aðeins verið sel ofarlega í Hrafnkeldsdal, sem hét Grjótteigssel, heldur einnig önnur sel víða um dali og heiðar í nánd.⁴⁾ Í Kjarradal segir Heiðarvígasaga að allir bændur úr Hvítársíðu hafi haft selfarir,⁵⁾ og er það edlilegt, því þar eru enn mjög grösug beitarlönd upp á Tvidægri; milli Kjarrár og Lambár er nú afréttarland, sem Gilsbakkakirkja á og leigir Bæjarsveit til uppreksturs; þar sem Langavatnsskvið kemur í Kjarrá er ágætt hagapláss, sem heitir Starir. Í Biskupasögum er getið um sel frá Hólum í Hjaltadal, og voru þar »nokkurar konur til at heimta nyt af fé«, »en karlmennu voru engir viðstaddir, voru þeir farnir at samna sauðum«.⁶⁾ Bæði þetta á, að allmargt fólk hafi verið í selinu. Bæði þessir og fleiri staðir í sögunum sýna, að selin hafa verið nokkurskonar sumarbústaðir og eigi mjög fjarri bæjum.

¹⁾ Laxdæla (1895) bls. 175, 204.

²⁾ Glúma (1897) bls. 43, 44. Reykdæla (1896) bls. 87. Ljósvetningasaga (1896) bls. 62. Harðarsaga og Hólmverja (1891) bls. 57.

³⁾ Hænsna-Þórisssaga (1892) bls. 33. Gunnlaugssaga ormstungu (1893) bls. 13. Sumir hafa á sumrum búið í tjaldi, þess er t. d. getið um Jófríði Gunnarsdóttur, að hún »átti sér tjald úti, þvíat henni þótti þat óðaufflgra« (Hænsna-Þórisssaga s. st.).

⁴⁾ Hrafinkelssaga (1893) bls. 6, 7.

⁵⁾ Vígastyrssaga og Heiðarvíga (1899) bls. 64.

⁶⁾ Biskupasögur I, bls. 189.

Langt fram eftir öldum hafa sumir búið í seljum sem sum-
arhúsum með flestalt heimilisfólkið. Þess er t. d. getið um
Hallóttu dóttur Þorleifs Grímssonar á Möðruvöllum († 1560),
að hún var ein heima og nokkur ungmenni, en annað fólk
í seli.¹⁾ Grágás bannar að gera sel í afrétti, og á vist við,
að menn byggji sel í óleyfi í annara manna afréttarlandi.
er sá útlægur, er sel gjörði, og Jónsbók telur selið úheil-
agt, þó þeir brjóti, er afrétt eigu, en þeir bæti landnám að
fullu, er selið gerðu. Jónsbók kveður á, að menn hafi sætr
á fjöllum, þar sem þau áður hafa verið, og færi eigi úr
stað þeim, er þau hafa verið að fornu fari, og eigi má þau
byggja of nærri högum annara. Jónsbók leyfir að sætr
megi hverr þeirra gera í almenningi, »er þann almenning
eigu, er vill sitja í sumarsetri, ef þat er úr búfjargangi.«²⁾
Yfirleitt er þó auðséð, að flest sel til forna hafa verið
nærri byggð eða í byggð, oftast þá í beztu hagbeitarlöndum,
í frjósömum hliðum, í dalabotnum, innfjörðum eða þá á
heiðum.

Búalög segja svo fyrir, að »þrjár konur eigi at vera í
seli, þar sem er 80 ásaugar at mjólka og 12 kýr, með mat-
selju, og skulu vera tvær við vetrarhús um miðdegi til
heimavinnu.«³⁾ Búpeningur var vanalega hafður í seli frá
því 8—9 vikur voru af sumri til byrjunar tvímánaðar eða
frá miðju júnimánaðar til þess um seinni hluta ágústmán-
aðar, enda var svo fyrirskipað í lögum;⁴⁾ en sumstaðar er
tekið fram í fornbréfum, að selstöður skuli aðeins vara til
Ólafsmessu fyrri.⁵⁾ Að selin hafa verið mjög mörg, sést
bæði á grúa af örnefnum og af Fornbréfasafni, sem getur
selja og selfara á óteljandi stöðum. Seljunum hefir líklega
smátt og smátt fækkað, eftir því sem nautpeningur varð

¹⁾ Biskupasögur II, bls. 359.

²⁾ Grágás (1852) bls. 113. Jónsbók Ól. H. bls. 173, 174, 176—
177. 193.

³⁾ Búalög (1915) bls. 22, 34, 61.

⁴⁾ Jónsbók bls. 172.

⁵⁾ Dipl. Isl. II, bls. 577.

færri og sauðaeignin stærri. Kirkjur eiga um alt land fjölda af ítökum til selfara, en þau eru nú notuð sumpart sem afréttir, sumpart sem heimahagar, sumpart leigð öðrum einstökum mönnum og hreppum.

Á 18. öld voru selstöður mjög farnar að leggjast niður, svo stjórnin, 1754, fann sér skylt að skipa bændum að hafa búfé sitt á seljum og geldfé á afréttum frá 9. til 21. viku sumars, til þess að hlifa heimahögum og slægjum,¹⁾ en því mun alls ekki hafa verið hlýtt frekar en öðrum fyrirskipunum stjórnarinnar í þá daga. Eftir fyrirmælum ýmsra íslenzkra framfaramanna gaf stjórnin á 18. öld út ótal boðorð og lagareglur um alt mögulegt og ómögulegt, er búskap snerti, en þar var aðeins sá hængur á, að engu var hlýtt, ekkert varð úr neinu, þegar til framkvæmdanna kom, þó oft væri hótad afarkostum. Þó segir Eggert Ólafsson, að selfarir hafi í hans tíð enn verið algengar í Borgarfirði, en víðast annarstaðar lagðar niður. Voru selhúsin vanalega þrjú, íveruhús eða svefusel, eldhús og búr, og mun sá húsafjöldi hafa haldist síðan í fornöld, þó sum selin bæði fyrr og síðar hafi verið fátæklegri. Á seljunum voru kýr og ær, þar var smali og fullorðin stúlka með telpu til aðstóðar, þær mjólkudu, strokkuðu, gjörðu smjör og osta o. s. frv.²⁾ N. Mohr kom 1780 í sel nálægt Skagaströnd, borðaði þar grasagraut og var fenginn fjöðurstafur til þess hann gæti drukkið úr mjólkurtrogunum.³⁾ Mohr sá á ferð sinni um Norðurland og Vesturland aðeins þrjú sel, á Spákonufelli, við Kaldrananes í Strandasýslu og frá Reykjahlíð við Mývatn. Allir búmenn 18. aldar hvetja bændur til að taka upp aftur selstöður, en þó árangurslaust. Ólafur Stephensen vill hafa búpening í seljum frá Jónsmessu til rétta, eru þá heimahagar í friði fyrir ágangi hans, óbitnir, ótroðnir,

¹⁾ Lovs. f. Island III, bls. 182, 191.

²⁾ Eggert Ólafssons Rejse bls. 155, 178. Sbr. Olavius: Oekon. Rejse bls. 247—248.

³⁾ N. Mohr: Forsøg til en islandsk Naturhistorie, Kbhavn 1786, bls. 10, 349—350.

og miklu betri til vetrarbeitar«. ¹⁾ Þá voru líka nærri öll tún ógirt og ilt að verja þau fyrir ágangi fénaðar, sem var heima við. Guðlaugur prófastur Sveinsson ritaði 1787 um selstöður og þeirra nytsemi. ²⁾ Hann segir, að þá sé það einungis »nokkrir fáir forstands og fyrirhafnar menn, sem enn árlega flytja búsmala sinn í nokkurt fráliggjandi sel á sumrum, einkum frá messudögum fram um höfuðdag, 8 eða 10 vikna tíma; og á nokkrum stöðum veit eg haft í seljum frá fardögum og lengra fram á haust, einkum þar hrjóstrugt og magurt heimaland er, til enn meiri hagnaðar nytsemdar«. Síra Guðlaugur heldur mjög fram nytsemi selja, segist sjálfur hafa búið á jörð í 14 ár, þar sem búsmali gerði þriðjungi minna gagn heima en í selinu, en aðrir bændur hefðu sagt sér, að þeir hefðu ekki meira en freklega helmings gagn af peningi sínum, er þeir gátu eigi komið honum í sel. Kosti seljanna telur hann: meiri afrakstur búfénaðar, hlífð við heimahaga, enginn ágangur á tún og engjar, minna ónæði fyrir fénaðinn af rekstri og smölun, oft gott til fjallagrasa nærri seljum og hægra að ná í þau, stundum hægt frá selinu að nota fjarlæggar slægjur; sumstaðar má brúka selin sem beitarhús á vetrum, og hafa þar heyforða og fjárborgir. ³⁾ Segir höfundurinn, að sumir hafi tvö selhús, íbúðarhús með rúmum og eldstó í öðrum enda og svo búr, en betra sé að hafa húsin þrjú, eldhúsið sérstakt. Magnús Ketilsson hafði jafnan búsmala sinn í seli og þar fullorðinn mað, og dreng til smalamensku, áttu þeir líka að slá og hirða seltúnið. ⁴⁾ Jón Steingrímsson bygði einnig sel frá Prestsbakka »í efstu og beztu högum jarðarinnar, 3 selhús á einum hól með 7 stafgólfatali, en svo rúmgóð, að til var ætlað, þau skyldu taka hálf tannað hundrað

¹⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 46.

²⁾ Gl. Félagsrit VII, bls. 194–204.

³⁾ Árið 1341 notuðu menn í Skagafirði selin sem beitarhús að vetrarlagi. Sbr. Dipl. Isl. II, bls. 744.

⁴⁾ Gl. Félagsrit XII, bls. 32–33.

fjár.¹⁾ Ólafur Stephensen hafði líka búfé sitt í seli og svo gerðu flestir framfaramenn á 18. öld.

Á 19. öld lögðust selin því nær algjörlega niður, og nú munu selstöður nærri hvergi vera til á Íslandi.²⁾ Á ferðum mínum 1881—98 fór eg mjög víða um beitarlönd og heiðar, en man ekki til að eg finði eitt einasta sel, sem enn var notað sem sumarhús frá aðaljörðu, en eg kom í allmörg sel, sem voru orðin að sérstökum heiðarbýlum eða kotbæjum; slík seljakot eru algeng víða um land. Hve afarmikla þýðingu selin hafa haft á fyrri öldum, sést af hinum óteljandi seljarústum, sem eru dreifðar um afdali og heiðar um allt Ísland. Selstöður og nýbýli hafa verið ná-tengd hvert öðru, og á hallendum og útskæklum hálandis-ins eru mjög víða dreifðar rústir eyðibæja og selja, hvað innan um annað, enda hefir notkun þessara fjallhúsa skifst á ýmislega, sel og beitarrhús orðið að sjálfstæðum býlum o. s. frv. Í bygðum sjást þess líka ótal dæmi, að sel hafa breyzt í sjálfstæðar jarðir og þær sumar allstórar; örnefnin eru hinn ljósasti vottur þess, hve miklar breytingar stöðugt hafa orðið í því efni.

Í byrjun 20. aldar hafa ýmsir búmenn hvatt til þess, að selstöður væru teknar upp að nýju, án þess þó nokkur sýnilegur árangur hafi orðið af þeim upphvatningum. Hugmynd manna hefir verið sú, að tekin væru upp selstöðubú í félagi. Sigurður Sigurðsson gerði 1902 áætlun um kostnað við félagssel og komst að þeirri niðurstöðu, að það sé efasamt, hvort þau borgi sig, nema ef ostagjörð væri þeim samfara,³⁾ en í þeirri grein eru Íslendingar, sem kunnugt er, langt á eftir öðrum þjóðum. Nokkrum árum síðar (1908) ritaði Torfi Bjarnason líka um samlagssel, var heldur bjart-

¹⁾ Æfisaga Jóns Steingrímssonar, Rvík 1915, bls. 223.

²⁾ Sig. Sigurðsson segir í Fjallkonu 1902, nr. 13, að nú muni vera 3 eða 4 menn á öllu landinu, sem hafa í seljum, og valda því alveg sérstakar ástæður. Árið 1900 tóku 3 bændur í Hrunamanna-hreppi sig saman og höfðu ær sínar, rúmar 200 að tölu, í seli.

³⁾ Sigurður Sigurðsson: Selstaða og saudamjólk (Fjallkonan 1902, nr. 13 og 14). Sbr. Austri X, 1900, nr. 14. Ísafold 1902, nr. 8.

sýnni á framtíð þeirra, og mælti fram með þeim; komst hann að þeirri niðurstöðu, að þau mundu borga sig, en ætlaðist líka til ostagjörðar á seljum þessum.¹⁾

III. Kvikfjárrækt. Nautpeningur.

1. Yfirlit yfir nautpeningseign Íslendinga á fyrri öldum.

Það mun engum efa bundið, að kvikfénaður Íslendinga er aðallega af norskum uppruna. Hinir fyrstu landnámsmenn höfðu kvikfé á skipum sínum. Hjörleifur hafði með sér uxa sem þrælarnir drápu; Flóki Vilgerðarson hafði vetrarsetu í Vatnsfirði á Barðaströnd, en feldi kvikfje sitt úr hor um veturinn, af því þeir »eigi gáðu fyrir veiðum að fá heyjanna«. Er það þó furða að svo skyldi fara, því við Vatnsfjörð eru, og hafa jafnan verið, hinar fríðustu skóglandur á Vestfjörðum, en jafnan er gumað af því í fornsögunum, að fénaður hafi á landnámsöld gengið sjálfala í skógunum.²⁾ Alþekt er þjóðsagan um kúna Brynju, sem hvarf frá Þóri landnámsmanni, er bjó í Hvammi fyrir sunnan Hvalfjörð, faust hún löngu síðar í Brynjudal og gekk þar úti með 40 nautum, sem öll voru frá henni komin. Refur gamli átti land, þar sem kýrin faust, og börðust þeir Þórir út úr kúnni og féll Þórir og 8 menn með honum.³⁾ Flestir eða allir landnámsmenn, sem ætluðu að festa ráð sitt hér á landi, munu hafa flutt með sér búfé sitt, sem svo hefir orðið stofn allrar kvikfjárræktar á landinu. Þó hefir fénað-

¹⁾ Búnaðarrit XXII, 1908, bls. 117—121. *P. Zóphóniasson*: Selfarir og ostagjörð (Freyr VII, 1910, bls. 80—84).

²⁾ Sbr. Andvari 41. ár (1916) bls. 51—53.

³⁾ Landnáma (1891) bls. 40. Í Kjalnesingasögu, sem víst er seinni manna tilbúningur, er (bls. 4) getið um kvíguna Mús, sem gekk 3 vetur sjálfala á Músarnesi vestur af Brautarholti.

ur sá, sem menn gátu flutt með sér á skipunum, verið fár í byrjun, og marga vantað skepnur til undaneldis og til fæðslu fyrir heimilisfólkið, einsog sagt er um Skallagrim, þegar hann hafði nýlega sezt að á Borg á Mýrum, að »þá fyrst höfðu þeir fátt kvikfénaðar hjá því sem þurfti til fjölmennis þess sem var«.¹) Hafa þá sumir séð sér hagnað í að flytja fénað til landsins sem verzlunarvöru, enda er þess þegar getið í Landnámu, að skip kom í Kolbeinsárósi hlaðið kvikfé.²) Landnámsmenn munu þegar í öndverðu hafa flutt með sér eitthvað af öllum þeim alidýrum, sem síðan hafa verið í landinu, nautpening, sauðfé, geitfé, svín, hross, hunda, hænsni og gæsir.

Hvað sérstaklega nautpeningsræktina snertir, þá var hún um alla fornöldina og langt fram eftir öldum aðalstöðin undir búnaðarfarsæld og þjargræði Íslendinga, enda varð kýrin verðmæli í öllu viðskiftalífi fornanna. Nautgripirnir hafa líklega flestir komið frá Noregi á landnámsöld, enda kvað íslenzku kýrnar að sköpulagi vera mjög líkar norskum kúm. Það er heldur ekki ólíklegt, að sumir þeir landnámsmenn, sem komu vestan um haf, hafi flutt með sér kvikfénað frá hinum brezku eyjum.³) Nautpeningsræktin var þegar á söguöldinni meiri en nú, kúafjöldinn var ekki aðeins meiri á mörgum heimilum, heldur var geldneytatalan sér í lagi langtum hærrí en síðar varð. Reyndar vantar skilríki fyrir tölu búfénaðar hjá hinum smærri bændum og kotungum, en það er vist, að á hinum stærri jörðum var hafður miklu meiri nautpeningur en á hinum síðustu öldum. Það er alkunnugt, að Guðmundur hinn ríki á Múðruvöllum í Eyjafirði hafði hundrað (120) kúa og hundrað hjúa, »og var hann mjög fyrir öðrum

¹) Egla kap. 29, bls. 74.

²) Landnáma III, 8, bls. 142.

³) Páll Zóphóniasson heldur jafnvel, að nokkrar kýr af Jerseykyni hafi fluzt hingað til landsins í fornöld og af því staði smjörgæði ýmsra kúa og litur. Búnaðarrit 28. ár (1914) bls. 47.

mönnum um rausn¹⁾, en ekki er þess getið, hvort það hefir verið á einu búi eða mörgum í nágrenninu. Hörður Grímkelsson kúgaði Torfa Valbrandsson til að láta af hendi Breiðabólstað í Reykholtsdal og með jörðunni »30 kúa og 30 hjóna²⁾. Á Sæbóli vestra í Haukadall stóðu í fjósi þrjú tígur kúa hvárum megin, þegar Gísli Súrsson kom þangað og batt saman halana á nautgripunum.³⁾ Í Bandamannasögu er þess getið, að Óspakur særði 9 kýr til bana í fjósi Bergþórs á Böðvarshólum.⁴⁾ Þorgils orrabeinsstrjúpur tók af Bjarna í Gröf tuttugu kýr og hundrað ásauðar.⁵⁾ Hin fáu forubríf, sem til eru frá 12. öld, sýna, að margar kýr voru á kirkjustöðunum. 1140 átti t. d. Stafholtskirkja 20 kýr, 1179 kirkjan á Rauðalæk 15 kýr⁶⁾ o. s. frv.

Í sögunum er annars ekki nærri eins oft getið um kýr einsog um geldneyti; formenn hafa haft grúa geldneyta í samanburði við það sem nú er. Fyrir nautunum var ekki mikið haft, þau voru rekin á afrétt á sumrum, en beitt úti á veturnum líkt og gömlum sauðum síðar, þegar fært var, og stóð þá nautamaður yfir þeim, og hefir ef til vill mokað ofan af fyrir þau í bili. Þess er getið í Laxdælu, að »Ólafur þá átti marga kostgripi í gangandi fé, hann átti uxa góðan, er Harri hét, apalgrár að lit, meiri en önnur naut. Hann hafði fjögur horn; voru tvö mikil og stóðu fagurt, hið þriðja stóð í loft upp, hið fjórða úr enni og niður fyrir augu honum; það var brunnvaka hans; hann krapsaði sem hross. Einnu fellivetur mikinn gekk hann úr Hjarðarholti og þangað sem nú heita Harrastaðir í Breiðafjarðardali; þar gekk hann um veturinn með sextán nautum, og kom þeim öllum á gras; um vorið gekk hann heim í haga, þar sem heitir Harraból í Hjarðarholtslandi. Þá er Harri

¹⁾ Ljósvetningasaga, Rvík 1896, 5. kap., bls. 12.

²⁾ Harðarsaga Grímkelssonar, Ísl.sögur II, 19. kap., bls. 61.

³⁾ Gíslasaga Súrssonar, 1899, 16. kap., bls. 33.

⁴⁾ Bandamannasaga, Rvík 1901, bls. 47.

⁵⁾ Flóamannasaga, Rvík 1898, 30. kap., bls. 58.

⁶⁾ Dipl. Isl. I, bls. 179, 248.

var átján vetra gamall, þá féll brunnvaka hans af höfði honum, og það sama haust lét Ólafur höggva hann.¹⁾ Sumir gríðungar þóttu þá sem síðar illir viðfangs. Þess er t. d. getið, að Þórólfur stærimaður átti gríðung gráan og ólman, hann gerði mönnum margt mein, þá er hann kom úr afréttum, meiddi hann fé manna, en gekk ekki undan grjóti, hann braut öll andvirki og gerði margt ilt.²⁾ Bændur létu uxu sína verða gamla, alt að 9 vetra, áður en þeim var slátrað, þóttu sumir gamlir uxar metfé og góðir gripir, sem mönnum þótti vænt um. Gömlum uxum var oft blótað í heidni, og menn fórnðu því goðunum, sem þeir möttu mest.³⁾ Höfðingjar gáfu hver öðrum gamla uxu í vingjafir. Ótkell gaf Runólfi í Dal »uxu alsvartan níu vetra gamlan«.⁴⁾ Helgi Droplaugarson gaf Bessa Össurarsyni »uxu tvá, fimm vetra gamla, gráir báðir, stóðhest rauðan og merar þrjár«.⁵⁾ Hávarður Ísfríðingur gaf Steinþóri á Eyri auk annars »fimm yxn«.⁶⁾ Ófeigur í Skörðum gaf Guðmundi ríka »tvá oxu rauða, sjau vetra gamla, ok váru þat hinir beztu gripir«.⁷⁾ Framan af notuðu menn uxu til plæginga, arðruxa, létu þá draga arðrinn, meðan hann var notaður, en síðar munu menn víða hafa stungið upp akurgerði sín, en ekki plægt þau. Þó er getið um arðruxa fram á 13. og 14. öld. svo á stöku stað hafa þeir verið til, líklega þó aðeins á Sudurlandi.⁸⁾ Í alþingissamþykkt um fjárlag 1100 er »arðruxi gamall á vár metfé«. Sjö vetra gamalt naut eða

1) Laxdæla 1895, 31. kap., bls. 86.

2) Laxdæla 1895, 79. kap., bls. 246—247.

3) Orðtækið »rauður sem blótneyti« bendir til þess, að blótneyti hafi helzt átt að vera rauð á lit.

4) Njála, Rvík 1894, 52. kap., bls. 124.

5) Fljótsdælasaga 1896, 13. kap., bls. 56.

6) Hávarðarsaga 1896, 23. kap., bls. 66.

7) Ljósveitningasaga 1896, 7. kap., bls. 21.

8) Í Sturlungu (II, bls. 295) er getið um arðruxu í Landeyjum, er menn höfðu mætur á, og á Kirkjubæ á Síðu eru 1250 fjögur arðryxn (Sturlunga III, bls. 162); 1371 er arðruxi á Borg undir Eyjafjöllum og 1397 tvö gömul arðryxn á Gördum á Álftanesi (Dipl. isl. III, bls. 259; IV, bls. 108).

eldra er þá metið á við tvær kýr, 4 vetra uxi á við kú, geldur eða graður, uxi 5 vetra gamall þriðjungur annars kúgildis, uxi 6 vetra tveir hlutir annars kúgildis.¹⁾ Í Reykdælasögu eru tvö yxn rauð 6 vetra gömul metin á fimm hundruð.²⁾

Uxum var í fornöld beitt fyrir sleða og vögur, og voru oft tveir uxar fyrir hverjum sleða.³⁾ Hey var flutt heim á uxasleðum að vetrarlagi⁴⁾ og líka á sumrum. Þórólfur bægi-fótur lét aka heim heyi, þrennum eykjum.⁵⁾ Stundum var hestum beitt fyrir sleðann í stað uxa, en uxarnir voru hin vanalegu akdýrin.⁶⁾ Yfirleitt var uxum beitt fyrir alt, er aka þurfti og eins fyrir lík manna til greftrunar.⁷⁾ Naut hafa frá alda öðli víða um lönd verið notuð til aksturs og eru allvíða notuð enn: á stöku stað á Íslandi voru naut enn notuð til aksturs á 16. öld og sumstaðar jafnvel fram á 18. öld, einsog síðar mun greint. Nautakjöt og slátur var í fornöld almenn fæða, og mun nautaslátur þá hafa haft svipaða þýðingu fyrir hin stærri heimili einsog sauðaslátur síðar. Nautshúðir voru notaðar á ýmsan hátt, til skæða, í húðföt, til að tjalda sleða, yfir búlka á skipum o. fl. Um tölu geldneyta á búum manna er sjaldan talað á sögutímanum, en þau hafa eflaust verið mörg á stórheimilum. Skallagrímur »lét reka heim uxa marga, er hann ætlaði til höggs«. ⁸⁾ Hrutur rak frá Höskuldssstöðum 20 naut og lét jafnmörg eftir,⁹⁾ á þeim bæ einum hafa þá verið 40 naut. Arnkell goði lét eitt sinn reka sjö yxn af fjalli, er

¹⁾ Dipl. isl. I, bls. 165.

²⁾ Reykdælasaga, Rvík 1897, 11. kap., bls. 27, sbr. bls. 32.

³⁾ Eyrbyggja 1895, kap. 34, bls. 81, kap. 37, bls. 89. Landnáma bls. 71. Fljótsdælasaga 1896, bls. 149.

⁴⁾ Fóstbræðrasaga 12. kap., bls. 55—56.

⁵⁾ Eyrbyggja 1895, 30. kap., bls. 70.

⁶⁾ Landnáma bls. 71. Vatnsdæla kap. 34, bls. 84. Á Kirkjubæ i Tungu er 1397 nefndur »6 vetra uxi ekin«. Dipl. isl. IV, bls. 219.

⁷⁾ Eyrbyggja kap. 33 og 34, bls. 81, 83, 84.

⁸⁾ Egilssaga 1892, kap. 38, bls. 95.

⁹⁾ Laxdæla 19. kap., bls. 44.

faðir hans átti, og slátraði þeim í bú sitt.¹⁾ Þorsteinn Egilsson lét leiða til búðar Egils föður síns þrjú yxn og höggva til þingnestis honum²⁾ o. s. frv.

Auðséd er það á öllu, að fornmennt hafa farið miklu ver með nautgripi sína en nú er gert, kýrnar voru látnar ganga úti, þegar hægt var, og það stundum á vetrum, á sumrum lágu þær úti á nóttu, en voru reknar heim á stöðul kvöld og morgna; eðlilega hafa þær þá mjólkað miklu ver en nú, er svo var með þær farið. Geldneytin voru aðallega útingangspeningur, sem aðeins var hýstur, þegar harðast var. Fjósin voru vanalega svo löguð, að kýrnar stóðu í tveim röðum og sneru höfðum að veggjunum til beggja hliða, en stórar hellur voru reistar á rönd milli básanna. Í rústum fornra eyðibæja hafa fundist leifar af gömlum fjósum, einkum í Þjórsárdal, bera þau vott um mikinn nautgripafjölda á almennum bóndabýlum, hafa víðast verið 20—30 básar til beggja hliða og milligerð milli þeirra af hellum, hver bás var vanalega 1½ alin á breidd; fjósin hafa verið löng og mjó, vanalega 13 fet á breidd, líkt og enn er víða, þó kúaraðirnar væri tvær.³⁾ Geldneytum voru oft ætluð önnur fjós. Á stærri heimilum með miklum peningi var verkum skift með húskörlum, einn látinn gæta geldneyta, annar kúneyta, einsog hjá Ólafi þá í Hjarðarholti;⁴⁾ fjósið var þar brott í skóg, eigi allskamt frá bænum. Alstaðar þar sem naut voru mörg og þeim var fylgt í haga á vetrum, þurfti eðlilega sérstakan mann til þess, og annar hefir þá annast kýrnar og fjósið.

Þegar kemur fram á 13. öld, fjölgar mjög heimildum og frásagnirnar verða vissari. Þá er nautgripa oft getið í Sturlungu, Biskupasögum og fornbréfum og sést það glögt, að kýr og geldneyti hafa verið mjög mörg á hinum stærri

¹⁾ Eyrbyggja 30. kap., bls. 71.

²⁾ Egilssaga 81. kap., bls. 271.

³⁾ *Daniel Bruun*: Fortidsminder og Nutidshjem paa Island. Kbhavn 1897. *Þorsteinn Erlingsson*: Ruins of the Saga Time, London 1899

⁴⁾ Laxdæla 24. kap., bls. 70.

búum og alstaðar fleiri en nú er títt. Það þóttu undur, að Þorgrímur Vigfússon alikarll hafði um sumar aðeins tíu kýr á Laugalandi.¹⁾ Marga nautgripi hefir Snorri Sturluson haft á búum sínum, úr því hann lítið munaði um að hundrað (120) nauta dóu fyrir honum harða veturinn 1226 á einu af búum hans, í Svignaskarði. Þorgils skarði hafði á Staðastað 40 kúa og hundrað ásaunar;²⁾ Sturla Sighvatsson rændi 1237 þrem tígum yxna í Görðum á Akranesi eftir bardagann í Bæ;³⁾ Þorvaldur Vatnsfirðingur rak 20 kýr frá Mýrum í Dýrafirði.⁴⁾ Mikill búfénaður hefir verið í Kirkjubæ, er Sæmundur Ormsson háði þar féránsdóm 1250, fyrst var skift af staðareign og tekið frá það, er Steinunn Jónsdóttir kallaði sér, og það fé, sem Ögmundur hafði gefið henni, því, sem eftir var, var svo skift til helminga, og komu þá í hvorn hlut aðeins af nautgripum þrír tigur kúa, tólf kúgildi ungra geldneyta og fjögur arðuryxn, fyrir utan allan annan pening, sem þar er talinn.⁵⁾ Árið 1259 var víða rænt á Rangárvöllum og drepin tíu hundruð nauta um haustið.⁶⁾ Af máldögum frá 13. öld má sjá, að kirkjurnar hafa átt fjölda nautpenings, og yrði of langt mál að rekja það allt hér. Vér skulum aðeins nefna fá dæmi. 1179 á kirkja á Sólheimum 10 kýr, kirkja á Rauðalæk 15 kýr, 1180 Saurbæll á Hvalfjarðarströnd 15 kýr og 5 kúgildi í geldfé, 1186 á Helgafell 20 kýr, 1220 á kirkja á Innrahólmi 8 kýr. Garðakirkja á Akranesi 10, 1223 kirkja í Hafursfjarðarey 12 kýr, 1224 Reykholtskirkja 20 kýr og griðung, 1259 Skarðskirkja á Skarðsströnd 15 kýr og griðung, 1270 Vallaneskirkja 21 kú og 30 kúgildi í geldfé, Oddakirkja 30 kýr o. s. frv. 1218 á Þykkvabæjarklaustur 40 kúa heima og 5 með útlöndum og auk þess 50 geldneyti og 22 kálfa. Nú

¹⁾ Sturlunga (Rvík) I, bls. 295.

²⁾ Sturlunga III, bls. 250.

³⁾ Sturlunga II, bls. 282.

⁴⁾ Sturlunga I, bls. 311.

⁵⁾ Sturlunga III, bls. 161—162.

⁶⁾ Sturlunga IV, bls. 118.

var þessi peningur oft aðeins nokkur hluti af áhöfn jarðanna, sem kirkjurnar stóðu á. og má af þessu ráða, hve afar mikil nautgripaeignin var í samanburði við það, sem nú er. Oft er þess getið í máldögum, að kirkjur eiga nautaupprekstur í löndum annara jarða, uppi til dala og á heiðum, stundum er tekið fram, að kirkjan á tilteknum stöðum eigi nautabeit á vetrum.¹⁾ Þorkell Bjarnason getur þess til,²⁾ að kúafjöldinn á söguöld muni hafa verið 5 til 6 sinnum meiri en á 19. öld. og telur, að þá muni hafa verið um 80 þúsundir kúa á landinu, og um 55 þúsund geldneyti. Þetta er ef til vill heldur mikið, en það mun varla fjarri sanni, að Íslendingar hafi á Sturlungaöld átt 100 þúsund nautgripa, ef ekki meira. Þó er þetta eðlilega aðeins getgáta.

Það sést glögt á Sturlungu, að nautakjöt hefir verið daglegur matur manna á þeim tímum, og þess er víða getið, að óaldarflokkar þeir, sem þá fóru um landið, slátruðu nautum, sem þeir oftast rændu eða kúguðu menn til að láta af hendi; hefir þurft fjölda nautgripa til að sedja slíka flokka, í þeim voru oft mörg hundruð manna og stundum jafnvel þúsund manns eða fleiri. Oddur Þórarinsson sat í Geldingaholti og hafði á annað hundrað manna, þar var á einu kveldi etinn uxi 5 vetra gamall upp til agna.³⁾ Vanalega var kjöt og slátur soðið í stórum kötlum, en einu sinni er þess getið, að þeir steiktu kýr við elda, af því þeir fengu eigi katla til að sjóða.⁴⁾ Vænir gamlir uxar þóttu þá sem fyrr metfé og góðir gripir, svo höfðingjar gáfu þá hver öðrum sem vingjafir. Páll prestur Sölvason í Reykholti lét leiða fram þrjá uxa, og var einn sex vetra, en annar níu vetra, og bauð Jóni Loptssyni, hvort hann vildi þiggja að gjöf sex vetra uxann eða báða hina; kaus Jón þann sex vetra, enda sagði Páll prestur,

¹⁾ Sbr. t. d. Dipl. isl. I, bls. 248, 278, 522; II, bls. 403, 671; III, bls. 124 og víðar.

²⁾ Tímarit Bókmaf. VI, bls. 6—8.

³⁾ Sturlunga III, bls. 326.

⁴⁾ Sturlunga I, bls. 305—306.

að hann hefði kostað sig jafnt og hinir báðir, og var annar þó níu vetra; hefir naut þetta líklega verið stríðalið. Síðan dró hann gullhring á horn uxanum og kvað honum fylgja skyldu tíu hundruð vaðmála.¹⁾ Brandur ábóti gaf Þorgilsi skarða uxa 5 vetra og Skeggi bóndi í Viðvík gaf honum uxa 9 vetra gamlan.²⁾ Fornmenn notuðu sem kunnugt er nautshorn sem drykkjarilát í veizlum, voru þau oft fagurlega fægð og búin dýrum málmum, stundum útskorin með rósum og myndum. Eggert Ólafsson hefir heyrt, að fornmenn hafi aukið vöxt nautshornanna með því að smyrja rót þeirra með nokkurskonar feiti, og svo vanið þau einsog þeir vildu með því að binda þau saman eða glenna þau út. Eggert segir, að eun séu til nokkur búin horn í drekalíkingu með pöddu- eða fuglafótum undir og fugls- eða drekahöfði á loki.³⁾ Í Sturlungu er getið um nautahlöðu, uxarétt⁴⁾ o. fl., er sýnir, að geldneytunum hefir verið haldið fyrir sig. Úr því nautin voru svo mörg og þau oft svo hundruðum skifti voru rekin á afrétti, varð að auðkenna þau, enda munu menn til forna hafa markað kýr og naut einsog sauðfénað. Í Jónsbók er fyrirskipað, að »menn skuli einkenna búfé sitt alt, nema hross, og hafa einkent er átta vikur eru af sumri alt það, er hann þá má á henda. Eitt mark skal hann hafa á öllu fé sínu⁵⁾ Það sést á fornbréfum, að kýr voru markaðar á eyrum einsog sauðfé.⁶⁾

Einsog vér fyrr höfum séð, litur út fyrir, að það hafi verið búlag íslenzkra bænda, að ætla hverju hjúi eina kú eða öllu fremur kú fyrir hvern heimilismann. Sá var ekki talinn með mönnum, sem ekki átti kú eða málnytukúgildi fyrir hvert skuldahjón, við það var þingfararakaup bundið

¹⁾ Sturlunga I, bls. 155.

²⁾ Sturlunga III, bls. 250; IV, bls. 74.

³⁾ Eggert Ólafsson's Rejse bls. 52.

⁴⁾ Mynd af fornri nautarétt við Reynistað er í bók D. Bruun's Fortidsminder og Nutidshjem paa Island, Kbhavn 1897, bls 71.

⁵⁾ Jónsbók (Ó. H.) bls. 177.

⁶⁾ Dipl. isl. V, bls. 257; VI, bls. 571.

og síðar skattur; mannvirðing í héraði og á þingi byggðist líka á því, að menn væru skattbændur og sjálfbjarga.¹⁾ Það er ljós vottur þess, hve formenn álitu nautgriparæktina þýðingarmikla fyrir þjóðfélagið, að sveitirnar höfðu samábyrgðar-vátrygging á nautpeningi og húsum, þetta tvent þótti þeim mestu varða. »Ef fallsótt kemur í fé manns, svá at fellur fjórðungur nautfjár þess, er hann hefir, eða meiri hlutur, þá skulu hreppsmenn bæta honum skaða.« Enginn fekk þó meiri skaða bættan en hálfan. Skaðabætur skyldi borga eftir efnahag manna í hreppnum, þó var enginn skyldur að borga meira en 1 0%, 6 álnir af hverju hundraði 6 álna aura; ef fleiri menn biðu skaða á einum missirum, þá skyldi jafnt öllum bæta, til þess 6 álnir eru af hundraði hverju goldnar, en ef það vinst eigi til, skal jafna niður skaðabótunum að réttu hlutfalli, svo að sá fái minni skaðabætur, er minni skaða hefir hlotið.²⁾ Engin vátrygging var höfð á öðrum fénaði.

Hinn mikli nautgripafjöldi fornaldarinnar minnar ekki á næstu öldum. Það er jafnvel sennilegt, að nautgripir hafi á 14. og 15. öld verið fleiri en á lýðveldistímanum, fornbréf og skjöl bera vott um ótrúlega mikinn nautpeningsfjölda á ýmsum heimilum á þeim öldum; þó er eðlilega ekki hægt að fá vitneskju um búpening smábænda og fátæklinga, margir þeirra hafa aðallega orðið að lifa við leigufé, enda er kúgildafjöldi sá, sem biskupsstólar, klaustur og auðmenn eiga með jörðum og á leigustöðum, ákaflega mikill. Efnahagurinn hefir líklega verið jafnastur á söguöldinni, meiri auður en fyrr var farið að safnast til

¹⁾ Skúli Magnússon telur í »Sveitabónda« þann einan bjargálmann í sveit, og sjálfbjarga, sem hefir 2 málnytukúgildi fyrir hvern mann í heimili (Gl. Félagsrit IV, bls. 147).

²⁾ Grágás, Staðarhólsbók, Kmhöfn 1879, bls. 260. *K. Maurer*: Island, 1874, bls. 294—297. *Bogi Th. Melsted*: Um ábyrgð á húsum og nautfé í hinu íslenska þjóðveldi (Bínaðarrit IX, 1895, bls. 41—51). *Valtýr Guðmundsson*: Vátrygging á þjóðveldistímanum (Eimreiðin I, bls. 45—47; IV, bls. 97—99).

einstakra manna á 13. öld, svo eykst auðmannavaldið á 14. öld og nær hámarki sínu á hinni 15.

Frá 14. öld eru til skýrslur um kvikfénað klaustranna, og er hann furðu mikill. Árið 1340 á Þykkvabæjarklaustur 43 kýr heima, 59 yxn og 25 kálfa, auk þess 95 kúgildi á leigustöðum. Kirkjubæjarklaustur á Síðu á, 1343, 40 kýr heima, 57 geldneyti og 26 kálfa, auk þess 10 kýr lausar á leigustöðum og 63 kúgildi með löndum. Viðeyjarklaustur á, 1367, 50 kýr heima, 80 naut og 31 kálf, auk þess 1098 kúgildi með jörðum, þar af 20 ásauðarkúgildi. 1397 á Helgafellsklaustur heima og á útibúinu (?) Saurum 30 kýr og kvígur. 22 kálfa og 87 naut.¹⁾ Líklega hafa kúabúin alment verið fleiri og stærri syðra en nyrðra. Þó er auðsæð, að mikill fjöldi kúa og geldneyta hefir verið á hinum stærri jörðum á Norðurlandi, og þá sérstaklega á Hólum í Hjaltadal. Árið 1374 á Hólastaður heima og á staðarbúum 107 kýr og 80 naut og 362 kúgildi í kvikfé á ýmsum stöðum í Skagafirði. Eftir ráðsmannsreikningsbroti frá Hólum, 1389, á Hólastóll allmikinn kvikfénað á ýmsum jörðum í Skagafirði, en hvort það hefir verið á leigu eða í fóðrum eða nokkurskonar útibú sumt, sést eigi. Alls á stóllinn þar á 6 jörðum 104 kýr og kvígur og 149 nautgripir gelda; á Hofsstöðum eru 33 kýr og kvígur og 41 nautgripir aðrir, þar af 30 gamlir uxar, og í Holti eru líka 30 uxar. Árið 1396 er allur fénaður á Hólum talinn í einu í kúgildum ósundurgreint, voru þá heima og á útibúum 523 kúgildi í nautgripum og sauðfé og 60 kálfar, en 959 kúgildi eru talin í umboðum.²⁾ Kúaeign kirkna hefir ekki minkað á þessari öld. 1318 á Breiðibólsstaður í Vesturhópi 22 kýr, Múlakirkja í Þingeyjarsýslu 20 kýr og 9 naut, Melstaður 17 kýr, Staðarbakki 15. Árið 1354 á Hítardalur 26 kýr, 15 naut og 4 kálfa, Selárdalur 15 kýr; 1356 á Gaulverjabær 39 kýr, 13 naut og 3 kálfa, 1391 eru 35 kýr á Grenjaðar-

¹⁾ Dipl. isl. II, bls. 738, 781; III, bls. 214; IV, bls. 168.

²⁾ Dipl. isl. III, bls. 290, 430, 614.

stað. 1397 25 kýr í Odda, 17 í Stafholti, 30 á Melum í Melasveit, 26 á Valþjófsstað o. s. frv. Á fjölda af kirkju-setrum, og þeim sumum smáum, eru milli 10 og 20 kýr. Kúatalan hefir víðast vaxið frá því á 13. öld, mjög óviða minkað.

Nóg gögn eru til að sýna, að nautpeningsræktin hefir verið í svipuðu horfi á 15. öld, og þarf ekki að telja mörg dæmi. Þó þau séu nóg í Fornbréfasafninu. Kirkjur, klaustur og biskupsstólar halda sama nautpeningsfjölda eða auka hann, og þá fjölgar mjög stórbúum ríkismanna, sem rök-udu saman erfðafé á maundaðaárunum. Árið 1408 eru á Reynistað taldar 22 kýr og 7 kálfar,¹⁾ 29 uxar gamlir og 16 yngri naut,¹⁾ en 1446 hefir áhöfnin aukist mjög, því þá standa heima á klaustrinu sjálfu 50 kúa, 30 kálfar, 10 kvígur veturgamlar, 14 tvævetra, 18 veturgömul naut geld með graðungum, 15 naut þrevetur, 2 graðungar þrevetra, 67 uxar þriggja vetra og eldri.²⁾ Þetta verða samtals 206 nautgripir. 1429 voru á Möðruvallaklaustri 24 kýr, »allar afganglar«, 8 kálfar og 50 naut; 1446 á Munkapverá heima á staðnum 40 kýr, 17 kvígur, 17 kálfa og 65 naut, auk þess tvö hundruð kúgildi á leigustöðum.³⁾ Alkunn eru stórbú Guðmundar Arasonar á Reykhólum; eignir hans voru dæmdar undir konung 1446, og bjó hann þá á sex höfuðbólum, á Reykhólum, Kaldaðarnesi í Bjarnarfirði, Núpi í Dýrafirði, Brjánslæk, Saurbæ á Rauðasandi og Felli í Kollafirði, og voru alstaðar stórmannleg bú að kvikfé og öllu lausafé. Undir hvert þessara höfuðbóla heyrðu svo fjölda margar jarðir í umboðum. Á hinum fyrr greindu 6 höfuðbólum voru þá 192 kýr, 74 kálfar og 215 naut, samtals 481 nautgripir. Flestar kýr voru á Reykhólum og Saurbæ, 45 á hvorum bænum, en 42 á Núpi; 154 nautgripir voru á Reykhólum einum.⁴⁾ Þegar

¹⁾ Dipl. isl. III, bls. 718.

²⁾ Dipl. isl. IV, bls. 702.

³⁾ Dipl. isl. IV, bls. 373, 700.

⁴⁾ Dipl. isl. IV, bls. 683—694.

þeir síra Sigmundur Steinþórsson og Einar Björnsson 1476 rændu Jón prest Broddason á Miklabæ, ráku þeir þaðan 26 kyr með 11 Hólastaðarkúm, sem þar voru í fóður settar, 2 kvigur, 4 kálfa, 10 uxa gamla og 16 naut önnur, alls 69 nautgripi.¹⁾

Það er auðséð af þessum dæmum og mörgum öðrum, sem hægt væri að tína til, að nautgripafjöldinn hefur vart verið minni á 15. öld, en á hinni 13. og 14.; það er varla líklegt, að tala nautpenings hafi á öllu landinu á þessum öldum verið minni en 100 þúsundir eða þar í kring. Jarðirnar hafa í þá daga borið miklu meiri nautpening en nú, og þó nú mikið af þessum búpeningi, sérstaklega geldneytin, hafi mestan part lifað á útigangi, þá hefir þó orðið að afla mikilla heyja handa öllum kúasægnum, jafnvel þó þeim hafi verið beitt úti þegar hægt var. Á biskupsstólum og klaustrum hefir þurft að afla mikilla heyja. Um vorið 1396, 2. maí, var á Hólum í Hjaltadal »hey heima og utangarðs nærri fjórum tigum faðma töðu, en mjög svo engin útheyin.«²⁾ Þá hefir verið búið að gefa upp útheyin, líklega mest til þess að hára útigangspeningi, en töðufyrningarnar eru ekki svo litlar, þó peningurinn væri margur. Stundum hefir þó orðið heyfátt á Hólum, eins og t. d. harða veturinn 1331, þegar sauðfé staðarins féll unnvörpum af hor, vegna þess að Skúli ráðsmaður hafði eigi fylgt ítrekuðum áminningum Laurentiusar biskups, að skera nóg um haustið.³⁾ Margt fólk hefir þurft til að annast peninginn, en vinnufólkskaup var á þeim öldum mjög lágt og fæða þess miklu ódýrari en síðar og fekst öll af búinu. Sjósókn var þá minni en síðar varð og því var sjaldan vinnufólksekla til sveita.⁴⁾ Það hefir líka greitt fyrir að

¹⁾ Dipl. isl. VI. bls. 76

²⁾ Dipl. isl. III. bls. 614.

³⁾ Biskupasögur I. bls. 873.

⁴⁾ Þó virðist ýms glundroði hafa komist á hjúahaldið eftir svarta-daða, vinnumenn orðið færri og kaupdýrari og komist los á ráð þeirra. Á þetta virðast benda hinar hörðu ákvarðanir um vinnumenn og vermenn í alþingissamþyktni 1404. Dipl. isl. III. bls. 688—696.

þá var mikið haft í seljum, svo heimahagar bitust minna og voru notadrygri til veturbeitar, en sauðfé var tiltölulega fátt.

Hvort nautgripafjöldinn hefir verið jafnmikill á 16. öld. er eigi hægt að segja, en það sést af bréfum og skýrslum, að ekki hefir mikið fækkað fyrir siðabót og líklega fremur lítið langt fram eftir öldinni. Árið 1544 lýsir Gissur biskup á prestastefnu, hve mikið gangandi fé hann hafi meðtekið með Skálholtsstól, en ekki er þar sérstaklega getið, hvað mikið var á sjálfu staðarbúinu, þá voru kirkjukúgildi í öllum umboðum hundrað og níu tigur (210), »kúgildi á staðnum og öllum staðarbúum, í fódrum og leigukúgildi og í öllum umboðum og stöku kúgildi hjá öðrum mönnum tólf hundruð fimm tigur« (1490) »ítem gömul naut og ung tvö hundruð 9 betur«¹⁾ (249). Staðurinn hefir þá átt alls 1949 kúgildi, mest nautpeningskúgildi, því sauðfé staðarins er talið sérstaklega. Þegar Marteinn biskup 1556 slepti Skálholtsstað, lét hann af hendi með stólnum 48 naut 4 vetra, 71 naut þriggja vetra, 112 tvævetur og 95 veturgömul og auk þess 125 landnaut og kálfa í fódrum²⁾, alls 451 nautgripi. Um 1570, í tíð Gísla biskups Jónssonar, átti Skálholtsstóll 1296 geldneyti, 48 4 vetra, 71 3 vetra, 977 2 vetra, 95 eins árs og 105 landnaut eða iskyldunaut, sem voru fódruð af staðarlandsetum. Fyrir utan heimajörðina í Skálholti hafði Gíslur biskup 6 útibú;³⁾ á þessum 7 búum hafa þá verið 1181 geldneyti. Þegar Oddur Einarsson tók við staðnum 1589, er sagt að þar hafi verið 466 naut alls,⁴⁾

¹⁾ Dipl. isl. XI, bls. 315.

²⁾ Árb. Esp. IV, bls. 114.

³⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 91–92. Útibú Gísla biskups voru á Hömrum í Grímsnesi, á Fjalli á Skeiðum, á Skammbeinsstöðum, í Skipholti, í Efstadal í Biskupstungum og á Skriðufelli. Ögmundur biskup hafði líka bú á Reykjum í Ölfusi og í Haukadál (Safn I, bls. 68). Í fyrri tíð höfðu Skálholtsbiskupar enn fleiri útibú. Jón Espólin (Árb. I, 125) segir, að þeir fyrir pláguna miklu hafi oftast haft 12 útibú og var eitt á Útskálum í Gardi, en hin í Árnes- og Rangárvallasýslum og var það kallað fyrir ofan heiði.

⁴⁾ Jón Halldórsson: Biskupasögur I, bls. 111.

og eru útibúin líklega ekki talin með. Naut voru lengi í Skálholti notuð til dráttar. Stefán biskup lét á sumrum taka upp grjót mikið og hellur til bygginga á staðnum og var því ekið heim með nautum. Ögmundur biskup lét aka trjám og stórviðum heim að Skálholti á járnúðum nautum og segist Jón prestur Egilsson hafa séð skeifurnar, sem hafðar voru á nautin.¹⁾ Penningur á Hólum og á klaustrum nyrðra var þá og mikill. Þegar Jón Arason tók við biskupsdæmi nyrðra, 1525, er skepnutalan á Hólum eigi tiltekin, en búpeningur staðarins virtur til hundraða, þá voru mál-nyttukúgildi heima og á staðarbúum tvö hundruð og 80 »sum gömul og vond«, en í geldum nautum hundruð hundr-
aða. 70 hundruð og 6 hundruð. Sama ár voru á Múnkaþverárklostri heima 18 kýr, 3 kálfar og 22 naut, alls 43 nautgripir; á Þingeyraklostri heima á staðnum 31 kýr, 2 kvígur og 22 naut, alls 54 nautgripir; á Reynistaðarklostri voru þá heima 45 kýr, 12 kálfar og 69 nautgripir aðrir, alls 126 nautgripir.²⁾ Þegar Guðbrandur biskup Þorláksson tók við staðnum á Hólum, 28. júní 1571, voru þar heima 50 kýr, 6 kálfar og 108 naut, alls 164 nautgripir á staðnum.³⁾ Af þessum fáu dæmum sést, að nautgripafjöldinn á biskupsstólunum og klaustrunum hefir enn verið allmikill fram yfir miðja öldina, þó hann sé sumstaðar nokkuð minni en fyrr. Nóg gögn eru líka til að sýna, að miklu meiri fjöldi kúa og nauta hefir verið á bóndabæjum og smábýlum en nú er. Á árunum 1552--1580 talar Jón Egilsson í annál sínum um nautadauða á ýmsum bæjum á Suðurlandi, og dóu þetta 10--18 naut á hverjum bæ.⁴⁾ Sýnir það að allmikill nautgripafjöldi hefir þá líka verið hjá smábændum. 1504 eru í Síðumúla 26 kýr, 2 kvígur og 16 kálfar og 40 geld naut. Sama ár voru 20 kýr á Breiðabólstað í Fljótshlíð og 10 hundruð í geldum nautum.⁵⁾

¹⁾ Safn til sögu Íslands I, bls. 48, 66.

²⁾ Dipl. isl. IX, bls. 300, 308, 316, 321.

³⁾ Sigurðarregistur.

⁴⁾ Árferði á Íslandi bls. 55--57.

⁵⁾ Dipl. isl. VII, bls. 735, 742.

1539 rændi Diðrik af Minden í Viðey 20 kúm, 120 ám og 70 lestum fiska.¹⁾ Um Orm Vigfússon á Eyjum í Kjós var kvæðið, að hann hefði bætt jörðina svo, að hún gæti »fleytt og fært fimtíu kúa þunga«.²⁾

Á 17. öld fer nautpeningsræktinni að fara aftur og kúm og nautum að fækka. Bar margt til þess, breytt búskaparlag, óhagstæð verzlun, vont árferði. Menn voru nú farnir að verzla miklu meira en áður að tiltölu, þurftu að hafa kaupeyrir til að gjalda fyrir ýmsar nauðsynjar og munaðarvörur. Kaupmenn vildu helst taka fisk og ull, gátu haft mestan hagnað af því, við það jókst bátaútgærd og fólk fluttist að sjónum og varð kaupdýrara. samtímis fór sauðfénaði að fjölga og margir tefldu á tvær hættur, settu of mikið á og drápu úr hor, þegar harðnaði í ári, en ilt árferði í sambandi við óheppilega löggjöf. skapaði fjölda af þurfamönnum og flakkaraskril, sem lá upp á bændum og ekkert vildi vinna. Verzlunin kærði sig lítið um afrakstur kúabúa, þó nokkuð væri flutt út af þesskonar vörum fram- an af öldinni, fór það jafnt og þétt minkandi. Af smjöri voru 1624 fluttar út 636 tonnur, 1630 334 $\frac{1}{2}$ tunna; af uxakjöti 1624 184 tonnur, 1630 163 $\frac{1}{2}$ tunna; 1624 voru flutt út 691 kálfskinn og 231 uxahúðir; 1630 89 kálfskinn og 174 uxahúðir, en verð og útflutningur á þessum vörum fór síminkandi, svo þær hurfu úr sögunni á 18. öld. Eins og kunnugt er, urðu þeir, er borguðu í kjöti, smjöri, vaðmáli og sokkum eftir verzlunartaxta einokunartímans, að borga töluvert herra verð fyrir alla útlenda vöru, en þeir sem borguðu með fiski eða lýsi, þrátt fyrir það, að landvaran var í mjög lágu verði. Á alþingi 1631 var kvartað undan því, að kaupmenn vildu eigi gefa meira en tvö hundruð og 60 fiska fyrir gamalt naut algilt »en vor á meðal kostar það 12 vættir fiska, sem er fjögur hundruð fiska«. Síðar borguðu kaupmenn 5—6 vættir fyrir fjöggra vetra naut og á 18. öld aðeins 4—5 rd. kúrant, þegar þau á annað borð

¹⁾ Árb. Esp. III, bls. 119.

²⁾ Árstíðaskrár bls. 199.

voru tekin í verzlun.¹⁾ Eftir 1684 voru naut ekki verðsett í hinum íslenska verzlunartaxta. Þetta hefir eflaust með öðru gert mikið til að fækka geldneytum. Þrátt fyrir áðurgreindar kringumstæður hefir nautgripafjöldinn langt fram eftir 17. öld verið mikið meiri en á 19. öld. Grímur Thomssen getur þess til, að 1655 muni hafa verið um 50 þúsund nautgripir á Íslandi,²⁾ er það ekki ósennilegt. Klaustrin með stórbúum þeim, sem þar höfðu verið, voru nú lögð niður, og biskuparnir höfðu miklu minna um sig, enda miklu minni tekjur en í fornum sið. Þótti biskupum nú of mikið umstang við að hafa stór bú og mörg, enda fór flest manndáð þverrandi í landinu eftir siðabót. Árið 1646 lét Brynjólfur biskup afhenda Jens Söfrenssyni fógeta það inventarium Skálholtsstaðar, er óþarflegt virtist, þar með 23 geldnaut gömul, 4 þrevetra, 22 tvævetur, tvö veturgömul, alls 49 nautgripi, og auk þess 195 sauði tvævetra og eldri, 120 veturgamla og smjör mikið,³⁾ og var ekkert borgað fyrir. Þó fjölgaði Brynjólfur biskup tveim árum síðar um 21 kú á staðarbúinu.³⁾ Árið 1653 leysti Þorlákur »biskup Skúlason út af Hólainventario óþarflegu 25 geldneyti fyrir hundrað dali, en 84 voru þá eftir.«³⁾ Þannig dattu smátt og smátt stærstu bú landsins úr sögunni og útbú biskupsstóla, klaustra og einstakra manna leggjast flest niður. Þó nokkrir stóreignamenn væru enn til á 17. öld, þá voru þeir miklu færri en á 15. og 16. öld, ekki nærri eins ríkir, höfðu minna um sig og ekki aðrir eins búsyslumenn.

Á 18. öld er þjóðarbúskapurinn kominn á sitt lægsta stig, afturför bjargræðisveganna á hinni 17. öld kom harðlega niður á alþýðu hinnar 18. aldar; verzlunareinokunin var búin að sjúga þann merg úr þjóðinni, sem eftir var, og þegar ilt árferði og hin ógurlegustu eldgos bættust ofan á aðra armæðu, var varla undarlegt þó þjóðfélagið kæmist á steypirinn og væri nærri liðið undir lok í Móðuharðind-

¹⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 92—93.

²⁾ Tímarit bókmentafélagsins I, bls. 239.

³⁾ Árb. Esp. VI, bls. 118, 126, 153.

unum 1783—85. Framan af öldinni eru þó ennþá eftir nokkrar menjar af fornum búskapar-dugnaði og nautpeningsræktin er ennþá töluvert mikil, þó henni stöðugt fari aftur. Á árunum 1703—1712 var íslenzkur búpeningur fyrst talinn, þá voru alls 35860 nautgripir á landinu og er líklegt það sje nálægt þriðjungi þess, sem til var á 13.—15. öld. Þó eru nautgripirnir nærri helmingi fleiri, en þegar lægst var talið á 19. öld. Eftir kvikfjártalinu 1703 voru á Íslandi 24467 kýr og 3876 kvígur (alls 28343) 4540 kálfar og 2977 graðungar og uxar; geldneytunum hefir auðsjáanlega þá mjög verið fækkað frá því sem var á fyrri öldum og tala þeirra ekki hærri en þegar flest var á 19. öld (1830—1831). Á seinasta fjórðungi 18. aldar voru geldneytin orðin svo fá, að danska stjórnin varð, 1786, að senda 20 naut til Íslands handa fálkaskipinu,¹⁾ því fálkarnir voru jafnan fóðradir á nýju nautaketi.²⁾ Þá voru líka móðuharðindin nýfastadin; 1791 voru til á öllu landinu 1641 graðungar og uxar og 1795 1686.

Á fyrri hluta 18. aldar hafa ýmsir bændur enn átt geldneyti, sem mikinn part lifðu á útigangi, þeim var á fyrri öldum gefið á gaddi einsog hrossum, og þar sem þau voru betur haldin, var þeim ekki gefið mikið. Eftir Búalögum voru fyrir fóður goldnar með vetrungi, geldri kvígu, veturgömlu eða tvævetru nauti 20 álnir með hverju, hafa þeim þá verið ætlaðar í mesta lagi 10 vættir (691 pd.) töðu eða 20 vættir af úthevi, töðuvætt kostaði 2 álnir, útheysvætt alin, og þá er ekkert ætlað fyrir húsi og hirðingu. Eggert Ólafsson getur þess, að á Mosfellsheiði gangi villiuxar, sem séu reknir heim á haustin og skift eins og sauðfé eftir mörkum. Hann getur þess einnig, að Borgfirðingar reki geldneyti á Arnarvatnsheiði og Úxahryggi, og þar hafi

¹⁾ Sveinn Pálsson læknir sigldi með fálkaskipinu í ágústmánuði 1787 til Kaupmannahafnar, segir hann í almaraki sínu að þetta lifandi hafi verið á skipinu: 23 menn, 6 fálkanaut, 6 hænsni, 8 kindur, 3 kettir, 3 tóuyrmlingar, einn hundur og 46 konungsfálkar; alls 96 kvikindi.

²⁾ Gl. Félagsrit VI. bls, 92.

ferðamenn áður getað séð stóra nautaflokka, en 1757 sást þar enginn nautgripur, því mikill kvikfénaður hafði fallið á hörðu árunum, sem þá voru nýlega afstaðin. Hann getur þess einnig, að það sé nú orðið altof dýrt fyrir bændur að ala nautin, úr því svo lítið fáist fyrir þau í kaupstað, kaupmenn vilja eigi gefa meira en 4—5 kúrant dali fyrir 2—3 ára tarf eða uxa.¹⁾ Einstöku efnamenn á seinni hluta 18. aldar áttu þó töluvert af geldneytum. Ólafur Stephensen stiptamtmaður segist oft hafa átt 20 útigangsnaut, sem eigi þurftu meira fóður en 5 í fjósi og miklu léttara, og hafi þau að haustinu eigi verið lakari en hin til niðurlags. Hann reyndi líka að nota naut til áburðar og bar 5 vetra naut léttilega 7—8 fjórðunga klyfjar hverju megin hryggjar. Ólafur Stephensen telur það mikinn skaða að slátra nautunum of ungum; því ef nautið er 7—8 vetra »skerst það með 6—7 fjórðungum mörs, kjötið vegur þá 5—6 vættir og verður miklu feitara; skinnið fullhart vegur 2 fjórðunga og þar yfir. Aldrei fitnar naut eins vel, meðan það stendur í vexti, sem er til hins 7. árs, og hitt, er fullra 7 eður 8 ára er að aldri.²⁾ Á Austurlandi áttu nokkrir menn langt fram eftir 18. öld uxa, sem gengu úti sem gaddhestar og voru sumir járnaðir til aksturs. Sigurður Gunnarsson prófastur á Hallormsstað segir, að seinustu akneyti á Austurlandi hafi síra Björn Hallason í Þingmúla átt um 1770. Þá var kúm víða beitt úti, þegar hægt var, og 1798 og 1799 gengu tvær kvígur úti í Meðalnesskógi og komu ekki í hús.³⁾ Þegar sauðfé fækkaði af fjárkláðanum fyrri, fóru stöku menn að ala upp geldneyti, það gerði t. d. Bogi

¹⁾ Ferðabók E. Ól. bls. 52, 190, 524. Magnús Ketilsson lýsir því í *Islandske Maanedstidender* (I, 1774, bls. 21—26) hve illa það borgi sig að ala upp naut og láta þau í kaupstað. Fyrir 5 vetra naut (með húð og öllu) borguðu kaupmenn þá 6 rd. 5 mk. og 12 sk. kúrant, en kostnaðurinn við að koma þeim upp var eftir reikningi Magnúsar sýslumanns að minsta kosti 10 rd. 5 mk. 13 sk., þó nautin væri látin ganga úti eins lengi og hægt var. En væru nautin látin standa í fjósi og fóðruð, var tilkostnaðurinn minst 14 rd. 5 mk. 14 sk.

²⁾ Gl. Félagsrit VI. bls. 88—90.

³⁾ Ferðabók Þ. Th. I. bls. 53. Nordanfari XI, 1872. bls. 63—64.

Benediktsson eldri á Staðarfelli og átti hann 20 naut í senn:¹⁾ líka fjölgðu margir þá kúpeningi sínum.

Eftir harðindin á miðri 18. öld náði nautpeningsræktin sér aldrei aftur fullkomlega, þó voru um 30096 nautgripir á Íslandi 1770, en 1783 voru þeir aðeins 20067. Þá dundu móðuharðindin yfir og næsta ár voru aðeins 9804 nautgripir á öllu landinu.²⁾ Svo fer aftur smátt og smátt að fjölga og 1791 eru taldir 20670 nautgripir og 1795 22488. 1800 23296, svo fækkar aftur í aldamótaharðindunum.

Nautgripatal á 18. öld.³⁾

Ár	Kýr	Kvígur	Kálfar	Graðungar og uxar	Nautgripir alls
1703	24467	3876	4540	2977	35860
1770	22531	—	—	7565	30096
1783	—	—	—	—	20067
1784	—	—	—	—	9804
1791	14510	2175	2344	1641	20670
1795	15497	2028	3277	1686	22488

2. Nautgripatala á 19. og 20. öld.

Á hinni 19. öld fjölgaði nautpeningi ekki að neinum mun og komst hann hvað höfðatölu snerti aldrei eins hátt og í byrjun 18. aldar. Geldneytin eru nú orðin fá í sam-
anburði við það sem áður var. Þegar líður á öldina, er betur farið með kúpeninginn, einkum kýrnar, þeim er sjaldan beitt úti, aldrei á vetrum nema í einmuna góðri tíð og þeim ætlað meira og betra fóður en áður var títt, enda eykst afrakstur þeirra, þegar líður á öldina og á 20. öldinni mjólkur meðalkýr tvisvar sinnum meira en kýrnar í fornöld. Hinar prentuðu skýrslur um nautpeningsfjöldann á 19. öld eru ófullkomnar og óhentugar til samanburðar,

¹⁾ Feðgæfi. Viðey 1823, bls. 48.

²⁾ Skýrslur um landshagi II, bls. 95. Eggers telur 1783 21457 og 1784 9996 nautgripir, en hitt mun réttara.

³⁾ Skýrslur um landshagi á Íslandi II, bls. 61, 77, 101, 142, 144.

sumstaðar vantar ár og ár inn í, sumstaðar er á löngum köflum ósamkynja efni dembt saman í bendu, svo lítið er gágn að því fyrir hagfræðina.¹⁾

Nautpeningstalan tók á 19. öld ekki mjög miklum breytingum, var að meðaltali á þeim árum, sem skýrslur ná til (41 ár), 23,543. Frá árunum 1853—88 eru skýrslurnar svo ófullkomnar, að lítið er hægt á þeim að byggja. Hæst var nautgripatalan 1830 28010 og var á árunum 1829 til 1834 milli 27 og 28 þúsunda, en hefir aldrei orðið jafnhá síðan. Lægst var nautgripatalan 1889 18546 og þarnæst 1893 19948, en var annars oftast á 19. öld 20—23 þúsund. Á 20. öld hefur meðaltalan verið nokkuð hærri. 1900—1914 25651. Hæst 1902 26992, lægst 1908 23413. Síðan 1800 hefir nautpeningi ekki verulega fjölgað, þó hann sé að meðaltali dálítið höfðafleiri en á 20. öld, en peningurinn gerir nú meira gagn en áður, af því betur er með hann farið. Ungnautum og kálfum hefir fjölgað, en ekki kúm. Kýr og kældar kvígur voru flestar 1833 21474 og yfirleitt flestar á árunum 1830—1834, þá altaf yfir 20 þúsund, náðu líka 20 þúsundum 1858 og 1861. Kýrnar voru fæstar 1889 14355, en hafa oftast verið 16—18 þúsund; síðan 1862 hafa þær aldrei verið 19 þúsund eða þar yfir. Kúaeignin er nokkuð minni seinast á 19. öld og á hinni 20., heldur en um miðja 19. öld.

Eftir gróðrarfari landsins er nautgripafjöldi og sauð-

¹⁾ Frá byrjun aldarinnar til 1852 eru skýrslurnar góðar, það sem þær ná, kýr, kvígur, kálfar, graðungar og uxar aðgreint hvað frá öðru. Frá 1853 til 1881 er öllum kálfum slept, 1882 til 1888 er allur nautpeningur aðeins aðgreindur í tvo flokka, tíundbæran nautpening og veturgamlan. Svo kemst aftur skaplegt form á skýrslurnar 1889 og eru kálfar taldir með í sérstökum dálki og hefir það haldist síðan. Um árin 1803, 1805—1809, 1811—1812, 1814—1816. 1818—1819, 1835—1839, 1846—1848, 1851, 1857, 1860, 1870, 1887 vantar allar skýrslur, eða alls um 25 ár. Fyrir árin 1849, 1880 og 1881 hefir aðeins aðaltala nautpenings verið birt, þó án kálfa. Arnljótur Ólafsson hefir í 2. bindi af „Skýrslum um landshagi“ rækilega yfirfarið hinar eldri skýrslur til 1852 og leiðrétt þar ýmislegt. Hinar seinni skýrslur þyrfti líka að gagnskoða, helzt með hliðsjón af frumskjölunum, því reikningsvillur og aðrar villur koma þar fyrir sumstaðar.

fjäreign mjög mismunandi í ýmsum héruðum. Þar sem beitolönd eru góð og viðáttumikil er eðlilega mest stunduð sauðfjárrækt, en þar sem graslendurnar eru stærri og heyskapur mikill úr stararmýrum og flóum er meira af nautgripum. Þó er gagn hinna einstöku kúa engan veginn meira í slægjusveitunum, en í afskektum bygðarlögum með kjarngóðu grasi og nægilegri túnrækt, þar eru oft ágætar kýr, þó þær séu færri, af því aðalfóður þeirra er taða, en í hinum miklu slægjusveitum eru þær mest fóðraðar á út-heyi. Af fyrgreindum ástæðum er nautpeningstalan lang hæst á Suðurlandi, bæði beinlínis og tillölulega eftir flatarmáli og fólksfjölda. Hið mikla og grasgefna Suðurlandsundirlendi ræður þar mestu. Eftir seinustu búnaðarskýrslum (1914) voru á Suðurlandi 9926 nautgripir, á Vesturlandi 5596, á Norðurlandi 6695, á Austurlandi 3163. Í Rangárvalla- og Arnessýslum einum voru, 1914, 5946 nautgripir eða tæpur fjórði hluti allra nautgripa á landinu. Langflestar eru kýrnar kringum hin stærri slægjulönd á Suðurlandi, þannig voru (1914) í Ásahreppi við Safamýri 390 kýr og alls 482 nautgripir og í Ölfusi 340 kýr og alls 413 nautgripir, en samtímis voru í allri Austur-Skaftafellssýslu aðeins 360 kýr og í Strandasýslu 371 kýr. Í stöku sveitum er svo slægjulítið, að mjög örðugt er að fóðra kýr, þannig voru t. d. í Fjallasveit í Norður-Þingeyjarsýslu 1914 aðeins 12 kýr, 1 graðungur og 5 kálfar, en í Grímsey voru 6 kýr, eitt veturgamalt naut og einn kálfur.¹⁾ Á seinni árum hefir mikið verið ræktað af túnnum við ýmsa kaupstaði, sérstaklega kringum Reykjavík, þar voru líka, 1914, 244 kýr, á Akureyri 122 og á Seyðisfirði 41.

¹⁾ Sbr. Ferðabók Þ. Th. I. bls. 32, 237.

Nautgripatal 1800—1852.

Ar	Kýr	Kvígur	Kálfar	Graðungar og uxar	Nautgripir samtals
1800	16109	2232	2991	1964	23296
1801	15927	2396	2041	1883	22247
1802	15379	1910	1570	1157	20016
1804	15595	1556	2042	1132	20325
1810	16035	2250	1882	1688	21855
1813	15636	1846	1873	1161	20516
1817	15710	2494	2501	1844	22549
1820	16207	2194	2582	2040	23023
1821	16560	2220	2690	2070	24540
1822	16052	2847	2914	2404	24217
1823	16385	2833	3807	2339	25364
1824	15808	3023	2436	2501	23768
1825	16408	2650	3486	2171	24540
1826	16427	2704	2714	2332	24277
1827	16421	2568	3047	2205	24241
1828	16941	2595	3209	2260	25005
1829	17334	2658	4863	2467	27322
1830	17451	3388	4220	2953	28010
1831	17734	3405	3579	3068 ¹⁾	27786
1832	17746	3201	3502	2872	27321
1833	18254	3220	3633	2755	27862
1834	18365	2962	3534	2742	27603
1840	14989	2808	2939	1931	22667
1841	14624	3348	2543	2033	22568
1842	15017	3303	3429	2026	23775
1843	15029	3235	3210	2279	23733
1844	14721	3305	2662	2072	22760
1845	15134	3195	3500	1835	23714
1849					25523
1852	16050	3516	2979	2372	24917

¹⁾ Í Skýrslum um landshagi II. 1861, bls. 174 stendur 3068, en það er prentvilla.

Nautpeningur án kálfa 1853—1888.

Ár	Kýr og keffdar kvígur	Gröðungar og geldneyti eldri en veturgömul	Geldneyti veturgömul	Samtals
1853	19363	1377	2923	23663
1854	19379	1546	3068	23993
1855	19648	1434	2985	24067
1856	19143	1315	2706	23164
1858	20084	1921	4693	26698
1859	19960	2550	4398	26908
1861	20057	1499	2742	24298
1862	19803	1262	3172	24237
1863	18313	1336	2835	22484
1864	17868	1049	1909	20826
1865	17359	933	2008	20300
1866	16944	1091	2322	20357
1867	16277	972	1754	19003
1868	15676	776	1516	17968
1869	15693	769	1880	18342
1871	15634	828	2649	19111
1872	16058	1270	2982	20310
1873	16992	1505	3789	22286
1874	16796	1696	3030	21522
1875	16934	1163	2311	20408
1876	16677	1058	2643	20378
1877	16849	1275	2841	21195
1878	16873	1217	2730	20820
1879	17616	966	2134	20715
1880				21006
1881				20923

Ár	Nautpeningur tiundbær	Nautpeningur veturgamall	Samtals
1882	16896	1529	18425
1883	15920	1200	17120
1884	16203	2259	18462
1885	16428	2780	19208
1886	15953	1522	17475
1888	15118	1871	16989

Nautgripatal 1889—1914.

Ar	Kýr og keffðar kvígur	Griðungar og geldneyti öldri en veturgömul	Vetur-gamall nautpen-ingur	Kálfar	Nautpen-ingur samtals
1889	14355	958	1778	1455	18546
1890	15088	963	1987	2909	20947
1891	15743	1468	2447	2977	22635
1892	16343	1429	2370	2621	22763
1893	15498	1122	1558	1770	19948
1894	16340	855	1642	2689	21526
1895	16257	1030	2245	2795	22327
1896	17054	1122	2348	3189	23713
1897	16857	1313	2291	2648	23109
1898	16554	1150	1868	2411	21983
1899	16427	1054	2034	2937	22452
1900	16741	1140	2450	3238	23569
1901	17262	1447	2843	4122	25674
1902	17894	1522	3229	4347	26992
1903	18084	1708	2914	3833	26539
1904	18197 ¹⁾	1189	2503	3609	25498 ¹⁾
1905	18334	1158	2935	4420	26847
1906	18333	1495	2674	3657	26159
1907	17913	1178	2187	3089	24367
1908	17331	857	1888	3337	23413
1909	17375	892	2449	4039	24755
1910	17843	1188	2911	4396	26338
1911	18158	1104	2843	3877	25982
1912	18502	939	2593	4246	26285
1913	18867	981	2735	4380	26963
1914	18524	1006	2526	3324	25380

¹⁾ Í Landshagsskýrslum 1905 bls. 56, 74 er kúatalan sett 23197 og þar af leiðandi nautgripir samtals 30498, en kúatalan á að vera 18197 og aðaltalan 25498. Þetta er reikningsvilla og er hún leiðrétt í Landshagsskýrslum 1906 bls. 94. Samt hafa af vangá hinar skökku tölur verið endurteknar í síðari skýrslum, síðast í Búnaðarskýrslum fyrir árin 1912, 1913, 1914, 1915. Rvík 1914—1916. bls. 10, 8, 10, 11.

3. Nautpeningsrækt Íslendinga á seinni öldum.¹⁾

Nautgripakyn á Íslandi. Guðjón Guðmundsson segir um nautgripakyn Íslendinga: »Nautgripirnir hér á landi eru fremur mjólkurkyn en holdakyn. ef yfir höfuð hægt er að nota orðið »kyn« (Race) yfir eins ólíka einstaklinga bæði að ytra útliti og eiginlegleikum, eins og vorir nautgripir eru. A engum bæ á landinu, sem eg hefi komið á, og 3 kýr eru á eða fleiri, hafa allar kýrnar verið eins að lit eða skapnaðarlagi. Og lítið betra virðist samræmið vera að því er innri eiginlegleika snertir: hæfilegleika til að safna holdum, mjólka mikið eða lítið, gefa feita eða magra mjólk o. s. frv. Svipað verður upp á teningnum, þegar kýrnar í einstökum héruðum eða landshlutum eru bornar saman. Hvergi sjást ákveðin, föst einkenni, er hægt sé að byggja á ákveðna skiftingu í sérstæð kyn, eigi sú skifting ekki að vera handahófsverk. Að vísu er dökki liturinn t. d. útbreiddastur í einu bygðarlagi, sá rauði í öðru o. s.

¹⁾ Um nautgripærækt hefir ællmikið verið skrifað á íslensku. Þessar ritgjördir eru helztar og höfum vér, auk ýmsra rita, sem síðar verður vísað til neðanmáls, notað þær allar meira og minna við samningu þessa kafla. *Ólafur Stephensen*: Um not af nautpeningi (Gl. Félagsrit VI, 1786, bls. 20—96). Mjög merkileg ritgjörð fyrir sína tíð, sem inniheldur margar sjálfstæðar rannsóknir. *Magnús Stephensen*: Búnaðarhugvekkur í Klausturpósti 1818—1826. Sami: Beretning om de vigtigste Husdyr i Islærd (Ve:erinair-Selskabets Skrifter Kbhavn 1808, I, bls. 157—272. *Guðmundur Einarsson*: Um nautpeningsrækt. Rvík 1859, 72 bls. 12mo. Yfirlit bóndabúskapar eins og hann er alment vestanlands (Ný Félagsrit VII, 1847, bls. 178—185). *Tryggvi Gunnarsson*: Nokkrar greinir um sveitabúskap (Ný Félagsrit XXIV, 1864, bls. 38—44). *Guðjón Guðmundsson*: Nautgripærækt vor og nautgripafélögin (Búnaðarrit XXII, 1908, bls. 1—45). *Páll Zóphóníasson*: Nautgripærækt (Búnaðarrit XXVIII, 1914, bls. 46—90). *Sigurður Sigurðsson*: Nautgripæræktin og nautgripafélögin (Búnaðarrit XXIX, 1915 bls. 118—142). *O. L. Bærøe*: Kvæget paa Island (Beretning om Norges Landbrugshøjskoles Virksomhed i Budgetaaret 1902—1903. Kria 1903, bls. 138—162). *Jón Sigurðsson*: Lítill Varningsbók. Kmhöfn 1861, bls. 16—26. *F. Guénon*: Leidarvísir til að þekkja einkenni á mjólkurkúm með 69 myndum. Akureyri 1859, 64 bls. 8o. Óbrigðul einkenni á góðum mjólkurkúm (Gestur Vestfirðingur IV, 1850, bls. 69—78). *Snorri Jónsson*: Leidarvísir til að þekkja aldur alidýra vorra (Ísafold III, 1876, bls. 50—51, 53—54).

frv., en allir litirnir eru þó meira og minna útbreiddir í hverju bygðarlagi landsins. Hið sama er að segja um stærðina. Hún er ærið misjöfn, lifandi þungi á fullorðnum kúm 600—900 pd. Þá er skapnaðarlagið eigi síður mismunandi. Hér og hvar um alt land sjást fallega skapaðar kýr, ýmist með glöggu mjólkurútliti og ótviræðum mjólkureinkennum, eða eiginlegleikum holdakynsins meira eða minna augljósum, þó það sé sjaldgæfara. En hitt er heldur eigi sjaldgæft, að sjá illa skapaðar kýr: stórbeinóttar, þunnbrjósta, flatrifja, með uppstandandi halarót, hangandi mölum, skökkum fótum o. s. frv., og eru þær eigi síður en betur sköpuðu kýrnar misjafnlega lagaðar til mjólkur eða holda, en þó venjulega mun lakari, enda stafa skapnaðarlýtin oftast af vondu uppeldi eða kyrkingu í kyninu. Þegar tekið er tillit til þess, hve landið er stórt og gróðrarfar og veðráttu mismunandi í ýmsum héruðum, mætti búast við, að hér væru mörg sérstæð nautgripakyn, en svo er ekki þrátt fyrir margbreytni einstaklinganna. Orsökkin til þessa er líklega sú, að flutningar á búpeningi úr einu landshorni í annað hafa jafnan átt sér stað. nautgripir ýmsra héraða hafa þannig blandast, svo aldrei hefir orðið tími til að móta sérstæð kyn, en um kynbætur hafa menn litið hirt: kvígukálfar hafa þó oftast verið aldir upp undan skárstu kúnum og hirðing þeirra hefir verið allgóð á seinni öldum, af þessu hefir leitt að kúakynið er yfirleitt gott og vel lagað til mjólkurframleiðslu.¹⁾

Hvað stærð kúa snertir. þá ákváðu lögmenn, 24. ágúst 1693, að gild hundraðskýr mætti eigi vera minni en 7 eða 8 kvartil á herðakampinn, nema hún hafi þau gæði að nyt, sem vöxtinn bæti.²⁾ O. L. Bærøe segir, að íslenzkar kýr séu yfirleitt stærri en hinar norsku; stærstar kýr fann hann nyrðra, minstar í Múlasýslum. Bærøe mældi 111 kýr í ýmsum landshlutum; á 34 kúm á Austurlandi var skrokk lengd að meðaltali 131 cm., brjóstummál 158 cm., á 48 kúm

¹⁾ Búnaðarrit XXII, 1908, bls. 3—5.

²⁾ Atli 1834, kap. 14, bls. 93.

á Norðurlandi lengd 136 cm., ummál 166 cm., á 19 kúm á Vestfjörðum lengd 135 cm., ummál 165 cm., á 10 kúm í Reykjavík lengd 135 cm., ummál 165 cm., alt meðaltal. Lifandi þyngd þessara kúa reiknaði hann líka; meðalþyngd kúnna eystra var 328 kg., nyrðra 375 kg., á Vestfjörðum og í Reykjavík 364 kg. Meðalþyngd allra hinna 111 kúa til samans reyndist 360 kg.¹⁾ Guðjón Guðmundsson telur meðalþyngd kúa 7—800 pd. og lifandi þunga alls nautpenings vanalega milli 600 og 1000 pd. Tryggvi Gunnarsson gerir meðalfall kýrinnar 18 lipipund (288 pd.).²⁾ Magnús Stephensen segir, að skrokkur af íslenzku meðalnauti 4 vetra vegi vanalega 20—24 lpd. (320—384 pd.) og kjöt hinna elztu og bezt fódruðu 28—30 lpd. (448—480 pd.). Í góðu haglendi segir hann, að mörinn sé talinn 10 pd. fyrir hvert aldursár nautsins, 3 vetra naut 30 pd. o. s. frv. 7 vetra naut 70—80 pd. og í sumum nautum á þeim aldri segir hann séu 100 pd. mörs og stundum dálítið meira.³⁾ Bæröe nefnir fall af tveim íslenzkum nautum, var annað 2³/₄ árs 256 kg. á þyngd, en kjöt af hinu, er var 4 ára, 310 kg., segir hann fá norsk naut svo stór. Mikill fjöldi íslenzkra kúa, líklega meiri hlutinn, er kollóttur; af 115 kúm, er Bæröe skoðaði, voru 66 kollóttar, enda segir hann menn vilji síður eiga hyrndar kýr, meðal annars af því, að þær oftast skemmi heysæti. Hornin eru mjög mismunandi að stærð og stöðu. »vanalega smáger, meðallöng, beygð út á við, oft mikið fram á við og svo upp og snýr oddurinn oft inn og aftur; einstöku dýr hafa löng horn, á 2¹/₂ veturs gömlu nauti á Austurlandi voru 70 cm. á milli hornodda«⁴⁾.

¹⁾ O. L. Bæröe: Kvæget paa Island (Beretning om Norges Landbrugshøjskoles Virksomhed i Budgetaaret 1902—1903, bls. 146. Bæröe kom til Íslands 1902 og ferðaðist í ágúst og septembermánuðum nokkuð um Austfirði og svo landveg til Eyjafjarðar, þaðan sjóveg til Ísafjarðar og Reykjavíkur.

²⁾ Ný Félagsrit XXIV, bls. 42.

³⁾ Veterinair Selskabets Skrifter I, 1808 bls. 213. Um þyngd kúa og nauta sbr. Búnaðarrit III, bls. 181, 182; V. bls. 98; VII, bls. 181; X. bls. 178—179 og víðar.

⁴⁾ Bæröe s. st. bls. 143.

Það sést á því, sem fyrr hefir verið skráð um nautfénað fornanna, að *litur nautgripa* þá hefir verið mismunandi eins og nú. Þó sjaldan sé um hann talað. Í heimildaritum er oftast talað um gráa uxa eða apalgráa og járngrátt naut er nefnt 1389.¹⁾ Þá er getið um rauða uxa og alsvarta. Árið 1461 er getið um lit kúa á Brattavöllum og Hornbrekku í Eyjafjarðarsýslu, ein var rauð, hornótt, önnur grá, þriðja svört, hornótt, fjórða var kolmúlótt, fimta skjöldótt, sjötta hvít.²⁾ 1474 er getið um lit 13 kúa á Miklabæ í Skagafirði, hin fyrsta var svartfleckótt, önnur rauð, þriðja rauðfleckótt, fjórða gráskjöldótt, fimta svört, sjötta dumbkrossótt, sjöunda svartfleckótt, áttunda bleikkrossótt, níunda svört, tíunda bleik, hin ellefta grá, hin tólfta og þrettánda svartar.³⁾ Þetta sýnir, að íslenzkar kýr hafa á fyrri öldum haft alla mögulega liti, og sennilega hafa nautgripakyn frá landnámstíð verið einn hrærigrautur og enginn hefir hugsað um kynbætur, skepnurnar hafa æxlást einhvern veginn út í bláinn. O. L. Bærøe skoðaði lit á 115 íslenzkum kúm, einkum fyrir austan og norðan, af þeim voru 55 svartar eða svartfleckóttar, 40 rauðar eða rauðfleckóttar, dökkrauðar voru þó sjaldgæfar, 6 gráar, 7 hélugráar, 4 bröndóttar, 3 dökkmórauðar; 52 voru einlitar. Um kúalitinn segir Guðmundur prófastur Einarsson: »Liturinn virðist lítið gera til mjólkurhæðar, en til kostgæða mikið; það er í almæli að dumbóttar kýr séu kúa beztar, einkum upp á kost, sömuleiðis hélóttar kýr, kolmúlóttar, bröndóttar og þrílitar. Af öllum litartegundum á kúm hefi eg lakasta trú á hvíta litnum í tilliti til kosts, en aftur eru hvítar kýr mjólkurháar.«⁴⁾ Um þetta eru skoðanirnar mismunandi. Guðjón Guðmundsson segir: »að vísu hefir liturinn engin áhrif á gæði kúnna, það menn vita, þótt margir séu á þeirri skoðun, að hvítar og gráar kýr séu jafnaðarlega kostaminni en

¹⁾ Dipl. isl. III, bls. 430.

²⁾ Dipl. isl. V, bls. 257—258.

³⁾ Dipl. isl. V, bls. 767.

⁴⁾ G. E. Nautpeningsrækt bls. 11.

dökkleitar kýr.¹⁾ Fyrir því segist Ólafur Stephensen hafa reynt, að meira smjör fái st úr mjólk rauðra kúa en hvítra, og þær þrífist betur af sama fóðri; hafi hann fyrst haft ljósar kýr, en fór svo að safna dökk- og dumbrauðum kúm »er eg hefi fundið miklu þénaulegri í búi og betri að þrífum og mjólkurgæðum«. Hann segir líka, að útlendingar í þá daga hafi álitnið rauða eða svarta liti bezta »eður og blending hverstveggja litar, sem er þessa beztur; vér köllum þenna lit rauðdumbóttann eða kolmúlóttan, þá baknið er rautt, en granir, búkur, fætur og hali allt svartleitt. Skaðlaust er þó kýr séu húfóttar, krossóttar eða með hvítum taumum á höfði, þegar aðeins liturinn yfir höfuð er rauður eða dökkleitur; þó er sá svart litur þeim rauða og öllum öðrum lit aðgætnisverðari, þar sem mýbit er mikið. í þann máta, að þetta illfygli stingur og plágar svartan nautpening fram úr máta.²⁾ Sumir hafa enn trú á kolmúlóttum og gulrauðbröndóttum litum á kúm, svo er líka á Jerseykúnum, að þar fylgir bröndótti liturinn smjörgæðunum.³⁾

Kynbætur nautgripa. Eins og vér höfum séð, eru hér engin ákveðin kúa- eða nautpeningskyn, að því er búfræðingar segja, allt hefir ruglast saman á fyrri öldum, ef á annað borð ýms afbrigði nautpenings hafa komið hingað með landnámsmönnum.⁴⁾ Oft hefir verið talað um það fyrir

¹⁾ Búnaðarrit XXII, bls. 37.

²⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 23—25. Sbr. *Magnus Stephensen* í *Veterinair Selskabets Skrifter* I, 1808, bls. 241.

³⁾ Búnaðarrit XXVIII, bls. 47. 61.

⁴⁾ Eftir að hafa rannsakað sköpulag og hausbein á íslenskum kúm, kemst Bærøe að þeirri niðurstöðu (Kvæget paa Island bls. 153—161), að þær líkist ekki verulega kúm á vestur- og suðvesturströndum Noregs, sem þó helzt hefði mátt búast við, en miklu fremur Telemark og Østerdalskyninu. Giskar hann á, að til forna hafi ef til vill verið tvenn kynferði nautgripa á vesturströndinni, og annað sé nú horfið þaðan, en einkenni þess haldist ef til vill hjá uppsveitakúnum norsku og hinum íslensku. Hann játar þó, að rannsóknirnar séu eigi enn nægilega víðtækar til þess að skera úr þessu, enda eru slíkar kynafbrigðarannsóknir mjög ótryggar og örðugar. Ekki er heldur óhugsanlegt, að séreinkenni íslenskra kúa stafi af fornri blöndun við kúakyn frá Bretlandseyjum.

löngu, að nauðsyn væri á að bæta kúakynið, en engin framkvæmd varð úr því önnur en sú, að menn við og við á 18. og 19. öld fengu sér útlendar kýr. Hina veigamestu tilraun í þessu efni gerði Magnús Stephensen, fékk rauðar kvígur frá Sjálandi 1816 og 1819 af konungsbúum og danska bola; kvígur þessar reyndust vel, komust í 18—20 merkur; segist Magnús hafa breytt nautakyni sínu mjög til hins betra á þennan hátt, það orðið stærra og mjólkað betur. Kýr af þessu danska kyni komust að Hvitárvöllum og í Hjálmholt.¹⁾ Fyrir miðja 19. öld voru danskar kýr allvíða fluttar til landsins eins og sjá má af sóknalýsingum.²⁾

Á 20. öld hefir fyrst komið skrið á kynbótaviðleitni, eftir að landbúnaðarfélagið tók til framkvæmda. Þá var eftir aldamótin farið að koma á stofn kynbótafélögum fyrir nautgripi³⁾ og er öll áherzla lögð á mjólkurframleiðslu og smjörgæði kúnna. Fyrstu nautgripafélögin voru stofnuð 1903, en síðan hefir þeim stöðugt fjölgað, við árslok 1914 voru þau orðin 24 með 642 félagsmönnum og 2895 kúm; alls höfðu 38 félög verið stofnuð, 14 höfðu lagst niður en 24 voru starfandi. Árið 1916 voru félögin orðin 30 og

¹⁾ Magnús Stephensen lýsir þessum tilraunum sínum í Klausturpósti VIII, 1825, bls. 160—162. Lovs. f. Isl. VII, 590; VIII, 27—28.

²⁾ Í sóknarlýsingu Breiðdalssóknar er sagt, að á Gilsá séu kýr af sjálenzku kyni, »mjólka þær 7—7½ pott í mál af 12—14 punda gjöf, en islenzkar kýr mjólka sumar eins vel, dæmi til að þær hafi mjólk að 10½ pott í mál af litid meiri gjöf«. Þá var einnig um 1840 nautpeningur af útlendu kyni í Möðruvallasókn, einkum á Möðruvallaklaustri. Á Setbergi voru, 1840, kýr af útlendu kyni »sem bæði þykir þríflegra og arðmeira en jafnaðarlega reynist af innlenzku, með því kýr kyns þessa eru svo mjólkursamar, að við ber, að orðið hefir að gelda þær upp, þá undir burð hafa átt að taka stálma, í stað þess af innlenda kyninu standa kýr oft geldar alt að 13 vikur fyrir burð og þykir hitt notameira að annars jafnri mjólkurhæð«. (S. Einarsen: Sóknarlýsing Setbergs 1840. Hdrs. Bmf.). Eftir beiðni Bjarna amt-manns sendi stjórnin til Eyjafjarðar, 1838, bola og kvigu frá Holsetalandi til kynbóta (Lovs. f. Isl. XI, bls. 243). Árið 1852 er sá kynstofn talinn dauður (Ný Félagsrit XII, bls. 161). Um miðja 19. öld voru til Eyjafjarðar flutt naut af rauðu dönsku kúakyni (Ársrit ræktunarfélags Norðurlands 1915, bls. 28).

³⁾ Sbr. Lög um samþykktir um kynbætur nautgripa 20. okt. 1905 (Stjórnartíðindi 1905 A bls. 160—163).

styrkti búnaðarfélagið þau þá með 4800 kr.¹⁾ Félögin halda nákvæmar fóður- og mjólkurskýrslur og nota til undaneldis þroskaða og hrausta gripi af góðu íslenzku kyni eða vel ættaða, en vilja eigi bæta kynið með útlendum skepnum, enda hefir fengist reynsla fyrir því, að íslenzkar kýr eru að eðli sínu mjólkurlagnar og iðulega koma í ljós afbragðs mjólkurkúr til og frá um landið, enda lang eðlilegast að bæta þau kyn, sem eiga rót sína í náttúru landsins og smátt og smátt hafa lagað eðli sitt eftir þeim lífsskilyrðum, sem eru hér á landi.²⁾

Eins og fyr hefir verið getið, hefir geldneytum mjög fækkað á hinum seinni öldum og útigangsnaut þekkjast nú varla lengur, þó voru þau enn til sumstaðar fram á miðja 19. öld og jafnvel lengur.³⁾ Graðungar og geldneyti eru þó víða rekin á afrétti á sumrum og eru nautin þá oft höfð í afluktum hamradölum, þar sem þau eru í sjálfheldu og á síðustu árum hafa allvíða verið gerðar nautgripagirðingar, sem hafa komið að góðu gagni.⁴⁾ Þó er kvartað undan því, að það beri við, að menn sumstaðar enn, af hirðuleysi og trassaskap, láti bola ganga lausa í heimahögum til mikils бага fyrir kýr annara manna. Eftir Jónsbók var það lagaskylda að reka tarfa á afrétt á sumrum.⁵⁾ Göm-

¹⁾ Búnaðarrit XXIX, 1915, bls. 121—122; XXX, 1916, bls. 227. Hinn 20. des. 1901 voru samþykkt lög um ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi og sýslunefndum gefið vald til að samþykkja samþykktir þar að lútandi, en 1913 var ennþá enginn ábyrgðarsjóður neinstaðar kominn á fót eftir þessum lögum (Guðm. Björnsson: Næstu harðindin. Rvík 1913, bls. 59).

²⁾ Guðjón Guðmundsson: Nautgripærktunarfélag (Búnaðarrit XVI 1902 bls. 229—242). Sami: Um kynbætur búpenings (s. st. XVII, bls. 126—163). Sbr. Búnaðarrit XIX bls. 95—98. Sami: Nautgripærkt vor og nautgripafélögin (s. st. XXII, bls. 1—45). Páll Zóphoniásson: Nautgripafélögin. Skýrslur þeirra árin 1906—1910 (s. st. XXVIII, bls. 17—45). Sigurður Sigurðsson: Nautgripærktin og nautgripafélögin (s. st. XXIX, bls. 118—142) o. fl.

³⁾ Búnaðarrit XXVIII, bls. 54.

⁴⁾ Sbr. Freyr VIII, bls. 99—100.

⁵⁾ Einkennum á góðum búnautum lýsir Ol. Stephensen í Gl. Félagssritum VI, bls. 25—27 og Guðm. Einærsson í Nautpeningsrækt

nl naut munu nú óviða alin, en á 18. öld voru þau enn sumstaðar til. Ólafur Stephensen segir um geldneyta uppeldi: »Geldneytum er víðast of snemma slátrað, 4 ára og yngri, eigendum til stórs skaða; kjötið vegur 3—4 vættir, mörinn 2 eða 3 fjórðunga. skinnið fullhart undir og yfir einn fjórðung. Þetta borgar eigi uppákostnaðinn... Sé nautið þar á móti látið verða 7—8 ára, skerst það með 6—7 fjórðungum mörs. kjötið vegur þá 5—6 vætta og verður miklu feitara; skinnið fullhart vegur 2 fjórðunga og þar yfir. Aldrei fitnar naut eins vel, meðan það stendur í vexti, sem er til hins 7. árs, og hitt, er fullra 7 eða 8 ára er að aldri.«¹⁾ Eggert Ólafsson segir, að bændur þá sjaldan hafi látið naut verða eldri en 4 vetra, enda borgaði sig mjög illa að láta þau í verzlun. Kjöt af stærsta íslenzka nauti segist Ólafur Stephensen hafa vitað vega 6 vættir, en mör úr því 1 vætt og 4 fjórðunga.²⁾ Á 19. öld voru geldneyti úr suðursveitum við og við seld til Reykjavíkur, en þau voru flest ung,

1859, bls. 12—13. »Það var gömul venja að láta mætast unglálf og bolatoll, sem þá og nú er borgaður 4 álnum« segir í Nýjum Félagsritum 24. ári (1864) bls. 33. Eftir Búalögum (1915, bls. 67, 68) var »graðungslán eyrir um sumar, en á veturnum á þar að bæta til tveim töðuvöndlum«. Víða lána nautaeigendur nágrönnum sínum nú bola endurgjaldslaut. Í Múlasýslum er bolatollur reiknaður viku fóður eða 3 kr. (Freyr I, bls. 101). Alþingissamþykkt 5. júlí 1699 um sveitatarfa ákveður, að sérhver búandi maður, sem grasnyt hefir, skuli gjalda 3 fiska fyrir hvern kýrfóðurs völl fyrir fóðrun á búnauti sveitarinnar, en fyrir hafnan hveirrar kúar borgist við sjávarsíðu 3 fiskar í fiski, mat, heyi, fódri eða slætti, en 4 fiskar ef borgað er í þrjónlesi eða skinnavöru (Lovsamling for Island I, bls. 545—546). Eggert Ólafsson segir, að menn noti alment tarfa eins árs gamla (Ferðabók bls. 523), Ól. Stephensen segir, þeir eigi ekki að brúkast fyr en þeir eru 3 ára eða á 3ja ári, en Guðm. Einarsson segir, að graðungar séu vanalega komnir í gagn á öðru ári (bls. 13). Í Plógi (VII, bls. 32) er sá ósiður átalinn, sem víða tíðkast, að leiða kýr langar bæjarleiðir til nauts, hverju sem viðrar.

¹⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 88—89.

²⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 30. Í Búnaðarriti V, 1891, bls. 98; VII, bls. 181 er getið um naut, tveggja vetra, sem alls óg 887 pd., kjötið 480 pd., mörinn 25½ pd. og aunað 2¼ árs. sem óg alls 1065 pd., kjöt 554 pd., mör 46 pd.

mögur og illa til höfð og illa farið með þau á leiðinni til kaupstaðarins.¹⁾

Eins og sést á skýrslunum hér á undan, er kálfatalan töluvert mismunandi á ýmsum árum og stafar það vist af árferði og heyskap, hvað mikið er upp alið. Með kálfa er alment svo farið, að þeir eru teknir frá móðurinni og aldir upp á mjólk hennar eða annara kúa og þykja þeir vel aldir. ef þeir fá 4—5 potta mjólkur á dag í hinar fyrstu 6—8 vikur.²⁾ Síðan er mjólkinn smáðreginn af þeim og þeim þá gefið ýmislegt skol og matarleifar. og því haldið áfram með heygjöfnni. unz þeir eru missiris eða jafnvel árgamlir.³⁾ Bolakálfar, sem geltir eru á fyrstu viku. eru kallaðir bás-geldingar og verða þeir feitari en kálfar, sem síðar eru vanaðir.⁴⁾ Þá eru kálfar, sem að ætlun almennings eigi geta lifað nema um tíma, kallaðir stagkálfar.⁵⁾ Mjög vanskapaðir kálfar fæðast við og við.⁶⁾ Líknabelgur var fyrr-

¹⁾ Sbr. Isafold X, bls. 35. Frönsku herskipin urðu á sumrum að fara til Skotlands frá Reykjavík til þess að kaupa naut, hin íslenzku naut voru sjaldfengin og þóttu útlendingum illa æt. *Magnús Einarsson*: Blóðug meðferð (Freyr II, bls. 41—44). Nýtt Kirkjublað IX, 1914 bls. 112.

²⁾ *Guðm. Einarsson*: Nautpeningsrækt bls. 15.

³⁾ Um uppeldi kálfa. Búnaðarrit I, bls. 108—120; XXII, bls. 40—41. G. E. Nautpeningsrækt bls. 13—17. Klausturpóstur III, bls. 181—183, 188—194. Ný Félagsrit XXIV, bls. 33.

⁴⁾ Ferðabók E. Ól. bls. 189.

⁵⁾ Snorri Jónsson dýralæknir segir um stagkálfa í ritgjörð sinni: Husdyrhold og Husdyrsygðomme í Island (Tidskrift for Veterinærer 2. R. IX. Kbhavn 1879) »stagkálfur er et Almueudtryk hvorved menes en Kalv. der ved Födselen skulde have en Stræng (stag) udspændt indvendig imellem For- og Bagparten. hverved Kalven krympes sammen. Denne Fejl skal gjøre Kalven ubrugelig som Tillægsdyr og forhindre den i at bröle, eller göre Lyden besværlig og afbrudt. Det er derfor en almindelig udbredt Skik blandt Almuen, at löfte den nyföde Kalf op ved Bagbenene, hvorved »Strængen« (hvis den er tilstede) skulde briste og Ondet hæves. Selv har jeg aldrig set saadan en »Stagkalv« og hvad der ligger til Grund for denne besynderlige men gængse Almuetro, er mig ubekjendt«.

⁶⁾ Lýsingar á slíkum kálfum eru meðal annars í Þjóðólfi VIII, bls. 80, Íslendingi yngri 1875, bls. 56. Norðanfara XV, bls. 63. Fjallkonu 1903, bls. 107, í Annálum Gunnlaugs Þorsteinssonar og Halldórs Þorbergssonar við ár 1646 og víðar.

um mikið notaður í skjáglugga, en þeir lögðust víðast niður á fyrri hluta 19. aldar. Úr broddmjólk eftir burð eru víða gerðar ábristir.

Fjós. Hirðing á kúm og öllum nautpeningi er eflaust orðin miklu betri en áður. Þó ábótavant muni enn vera sumstaðar. Sumarhirðing kúa mun óviða vera margbrotin, drengur rekur beljurnar úr haga og í, og svo eru þær látnar eiga sig; mjög víða voru þær til skamms tíma látnar liggja úti á sumrum,¹⁾ en nú mun vera orðið tíðast að hafa þær inni. Fjósin hafa víðast verið mjög léleg, þó þau séu nú farin töluvert að batna sumstaðar á seinni árum. Íslenzk fjós hafa að verðleikum verið illa ræmd hjá rithöfundum, sem á þau hafa minnst. Jón Sigurðsson forseti segir 1861: »Einn hinn mesti galli á kúaræktinni hjá oss er tilhögunin á fjósunum. Þau eru víða bæði dimm, lág, óhreinleg og vatnslaus. Ef úr því væri bætt, mundi fljótt sjá góðan mun á kúaræktinni.«²⁾ Þorkell Bjarnason segir um fjósin í Skagafirði um miðja 19. öld, að þau hafi verið lág, loftlítill og dimm eða stundum með skjágluggum, »en sá kostur var við þau á mörgum stöðum, að úr þeim voru byggðir ranghalar út í vatnsbólið, sem kýrnar gengu eftir til vatns og voru það kallaðar innibrynningar og af þeirri ástæðu voru fjósin helzt byggð við læki, þar sem svo hagæði til, og lækurinn látinn renna gegnum ytri enda ranghalans. Á stöku stöðum voru hlöður byggðar við fjósið og innangengt úr fjósinu inn í hlöðuna, en jafnan voru hlöðurnar með torfpaki.«³⁾ Víðast um land voru á 19. öld heygardar eða heytóptir við fjós, og í sumum byggðarlögum t. d. á Vestfjörðum voru smáhlöður við fjós algengar, eins og var í fornöld.⁴⁾ og eru það enn. en innibrynningar, sem hér er lýst, munu hafa verið fátíðar í flestum byggðarlögum.

¹⁾ Í Þjóðlífi IV. 1852 bls. 341 segir svo: »Fyrir 50 árum þótti ókvæði að hýsa kúr á nóttunni frá jónsmessu til höfuðdags, nú láta allir þær inni liggja«.

²⁾ J. S. Lítil Varningsbók. Kmhöfn 1861, bls. 25.

³⁾ Tímarit Bókmaf. XIII, 1892, bls. 179.

⁴⁾ Sturlunga I, bls. 272; II, bls. 69, 332.

Um íslenzk fjós segir Magnús Stephensen 1808. Lengd þeirra er eftir nautgripatölu, breiddin 7—7 1/2 alin; gólfíð er hellulagt, 5—6 feta breitt í miðju, beggja megin við það eru lág þrep steinlögð höfð fyrir bása, þakin svo með löngum, þurrum og þunnum mýratorfum, að hver bás verður sléttur, mjúkur og þurr. Þrepunum er skift í bása með timbri eða öðru, hérumbil 1 1/2 alin fyrir hverja kú. Þannig verður dæld eftir miðju fjósi og þangað fellur mykjan, því gripirnir standa á básunum með höfuð upp að vegg og afturhlutann að miðganginum. Snemma á morgnana eru básarnir hreinsaðir út á miðganginn, sem svo er mokaður hreinn og mykjan flutt út í hauginn, sem vanalega er keilumyndaður. Fóðrið er gefið í básunum og þegar það er mestalt jetið, eru gripirnir leystir til brynningar. Sumir hafa brunnhús í útbyggingu af fjósinu, en þeir sem hafa fáar kýr, bera þeim vatn í fötum, að minsta kosti þegar veður er ilt, en sumir verða að leysa kýrnar í hvassviðri, frosti, snjó og ófærð og reka þær til brynningarstaðarins. Þessi lýsing á íslenzkum fjósum mun enn víðast eiga við.¹⁾ Árið 1873 lýsir Sveinn Sveinsson íslenzkum fjósum svo, að þau séu víðast of þröng og of lág, víðast þvínær gluggalaus, svo ávalt er dimt á skepnunum. Kýrnar einatt óhreinar og þykt lag af saurindum á þeim að aftan. Segir hann þetta komi af þeim óvana að hafa torf undir í öllum básunum í stað þess að hafa við í þeim fremst, svo sem 2 eða 3 borðabreiddir, þá sé hægra að halda þeim hreinum. Björn Bjarnarson búfræðingur segir 1881: »Fjósin eru jafnan jötulaus og kúnum gefið hið bezta hey í básana og geta þær troðið það undir sér svo mikið skemmist. Þó fátt sé í fjósunum, eru þau oftast höfð tvístæð, eru oft rislítill og lek, fer því fóðrið því ver og dýrin hrakast.«²⁾ Guðjón Guðmundsson segir 1908: »Fjósin hér á landi eru víðast vond, sumstaðar afleit, þröng, loftlítill, dimm og vont að hirða í

¹⁾ Veterinair-Selskabets Skrifter I, 1808, bls. 227—229.

²⁾ Skýrsla Búnaðarfélags Suðuramtsins 1872—74. Rvík 1875, bls. 22 og 1880—84. Rvík 1885, bls. 25.

þeim. Á seinustu árum hafa þó verið byggð hér og hvar á landinu góð fjós, en fjöldinn af nýju fjósunum, sem eg hefi séð, hafa þó ýmsa af göllum gömlu fjósanna, og eru auk þess súggjörn, en dragsúgur er mjög vondur fyrir mjólkurkúr«. »Eins og fjósin eru nú víðast, eru fjósverkin mestu óþrifaverk, sem vorkunn er þótt fólk hliðri sér hjá, ef það á annars kost. Vatnið verður oft að sækja langan veg og það í hvaða veðri sem er og mykjan að berast út í trogum (mykjuberum). Væri þar á móti haugshús við fjósin og vatnsleiðsla í þau, þyrftu fjósverkin ekki að vera verri eða leiðinlegri, en hver önnur skepnuhirðing, eða önnur heimilisverk, nema síður sé.¹⁾ H. J. Grönfelt segir um íslenzku fjósin 1909: »Eins og þau eru víða er ekki hægt að mjólka svo kúr inni, að mjólkinn sé hrein og góð, af því vanalega er loftið svo ilt og heitt, einkum á morgnana, að því verður ekki með orðum lýst.²⁾ Hér má bæta við, að oft hefir verið mjög óþrifalegt utan við íslenzk fjós, mykjunni mokað í stóran haug beint út af fjósdyrunum og lögurinn mykjublándinn hefir svo runnið í allar áttir um hlaðvarpana, þegar þiðna fór úr haugunum á vorin. Eðlilega voru nú ýmsar undantekningar frá þessu á 19. öld, á þrifheimilum var nautpeningur allvíða betur hýstur og hirtur. Mikil breyting hefir á 20. öld orðið á allmörgum bæjum víðsvegar um land, byggð stærri og betri fjós, hlöður, safngryfjur, safnhús o. s. frv.³⁾ Þó munu enn mörg vera léleg fjósin og með gamla laginu víða um sveitir.⁴⁾

Fjósbaðstofur. Mjög víða á Íslandi hefir til skamms tíma tíðkast að hafa kúr »undir palli«. Þar sem svo hagar

¹⁾ Búnaðarrit XXII, bls. 39—40.

²⁾ Búnaðarrit XXIII, bls. 242.

³⁾ Lýsingar á fjósum eins og þau eiga að vera hjá Ólafi Stephensen Gl. Félagarít VI, bls. 37—39. Sbr. XII, bls. 135—136. Guðm. Einarsson: Nautpeningsrækt bls. 18—20. Búnaðarrit XVIII, bls. 25—27; XXI, bls. 117—121. Plógur I, bls. 25—26; II, 27—28. Agúst Helgason: Mykjuferja. Búnaðarrit XXVI, bls. 293—302. Lýsingar á nýjum fyrirmyndarfjósum. Freyr III, bls. 45—46; X, bls. 56.

⁴⁾ Brynjólfur Jónsson frá Minnanúpi getur þess, að í ungðæmi hans hafi það verið síður í Gnúpverjahreppi, að unga tólkið safnað.

til eru kýrnar undir baðstofuloftinu eða baðstofan á fjósloftinu. Í fornöld hefi eg hvergi séð getið um fjósbaðstofur, þó sumstaðar sé getið um að innangengt hafi verið í fjós, líklega hafa menn ekki farið að hafa kýr undir palli fyrr en á seinni öldum. Algengust hefir þessi tilhögun verið á 18. og 19. öld í Skaftafellssýslum.¹⁾ Sveinn Pálsson segir 1793, að fjósið sé aðalhúsið á hverjum bæ í Hornafirði, þar er loft í og situr fólkið þar á vetrum allan daginn, en eldhúsið er þar alstaðar frálaust öðrum húsum. Á Mýrum og í Suðursveit eru enn flest fjós undir palli og kýrnar látnar liggja úti á sumrum, en sumir hafa þann sið, að tjóðra kýrnar á túninu á nóttunni til þess að hafa einhver not af sumarmykjunni. Fjósbaðstofur voru líka til skams tíma á flestum bæjum í Mýrdal, en eru nú víðast lagðar niður.²⁾ Snjóflóð tók á jólaföstu 1797 bæ einn í Mýrdal, en menn sváfu allir í fjósi «eftir lendsku» og komust svo af, en bærinn sjálfur sundraðist út um víða vegu með öllu því sem inni var.³⁾ Á Langanesströndum er það all-

ist í fjósið í rökkrinu, „söng, kvæð eða sagði sögur og var þar oft glatt á hjalla» (Eimreiðin XIII, bls. 104). Fjósin þar hafa þá verið rúmbetri en annarstaðar og hvergi er talað um slíka tízku í öðrum héruðum það eg veit.

¹⁾ Lýsingar og myndir af fjósbaðstofum í Skaftafellssýslum eru í ritgjörð eftir *Daniel Bruun*: Gammel Bygningsskik paa de islandske Gaarde i Aarsberetning fra Foreningen til norske Fortidsminders Bevaring for 1908. Kristiania og i Tidskrift for Landökonomi, København 1903. *Jón Guðmundsson* ritstjóri, sem dvaldi 1835—1847 í Vestur-Skaftafellssýslu, segir svo frá fjósbaðstofum: »Það er algengt enn og alsíða í Skaftafellssýslum, einkum úr því kemur austur yfir Mýrdalssand, að menn sitja við vinnu sína á fjóspalli um daga og vöku, en »fara heim» sem þar er kallað, þegar háttatími er kominn, og sofa í skálum eða sængurhúsum eins um vetur sem sumar. Í aftaka illviðrum fara gamalmenni og ungbörn einatt »ekki heim«, heldur láta fyrirberast á fjóspallinum þá og þá nóttina, þegar svo stendur á. En engir nema mestu öreigar og sóðar hafa fjóspallana fyrir svefnherbergi, nema svo miklu sé til þeirra kostad sem vöndudustu stofuhúsa og uppgengt í þá að utan, en þess munu mjög fá dæmic. (Tvær ritgjörðir um þritnað, mataræði, húsaskipun o. fl., samdar að tilhlutun Isaac Sharps. Rvík 1867, 8o. Nedanmálsgrein á bls. 9 eftir J. G.).

²⁾ Búnadarit XX, bls. 32, 42.

³⁾ Minnisverð tíðindi I, bls. 436.

titt, og sumstaðar á Sléttu og í Þistilfirði, að kýr eru hafðar inni í bæjum, í einhverri skvompu og verða sumstaðar að ganga inn um bæjardyr og göng, þegar þær fara til hібýla sinna.¹⁾ Eftir úttektum á jörðum Múnkaþverárklosturs 1824—28 voru þá sumstaðar fyrir norðan Jökulsá í Axarfirði kýr undir palli í baðstofunni og í Eyjafirði voru þá á einstöku bæ kýrbásar út úr baðstofunum. Á Ytri-Tjörnum í Öngulstaðahreppi var, 1824, kýrbás úr baðstofuenda saman hlaðinn og á Syðri-Tjörnum var í austari enda baðstofu bás fyrir 2 kýr, líka saman hlaðinn úr torfi áu nokkurrar spítu. Á Grýtu í sama hreppi var 4 kúa fjós, veggir milli básanna og básarnir samanhláðnir; voru slík fjós kölluð *studlafjós*.²⁾ Í Aðalvíkursókn voru 1847 kýr víðast undir baðstofuloftum og hlöður nærri á hverjum bæ bæði fyrir kýr og kindur og alstaðar innangengt í þær.³⁾ Eggert Ólafsson getur þess, að búðsetufólk í fiskiverum sumstaðar hafi haft kýr í afpiljuðum kompum í sjóbúðum sínum.⁴⁾ Það er annars algengt í Norðurálfu og víða um heim, að fátæklingar hafa búpening í hібýlum sínum, fjósbaðstofur eru t. d. algengar í Sviss og víðar í Alpafjöllum.

Fóður kúa. Kýr standa á Íslandi vanalega inni í 33—34 vikur og stundum jafnvel lengur, þegar hart er í ári og á útkjálkum; á Hornströndum standa kýr oftast inni í framundir 40 vikur og verður þó stundum að taka þær inn á sumrin, þegar eitthvert hretið dynur yfir; í Þönglabakkasókn standa kýr líka stundum inni í 10 mánuði vegna snjóþyngsla.⁵⁾ Kýr eru mestmegnis fóðraðar á töðu, þó þeim í sumum héruðum sé gefin stór og annað mýrahey meðfram og sumstaðar í sjávarsveitum fá þær nokkuð af sjófangi. Nú eru allir ásáttir um að fóðra kýrnar sem best, svo þær geri sem mest gagn árið um kring, en á fyrri öldum var hirðing og fóðrun kúa mjög ábótavant. Víðast

¹⁾ Ferðabók Þ. Th. III, bls. 341.

²⁾ Lögfræðingur III, bls. 114—115.

³⁾ Sóknarlýsing Aðalvíkur 1847 Hdrs. Bókmf.

⁴⁾ Ferðabók E. Ól. bls. 353.

⁵⁾ Ferðabók Þ. Th. II, bls. 92; IV, bls. 12.

munu kúrn nú ætlaðir 30 hestar af vænu bandi eða rúmlega það, en á fyrri tímum voru þær oftast illa haldnar og beitt úti þegar hægt var. Búalög sýna bezt hvernig með kýrnar var farið, þar segir svo: »Fóðurtími kúa 32 vikur er fjórðungsvöndull á dag kýrgjöf, ef 28 vættir eru í málfaðmi«. Önnur Búalög: »Það er mælt að geld kýr hafi vöndul á dag af nytgæfu heyi,¹⁾ en tvo vöndla sú, er maður gefur til nytjar. Á viku kostar hey fyrir kú nær því 2 álnir«. Búalög segja ennfremur, að 2 kýr skuli vera um töðufaðm í miðja góí, 3 að einmánuði, en 6 (aðrir 4) að sumri, 8 að síðara sumri, 12 (aðrir 16) að fardögum til þings.²⁾ Líklega lýsir þetta ástandi á 15. og 16. öld, en jafnvel fram á 18. öld var það alment mál, að málfaðmur töðu væri nægilegt kýrfóður. Fóðrið hefir þá verið 28 vættir um allan fóðurtimann, en gömul íslensk vætt, eða 8 fjórðungar, er 34,56 kg.,³⁾ kúnni hefir þá aðeins verið ætluð 967 kg. töðu eða 1935 pd. sem er hið mesta sultarfóður, varla þriðjungur þess. sem nú þykir sæmilegt. Fjórðung veginn (20 merkur) átti kýrin að fá á dag (4.32 kg. = 8.64 pd.), rúm 4 pd. í mál. en helmingi meira sú »er maður gefur til nytjar«. Kúnum hefir verið beitt út, þegar hægt var og sveltur á milli og eðilega geta þær ekki hafa verið nytháar. Þá var hugsunarhátturinn sá, að á vetrinum ætti aðeins að halda lífinu í kúnum, en á sumrum ættu þær að gera þess meira gagn!

Þessi meðferð á kúnum hefir lengi haldist. Björn Halldórsson prófastur segir í Atla: »Allur fjöldi bænda sveltir kýrnar, en fóðrar ekki til nytja. Eg veit þá bændur, sem gefa kúnum sínum ei meira en 6—8 skálapund heys í

¹⁾ »Það er nytgæft hey« segir Páll Vídalín lögmaður »er mjólkurkýr hafa full not af, svo sem þeim er lagið. hvort heldur það er taða eða úthey. Það heitir fóðurgæft hey, er geldur peningur, naut-hestar og sauðir (að fráteknum lömbum) sem þá eru sæmilega færir er á hey koma. haldast við hold og þrif, svo þeir batna hvorki né vesna«. (Íslendingur III, 1862, bls. 78).

²⁾ Atli og Búalög. Kmhöfn 1834, bls. 180. Búalög Rvík 1915—16 bls. 6, 36, 82, 98, 133.

³⁾ Björn M. Ólsen í Búnaðarriti XXIV, bls. 151.

mál, þar eftir mjólka þær, en hafa þó sumir þeirra so góð hey, sem bezt mega fást, en þeir vilja heldur hafa fleiri, og gefa öllum lítið, því þeir segjast hafa meira gagn af þeim mörgum á sumri, þegar ei þarf að gefa hey. Þeir beita þeim út á vorum, vetrum og haustum, þegar enginn gróður er á jörð, eins kvígum, meðan þær eru í vexti. Þær verða því kviðlausar og smáar. leggja sig ekki vel til grassins á sumrum, verða kostléttar að mjólk og magrar árið um kring; mjólkuræðarnar dragast saman, svo þær verða aldrei gagnlegar.¹⁾ Sveinn Pálsson segir 1793, að í Hornafirði sé þá 20 hestar (einn heyfaðmur) talið mátulegt kýrfóður.²⁾ Svipuð meðferð á kúm hélst sumstaðar fram undir miðja 19. öld. Þorkell Bjarnason lýsir búskap í Skagafirði á árunum 1840—50 og segir meðal annars: »Sumstaðar voru kýr hvergi nærri vel fóðraðar, man og eftir þeim bæjum, sem ár eftir ár var orðið heylaust á fyrir kýr svo að kalla á sumarmálum eða aflíðandi þeim; var þá verið að reyta poka og poka af heyi, þar sem það fekst, safna kjarna, berja þorskhöfðabein og rífa hrís, þar sem þess var kostur, til að gefa þeim með útibeitinni á sinunni. Alment var þetta þó ekki, en víða munu kýr hafa gert fremur lítið gagn.«³⁾

Á seinni öldum hafa jafnan verið einstöku búmenn, sem vissu hve mikla þýðingu það hafði að gefa kúnum vel; og öllum búfræðisrithöfundum 18. og 19. aldar kemur nokkurn veginn saman um, hve fóðrið þurfi að vera mikið og fara ekki fjarri því sem nú þykir hæfa á 20. öld. Almenn hirðing nautgripa í byrjun 18. aldar sést vel á orðum Páls lögmanns Vídalín og eins skoðun hans á hæfilegu kýrfóðri. »Það er kallað meðalár, er svo víðrar á hausti, að geldar kýr ganga á haga daglega til allraheilagra messu, og svo geldnaut öll, en hafa þó gjöf þar með í annað mál; en svo á vori, að sauðgróður sé kominn á Hallvarðsmessu og geldnaut gangi á haga þaðan í frá með gjöf í annað mál.

¹⁾ Atli. Hrapsey 1783 bls. 121.

²⁾ Journal II, bls. 224.

³⁾ Tímarit Bókmaf. XIII, 1892, bls. 205—206.

Nautgróður sé kominn í fardögum og megi þá mjólkurkýr úti liggja, en sauðfé alt með sumri; ei er meðalært ella. Það er kýrfóður nægilegt, að 20 málbandshestar eru ætlaðir kú hverri, eður 30 hestar af almennu sumarbandi.¹⁾ Það verða um 5530 pd., ef málbandshestarnir eru samkvæmt ákvæði Búalaga 4 fornar vættir. Björn Halldórsson ætlar kúnni 26 hesta (á 240 pd.) eða 6240 pd. af heyi; Stefán Þórarinnsson amtmaður telur (1796) 5600 pd. nægilegt kýrfóður og kallar það 35 hesta.²⁾ Sveinn Páls-son segir, að kýr þurfi 30 hesta fóður um 8 mánaða vetur³⁾ o. s. frv. Magnús Stephensen segir að ekki megi setja kú á minna en 40 hesta af misjöfnu bandi, en gerir þó ráð fyrir að eitthvað gangi af.⁴⁾ Tryggvi Gunnarsson telur (1864) 30 hesta af töðu nægilegt kýrfóður.⁵⁾ Eiríkur Briem gaf kúm sínum 600 fjórðunga af heyi á ári og mjólkuðu þær að meðaltali 2500 potta.⁶⁾ Guðmundur Einarsson á Kvennabrekku telur >10 pd. af töðu eða töðugæfu heyi hið minsta fóður fyrir vel mjólkandi kú, 12—15 pd. í meðallagi og betur, 15—20 pd. í mesta lagi í mál. Séu nú gerð 25 pd. töðugæfs heys handa meðalkú á dag allan fóðurtímann úr árinu, sem eg tel að meðaltali á Íslandi 33 vikur, verður fóðurþyngdin 18 skpd. rúm (5775 pd.), en til að vera vel birgur fyrir kúna veitir ekki af 20 skippundum (6400 pd.) mun það svara 30 til 40 hestum af sumarbundinni töðu, eftir því sem bandið er vænt og taðan þung.⁷⁾ Í Víkverja 1874 er kýrfóðrið talið 6400 pd. eða 40 hestar með vættar- böggum yfirfljótanlegt í 34 vikur, sem talinn er þar meðal innistöðutími kúa syðra og verða það 27 pd. töðu á dag.⁸⁾

¹⁾ Íslendingur III, (1862) bls. 77—78.

²⁾ Atli 1783. bls. 78. Gl. Félagsrit XIV, bls. 247. Johnsens Hug-
vekja bls. 150—151.

³⁾ Landfræðissaga III, bls. 176.

⁴⁾ Ræður Hjálmars á Bjargi 1820, bls. 97.

⁵⁾ Ný Félagsrit XXIV, bls. 38.

⁶⁾ Búnaðarrit V, bls. 36.

⁷⁾ Guðm. Einarsson: Nautpeningsrækt 1859, bls. 25—26. Sbr.
Torfi Bjarnason í Andvara X, bls. 136—146,

⁸⁾ Víkverji II, bls. 112.

Eftir áætlun þeirra búmanna, sem nú höfum vér nefnt, verður kýrfóðrið ekki talið nægilegt, nema það séu 550 til 640 fjórðungar af töðu eða töðugæfu heyi, og nú á 20. öld mun kúm vera gefið þannig á flestum betri heimilum, þar sem eintómt hey er gefið. Eftir skýrslum á við og dreif í Búnaðarritinu virðist heygjöfin vanalega liggja á milli 4000 pda og 6500 pda, þó fyrir geti komið að meira eða minna sé gefið, vanalega gjöfin er 5—6000 pd., en nú er sumstaðar farið að gefa allmikið af ýmsu kraftfóðri, fóðurbætur ýmislegan, og þá minna af heyi. Í nautgripafélögunum var kýrfóðrið að meðaltali á öllu landinu í töðu, útheysi og fóðurbæti á árunum 1906—1910 2678 kg. eða 5356 pund.¹⁾

Auk töðu og útheysja hafa kýr sumstaðar fengið ýmislegt annað fóður. Algengt var áður við sjóarsíðu, þar sem heyjalítið var, að gefa kúm þorskhausa og barin fiskbein, dálka og roð, sporða og ugga, fisksoð, slóg, gotur, hrognkelsi og fleira sjófang.²⁾ Á Vestfjörðum hafa menn oft drýgt fóðrið með steinbit og steinbitshausum,³⁾ og á Barðaströnd var, 1886, kúm sumstaðar gefið hrossakjöt, steinbitshausar og steinbitsbein og einnig grútur hræður sundur í vatni. Þegar hart var, gáfu bændur á fyrri tíðum kúm lim af hrísi, fjalldrapa, gráviðir, söl, ætipang, murukjarua o. fl.⁴⁾ Í Eyrarsveit og víðar við Breiðafjörð voru kýr látnar mikið ganga í fjöru og mjólkuðu vel af því.⁵⁾ Á seinni árum hafa, sem fyrr var getið, verið gerðar tilraunir með að fódra kýr á ýmsu kraftfóðri eins og tíðkast víða í

¹⁾ Páll Zéphiasson: Nautgripafélögin. Skýrslur þeirra árin 1906 til 1910 (Búnaðarrit XXVIII, 1914 bls. 17—45). Af þessari mjög fróðlegu grein má margt læra um afurdir kúna á Íslandi, fóður þeirra og margt fleira, sem hér er ekki rúm til að athuga, en vjer vísum til ritgjörðarinnar sjálfar.

²⁾ Klausturpóstur IV, bls. 47, 62—63. Í Lófóten í Noregi eru kýr líka fódraðar á þorskhausum, fiskúrgangi, síld og öðru sjófangi. A. Helland: Lofoten og Vesteraalen, Kristiania 1897, bls. 201, 205, 211.

³⁾ Ferðabók Eggerts Ólafssonar bls. 352, 427. Horrebow: Tilforladelige Efterretninger om Island 1752, bls. 131.

⁴⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 69—70.

⁵⁾ Gl. Félagsrit VII, bls. 99—100.

útlöndum, þeim verið gefnar oliukökur, mais, rófur o. fl.¹⁾ Áður hafði kúm og öðrum fénaði oft verið gefinn kornmatur, er svo gert enn víða um land, sérstaklega þegar harðnar í ári og heyfátt er orðið.²⁾ Mjög víða hefir það til skams tíma verið siður að láta kýr liggja úti á sumrum, í Skaftafellssýslum, á Vestfjörðum³⁾ og víðar. Útilega kúa var fyrrum alsíða um alt land, og á 18. öld barðist Magnús Ketilsson mjög fyrir því, að kýr væru hýstar á sumrum, mest vegna sumarmykjunnar, og svo verða þær holdabetri á haustum, segir hann, af því þær hrekjast minna á kulda- og hretviðra-nóttum, rása minna á daginn o. s. frv. Bændur vildu lítt sinna þessari uppástungu, því þá voru kýr alstaðar látnar liggja úti frá því í fardögum eða 8 vikur af sumri til þess á haustkrossmessu og stundum lengur.⁴⁾

Þess var áður getið, að innistöðutími kúa mundi alment vera 33—34 vikur, en þessi tími er ekki altaf fullur gjafatími. Í skýrslum nautgripafélaganna er gjafatími í hinum ýmsu félögum talinn frá 33 til 39 vikur, en er sumstaðar eflaust talinn of langur, af því kúm er venjulega gefið með útibeitinni að vorinu 1—2 vikur eftir að þær koma út, og eins að haustinu áður en innistaða byrjar. Við þetta verður gjafatíminn 2—4 vikum lengri en innistöðutíminn. Gjafatíminn er nokkuð lengri í norðlenzku félögunum en hinum sunnlenzku, munar 2—3 vikum í meðalári eða kringum það. Við það verður árshagnaðurinn af kúaeigninni á Norðurlandi nokkuð lægri en á Suður-

¹⁾ Búnaðarrit XVIII, bls. 133—136 og víðar. Í Búnaðarriti XXVI, bls. 271—272 ræður Torfi Bjarnason til að drýgja fóður kúa og annars penings með lýsi.

²⁾ *Björn A. Blöndal*: Umburðarbrjef um peningseldi með rúgi (Sunnanpóstur III, 1838 bls. 74—76. *H. Kr. Friðriksson*: Um fóðurdrýgindi (Norðanfari III, 1864, bls. 41). Sami: Korngjöf handa fjenadi (Ísafold IX, 1882, bls. 85—87). Sbr. Andvari X, bls. 135—137 (Torfi Bjarnason).

³⁾ Sbr. Búnaðarrit XVI, bls. 34; XX, bls. 32.

⁴⁾ *Magnús Ketilsson*: Um innilegu búfjár á sumrum (Gl. Félagsrit XII, 1792, bls. 1—47).

landi, þrátt fyrir það þó norðlenzku kýrnar sjeu heldur nyt-hærri, af því þær fá meiri töðu og er beitt minna haust og vor en víða á Suðurlandi. Guðjón Guðmundsson segir, að fóðrun kúa sje mjög ábótavant, allvíða sjeu kýr fóðraðar svo að segja eins allan veturinn, án tillits til þess, hvort þær mjólka mikið eða lítið. Af þannig lagaðri fóðrun leiðir, að kýrnar, einkum þær nythærri, fá alt of lítið fóður eftir burð, og geldast því miklu fyr, og að kýr fá óþarflega mikið fóður, þegar þær mjólka lítið, miklu meira en þær geta hagnýtt sjer. og er óefað eytt á þennan hátt hér á landi til ónýtis árlega fóðri, er nömur mörgum tugum þúsunda í krónum, ef ekki hundruðum þúsunda.¹⁾

Mjólkurhæð kúa. Kýrnar á Íslandi eru miklu færri en áður, en þær, sem eru til, eru betur fóðraðar og hirtar, og gefa miklu meiri arð. Hirðing kúa var á 19. öld orðin talsvert betri en áður, en mestar framfarir í þessari grein hafa orðið á 20. öldinni, síðan nautgripafélögin og rjóma-búin komust á stofn og smjórið varð verzlunarvara.

Hvað nytháar kýrnar hafa verið í fornöld vita menn ekki af öðru en því, að gjaldgeng kýr átti eftir ákvæði Grágásar að vera »heraðræk at fardögum ok mjólka kálfs mála«²⁾ nægilega mikið handa kálfinum. Páll Zóphóniasson telur það sennilegt, að það hafi verið um pott eða 2 merkur, »hafi svo verið, þá hefði kýrin, ef hún hefði borið um nýár, átt að komast í 6 merkur, og með þeirri nyt mundi kýrin mjólka um 1000 potta um árið«³⁾ Ef þetta er rjett tilgáta, hafa 1000 pottar verið álitin meðal kýrnyt á 12. og 13. öld. Eftir sögn Bjarna Halldórssonar sýslumanns á Þingeyrum er mælt, að 100 kýr hjá Lofti Guttormssyni ríka á Möðruvöllum í Eyjafirði hafi jafnaðarlega mjólkað 15 fjórðungsfötur í mál »það gerir 6 merkur undan kú hvern dag í árinu og verða þá 1095 pottar mjólkur undan kú um árið«⁴⁾ Það er sennilegt, að kýr forfeðra vorra.

¹⁾ Búnaðarrit XXII, 1908. bls. 16, 17, 21—22, 41.

²⁾ Grágás 1852. II. bls. 193. Sbr. Dipl. isl. I. bls. 165.

³⁾ Búnaðarrit XXVIII, 1914, bls. 65.

⁴⁾ Ólafur Stephensen Gl. Fjelagsrit VI. bls. 80.

meðan kúabúin voru stærst á 12—16. öld, og kúnum var mikið beitt úti, hafi að meðaltali eigi mjólkað meira en 1000—1100 potta á ári; fram yfir miðja 19. öld mjólkuðu meðalkýr í Noregi ekki meira. Á 17. öld hefur meðalkýrnyttin varla verið mikið hærri, því eftir úrskurði lögmannna 1693 átti leigufær kýr að komast í 6 merkur, þegar hún mjólkar mest. »Það er að forngildu kölluð leigufær kýr, sem kemst til 6 marka, (7 marka) mjólkur, þá hún er best segja Búalög eður mjólki hún 5 merkur á sumur að jöfnum mjöltum.«¹⁾

Þegar kemur fram á 18. öld, verður mjólkurhæðin meiri, eru til frá þeim tíma ýmsar athuganir og áætlanir merkra manna um meðalkýrnytir og mjólkurhæð beztu kúa. Finnur biskup Jónsson telur þá kú stirtlu, er mjólki 1216 merkur um árið, þá meðalkú, sem komist í 8 merkur og mjólki 1167 potta, en þá sæmilega og gjaldgenga, er komist í 6 merkur og mjólki 1751 mörk um árið. Skúli Magnússon fógeti segir meðalkýrnyt 1642 potta, en margar kýr mjólki þó betur; árið 1734 segist hann hafa eignast kú á Felli í Hornafirði, sem kelfdi í október og mjólkaði á dag mest 12 potta eftir burð og um Jónsmessu, en alls á ári 3480 potta. Slíkar kýr segir hann algengar á Tjörnesi og í Þingeyjarsýslu og víðar um land hjá þrifnaðarbændum, er ali þær mest á töðu; kýr, sem borið hafa í miðjum júní, veit hann til að hafi komist í 18 potta, þó setur hann meðalnyt ekki meiri en 1642 potta.²⁾ Björn Halldórsson hefur reynslu fyrir því, að betri meðalkýr, sem vel er gefið, eigi að mjólka um 2008 potta á ári, en ekki telur hann það meðalnyt fyrir land alt.³⁾ Stefán Þórarinsson amtmaður telur góða kú að jafnaði mjólka 2400 potta á ári⁴⁾ og álitur þær »úrkynda og slæmar eður illa fóðraðar, nema hvorttveggja sé, sem minna mjólka« og að þær eru til »kemur af misjafnri og rangri meðferð og háttsemi í rækt og upp-

¹⁾ Atli og Búalög. Kmhöfn 1834, bls. 183, 184—85.

²⁾ Gl. Félagsrit IV, bls. 192—194.

³⁾ Atli 1783, bls. 119.

⁴⁾ Gl. Félagsrit XIV, bls. 243—246.

eldi nautpeningsins, er jafnan fer í vöxt«. Eggert Ólafsson segir, að góðar kýr á Suðurlandi mjólki eftir burð 10 potta í mál og á Norður- og Vesturlandi meira, í Borgarfjarðarsýslu segir hann, kýr mjólki jafnaðarlega 12 potta á sólarhring og hinar beztu alt að 20 potta, en í Kjósar- og Gullbringusýslu mjólki almennar kýr eigi nema 2 potta í mál og sjaldan meira en 4, þó þær séu vel fóðraðar.¹⁾ Ólafur Stephensen stiptamtmaður telur meðalkú á öllu landinu mjólka 1200 potta, og sú bezta af 50 kúm, sem hann átti, mjólkaði 1700 potta, en þá var nú líka afarvond tíð með öskufalli 1783, svo sumarnytin varð óeðlilega lítil.²⁾ Magnús Ketilsson álitur íslenzkar kýr alment betri, segir að í ungðæmi sínu á Tjörnesi hafi þar ekki verið taldar neinar »gæðakýr, þó þær kæmust í 10—12 merkur í mál«. Góðar kýr voru þar kallaðar 15 og 16 marka kýr, og ein kýr var þar, sem mjólkaði 21 mörk í mál, þá hún var fullgrædd eftir burð. Magnús Ketilsson kemst að þeirri niðurstöðu, að meðalársnyt kúa muni vera svipuð og Atli greinir, rúmir 2000 pottar á ári.³⁾ Meðaltalið af áætlunum hinna helztu búmanna á 18. öld verður 1605 pottar á ári, svo það mun ekki fjarri samni, að meðalkýrnytin á þeirri öld hafi verið um 1600 pottar, svipað eins og Skúli Magnússon ætlar.

Um mjólkurhæð kúnna á 19. öld eru til allmargar skýrslur, sem gefa allgóða bendingu, þó þær séu eigi eins nákvæmar og fullkomnar eins og skýrslur nautgripafélagsanna á 20. öld. Einstöku menn höfðu um aldamótin allstór kúabú, Magnús Stephensen hafði 1810 25 kýr, 300 fjár og 20 báta á Innra-Hólmi. Stefán amtmaður bróðir hans á Hvanneyri 50 kýr og 2—300 fjár. Magnús fékk sér síðar, eins og fyr var getið, sjálenzkt kúakyn og átti góðar mjólkurkýr, sem komust í 18—20 merkur. Magnús Stephensen segir 1808 afarmikinn mismun á kúnum eftir því sem með þær er farið. Samkvæmt reynslu hans mjólkar góð

¹⁾ Ferðabók E. Ól. bls. 15, 53, 156.

²⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 73.

³⁾ Gl. Félagsrit VII, bls. 87—88.

meðalkýr snemmbær 2035 potta, léleg kýr snemmbær 1670 potta. síðbær meðalkýr 1342 potta.¹⁾ Árið 1847 telur vestfirzkur búmaður meðalmjólki úr kú 1500 potta á ári.²⁾ Guðmundur Einarsson á Kvennabrekku segir 1859³⁾, að meðaltal af mjólkurhæð kúa sinna um 15 ár hafi verið 1560 pottar, úr hinum vænstu 2400 pottar. úr hinni lökustu 1100 pottar, beztu kýr, sem hann heyrði getið um, komust í 24 merkur í mál eftir burð og mjólkuðu á ári 3500 potta⁴⁾ og yfirleitt segir hann, að kýr, sem mjólka 3000 potta, séu taldar metfé. Síðar (1875) segir sami höfundur: »það má hérumbil staðhæfa það, þar sem eg þekki til, og kýr hafa gott fóður og góða hirðingu, að góð meðalkýr, fatlalaus, mjólki um árið ekki minna en 18—1900 potta.⁵⁾ Búfræðishöfundur einn, sem ritar 1858, segir, að það séu hrein og bein handvömm og komi af engu öðru en öfugri og illri meðferð á kúpeningnum einkum í uppvexti, ef góð meðalkýr mjólkar ekki um árið 5500 merkur.⁶⁾ Tryggvi Gunnarsson telur 1864 góða meðalkú mjólka 2120 potta, en sumar kýr mjólki þó 3000 potta.⁷⁾ Þegar leið á öldina, var farið alment að gefa kúm betur og þá mjólkuðu þær líka betur. Kýr Eiríks Briems voru fóðraðar með 600 fjórðungum af töðu og mjólkuðu að meðaltali 2500 potta.⁸⁾ Fjórar kýr Jóns Jóakimssonar á Þverá í Laxárdal mjólkuðu 1864—1884 að meðaltali nærri 3000 potta á ári.⁹⁾ Tíu kýr upp og niður á 6 bæjum í Bárðardal mjólkuðu 1885 2980 potta

¹⁾ Veterinair-Selskabets Skrifter I, bls. 230—234.

²⁾ Ný Félagsrit VII, 1847, bls. 180.

³⁾ Nautgripærækt bls. 34—35.

⁴⁾ Í Norðra (I. 1852, bls. 32) er getið um kú í Fornhaga, er mjólkaði á ári 3450 potta.

⁵⁾ Ísafold II, bls. 11. Sveinn Sveinsson efast þó um, að íslenzkár kýr að meðaltali mjólki svo mikið s. st. II, bls. 86—87.

⁶⁾ Í ritgjörðinni »Úrlausn á spurningunni um afleiðingar fjárkláðans.« Rvík 1858, bls. 7.

⁷⁾ Ný Félagsrit XXIV, bls. 40. Í Almanaki Þjóðvinafélagsins 1916, bls. 53, getur Tryggvi þess, að bezta kýrin hans hafi mjólkað 4500 potta, og fekk hún 30 pd. af góðri töðu á dag.

⁸⁾ Búnaðarrit V, bls. 36—37.

⁹⁾ Búnaðarrit III, bls. 186.

að meðaltali, minst 1535, mest 4534 potta. Ein kýr á Hvarfi í Bárðardal mjólkaði á árinu 1884 4677 potta. Þetta virðist, eins og skýrslur 18. aldar, benda á, að í Þingeyjar-sýslu séu sérstaklega góðar mjólkurkýr. Þrjár kýr á Bæ í Króksfirði mjólkuðu 1887 að meðaltali 2591 pott; 9 kýr á Reynivöllum í Kjós mjólkuðu 1883 2015 potta að meðaltali, 7 kýr á Meðalfelli í Kjós s. á. 1928 potta.¹⁾ Þessi fáu dæmi, sem hér hafa verið tilfærð, virðast benda á, að mjólkurhæð kúa hafi töluvert farið fram á 19. öld, þau sýna líka, að sumar íslenskar kýr eru ágætar mjólkurskepnur, þegar vel er með þær farið, og enn fremur, að mismunur kýrnýta er allmikill í ýmsum héruðum.

Á 20. öld hefur hirðing og meðferð kúa víða mjög farið fram, og síðan nautgripafélögin voru stofnuð, hafa fengið nákvæmar skýrslur um mjólkurhæð og fóður margra kúa; margt þar að lútandi er prentað í Búnaðarritinu og verðum vér, til að forðast málalengingar, að vísa til þeirra skýrslna um alt hið einstaka.²⁾ Eftir skýrslum nautgripafélaganna er talið, að meðalársnyt íslenskra kúa um alt land sé nú rúmlega 2200 pottar, en á mörgum einstökum búum er mjólkurhæðin töluvert meiri, 2500 til 3000 pottar og nokkuð þar yfir. Stöku kýr mjólka ágætlega og komast langt fram úr venjulegri mjólkurhæð, og dæmi eru til, að kýr hafi mjólkað 4600—4800 potta. Páll Zóphóniasson hefur eftir skýrslum nautgripafélaganna 1904—1910 reiknað afrakstur af 6898 kúm og var hann að meðaltali 2227 kg. mjólkur og 89 kg. smjörs. Til þess að mjólka svo, þurfti meðalkýrin að fá 5 1/2 kg. (22 merkur) af töðu í mál til jafnaðar allan veturinn með 35 vikna gjafatíma.³⁾ Eftir því verðlagi sem nú er, munu kýr varla borga fóður og hirðing, nema þær að minsta kosti mjólki 1800 til 1900 potta. Eftir

¹⁾ Búnaðarrit I, bls. 131—133; II, bls. 208.

²⁾ Seinasta yfirlitid yfir nautgripaæktina og félögin eftir Sigurð Sigurðsson er í Búnaðarriti 29. árg. 1915 bls. 118—142. Sbr. 28. ár bls. 67—73; 22. ár bls. 9—16; 18. ár bls. 72 og víðar.

³⁾ Búnaðarrit XXVIII, bls. 25. P. Z. Góðar og slæmar kýr (Freyr XI, bls. 7—9).

skýrslum nautgripafélaganna mjólka kýrnar að meðaltali mest á Norðurlandi, sérstaklega í Höfðahverfi og Svarfaðardal og svo í Hreppum syðra, enda hefir þar jafnan verið talið gott undir bú; minst er meðalnytin í Rangárvallasýslu, einkum í Ásahreppi og svo í Mela- og Leirársveitum. Nyrðra eru kýr mestmegnis fóðraðar á töðu, en sumstaðar á Suðurlandi, einkum í Ásahreppi, nærri eingöngu á úthöyi (gulstör úr Safamýri).

Það er enginn efi á því, að hinar íslenzku kýr eru ágætlega og jafnvel óvenjulega vel fallnar til mjólkurframleiðslu ef vel er með þær farið og þeim allur sómi sýndur. Þó ekkert hafi á fyrri öldum verið gert til að bæta kynið og skepnurnar látanar tímgastr og nærast hugsunarlaust út í bláinn, þá hefur kynið þó skapast ágætlega og hentuglega eftir náttúraskilyrðum landsins, skepnurnar hafa lagað sig eftir grasinu og dafna vel af innlendum fóðurgrösom, sem útlendur nautpeningur ætti ilt með að melta. Af því sem fyr hefir verið skráð sést glögglega, að gagn það, sem kýrnar gera, hefur stöðugt vaxið eftir því sem betur hefur verið með þær farið. Ein meðalkýr á 20. öld mjólkur jafnmikið eins og tvær fornaldar — eða gullaldar — kýr, og getur líka oftast framleitt helmingi meira af smjöri og skyri; nokkuð af því, sem hefir tapast í fjölda, hefir þannig unnið í gæðum. Það eru öll líkindi til að meðalnyt íslenzkra kúa hækki töluvert á þessari öld, ef framfarirnar í nautgriparæktinni haldast, og hér á landi eru góðar horfur fyrir kynbætur, einmitt af því íslenzku kýrnar eru svo afarmisjafnar að gæðum. Það væri ekki ólíklegt, að meðalnytin gæti um miðja þessa öld komist upp í 2500—2800 potta og þá væru íslenzku kýrnar komnar á allra hæsta stig mjólkurkúa í þjóðlöndum Evrópu, og það má þegar telja þær með hinum bestu að öllum jafnaði.

Danir eru frægir fyrir nautgriparækt, kúabú og smjörgerð, og má geta hér til samanburðar um meðalmjólkurhæð þar í landi. Mjólkur- og smjörframleiðsla í Danmörku er öll byggð á visindalegum grundvelli og er höfð til fyrirmyndar hjá öðrum þjóðum. Mestu framfarirnar í þeirri

grein hafa orðið á 2 eða 3 seinustu áratugunum. Árið 1903 voru taldir allir nautgripir í Danmörku og um leið safnað skýrslum um mjólkurhæð kúa, fekst þá vitneskja um meðalársnytt 64 % af öllum kúm í Danmörku og var hún 2617 kg. eða pottar, meiri á eyjunum, 2802 kg., minni á Jótlandi, 2455 kg. Framfarirnar hafa verið mjög örstígar á seinni árum, því snemma á 19. öld var meðalkýrnyttin ennþá lág, þó ágæt kúabú væri á stöku stað. Um 1840 er talið að meðalársnyttin í Danmörku hafi verið 1460 kg., 1880 2200—2400 kg., nú 2600—2800 kg.¹⁾ Eðlilega fer meðalnyt ýmsra fyrirmyndarbúa og einstakra ágætiskúa langt fram úr meðalársnytt fyrir allt landið. Afrakstur kúa í Noregi og Svíþjóð er miklu minni, þegar alt er tekið; þó eðlilega séu þar líka góðar mjólkurkúr á ýmsum búgörðum, þá er meðalársnyttin yfir land allt miklu lægri. Í Noregi öllum var meðalársnytt kúa 1905 talin 1386 lítrar og hefir þó hækkað töluvert á seinni árum, var talin 1855 900 lítrar, 1875 1113. 1885 1133, 1895 1235 lítrar. Á útkjálkabygðum í Noregi er mjólkurafrakstur kúa ennþá minni, þannig er meðalársnytt kúa í Lofoten 1897 talin 800 lítrar.²⁾ Magnús Stephensen skoðaði 1784, og svo aftur 1808—1809, nautpening í Noregi og »fældist hans útlit« eins og hann kemst að orði. Þorkell Fjeldsted stiftamtmaður hélt 1784 á búi sínu að Hólmagarði fyrir ofan Mandal 40 kúr. Magnús Stephensen skoðaði þær næstum daglega »og fann þar fullorðnar kúr. ljótar og loðhærðar á vöxt, allar við tvævetrar meðalkvígur hjá oss, allar 40 mjólkuðu ekki á við 10 meðalkúr vorar«. Annarstaðar sá hann þó bragðlegri kúr, enda voru þær betur hirtar og fóðraðar.³⁾ Seinna var farið á stöku stað að leggja rækt við kúpeningshirðingu. Eftir mjólkurskýrslum frá búi í Noregi með 20—30 kúm 1851 með útvöldu

¹⁾ *Jens Warming*: Haandbog i Danmarks Statistik, Kbhavn 1913. bls. 161. *Falbe-Hansen og W. Scharling*: Danmarks Statistik II. bls. 215.

²⁾ *A. Helland*: Lofoten og Vesteraalen. Kristiania 1897, bls. 210, 216.

³⁾ *Klausturpóstur VIII*, 1825 bls. 142.

innlendu kyni og ágætlega fóðraðar, þá mjólkaði sú bezta 2400 potta, en sú lakasta 1170 potta, en hinar flestar á milli 1300 og 1700.¹⁾ Nautgriparækt almúgans í Noregi hefir lengi verið á lágu stigi og er alment lakari en á Íslandi. Þó eru eðlilega þar í landi stöku góð kúabú og ýmsar tilraunir gerðar til kynbóta og búnaðarframfara. Í norðurhluta Noregs, sem liggur undir sama eða svipuðu himinbelti og Ísland, var eftir embættisskýrslum amtmanna enn þá eftir miðja 19. öld nautpeningsræktin mjög bágborin, svipuð því sem var á Íslandi á 18. öld hjá hinum sauðsvartasta almúga. Í skýrslu amtmannsins á Hálogalandi um árin 1856—60 stendur: »Nautaræktin, sem og fénaðarræktin öll, hefir enn sem fyrr nálega alla galla til að bera. Þótt gras taki að sölna þegar í ágústmánuði, er kúnum haldið úti og það oftlega fram í nóvember, meðan nokkur snjólaus blettur er til á jörðunni. Svo er sett á vetur miklu fleira en fóður er til. Fer þá oftlega svo, að fóðurskortur verður þegar í febrúar og er þá farið að safna og gefa kúm þang og þara, fiskbein, hris og barkskaf af birkitrjám, til þess að halda í þeim lifinu. Þetta veitir þó örðugt, því verkfærir karlmenn eru þá við sjó, svo kvennmenn, unglingar og örvasa karlar verða að safna þessu saman. Séu nú kýrnar á vorin risfærar og gangfærar, þykir mönnum alt með feldu og kýrnar eru láttnar út á vorin, þegar er snjó leysir og tekur að slá í jörð. Síðan segir amtmaður, að búhnykkur bænda sé sá að hafa sem flestar kýr á sumrum, því sumarhagar séu víðast góðir, en upp á vetrargagnið hugsi bændur ekki. Sumargagnið af kúnni segir amtmaður sé að meðaltali um 36 pd. af smjöri, 36 pd. af osti og um tvær tunnur sýru. Um vetrargagn sé naumast að tala, segir hann, með því og að kýrnar beri jafnaðarlega seint á veturna, seinast í febrúar eða í marz. Amtmaður segir eunnfremur, að meðgjöf með kú sé þetta 12 til 16 krónur, frá októberlokum til byrjunar á maí; en meðgjöf með ám og lömbum sé 2 til 4 krónur«. Svipað var ástandið í mörgum öðrum bygðarlögum í Noregi. Á

¹⁾ Ný Félagsrit XI, 1851, bls. 89—90.

landbúnaðarskóla á Hörðalandi mjólkuðu kýrnar í 5 ár að meðaltali 997 potta árlega, og í því héraði yfirleitt var mjólkurhæð kúa milli 400 og 1000 potta. Á búnaðarskóla í Stafangursamti mjólkaði bezta kýrin 1879 2300 potta, hin lakasta 1145 potta og allar að meðaltali 1577 potta, en það ár mjólkuðu kýrnar töluvert betur en árið fyrir.¹⁾ Í Sviþjóð er mikill blendingur af útlendum kúakynjum og sum mjólkurhá, og þar er eitt innlent gamalt fjallakyn norðan til (Jämtlands-Racen), kollótt, hvítt með svörtum og brúnum blettum, þyngd þess er 180—250 kg. og meðalársnyt 12—1400 kg.

Meðgöngutími kúa er fullar 40 vikur, þó eiga kýr fullburða kálfa enda 2 vikum fyrir 40 vikna tal og margar hafa yfir 1, 2, já enda 3 vikur. Kýr eru jafnast einkelfdar, þó það beri stundum við, að þær séu tvikelfdar. Nautpeningur er tíðast fullvaxta og kominn í fult gagn frá 5—7 ára gamall og fer að fella af eftir það hann er 12 ára; 20 til 25 er hæsti aldur.²⁾ Nú þykir víðast mikið varið í það, að kýr sjeu snemmbærar, en ekki virðist mönnum hafa þótt það svo þýðingarmikið fyrir. Það er tekið fram í Jónsbók,³⁾ að löggild kýr skuli hafa »kelft um veturinn eftir Pálmessu« (25. janúar). Eftir Grágás átti kýrin að vera kálfbær í fardögum. Um þetta segir Páll Vídalín:⁴⁾ »Burðartími kýrinnar er svo gagnvænlegastur einu búi, að hún hafi borið kálf um veturinn eftir Pálmessu og þaðan frá til sumarmála; hafnast hún þá ekki fyrir að edli réttu en í fyrsta lagi 16. febrúar og ekki síðar en 10. maí, ef menn skuli í fardögum vita, að hún hafi fest fang og sé með kálfi, sem þó á í fardögum víst að vera, því annars bætist hún 12 álfum fyrir fangleysi, svo sem almenn venja er á þessum tímum. Verður þá burður kýrinnar að vetrinum eftirkomanda aldrei fyrir en 16. nóvember og aldrei síðar en 10. febrúar, það er einhverntíma í þorralok . . .

¹⁾ Arnljótur Ólafsson í Norðlingi V. 1880, nr. 11—12 Þar er fleira fróðlegt úr skýrslum um búskap Norðmanna.

²⁾ G. E. Nautpeningsrækt bls. 8.

³⁾ Jónsbók Ó. H. bls. 228.

⁴⁾ Fornyrði lögbókar bls. 298—299.

Lætur þá nærri fyrri viðtekinni venju, sem alstaðar eða víðast á landinu er í tíðkan, að sú kýr sé gild kölluð, sem borið hefur fyrir miðgou, einhverntíma frá jólaföstuinngangi. A þess hér að gæta, að kýrin með þessum burði hefur alla sumarnyt eftir sínum kostum, og kemur eigi fyrr inn á gjöf um haustið en hófi sætir, þó haustveður megi verða mjög snemmbærum kúm orsök til innistöðu. Og ef þær kýr eru nýtsamar, sem seint á jölunum og til miðgou burð eiga, þá er von þær muni mjólka um kálfburðinu framan af vetrinum og vera léttari á fóðri, þá stund sem þær standa geldar. Lögmenn tóku það fram 1693, að gild hundraðskýr ætti að bera einhverntíma á vetri.¹⁾ Þessi fyrrgreindu ákvæði hafa eflaust staðið í sambandi við hina íslenzku og norsku venju að hugsa mest um sumargagn kúnna, reyna að treina lífið í þeim á vetrum óg forðast sem mest að gefa þeim snemma á haustin, heldur láta þær ganga úti sem lengst fram eftir.²⁾

O. L. Bærøe, sem álitur hið íslenzka kúakyn betra en hið norska, telur það hafa verið mikinn hagnað fyrir íslenzk kúabú og bætt kynið, að kýrnar hafa alment verið snemmbærar, en skaða fyrir norsk bú, að kýrnar hafa verið hafðar síðbærar. Þegar kýr bera á haustin, eða snemma vetrar, og eru þá töðufóðraðar, notast sumarbeitin betur, þær eru í tiltölulega góðu standi á vorin og græða sig svo smátt og smátt. Íslendingar hafa getað þetta, af því þeir hafa eigi þurft eins mjög á sumarnyt kúnna að halda vegna sauðamjólkurinnar, sem þeir þá höfðu.³⁾

Afrakstur kúabúa hefir frá öndverðu verið mjög þýðingarmikill fyrir bjargræði íslenzkrar alþýðu. Þó nautpeningsræktin hafi eigi skapað miklar verzlunarvörur, þá hefir velliðan allra sveitaheimila verið mjög undir henni komin, af því þaðan hefir fengist lang mest af þeim mat, sem

¹⁾ Atli 1783, bls. 123.

²⁾ Páll Briem ætlar, að ákvæði Jónsbókar hafi verið flutt til Íslands úr norskum lögum (Lögfræðingur I. bls. 110—111), en það þarf ekki til, venjurnar voru hinar sömu í báðum löndunum.

³⁾ Bærøe: Kvæget þaa Island bls. 150.

heimilisfólkið þurfti til daglegrar neyzlu. Í fornöld var nautakjöt fæða allmargra manna, líkt og sauðakjöt síðar, en úr því hefir dregið, eftir því sem aldir liðu, og nú er kjötframleiðsla nautgripa litil, aldir aðeins upp nokkrir kálfar hér og hvar, sem eru seldir eins og tveggja ára í kaupstaði og sævarþorp. Þess þýðingarmeiri hefir mjólkin jafnan verið; af henni fæst margt til viðurlífis, nýmjólkin til neyzlu og í mat, rjóminn í kaffið, smjör, skyr, áir, síra, ostar og ábristir, flautir í gamla daga o. fl. Ennfremur fæst skæðaskinn af kálfum og öðrum nautgripum.

Kýr hafa jafnan verið mjólkaðar tvisvar á dag, kvöld og morgna, víðast árið í kring í fjósinu, en þó sumstaðar úti á sumrum. Mjaltaaðferðin (togmjaltir) hefir víða þótt óhentug og óþrifaleg,¹⁾ mjaltirnar víðast framkvæmdar með röngum handtökum og af litilli þekkingu. Landbúnaðarfélagið og búfræðingar hafa á seinni árum gert ýmislegt til að bæta úr þessu og kenna mönnum rétta aðferð, hefir árangurinn orðið nokkur, en þó minni en skyldi; mjalta-kensla hefir verið höfð bæði syðra og nyrðra á búnaðarskólum og annarstaðar.²⁾ Meðferð mjólkur hefir á seinni árum tekið miklum framförum og er þekking í þeirri grein smátt og smátt að breiðast út um landið.

Mjólkin á Íslandi hefir vanalega verið sett í ferstrendum grunnum trétrogum, 3—4 pottar í hverju; kúamjólkin er látin standa 24—36 klukkustundir, sauðamjólkin 36—48 stundir.³⁾ svo er »rent«, troginu hallað á eitt hornið og undanrenningunni helt undan, svo rjóminn verður eftir.⁴⁾ Á seinni árum er farið að nota útlend mjólkurilát. Frá aldaöldi hafa verið notaðir strokkar með bullu, sem hreyfð

¹⁾ Sbr. lýsing í Búnaðarriti XVII, bls 87.

²⁾ Um mjaltir á kúm sjá *Magnús Stephensen* í Veterinær-Selskabets Skrifter I, bls. 229, Búnaðarrit I, bls. 120—136; XXI, bls. 103—125; XXII, bls. 42; XXIX, bls. 132. Freyr VIII, bls. 33—37; XI, bls. 17—23. *Sig. Þórólfsen*: Hegelunds mjaltalagið á kúm (Almanak þjóðvínafélagsins 1903, bls. 77—78).

³⁾ Andvari VIII, bls. 120.

⁴⁾ Rjómaförin innan á troginu eftir hið hærra yfirborð eru sumstaðar kölluð »rjómaflar«.

var með handafli, en á 19. öld voru sumstaðar til strokkar, er gengu með vatnsafli, einkum nýðra, í Þingeyjarsýslu. Nú eru skilvindur komnar um allt land og jafnvel á marga bæi í afskektum byggðarlögum og hafa þær verið til mikilla framfara að mörgu leyti.¹⁾ *Bogi Th. Melsted* vakti fyrstur manna athygli alþýðu á skilvindum 1896 og gerði landinu með því mikið gagn.²⁾ Í ýmsum héraðum hefir mikil breyting orðið á mjólkurmeðferð og smjörgerð, síðan rjóma-búin komust á stofn.

Hið fyrsta smjörbú á Íslandi var stofnað 1900, hinn 10. júlí, á Syðra-Seli í Hrunamannahreppi. svo fjölgaði rjómaeða smjörbúunum smátt og smátt og 1910 voru þau orðin 33, á þeim voru það ár búin til 307 þús. pund af smjöri, sem seldust fyrir 270 þús. kr., helmingur af þessu smjöri var frá búum í Árnessýslu. Sum smjörbú lögðust niður, en önnur komu í þeirra stað. Árið 1910 voru 12 smjörbú í Árnessýslu, 6 í Rangárvallasýslu, í Borgarfjarðar og Þingeyjarsýslum 3 í hverri, 2 í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum, en 1 í Skaftafells-, Kjósar-, Mýra-, Snæfellsness- og Húnavatnssýslum. Félagatalan í smjörbúunum var 1910 1220, þau störfuðu að jafnaði 100 daga á ári (minst 40, mest 280 daga) og undir þau heyrðu 7000 kúgildi, sumt af þeim voru sauðfjárukúgildi og voru 15 ær lagðar í kúgildið, nema í Þingeyjarsýslu, þar voru 12 ær taldar á móti kú. Félagsmönnum var að meðaltali 1902 borgaðir 64 aurar fyrir smjörpundið, en 1910 75 aurar, enda hafði verð á íslenzku smjöri á þeim árum á Englandi hækkað frá 78 aur. upp í 92 aur. Það hnekti sumum rjóma-búum, að félagsmenn hættu að færa frá og létu ærnar ganga með dilkum, og stöku bú lögðust niður af þeirri ástæðu. Sjaldan hættu bændur þó fráferum, af því þeir hefðu hag af því, heldur af þeirri ástæðu, að »ærgeymslan að sumrinu þótti erfið og kostnaðarsöm. Það fekst enginn til að smala eða vera hjá

¹⁾ »Skilvindan er öllum prédíkunum betri til þrifnadar og hreinlætis« segir Þórhallur biskup í Nýju Kirkjublaði VIII. 1913, bls. 277.

²⁾ Fjallkonan XIII. 1896 bls. 149—150: XIV. 1897 bls. 73—74. Sbr. Plógur VII, bls. 58.

ánum, jafnvel hvað sem í boði var. Kaupakonurnar afsögðu að mjólka. Þóttust annaðhvort of góðar til þess, eða kunnu það ekki.¹⁾ Smjörsla frá Íslandi gæti verið margfalt meiri og til mikils hagnaðar fyrir landið, ef sérstakar ástæður eigi væru til fyrirstöðu, einkum hin mikla eyðslusemi Íslendinga. Mestallur kúarjóni fer í kaffi og heimilissmjör, en sveitafólk á Íslandi drekkur meira kaffi og etur meira smjör, en alþýðufólk í nokkru öðru landi.

Smjörgæði og fitumagn íslenzkrar kúamjólkur er mjög mismunandi. Guðjón Guðmundsson telur meðalfitumagn kúamjólkur hjer á landi 3,76 % og er það tiltölulega mikið; í Danmörku er meðalfitumagnið að eins 3,36 %. Mikill munur er á hinum einstöku kúm í þessu tilliti, hinar hæstu í nautgripafélögunum hafa 6 % feiti, hinar lægstu 1,8 %. Þetta hefir eðlilega mikil áhrif á smjörframleiðsluna. Guðjón Guðmundsson segir, að úr 100 pd. af mjólk með 2,5 % fitumagni fái 2 pd. 67 kvint smjörs, til að gjöra smjörpundið þarf 37 pund af mjólk; úr 100 pd. af mjólk með 5,5 % fitumagni fást aftur á móti 6 pd. og 16 kvint smjörs og til að gjöra smjörpundið þarf að eins 16 pund mjólkur. »Hver bóndi, sem eykur meðalfitumagn mjólkurinnar úr kúm sínum um 1 %, með því að farga þeim kúnum, sem magrasta mjólk gefa, og fá aðrar með feitiríkari mjólk í staðinn, græðir á því árlega 51 pd. smjörs fyrir hverja kú, sé meðalnytin 2200.«²⁾

Á fyrri öldum, þegar kýrnar gengu mikið úti og mjólk-uðu minna, hefir smjörgagn þeirra líka verið minna, einsog ráða má af því, að 1473, 1544 og 1573 er dæmt, að hálf vætt smjörs³⁾ skuli vera smjörafrakstur eftir kúgildi. Búa-lög segja: »Það er mælt, sú kýr, sem mjólkar hálfan fjórð-

¹⁾ *Sigurðar Sigurðsson*: Starfsemi smjörbúanna árin 1900—1910 (Búnaðarrit XXVI, 1912, bls. 118—156). Í mörgum greinum öðrum í Búnaðarriti er ýmislegt um rjómbúin.

²⁾ Búnaðarrit XXII, bls. 21, 43—44. Sbr. XXVIII, bls. 89; XXIX, bls. 131, 140.

³⁾ Ein forn íslenzk vætt var fyrir 1619, þegar dönsk vog var leidd í lög, 34,56 kg. eða rúm 69 pd.; fjórðungur 4,32 kg., nú er fjórðungur 5 kg. (10 pd.) og vætt 40 kg. (80 pd.).

ung í eitt mál á sumri, þá hún er best, sú skal gera 6 fjórðunga smjörs. En sú er mjólkur fjórðung skal gjöra 12 fjórðunga«. Og enn fremur: »Það er kallað að mörk smjörs skal gera leigufært kúgildi á dag í meðal haglendi. En það er leigufært, sem kemst til 7 marka á sumri. þá hún mjólkur sem best.«¹⁾ Á 18. öld voru gerðar ýmsar atluganir um það, hve mikið smjör fengist úr mjólkinni, sérstaklega af hinum ágæta búmanni Ólafi Stephensen, stiftamtmanni.²⁾ Hann telur meðalnyt kúa, sem fyrr var getið. 1200 potta, og segist í rúm 30 ár hafa látið safna smjöri undan kúm á 12 jörðum syðra útaf fyrir sig og aldrei getað fengið yfir 5 fjórðunga og 10 merkur undan kú um árið. þá bezt hefur látið. en oft og á flestum stöðum eigi náð fullum 5 fjórðungum. Bezta kýrin hans mjólk-aði þó 1561 potta og úr henni fengust 190 merkur smjörs (95 pund). en af annari. sem eins var með farið, fengust aðeins 572 pottar mjólkur á ári og 32 pd. af smjöri á ári, og sést þar kúamunur. Ólafur Stephensen neitar því ekki, að í sumum héruðum, þar sem gott er undir bú, muni alment geta fengist um og yfir 6 fjórðungar að meðaltali. Síra Jón Ormsson í Sauðlauksdal fékk af 4 kúm 17. maí og 17. júní 1785 úr 76 mörkum mjólkur 5 1/2 mörk smjörs³⁾. Björn Halldórsson segir konu sína »og aðrar forstöndugar bústýrur hafa reynt, að af meðallagi kostugri mjólk fáiast 10 pund smjörs eður fjórðungur úr 100 pottum.«⁴⁾ Skúli Magnússon fógeti vill ekki fallast á þetta, og segist hvergi þekkja til á Íslandi þar sem svo mikið smjör fáiast úr kúamjólk, enda mun þetta alt of hátt hjá síra Birni sem meðaltal. þó einstök ágætis kostakýr kynni að hafa svo feita mjólk. Skúli fógeti setur meðalnyt kúa 1642 potta og eftir reynslu hans fengust úr þeirri mjólk í Viðey 97 1/2 pd. smjörs á ári, en á Mosfelli í Mosfellssveit 109 1/2 pund.⁵⁾

1) Búalög. Rvík 1915, bls. 34, 60, 74, 79.

2) Gl. Félagsrit VI. bls. 77, 81.

3) Gl. Félagsrit VI. bls. 72.

4) Atli 1783, bls. 119—120. Sbr. Búnaðarrit XXVIII, bls. 68.

5) Gl. Félagsrit IV. bls. 195.

Frá 19. öld þarf ekki að taka nema þessar tvær tilvitn-
anir. Guðmundur Einarsson í Kvennabrekku segir, að með-
alkostagóð kúamjólki megi það teljast, þegar úr 15 mörk-
um fæst smjörmörk »Kostabezta kýrin mín« segir hann
»kemst eftir burð í 9 til 10 merkur og er þá viku smjörið
16 merkur. Kostalakasta kýrin mín er sumarþæra, 13—14
marka kýr, 26 merkur af nýbæru mjólki hennar þurfa til
einnar smjörmerkur¹⁾. Tryggvi Gunnarsson telur eftir
reynslu sinni eitt pund smjörs fást úr 16 pottum af meðal-
góðri kúamjólki og 132 pd. af smjöri eftir meðalkú á ári²⁾.
Með mjólkurhæð kúnna hefur eðlilega á 19. og 20. öld
smjörgagnið vaxið mjög. Sumar nytháar kýr hafa líka
mjög feita mjólk, svo þess eru jafnvel dæmi á 20. öld, að
fengist hafa nærri 400 pund af smjöri úr einni ársnyt
kúar.³⁾

Um smjörgæði kúa í ýmsum héruðum landsins segir
Ólafur Stephensen: »Ekki má því neita, að á nokkrum
stöðum þessa lands sé svo gott undir bú, að undan kúm
kunni meira að fást yfir höfuð en 6 fjórðungar smjörs um
árið, svo sem í vissum sveitum Austfjarða, Vestfjarða,
Stranda og Þingeyjarsýslum, að ógleymdum Fljótum og
Ólafsfirði. Í Þistilfirði, undir Helkundaheiði, skal óleikja
vera þvínær ótandi fyrir óvant fólk þyktar vegna, úr
henni fæst engi þelamysa, sama segist um Aðalvíkur mjólk
norðast í Ísafjarðarsýslu, eins er sérlega kostagóð mjólk í
Jökulsfjörðum, Hestfirði, Trékyllisvík, Skaftafellssýslu, inst
í Hrutafirði, Fljótum og Ólafsfirði, þar á móti gefur mál-
nyta af sér mjög svo kostlitla mjólk í Náhlíð og Miðdöl-
um innan Dalasýslu, að vitni Mad. Valgerðar Sveinsdóttur,
er þar hefur eigi fengið yfir 3 fjórðunga smjörs undan kú
þó vel hafi fallið á sumardag. Í Hítardal hefur fengist
undan kú 3 og 4 fjórð. smjörs og 1/2 tunna skyr. en á
Mýrum 2 fjórð. og 1 kvartil. Í Skálholti vegna örtraðar
af ofmiklum hestafjölda, undan 8 marku kú 3 fjórð. smjörs

¹⁾ G. E. Nautpeningsrækt 1859, bls. 35—36.

²⁾ Ný Félagsrit XXIV. 1864, bls. 40—41.

³⁾ Búnaðarrit XXVIII, 1914, bls. 71.

og rúmt 1 kvartil skyr. Í Flóa og Ölfusi 3 fjórð. smjörs $1\frac{1}{2}$ kvartil skyr á sumardag. Þessi upptöldu landspláss, eins þau betri sem hin lakari, gjöra enga reglu, er grunda megi á nokkra vissu um það gagn, er almennilega eða yfir höfuð megi af kúm hafa; hitt þori eg að segja, að á millum Gilsfjarðar og Jökulsár á Sólheimasandi, fást eigi yfir höfuð meira en 6 fjórð. smjörs af einni kú árlangt; og þó menn jafni saman hinum beztu og verstu landsplássum undir bú, eigi heldur meira, hvar fyrir eg hygg þá nærfærnustu reglu, að setja 6 fjórð. smjörs undan kúm yfir höfuð fyrir heila landið, þótt bæði meira og minna fáist á stöku stöðum¹⁾. Það hefur verið almenn trú, að bæði kúa- og sauðamjólk væri einstaklega fitumikil í ýmsum útkjálka- og fjallabygðum, sagt að »rjóminn héldi skaflaskeifu« bæði á Hornströndum²⁾ og Möðrudalsfjöllum.

Skyr var um margar aldir einn hinn þýðingarmesti og algengasti matur til sveita á Íslandi, og því er eðlilega oft tekið fram í hinum eldri ritum, hve mikið skyr fáist úr kýrmjólkinni. Eftir dómi 11. júní 1398 var afrakstur af 15 ám og 4 kúm metinn 36 fjórðungar smjörs, 39 skjólur af skyri, og $3\frac{1}{2}$ tunna af sýru³⁾. Eftir hinum fyrrnefndu dómum frá 15. og 16. öld átti að gjalda í ársarð af hverju kúgildi tunnu skyr og tunnu sýru. Atli segir, að af 100 pottum mjólkur fáist 25 potta rúm af skyri og 75 potta rúm af sýru, eigi því af kýrnyt upp á 2000 potta að fást 4 tonnur skyr (tunnan á 120 pta) og 11 tonnur sýru,⁴⁾ en Skúli Magnússon reiknar 3 tonnur skyr og $9\frac{3}{4}$ tonnur sýru undan meðalkú⁵⁾. Bóndi á Vesturlandi telur 1847 að skyr-

¹⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 78–79.

²⁾ Um Hornstranda mjólkina kveður Eggert Ólafsson: »Mjólkinn þó að hún sé heit, hnigur trautt um bólið þéls, góður þykir grauttur mæls, skeifan flaut um rjómareit; mig rankar til þess löngum, ef mér skemtir skjaldmeyjan á Dröngum«. Sbr. Ferðabók P. Th. II, bls. 92.

³⁾ Dipl. isl. III, bls. 630. Búskjöla tók eftir Jónsbók hálfan þrannan fjórðung. (30 merkur) eða 9,1557 lítra (Búnaðarrit 24. ár bls. 159); 39 skjólur skyr verða þá 357 lítrar.

⁴⁾ Atli 1783, bls. 120.

⁵⁾ Gl. Félagsrit IV, 1784, bls. 195.

tunna fáist úr 500 pottum, en sýrutunna úr 200 pottum¹⁾. Guðmundur prófastur Einarsson telur skyrið fjórða hluta mjólkurhæðarinnar, en drukkinn helming: »veldur því betri flóun, því þess betur sem flóuð er mjólkinn undir hleyppingu, þess meira fæst skyrið, en drykkurinn verður minni, þar ed mjólkinn seyðist niður«²⁾. Tryggvi Gunnarsson segir að fimm partar skyrar fáist á móti fjórum af sýru, rýrunun mjólkur við flóun og strokkun sé 's, því kúamjólk þarf að sjóða meira en sauðamjólk, ef hún á að vera vel hæf til skyrgerðar. Úr meðalkýrnyt (á 2120 pta) telur hann fáist 132¹⁾ pd. af smjöri, 954 pottar af skyri (7 tunnur og 114 pottar) og jafmikið af sýru³⁾. Á seinni tímum hefur verið mjög lítil ostagjörð á Íslandi, en í fornöld var ostur algengur matur, eftir því sem sjá má af sögunum, kirkjur lögðu síðar ostatolla á heil héruð o. s. frv.⁴⁾ Um kostnað og ábata við kúahald með samanburði við sauðfjárrækt, og um hina fjárhagslegu hlið nautpeningsræktarinnar, hefur allmikið verið ritað, en vér sleppum hér að fást við það: á þetta er minst í flestum búnaðarritum, sem hér eru nefnd neðanmáls og í skýrslum um nautgripafélög í Búnaðarritinu og vísum vér þangað.

Verð kúa. Eins og fyrr hefur verið getið var kýrin frá því í fornöld almennur verðmæli, sem flest eða alt var miðað við í kaupum og sölum, og var nákvæmlega tiltekið í lögum, hvernig kýrin átti að vera, til þess hún væri gjaldgeng. Sama verð og kýrin hefur á sauðarkúgildið jafnan haft »6 ær loðnar og lembdar«, en annars hefir afstaða kýrverðs-

¹⁾ Ný Félagsrit VII, 1847, bls. 181,

²⁾ G. E. Nautpeningsrækt 1859, bls. 36–37. Sbr. Isafold II, bls. 11–12.

³⁾ Ný Félagsrit XXIV, bls. 41. Um skyr, smjör, ost og annan atrakstur nautpeningsræktar mun síðar getið nánar í köflum um verzlun og matargerð.

⁴⁾ Um ost og skyr sjá *Olaus Olavius*: Fáeinar skiringargreinir um smjör og ostabúnað á Íslandi. Kaupmannaböfn 1780. XVI, 112 bls. 8°. *Gísli Guðmundsson*: Ostagerð (Búnaðarrit XXIX, 1915, bls. 81–117). Sami: Íslenzkt og útlent skyr (Búnaðarrit XXVIII, 1914, bls. 1–16). *Sveinn Sveinsson*: Um mjólk, smjör og osta (Andvari III, 1876, bls. 91–135).

ins til annara hluta í friðu og ófriðu eðlilega verið mismunandi á ýmsum tímum eins og sést á mörgum kaupskráum, bréfum, búalögum o. fl. Einkennilegt er það, hvað geldneytaverðið er hátt til forna, sjö vetra uxi er 1100 og 1280 metinn á við tvær kýr og 4 vetra naut við kú, en þá var flestum nautgripum beitt úti, þegar hægt var, og kýr gáfu miklu minni arð en nú. Á síðari öldum féllu geldneyti mjög í verði og 1786 var í verzlun eigi gefið meira en 4-5 rd. kúrant fyrir 4 vetra naut.¹⁾ Gegn peningum var búpeningsverðið yfirleitt lágt á seinni öldum. Okur og óverð telur Ólafur Stephensen á kvikfénaði 1787, að kýrin skuli kosta 10-12 rd.²⁾ og Jóni prófasti Steingrímssyni blöskrar, að kýr í móðuhardindum voru seldar á 8-10 dali og jafnvel meira »eftir því sem sá var ágjarn og miskunarlaus, er seldi, og svo kom loksins, að gott þótti, að skepnan fekst fyrir þetta verð.«³⁾ Síðan 1818 má sjá kýrverðið á verðlagsskránum.⁴⁾ Á 19. öld var kýrverðið lægst á árunum 1833-1835 15-16 rd. á Suðurlandi, en nokkuð hærra í öðrum landshlutum. Kýrnar voru oftast á 19. öld ódýrastar syðra, dýrari nyrðra og vestra og dýrastar í Múlasýslum; var alloft töluverður verðmunur í ýmsum héruðum, jafnvel 25-30 %.

Á seinni hluta 19. aldar og einkum á 20. öld féllu peningar mjög í verði og af því leiddi eðlilega verðhækkun á öllum friðum peningi. Um aldamótin og rétt fyrir þau var hið vanalega kýrverð um 100 krónur, þó gat það verið nokkuð breytilegt í ýmsum sýslum. Eftir verðlagsskrám 1899-1900 var kýrverðið hæst í Múlasýslum 108-110 kr., á Vestfjörðum 106-107 kr., en lægst í Vestur-Skaftafellssýslu 69-70 kr. Fyrir ófriðinn mikla var alment kýrverð á árunum 1913-1914 komið upp í 120-130 kr., eftir verðlagsskrám hæst í Reykjavík 134 kr., lægst í Austur-Skaftafellssýslu, 91 kr.; eftir verðlagsskrá 1914-15 var kýrverðið í Reykjavík

¹⁾ Gömul Félagsrit VI, bls. 93.

²⁾ Gl. Félagsrit VII, bls. 135.

³⁾ Safn til sögu Íslands IV, bls. 42.

⁴⁾ Skýrslur um Landshagi I, bls. 234-283 og víðar. Á seinni árum í Stjórnartíðindum B.

komið upp í 145 kr. Á Suðurlandi var kýrverðið, eins og áður var getið, fyrrum lægra en annarstaðar, en þetta hefur breyzt á 20. öld, svo kýr eru nú dýrastar syðra, ódýrari í hinum afskektari bygðum. Stafar þessi breyting líklega af rjómabúum, aukinni smjörgerð og mjólkursölu og svo er peningaverðið eðlilega lægst í þeim héraðum, sem næst eru lánsstofnunum og öðrum peningalindum. Í ófriðnum mikla hefur, bæði hér á landi og annarstaðar, komið óeðlilegt verð á allar landbúnaðarafurdir og kýrverðið hefur eðlilega líka hækkað. Eftir verðlagsskrám 1916 var alment kýrverð orðið nálægt 160 krónum, hæst í Reykjavík 172 kr., lægst í Austur-Skaftafellssýslu 113 kr.

Sjúkdómar nautpenings. Eftir hirðingu þeirri og aðbúnaði, sem kýr og annar nautpeningur hefur haft á Íslandi er furða, að sjúkdómar þó eigi hafa gert nautgripa-ræktinni meiri boga en orðið hefur; nautgripakynið hlýtur því að vera tiltölulega heilbrigt og hafa smátt og smátt lagað sig eftir örðugum ástæðum. Af því landið er afspekt og samgöngur við útlönd hafa oftast verið litlar, en búfé sjaldan flutt á milli landa, hafa næmar stórsóttir á peningi sjaldan flutst hingað. Sjúkdómar hafa tiltölulega gert nautgripunum minna mein en sauðfénaðinum. Þó hafa sjúkdómar eðlilega frá öndverðu við og við gjört mikinn skaða á kúpeningi einstakra bæja, en sjaldan hafa drepsóttir gagn-tekið stór svæði eða heil hérað. Þegar í fornöld hefur það eðlilega komið fyrir, að nautgripir hafa drepist á einstökum bæjum af bráðum kvillum, en formenn reyndu að draga úr skadanum með váttryggingu og samábyrgð, sem fyr var getið. Í Sturlungu er getið um fall mikið á Skúmsstöðum, svo að sjö menn féllu og bæði naut og hross.¹⁾ Á dögum Jóns Ógmundssonar helga (1106—1121) var bás einn í fjósi á Hólum »er eigi hlýddi naut á að binda, því at hvert lá dautt um morguninn, er þum aftaninn var á bundið.«²⁾ en Jón helgi sigraði þann sjúkdóm með trú sinni og staðfesti.

¹⁾ Sturlunga Rvík I, bls. 205.

²⁾ Biskupasögur I, bls. 171—172, 194.

Áheit á hinn sama dýrðling hjálpuðu oft kúm við júgra-bólgu. fótbroti o. fl. 1430 er getið um nautadauða í Skálholti.¹⁾ Um miðja 16. öld var mikill nautadauði við og við á ýmsum bæjum á Suðurlandi. Þessi nautadauði byrjaði á Hömrum í Grímsnesi 1545. Þeim dauða var svo varið, að menn sakaði hvorki blóð né gor. þótt það kæmi við hendurnar. en ef það kom við andlitið. þá varð það strax mein og margir misstu sýnina af því.« »Maður einn bar nokkuð af þessu (slátrinu) til sins heimilis, þar af fékk hann mein aftan á hálsinn, og bólgu um allar kverkarnar. svo hann var dauður eftir fáa daga«. Seinast varð vart við þenna nautadauða 1580.²⁾ Árið 1591 hófst nautadauði og hunda um allt Ísland og refa, og það dó skyndilega; segja menn hlotizt hafa af einum engelskum hundi, er drepinn var fyrir vestan.³⁾ 1636 var mikill nautadauði á Skálholtsbúinu á Fjalli á Skeiðum allan vetrinn og haustið og á nokkrum bæjum þar í kring.⁴⁾ 1660 kom aftur upp nautadauði á Hömrum einsog rúmri öld áður og á ýmsa aðra bæi þar í grend, hestar féllu og dauðir niður.⁵⁾ Árið 1728 var á Vestfjörðum það sóttferli á kvikfé,⁶⁾ að sumt misti klaufirnar. en sumt drapst sjálfkrafa. einnig var svo mikil óspekt í því að það hamdist hvergi. Þetta varaði frá því um haustið og færðist norður eftir sveitum. en nautpeningur var nytlítill og sumstaðar steingeldur. Hið sama sóttarfar byrjaði árinu áður vestur undir Snæfellsjökli. Þar drápu fyrst hundarnir við Hellna og peningur varð bráðdauður; gekk sóttin þaðan norður eftir sveitum. Á árunum 1731—1733 var mikill og óvanalegur faraldur á nautum, hestum, hundum og refum gekk þessi faraldur mest um Snæfellsnes-Dala- og Húnavatnssýslur. en stakk sér víðar niður á Norðurlandi og Aust-

¹⁾ Isl. ann. (1888) bls. 295.

²⁾ Safn til sögu Íslands I, bls. 86, 104, 109.

³⁾ Annálar Björns á Skarðsá I, bls. 306.

⁴⁾ Ann. Bj. á Sk. II, bls. 206.

⁵⁾ Árb. Esp. VII, bls. 23.

⁶⁾ Árferði á Íslandi, bls. 138.

fjörðum og líka syðra í Hvitársíðu, um Suðurnes og í Árnessýslu; varð fyrst vart við sjúkdóm þenna í Búðakaupstað og hefur það líklega verið aðflutt næm syki.¹⁾ 1765 gekk í Múlasýslum faraldur á hundum og kúm, það hófst í Norðfirði;²⁾ hefir sennilega líka komið með skipum frá útlöndum. Á 19. öld var sjaldan nokkur faraldur til muna á stórgripum. Árið 1868 var nautadaudi í Miðdal í Mosfellssveit og nokkrum árum síðar stakk syki þessi (miltisbruni) sér niður á ýmsum dreifðum bæjum á Suðvesturlandinu, 1871—72 á Ási við Hafnarfjörð, 1873 í Hagavík í Grafningi, þar drápu 6 nautgripir á 2—3 dögum, hestur sem snuðraði í gorinu, er slátrað var, drapst, og hundur sem át nokkuð af innýflum líka. Sama ár var nautafellir á Skáney í Reykholtssdal og á Síðumúla, 1874 á Hjalmsstöðum í Laugardal og á Háafelli í Miðdölum.³⁾ 1890 drap miltisbruni 10 nautgripir í Arnarbæli í Ölfusi⁴⁾ o. s. frv.

Hinir algengustu sjúkdómar, sem þjá íslenskan nautpening eru: doði eða lakasótt eftir kálfsburð, júfurbólga, lungnaveiki eða heysótt og ýmsir meltingarsjúkdómar (búkhlaup, uppþemba). Kúabóla hefir gengið stundum, t. d. 1876 í Kjós og kringum Reykjavík;⁵⁾ lúsasótt á kúm var algeng um Suðurland 1819.⁶⁾ Auk þessara almennu kvilla kemur svo stundum hinn hættulegi miltisbruni og ætlar Snorri Jónsson dýralæknir að hann hafi oftast verið innfluttur með útlendum húðum. Hvort það hefur verið miltisbruni eða einhver annar sjúkdómur, sem við og við bráðdrap nautgripir á fyrri öldum vitum vér eigi. Þá má enn geta þess, að

¹⁾ Árferði á Íslandi, bls. 140—141.

²⁾ Árb. Esp. X, bls. 77.

³⁾ Snorri Jónsson: Miltisbruni á stórgripum (Sæmundur frádi I, 1874, bls. 149—159). Víkverji I, 1873, bls. 100. Þjóðólfur XXV, 1873, bls. 94, 122—123.

⁴⁾ Þjóðviljinn IV, bls. 112. 26. júní 1901 dó Jón söðlasmiður Ásmundsson í Reykjavík af kjöti af kú, sem dáðið hafði úr miltisbruna. (Almanak Þjóðvinafélagsins 1903, bls. 41)

⁵⁾ Ísafold III, bls. 83.

⁶⁾ Klausturpóstur II, bls. 110.

nautgripir verða eins og annar fénaður veikir í eldgosum af ösku og ólyfjan, sem í grasið kemur, og er sá sjúkdómur kallaður »gaddur«, ofvöxtur kemur þá í tennur kvikfénaðar, og auk þess skemmist tannhold og innýfli á ýmsan hátt.¹⁾

IV. Sauðfénaður.

1. Sauðfjäreign Íslendinga á fyrri öldum.

Landnámsmenn fluttu sauðfé með sér á skipum sínum ásamt nautpeningi; hefur allur fjöldinn af hinum aðkomnu sauðkindum efflaust komið frá Noregi, en þó líklega nokkuð af sauðfénaði frá hinum brezku eyjum með þeim landnámsmönnum, sem komu vestan um haf. Sauðfjarrækt hefir þegar í öndverðu verið þýðingarmikil atvinnugrein fyrir hina fyrstu landnema. Það var hægst að koma upp fénu, beit var þá óþrjótandi, og svo mátti, ef á þurfti að halda, hleypa kvikfénu í skógana, sem þá voru miklu víðáttumeiri en síðar. Dæmi Hrafna-Flóka og Helga magra sýna þó, að ekki var þetta einhlitt, menn urðu líka að afla heyjanna, því árferði var þá misjafnt eins og síðar. Snemma urðu menn þess varir, að beitin var mis-

¹⁾ *Jón Hjaltalin*: Lækningabók, um þá helzru kvilla á kvikfénaði, samantekin fyrir Íslendinga og löguð eftir þörfum þeirra. Kmhöfn 1837. XII + 128 bls. 8°. *Magnús Stephensen*: Um lækningaráð fyrir búfénað. (Klausturpóstur IX, 1826. bls. 119–139). Sami: Um kúa- og kálfádauda (Klausturpóstur I, bls. 135–144; II, bls. 88–91, 116–126). Sami: Kvægets almindeligste Sygdomme i Island (Vet. Selsk. Skr. I, bls. 243–252). *Snorri Jónsson*: Husdyr og Husdyrsygdomme i Island (Tidsskrift for Veterinærer. Kbhavn. 2. Række, IX. Bind 1879. bls. 137–178). Ráð við dodasótt í kúm (Almanak þjóðvinafjelagsins 1876. bls. 55–56). *Hermann Jónasson*: Dödi á kúm (Ísafold XII, 1885. bls. 187). *Guðmundur Einarsson*: Nautpeningsrækt. Rvík 1859. bls. 59–66. *Stefán Sigfússon*: Dodasótt eða magnleysissótt í nautgripum (Búnaðarrit VII, bls. 159–168). *Magnús Einarsson*: Ráðabáttur um sjúkdóma búpenings (Freyr I, bls. 14–16, 75–77; IV, bls. 105–108). *Sigurður Einarsson*: Alidýrasjúkdómar Stutt ágríp. Akureyri 1915–16. 104 bls. Prentað nedaumáls í »Íslendingi«. 1.–2. árg. Akureyri 1915–1916.

munandi góð, og yfirleitt betra undir bú nær fjöllum en á láglandi. Þetta sá Skallagrímur einsog fyrr var getið, hafði annað bú upp til fjalla og lét þar gæta sauðfjár síns. Landnáma segir: »sumir þeir, er fyrstir komu út, bygðu næstir fjöllum, ok merktu af því landkostina, at kvikféit fýstist frá sjónum til fjallanna.«¹⁾ Sauðfénu hefur fjölgað fljótt og urðu sumir landnámsmenn brátt auðugir að kvikfé, þótt þeir hefðu fátt í fyrstu, svo ekki nægði til að fæða fjölskyldu þeirra, eins og segir í Egilssögu.²⁾ Geirmundur heljarskinn var vellauðugur að lausafé og hafði of kvikfjár: svá segja menn, að svin hans gengi í Svínanesi, en sauðir í Hjarðarnesi, en hann hafði selför í Bitru.³⁾

Þjóðsagan um Þorstein rauðnef, sem var sonur Hrólfss rauðskeggs landnámsmanns, sýnir, að hann hefur verið mjög auðugur að sauðfé og forsjáll búmaður. Hann bjó að Fossi á Rangárvöllum og blótaði fossinn: »Þorsteinn lét telja sauði sína úr rétt, tuttugu hundruð (2400), en þá hljóp alla réttina þaðan af; því var sauðurinn svo margur, að hann sá á haustum hverir feigir voru og lét þá skera. En hið síðasta haust, er hann lifði, þá mælti hann í sauðarétt. Skerið þér nú sauði þá, er þér viljið; feigur em ek nú eður allur sauðurinn elligar, nema bæði sé. En þá nótt, er hann andaðist, rak sauðina alla í fossinn.«⁴⁾ Þetta er auðsjáanlega þjóðsaga og því ekki mikið að treysta því, að sauðfjártalan sé rétt, en hún bendir til þess, að Þorsteinn hafi átt óvænlega margt sauðfé, og að hann hefur verið forsjáll búmaður, sem kunnir að setja fé á vetur, en hefur ekki treyst meira upp á útiganginn, en gagnlegt var, og því látið skera töluvert af sauðfé sínu á haustin. Það hefur annars verið síður margra fornumanna að setja sauðfé á »guðsnád og gaddinn«, og því þótt furðanlegt ef einhver hélt fé sínu í harðiudum með forsjalli heyásetningu, og var það þá eignað sérstakri heppni eða spádómsgáfu. Um Úlfar á Úlfarsfelli er sagt í

¹⁾ Landnáma. Rvík 1891, V. I, bls. 197.

²⁾ Egilssaga Rvík 1892, bls. 74.

³⁾ Landnáma, bls. 93.

⁴⁾ Landnáma, bls. 207.

Eyrbyggju, að hann var »forverksmaður góður, og tekinn til þess, að honum hirðist skjótara hey en öðrum mönnum; hann var og svo fésæll, að fé hans drapst aldri af megri eða drephriðum.¹⁾«

Það er eigi gott að giska á, hve fjáreigu manna hefur verið mikil á söguöldinni, um það er svo sjaldan getið. Þegar Ólafur þá hafði reist bæ sinn í Hjarðarholti, lét hann reka þangað búsmala sinn frá Goddastöðum: »Ólafur skipar nú til, lætur reka undan fram saudfé það, er skjarrast var, þá fór búsmali hans næst. Síðan voru rekin geldneyti; klyfjahross fóru í síðara lagi. Svá var skipað mönnum með fé þessu, að það skyldi engan krók rista. Var þá ferðarbroddurinn kominn á þenna bæ en nýja, er Ólafur reið úr garði af Goddastöðum og var hvergi hlið á milli.«²⁾ Þetta getur verið alveg satt og fénaðurinn þarf ekki að hafa verið ýkja margur, því vegalengdin frá Goddastöðum að Hjarðarholti er ekki nema 2100 faðmar í beina stefnu. Þorgils orrabeinsstrjúpur fekk hjá Bjarna tengdasyni sínum tuttugu kýr og hundrað ásauðar (120) og hlýtur Bjarni að hafa átt eitthvað af ám eftir.³⁾ Hrafnkell Freysgóði vistaði til sín Einar Þorbjarnarson og setti honum þann kost, að hann skyldi smala fimmtíu ám í seli,⁴⁾ og bendir það ekki á mikla fjáreign hjá svo miklum höfðingja. Í Droplaugarsonasögu er getið um mann, sem eftir fellivetur seldi öðrum manni 50 ær. Í Reykdælu er þess getið, að maður nokkur galt öðrum 60 sauði fyrir það, að hann hafði lostið hann. Hörður rænti frá Indriða mági sínum á Indriðastöðum í Skorradal 80 sauðum. Í Hávarðarsögu Ísfirðings er sagt, að Þorbirni á Laugabóli var vant 60 geldinga, en Ólafur Hávarðsson fann þá á fjöllum. Í Bandamannasögu er þess getið, að Oddur Ófeiggsson á Melgaf Egli Skúlasyni á Borg fyrir

¹⁾ Eyrbyggja. Rvík 1895, kap. 30, bls. 69.

²⁾ Laxdæla, Rvík 1895, kap. 24, bls. 69. E. Dagobert Schönfeld (Der isländische Bauernhof und sein Betrieb zur Sagazeit, Strassburg 1902, bls. 212) kemst að þeirri niðurstöðu, að Ólafur þá muni hafa átt 12 þúsund kindur og 333 nautgripi!

³⁾ Flóamannasaga. Rvík 1898, kap. 30, bls. 58.

⁴⁾ Hrafnkelssaga. Rvík 1893, kap. 4, bls. 5.

liðsinni í málum fjóra tigu geldinga¹⁾ o. s. frv. Sauðir eru enn víðar nefndir í sögunum og voru þeir þá jafnan kallaðir geldingar. Bændur virðast í fornöld hafa átt tiltölulega marga sauði, enda var í þá daga mest ætlað upp á útiganginn, geldneyti gengu úti flesta vetur. hross og sauðir, en kúm og ám var beitt, þegar hægt var.

Verðlag á sauðfé í kúgildum var árið 1100 hérumbil hið sama, sem síðar hélst um margar aldir, 6 ær við kú, 2 tvævetrar og fjórar gamlar „og ali lömb sín og órotnar, loðnar og lembdar“; 8 tvævetrir geldingar við kú og 6 þrevetrir, en 12 veturgamlir. Hrútur tvævetur er ágildur, en hrútur þriggja vetra og eldri og forustugeldingar eru metfé.²⁾ Hve margt fé Íslendingar hafa átt á söguöldinni er nú ómögulegt að giska á með neinni vissu, en öll rök virðast þó liggja til þess, að sauðfjáreignin hafi verið tiltölulega minni en nautpeningseignin og eflaust hefur þá verið færri sauðfé á Íslandi að öllu samtöldu en nú er. Hið forna hlutfall milli nautpenings og sauðfjár hélst allengi niður eftir öldum.

Hirðing sauðfjenaðar var til forna í öllum aðalatriðum alveg hin sama eins og enn í dag. Lömb voru kefld eða færð frá, ærnar hafðar heima eða í seli og mjólkaðar í kvíum, geldfé rekið á afrétti og því safnað á haustin í göngum, dregið sundur í réttum o. s. frv. Um allt þetta væri hægt að tilfæra nóg dæmi úr sögunum, ef þörf krefði. Hin- ar ýmsu greinar sauðfjárhirðingarinnar fóru fram á sama tíma og nú, enda skamtar náttúra landsins skilyrðin, sem ekki er hægt að vikja frá að nokkrum mun. Það var á- kveðið í Jónsbók, að viðlögðum sektum, að fé skyldi vera burtu úr heimahögum (húshaga) þá er tveir mánuðir voru af sumri, eins varðaði sekt, ef menn ráku fé sitt heim fyrir tvímánuð. Með réttarbót Eiríks konungs Magnússonar, 2. júlí 1294, var þó vægt til í þessari grein, þar segir svo:

¹⁾ Reykdæla 1896, kap. 23, bls. 76--77. Harðarsaga og Hól-
verja 1891, kap. 29, bls. 63. Hávarðarsaga Ísfirðings 1896, kap. 2, bls.

4. Bandamannasaga 1901, kap. 9, bls. 39.

²⁾ Dipl. ísl. I, bls. 165-166.

um geldfjárrekstur á vár til afréttar og fjallgöngur á haustum, hvern tíma vera skal, þá geri eftir því sem hreppstjórnarmenn gera ráð fyrir og hverju bygðarlagi hæfir, því að það hæfir eigi öllum einn veg til; ella svari sá slíkri sekt, sem lögbók vottar, er eigi gerir svá.¹⁾ Venjulegur fráfernatími hefur í fornöld verið um Jónsnessu og lömbin hafa þá verið 5-6 vikna. Annar mánuður sumars var kallaður egg tíð eða stekktíð, og endaði hann í fyrsta lagi 16. júní, í síðasta lagi 23. júní og ætíð á sunnudag, en þriðji mánuður í sumri byrjaði á mánudag²⁾. Á vetrum var féð allvíða hýst og því gefið hey, þegar þurfa þótti, en mjög ætluðu menn upp á útigang. Í hriðum var staðið yfir útigangssauðum og eins voru þá til forustusauðir eins og nú: í Vigastyrssögu er getið um forustugelding, sem hét Fleygir³⁾. Í hinum veðursælli sveitum sunnaulands voru engin fjárhús til, enda vantaði þar víða fjárhús fram á 19. öld. Yfirleitt mun þó fé hafa verið hýst að nokkru leyti á flestum stærri heimilum og um allt Norður- og Vesturland. Um fjárhús og sauðahús er oft getið í sögunum og líka um sérstök hrútahús og lambhús, fjárhúshlöður og lambhúshlöður eru líka nefndar. Þá er oft getið um kvíar og kvíaból, um stekki, stöðla og stöðulgerði o. fl. Það var lögboðið að marka sauðfé eins og annan búpening, en framanaf virðast mörkin hafa verið ákveðin með sveitarsamþykktum eða að boði sveitarhöfðingja, ef Vigastyrssaga greinir rétt frá.⁴⁾ Sauðfé týndi stundum tölu af völdum útilegubjúfa og annara sauðarjúfa.⁵⁾ Sauðfé var rúid á sama hátt sem nú⁶⁾ og slátrað á haustum og var sauðfé skorið, en nautpeningur vanalega högginn. Stundum var fé fært í eyjar til að

¹⁾ Jónsbók (Ó. H.) bls. 172, 282.

²⁾ *Magnús Ketilsson*: Saudfjárhirðing 1778, bls. 37.

³⁾ Vigastyrssaga 1899, bls. 52. Árið 1367 er talið í máldaga kirkjunnar á Refsstöðum í Vopnafirði að hún eigi 2 kýr, 10 ær og einn forustusauð. (Dipl. isl. III, bls. 236).

⁴⁾ Vigastyrssaga og Heiðarvíga. Rvík 1899, kap. 7, bls. 12.

⁵⁾ Reykdæla 1896, bls. 10-11, Vigastyrssaga bls. 11.

⁶⁾ Reykdæla bls. 78. Svarfdæla 1898, bls. 48.

fita það undir slátrun.¹⁾ Slátrið hagnýttu menn sér á svipaðan hátt sem nú og gjörðu mörbjúgu, sem Íslendingar urðu frægir fyrir, og líklega blóðmörk líka, þó hans sé ekki getið í sögunum. Ullin var þá mest unnin í landinu, brúkuð til klæðnaðar og til vaðmála, sem var löglegur gjaldmiðill, þó voru gærur og ull snemma seldar kaupmönnum²⁾ og 1198 er þess jafnvel getið, að ullarfarmur íslenskur hafi verið gerður upptækur og seldur í Rúðuborg í Normandí.³⁾

Á 13. öld er stundum getið um sauðfjáreign manna og þó helst fénað kirkna. Áhafnir margra jarða hafa þá verið æði stórar, því sauðfé allmargt bættist við hina miklu nautatölu. Þegar féránsdómurinn var háður á Kirkjubæ 1250 og búinu skift, rak Sæmundur þaðan, auk hinna mörgu nautgripa, hundrað ásauðar, fimmtígi geldinga og sjö tigi veturgamalla sauða.⁴⁾ Fjarríkur hefur Þorgrímur á Miðlúsum verið, úr því Órækja rænti hann fimm hundruðum (600) sauða.⁵⁾ Árið 1185 og síðar á kirkjan í Reykholti 150 ær; Þykkvabæjarklaustur á 1218 heima á staðnum 220 ær, 257 veturgamla sauði og 95 eldri, 60 lembdar gimbrar, 335 hagalömb og auk þess 160 ær með únglömbum, til samans 1127 sauðkindur. Þetta þætti enn mikil sauðfjáreign á einu heimili, sérstaklega þar sem 112 nautgripir líka voru á sama búi. Garðakirkja á Akranesi á 1220 þrettán kúgildi ásauða og 30 geldinga, 1250 Bakki í Helgafellssveit 80 ær, 1269 Búrfellskirkja í Grímsnesi 30 ær, Oddakirkja átti 1270 180 ær og auk þess lá þangað sauðagjald af fjölda mörgum jörðum, svo kirkjan átti heimting á að fá árlega 85 sauði fyrir utan margar aðrar tekjur af ýmsu tagi; 1270 á Vallneskirkja 150 ær, 1274 Staður á Ölduhrygg 120 ær og 120 sauði, aðrar kirkjur minna.⁶⁾ Benda þessi dæmi á töluvert

¹⁾ Reykdæla bls. 60.

²⁾ Ljósvetningasaga 1896, bls. 125.

³⁾ Dipl. isl. I., bls. 718—719.

⁴⁾ Sturlunga. Rvík III bls. 162.

⁵⁾ Sturlunga II, bls. 240.

⁶⁾ Dipl. isl. I, bls. 279—80, 396, 418, 470, 475, 577; II, bls. 63, 83, 86—87, 114.

mikla sauðfjáreign á 13. öld og sýna, að ýms bú hafa verið miklu stærri en verið hefur á síðari öldum. Það er því ekki ólíklegt, að sauðfénaður hafi þá verið hérumbil eins margur eins og nú, þrátt fyrir það þó að kúabúin og geldneytaeignin væri miklu meiri.

Um fjáreign manna á 14. og 15. öld eru ýms skírteini í Fornbréfasafninu, en það mundi verða alt of langt mál að gagnrýna þau öll, getum vér hér að eins nefnt nokkur dæmi. Stærstu búin eru þá eins og fyr á biskupsstólunum og á klaustrunum og svo hjá einstöku höfðingjum og á hinum heldri kirkjustöðum; um fjáreign smábænda og kotunga er litla vitneskju að fá, enda munu margir þeirra að miklu leyti hafa búið við leigufé kirkjunnar og höfðingjanna. Efnahagurinn var þá mjög misjafn, miklu misjafnari en á söguöldinni. Árið 1374 eru á Hólum í Hjaltadal, heima og á staðarbúum, 483 ær, 180 geldingar og hrútar, 300 veturgamalt fé, alls 963 kindur.¹⁾ auk þess grúi af kvikfé í umboðum og á leigustöðum fjær og nær. Mátti þá heita að Hólastaður hefði útibú dreifið um allan Skagafjörð og er á sumum þessum jörðum margt fé, er stóllinn á, bæði stórgripir og sauðfé; árið 1389 eiga Hólar t. d. á 6 jörðum í Skagafirði meðal annars 629 ær og 578 sauði, hrúta og lömb, alls 1207 sauðkindur.²⁾ Klaustrin eiga einnig margt fé heima við, auk þess, sem er á útbúum og leigustöðum. Þykkvabæjarklaustur á, 1340, 215 ær og 315 sauði og hrúta, Helgafellsklaustur á, 1378, heima á staðnum 180 ær, 180 sauði og hrúta og 98 nautgripi, en líklega hefur margt fé þaðan verið í eyjum. Kirkjubæjarklaustur á, 1343, heima 420 ær, 360 lömb, 220 veturgamalt, 150 sauði og hrúta, alls 1150 kindur, auk þess 126 nautgripi heima og 120 ær og 10 kýr á leigum.³⁾ Þess er getið á ótal stöðum í máldögum, hve mikinn kvikfénað kirkjur eiga, og er það mjög mismunandi, enda kirkjueignin jafnast misstór partur af áhöfu kirkjujarðarinnar. Sumar kirkjur eiga 90—120 ær og

¹⁾ Dipl. isl. III, bls. 290.

²⁾ Dipl. isl. III, bls. 430.

³⁾ Dipl. isl. II, bls. 738, 781; III, bls. 328.

yfir 20 kýr. Hitardalur á, 1354, 26 kýr og 70 ær. Gaulverjabæjarkirkja á, 1356, 39 kýr og 60 ær. Reykholt, 1358, 20 kýr, 70 ær. Breiðibólstaður í Fljótshlíð, 1371, 16 kýr og 90 ær¹⁾ o. s. frv. Alt þetta bendir til þess, að sauðfjáreignin hefur verið töluverð á 14. öld. þrátt fyrir hinn mikla nautgripafjölda.

Á 15. öld mun fjáreign stórbúanna hafa verið svipuð, en frá þeirri öld eru færri skýrslur. Klausturbúin eru enn mikil. Múnkapverárklaustur á 1446 heima á staðnum 120 ær, 120 geldinga og 10 hrúta, 139 nautgripir og 54 hross og sama ár eru á Reynistað 240 ær, 130 veturgamalt fé, 8 hrútar, 220 geldingar, þess utan 50 kýr og 160 aðrir nautgripir. Sauðfjáreignin er ekki mikil í samanburði við hinn mikla nautgripafjölda. Þegar eignir Guðmundar Arasonar á Reykhólum voru gerðar upptækar, 1446, var, eins og fyr hefur verið getið, gerð skrá yfir eignir hans lausar og fastar. Guðmundar ríki bjó á 6 höfuðbólum vestra, og voru á búum þessum 2562 sauðkindur og 481 nautgripir.²⁾ Á Reykhólum einum voru 739 sauðkindur, á Kaldaðarnesi 288, á Núpi í Dýrafirði 422, á Brjámslæk 347, á Saurbæ á Rauðasandi 550, á Felli í Kollafirði 216. Þetta er allmikil sauðfjáreign og þó er nautgripafjöldinn tiltölulega miklu meiri. Hlutfallið milli sauðfjár og nautpenings hefur þá verið alt annað en nú. Nú er eftir landhagsskýrslum á öllu landinu vanalega einn nautgripur gegn 20 til 23 sauðkindum, en á búum Guðmundar Arasonar hefur verið einn nautgripur móti 5 kindum; sýnir þetta afarmikinn mismun á búskaparlaginu frá því sem nú er. Það er líka einkennilegt að sjá, hve mikil rækt hefur verið lögð við að eiga mjólkandi fénað. Á þessum 6 höfuðbólum voru 807 ær og 192 kýr. Afrakstur þessa mjólkurfénaðar í smjöri, osti, mjólk, skyri og sýru hefur verið mikið búsilag, enda lifðu heimilin þá eingöngu á sínum eigin afurðum. Síra Sigurður beigaldi, sem tók Hitardal 1463, var orðlagður auðmaður að sauðfé,

¹⁾ Dipl. isl. III, bls. 84, 114, 123, 268.

²⁾ Dipl. isl. IV, bls. 700, 702.

³⁾ Dipl. isl. IV, bls. 684—690.

er mælt að hann hafi á haustin átt meira en fulla Geitabergsrétt, sem tók meira en 20 hundruð.¹⁾

Um sauðfjártölu á 16. og 17. öld vantar allar skýrslur, en að líkindum hefur sauðpeningseignin á 16. öld verið svipuð sem fyrr. tiltölulega minni en nautpeningseignin; á 17. öld virðist töluverð breyting komin á búskaparlagið í stefnu til þess, sem síðar hefur orðið. Í kaþólsku tíðinni á fyrri hluta 16. aldar eiga klaustrin enn allmikið gangandi fé. Árið 1525 á klaustrið á Múnkaþverá heima 220 sauðfjár og 43 nautgripi. Þingeyraklaustur 390 sauðkindur og 56 nautgripi. Reynistaður 520 kindur, 114 nautgripi og 33 hross.²⁾ Þegar Gissur Einarsson tók við Skálholtsstað, voru þar til á staðnum og staðarbúum 484 ungir sauðir og gamlir og 433 lömb, 249 nautgripir og 146 hross.³⁾ Í Bjarnanesreið Jóns biskups Arasonar 1547 er þess getið, að þeir félagar hafi rekið frá Árnesi í Hornafirði 140 ær og 26 kýr og svelt þenna pening inni í fjögur mál og var komið að köfnun.⁴⁾ Hin 17. öld var hún mesta harðindaöld og fénaður týndi þá oft tölunni. Nöfn hallærisáranna geymast enn hjá alþýðu og þeirra hefur oft verið minnst með hryllingu: lurkur (1601), þíningsvetur (1602), svellavetur (1625), jökulvetur (1630), hvítvetur (1633), glerungsvetur (1648), hestabani (1696), vatnsleysuvetur (1697) o. s. frv. Það hefði verið mjög fróðlegt að eiga nákvæmar landhagsskýrslur frá þeirri öld, til þess að sjá, hverjar breytingar harðindaköstin hafa gert á skepneigninni, en því miður er ekki því að fagna. Um þá öld eru því nær engar skýrslur, og hinum fáu vísbendingum, sem eru hér og hvar í handritum frá þeim tíma, hefur enn ekki verið safnað. Fénaður lifði þá mest á útigangi og fjárhús vantaði algjörlega í mörgum héruðum, svo ekki var að undra þó að skepnumissirinn væri mikill. Þegar slík harðindi dundu yfir.⁵⁾ Það var þá eins og fyrr og síð-

1) Sýslumannaæfir II, bls. 173.

2) Dipl. isl. IX, bls. 308, 316, 321.

3) Dipl. isl. XI, bls. 315.

4) Biskupasögur II, bls. 260.

5) Á 16. öld höfðu margir fjölda af útigangsté á Skotlandi

ar, að sumir hleyptu upp miklum fénaði í góðu árunum, en mistu hann þegar harðnaði. Sveinn Jónsson ríki á Illugaströðum í Fnjóskadal, sem uppi var um 1623, átti að sögn fimm hundruð sauða, eitt sumar er sagt hann hafi tekið 3 hundruð sauða, rekið eitt í Húsavík, annað á Akureyri, þriðja í Hofsóss, og seldi allt fyrir peninga: taldi þá alla mundu annars falla á komandi vetri, enda kom þá fellivetur. Sagt var að hann hefði fólgið fé sitt í jörðu.¹⁾ Sagt er um Þórarinn bónda í Forsældal, að hann fyrir veturinn 1696, sem kallaður var hestabani, hafi átt 300 hross, af þeim lifðu eftir um vorid ekki nema 60; hann lét um haustið drepa hundruð hross á hlaðinu eða nærri þar og ryðja öllum óbirktum ofan í fossinn. Hann var einfaldur bóndamaður; þó sagðist hann ei hafa átt færri fé í sinni mestu vesöld en 800 fjár, svo var hann mikill fjárbóndi; hann hafði 30 manns á búi og undir fjórar jarðir.²⁾ Árið 1628 voru við úttekt eftir Guðbrand biskup Þorláksson afhentar heima á Hólum í Hjaltadal 368 ær, geldir sauðir tvævetrir og eldri 433 og 339 veturgamlir.³⁾

Í byrjun 18. aldar eykst þekkingin um sauðfénað Íslendinga stórkostlega við jarðabókarstörf þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þá var á árunum 1703—1712 allur kvikfénaður talinn⁴⁾, og þá fekst margur fróðleikur um alla búskaparhagi Íslendinga, sem enu er ekki nándar-nærri búið að vinsa úr eða athuga eins vel og þyrfti, enda varla hægt að nota hagfræðisskýrslur þær, sem jarðabókin hefur inni að halda, fyrr en búið er að gefa hana út í heilu

og Englandi. Í «parlaments»úrskurði 1533 er bændum bannað að eiga meira en 20 tíræð hundruð sauðfjár og er sagt að sumir einstakir menn hafi þá átt 24 þúsund fjár, aðrir 20, 5 þúsundir o. s. frv. Slik sauðfjäreign þótti hindra ræktun jarðar, og voru lagðar við háar sektir, ef þetta lagaboð var brotið, en uppljóstrunarmenn fengu hálfar sektirnar. *Th. Rogers*: Six centuries of work and wages. London 1906, bls. 340.

¹⁾ Árb. Esp. VI, bls. 21.

²⁾ Eftir annál Magnúsar Ketilssonar, Fjallkonan II, 1885, bls. 75.

³⁾ Timarit Bókmf. VII, bls. 80.

⁴⁾ Skýrslur um Landshagi á Íslandi II, bls. 60—61.

lagi. Þá voru á Íslandi alls 279812 kindur, þar af 168755 ær og 111057 geldsauðir, hér í eru taldar 818 geitur, svo hið eiginlega sauðfé án lamba hefur verið 278994 skepnur talsins. Er það tiltölulega fátt eftir því sem síðar hefur verið, en þá var miklu meira af nautpeningi eins og fyrr hefur verið getið (35860 nautgripir. Fjártal þetta er edlilega ekki nákvæmt, er það skapaðist á mörgum árum, en þó mjög fróðlegt til yfirlits og samanburðar; sjást vel af því ýmsar breytingar á búskaparlaginu, sem síðar eru orðnar. Nú (1914) er fjártalan helmingi meiri, 585022. Síðan var eigi höfð tala á fénu, fyrr en um 1760 og þá með litilli nákvæmni. Ólafur Stephensen telur, að féð hafi verið um 500 þúsund 1760, áður en fjárpestin fór að ganga, þar af 300 þúsund ær og 200 þúsund geldir sauðir,¹⁾ en síðar segir hann sauðfjártöluna það ár 491.934²⁾ Þetta tekur hann eftir skýrslum sýslumanna um fjártalið 1769, en þær gátu þess, hve miklu færra féð að líkindum mundi vera þá en fyrir fjárpestinu. Tala þessi er því ekki byggð á öðru en áætlun og eflaust langt of há, enda hafði þá um tíma verið allmikið hardæri hér á landi, einkum á árunum 1752—58. Árið 1770 segir Ólafur Stephensen sauðfjártöluna 112054, en Þorkell Fjeldsted telur, að féð fyrir sýkina (1760) hafi verið 260.098, en eftir hana (1770—71) 132.328. Það er auðsjeð að skýrslur þessar eru engan veginn áreiðanlegar, þær hljóta að vera töluvert geggjáðar.³⁾ Arnljótur Ólafsson kemst með samanburði heimildanna að þeirri niðurstöðu, að fjártalan 1760 muni hafa verið 356927, en 1770 140056. Eftir því sem næst verður komist, drápust í fjársýkinni og voru skornar niður 279,703 sauðkindur. Fyrir móðuharðindin voru að ætlun manna 236.251 sauðkindur til á öllu landinu, þá féllu 176,738 kindur og 1784 voru að eins 49613 eftir. Þó eru tölur þessar eigi alveg vissar,

¹⁾ Gl. Félagsrit V., bls. 74.

²⁾ Gl. Félagsrit VI, bls. 96 (tafla).

³⁾ Arnljótur Ólafsson hefur í Landhagsskýrslum II, bls. 82—89 ítarlega gagnrýnt skýrslur þessar og vísum vér þangað þeim, er nánari fræðslu vilja fá.

ýmsum skýrslum ber eigi saman, þó munar ekki mjög miklu.¹⁾ Í fardögum 1786 voru til á Norður- og Austurlandi 25229 ær, 10092 gimbrar veturgamlar, 1935 sauðir eldri en veturgamlir. 8387 geldingar og hrútar veturgamlir, sauðfé samtals 45641. Árið 1784 voru eftir í þeim sýslum 21248 kindur, svo fénu hafði á þessum stutta tíma fjölgað um meira en helming. Úr hinum ömtunum eru ekki til skýrslur frá árinu 1786.

Árið 1791 er sauðfénaður fyrst talinn og voru þá 153,551 kindur á landinu, svo allfljótt hefir þó fjölgað eftir móðuharðindin; 1795 er talan orðin 241,171, 1800 304,198 og ef eitt lamb er talið með hverri mylkri á, verður fjártalan öll um aldamótin 475,723, en nautgripatalan er þá orðin 23,296, svo hlutfallið milli kúa og sauða er þá orðið svipað því sem síðan hefir haldist; kúabúin hafa minkað, en sauðfjáreignin hefir aukist. Um aldamótin og eftir þau voru mikil harðindi og þá féll fjöldi fjár, sauðfjártalan 1801 var því aðeins 225,306 og komst 1802 niður í 152,947.

Ar	Mylkar ær	Vetur-gamlar gimbrar	Veturgamlir geldingar	Geldingar eldi en veturgamlir	Samtals
1791	90,985	23,048	22,571	16,947	153,551
1795	139,125	33,778	32,831	35,437	241,171
1800	171,525		86,235	46,438	304,198
1801	130,508		55,353	39,445	225,306

Sökum harðinda og óhappa var sauðfjáreignin mjög stopul á 18. öld, þó áttu nokkrir bændur með köflum margt fé. Skúli landfógeti segir: »Vorið 1735 meðgengu fyrir mér 12 bændur í Skaftafellssýslu báðum pörtum að þeir ættu roskið framgengið fé, hver fjögur stór hundruð, en hvað þar yfir væri vissu þeir ekki, því þeir teldi það aldrei Einn þeirra komst eg að og vissi að hafði 8 hundruð, samt allir hinir fleira en 4, sumir 5 og 6; mesti partur

¹⁾ Skýrslur um Landshagi II, bls. 91–99.

skattbænda átti þar 1 til 3 hundraða. Þar var og mikil bús eða matarsæla hjá þessu fólki, og alt þingjaldið íðilgott taxa vaðmál, og kýr höfðu þeir svo margar sem túnin gátu fætt. Í Skagafirði ætla eg nábúi minn á Dal hafi verið sá mesti með 6 hundruð á páskum, og snart enginn hans líki eða nærri honum.¹⁾ Á Síðu og víðar í Skaftafellssýslu var fyrir Skaftárelda svo mikil velmegun, að því sem Jón Steingrímsson prófastur segir, að margir vissu eigi hvað rikir þeir voru að sauðpeningi.²⁾ Á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal voru 7 stór hundruð fjár árið 1750 og á Hólum í Nesjum á 8. hundrað. Eggert Ólafsson segir,³⁾ að um miðja 18. öld hafi 3 bændur í Mýrasýslu átt 900—1100 fjár hver, en það kvað eigi vera rjett, líklegra að þeir þrír hafi átt þessa fjártölu til samans; Þorgrímur Sigurðsson, sem þá var þar sýslumaður, sagði, að besti fjárbóndi í hans tíð hefði átt 480 kindur, hinn næsti 390. Ólafur Stephensen segir, að á 18. öld hafi fáir hagnýtt sér betur sauðfé en íbúar Múla og Skaftafellssýslna: »Þeir lifa mest og best af sauðnum, kaupa fyrir hann og ullarvinnuna nauðsynjar sínar í höndluninni, brúka kjötið í fisks stað, sem þar er svo lítinn sem engan að fá, hafa þeir þó minni kúabú en aðrir fjórðungar landsins. Þetta fólk má sanna það, er hinir lærðu hafa sagt, að einsamall sauðurinn geti fætt, klætt og auðgað eins lands innbyggjara, og fengið þeim nægilegt erfði.«⁴⁾ Ólafur stiptamtmaður álitur eina millión kinda mátulega sauðfjártölu fyrir Íslendinga og sýnir reynsla seinni tíma, að hann hefir haft rétt að mæla. Sauðfjárræktin var í góðu horfi hjá einstöku mönnum á 18. öld, einkum hjá embættismönnum seinni hluta aldarinnar, en yfirleitt mun henni þó hafa farið aftur hjá öllum þorra alþýðu meðfram vegna harðinda og af hinu almenna eymdarástandi, sem landið var komið í. Fjárhúsin voru fá og illa bygð og selin voru óðum að leggjast niður, góðir fjármenn voru óviða til, menn

1) Gl. Félagsrit V. bls. 92—93.

2) Safn til sögu Íslands IV, bls. 6.

3) Ferðabók E. Ól. bls. 214.

4) Gl. Félagsrit V. bls. 87.

voru hættir að standa yfir beitarfé o. s. frv.¹⁾, þó var féð framan af öldinni ennþá vel hirt allviða á bóndabæjum eins og sjá má af frásögu Jóns Steingrímssonar prófasts um ungdómsár hans í Skagafirði (1735—40). Þegar hann var 7 ára, vandi faðir hans hann við að gefa lömbum og brynna þeim og lét hann síðar ganga með sér til fjár, halda því til haga, brjóta ofan af fyrir því og moka og var honum til þess smíðuð lítil göngu- og var-reka. »Þá einsýnt veður var, var eg sendur« segir síra Jón »að hleypa fénu út og reka það á hagann. Þá albjart var, átti féð að vera þangað komið, en ei fyrri en um sólaruppkomu, ef hrímfrost var; skyldi eg tvístra því vel sundur í beitarplássinu, að ei legðist eða stæði saman.«²⁾

Á seinni hluta 18 aldar gerðu bæði einstakir embættismenn og stjórnin miklar tilraunir til að bæta sauðfjárrækt Íslendinga og kenna bændum betri fjárhirðingu. Hvorki lagaboðin né upphvatningar einstöku ágætismanna höfðu þó veruleg áhrif á almenning á þeirri öld, menn voru orðnir niðurbældir og volaðir af langvarandi harðindum og verzlunarólagi, og svo bættist hver hörmungin ofan á aðra, hart árferði með löngum köflum og svo fjárkláðinn og að lokum klykti út með móðuharðindunum. Þó varð þessi framfaraviðleitni síðar að töluverðum notum, því rit 18. aldar munu hafa átt góðan þátt í viðreisn búskaparins á fyrri hluta 19. aldar.

Mattias Jockimsen Vagel hafði þegar 1737 stungið upp á að stofnuð væri ullarverksmiðja á Íslandi, að innleidd væri ensk fjárrækt og fjárkynið bætt með ensku fé.³⁾ Um miðja öldina gerði stjórnin tilraun til að koma á kynbótum á íslenzku fé, einkum til þess að bæta ullina. Þá var sænsk-ur fjárræktarmaður, F. W. Hastfer barún, sendur til Íslands 1756 með 10 enska hrúta, voru keyptar til þeirra 100 is-

¹⁾ Sbr. *N. Mohr*: Forsög til en islandsk Naturhistorie. Kbhavn 1786, bls. 9—10.

²⁾ *Æfisaga* Jóns prófasts Steingrímssonar. Rvík 1913, bls. 14—15.

³⁾ *Deo. regi, patriæ*. Soröe 1768. bls. 167. *Landfræðissaga* II, bls. 236—241.

lenskar ær og var þá stofnað fjárræktarþú á Elliðavatni. »Hastfer lét byggja sér stofu mikla og fjárhús var byggt fyrir hjörð hans, meira en flestar kirkjur hér á landi og alþiljað. Hastfer var ákaflega mikill vexti og haldinn ærið sterkur, en hægur og einfaldlegur í framgöngu; hann var hér nokkra hríð, en kona hans skemur, því hún undi sér ekki.¹⁾ Þegar Hastfer fór, skyldi hann eftir þjón sinn til að annast sauðféð. Árið 1760 kom Hastfer aftur út hingað með aðstoðarmanni sínum, Hróbjarti Sigurðssyni stúdent,²⁾ og fluttu þeir með sér spænska hrúta, var sagt að þeir hefðu sýkst á leiðinni, og var þeim kent um fjárkláðann, sem síðan fór um alt land og gerði hið mesta tjón á árunum 1762—1780. F. W. Hastfer samdi ritling um sauðfjárrækt, sem lagður var út á íslenzku að tilhlutun stjórnarinnar.³⁾ Í riti þessu eru ítarlegar reglur um kynbætur og margar nýtsamar bendingar um fjárrækt. Frá fjárbúinu á Elliðavatni voru bændum boðnir kynbótahrútar til kaups og notuðu nokkrir sér það fyrstu árin, en svo fór alt í kaf í fjársýkinni og allar kynbótatilraunir urðu að engu.

Landsnefndin mikla, sem stjórnin setti 1770, til þess að rannsaka hag Íslendinga og ástæður í verklegum eignum, átti líka að gera uppástungur um bættu kvikfjárrækt. Út af skýrslum og rannsóknum þeirrar nefndar spruttu margar tillögur, sendiferðir og bollaleggingar. Þórður Thoroddi dvaldi 1773—1779 með stjórnarstyrk í Svíaríki til þess að kynna sér búnaðarmál, einkum sauðfjárrækt, og var síðan

¹⁾ Árb. Esp. X, bls. 50. Sbr. Safn III, bls 50—51. Útgjöld stjórnarinnar við fjárræktarþú á Elliðavatni urðu 6215 rdl., mikið fé í þá daga. Lovs. f. Ísland IV, bls. 104.

²⁾ Vatnsfjarðarannáll yngri.

³⁾ F. W. Hastfer: Hugleiðingar og álit um stiptan, lögun og meðhöndlun eins vel tilbúins schæfferies eður gagnlegrar sauðatungunar og fjárafla á Íslandi. Kmhöfn 1761 8vo, 62 bls. Hastfer barún var merkismaður að mörgu og hefir meðal annars samið ágæta ritgjörð um alment ástand Íslands í þá daga; hann var Íslendingum mjög vinveittur. Hastfer dó í fátækt 20. febrúar 1768. Meira um hann í Landfræðissögu Íslands II, bls, 248—250. Lovsamling for Ísland III, bls. 236—37, 235—86, 433—35; IV, bls. 104.

nokkurskonar ráðunautur stjórnarinnar í búnaðarefnum,¹⁾ hann ritaði margt um búfræði, bók um akuryrkju, sem er prentuð, ítarlega skýrslu um búnaðarhagi Íslendinga með uppástungum um endurbætur, og rit um sauðfjárrækt; það var sent yfirvöldum á Íslandi og síðar Magnúsi Ketilssyni, sem hafði það til hliðsjónar, er hann reit bók sína um sauðfjárhirðing.²⁾ Þessi búnaðarrit Thoroddis komu ekki á prent og eru nú líklega týnd.

I tilskipun um fjárkláðann 12. maí 1772, sem birt var á alþingi sama ár,³⁾ bauð stjórnin niðurskurð á öllu fé og krafðist þess, að fjárhús á kláðasvæðinu væru rifin til grunna. Þar segir svo: »Strax eftir að sauðféð á hverjum stað er afmáð, eiga menn að fyrirtaka hinna gömlu fjárhúsa eyðilegging, þá hið gamla torf þar af skal burt flytjast á eitt afsíðis pláss, og annaðhvort uppbrennast, eður grafast niður, svo djúpt í jörðina, að engin spilling þar af orsakast kunni; steinunum þar af skal kasta burt á sama hátt, eður að minsta kosti dreifa þeim út á bersvæði, svoleiðis, að veður og vindur kunni veturinn yfir á þeim að leika; og sviða timbrið vel í eldi, ef það eigi verður brúkað til annara nytsemda, og nýtt timbur ekki getur fengist, svo sá spillingar-eimur, sem líklegt er að þar við loði, kunni að útbrennast«. Þar var einnig fyrirskipað, að ný fjárhús skyldu vera rúm- betri en hin gömlu, svo féð standi eigi of þétt, og svo á þeim mjór og langur gluggi, svo »skaðvænlegur hiti og suddi megi þar í gegnum upp stíga«. Hinn 2. marz 1776 var gefin út ný tilskipun um sauðfjárrækt og var þar helzt talað um fjárhús og nákvæmlega útlistað, hvernig þau ættu að vera. Hús fyrir 40 fjár átti að vera 20 álna langt, 6 álna breitt og veggirnir 2—3 álnir á hæð að innan, hús fyrir færri eða fleira fé í hlutfalli þar við; á þakinu áttu að vera eitt eða tvö vindaugu og þess utan loftsmugur fyrir ofan dyr og á gaffi. Hver sem ekki hlýddi þessu boði, átti

¹⁾ Landfræðissaga III, bls. 83—87.

²⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 378.

³⁾ Lovsamling for Island III, bls. 753—759.

að borga 1 rd. í sekt til fátækra. Svo voru menn einnig ámintir um að velja góða hrúta til áнна, stóra, sterka og ullargóða og engum hrúti mátti hleypa til, fyrr en hann var á öðru eða þriðja ári.¹⁾ Þá var yfirvöldum einnig boðið að halda áfram tilraunum með fjárklippingu. Þessari fyrirskipun um fjárhúsabyggingu var aldrei hlýtt, þó oft væri minst á hana, og sumir embættismenn reyndu að halda henni fram.²⁾ Sigurður Sigurðsson sýslumaður í Vestmannaeyjum, sem kallaður var »skuggi«, kvartaði undan því við stjórnina 1777, að Vestmanneyingar léti ær sínar ganga með dilkum, en mjólki þær eigi eins og annað fólk; segir hann að af þessu ráðlagi stafi sumpart fátækt eyjarskeggja, þá vanti bæði smjör, skyr og sýru, verði að kaupa þetta dýru verði úr landi, og komist svo í skuldir við verslanirnar. Stjórnarvöldin voru í þá daga föðurlega umhyggjusöm um hag þegnanna, og æði hnýsin um margt smásmuglegt og afskiftasöm. Eftir langar bollaleggingar var Vestmanneyingum með tilskipun 13. maí 1783 boðið að mjalta ær sínar að viðlögðum sektum og öðrum afarkostum, með mjög nákvæmum fyrirmælum, sem hér yrði of langt að greina.³⁾ Á 18. öld létu ýmsir embættismenn sér ant um sauðfjárrækt og tveir þeirra sömdu fróðleg rit í þeirri grein, sem oft er vitnað til í þessari bók. Ólafur Stephensen stiptamtmaður (1731—1812) reit um »gagnsemi af sauðfé« og kom sú ritgjörð út í ritum lærdómslistafélagsins í 5. bindi 1785 og Magnús Ketilsson (1732—1803) samdi 1778 bók »um sauðfjárhirðing«, sem stjórnin kostaði og lét útbyta ókeyppis meðal alþýðu. Bæði þessi rit eru fyrirtaks góð í sinni grein.

¹⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 202—206. Alþingisbók 1776, nr. 21.

²⁾ Grimur Jónsson amtmaður lét t. d. setja í byggingarbréf konungslandseta á Norðurlandi, »að þeir meðal annara gildandi laga, skyldu halda sér fyrirtéd bréf um fjárhúsabyggingu eftirréttanlegt«. *Jón Johnsen*. Hugvekja Kmh 1840, bls. 87.

³⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 421—422, 717—721. Sbr. Skýrslur um Landshagi á Íslandi II, bls. 117—118. O. Olavii Oekonomiske Reise, Formáli bls. 92—93.

2. Sauðfjártala á 19. og 20. öld.

Það hefir jafnan verið örðugt. að fá vissa tölu á sauðfénaði Íslendinga, og eru ýmsar orsakir til þess. Af því menn hafa borgað tíund af lausafé, og eftirlitið oftast hefir verið lint, hefir verið freistni til að draga undan við framtal kvikfénaðar, hefir sérstaklega verið gert orð á því, að sauðfé væri illa talið fram og sumstaðar hross, en vanalega hefir nautgripaframtalið þótt vera nærri sanni. Það er nú engum efa bundið, að sauðfjártalan hefir jafnan verið alt of litil í hinum opinberu skýrslum. Sést þetta meðal annars vel af ull þeirri, sem út er flutt, hún er vanalega meiri en hún gæti verið af hinu framtalda fé, og þó er mikið notað af henni í landinu sjálfu. Síðan um miðja 19. öld hafa árlega verið flutt út 600 til 1000 þúsundir kg. af ull; 1913 1066 þúsundir kg. Þetta samsvarar fjártölu, sem hefði átt að vera hálf til heil miljón. Hið sama kom augljóslega fram, þegar alt fé á landinu var baðað; sauðfé á Austur- og Norðurlandi vestur til Héraðsvatna var baðað veturinn 1903—1904, og í hinum hlutum landsins veturinn 1904—1905. Samkvæmt böðunarskýrslunum var sauðfé á öllu landinu 658,134, en eftir framtalsskýrslunum haustið á undan böðuninni 502,130 (ær, lömb hálfis árs eða eldri, sauðir og veturgamalt fé). Mismunurinn var því 156,004, eða nærri þriðji hluti af öllu framtöldu fé. Sauðféð var næsta haust eftir böðunina 533,675.¹⁾

Að framtal sauðfjár er svo rangt, mun þó fremur stafa af hirðuleysi og hugsunarleysi en beinum tíundarsvikum, því það sem menn gætu haft upp úr röngu framtali munar fyrir flesta mjög litlu. Hvað vel er talið fram í hverri sveit, er líka komið undir því, hvað hreppstjórnarnir eru duglegir og stjórnsamir, en þeir eru eðlilega misjafnir. Í tíundarlögnum er ákveðið, að þeir sem ekki eigi 60 álnir í tíundarbæru lausafé, þurfi eigi að tíunda, eðlilega ættu þeir samt

¹⁾ Landshagsskýrslur fyrir 1905. Rvík 1906, bls. 188—197. Freyr III, bls. 17—21.

að telja fram, en það mun mjög oft verða í undandrætti. Nú á vinnufólk, lausamenn og börn um alt land nokkrar kindur og getur það munað miklu, ef margt af því fólkí trassar að telja fram fénað sinn. Einnig mun oft vanhirt að telja fram kindur, sem eru í fódrum, en fólk úr sævarplássum á oft fénað á fódrum í næstu sveitum. Samkvæmt lögum 8. nóv. 1895 (um hagfræðisskýrslur) eru bændur þó skyldir að telja allan þennan fénað fram og eiga að sektast að öðrum kosti, en fáir munu skeyta þeim lögum eða þekkja þau. Þá munu menn einnig sumstaðar vanrækja að telja fram ásauðarkúgildi, er fylgja jörðum. Við þetta bætast svo tíundarsvik sumra, sem víða fyrir löngu eru komin upp í vana og álitin fyrirgefanleg. Afleiðingin af undandrættinum og hirðuleysinu verða svo rangar skýrslur.¹⁾

Nú eru eigi aðrar skýrslur til yfir sauðfénaðinn en þær sem birtar hafa verið í landshagsskýrslum, og þó þær séu meira og minna bjagaðar, verður að tjalda því sem til er. Skýrslurnar má nota til samanburðar á árum, því engin ástæða er til að halda, að framtalið sé mjög mismunandi frá ári til árs, þó það kunní að vera nokkuð betra frá seinni árum en áður. Sauðfjárskýrslurnar frá 19. öld hafa auk þess hina sömu galla og nautgripaskýrslurnar, þær eru með gloppum og ýmsu sniði og gera því örðugan samanburðinn. Árin 1800 og 1801 er féð talið í 4 dálkum: mylkar ær, veturgamlar gimbrar, veturgamalt geldfé, geldfé eldra en veturgamalt. Frá 1802 til 1852 er féð talið í þessum 4 deildum: mylkar ær, veturgamalt fé, geldsauðir eldri en veturgamlir (þar undir líklega geldar ær og hrútar) og haustlömb. Frá 1853—1914 eru flokkarnir þessir: ær með lömbum, geldar ær, sauðir og hrútar eldri en veturgamlir og gemlingar, en lömbum er slept. Þó hefir þeim oft verið bætt við í yfirlitsskýrslum, þannig að talið hefir verið eitt lamb fyrir hverja á, en það er edlilega mjög ónákvæmt, allmargar ær eru tvílembdar og svo týna lömbin mjög tölunni á vorin, svo eigi er hægt að bera þær tölur saman við haustlamba-

¹⁾ Sbr. Freyr III, bls. 17—21, 83—85, 105—107.

skýrslur hinna fyrri ára. Fyrir 26 ár á 19. öld vantar skýrslur algjörlega (1803, 1805—9, 1811—16, 1818—19, 1835—39, 1846—8, 1850—51, 1857, 1860, 1870, 1887) og á árunum 1849 og 1880—88 hefir aðaltalan ein verið birt.

Eftir skýrslunum hefir sauðfénaðartalan yfirleitt verið hækkandi á 19. öld. Á fyrri hluta aldarinnar er fæst fé (með lömbum) talið 1802 152,947, en flest 1852 712,182; á seinni hluta aldarinnar er fæst fé (án lamba) talið 1859 310,649, flest 1896 594,915. Eins og fyr var getið minkaði fjártalan mikið í aldamótaharðindunum (II. bls. 388—89); þá fækkaði fé nærri um helming 1800—1802, 1800 voru taldar 304,198 kindur, 1802 152.947, mismunur 151,251. Harðindi voru einnig 1807, 1817 og 1835, en frá þeim árunum vantar skýrslur, svo eigi er hægt að sjá hvort fénaði hefir mjög fækkað, en það lítur út fyrir, að hann hafi náð sér furðanlega fljótt aftur. Árin 1840—1854 var oftast ár-gæzka og islaust hér við land, á þeim árum fjölgaði fénu mjög. Árið 1829 er fjártalan komin upp undir hálfu miljón og árin 1830—34 eru taldar fram 538,568 þúsundir kinda, þá vantar skýrslur um 5 ára bil og 1840 eru taldar 505 þús. fjár; lækkunin stafar sennilega af undangengum harðindum, sérstaklega 1835. Eftir 1840 fjölgar fénu óðum og 1852 er fjártalan komin upp í 712,182 og er óhætt að fullyrða, að hin rjetta fjártala hafi þá verið nálægt miljón. Á þessari hæð helzt fjártalan (sáu vorlömb talin með í skýrslunum) þangað til fjárkláðinn kemur 1856 með niðurskurði og öðrum illum afleiðingum, þá fór fénu aftur mikið að fækka, enda var árferði þá með köflum stírt; vorið 1855 voru skepnuhöld mjög slæm og vorið kalt og ihlaupasamt, er þá mælt að drepist hafi 29 þúsund lömb. Árið 1859 var sauðfjártalan komin niður í 310 þúsund (án lamba), enda var veturinn 1858—59 víða mjög harður; fjárkláðinn stendur yfir til 1877, meira og minna magnaður, og fyrst eftir það fer aftur verulega að fjölga. Um vorið 1881 er kindatalan orðin 524 þúsund (án lamba), en þá voru um veturinn mikil harðindi gengin í garð, og um vorið 1881 er talið að 18 þúsund lömb hafi drepist. Frá fardögum 1881 til fardaga

1882 fækkaði fullorðnu fé um 100 þúsundir, þar af var þó um 20 þúsund fjár selt á fæti og kringum 50 þúsund lögð inn í kaupstað, en hörmulegastur var lambadauðinn vorið 1882, því þá drápust (eftir verzlunarskýrslum) yfir 65 þús. lömb, af hérumbil 180 þúsund lömbum, sem ærnar eftir fjártlögunni að dæma, munu hafa borið þetta vor. Þetta gerir það að verkum, að fjártalan (fellur 1883 niður í 337 þús. af árgömlu fé og eldra.¹⁾ Á árunum 1884—88 er oft stirt árferði og óhagstætt og fjártalan helst niðri, er 1888 ekki komin hærra en 374 þúsund. Það hefir verið sagt að harðindakafli 1881—88 hafi gert Íslendingum meira en 8 miljónna króna skaða.²⁾ Árið 1890 voru 445 þúsundir fjár taldar fram, en 1891 er sauðfjártalan komin upp í hálfja miljón (án lamba) og helst svo út öldina. Á 20. öld hefir yfirleitt verið gott árferði og sauðfjáreignin hefir jafnt og þétt verið að aukast og var 1913 komin upp í 634,494 kindur (án lamba), en vorið 1914 urðu mikil vanhöld á fé einkum á Suður- og Vesturlandi, svo sauðfjártalan lækkaði aftur niður í 585,022.³⁾

Eftir gróðrarfari eru ýms héruð á Íslandi, eins og fyr hefir verið getið, mismunandi vel löguð til sauðfjarræktar. Nautpeningsrækt í stærra stíl hefir jafnan verið nátengd láglendum og múrum. sauðpeningsræktin borgar sig vanalega bezt í dala- og fjallabygðum með kvistlendi og bersvæðisgróðri. Yfirleitt er sauðfjarræktin mest á Norðurlandi og Austurlandi eftir íbúatölu, en mjög er það mismunandi um allt land, hvernig sauðfjárbeitin er í hinum ýmsu sýslum, gróðrarfarið er ýmislegt í ýmsum hreppum og á ýmsum jörðum í sama hreppi,⁴⁾ en vanalega þykja kostgæði mjólkurinnar og vænleiki sauðpeningsins aukast, eftir því sem nær dregur hálendinu og fjöllunum. Vermaður, sem fór suður að sjó til róðra, sagði svo frá ferðinni, að hann

¹⁾ Stjórnartíðindi 1886, C. bls. 21.

²⁾ *Torfi Bjarnason* í Búnaðarriti XXVI, bls. 27.

³⁾ *Jón H Þorbergsson*: Fjárdauðinn 1914 (Búnaðarrit XXX, 1916 bls. 257—78). Búnaðarskýrslur 1914, bls. 8.

⁴⁾ Um sauðfjáreign í ýmsum sýslum og hreppum, sjá Búnaðarskýrslur 1914 og 1915 og eldri skýrslur.

hefði fengið rjóna að drekka í Hreppum, nýmjólk á Skeiðunum, undanrenning í Flóa, mysu í Ölfusi, en blávatn í Selvogi. Eitthvað líkt hefir vakað fyrir Ögmundi biskupi, því það var máltæki hans: Gull-Hrepparnir, Sultar-Tungur og Svarti-Flói.¹⁾ Eins og síðar mun getið hefir fjárrækt á 19. öld verið lengst komin í Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu og þar hafa oftast verið mestu fjárbændurnir; þó hafa eðlilega einstöku menn í öðrum héruðum um allt land átt margt fé, farið vel með það og lagt rækt við það; sumir hafa átt fjölda fjár í góðum árum og mist það í hörðu árferði. Á útkjálkum og í sumum snjóþyngslasveitum hafa menn mjög fátt fé, en gera vel til þess og nota það sérstaklega til mjólkur, t. d. á Hornströndum.²⁾ Í Múlasýslum hafa á 19. öld ýmsir bændur jafnan átt margt fé og farið vel með það. Síra Vigfús Ormsson á Arnheiðarstöðum († 1841) er sagt að hafi haft tíu hundruð fjár tíræð og viðlíka margt fé hafði um sama leyti Hallgrímur Eyjólfsson á Ketilsstöðum á Völlum, en síra Þorgrímur Arnórsson, sem var á Hofteigi 1848—1861, hafði þar allt að 1500 fjár.³⁾ Í Múlasýslum kvað nú vanalega vera 2—300 fjár á bæ, hjá stöku bændum 6—700 og 1904 er Jón Bergsson á Egilsstöðum með yfir 700 fjár, talinn fjárflesti bóndi landsins,⁴⁾ en það mun þó efasamt, hvort enginn nú er fjárríkari, því til skams tíma hafa ýmsir bændur hér og hvar um land átt fleira fé. Árni Gíslason sýslumaður, sem bjó í Kirkjubæ á Síðu 1858—1879, hafði þar 1300 fjár og tíundaði 150 hundruð í lausafé; hann flutti sig síðar að Krisuvík. Árið 1911 var Magnús Gíslason á Frostastöðum talinn stærstur bóndi í Skagafjarðarsýslu, hann átti 470 fjár, þar af hátt á annað hundruð sauði, 80 hross og 10 nautgripi. Þá var á Grund stærsta bú í Eyjafjarðarsýslu, 450 sauðfjár, 20 hross og 20 nautgripir; Sigurður Jónsson á Reynistað átti 300 ær, Guðmundur Guðmundsson á Þúfnavöllum 270 ær.⁵⁾

¹⁾ Árb. Esp. III, bls. 112.

²⁾ Ferðabók P. Th. II, bls. 92.

³⁾ Árbók fornleifafélagsins 1882, bls. 86.

⁴⁾ Freyr I, bls. 99. Sbr. Búnaðarrit XVI, bls. 38.

⁵⁾ Jón H. Þorbergsson í Norðra. Akureyri 1911, bls. 40, 51, 68, 73.

Sauðfjártal 1802—1852.

Ar	Mylkar ær	Veturgam- alt fé	Geldsauðir eldri en vet- urgamlir	Hauströmb	Sauðfé samfals
1802	91906	19761	21592	19688	152947
1804	102305	38724	10803	66986	218818
1810	159090	52109	24773	73552	309524
1813	129990	46196	20062	96049	292297
1817	147032	62177	32102	84482	325793
1820	161811	66249	32096	113761	373917
1821	167535	73999	34958	112584	389076
1822	154993	60204	36918	88637	340752
1823	166117	74954	36625	124812	402508
1824	176652	64244	37677	132118	410691
1825	180943	90416	38351	134793	444503
1826	162000	80132	47779	111937	401848
1827	166778	65480	47006	106343	385607
1828	178756	71753	42948	149335	442792
1829	188279	107499	44934	156183	496895
1830	208687	104945	56550	172018	542200
1831	216399	104089	66276	175952	562716
1832	203830	103072	71100	160324	538326
1833	214972	107710	69621	176304	568607
1834	215468	108886	74485	169819	568658
1840	191231	102743	50547	160718	505239
1841	205240	106114	58051	181684	551089
1842	219486	132974	65832	193967	612259
1843	218815	127700	77173	182848	606536
1844	216638	93357	80892	182517	573404
1845	223824	121308	76246	196023	617401
1849					619092
1852	246001	128348	107301	230532	712182

Sauðfénaður 1853—1899 (án lamba).

Ár	Ær		Sauðir og hrútar eldri en veturg.	Gemlingar	Samtals
	með lömb- um	geldar			
1853	223965	34484	105691	152713	516853
1854	224611	34325	110687	137764	507387
1855	214112	34950	105764	135106	489932
1856	231850	18650	100492	118704	469696
1858	176179	36443	65611	104296	382529
1859	144603	36895	52755	76396	310649
1861	171344	15350	42743	97227	326664
1862	171227	19484	43356	123673	357740
1863	156903	36002	52057	104327	349389
1864	178971	16863	59789	93701	349224
1855	172035	25876	59348	124319	381578
1866	176664	30022	69017	117592	393295
1867	159165	34969	70785	103672	368591
1868	178346	17692	66675	88454	351167
1869	169284	19127	55128	113162	356701
1871	173512	18615	55710	118243	366080
1872	168805	23407	57409	125102	379723
1873	193527	17881	67765	137377	416550
1874	188884	26247	74857	138725	428713
1875	193812	22452	80213	127644	424121
1876	178202	28793	77406	130938	415339
1877	190647	23743	79237	143659	437286
1878	198403	26151	85870	143537	453961
1879	206906	44635	91463	157339	500343
1880					501251
1881					524516
1882					424154
1883					337420
1884					406245 ¹⁾
1885					426495
1886					400840
1888					374131
1889	174872	24305	67386	135701	402264
1890	194417	25348	63215	162875	445855
1891	211424	30191	71478	186998	500091
1892	211808	53839	91129	198357	555133
1893	219151	43467	97843	158337	519298
1894	229189	34718	93971	198379	556257
1895	229110	40306	86626	197972	554004
1896	247051	40231	90646	216987	594915
1897	216627	55913	83418	181530	537488
1898	217328	44803	92227	162756	517614
1899	194015	52578	81845	172041	500479

¹⁾ Á árunum 1880 til 1888 er geitfé talið með sauðfé.

Sauðfénaður á 20. öld (1900—1914) (án lamba).

Ár	Ær		Sauðir og hrútar eldri en veturg.	Gemlingar	Samtals
	með lömbum	geldar			
1900	199967	38314	74682	156514	469477
1901	205790	35314	69099	171986	482189
1902	207413	41796	65397	177193	491799
1903	210333	43710	66311	165993	486347
1904	220673	43095	70428	160974	495170
1905	243565	41344	73183	185220	543312
1906	228579	68779	73605	178600	549563
1907	252201	59288	73981	140725	526195
1908	265145	53975	63272	130026	512418
1909	280782	50026	58515	167804	557127
1910	271656	73672	60784	172522	578634
1911	304229	57756	64955	147113	574053
1912	320871	58364	63291	157655	600181
1913	342125	64015	64637	164187	634964
1914	286414	114766	59233	124609	585022

3. Sauðfjarrækt Íslendinga.¹⁾

Sauðfjarkyn og kynbætur. Sauðfé á Íslandi telst undir þá tegund, sem algengust hefir verið að fornu fari um norð-

¹⁾ Helstu rit um almenna sauðfjarrækt, sem eg hef notað hér að einhverju leyti. Ritgjörða um ýms sérstök atriði fjarræktarinnar er síðar getið neðanmáls: *F. W. Hastfer*: Hugleiðingar og álit um stiptun, lögum og meðhöndlun eins vel tilbúins schæfferies eður gagnligrar sauðatingunar og fjárafla á Íslandi. Kmhöfn 1761, 62 bls. 8vo. *Magnús Ketilsson*: Undirvísun um þá íslensku sauðfjarrhirðingu. Hrappsey 1778, 16 + 168 + 22 bls 8vo. *Sami*: Stutt ágríp um ítölu búfjár í haga með litlum viðbætur um hrossaslátur. Hrappsey 1776, 44 bls. 8vo. *Sami*: Um innilegu búsmala á sumrum (Gl. Félagsrit XII, bls 1—47), líka sérstakt. Hrappsey 1790, 48 bls. 8vo. *Skáli Magnússon*: Sveitabóndi (Gl. Félagsrit IV, bls. 137—207, V, bls. 143—189; VI, bls. 153—174). *Ólafur Stephensen*: Um gagnsmuni af sauðfé (Gl. Félagsrit V, 1785, bls. 66—114). *Jón Jónsson*: Tilraun til að svara uppá spursmálið um jafnvægi búdrýginda milli sauða og útlenskra matvæla.

urhluta Evrópu (*Ovis brachyura borealis* Pall.). Á þeirri tegund er stutt rófa og snöðin líkt og höfuð og fætur. Viðást erlendis er þetta kyn nú blandað öðrum, nema í einstöku afskektum byggðarlögum, á nokkrum eyjum og í fjallendum. Í fornöld, í þann tíð sem sauðfé fluttist fyrst til Íslands, voru þessar stuttrófu kindur líklega eina fjáarkynið um öll Norðurlönd, á brezku eyjunum og norðantil á Þýzka-landi og í Rússlandi. Landnámsmenn gátu því ekki flutt annað sauðfjáarkyn með sér, hvort sem þeir komu austan eða vestan um haf. Sauðfjáarkyn þetta var sumpart hyrnt, sumpart kollótt og hefir frá öndverðu verið sérstaklega vel lag- að eftir náttúru í hrjóstrugum harðbalalöndum og vel fallið til að þola kulda og votviðri, það lifði mest eða alveg á úti- gangi, var holdalítið, smávaxið og harðgert, ullin var í stór- gerðara lagi og fremur togmikil. Meginið af sauðfénu is-

Kmhöfn 1801, 38 bls. 8vo. *Magnús Stephensen*: Beretning om de vigtigste Huusdyr i Island (Veterinair-Selskabets Skrifter. Kbhavn 1808 I, bls. 157—272). Sami: Um útlendan búfénað (sauðfé) (Klaustur- póstur VIII, 1825, bls. 173—181). Ádrepa um meðferð á búsmala, einkum sauðfé (Gestur Vestfirðingur I, 1847, bls. 48—57). *Jón Sigurðs- son*: Um sauðfénað (Lítill varningsbók. Kmhöfn 1861, bls. 20—39) *Guðmundur Einarsson*: Undirstöðuatriði búfjárræktarinnar. Verðlauna- rit Rvík 1877, 44 bls. 8vo. Sami: Um sauðfénað. Rvík 1879, 7 + 102 bls. 8vo. Fjárnæklingur eða leiðarvisir handa þeim sem vilja stunda fjárrækt. Akureyri 1855, VI + 60 bls. 8vo. *Páll Stefánsson*: Fjármað- urinn. Rvík 1913, IV + 100 bls. 8vo. Sami: Sauðfénaður, uppruni hans, meðferð og kynbætur (Fjallkonan 19. árg. 1902, nr. 7, 8, 9, 11). *Hallgrímur Þorbergsson*: Um sauðfé (Búnaðarrit XX, bls. 184—217). Sami: Skýrsla um kynferði og lífsskilyrði sauðfjár í Eyjafjarðar- Skaga- fjarðar- Húnavatns- og Strandasýslum (Búnaðarrit XXI, bls. 85—102). Sami: Skýrsla um kynferði og lífsskilyrði sauðfjár á Fljótsdalshéraði og Norður-Þingeyjarsýslu (Búnaðarrit XXII, bls. 305—320). Sami: Kynblöndunarrækt á Englandi. Innflutningur búfjár til Íslands (Bún- aðarrit XXIII, bls. 273—299). *Jón H. Þorbergsson*: Um hirðing sauð- fjár. Rvík 1912, 66 bls. 8vo. Sami: Kynbætur sauðfjár. Rvík 1915. 144 bls. 8vo Sami: Um sauðfjárrækt sunnanlands (Búnaðarrit XXVIII bls. 125—136). Sami: Fjárnæklingurinn 1914 (Búnaðarrit XXX, bls. 257—278). Sami: Ferð um Eyjafjarðar og Skagafjarðarsýslur (Norðri VI, Akureyri 1911, bls. 39—40, 51, 59, 63, 68, 73, 96). *Jónas Eiríksson*: Um sauðfjárrækt (Austri 1913 nr. 36, 37, 44, 46, 47). Sami: Sauðfjár- eign Íslendinga (Ísaföld 1911, nr. 75, bls. 294).

lenzka mun eðlilega komið frá Noregi, en nokkuð eflaust frá eyjunum við Bretland. Norska féð er nú vegna kynblöndunar víðast orðið töluvert ólíkt hinu upprunalega íslenzka fé, bæði að vaxtarlagi og halalengd. Sveinn Sveinsson segir þó, að norskt fé standi yfirleitt mjög að baki voru sauðfé bæði að hörku og stærð, en aftur á móti sé það ullarbetra og ullarmeira.¹⁾

Hér á Íslandi hefir sauðfé oftast átt við örðug kjör að búa, hefir frá öndverðu verið látið ganga úti á vetrum, þegar fært var, og stundum þó ekki væri fært, hefir í hörðum árum fallið unnvörpum og oft verið svelt og lítið hirt, hefir átt fá skýli, í og sumum landshlutum hafa öldum saman þvínær engin fjárhús verið til. Sauðfénaðurinn hefir því fram á síðustu aldir að miklu leyti orðið að sjá fyrir sér sjálfur og berjast við óblíða náttúru, eftir því sem hann hafði dug til.²⁾ Afleiðingin af þessu hefir eðlilega orðið, að sauðfénaðurinn íslenzki hefir orðið þolin og þrautseigur til beitar; af því sem af tórði dafnaði það bezt sem harðgerðast var og styrkti þannig stofninn, þó ekkert væri sint um kynbætur fyr en á 18. öld. Eftir náttúru og landsháttum í ýmsum héruðum hafa skapast fjölda mörg smærri afbrigði á útliti sauðfjárins, sumstaðar hafa myndast fastir kynþættir eða landaldir fjárstofnar í ýmsum héruðum; sumstaðar hafa kynbótilraunir seinni tíma framleitt breytta og endurbætta kynstofna, en hin útlendu áhrif virðast hafa verið fremur lítil til langframa.

Hið forna eðli hins íslenzka fjárkyns mun víðast hafa haldist að miklum mun. Sífeldir flutningar á fé milli héraða, einkum eftir niðurskurð í fjárkláðunum, hefir blandað

¹⁾ Sæmundur fróði I, 1874, bls. 92.

²⁾ Það hefir alloft komið fyrir, að kindur hafa árum saman gengið úti í óbygðum án allrar hirðingar. Þetta hefir þó helzt komið fyrir á Suðurlandi, einkum í Skaftafellssýslum. Alþekt er villiféð í Núpsstaðaskógum, sem tíngaðist þar um langt árabíl, eins hefir óskilafé gengið úti í Esjufjöllum og Breiðamerkurfjalli sunnan í Vatnajökli og villifé hefir líka verið í Goðalandi norðaustur af Eyjafjallajökli og hafa bændur úr nágrenni fyrrum notað það stundum til skurðar. Um villiféð í Núpsstaðaskógum sjá ferðabók P. Th. III, bls. 183-184.

kynið í ýmsum landshlutum, svo mikil og föst séreinkenni hafa örðuglega getað myndast, en smábreytingar eru mjög tíðar. Einkenni hinna ýmsu afbrigða hafa enn ekki verið vísindalega rannsökuð.

Hinn fyrsti, sem eg hefi orðið var við að hafi flokkað niður fjarkyn á Íslandi á 19. öld, er Jón Espólin búfræðingur, hann ferðaðist með stjórnarstyrk um Norður- og Austurumdæmin 1851, til þess að grenslast eftir búnaðarhöfum manna. Hann segir, að í Norður- og Austuramti megi aðgreina fjögur fjarkyn: 1^o Þið hábeinotta, mjóslegna magurlenskyn, það er lakast, en ær af því kyni mjólka allvel á sumrin; 2^o hið stórvaxna Húnavatnskyn, það er holdugra og feitlagnara, ullarmeira og hraustara; 3^o hið hábeinotta, sívala öræfakyn, það er fallett á fæti, og miklu feitlagnast, og mjög harðfengt í sér; 4^o hið lágfætta, breiðvaxna Jökuldalskyn, það er harla holdugt og feitlagið. Það eru dæmi til að hrútar af þessu kyni hafi verið skornir 2½ árs gamlir um haust með 34 pd. mörs og 9 fjórðunga (90 punda) falli. Menn hafa reynt að ná þessu kyni þar í nálægum sveitum, og hefir það tekist ágætlega, afkvæmið hefir orðið hraustara en stofnkynið sjálft, og tekið betur eldi en fé alment gjörir. Þeir hinir ágætu heiða hagar, sem eru í austurhluta amtsins, hafa hvatt menn til að stunda betur fjárrækt en kúa, féð hefur haft að mestu fyrir sér sjálft allan veturinn, og fitnað þó furðanlega rétt undir það bændur hafa látið það í kaupstaðinn. Þess vegna hefur og fjárræktin orðið harla arðsöm, og menn hafa sinnt minna allri annari kvikfjárrækt. Þar er og líka fé, sem er afbragð alls annars fjár á Íslandi. Í vesturhlutanum hafa menn aftur betri engjar og grasgefnari, og því er þar fremur lögð rækt við kýr, en sumarhagar eru þar litlir, og hefur því heyskapurinn tælt menn til að ala fleira fé á veturna en hagarnir hafa getað fóðrað til gagns á sumrin, og þar við bætist, að ill meðferð að vetrinum til, þröng og óþrifaleg fjárhús og vankunnátta í að velja það sem á er sett, hefur gjört, að kynið er orðið toghært, þunnulað og veiklu-legt.¹⁾

¹⁾ Ný Fjelagsrit XII, 1852, bls. 161—162.

Hallgrímur Þorbergsson, sem einna mest hefir skoðað og athugað sauðféð í ýmsum héruðum á Íslandi á þessari öld, hefir skift íslenzku sauðfé í flokka eftir smáafbrigðum í ytra útliti, einkum eftir lit. Telur hann frumlitu íslenzks sauðfénaðar gult og hvítt, þeir ættstofnar hafi í öndverðu verið fluttir til landsins og svipuð, óræktuð fjárkyn eru enn til á Norður-Rússlandi. Gult fé í andliti og á fótum er mjög algengt á Norðurlandi, mest þó í Húnavatnssýslu og Strandasýslu, en nokkuð af því mun vera dreift um allt land. Sumt er rauðgult og þá oft með gula ull, annað ljósgult og þá með hvíta ull. Þessu gula fé má skifta í tvær deildir, eftir því hvort það er snögghært í andliti eða loðið í vöngum. Þar sem mest kveður að sauðfénu í Múlasýslum, er það hið gula og snögghærða í andliti sem er bezt, og yfirleitt sýnir reynslan alstaðar, að það er þetta afbrigði, sem er hraustast og bezt til afurða. Hvítt fé í andliti og með hvíta ull er næst gula fénu mest útbreitt og á Norðurlandi algengast í Eyjafjarðarsýslu, ullin er fin, en þó mismunandi; það skiftist líka í snögghærða og loðna deild. Þessi tvenn kynferði telur hann aðalafbrigði íslenzks fénaðar, algengust, frumlegust og líklega elzt. Önnur litaafbrigði eru bláhvítt fé í andliti, svartdropótt og grákolótt, hið síðastnefnda er oft gott afbrigði og er sú deild þess, sem snögghærð er í andliti, oft hraust og harðgjör. Þá eru til ýms önnur litaafbrigði á strjálíngi, mokolótt fé af enskum ættstofni, dökkleitt fé, svart, mórautt og grátt, og er svarta féð algengast, þá er til tvílítt fé, svartfleckótt, mófleckótt, gráfleckótt og með þessum litum botnótt og goltótt.¹⁾ Kollóttar kindur koma fyrir í öllum deildum og afbrigðum. Ferhyrnt og þrihyrnt fé kemur fyrir stöku sinnum á strjálíngi, en er sjaldgæft, eru slíkar kindur vanalega rýrar og lítt þroskaðar að öðru leyti. Þær skröksögur gengu fyrrum lengi í útlöndum og sjást enn í fornum landfræðisbók-

¹⁾ Búnaðarrit XXI, 1907, bls. 89—92. Um litaafbrigði fénaðar sjá enn fremur Jón H. Þorbergsson: Kynbætur sauðfjár, bls. 15—20. Í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði er mikið af mislitu fé, flekkóttu, bildóttu, golsóttu o. s. frv. (Freyr, IV, bls. 131).

um, að alt fé á Íslandi væri marghyrnt, en slíkar kindur hafa jafnan verið fágætar hér á landi.¹⁾ Annars kemur slíkt fé víðar fyrir en á Íslandi.²⁾

Hallgrímur Þorbergsson, Páll Stefánsson og sumir aðrir búfræðingar hafa látið þá skoðun í ljósi, að alt íslenskt fé muni upprunalega hafa verið hyrnt, en kollótt fé bendi á útlenda kynblöndun. Þetta er eflaust byggt á misskilningi. Fjárkyn það, sem landnámsmenn fluttu til Íslands, var bæði hyrnt og kollótt, og á fyrri öldum, löngu áður en útlent kynbótafé fór að flytjast til Íslands, var svo margt kollótt fé á Íslandi, að sumir útlendir rithöfundar geta þess meðal furðuverka náttúrunnar, að allur fénaður á Íslandi sé kollóttur. Hinn enski visindamaður Sir Thomas Brown (1605—1682) átti bréfaskipti við Þórð Jónsson prest í Hítardal (1608—1670) og spurði hann margs frá Íslandi, meðal annars um það, hvort það væri satt að allur fénaður á Íslandi væri hornalaus; síra Þórður neitar því, en getur þess þó jafnframt, að tvisvar eða þrisvar sinnum fleira fé sé kollótt heldur en hyrnt.³⁾ Síra Þórður hefði ekki haft neina ástæðu til að segja skakt frá þessu, en svar hans sýnir, að fjöldi fjár á Íslandi á 17. öld, að minsta kosti í þeim héraðum, er hann þekti, hefir verið kollóttur. Frá 18. öld fyrr og síðar eru til nóg gögn er sýna, að margt sauðfé hefir þá verið kollótt, eigi síður en nú, en útlent kynbótafé kom fyrst til Íslands um miðja 18. öld. Magnús Stephensen segir 1808, að kollóttar kindur séu eins margar á Íslandi einsog hyrndar, ef ekki fleiri. Segir hann að sumir vilji heldur hafa hyrnt fé, sumir kollótt, þeir, sem halda með kollóttu fénu, segja það rúmist betur við jötuna og sé þolnara í frosti og byljum, hyrnda féð rífi af sér ullina með hornun-

¹⁾ Sveinn Pálsson sá 1794 á Brú í Jökuldal tvo gamla hvíta, ferhyrnda sauði, miðhornin tvö, sem voru þunn og flöt, beygðust í boga niður á snoppu, annar sauðurinn hafði óvanalega stóran ullarlagð eða skúf fyrir ofan bæði augun (Journal III, bls. 188).

²⁾ Marghyrnt fé kvað t. d. vera á Øland hjá Svíþjóð og á Corsica (sbr. *Uno v. Troil*: Bref rörande en resa til Island 1772. Upsala 1777, bls. 108).

³⁾ Landfræðissaga Íslands IV, bls. 245.

um, kræki sig stundum á hornunum, er það klóri sér með afturfæti, og farist svo í fjöllum og á öræfum. Þar sem hyrindir hrútar og kollóttir ganga um brundtímann saman við ærnar frá ýmsum bæjum, verða hyrнду hrútarnir jafnan hlutskarpari. Því halda þeir bændur, sem vilja ala upp kollótt fé, kollóttu hrúta, og láta ekki ærnar um fengitímann ganga innan um fé annara manna. Annars sýnir reynslan, segir Magnús Stephensen, að kollóttar kindur stundum fæðast af hyrндum foreldrum.¹⁾ Magnús Ketilsson segir: „heyrт hefi eg til bænda hér, að kollótt fé sé oftur ullarþetra en það hyrnda, og eg ætla það vel grundað.“²⁾

Aðgreining á íslensku sauðfé í frumlega kynstofna er að svo komnu mjög örðug, því alstaðar eru jafnar stigbreytingar úr einum kynstofni til annars og mikil blöndun fendaðar úr ýmsum héruðum, eins og fyr var greint, auk þess vantar enn allar visindalegar rannsóknir í þeirri grein. Guðmundur Einarsson prófastur telur þrjú landalín kyn hér á landi og lýsir þeim svo: 1^o *Jökuldalskynið*, það er höfuðsmátt, hálsstutt, bógapýkt, bringustutt, söðulbakað, kviðsitt, síðurnar útskotnar, lágfætt. Það er mjög feitlagið en síður til ullar og mjólkur, nema það hafi hina beztu meðferð. Það þarf að hafa góða hirðing, eigi það að geta haldið sér óspilt. 2^o *Dalakyn*, það er höfuðstórt, oftur með hörkusvip og kolótt í framan, í hálsstyttra lagi, bógapýkt, bringan fremur stutt og útskotin aftast, bakið beint, síðurnar nokkuð niðursloppnar, í meðallagi vambisitt, það er háfætt og oft refbeinótt og mjög kvikt í bragði. Það má feitlagið heita, oftur vel ullað og enda lagið til mjólkur. 3^o *Mýrakyn*, það er höfuðstórt, hálslangt, bógapunt, bringan löng og mjó, langhryggjað, þunnvaxið um kviðinn og fremur lágfætt, það er bjartleitt, ullarstutt, daufgert á svipinn og í bragði, en seiglast furðanlega og þolir fremur vonum óskynsamlega meðferð og slæma húsavist. Það er lagið

¹⁾ *Magnús Stephensen*: Beretning om de vigtigste Husdyr i Island (Veterinair-Selskabets Skrifter I, 1808, bls. 141—162).

²⁾ M. K. Undirvísun um þá íslensku sauðfjárhirðing 1778. bls. 32.

til mjólkur.¹⁾ Aðrir búfræðingar fallast þó eigi alveg á þessa aðgreining kynstofnanna. Páll Stefánsson vill aðeins skifta hinum eldri kynstofni í tvent, Dalakyn og Mýrakyn og þó eigi hægt að draga skarpa línu á milli; telur hann að Mýrakynið sé aðallega á Suðurlandi og Austurlandi, en Dalakynið á Vestur- og Norðurlandi ásamt Jökuldal. Hann einkennir þessi aðalkyn á þenna hátt: Dalakynið er stirðlega vaxið, legghátt, krippuvaxið, oft refbeinótt, hefir nokkuð mikla ull, grófann, litið eitt snúinn toglagð, kviðlitið, bringulangt, beinamikið, safnar fremur vel holdum, einkum bakholdum, en er seint að safna, en lætur holdin ekki fljótt. Þolir allvel harða meðferð. Mýrakynið er smátt vexti, háfætt, hefir daufgert og veiklulegt útlit, langa togmikla ull en þunnan, stuttan þellagð, það er með beinum hrygg en malasigið, bringan mjó og löng en kassalöguð; það hefir mjög litla framleiðslukosti til holda og mjólkur. Það heldur flestum aðaleinkennum hins gamla íslenzka fjárkyns óbreyttum, það þolir útigang og illa meðferð furðu vel, enda gefur ekki meiri afurðir, þótt vel sé farið með það.²⁾ Eins og fyrr var getið skifti Hallgrímur Þorbergsson afbrigðum aðallega eftir lit og taldi gula og hvíta féð frumstofna landsins. Ef full festa á að fást í skiftingu, niðurröðun og uppruna afbrigðanna, þarf nákvæma visindalega rannsókn og samanburð á öllum innri og ytri eiginlegleikum sauðfénaðar. Líklega á það langt í land að slík rannsókn fái st, en þangað til verður flokkun afbrigða mjög á reiki og í mörgu mismunandi eftir álitum einstaklinganna, sem um það rita.

Hér á landi var farið að byrja á kynbótum með aðfengnu fé á miðri 18. öld, en innlent sauðfjarkyn fóru menn að bæta með úrvali snemma á 19. öld, en dálitlar tilraunir höfðu verið gerðar í þá átt seint á 18. öld. Hinar fyrstu viðtækari tilraunir í þá átt voru gerðar á Jökuldal og fekk Jökuldalskynið mikið orð á sig víðsvegar um land. Þaðan útbreiddist kynbótaviðleitni á innlendum grundvelli um Múlasýslur, Þingeyjarsýslur og víðar og voru fengnir hrút-

¹⁾ *Guðmundur Einarsson*: Um sauðfénað. Rvík 1879, bls. 3–4.
Stefánsson: Fjármaðurinn, Rvík 1913, bls. 24.

ar af Jökuldal þegar um 1830.¹⁾ Nú segir Hallgrímur Þorbergsson, að ekkert einkennilegt sé lengur við fé á Jökuldal og að yfirleitt hafi fjárrækt þar farið mjög aftur á seinni árum, enda ekki lengur hægt að fá fjármenn, sem standa þeim jafnfætis, er fyrr voru.²⁾

Fyrir miðja 19. öld tóku ýmsir að breyta sauðfé sínu í Múlasýslum með kynbóta-úrvali, er stefndi sérstaklega að því að auka fituna. Guttormur Pálsson prófastur (1775—1860) segir í »Lýsingu Austfjarða«, að um miðja 19. öld hafi mörgum unnist að bæta fjárkyn sitt svo, að þar sem sauðir 30 árum áður skárust með 10—15 pundum mörs, skárust þeir nú með 16—30 pundum, og »nokkrir hafa fengið það fjárval, að þeir varla skera nokkurn sauð að hausti með minna en 20 pundum«. Úr hábeinóttu og rennilegu fé skapaðist á þann hátt nýtt kyn, »lágfætt og digurt, bringan sivalvaxin að neðan, breið að aftan með allmiklum fitusveppi framan á bringukollinum; einnig var jafnþykt hold að finna á allri bringunni út undir bóga«. ³⁾ Um miðja 19. öld var tólgað í afarháu verði, svo það borgaði sig mjög vel að framleiða fé með miklum mör, nú eru alt aðrir tímar. Urvali til fitusöfnunar á sauðfé hefir síðar sérstaklega verið haldið áfram á Hólsfjöllum, þar er fram komið einkennilegt fjárkyn, mjög feitlagið, hið svokallaða *Fjallafé*, oftast með síðan kvið, sem stundum er dragsíður. Einkennilegt er það við þetta fé, að það getur eigi tímgastr af sjálfsdáðum. »grafa þarf ærnar niður um 1—2 fet til þess að hrútarnir komist að þeim og lembi þær, meira að segja vill til að þetta nægir ekki, þarf einnig að girða saman kviðinn á hrútunum — spenna gjörð utan um miðjan kviðinn upp yfir hrygginn — til þess að tímgun eigi sér stað. Það er hryggslekjan, hinn mikli kviður og mörfyllan í honum, sem gerir hrútana ófæra til að annast af sjálfsdáðum tímgastr

¹⁾ Búnaðarrit VIII, bls. 35.

²⁾ Búnaðarrit XXII, bls. 306—307, 315—316.

³⁾ Fjallkonan XV, 1908, bls. 4. Þar er fé þessu nánar lýst og annmörkum á því.

unina«. ¹⁾ »Fram á síðustu áratugi var það síður á Fjöllum, er á leið sláttinn, að riða út á laugardagskvöldum og sunnudögum, til að reisa við kindur, er lögðust afvelta af spiki. Nú ber ekki eins á þessu. . . »Í göngum á Reykjaheiði hefi eg verið sjónarvottur að því, að orðið hefur að slátra kindum, af því að þær voru svo feitar, að þær gátu ekki gengið«. ²⁾ Það mun einsdæmi, að svo ónáttúrleg afbrigði skuli hafa verið framleidd með kynbótum.

Ýmsir aðrir kynþættir fjár hafa skapast á Íslandi af kynbótum, mest af innlendum stofni, dálítið af útlendum. Þó að breytingar hafi fengist af áhrifum útlendra kindra, hafa þær oftast fljótt hjaðnað niður aftur. Hið fyrrnefnda Jökuldalskyn, sem lengi var frægt á 19. öld, er nú að mestu horfið. Skylt því eða kynbrigði af því var *Eiríksstaðafé*, sem Gunnlaugur Þorkelsson á Eiríksstöðum myndaði með kynbótum úr Dalafé, »það var höfuðstórt, blágult í framan, lágfætt og gildfætt, hafði sivalan útskotinn vöxt, bógaþykkt og með langa bringu og breiða, en geislunga lítið útskotna. Ullin þykk, fremur gróf og hrokkin. Það þoldi vel beit, og fremur vel skort, það var fremur vel lagið til mjólkur, þó það væri enginn höfuðkostur þess, heldur fallsprifin«. ³⁾ Þetta fjárkyn hefir enn haldist og verið endurbætt af Stefáni Einarssyni á Möðrudal á Fjöllum, og er nú kallað *Möðrudalsfé*, »það er grákolótt og gult, snögghært og gráhært í andliti, það er skarpgert og hraust, safnar meira kjöti, en hefir minni lifandi þunga en hið fyrrnefnda feita Fjallafé«. ⁴⁾ Á Krossdal í Kelduneshreppi hefir myndast einkennilegt fjárkyn, sem »hefir alveg sérstakt ullarfar, sem er toglaus ull í baki og niður á miðjar síður, einskona ull, en tog er neðst á síðum og í lærum«. ⁴⁾ Þá er enn kynþáttur af íslenzku fé. sem er kallað *Baldursheimsfé*, af því ræktun þess byrjaði fyrst í Baldursheimi í Mývatnssveit.

¹⁾ *Hallgrímur Þorbergsson* lýsir fé þessu nákvæmlega í *Búnaðarriti* XXII, 1908, bls. 310—313.

²⁾ *Jón H. Þorbergsson*: *Kynbætur sauðfjár*, bls. 6—7.

³⁾ *P. St. Fjármaðurinn*, bls. 25.

⁴⁾ *Búnaðarrit* XXII, bls. 310. Sbr. *Búnaðarrit* XVI, bls. 50.

Upprunalega myndaði Jón Illugason bóndi þetta fjárkyn af blöndun Dalafjár og Eiríksstaðafjár, en svo héldu synir hans áfram að festa og fjölga kostunum. »Lengi framan af var fé þetta smátt vexti og þoldi ekki nema mjög góða meðferð, það hafði mjög mikla og smágerða ull, en var ekki vel lagað til mjólkur. Nú orðið má telja það meira en í meðallagi stórt. Það er lágfætt, en hefir gilda fætur, ber höfuðið hátt og er gulkorgótt í framan og á fótum, í meðallagi höfuðstórt, hefir breiða snoppu og er mjög nasavítt. Hefir mjög þykka ull, en ekki síða, stutt tog, sem hringvefur sig um þelið. Búkurinn holdamikill, hryggurinn beinn. Það er fagurlega skapað og hefir að öllu leyti mjög góða framleiðslukosti. Það er vafalaust kostamesta fjárkyn þessa lands og er orðið töluvert útbreitt um Þingeyjarsýslu og víðar. Fé þetta getur náð miklum þroska á stuttum tíma.¹⁾ Með innlendum kynstofnum má ófað telja *Kleifaféð*, sem kent er við Kleifar í Gilsfirði, þó sumir hafi ætlað, að það væri af útlendu kyni (Cheviotkyni). »Það er kollótt, stórt vexti, háfætt, fremur grönn beinalög, með langan beinan hrygg, limamikið, bringan löng en mjó. Brjóstkassinn (brjóstholið) fremur þunnur, en síðurnar þó nokkuð útskotnar. Fremur vel ullað, en hún er gróf og togmikil. Þó er togið ekki mjög langt, það er hrokkið. Það er fremur höfuðstórt og sviphreint, hefir það einnig sémileg þolþrif og söfnunarþrif.«²⁾ Segja fjárræktarmenn, að Kleifafé svipi mjög til cheviotfjárkynsins enska, en sú líking hlýtur að vera hrein tilviljun, því það mun sannað, að engu útlendu fé hefir verið blandað í þann kynþátt, en kynbæturnar á Kleifum hófust um 1860 út af tveim mókollóttum hrútum norðlenskum, eftir því sem Guðjón Guðmundsson hefir skýrt

¹⁾ *P. Stefánsson*: Fjármaðurinn, bls. 25—26. Sbr. Búnaðarrit VII, bls. 176. *Jón H. Þorbergsson*: Kynbætur sauðfjár, bls. 49—50. Í Dýravini 13. hefti 1909, bls. 8—12 getur síra Árne Jónsson á Skútustöðum um Markleysukyn, sem kom út af hvítri gimbur á Litluströnd við Mývatn 1848; af því kyni kvað vera margar góðar forustukindur.

²⁾ *P. Stefánsson*: Fjármaðurinn, bls. 26—27. Freyr XI, bls. 29—30.

frá, og með góðri fódrun og nákvæmri hirðingu lánaðist að gerbreyta Kleifafénu á tiltölulega fáum árum. Það varð svo að segja alt kollótt og bráðþroska, holdgott og ullarmikið, en mjólkaði lítið, nema fyrstu vikurnar eftir burð. Þegar Kleifaféð var sem vænst, fengust 3 pd. af þveginni vorull að meðaltali af hverri kind. Kropparnir af 3 vetra sauðum vigtuðu 60—70 pd. og mörinn 20—24 pund., kroppur af geldum ám 55—65 pd., kroppur af mjólkurám 45—50 pd. og kroppur af fráfernalömbum 30—35 pd. Vænstu hrútarnir fullorðnir lögðusig á blóðvelli með alt að 90 pd. kroppum. Kleifaféð vakti mikla eftirtekt á Vesturlandi, einkum í nærsvaitunum, og fengu margir bændur þar kynbótahrúta af Kleifafjáarkyninu. Ýmsir fóru að leggja stund á kollótt fé, einkum í Strandasýslu, líklega af því að Kleifaféð var kollótt. Ohætt mun því að fullyrða, að Kleifaféð eigi mikinn þátt í því, bæði beinlínis og óbeinlínis, að svo margt fé í Strandasýslu er kollótt, tiltölulega meira en í öðrum héruðum landsins.¹⁾

Kynbótilraunir með útlent fé hafa flestar verið stefnulausar og ófullkomnar. Enn munu ekki hafa hér á landi runnið upp sérstakir kynþættir af útlendum stofni, einkenni hins útlenda fjár munu fljótt hafa horfið aftur. Helzt er talað um *Veðramótafé*, sem hefir haft litinn árangur, þó það fengi nokkra útbreiðslu í næstu sýslum í fyrstu. Fé þetta er komið af enskum hrúti (Oxfordshirekyni), sem fluttur var að Veðramóti í Skagafirði 1878 frá Lálandi í Danmörku. Fé þetta er móflekkótt í andliti og á fótum og oftast með hvíta ull. ýmist hyrnt eða kollótt og sumt hefir langa rófu; kyn þetta var mikið kjötkyn í fyrstu, en er nú gengið mjög úr sér, orðið rýrt og ómerkilegt.²⁾ Hallgrímur Þorbergsson segist hafa séð útlendan svip á ýmsu fé í Múlasýslum og

¹⁾ *Guðjón Guðmundsson*: Kollóttu féð í Strandasýslu. (Búnaðarrit XXII, bls. 170—175). Sbr. Hallgr. Þorbergsson í Búnaðarriti XXI, bls. 89, 92.

²⁾ Búnaðarrit XXI, bls. 91.

Norður-Þingeyjarsýslu og kveðst hafa fundið þar ýms ein-kenni cheviotfjár.¹⁾

Kynbætur með útlandu fé hófust á Íslandi um miðja 18. öld.²⁾ Þá var mikið skrafað um verklegar framfarir og stungið upp á ýmsu, komst sumt til framkvæmda, en flest féll niður í hinum miklu harðindum á seinni hluta aldarinnar. Um miðja 18. öld var íslenzk ull í mjög lágu verði, pundið vanalega 3—4 skildingar, en samtímis var fínasta ull erlendis seld á 48 skilinga pundið, íslenzk ull þótti gróf og togmikil. Kom stjórninni þá í hug að bæta hið íslenska fjárkyn og sænskur fjárræktarmaður, F. W. Hastfer barún, var eins og fyrr var getið sendur til Íslands 1756 og stofnaði fjárræktarbúið á Elliðavatni. Hefði þessi tilraun eflaust getað haft nokkurn árangur, hefði ekki svo óheppilega viljað til, sem fyrr var getið, að kláðinn einmitt þá gekk yfir landið og hindraði um langt tímabil alla framfaraviðleitni í sauðfjárrækt. Um sama leyti fékk Bogi Benediktsson eldri á Staðarfelli spænskt sauðfé, en það var alt skorið niður í fjárkláðanum og hefir því varla haft mikil áhrif á fjárkynið.³⁾

¹⁾ Búnaðarrit XXII, bls. 313—314. J. H. Þ. Kynbætur sauðfjár, bls. 5.

²⁾ Sbr. P. Stefánsson: Kynbótatilraunir með útlandu sauðfé (Freyr VII, 1910, bls. 97—99, 109—111). Í grein þessari er ýms fróðleikur, en því miður líka margt ónákvæmt og skakt, svo hana verður að nota með varúð. Alt er þar segir um uppruna Kleifafjár er ófugt, ártöl í greininni eru flest skökk o. s. frv. Hið litla er Jón H. Þorbergsson segir um kynbótatilraunir til forna (Kynbætur sauðfjár bls. 4—5) er líka bjagað. Orsökkin til þessa er auðsjáanlega sú, að höfundarnir hafa farið eftir munnmælum, sem oftast eru ótrygg, en hafa ekki þekt heimildarritin.

³⁾ Það sem segir í Fjármanni 1913, bls. 26 neðanmáls, um kynbótafé Boga og Hastfers er skakt, Boga fé var spænskt, en hinir fyrstu hrútar Hastfers voru enskir; hinir spönsku hrútar hans, er komu 1760 sjúkir, voru skornir. Hugleiðingar Páls Stefánssonar og Hallgríms og Jóns Þorbergssona um áhrif cheviotfjárkyns á kollótt fé vestra og eystra geta varla verið á rökum byggðar. Um kynbótafé Boga Benediktssonar, sjá Fæðgaæfi 1823, bls. 48. Jón H. Þorbergsson (Kynbætur sauðfjár, bls. 4—5), blandar saman Boga eldra og Boga yngra á Staðarfelli.

Á fyrsta fjórðungi 19. aldar gerði Magnús Stephensen konferensráð allmiklar tilraunir til kynbóta á sauðfé og þær tókust vel, en hafa líklega ekki verið hirtar af öðrum eða haldið áfram, svo þær hafa kulnað út. Árið 1802 voru nokkrar íslenzkar sauðkindur (8 ær og 7 hrútar) sendar til Danmerkur og þeim blandað við spænskt kyn og tókst sú tilraun vel.¹⁾ Hefir þetta líklega meðal annars hvatt Magnús Stephensen til kynbótilrauna þeirra, sem hann síðar framkvæmdi. Árið 1808 fékk Magnús konungsleyfi til að senda 4 enskar sauðkindur frá fjárbúi á eyju í Þrándheimsfirði til Íslands,²⁾ en líklega hefir vegna ófriðarins ekkert orðið úr flutning þessa fjár. Sama ár fékk hann hrút og á af merinókyni af konungsbúi á Sjálandi og ætlaði að flytja til Íslands, en á leiðinni var skipið hertekið af Englendingum, var slept eftir 3 vikna hald og hröklaðist lekt inn til Noregs og varð þar að selja kindurnar. Næsta vor (1809) keypti Magnús Stephensen ungan spænskan hrút í Björgvin og enska á og komst með hvorutveggja til Íslands í aprilmán. sama ár. Undir þenna spænska hrút lét hann leiða 50 íslenzkar veturgamlar gimbrar, sem fínasta ull höfðu og hélt svo þessum kynbótum áfram, uns hann í 4. lið var búinn að fá fjárkyn með jafnfinni ull eins og undan hinu útlenda afkvæmi hrútsins. Spænski hrúturinn var skorinn 4 ára, en hrútar undan honum héldu áfram umbótunum. Reyfi hrútsins var ópvegið árlega 11—12 merkur, en hjá afkvæmi hans veturgömlu rúmar 8, af tvævetrum, 10 merkur. Árið 1816 fékk Magnús Stephensen sér aftur veturgamlan merinóhrút og ær af sama kyni og hélt kynbótilraunum þessum lengi áfram. Sauðfé af þessu kyni, hrúta og ær gaf hann ýmsum á Vesturlandi, Norðurlandi og í Borgarfirði. Hepnaðist fjárbót þessi vel hjá Magnúsi sjálfum, en víst miður hjá öðrum. Íslenzk ull var þá alment seld á 24 sk. pundið, en fyrir þessa íslenzk-spönsku ull

¹⁾ *Magnús Stephensen*: Island i det 18. Aarh. Kmh. 1808. bls. 71. Lovsamling for Island VI. bls. 591.

²⁾ Lovsamling for Island VII. bls. 206.

fekest 1 rd. fyrir pundið.¹⁾ Magnús Stephensen hefir haldið kynbótatilraunum þessum lengi áfram, það sést að stjórnin hefir 1831 látið senda honum tvær veturgamlar ær af frínesku kyni.²⁾

Þessar tilraunir Magnúsar Stephensens með merinófé virðast hafa ýtt undir ýmsa aðra að gera tilraunir í sömu átt, og nokkru síðar fóru ýmsir á Vesturlandi að fá sér Merinófé. Í Gesti Vestfirðingi (I. bls. 14) er komist svo að orði: »Hjá nokkrum vestra hafa ullargæði batnað að mun, fyrir þá sök, að nokkrir hafa fengið sauðfé frá útlöndum með mýkri og þvínær toglausri ullu (Merinó-sauðfé) og hafa látið þær kynblandast við heimaalið fé, má ýkjalaust segja, að ull af fénaði þessum verður hálfu betri en almenn ull og þriðjungi þyngri af hverri sauðkind. Gengur fé þetta eins vel úti á vetrum, og er engu lakara til niðurlags en sauðfé það, sem íslenskt er í báðar ættir.« Þeir, sem útveguðu Vestfirðingum merinófé, voru þeir Guðmundur Scheving kaupstjóri (f. 1776, d. 1837), Ebeneser Þorsteins-son (f. 1769, d. 1843), sýslumaður, og Þorvaldur Sívertsen umbodismaður í Hrapppsey (f. 1798, d. 1863).³⁾ Kristófer bóndi Finnbogason á Svignaskarði fór þess á leit við stjórnina 1854 að honum væri útvegaður spænskur hrútur og ær og skrifaði stjórnin landbúnaðarfélaginu danska um að útvega kindur þessar. Stjórnin sendi líka næsta ár spænsk- an hrút og tvær ær af kyni, sem kallað var »Infantados« og átti að geta polað vel kulda.⁴⁾ Eflaust hafa ýmsir fleiri flutt útlent fé til Íslands í öðrum héruðum, þó oss sé eigi

¹⁾ Klausturpóstur VIII, 1825, bls. 175—180. Þar er ítarlega og fróðlega sagt frá þessum kynbótatilraunum.

²⁾ Lovsamling for Island, IX, bls. 680—681.

³⁾ Í sóknarlýsingu Helgafellssóknar 1842 (hdrs. bókmaf.) segir svo: »Th. Sívertsen í Hrapppsey er nýbúinn að fá spænskan hrút og á, vænta margir að fá frá honum hrúta. Sumstaðar víðar eru kindur af spænsku tagi, er meiri ull af þeim. þéttari og togminni og ærnar fult svo góðar til mjólkur. Sauðir alt eins góðir þó spænskrar ættar séu, en fallekast og notabest er það sem kallað er $\frac{1}{4}$ spænskt fé, því það þolir eins vel, ef ekki betur, útigang og loftslag sem íslenskt« (§ 54).

⁴⁾ Lovsamling for Islønd XV, bls. 630; XVI, bls. 268—269.

kunnugt um það. Líklega hafa hin 4 ensku lömb, sem mælt var að hefðu flutt fjárkláðann seinni til Íslands, átt að vera til kynbóta. Þau áttu að fara að Hraungerði í 21. viku sumars 1855 en voru skilin eftir um tíma í Miðdal í Mosfellssveit, sýktu féð þar, og þaðan breiddist að ætlun manna kláðinn út um landið.¹⁾ Árið 1879 var samþykkt á aðalfundi Búnaðarfélags Suðurlands eftir uppástungu Geirs Zoëga, að útvega 3 kindur af svarthöfðakyni frá Noregi, hrút og tvær gimbrar og 1881 stakk sami maður upp á því að flytja hingað svartkinnað fé frá Skotlandi, en tók þá uppástungu aftur.²⁾ Sveinn Sveinsson reit þá um svarthöfðaféð í Noregi og lagði á móti að það væri flutt hingað.³⁾ Taldi það áhættu vegna sjúkdóma, er inn gætu fluzt og efasamt, hvert gagn yrði að slíkum kynbótatilraunum. Sveinn var því altaf móthverfur, að útlandur fénaður væri fluttur út hingað til kynbóta, þótti hinir íslenzku landöldu kynstofnar líklegastir til framfara, ef þeir væru bættir. Jón H. Þorbergsson hefir stungið upp á að flytja hingað kynbótafé frá Skotlandi og Englandi, sérstaklega Leicester-fé til þess að búa til bráðproska holdafé, láta alt ganga með dilkum og selja dilkana jafnóðum, en setja þá ekki á vetur.⁴⁾

Eins og fyr hefir verið getið hafa hinar helstu tilraunir til kynbóta og kynbreytinga á 19. öld verið bygðar á íslenzkum kynstofnum og hafa þær sýnt, að langt má komast í framleiðslu ýmsra þarflegra eiginlegleika ef rétt er að farið. Kynbætur á íslenzku fé af innlendum stofni byrjuðu seint á 18. öld. Þórður Thoroddsen (Thoroddi) (1736—1796)⁵⁾ var hinn fyrsti lærði búfræðingur á Íslandi, og stundaði nám í Svíaríki, sem þá var einna fremst í búfræðisvísindum, hann fékst sérstaklega við fjárrækt og hvatti menn til kynbóta. Út af skýrslum hans og tillögum spratt konungs-

¹⁾ Norðri V, 1857, bls. 43.

²⁾ Skýrsla búnaðarfélags suðuramtsins 1878—80, bls. 27; 1880—84, bls. 15.

³⁾ Ísafold VII, 1880, bls. 45—46.

⁴⁾ J. H. Þ. Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 102, 113—118.

⁵⁾ Landfræðissaga Íslands III, bls. 83—87.

tilskipun um sauðfjárrækt 2. marz 1776, þar er mönnum boðið að bæta fé sitt með góðu hrútavali og sjá um að hrútarnir séu af góðu kyni og vel aldir, þar er líka lagt ríkt á, að menn byggi betri fjárhús og hótað sektum. ef ekki er hlýtt.¹⁾ Magnús Ketilsson sýslumaður (1732—1803) mun hafa verið hinn fyrsti sem í verkinu reyndi að bæta innlent fé með úrvali, sem hann kallar »framtíngun«. Magnús Ketilsson segir, að hver maður geti bætt sitt eigið fjárkyn með því að velja úr fé sínu þrifa- og mjólkurær til undaneldis af hraustu og hörðu kyni, happagóðar til tíngunar, því óhöpp eru ættgeng sem aðrir ókostir, ær þessar skal ala vel og nota aðeins hrúta undan þeim, sem líka séu vel aldir, en gimbrum undan þeim hleypti hann ekki til fyr en á þriðja vetri. Þessum stofni hélt hann við og jók á sama hátt. Ef sex ær eru þannig aldar til undaneldis, vill hann gefa þeim kýrfóður af heyi frá veturnóttum til krossmessu og segir að engin kýr mjólki þá á við þær.²⁾

Á fyrri hluta 19. aldar var mest fengist við kynbætur í Múlasýslum, þá myndaðist meðal annars Jökuldalsféð, sem fyrr var ungetið, en sem nú kvað að mestu vera úr sögunni. Um miðja öldina fengu margir Þingeyingar sér hrúta af því kyni og varð það þeim einum að liði, sem vel kunnu með að fara, »því þetta fjárkyn þurfti gott uppeldi og umhyggjusama meðferð, ef það átti eigi fljótt að úrkynjast bæði að vexti, ull og mjólk«. ³⁾ Eftir miðja öldina tóku Þingeyingar rösklega til starfa í þessari grein fjárræktarinnar og um 1855 var stofnað fjárræktarfélag í Bárðardal í mörgum deildum. Í Þingeyjarsýslu hafa síðan, mest fyrir framkvæmdir einstakra manna, myndast ýms fjárkyn með sérstökum einkennum og kostum og hefir þeirra fyrr verið getið (Möðrudalsfé, Fjallafé, Baldursheimsfé). Ur Þingeyj-

¹⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 202—205.

²⁾ M. Ketilsson: Undirvísun um þá íslensku sauðfjárhirðing. Hrapsey 1778, bls. 8—9 og víðar.

³⁾ Fjárnæklingur. Akureyri 1855. bls. 10. Ýmislegt um innlendar kynbætur á seinni hluta 19. aldar og á 20. öld í bæklingi Jóns H. Þorbergssonar, Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 49—64.

arsýslu hafa menn svo fengið sér kynbótafé í öðrum hér-
uðum og stundum sent menn norður þangað til að læra
fjárhirðingu.¹⁾ Eftir kláðaniðurskurðinn keyptu Sunnlend-
ingar líka mikið fé norðan úr Þingeyjarsýslu. Yfirleitt var
þó á 19. öld lítil regla og samstæði í kynbótaútláunum Ís-
lendinga nema rétt hjá einstaka manni. Þó er getið um
kynbótafélag í Skagafjarðarsýslu 1880 og fékk það þá styrk
úr landssjóði og eins kynbótafélag Gnúpverjahrepps 1888.²⁾

Á 20. öldinni eru menn eflaust komnir á réttan rek-
spól. síðan farið var að stofna fjárræktarbú og halda árlega
fénaðarsýningar. Sauðfjarkynbótabúin voru 1915 sjö alls.
Elzt þeirra og lengst á veg komið var fjárræktarfélag Suð-
ur-Þingeyinga, stofnað 1897,³⁾ og svo búið á Breiðabólstað
í Borgarfirði. Landbúnaðarfélagið styrkti bú þessi 1915
með 1100 kr. Hrutasýningar hafa á seinni árum verið haldnar
á haustin víðsvegar um land og veitt verðlaun; þá hefir
landbúnaðarfélagið sent fjárræktarmenn til leiðbeininga í
fjárrækt og rannsókna á fénaði.⁴⁾ Það mun öll ástæða til
að halda, að af þessari viðleitni leiði góðan árangur í fram-
tíðinni. Eðli hins íslenska búpenings, nauta og sauðfjár,
hefir myndast og skapast eftir sérstakri náttúru landsins og
verður því, samkvæmt vísindalegri reynslu, affarasælast að
byggja framtíðarframför fénaðarins á íslenskum kynstofnum,
sem lagaðir eru í þá átt sem arðsamast er eftir staðháttum
landsins.⁵⁾ Til þess að framkvæma þetta þarf þolinmæði og

¹⁾ Árið 1885 styrkti búnaðarfélag suðuramtsins 6 pilta til að læra
fjárrækt í Þingeyjarsýslu og veitti þeim 1887 líka styrk til þess að
flytja kynbótafé suður (Skýrslur búnaðarfélags suðuramtsins 1884—86,
bls. 31 og 1887—88, bls. 29).

²⁾ Stjórnartíðindi 1880 B. bls. 113; 1888 B. bls. 88.

³⁾ Búnaðarrit XVI. bls. 212—222. Fjallkonan 1901, nr. 12 og
1905 bls. 31.

⁴⁾ Búnaðarrit XXIV, bls. 238; XXX, bls. 228—29. *Sigurður Sig-
urðsson*: Kynbótastofnanir fyrir sauðfé (Fjallkonan 1901, nr. 12). *Jón
H. Þorbergsson*: Kynbætur sauðfjár. Yfirlit og leiðbeiningar. Rvík
1915, þar er nánar talað um kynbótaútláunirnar, bls. 49—64.

⁵⁾ Í Búnaðarriti XX. bls. 215—216 lýsir Hallgrímur Þorbergsson
afbrigði af íslensku fé, er hann telur best til ullar og kjötframleiðslu
og samsvarar best líffskilyrðum hér á landi. Sbr. Búnaðarrit XXI, bls. 101.

staðfestu. Varla mun hægt að byggja miklar vonir á áhrifum frá aðfluttum útlendum kynjum til langframa, nema hin mesta nákvæmni og ágæt hirðing sé samfara gegnum margar kynslóðir. Auk þess er sýkingarhættan jafnan mikil, reynslan sýnir líka að allar skepnur á afskekktum eyjum, og plöntur líka, eru móttækilegri fyrir næma sjúkdóma en á fastalöndunum. Með lögum 17. marz 1882 var bannað að flytja til Íslands útlent kvikfé, en sérstaka undanþágu mátti þó gera með stjórnarleyfi gegn varnaðarreglum og tryggingu. Þessum lögum var dálítið breytt með lögum 10. nóv. 1905 og 9. júlí 1909, alidýrunum smátt og smátt fjölgað, sem bannað var að flytja, svo nú má eigi flytja nautgripi, sauðfénað, hesta, svín, geitur eða hunda inn í landið.¹⁾

Tilhleyping. Fengitími sauðfjár á Íslandi er að vetrarlagi, vanalega um jólaföstu eða miðjan desember eða nokkru seinna, og er hleyppt til viku eða tveim vikum fyr eða síðar, eftir því sem hagar til í hverju héraði, samkvæmt vanalegu veðráttufari að vorinu; þar sem vorar seint er eðlilega hentugt að ærnar beri seint. Fæstir hleypa til fyrr en í 9. viku vetrar og fæstir síðar en í 11. viku, svo sauðburðurinn byrjar samkvæmt því í maímánuði. í 3. til 5. viku sumars.²⁾ Víðast mun venjan að hleypa til í 10. viku vetrar eða síðast í desembermánuði og byrjar þá sauðburður í miðjum maí. Til áнна á 2. vetri er venjulegt að hleypa viku seinna en til hinna eldri, lambgimbrar láta forsjálar menn aldrei fá. Ærnar ganga með í 20 vikur og rúmlega það, alt að 21 viku; mjög sjaldgæft að þær gangi með á 22. viku. Meðan ærin gengur með fóstur sitt, verður hún að hafa gott og nægilegt fóður, »hún má eigi vera lakar fóðruð en svo, að hún sé brúnslétt um sumarmál og að

¹⁾ Sbr. Hætta af innflutningi sauðfjár (Búnaðarrit XXX, 1916, bls. 279–283). P. Z. um lög gegn innflutningi á kvikfé (Lögrétta 1915, nr. 12, bls. 47–48). *Sigurður Einarsson*: Innflutningur sauðfjár (Íslendingur I, Akureyri 1915, bls. 13).

²⁾ Það er víðast síður, að ær fari að bera er líður á 4. viku sumars. í Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðarsýslu fara ær allviða að bera með 3. sumarvikunni. *Jón H. Þorbergsson*: Kynbætur sauðfjár bls. 93.

undan henni ræti að minsta kosti 3 vikum fyrir burð«, segir síra Guðmundur Einarsson,¹⁾ en Olafur Stephensen²⁾ segir, að hún eigi að vera brúnslétt í miðgöe, en hreinlega bjórhál³⁾ á sumarmálum; á 18. öld var sauðfé gefið minna en á 19. öld.

Nú eru menn alment farnir að athuga betur og vanda tímgun sauðfjárins, í fyrri daga gekk alt slíkt hugsunarliðið og af handa hófi. Hrútarnir voru oftast láttnir ganga lausir saman við ærnar um fengitímann og var þá ekki hægt að ráða neitt við hverjir einstaklingar völdust saman og var þá loku skotið fyrir allar kynbætur; þetta kvað víða viðgangast enn.⁴⁾ Sumstaðar var það þó algengt að sauma fyrir hrúta, þegar þeir gengu með ám um þann tíma, var þá annaðhvort þrjónaður smápoki festur við kviðinn eða þá speldi úr horni, leðri eða tré saumað fast í ullina.⁵⁾ Skynsamari bændur velja sér nú hrúta af góðu kyni, menn hafa alloft hrútasýningar og kaupa hrúta úr öðrum sveitum eða sýslum.⁶⁾ Líka er nú fremur en áður séð um, að hrútarnir séu ekki of ungir. Í gamla daga notuðu menn oft lamb-

¹⁾ Um sauðfénað 1879, bls. 12—13.

²⁾ Gl. Félagsrit V, bls. 100.

³⁾ Fitumerki á sauðfé hafa að fornu fari verið talin fimm og auðkend með sérstökum nöfnum og haldast þau enn allvíða til sveita. Ólafur Stephensen lýsir merkjum þessum svo: »brúnsléttur er sauður sá á hverjum bringukollsbrúnin báðum megin fram og aftur er jöfn, slétt og skarðalaus, svo vel flýtur yfir alla liðu hennar. Þegar fyrsta skarð finst í bringukoll að framan næst hálsi, er sauðinn farið að skarða, er hann þá þeim mun megri orðinn. Þegar til þriggja eða fleiri skarða finst aftur eftir bringu, en björinu eða skinnið er vel laust við bringuteina, svo því verður ei einasta nuddað frá, heldur finst hold eða feiti enn þá undir því á bringuteinum sauðarins, kallast hann bjórháll. Megi finna til allra skarða í bringunni, og sé þau farin að vera djúp, þá bláskarðar hann, þá heitir og að hann sé kominn á merg, það er, hímí í að vera mergjaður. Merglaus er sauður sá, sem ei kemur standandi niður, er hann er látinn detta meðalmanni af bringu til jarðar« (Gl. Félagsrit V, bls. 102—103).

⁴⁾ Búnaðarrit XXVIII, bls. 128.

⁵⁾ M. Stephensen í Veterinair-Selskabets Skrifter I, bls. 180.

⁶⁾ Sbr. Búnaðarrit XXVIII, bls. 127—128. Freyr XIII, bls. 14—15. Almanak Þjóðvf. 1917, bls. 41.

hrúta, og skemdu þannig fyrir sjálfum sér, svo stjórnin fann ástæðu til þess með konungsbréfi 2. marz 1776 að banna brúkun lambhrúta; þeir kvað þó enn vera notaðir í Gullbringusýslu.¹⁾ Vanalegast munu nú hrútar notaðir á öðrum og þriðja vetri og á 4 vetri, en þá hvað mega nota þá. til þess þeir eru 5—8 vetra eða jafnvel lengur, ef vel er með þá farið, en margir hafa ótrú á að nota hrútana lengur en tvö ár og sumir telja hrúta eldri en þrjúvetra ónýta. Eftir Búalögum (bls. 143, 148) skal ætla 15 ær undir hrútlamb á vetur, 30 undir veturgamlan og 40 undir tvævetran. Hrút skal láta til roskins fjár Mariumessu á jólaföstu, en til gimbra áttadag. Gjöra skal fyrir veturgamlan hrút að Símonsmessu, fyrir tvævetran á veturnóttum, fyrir hrútlamb Marteinmessu. Það er nú talið að sterkur og hraustur þriggja vetra hrútur geti lembt 80—100 ær á vetri,²⁾ og má hleypa til hans 10 ám á dag með hæfilegu millibili. Sumir íslenzkir hrútar eru ferhyrdir, stundum með bogin horn stundum með bein horn,³⁾ en ekki þykja þeir vænni en aðrir hrútar til undaneldis, nema síður sé.⁴⁾

Það kemur fyrir, að hrútar eru kollóttir, á 18. öld getur Ólafur Stephensen um kollótta hrúta og eins Magnús Stephensen í byrjun 19. aldar. Magnús Ketilsson segir að menn hafi alment lítið álit á kollóttum hrútum, en segir að sænskir búfræðingar telji þá bezta til undaneldis, mikill kraptur tapist við vöxt hornanna og að ærnar fæði hægast eftir kollótta hrúta.⁵⁾

Sauðburður. Viðast mun það síður að láta ær bera

¹⁾ Búnaðarrit XXVIII, bls. 128. Magnús Stephensen segir (Vet. Selsk. Skr. I, bls. 191) að undan úrvals lambhrútum, sem að eins eru notaðir til 15 ásaða, fáist stór og góð lömb með ágætlega finni ull.

²⁾ P. St. Fjármáðurinn bls. 39. Jón H. Þorbergsson segir (Kynbætur sauðfjár bls. 101) að lambhrút megi nota til 10—15 áa, veturgömlum má ætla 25—35 ær, tvævetrum 40—50, en eftir það má ætla hrútum 50—60 ær, og sumir þola meiri brúkun.

³⁾ Myndir af ferhyrnum hrút í Dýravini VII. bls. 7; XV, bls. 73. Aðrir hrútar s. st. XI, bls. 59; XIII, bls. 56; XVI, bls. 67.

⁴⁾ Sbr. Búnaðarrit XXI, bls. 92. .

⁵⁾ Undirvísun um þá íslenzku sauðfjárhirðing. Hrappsey 1778 bls. 32.

úti, og er það áriðandi, að þær beri svo seint að veðráttu leyfi. Oft getur þó borið út af því, og hriðaskorpur um sauðburðinn hafa oft gert mikið tjón. Ærnar bera nokkuð mismunandi snemma eftir héruðum, á Norðurlandi frá 8.—28. maí, seinna eftir því sem vestar dregur. Viðast í Húnavatnssýslu hafa menn þann sið, að sleppa ánum fyrir burð í flestum vorum og hirða ekkert um þær um burðinn,¹⁾ og mun þetta víða hafa verið tízka. Sumstaðar í eyjum bera ærnar nokkuð fyrr en á landi. Nú eru menn þó sumstaðar farnir að hirða ærnar betur um sauðburðinn, hafa þær sumstaðar á afgirtum svæðum, sumstaðar hýsa þær á nóttunni og standa yfir þeim á daginn og yfirleitt þarf að hafa sem best eftirlit með þeim um þennan tíma og umhyggju fyrir þeim,²⁾ en fyrrum létu flestir þær eiga sig, svo allmargar týndust á ýmsan hátt. Það ber oft við, að ær eru tvílembdar, og stöku sinnum kemur það fyrir, að þær eru þrí- og fjórlembdar.³⁾ Það er kunnugt að fjörufé er mjög frjósamt, margt (stundum 60—70%) tvílembt og sumt þrílembt.⁴⁾ Um tölu hrútlamba og gimbrarlamba er lítil víska, Finnur biskup Jónsson getur þess, að eftir fjárkláðann hafi fleiri hrútlömb fæðst en gimbrarlömb,⁵⁾ og Ólafur Stephensen álitur, að veðráttan um fengitímann hafi áhrif í þeirri grein.⁶⁾

¹⁾ Búnaðarrit XXI, bls. 100. Síðan fólki fækkaði í sveitunum og hætt var við fráfærur, hefir það tíðkast meir en áður að sleppa ám fyrir burð. Eitthvað misferst jafnan við þessa aðferð, en sumir álíta það borga sig betur en að halda mann til að hirða ærnar. *Jón H. Þorbergsson*: Um hirðing~sauðfjár 1912, bls. 26.

²⁾ Freyr XIII, bls. 80.

³⁾ Í Búnaðarriti XXI, bls. 87 er þess getið, að 75% af ánum á bæ einum nyrðra voru tvílembdar. Um fjórlembdar ær sjá Freyr X, bls. 120. Sbr. *Jón H. Þorbergsson*: Kynbætur sauðfjár, bls. 81—83.

⁴⁾ Gl. Félagssrit V, bls. 111—112. Búnaðarrit XXII, bls. 309. Vorid 1896 voru af 60 ám á Þönglabakka 20 tvílembdar (Ferðabók Þ. Th. IV, bls. 11).

⁵⁾ *Æfísaga Jóns Eiríkssonar*. Kmhöfn 1828, bls. 131.

⁶⁾ »Árið 1781 gekk norðanátt um brunðtímann, orðu þá rúmlega tvöfalt fleiri hrútlömb mín en gimbrarlömb: 1782 gekk sunnanátt þennan tíma, orðu þá gimbrarlömb miklu fleiri, héru m bil 35 móti 20 hrútl-

Það hefir verið almennur siður að stíá lömbum um lengri eða skemmri tíma fyrir fráfarur, en ófært þykir að stíá þeim frá, fyrr en þau eru þriggja náttu og sjaldan er það gert svo snemma. Sumir stíá alls ekki, en láta lömbin ganga undir ánum allan tíma til fráferna. Þegar stíað er, eru lömbin tekin frá ánum á hverju kvöldi og látin í lambakró og oftast höfð. þar frá kl. 6 e. h. til kl. 5—6 næsta morgun;¹⁾ ærnar eru þá mjólkaðar á hverjum morgni áður en lömbunum er hleypt til þeirra. Sveinn Sveinsson segir (1875), að í suðursýslum sé lömbum alment stíað frá, þegar þau eru 3—5 náttu gömul, en ærnar mjólkaðar á morgnana. »Þessu er haldið áfram, þar til lömbin eru þriggja vikna gömul, þá er fært frá. Fyrir norðan og austan er sumstaðar alls ekki stíað, eða þá á fáum stöðum, fyrr en lömbin eru orðin 7—11 daga, og svo er ekki fært frá fyrr en lömbin eru 5 vikna gömul.²⁾

Í hörðu árferði hafa menn oft mist grúa af lömbum á vorin, stundum svo þúsundum skifti, en oft hefir lambamissirinn verið að kenna óheppilegri meðferð á sauðfénu, sem veldur sjúkdómum á lömbunum.³⁾ Það hefir komið fyrir, að dýrbítur og hrafnar hafa gert mikinn skaða á unglömbum, þegar þeirra er ekki nægilega gætt. Árið 1817 er þess getið, að óvenjulegur hrafnagrúi hafi sótt að unglömbum.⁴⁾ Á 19. öld drap tóan oft umul af lömbum, einkum þó á Reykjanesskaga, því þar hafa refar ótal fylgsni í hraungjótum. Vænleiki lambanna fer mikið eftir því, hvernig

lömbum: 1783 gekk bæði norðan og sunnanátt um brundtíma, voru þá hrútlömb einu fleiri en gimbrarlömbin; hefi eg síðan álitid þessa reglu nokkurn veginn vissu. Ólafur Stephensen í Gl. Félagsr. V, bls. 111. Sbr. J. H. Þ. Kynbætur sauðfjár, bls. 83—84.

¹⁾ Það var fyrrum alvenja að stíá á miðaftni, en hleypa til á miðjum morgni. Sbr. Gl. Félagsrit XII, bls. 23. Isl. þjóðsögur J. Á. I, bls. 19. Um stíun lamba sjá enn fremur M. Ketilsson: Undirvísun um sauðfjárhirðing 1778, bls. 17—18, 22.

²⁾ Skýrsla búnaðarfélags Suðurrámsins 1874—1876. Rvík 1877, bls. 44—45 og 1778 bls. 8. Sbr. Gestur Vestfirðingur I, bls. 53.

³⁾ Hermann Jónsson: Hver eru hin helstu ráð til að koma í veg fyrir vorlambadauða (Búnaðarrit X, 1896, bls. 80—83).

⁴⁾ Þ. Th. Árferði á Íslandi bls. 217.

með ærnar er farið um meðgöngutímam. Af kyngóðu fé vega einlembingar nýbornir 6—10 pd., tvilembingar 5—7 pd., meðallamb 6—7 pund.¹⁾ Það kemur eigi sjaldan fyrir, að lömb eru vansköpuð, og er sagt, að það komi oftár fyrir um fjörufé en annað fé.²⁾ Tveim þrem vikum eftir sauðburð fer gelding lamba venjulegast fram og þykir ekki rétt að gelda yngri lömb en hálf mánaðar, en fyrrum voru þau oft gelt of seint, ekki fyrr en undir fráfarur.³⁾ Þrjár aðferðir eru hafðar: stúfgelding og fjaðragelding á unglömbum og undanreying við eldri hrúta.⁴⁾

Fráfærur kallast það, þegar lömbin eru algjörlega tekin frá ánum og rekin á afrétt, fara þær vanalega fram, eftir héruðum og árferði, seinni hluta júnímánaðar eða við mánaðamótin júní og júlí, oftast þegar lömbin eru 5—8 vikna, þó ber það við sumstaðar, að yngri lömb (3—4 vikna) eru færð frá, en það þykir flestum bómönnum óráð. Fráfærutíminn er mismunandi á ýmsum stöðum á landinu, í 9.—11. viku sumars, sumstaðar var fastur dagur ákveðinn, t. d. mánudagurinn í 9. v. s. í Fjallasveit. Um 1886 voru lömb á Hornströndum alment færð frá á Jónsmessu, eftir gömlum vana, en það þótti alt of snemt og var sagt skemma; ef vel væri, sögðu bændur, ekki ætti að færa frá fyrr en í 12. viku. Eins og fyrr var getið, hafa stíngar nú víða lagst niður og lömbin eru látin ganga með mæðrunum fram að fráfarum. Þegar fært er frá, eru lambærnar reknar í stökk, ærnar dregnar frá og reknar í haga, en lömbin látin hlaupa um stökk.⁵⁾ Áður en lömbin eru rekin á fjall, er setið yfir

¹⁾ P. St. Fjármaðurinn 1913, bls. 40.

²⁾ Um vansköpuð lömb sjá meðal annars Norðri II, bls. 48. Þjóðólfur VIII, bls. 115. Annálar Björns á Skarðsá, bls. 240. Sveinn Pálsson segist víða um laud hafa heyrt það sagt, að ær fæddu vansköpuð lömb, ef þær væru lembdar við sjó (Journal I, bls. 27—28).

³⁾ Gl. Félagsrit V, bls. 100.

⁴⁾ P. St. Fjármaðurinn bls. 48—50. Guðm. E. Um sauðfénað bls. 16—18. M. Ketilsson: Undirvísun um sauðfjárhirðing, bls. 34—35. Magnús Ketilsson getur þess, að nokkrir bændur nyrðra á 18. öld hafi brúkað haustgeldingar. »voru þau lömb síðan kölluð *kyrningar*, urðu vel hryndir sauðir og riflegir«.

⁵⁾ Það var sumstaðar síður að láta ærnar hlaupa um stökk, en

þeim nokkurn tíma, þangað til allur jarmur er af þeim. Er það mismunandi í ýmsum sýslum, hve lengi lömbin eru setin og ýms ákvæði um það í fjallskilareglugjörðum eins og fyrir hefir verið getið. Eftir síðustu aldamót eru menn mjög víða hættir að færa frá og nytka ekki ærnar að sumrinu, láta þær ganga með dilkum.¹⁾ Það var fyrrum nokkuð algengt, en mun nú víðast lagt niður, að *kefla lömb* og láta þau ganga um sumarið í haga með móðurinni. Þá var bundið aflangt trékefli með hnúðum á báðum endum og digrara um miðjuna í munn lambinu, svo það gat eigi sogið móðurina, en hljóp með henni og kroppaði gras eftir megni. Slik lömb voru oftast aum og rýr að haustinu. Þetta gerðu helst fátæklingar, sem ekki þorðu að sleppa lömbum sínum á fjall, en ekki máttu missa ærnytina að sumrinu.²⁾

Í fornöld hefir verið titt að kefla lömb, eftir því sem ráða má af orðum Snorra Þorbrandssonar í Eyrbyggju. Á fundinum í Vigrafirði hafði hann fengið ör gegnum kverkarnar og í tunguræturnar, en settist þó til borðs um kvöldið hjá Snorra goða og var skyr og ostur til matar. »Snorri goði fann að nafni hans bargst lítt við ostinn og spurði því hann mataðist svo seint. Snorri Þorbrandsson svaraði og sagði, að lömbunum væri tregast um átið, fyrst er þau eru nýkefld.«³⁾

Jónsbók bannaði bændum að láta fleiri en tíundu hverja á ganga með dilk, »sekist eyri við konung fyrir á hverja á

reka lömbin á haga, sbr. M. Ket. Undirvísun, bls. 43—44. Fyrrum báru menn eld í stekk, til þess ekki skyldi »fjúga undir ærnar«, s. st. bls. 22—24.

¹⁾ Um fráfarur hefir margt verið ritað. *Torfi Bjarnason*: Um fráfarur (Búnaðarrit XXII, bls. 104—121. *Helgi Þórarinnsson*: Um fráfarur (s. st. XXVI, bls. 161—164). Sbr. *Daniel Jónsson* í Búnaðarriti XXV, bls. 274 og *Hallgrímur Þorbergsson* s. st. XX, bls. 205—207. — Sjá ennfremur Freyr IX, bls. 20—21, 40—42, 97—103, 141—147; X, bls. 105—109; XI, bls. 81—83, 119—121; XIII, bls. 23—25. Plógur IV, 43—45, 61—63, 67; VIII, 60—62.

²⁾ Sbr. *Magnús Ketilsson*: Sauðfjárhirðing, bls. 39—43. *M. Stephensen* í Veterinair. Selsk. Skr., bls. 174—175.

³⁾ Eyrbyggja saga 1895, kap. 45, bls. 119.

12 mánuðum, nema þeir er eiga tíundarvirt 5 hundruð eða minna, þeim er rétt þó að fleiri sé. Rétt er að gimbrar sé með dilkum svá margar sem eigandi vill«. Bændur voru óánægðir með þessi ákvæði, og með réttarbót Eiríks konungs Magnússonar 2. júlí 1294 var »sú klausa tekin úr bókinni, er fyrirbýður að hafa dilkfé«.¹⁾ Þó munu flestir hafa fært frá allan þorra lamba og svo hefir jafnan verið fram undir lok 19. aldar. Mikil breyting er orðin á þessu á 20. öld. Nú eru heilar sveitir í sumum hlutum landsins, þar sem enginn bóndi færir frá. Orsakir til þessa eru sumpart fólksekla, fólk fæst ekki til að hirða fé að sumrinu, sumpart kjötsala, sumpart nýbreytingarfýsn, segir Torfi í Ólafsdal. Sundurleitar skoðanir voru um það, hvort borgi sig betur að láta ær ganga með dilkum eða færa frá, en margir munu nú aftur því móthverfir að hætta við hið gamla búskaparlag, ef þess er kostur. Nýbreytnin í afnámi fráfaranna hefir eigi sýnt sig eins arðvænlega eins og búist var við í fyrstu. Jón H. Þorbergsson vill leggja fráfætur niður að mestu og auka dilkasölu sem mest, en Sigurður Sigurðsson segir: »Allglæsilegar vonir um hátt verð fyrir dilkaket erlendis höfðu verið vaktar, svo bændum þótti sauðaeignin ekki borga sig. Sjást nú ekki sauðir svo teljandi sé á öllu Norður- og Vesturlandi, nema í einstöku sveit. Öðruvísi mér áður brá. Vonir manna um þetta háa verð hafa ekki rætst enn sem komið er. Þrátt fyrir það halda flestir uppteknum hætti að færa ekki frá«.²⁾

Nú hin seinustu ár, síðan heimsófriðurinn mikli hófst, hefir það sýnt sig, að það var hið mesta óráð fyrir bændur að hætta fráfarum. Margir sakna nú smjörins og skyrins, sem ærnar gáfu af sér, eftir að öll útlend matvara er orðin rándýr. Eru nú sumir þeir, sem hættir voru við fráfarur, farnir að taka þær upp aftur, en það gengur stíðlega hjá sumum af ýmsum ástæðum; mótbárurnar eru enn »að stúlk-

¹⁾ Jónsbók bls. 225, 283. Dipl. isl. II, bls. 285. Árið 1783 var Vestmánnýingum bannað að láta ær ganga með dilkum, eins og fyrr var getið.

²⁾ Búnaðarrit XXVI, 1912, bls. 140.

ur fáist ekki til að mjólka, það vanti smala, enginn vilji sitja hjá ám, færigrindur (sem ærnar voru mjólkaðar í) séu allar úr sér gengnar og enginn viður til í þær, strokkuriun ónýtur, upphleypukeröldin týnd, kaggarnir lekir o. s. frv.¹⁾ Á alþingi 1918 kom fram frumvarp um að lögbjóða fráfrætur, en það var felt.

Fyrir fráfrætur fer *rúning sauðfjár* fram, vanalega á tímabilinu frá 24. maí til 20. júní. F'éd hefir frá alda öðli verið rúið á Íslandi, ullin slitin af með höndunum; það er fyrst á seinustu árum, að ýmsir kvað vera farnir að klippa fé sitt.²⁾ Bæði Hastfer og Magnús Ketilsson mæla með klipping sauðfjár. og stjórnin bauð 1776 yfirvöldunum að láta halda áfram tilraunum með klippingu. Þess er getið að sýslumennirnir Jón Jakobsson í Eyjafjarðarsýslu og Davíð Scheving í Barðastrandarsýslu hafi gert tilraunir til fjárklippinga, sem hepnudust misjafnlega.³⁾ Magnús Stephensen segir 1808 að þá sé fé alstaðar rúið, hvergi klipt. Nokkrir bændur fengu sér um miðja 19. öld klippur til að klippa fé, en notaðist illa að þeim.⁴⁾ Ullin er af tvennu tagi, sem kunnugt er, tog og þel; togið liggur út í gegnum þelið og myndar ytra lag ullarinnar og varðveitir þelið, sem er finna og mýkra, fyrir áhrifum veðráttunnar. Ullin á þeim kindum, sem eiga heima í köldu, hryssingslegu og röku loftslagi, er því togmikil og ullarhárin færri.⁵⁾ Magnús Stephensen segir um ull af merinóhrút, sem hann átti

¹⁾ *Sigurður Sigurðsson*: Um fráfrætur, í Tímanum II, 1918, bls. 59; höf. segir að alt sumargagn, sem fá mætti af öllum ám á Íslandi, með ófriðarverði, muni vera 5—6 miljónir krónur. Sbr. Lögrétta 1918, nr. 21 *Ólafur prófástur Ólafsson*: Matarland í matarþröng.

²⁾ *Jón H. Þorbergsson*: Um rúning á sauðfé (Freyr VIII, bls. 92—93) *Hirðing sauðfjár* 1912, bls. 17, 26.

³⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 205. O. Olavius Oekon. Rejse. Formáli bls. 90—92.

⁴⁾ Hinn þýzki málari *Kloss*, sem ferðaðist á Íslandi 1834 með Friðriki VII, segir í ferðasögu sinni (sem enn er óprentuð), að Þorlákur í Skriðu hafi haft klippur útlendar til að klippa ull af sauðfé, en enginn þar í sveit kunní að nota þær.

⁵⁾ Á merinófé kvað vera 3000 ullarhár á ferh. cm., en á íslenzku fé hér um bil 5—600 (Búnaðarrit XX, bls. 209).

á Innrahólmi: »reyfi hans óþvegið var árlega 11—12 merkur, af veturgömlu fé undan honum rúmar 8, af tvævetrum 10. Konum þótti sú ull sérlega góð, en tregþæfð; og þó litill lagður hennar, sem svaraði hálfum kambi af íslenzkri ullu, væri lagður í kamb, þótti hann svo vaxa og gefa sig upp við kembanguna að kambana fylti, og höfðu þær sérlega mætur á hálfspanskri ull eður afkvæmi af alspönskum hrúti og íslenzkri á í fyrsta liði. Þá ullarbetrnunin lætur sig einna best í ljósi.«¹⁾ Þegar vorar vel og féð er í góðu standi má gera ráð fyrir að geldfé sé úr alullu um fardaga, en ærfé um messudaga.²⁾ Ullin af flestu íslenzku fé er hvít, en þó eru svartar kindur innanum og mórauðar, og mun hin mislita ull víðast mest notuð til heimilisþarfa.³⁾ Það er mjög mismunandi hve mikil ull fæst af hverri kind. Guðmundur Einarsson segist af eigin reynslu og annara ágízkun hafa komist því næst, að þar sem mörg reyfi komi saman af ungu fé og rosknu í hæfilegum hlutföllum, þá megi heita í meðallagi, verði reyfið að meðaltali af þveginni ull 2¹/₂ pund, t. d. að taka af 300 fjár 750 pund. Magnús Stephensen segir, að vanalega fáist 2 pund af þveginni ull af hverri á, mest 2¹/₂ pd., af vænum 4—5 vetra sauði 4—5 pund, af tvævetrum sauði 2¹/₂. Jón H. Þorbergsson segir: »Ull af fé er á bæjum ³/₄—2 kg. af kindinni þvegin. Minst er ullin á beitarjörðum, þar sem féð gengur í skógi, en mest við sjóinn, þar sem það á gott. Meðallagið er víðast 1¹/₂ kg.«⁴⁾ Árið 1398 er ársull af 15 ám og 10 sauðum gerð 8 fjórðungar.⁵⁾ 1875 telur Sveinn Sveinsson ull af sauðum á Suðurlandi að meðaltali 5 merkur, af ám 3—4 merkur.⁶⁾ Hallgrímur Þorbergsson telur meðalull af fé í Eyjafjarðarsýslu 2 pd., af hinu kynbetra fé í Skagafjarðar og Húna-

¹⁾ Klausturpóstur VIII, 1825, bls. 178.

²⁾ *Guðm. Einarsson*: Um sauðfénað bls. 44.

³⁾ Um ull mun meira verða sagt í þáttunum um verzlun og tóvinnu.

⁴⁾ *Guðm. Einarsson* s. st. bls. 47. M. St. Vet. Selsk. Skrifter I, bls. 164. *J. H. Þorbergsson*: Kynbætur 1915, bls. 40, 108—110.

⁵⁾ Dipl. isl. III, bls. 630.

⁶⁾ Skýrsla Búnaðarf. Suðuramtsins 1874—1876. Rvík. 1877, bls. 44.

vatnssýslum 2¹/₂—3 pd., en af útigangsfé á Sléttu 4—4¹/₂ pd. að meðaltali. Hin sérstöku afbrigði hafa mismunandi grófa ull eftir fóðri og beitolandi og mismunandi stór reyfi; af útlendum kynblendingum hefir stundum fengist mikið meiri ull en af almennu fé. Togið og pelið af fénu í Strandasýslu er grófara en á sömu afbrigðum í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu.¹⁾ Magnús Ketilsson segir, að hvað ullarlag snerti, sé tvennskonar fé á Íslandi, starhært fé og ullargott. Hið fyrrnefnda er togmikið og lagðurinn lítið eða ekki hrokkinn, en pelið er lítið og slæmt, hið síðarnefnda hefir lítið tog og hrokkið, og mikið og mjúkt þel; telur hann að hið starhærða fé muni vera úrkynjun úr því ullargóða. »Starhærðu fé er svo varið, að sú gamla ullin skilur sig alltið frá hinnu nýju, því togið er svo mikið, að það skilur alltið á milli, og með því pelið það forna og nýja nær aldrei saman, svo sameinast aldrei sú forna og nýja ullin, svo að þó menn vildu þetta fé klippa, hafa menn þar við tvöfaldan skaða, en engan ábata.« Horfé er heldur ekki til neins að klippa »því allir vita, að af því dettur ullin, og hafa menn mikla mæðu og fyrirhöfn að láta hana lafa á því, svo menn verða að hnýta saman lagðana og stundum sauma á það leppa, því það er mansbert undir.«²⁾ Magnús Stephensen telur klipping sauðfjár varla eiga við á Íslandi vegna útigangsins, enda yrði þá að klippa sauði í maí, ær í júní og lömb á vetrum.³⁾

Fjármörk. Áður en fé fer á fjall, verður það alt að vera markað, og lömb eru vanalega mörkuð 7—8 dögum eftir geldingu. Í fornöld var lögboðið að allur fénaður skyldi vera markaður, þó er það tekið fram í réttarbót 1294, að menn sekist eigi. þó kálfar, lömb, kið og grísir séu ómarkaðir meðan í sjálfs manns landi ganga.⁴⁾ Hafa menn þá til forna líklega haft hin sömu eyrnamörk eins og enn eru notuð eða svipuð þeim. Færeyingar hafa eyrnamörk á sauð-

¹⁾ Búnaðarrit XXI. bls. 87, 88, 91, 94; XXII, bls. 309.

²⁾ *Magnús Ketilsson*: Sauðfjárhirðing. Hrappsey 1778, bls. 104—106

³⁾ Veterinær-Selskabets Skrifter I, bls. 189.

⁴⁾ Dipl. isl. II, bls. 287.

fé sínu mjög lík því sem brúkuð eru hér á landi.¹⁾ og eru mörkin eflaust af sömu rót runnin framan úr fornöld, enda nöfnin lík. Á fyrri öldum eru hin einstöku mörk víst sjaldan nefnd í heimildaritum, en á 14. og 15 öld sést á fornbréfum að mörkin hafa þá verið svipuð eins og nú. Mark kirkjunnar á Steinum undir Eyjafjöllum er 1371 »miðhlutur uppstúfs og af annað»; mark Oddakirkju 1397 »sýlt hið hægra en heilt hið vinstra; annað mark, af bæði eyru». Árið 1450 er getið um fjármörk á Höllustöðum, tvístift, stúfrifað, miðhlutað, hvatt, stift aftan vinstra, sýlt og biti undir framan o.s.frv. Árið 1461 eru nefnd kýmörk á Kviabekk, hvatt hið vinstra, af hið hægra, hvatt hið hægra, af hið vinstra, hvatt hið hægra og fjöður framan undir og af hið vinstra, hvatt og blaðrifur. 1486 eru mörk á Grund í Eyjafirði, á nautum og sauðum sneyddir helmingar á báðum eyrum, en á öðru eyra á hrossum, rauf hægra eyra á hestum.²⁾ Oddur biskup Einarsson tók upp aftur mark það á fénaði Skálholtsstaðar, er lengstum hafði verið, stýft á báðum eyrum, en höfuðsmaður Laurits Krus bannaði að brúka það lengur, því það gengi of nærri konungsins marki, sem var afeyrt á báðum eyrum; þessi þræta höfuðsmanns og biskups var lögð undir dóm Gísla Þórðarsonar sýslumanns í Árnessýslu 1590, sló herra Oddur þá undan og lét bregða af því gamla staðarmarkinu og brúka sýlt í stúf á báðum eyrum, sem hélst við síðan.³⁾ Fjármark Hólastaðar var líka afeyrt bæði eyru.⁴⁾ Það er auðséð á þessum dæmum, að meun fyrrum litið hafa skeytt því, þó soramarkað væri.

Eins og alkunnugt er hafa eyrnamörk á sauðfé mörg nöfn og er þeim ýmislega fyrir komið og raðað niður á báðum eyrum; samsetningarnar geta því orðið mjög margbreytilegar. Hér mundi verða alt of langt mál að telja upp

1) Fortegnelse over Faarøemærkerne paa Færøerne med vedføjte Afrids af Mærkerne. Udgivet af Færø Amt, København 1879, 8°.

2) Dipl. isl. III, bls. 261; IV, bls. 75; V, bls. 81, 257; VI, bls. 571.

3) Biskupasögur Jóns Halldórssonar I, bls. 180. Sbr. Safn II, bls. 720. Fjármörk nefnd í kvæðum Stefáns Ólafssonar II, 1886 bls. 61.

4) Tímarit Bókmf. VII, bls. 100.

mörkin og lýsa þeim og verðum vér að vísa í prentaðar markaskrár og önnur rit.¹⁾ Á kollóttu fé er aðeins hægt að hafa eyrnamörk, en leugi hefir og tíðkast að hafa brennimörk á hornum. Mörkunum hefir fjölgað mjög á seinni árum og þau kvað eftir seinustu upptalningu vera 23,343 og eru líklega fleiri. Þeim hafði frá 1895 til 1912 fjölgað um 3413; mikill fjöldi þessara marka er alveg óþarfur.²⁾ Töluverður ruglingur er á mörkunum og margir sammerkningar; hafa verið gerðar tilraunir til að fá markalög fyrir land alt með glöggum almennum reglum, en hefir ekki tekist enn. Á búnaðarþingi 1909 var sett nefnd í málið og var í nefndarálitinu skorað á stjórnina að leggja fram markalög um alt land fyrir alþingið, eftir að hafa borið undir sýslunefndir tillögur um það mál.³⁾ Hallaðist nefndin að sýslu og sveitamarkahugmyndinni, en undirtektir landsmanna urðu sundurleitar, og var meiri hluti mótfallinn þeirri hugmynd. svo málið féll niður. Markamálið hefir mikið verið rætt og komið fram ýmsar nýjar uppástungur.⁴⁾ Nú hafa menn allvíða sýslu- og hreppamörk (brønnimerki) á fé og sumstaðar bæjamörk; eru ákvarðanir þar að lútandi stundum innfærðar í fjallskilareglugerðir sýslanna.⁵⁾ en

¹⁾ Í Almanaki Þjóðvinafélagsins fyrir 1912 eru myndir af hinum algengustu eyrnamörkum með nöfnum og útskýringum bls. 80—81. Um íslensk kindanöfn sjá *Finnur Jónsson* í Arkiv f. nord. Filologi 1912, bls. 325—340. *Guðjón Guðnason*: Um ærnöfn (Freyr IX, bls. 30).

²⁾ Búnaðarrit XXVII, 1913, bls. 97—98.

³⁾ Nefndarálitið prentað í Búnaðarriti XXIII, bls. 161—65.

⁴⁾ *Björn Bjarnarson*: Markalög (Búnaðarrit XXVII, 1913, bls. 96—120). Aðrar ritgerðir um fjármörk. Um merkingu sauðfjár (Ísafold V, 1878, bls. 80); Um mörk á sauðfé (s. st. VII, 1880, bls. 48, 50—51). Uppástungur um sauðfjármörk (Þjóðólfur 1892, bls. 165—166, 170; 1893 bls. 153—154). *Hjálmur Pétursson*: Um fjármörk (Þjóðólfur 1894, bls. 101—103). *Sami*: Hvernig er eignarrétturinn á sauðfé verndaður (Búnaðarrit X, 1896, bls. 33—58). *Hannes Hanneason*: Um auðkenni á sauðfé (Búnaðarrit XXVI, bls. 286—293). Um mörkunarkerfæri Matthías Matthíassonar (Þjóðólfur 1894, bls. 220). *Baldvin Eggertsson*: Um sauðfjármörk (Freyr VIII, bls. 89—92). *Arnór Arnason*: Sauðfjármarkabreytingin (Freyr X, bls. 48—51). *Gisli Jónsson*: Auðkenni á vorlömbum (Freyr XI, bls. 124—125).

⁵⁾ Sbr. t. d. Stjórnartíðindi B. 1899, bls. 107—108; 1902 bls. 151; 1914 bls. 310—311 og víðar.

markaskrár eru prentaðar sérstaklega og endurprentaðar með nokkurra ára millibili. Þar sem kynbótatilraunir eru, þarf að auðkenna hinar einstöku kindur til þess að geta þekt þær aftur og ættfært. Til þess er í Þingeyjarsýslu notuð sérstök aðferð, sem kölluð er að *skrúðdraga*, þá er þrinnað ullarband með 4 glöggum litum dregið í gegn um eyra kindanna á ýmsan hátt og í ýmsum hlutföllum.¹⁾ Aðrar aðferðir hafa líka verið notaðar, málmlötur festar í eyru á kollóttu fé, hyrnt fé merkt á hornum með skorum og ýmsum brennimerktum teiknum.²⁾ Magnús Ketilsson getur þess þegar 1778, að nauðsyn sé á að auðkenna kynbótafé sérstaklega.³⁾

Sumarnytkun ásauda. Þegar búíð er að færa frá og reka geldfé og lömb á fjall, eru ærnar hafðar í heimahögum, setið hjá þeim stundum og þær mjólkaðar kvöld og morgna í 9 til 13 vikur. »Hin bezta aðferð er sú« segir síra Guðmundur Einarsson »að sitja hjá ánum nótt og dag fyrstu þrjár vikurnar í þeim högum, sem fjær eru, en á nóttunni í þeim, sem nær eru, og reka ærnar í þá og úr þeim í sama mund, úr því mætti fara að yfirgefa þær á nóttunni, en fara svo snemma til þeirra að morgninum, að þær nái ekki að rása langt, og þessu skal halda áfram fram eftir sumrinu.«⁴⁾ Sumir hýsa ærfé á nóttunni, hafa það í færivíum, girðingum, kvíum eða nátthögum, eru venjur manna í þeim efnum mismunandi í ýmsum héruðum, eftir því sem tilhagar með beit og annað. Hafa margir haldið fram innilegu búfjár á sumrum, sérstaklega Magnús Ketilson, sem fyrr hefir verið getið, og síðan ýmsir aðrir.⁵⁾ Til að sitja hjá ám hafa unglingar vanalega verið

¹⁾ Lýsing á þessum skrúðdrætti er í Fjármanni Páls Stefánssonar 1913, bls. 51—53.

²⁾ Búnaðarrit XXVI, bls. 286—293.

³⁾ Undirvisun um þá íslensku sauðfjárhirðing. Hrapsey 1778, bls. 36.

⁴⁾ G. E. Um sauðfjenað bls. 19.

⁵⁾ Ari Jónsson: Nokkur orð um að auka áburð með því að hýsa ær og hross um sumartímann (Fróði III, 1882, bls. 55—58, 65—67).

notaðir.¹⁾ Sumstaðar er alls ekki setið hjá ánum, en þeim slept lausum í heimahaga og orsakar það oft mikla fyrirhöfn, staut og málnytumissir. Til mjalta eru ærnar reknar heim á stöðul; stöðultíðirnar eru vanalega dagmál og náttmál, en sumstaðar nokkuð fyrr.²⁾ Nytkunartími ásauða á sumrinu hefir verið mismunandi, að fornu fari frá fráfærum fram að göngum eða réttum, sumstaðar 11—13 vikur, sumstaðar 9—10 vikur. Á 18. öld var það sumstaðar siður að mjólka ær til veturnóttu og telur Ólafur Stephensen það eigi borga sig, ef ánum er ætlaður útigangur, en á gjafajörðum, þar sem ám má ætla fult fóður, telur hann það réttmætt.³⁾ Ærnytin var fyrrum mikils virði fyrir fólk í sjóplássum og með konungsbréfum 1778 og 1783 þótti stjórninni ástæða til að fyrirskipa að Vestmannaeyingar mjólkuðu ær sínar, því að þeir höfðu tekið upp á þeim ósóma, að láta þær ganga með dilkum.⁴⁾ Sumstaðar, þar sem fátt fé er og fjörubeit, hafa ær fram á vora daga verið mjólkaðar lengi fram eftir vetri, t. d. á Hornströndum og á sumum eyjum á Breiðafirði.

Það hefir verið gamall siður að tví- og þrí- mjólka ær í hvert mál, en reyndir búmenn ráða frá því og telja best að mjólka hverja á vandlega einu sinni í mál. Magnús Stephensen segir það hafi í byrjun 19. aldar verið siður að mjólka ærnar kvöld og morgna, tvisvar í mál, til ágústloka eða fjórum sinnum á dag; milli mjaltanna í hvert mál voru þær látnar standa í klukkutíma, meðan verið var að mjólka kýrnar, sumir mjólkuðu á sama tíma þrisvar í hvert mál; í september voru þær mjólkaðar einu sinni í mál, síðan einu sinni á dag og svo annan eða þriðja hvorn dag, þangað til um miðjan nóvember; margir hættu þó að mjólka í ágústlok, aðrir á Mikkaelsmessu. Þá voru ær hvergi látnar ganga

¹⁾ Sbr. »Piltur og stúlka« eftir Jón P. Thoroddsen. *Jón H. Þorbergsson*: Hirðing sauðfjár 1912, bls. 29.

²⁾ Á Fljótsdalshéraði voru 1882 stöðultíðir kl. 8 á morgna og kl. 8½ á kvöldin.

³⁾ Gl. Félagsrít V, bls. 103—104.

⁴⁾ Lovsamling for Island IV, bls. 421, 717—721.

með dilk nema í Vestmannaeyjum og í fáeinum eyjum öðrum.¹⁾ Ær eru enn allviða mjólkaðar í öðrum löndum Evrópu, einkum sunnan til í álfunni, og algengt er það enn í Austurlöndum²⁾ Hvernig ærnar mjólka er mikið komið undir mjaltakonum, nákvæmni þeirra og handlægni, en illar mjaltakonur eru hið mesta skaðræði³⁾

Hve mikið ærnar mjólka um sumarið er eflaust nokkuð mismunandi í ýmsum héruðum eftir landkostum og meðferð á fénu. Mjólkurhæð áнна hefir enn mjög litið verið rannsökuð og eru allar líkur til, að ær geti mjólkað miklu meira, en menn ætla, ef vel væri með þær farið. Búfræðishöfundar 18. aldar reikna ærnytina yfirleitt mjög háa. Á Vestfjörðum hefir jafnan verið gott mjólkurfé, en þó virðist það öfgum næst eftir nútíðarreynzlu, er Björn prófastur Halldórsson segir um ærnytir vestra í hans daga; hann segir að ær mjólki alment pott á dag, þar sem fé er ekki magurt, í 3 mánuði, júlí, ágúst og september og leggur það ofan á, sem ærin hefir mjólkað með lambi í júní, telur hann því almenna ærnyt 90 potta. Þó segir hann að sumar mjólki miklu betur: »Einn bóndi hér í sýslu, réttorður maður, sem bjó á vetrarríkis jörð, og fódraði ásaud á heyi allan vetur, en beitti þá á skógarbrum, er veður var gott, sagði mér, að hann hefði átt á, sem mjólkaði 5 merkur í mál, það er 5 potta á dag, en margar sagðist hann eiga, sem mjólkuðu 4 merkur, en hann hafði bezta beitarland.⁴⁾ Gæta verður þess, að þá var mjög mikið hugsað um, að fá sem mesta mjólk úr ánum, þær eflaust af góðu mjólkurkyni, stríðaldar og mjólkaðar fram á nýár sumstaðar. Björn Halldórsson getur á sama stað um bónda, sem fekk mörk mjólkur úr sínum beztu ám degi fyrir nýár, og var þeim

¹⁾ Veterinair-Selskabets Skrifter I, 1808, bls. 175, 178.

²⁾ Jósef J. Björnsson: Mjólkurfé (Freyr V, bls. 81—84). Guðm. Einarsson: Um sauðfénað, bls. 21. Um mjaltir kvitjár (Fróði IV, 1883, bls. 160—164). Um mjaltir ásauda í færíkvíum í Þjóðólfi IV, 1852, bls. 341. Búnaðarrit II, bls. 219—221.

³⁾ Sbr. Gl. Félagsrit V, bls. 104—105. Gestur Vestfirðingur I, bls. 50.

⁴⁾ Atli 1783, bls. 130—131.

pó aldrei gefið; annar bóndi tók 2 ær á gjöf á Mikkaelsmessu, gaf þeim til jóla og fékk af þeim mestallan tímann 2 potta á dag. Magnús Ketilsson sýslumaður segir (1778). »Í Norðurlandi, sérdeilis á útkjálkum, hvar sauðfé fyrir vetrarriki verður hartnær að gefa eins og kúnum, og hvar fjárhey oftast nær eru töðugæf og sumarhagar úrtöku góðir, (því þetta þrent fylgist þar oftast að), þar mjólka ær jafnaðarlega á sumrum 2 merkur og þó oftár 3, en margar 4 og 5 merkur; en hér hjá oss (í Dalasýslu) þykir það góð ær, sem mjólkar eina mörk í mál, og er þó orðin hartnær geld á Mikelsmessu; en í Norðurlandi halda ær á sér fram undir jól og er þar í sumum stöðum ekkert óvenjulegt, að 30 ær mjólki fulla fjórðungsfötu um og eftir veturnætur.«¹⁾

Finnur biskup Jónsson segir líka, að ær í Ísafjarðar- og Strandasýslum, sem eru vel haldnar, mjólki 2, jafnvel 3 merkur í mál, en ásauðir á Suðurlandi mjólki mjög lítið, af því svo illa sé með þá farið. »Hér má sauðfé, jafnvel á megurðar- og landkreppu-jörðum, ganga úti gjafarlaust, húsa- og hirðingarlítið, og það helst þá mest áliggur, sem er þá móti vorinu sækir, því þá er víða orðið heyjalítið; en ei til vöktunar allviðast nema kvennfólk og unglingar, því fært og fullorðið fólk er þá flest til sjóar komið. Gengur því féð svo horað undan, að það varla eður ekki fæðir lömb sín, og gjörir því ei á sumrin helmings, já þriðjungs gagn við það, sem af því mætti hafa, ef betur væri með farið«. Telur hann að syðra fáist allra mest 3 fjórðungar smjörs undan ásauðarkúgildi, hálf tunna skyr og hálf tunna sýru.«²⁾

Magnús Stephensen telur að magrar ær í slæmum beitarlöndum mjólki hálfan pott á dag, vel haldnar meðalær einn pott, ær á stöðugri gjöf tvo potta og í hinum beztu héruðum jafnvel 3–4 potta á dag.³⁾

¹⁾ *Magnús Ketilsson*: Undirvísun um þá íslenzku sauðfjárhirðing. Hrapsey 1778, bls. 13.

²⁾ Atli og Búalög. Kmh. 1834. bls. 185–186.

³⁾ Veterinair-Selskabets Skrifter I, 1808, bls. 198–199.

Á 19. öld virðist mjólkurhæð áanna víðast hafa töluvert lækkað, þó góðar mjólkurær séu ennþá til í sumum sveitum, einkum á útkjálkum og í eyjum. Á Mýri í Bárðardal voru á árunum 1875—1887 haldnar mjólkurskýrslur yfir ær og var meðalærnytin þegar mjólkað var tvennum mjöltum í mál í 12 vikur 43,61 pottar, en með einni mjölt í mál 45¹/₄ pottur.¹⁾ Bóndi á Vesturlandi telur 1847 meðalærnyt í 13 vikur 56 potta.²⁾ Á Suðurlandi virðist ærnytin mjög lítil, Jón H. Þorbergsson segir (1913) að hún sé þar víða um 28 pottar yfir sumarið að meðaltali.³⁾ og Sveinn Sveinsson segir að ær sunnanlands mjólki að eins pela í mál.⁴⁾ Hallgrímur Þorbergsson segir 1907, að á Norðurlandi fáið eftir á pottur til jafnaðar á dag fyrstu viku mjaltatímans, en mjólkin fer minkandi úr því⁵⁾; beztu ær í Svarfaðardal mjólka 60 potta um sumarið.⁶⁾ Þegar Tryggvi Gunnarsson bjó á Hallgilsstöðum í Fnjóskadal, mjólkuðu ær hans að meðaltali 50 potta um sumarið og svo munu ær víða mjólka í Þingeyjarsýslu eða meira. Í Víðirkeri við Bárðardal mjólkuðu 1876 12—14 ær 7 potta í mál.⁷⁾ Í Olafsdal mjólkuðu ær að meðaltali 37¹/₂ pott um sumarið og 37 potta að meðaltali um mörg ár hjá síra Guðmundi Einarssyni á Kvennabrekku, en hann telur þó, að meðalærnyt muni vera 40 pottar. Torfi Bjarnason getur líka um nythæð ásauða á ýmsum öðrum bæjum vestra nálægt Gilsfirði og var hún þar 40—55 pottar. Telur Torfi sennilegt, að hægt væri með góðri meðferð að koma nythæðinni upp í 55 potta, en einstöku ær getur mjólkað miklu meira; þannig mjólkaði ein ær í Tröllatungu 3 merkur mældar í mál »og hefir sú ær mjólkað hérumbil 330 pd. (165 potta) frá fráferum til rétta.

¹⁾ Búnaðarrit II, bls. 219—221.

²⁾ Ný Félagsrit VII, 1847, bls. 181.

³⁾ Búnaðarrit XXVIII, bls. 136. J. H. Þ. Kynbætur 1915, bls. 35.

⁴⁾ Skýrsla Búnt. Suðuramtsins 1877, bls. 44.

⁵⁾ Eftir reynslu Torfa Bjarnasonar mjólka ærnar fyrstu 4 vikurnar ⁵/₉ af sumarnyt sinni, en 5 seinni vikurnar ⁴/₉. Telur hann nytkunartímann að eins 9 vikur (Búnaðarrit XXII, bls. 120).

⁶⁾ Búnaðarrit XXI, bls. 85—86.

⁷⁾ Ferðabók Þ. Th. I, bls. 345.

Í Möðrudal á Fjöllum kvað ærnar framan af sumri mjólka 2 merkur í mál og um nytkunartímann 100 potta að meðaltali.¹⁾ Torfi Bjarnason segir, að nythæð áanna fyrir vestan hafi á seinni árum farið mjög aftur, af því menn útrýmdu mjólkurkynstofni til þess að geta framleitt holdamikið fé til að selja Englendingum. »Þegar eg kom að Ólafsdal«, segir Torfi, »var hér í sveitum sumstaðar allgott mjólkurfé, einkum þó fyrir vestan Gilsfjörð. En sunnan til í Strandasýslu og hér í Dalasýslu voru menn þá farnir að sækjast eftir holdafé, og færðist sú alda smám saman vestur eftir. Á fyrstu árum mínum hér sá eg nokkrar ær úr Gufudalssveit, sem voru að öllu ólíkar fé hér í kring. Voru þær háfættar og kroppurinn rýr, ullin toglítill og minni en á öðru fé. En ærnar mjólkudu 2—3 merkur í mál og sumar meira, voru sérlega heilsugóðar og þoldu vel útigang. Hér um bil 25 árum síðar var ekki urmull eftir af þessu framúrskarandi mjólkurfé.²⁾ Guttormur prófastur Pálsson segir um ærnytir í Múlasýslum: »Málnytta sauðfjár er næsta misjöfn á Austfjörðum eftir landgæðum; til eru þær sveitir, þó fáar séu, þar sem ærin mjólkur mörk í mál, að minsta kosti fyrsta mánuðinu eftir fráferur; aðrar þar sem þrjár ær gera einn pott í mál og enn aðrar þar sem ærin mjólkur ei nema pela; til eru og svo mögur lönd, að 3—4 ær mjólka ekki yfir mörk í mál mestan hluta sumarsins; mun þó fjárkynið eflaust eiga nokkurn þátt í þessu.«³⁾

Á síðustu árum eru menn dálítið betur en áður farnir að athuga nythæð ásauda og hafa nokkrar skýrslur þar að lútandi birst í tímaritinu »Freyr«. Sýnir það sig nú sem

¹⁾ Búnadarrít XXII, bls. 112—113. Samkvæmt Frey IX, bls. 63 mjólkudu 156 ær í Möðrudal 1911 3 vikur eftir fráferur 286 pd. á dag eða tæpa mörk í mál. Úr þessari mjólk fékst 24 pund af smjöri, 26 pd. af mjólkurosti og 12 pd. af mysuosti. Eftir höfuðdag voru ærnar mjólkadar einu sinni á dag. Á Hornströndum gera ær mikið gagn og eru mjólkadar lengi fram eftir, en þær eru fáar á hverjum bæ; 1886 sá eg á einum bæ á Hornströndum 5 stúlkur vera að mjólka 13 ær, en þar var líka margbýli (Ferðabók Þ. Th. II, bls. 92).

²⁾ Búnadarrít XXI, bls. 105—106.

³⁾ Fjallkonan XV, 1898, bls. 4.

fyr, að afarmikill mismunur er á nythæð áнна eftir beitarlandi, kynferði og meðferð. Þyrfti að rannsaka mjólkuraf-rakstur ásauða miklu betur en gert hefir verið. Á búnaðarskólanum á Eiðum voru laust eftir aldamótin 130—150 ær, þær mjólkuðu að meðaltali 22—38 potta yfir sumarið. Mórauð ær á Þorfinnsstöðum í Ísafjarðarsýslu mjólkaði sumarið 1910 227 pd. ($113\frac{1}{2}$ pott) og var vorið þó óvanalega hart vestra og sauðgróður kom seint. Mjólkurtafla yfir ærnytir var haldin á Skammadalshól í Mýrdal 1905—1912 og var meðalærnytin öll árin 26 pottar, mest meðalnyt $30\frac{1}{2}$ pt., minst 19 pt. Í Langholti í Flóa mjólkuðu 70 ær 1913 frá fráferum til gangna til jafnaðar 31 pt. og 30 ær á öðru búi á sama stað 33 pt. til jafnaðar.¹⁾ Á Skiðbakka í Austur-Landeyjum mjólkaði ein ær sumarið 1915 frá 10. júlí til 1. ágúst um $1\frac{1}{4}$ lítra á dag til jafnaðar og allan ágúst 1 lítra á dag, $57\frac{1}{4}$ lítra á 52 dögum, allan mjaltatimann mjólkaði hún 75 lítra. Munurinn á mjólkurhæð áa er afarmikill. Páll Zophoníasson segist þekkja bæ, þar sem ærnar mjólka að meðaltali um sumarið 18 potta, og annan, þar sem þær að meðaltali mjólka 85 potta og getur þó munurinn eflaust verið miklu meiri.²⁾ Í Þingeyjarsýslu er víða gott málnytuland og mjólka ær þar miklu betur en syðre. Þar eru til málnytuskýrslur frá ýmsum bæjum, og er meðalærnytin í Suður-Þingeyjarsýslu talin 50 kg. mjólkur og 3 kg. smjör. Annars hefir meðalmálnytan verið breytileg á ýmsum bæjum, minst 35 kg., mest $77\frac{1}{2}$ kg.³⁾ Sigurður Sigurðsson telur (1918) meðalærnyt fyrir landið alt 40—45 kg. yfir sumarið (10—12 vikur) og gerir ráð fyrir að eitt kg. af smjöri fáist úr 15 kg. mjólkur.⁴⁾

Úr sauðamjólkinni gera menn alment smjör á Íslandi og er hún líka notuð til smjörgerðar í rjómabúunum, einnig fæst úr henni mikið af skyri og sýru. Hve mikið smjör

¹⁾ Freyr I, bls. 100; VII, bls. 139; XI, bls. 31.

²⁾ Freyr XIII, 1916, bls. 15, 36.

³⁾ *Baldvin Friðlaugsson*: Gott málnytuland (Freyr XIII, bls. 23—25).

⁴⁾ *Tíminn* II, 1918, bls. 59.

fæst úr mjólkinni er ekki enn nægilega rannsakað, en mjög er það mismunandi, hvað kostagóð hún er í ýmsum sveitum. Á Hornströndum og í Fjallasveit hefir mjólkinni verið við brugðið fyrir hvað kostagóð hún væri og haft að orðtæki. »að rjóminn héldi þar skaflaskeifu«; þó eru smjörgæðin edlilaga mismunandi í þessum héruðum á ýmsum bæjum, eftir kynferði og meðferð á fénu. Á Hornströndum fæst fjórðungur smjörs oft undan ánni, meðaltal töldu Hornstrendingar. 1886, 15—20 merkur, eftir því ættu ærnar þar að mjólka 60—70 potta. Þegar eg fór um Fjallasveit 1882, fengust 3. júlí á Grímsstöðum 8 pd. af smjöri úr mjólk undan 130 ám og hefir það líklega verið pund úr 8 pottum; í Viðirkeri fékst, 1876, pund úr hverum 7 pottum. Á Mýri í Bárðardal fékst, 1876—1887, eitt pund af smjöri úr 7—9 pottum af mjólk, eftir árferði og öðrum kringumstæðum, oftast eitt pund úr 8 pottum.¹⁾ Bóndi á Vesturlandi áætla 1847, að úr hverjum 10 pottum af mjólk fáiast pund af smjöri, en úr hverjum 400 pottum skyrtunna, en sýrutunna úr 300 pottum.²⁾ Ólafur Stephensen reiknar, að úr 20 mörkum kúamjólkur fáiast í júlímánuði 20 lóð af smjöri, 5 merkur af skyri og 13 merkur af sýru og úr 20 mörkum sauðamjólkur samtímis 36 lóð af smjöri, 10 merkur af skyri og 7 merkur sýru. Tilraun kveðst hann hafa gert með þetta á 3 stöðum í senn og þetta var meðalvegurinn.³⁾ Björn prófastur Halldórsson í Sauðlauksdal telur, að smjörpundið fáiast úr tæpum 7 pottum: Skúli Magnússon landfógeti úr 7½ potti, Tryggvi Gunnarsson úr 9 pottum. Guðmundur Einarsson segir: »Eftir nokkurn veginn nákvæmri 30 ára reynzlu hefi eg fengið smjörpundið úr tæpum 9 pottum. Þessi 30 ár hefi eg haft búsmala á fjórum stöðum, og er meðaltal yfir sumarið á tveimur þeirra rúmir 8 pottar, á hinum þriðja 9 pt., og á þeim fjórða rúmum 10 pottar. Það hefir mér reynst mjólk kostlökust að haustinu, að smjörpundið fékst úr 13 pottum«. Guðmundur prófastur færir dæmi til þess, að

¹⁾ Búnaðarrit II, bls. 220.

²⁾ Ný Félagsrit VII, bls. 181.

³⁾ Gl. Félagsrit V, bls. 82.

undan einstöku ám hafi fengist mjög mikið smjör. mjólkurhæð og mjólkurkostur samfara; á Hallsteinsnesi fengust eitt sumar undan einni á 25 merkur smjörs og undan einni á og lambgimbur í Hlið við Þorskafjörð 39 merkur smjörs.¹⁾ Sveinn Sveinsson segir 1882, að vanalega fáist pund af smjöri úr 20—22 pundum af sauðamjólk, en dæmi séu til þess, að smjörpund fáist úr 14 pundum mjólkur um hásumarið, þar sem féð hefir góða haga.²⁾ Úr 14 pundum (7 pottum) af sauðamjólk reiknar Torfi Bjarnason 1908, að eitt pund af smjöri fáist, eitt pund af undanrennuosti úr 9 pd., 1 pund af mysuosti úr 15 pd., 1 pd. af nýmjólkurosti úr 6¹/₂ pd. af sauðamjólk.³⁾

Hve mikið skyr og sýra fæst úr sauðamjólkinni er mjög mismunandi og eins hlutfallið milli skyr og sýru, sem er komið undir því, hvað skyrið er vel síað. »Pegar skyr er gert »sekkbært«, verður það miklu minna móts við sýruna«, segir Guðm. Einarsson. »en þar sem »hleypiskyr« er brúkað. Eftir því sem mjólkinn er betur flóuð, eftir því fæst meira skyr úr henni, en vöxtur hennar rýrnar að því skapi.«⁴⁾ Magnús Ketilsson telur að úr 9 tunnnum sauðamjólkur (1080 pt.) fáist 135 pd. smjörs, eða 1 pd. úr 8 pottum, 3⁷/₈ tunnur (465 pt.) skyr og 3⁷/₈ tunnur sýru. Skúli Magnússon fékk undan 6 ám í Skagafjarðardölum 3¹/₄ tunnu mjólkur (390 potta) og úr henni 55 pd. smjörs eða pundið úr rúmum 7 pottum og 2³/₄ tunnu (330 pt.) súrmjólkur.⁵⁾ Tryggvi Gunnarsson telur, að úr 250 pottum mjólkur fáist 172 pottar skyr og 57 pottar sýru, rýrnar mjólkinn þá um tólf tung eða 21 pott.⁶⁾ Guðmundur Einarsson ætlar að úr 40 pottum sauðamjólkur fáist 18 pottar vel síaðs skyr og 17 pottar sýru, hefir mjólkinn þá átt að rýrna um ¹/₈ hluta.

Af því sem tilfært hefir verið, sést, að töluverður mis-

1) G. E. um sauðfénað 1879, bls. 49, 51.

2) Andvari VIII, bls. 120—121.

3) Búnaðarrit XXII, bls. 120.

4) G. E. Um sauðfénað, bls. 50.

5) Gl. Félagsrit IV, bls. 197.

6) Ný Félagsrit XXIV, bls. 50.

munur er á smjörgæðum sauðamjólkur eftir landkostum: í góðu beitarslandi er hin íslenska sauðamjólk mjög kostagóð, og gæti eflaust verið hagnaður að því sumstaðar að taka upp aftur selstöður eins og til forna. Af því sem fyr hefir verið skráð, er sýnilegt, að íslenskar ær geta verið beztu mjólkurskepnur, ef um þann kost þeirra er hirt, mætti eflaust framleiða ágætt innlent mjólkurkyn, ef bændum þætti það borga sig. Eins og áður hefir verið getið, er víða orðin mikil breyting á sumarhirðing ásauða og ær víða látnar ganga með dilk. virðist töluverður glundroði kominn á það mál og væri öll ástæða til, að það væri tekið til athugunar og rannsókna, svo niðurstaða fengist um það, hvað borgaði sig best í ýmsum héruðum.

Vetrarhirðing sauðfjár er ákaflega þýðingarmikill liður í bjargræðisviðleitni bænda á Íslandi. Náttúru landsins er svo hagað, að sauðfjárræktin verður að mjög miklu leyti að byggjast á útigangi, en hið kalda og breytilega loftslag gerir það að verkum, að bændur verða að nota beitina að vetrarlagi með varúð og fyrirhyggju, þeir verða að váttryggja bjargræðisstofu sinn með nægum heybirgðum, góðum peningshúsum og skynsamlegri fjárhirðingu, því annars getur höfuðstóllinn verið í veði, þegar minst varir. Á fyrri öldum og fram á vora daga hefir oft brugðið út af því, að varúðar- og varnarráðum væri fylgt og hefir oft hlotist af því mikið tjón og stundum kollsteypir á efnahag heilla héraða, með þar af leiðandi sulti og seyru og stundum mannfalli af hungri. Er vonandi að þjóðinni með vaxandi menningu takist að girða fyrir að áfelli af náttúrunnar hendi valdi miklu tjóni og slysum í framtíðinni.

Meginið af allri vinnu almennings er innifalið í að tryggja sér sæmilega afkomu á hinum kalda tíma ársins. Sumarhirðing sauðfjár er ekki margbrotin og sízt umsvifamikil, þar sem allar ær eru látnar ganga með dilkum. Vorverkunum höfum vér lýst, sauðburði, hirðing lamba og fráferum, þá er geldféð rekið á afrétti, sótt heim á haustin og dregið í sundur í réttum eftir eyrna- og hornamörkum. Sjálfa sumarmánuðina verða menn að annast ásauðina, þar

sem þeir eru mjólkaðir, en annars gengur öll sumarvinnan í að safna heyforða handa skepnunum til vetrarins.

Fjánhús.¹⁾ Þegar á landnámstíð urðu menn þess varir, að það var í mörgum héruðum óhjákvæmilegt að hýsa sauðfénaðinn að vetrinum, að minsta kosti með köflum, og frá því er sögur fyrst gerast, er getið um fjárgeymslu og fjánhús. Þó fjánhús væru almenn í fornöld, þá voru þau engan veginn til alstaðar og víða ónóg; í sumum héruðum voru þau fá eða engin, einkum sunnanlands. menn létu sér nægja ýms skyli, fjárborgir, skjólgarða, hellra o. fl. Þetta fjánhúsaleysi átti eðlilega mikinn þátt í því, að illa fór í hörðum árum. Á Norður- og Vesturlandi mun jafnan hafa verið sæmilega mikið af fjánhúsum, þó sumstaðar hafi ekki verið hægt að hýsa allan fénað. Í ýmsum sveitum á Suðurlandi voru fjánhús til á 18. öld, en víðast of lítil og illa þakin. segir *Hastfer*, aftur hrósar hann garðahúsunum norðlenzku.²⁾ En í sumum sveitum sunnanlands og víða á Austurlandi vantaði flest eða öll fjánhús fram á 19. öld. Sveinn Pálsson segir 1793 um Suðursveit, að fjánhús séu þar hvergi til, en að eins fjárborgir, fé kemur aldrei í hús og er aldrei gefið nema lömbum. Sóknarlýsing Stafafellssóknar í Lóni 1842 lýsir vel hvernig ástandið var í sumum sveitum framán af 19. öld. Þegar Björn prestur Þorvaldsson kom að Stafafelli

¹⁾ Helstu ritgerðir um fjánhús: Einfaldar reglur um fjánhúsabyggingu og sauðfjárrækt (Bóndi I, 1851, bls. 4—10, 17—19, 33—36, 49—54). Um fjánhús (Hirðir I, 1857, bls. 16, 22—24, 27—28). Hýsing á fénaði (Ísafold 1890, nr. 84, bls. 334—335). *Benóni Jónsson*: Um fjánhúsabyggingar o. fl. (Búnadarrit IX, 1895, bls. 81—107), *Sigurður Sigurósson*: Fá orð um fjánhús (s. st. X, 1896, bls. 73—79). *Sigurður Stefánsson*: Nokkur orð um fjánhúsabyggingar o. fl. (s. st. XVI, 1902, bls. 216—229). *Jón Þórðarson*: Athugasemdir um fjánhúsabyggingar (Fjallkonan 1904, bls. 149—150, 187—188). *Baldvin Eggertsson*: Nýtt fjánhúsálag (Freyr II, 1905, bls. 66—68). Auk þess eru ýmsar bændingar um fjánhúsbyggingu í flestum hinum almennu ritum um sauðfjárrækt. Flestum umbótakröfum, sem enn eru á dagskrá, hefir oft verið hreyft í meira en hálfra aðra öld, og er furða, hvað lítil áhrif leiðbeiningarnar hafa haft.

²⁾ *F. W. Hastfer*: Hugleiðingar um stiptun eins vel tilbúins Schæfferies. Kmhöfn 1761, bls. 38.

1837. var ekkert fjárhús til í sókninni og hann byggði þau þar fyrstur. áður var aðeins á stöku stað hlaðið fyrir hellisskúta til skjóls fyrir fénað í illviðrum. Þar segir enn fremur: »Með sauðfjarræktina hefir gengið hér hörmulega, til hvers þessi sveit er einkar vel fallin, því þó hér sé víðast heyskaparlítið, er útigangur þar á móti alstaðar í betra lagi, en á sumum jörðum hinn bezt. Sá gamli vani með sauðféð var, að láta það fjölga sem mest í góðu árunum, eyða sem minstu, nema sem refurinn og slysfarir fækkuðu, svo bændur sem áttu 400 fjár lóguðu ekki utan 6—10 kindum á hausti þangað til harður vetur kom, svo var ekkert hús, ekkert hey, og þá var það látið deyja, sem ekki gat lifað á gaddinum, þó hestar og kýr væru vel haldið við hús og hey, féð álitu þeir engan skaða að missa, því ekkert hafði verið upp á það kostað, og sannspurt hefi eg, að féð stóð hér fyrrum inni í blautum kofum eða undir klettaskútum 10—14 dægur og fekk ekki eitt strá af neinu, en þá batnaði veður voru máske 10—20 kindur dauðar, troðnar undir, í forinni kafnaðar eða hungurmorða; að þessu búnu, þá hláka kom, hrundi féð niður þó feitt væri úr alslags eynd og sjúkdómum.«¹⁾

Á miðri 18. öld segir Sigurður prófastur Gunnarsson að lítil umhyggja hafi verið borin fyrir sauðfénaði í Múlasýslum, voru því lítil hey ætluð og óviða nokkur fjárhús til »Þegar Vigfús prestur Ormsson kom í Fljótsdal skömmu eftir Síðueldinn, þá var þar ekkert fjárhús nema lambhúskofar. Gamlar jarðaúttektir sýna það, að engin fjárhús voru til á mörgum jörðum í mestu harðindasveitum seint á 18. öld. Veit eg glögt um eina jörð í mikilli harðindasveit, að þar var ekkert fjárhús til um 1790. Þegar þá komu grimmir vetrar, féll féð húsa- og bjargarlaust eins og hráviður.«²⁾ Á 19. öld fjölgaði snemma fjárhúsum í Múlasýslum og í sóknarlýsingu Vallaness 1840 segir Guttormur prófastur Pálsson, að húsaskjól sé ætlað hverri skepnu á vetrum, öll fjárhús með garða á miðju gólfi. Hið sama er sagt um

¹⁾ Hdrs. bókmentafélags, Kmhöfn nr. 18 fol.

²⁾ Norðanfari XI. 1872, bls. 63.

Eyðasókn 1841. Aftur á móti er sagt í sóknarlýsingu Fljóts- hverfis 1859. að á Núpsstað, Rauðabergi og Kálfafelli séu engin hús til fyrir útifénað. »hefir féð þar ekki annað skýli í óveðrum en hellisskúta meðfram hömrum, sem kallast fjárból«; á öðrum bæjum í sókninni voru til fjárhús. Í suðursýslum voru alt fram undir 1830 í mörgum sveitum varla nokkur fjárhús til, menn notuðu fjárhella sumstaðar, skjól-garða, fjárborgir, gjafahringi og byrgi, en fénu var á vetrum jafnan gefið á gaddi. Það er mælt að Tómas Sæmundson, sem var prestur á Breiðabólsstað 1834—41, hafi fyrstur byggt fjárhús í Fljótshlíð. Enn er sumstaðar á Suðurlandi skortur á fjárhúsum. Ofarlega á Rangárvöllum mun vera fulltæpt um fjárhús, segir Jón H. Þorbergsson 1916 og í Grindavík eru engin hús til fyrir fullorðið fé, enda er fjárfellir þar mjög oft.¹⁾ Viða á Suðurlandi hagar svo til, að hellar eru notaðir til fjárgeymslu, stundum beinlínis eins og fjárhús, t. d. undir Eyjafjöllum, á Rangárvöllum, í Melrakkanesi eystra og víðar. Vér höfum fyrr getið um fjárborgir, sem víða um land voru notaðar til athvarfs fyrir útigangsfé.

Árið 1776 gaf stjórnin út tilskipun um fjárhúsabyggingu, sem fyrr var getið, en þótt sektir væru lagðar við, var henni ekki hlýtt, auk þess gátu margir bændur ekki byggt jafnstór hús sem fyrirskipað var vegna timbureklu.²⁾ Nú eru fjárhús bæði fyrir ungt og roskið fé að heita má á öllum bæjum á Íslandi, en mjög eru þau mismunandi að stærð, tilhögun og byggingu. Þykir búfróðum mönnum enn mjög ábótavant í þeirri grein í mörgum héraðum. Páll Stefánsson segir 1902: »Komi maður til bæja og fari að athuga fjárhúsin, er ekki ótítt að fyrir manni verða lágir, litlir, dimmir kofar, ýmist með einu gati á mæni eða engu, og í mörgum sveitum er það siður, að hafa það slétt við þekjuna, engan stromp, svo þegar hriðar eru fennir inn um það, nema það sé tilbyrgt. Einnig er svo mörgu fé troðið

¹⁾ Búnaðarrit XXX, 1916, bls. 266.

²⁾ Sbr. *Magnús Ketilsson*: Sauðfjárhirðing bls. 63.

inn í þessa litlu kofa, að hverjum einstakling er ekki ætlað nema sem svarar 4—5 □ f. á gólfi, svo það enga hægð eða hreyfingu getur haft né fengið, nema troða hvað ofan á öðru og hvað af öðru ullina«. »Inni í þessu verður svo féð að dúsa við ilt og spilt loft, í baðhita tímunn út. Það eina sem bjargar því frá bráðri köfnun, er — eða hefir verið alt að þessu — að vanalegast er gisinn og lélegur frágangur dyra og hurða, sem þó er byrgt eftir því sem hægt er, vegna innfennis og kuldans, sem menn eru svo afarhræddir við«.¹) Telur höf. hið spilta loft oft orsaka lungnaveiki í sauðfé og það jafnvel í nýjum stórum fleirstæðuhúsum, af því að loftræsing vantar, sökum þess að menn eru svo hræddir við kulda í húsunum.²)

Mismunur er á því hvernig fjárhúsum er fyrir komið og raðað niður á jörðunum. Á Norðurlandi og Austurlandi eru allviða fá hús og fremur stór, á Suðurlandi oftast mörg hús og smá, stundum dreifið eins og hraukar um alt túnið; þannig er t. d. sumstaðar í Örfæfasveit 30—40 peningshús á sömu jörð á við og dreif um túnið.³) Yfirleitt eru fjárhúsin þó víðast um land óþarflega mörg og smá. Þegar alt sauðfé á Íslandi var baðað 1903—1905 voru fjárhúsin talin um leið, þau töldust alls vera 21,189; býlin voru 1904 6533 og á hverju sveitahéimili voru þá að meðaltali 3¼ fjárhús. Fjárhúsin eru yfirleitt mjög smá, taka eftir skýrslunum að meðaltali 31 kind, en eru þó í rauninni minni, því í allmörgum sævarsveitum með fjörubeit eru sauðkindum ekki

¹) Fjallkonan 19, árg., 1902, nr. 11.

²) *Magnús Ketilsson* (Sauðfjárhirding 1778, bls. 73) telur það afar-skadlegt að hafa heitt í fjárhúsum og hið sama er tekið fram í «Bónða» 1851, bls. 6. Þar segir meðal annars: »Það hafa menn fyrir satt, að þá sé mátulega heitt í fjárhúsum. Þegar svo er kalt, að gólfíð að eins frýs ekki lengra en inn hjá inuri kömpum í húsdyrnunum, og þá nokkurn veginn er andbert í húsinu sjálfu; en verði svo kalt að gólfíð vilji frjósa. þá byrgja menn glugga einn eða fleiri eftir því sem þurfa þykir; en einkum láti menn sér ant um að búa vel um dyrnar, svo því fleiri gluggar megí vera opnir þá miklar hörkur eru« *Jón H. Þorbergsson* telur hæfilegan hita í fjárhúsum 8—10° C. (Um hirdingur sauðfjár 1912, bls. 54).

³) Búnaðarrit XXII, bls. 204.

ætluð hús. Á Suðurlandi eru víðast *jötuhaus*, mjó fjárhús með jötum með báðum hliðarveggjum, en á Norður- og Austurlandi *garðahús* með báli í miðju en kindur standa við til beggja hliða, er þá oft hlaða fyrir enda fjárhússins. svo hægt er að bera heyið fram í garðana og gefa það úr hlöðunni, við það sparast allmikið erfiði og tímatöf, en í jötuhausunum verður að bera heyið í meisum úr heygardi, sem oft er langt í burtu. »Hvernig sem veður er verður að láta féð út, meðan gefið er, hvort heldur er norðanhríð með hörkufrosti, eða sunnanvindur með lemjandi rigningu«. ¹⁾ Garðahúsin, sem nú eru til dreifið um alt land, verða að vera breiðari og þess vegna vanalega risminni og þykir mörgum það óhentugt á Suðurlandi vegna rigninganna. hafa því mjó jötuhaus með bröttum þökum og þykja þau líka ódyrari. Einfalt garðahús þarf að vera fyrir roskið fé, 14—15 fet á breidd, hvor kró (armur) 5—6 fet og garðinn 3 fet á breidd. Handa lömbum nægir að hvor kró sé $4\frac{1}{2}$ — 5 fet, og garðinn $2\frac{1}{2}$ —3 fet, eða húsið sé alls 12—13 fet á breidd. Til þess að koma í veg fyrir allan raka og leka, þurfa garðahúsin að vera með vatnsheldu þaki, en þá má risið vera minna. Annars þurfa þau að vera rismikil (há) og sterkviða, til þess að þau þoli torfið og leki síður«. ²⁾

Fjárhúsabyggingu hefir mikið farið fram á seinni árum, þó umbótin sé eðlilega ekki enn orðin mikil í hinum fátækari sveitum, en hjá einstökum framfara- og efnabændum hafa verið byggð stór og vönduð fjárhús og hlöður, eru sum þeirra með ýmsum endurbótum og nýtisku. ³⁾ Ýmsir hafa byggt svokölluð *fleirstæðuhús* eða samstæðuhús, sem geta rúm- að margt fé. Fyrst er byggð ein tóft fyrir svo mörg fjárhús, sem byggja skal; þetta aðalhús er undir einu þaki og stúkað sundur yfir þvert í svo mörg fjárhús, sem eiga að

¹⁾ Búnaðarrit X, bls. 77.

²⁾ *Sigurður Sigurðsson*: Fá orð um fjárhús (Búnaðarrit X, 1896, bls. 73—79).

³⁾ Um fyrirmyndar fjárhús, hlöður og jarðabætur Jóns Skúlasenar á Söndum, sjá Búnaðarrit VIII, bls. 182—184; XV, bls. 101. Um fjárhús Rakúels Ólafssonar í Guðlaugsvík. Freyr IX, bls. 45—46.

vera í því, svo að breidd aðalhússins verður lengd fjárhúsanna og þarf því aðalhúsið að vera því lengra sem fjárhúsin eru fleiri; húsið er byggt undir langásum og garða- og jöturúm afmarkað með stöðunum. Fleirstæðuhús er tekur 200 fjár og skift er í 4 hús að innan, þarf að vera 28 álna langt og 14 álna breitt, verður þá hvert fjárhúsanna 14 álna langt og 7 álna breitt. Slík hús voru fyrir síðustu aldamót fyrst bygð í vestanverðri Húnavatnssýslu og útbreiddust þaðan um sunnanverða Strandasýslu og vestanverða Dalasýslu.¹⁾ Samstæðuhús þessi þykja hafa ýmsa kosti, en líka ýmsa galla. Þau eru lekagjarnari vegna breiddarinnar en minni hús, og eru viðarfrek, því máttarviðir og undirviðir þurfa að vera langir og sterkir og allur umbúnaður hinn vandaðasti; fleirstæðuhúsin verða því dýr ef þau eiga að vera vel gerð og til frambúðar. Í vestanverðri Húnavatnssýslu fóru menn síðar að byggja fjárhús í öðru formi, sem þóttu hentugri og ódýrari, hin svonefndu *langhús*. »Aðalbreytingin liggur í því, að húsin snúa eins og heyhlaðan eða tóftin, sem þau eru bygð við. Úr húsinu og inn í hlöðuna eru að eins einar dyr. Frá tóftardyrnum er svo hlaðinn dálitill bálkur að garðanum, þvert yfir þá króna, sem nær er tóftinni. Bálkur þessi má vel vera mjórri en sjálfur garðinn og hafa svipaðan umbúnað eins og á aðalgarðanum: jötustokka og garðabönd. Að eins tvær útidyr eru á húsum þessum, sínar við hvorn endagafl; hús þessi má hafa miklu lengri en einstæðuhús með gamla laginu, en þó er óþægilegt að hafa þau mikið yfir 30 álmir á milli gafla að innan, eða svo að þau taki um 100 fjár. Heyið verður eigi eins jafnt í löngum görðum og jetst misjafnara.«²⁾

Þar sem fjörubeit er mikil, eins og á Vesturlandi, standa fjárhúsin oftast við sjóinn, á sævarbakkanum, verður að hafa sérstaka tilhögun í þeim, af því að féð bleytir mjög undir sér. Var þá gamla lagið að moka miklu af sandi inn

¹⁾ *Benóni Jónasson*: Um fjárhúsabyggingar o. fl. (Búnaðarrit IX, 1895, bls. 81—107). Þar er nákvæm lýsing á byggingu slíkra húsa og tilhögun allri. Sbr. Búnaðarrit XVI, bls. 219—221.

²⁾ *Baldvin Eggertsson*: Nýtt fjárhúslag (Freyr II, 1905, bls. 66—68).

í húsin til að halda þeim þurrum. Þesskonar hús tíðkast enn á Barðaströnd og víðar og hafa sum af húsum þessum verið mjög vond. »Þegar búið er að moka sandinum inn í þau, er í nokkrum þeirra eigi nema á aðra alin frá gólfi og upp í mæni. Enn fremur er vanrækt að hafa næga strompa á húsunum. Það verður því vanalega þaðhiti í þeim, því að sandurinn er svo heitur og loftið verður hið versta. Þegar fé er hleypt út á morgnana rýkur oft úr húsunum eins og upp úr kolagröf.«¹⁾ Féð verður mjög blautt og óhreint í húsum þessum. Sandinum úr húsunum er við og við mokað út með sauðataðinu fram af sævarbakkanum og svo öllu fleygt í sjóinn eða hrúgað upp í hauga, sem víða á Barðaströnd eru afarháir og stórgerðir, sumir líklega mörg hundruð ára gamlir. Með rigningunni skolast áburðurinn burtu úr haugunum og fer þannig að forgörðum. Þessi *sandhús* hafa á seinni árum verið að leggjast niður, en í stað þeirra hafa komið *grindahús*. eru þar grindur hafðar á gólfunum svo þéttar, að kindur komast eigi með fætur niður á milli rimlanna, er þá stundum haft þang, mómold eða aska undir rimlunum, stundum ekkert.²⁾

Vér skulum þessu næst til samanburðar tilfæra ummæli ýmsra búfræðishöfunda um fjárhús í ýmsum landshlutum á 19. og 20. öld. Magnús Stephensen segir 1808, að fjárhús séu vanalega 4—4½ alin á breidd, jötur ýmist á þrepi með veggjum eða á garða í miðju, 30 álna langt hús sé ætlað 120 fjár, 60 hvoru megin, ½ alin ætluð hverri kind, en annars telji menn, að kindur fóðrist betur og þrífist í litlum fjárhúsum en stórum.³⁾ Um fjárhús á Suðausturlandi 1851 segir svo í tímaritinu »Bóndi«: Þar er velta slæm, en rigningar og ofviðri fjarskaleg, svo veggir geta ei staðið þar nema skamma stund. Þar eru fjárhús víðast garðalaus, en

¹⁾ Búnaðarrit II, bls. 181—182.

²⁾ Nýtízku grindahúsi fyrir fjörufé í Guðlaugsvík með steinsteypu-gólfi og steinsteyptu þaðkeri fyrir fénaðinn er lýst í Frey IX, 1912, bls. 45—46.

³⁾ Veterinair-Selskabets Skrifter I, 1808, bls. 180—181.

hafa sína jötu við hvorn hliðvegg; en margir reisa þar fjárhús með kálfasperrum og hafa risið hátt. en veggina lága; en sá er ágallinn, að þeir setja sperrurnar á vegginn og hafa að eins hellublað undir, svo þegar veggurinn bilar. þá bilar líka öll grindin. Heyrt höfum vér, að einstöku menn séu farnir að hafa þar mænirása í fjárhúsum og stoðir undir af miðju gólfi, svo þeir þurfi ekki að rífa nema aðra hlið hússins þegar annar hliðarveggurinn bilar.«¹⁾ Um miðja 19. öld voru fjárhús í Gullbringusýslu víða mjög léleg. Þannig segir »Hirðir« 1857 að dýralæknar hafi sagt, að fjárhús í Árness- og Borgarfjarðarsýslum séu sæmilega há og rúmgóð, »en sjálfir höfum vér séð. segir höfundurinn, þau fjárhús í Gullbringusýslu, er eigi hafa verið meira en 4—5 álnir á á breidd, og sum eigi nema 3 álnir á hæð upp í mæniás. og þegar enginn strompur er á slíkum húsum, en fé hnept þar inn, sem flest má komast, er þá nokkur furða þó óþrif komi í féð?«²⁾

Algengast mál á garðafjárhúsum, eins og þau tíðkuðust á Norðurlandi og annarstaðar, var 1869 talið þannig: »Veggir á hæð $1\frac{3}{4}$ —2 álnir; breidd hússins 12 fet milli veggja, þar af tekur garðinn yfir $3\frac{1}{2}$ — $3\frac{3}{4}$ fet, en króin, sín hvoru megin við garðann, liðug 4 fet, en $4\frac{1}{2}$ —5 fet höfð frá innra dyrakampi að fremsta enda garðans; þ. e. garðinn er hafður nálægt 5 fetum styttri heldur en húsið er á lengd. Með þessari breidd hússins og bili frá garða að dyrum er hverri kind ætlað eitt fet af garðanum, svo við 30 feta garða geta etið 30 fjár fullorðið hvoru megin, eður samtals 60 í húsinu, og geta einnig jafnmargar kindur legið þar, þegar breidd þess og öðru er hagað, eins og fyr er sagt. Risið á húsinu verður að vera það fram yfir krossreist. sjálfsagt hér á

¹⁾ Bóndi. Rvík 1851, I, bls. 10.

²⁾ Hirðir I, 1857, bls. 22. Á alþingi 1857 komust menn að þeirri niðurstöðu, að rífa skyldi öll fjárhús á þeim bæjum, þar sem fjárkláðinn gjörði vart við sig veturinn áður, og byggja þau upp á öðrum stað, háum og þurlendum, með þeirri stærð og lagi, sem tiltekið er í stjórnarbréfi 2. marz 1776. Úr þessu varð þó ekki neitt, þótti óframkvæmanlegt vegna kostnaðar og timbureklu. Hirðir I, bls. 16.

Suðurlandi, að fullkominn meðalmaður geti gengið uppréttur og með hatt á höfði eftir garðanum, án þess hann reki sig upp undir vaglbita.«¹⁾

Um fjánhús á Suðurlandi segir Sveinn Sveinsson 1875: »Fjánhúsin eru næstum alstaðar langtum lakari en fyrir norðan, og á mörgum bæjum er eigi hús fyrir meira en helming af öllu fénu, hinu er gefið út á gaddinn í hvaða veðri sem er. Húsin eru altof þröng og það svo, að þegar eg bar saman fjárfjöldann við ferhyrningsmálið á húsgólfinu, komu ekki meira en þrjú ferhyrningsfet á hverja kind. Fyrir norðan og austan er oftast haft svo rúmt í húsunum, að 6 ferhyrningsfet koma á hverja kind.«²⁾ Sæmundur Eyjólfsson segir 1885, að þá séu fjárborgir enn algengar í sumum sveitum í Skaftafellssýslum og víða engar jötur í fjárhúsum og því fénaði altaf gefið úti hvernig sem viðrar.³⁾

Hallgrímur Þorbergsson lýsir 1907 fjárhúsum svo á Norðurlandi, þau eru víðast smá og standa dreift, »jatan er eftir miðju húsi og tvær krær — garðar sem sumir kalla — sín hvoru megin við hana. Víðast eru þau einstæð, en svo eru til hús sem kallast fleirstöðuhús, það eru tvö eða fleiri hús undir sama risi. Í sárfáum húsum eru brynningastokkar, og það eru engir fódurgangar, heldur er gengið eftir jötunum þegar fódrið er látið í þær. Eftir því sem við má búast eru húsakynnin góð í Strandasýslu og sumstaðar í Eyjafirði. Í Strandasýslu eru fleirstæðuhús með allstórum gluggum og góðri birtu; í þeim eru sérstakar jötur fyrir snjó eða vatnsstokkar í þeirra stað, og það hafa þau fram yfir húsin eins og þau gerast alment í hinum sýslunum; víðast eru áfastar við húsin stórar hlöður. Þess má og geta, að sumstaðar eru járnþök þar á fjárhúsum og hlöðum«. Víða í Eyjafjarðarsýslu eru fremur góð hús, björt og vegghá, en öll eru þau með torfþaki, Í Skagafirði eru minni gluggar og veggir lægri. Í Húnavatnssýslu eru menn helzt

¹⁾ Skýrsla búnaðarfélags Suðuramtsins 1868—1870. Rvík 1870, bls. 8.

²⁾ Skýrsla búnaðarf. Suðuramtsins 1874—76. Rvík 1877, bls. 45.

³⁾ Skýrsla búnaðarf. Suðuramtsins 1884—86. Rvík 1887, bls. 28.

til sparir á gluggum. Því þar eru víða gluggalaus og gluggalítil hús. Vegg hæð húsa í þessum sýslum var minst $1\frac{3}{4}$, mest 3 álnir, gólfhlötur mest 2, minst $1\frac{1}{4}$ ferh. alin á kind, en fyrirmyndarmál $3-3\frac{1}{2}$ alin vegg hæð og $2-2\frac{1}{2}$ ferh. alin gólfhlötur.¹⁾ Um fjárhús í Múlasýslum segir sami höfundur 1908. »Þau eru smá og dreifð á hverju býli út um túnið. Við sjávarsíðuna eru menn á þessum árunum að setja grindur í gólf húsa fjörubeitarfjárins. Óvíða sá eg mjög vond húsakynni, hverri kind er ætlað $1\frac{1}{2}-2$ ferh. álnir í húsi, vegg hæðin er 3 álnir á flestum húsum, en helzt til í mörgum húsum er skortur á góðri birtu fyrir gluggaleysi.« »Ókostir húsakynnanna eru þessir lakastir, að þau eru ekki útbúin með brynningarstokkum, fjarri vatnsbólum og engin vatnsleiðsla í þau, að þau eru smá og standa dreift og að þau leka.«²⁾ Um fjárhús og fjárhirðingu á Suðurlandi farast Jóni H. Þorbergssyni 1913 þannig orð: »Fjárhúsin eru nærri alstaðar til skaða rúmlítill, og svo er þau víða of dimm og loftvond. Allvíða sá eg að kindinni var ætlað $\frac{3}{4}$ ferh. alin rúm á gólfi, en þá liggur fé oft fyrir opnu. Húsaskipunin er og víða slæm, húsin lítil og á dreif um túnin, en það eru menn nú ögn að lagfæra. Víðast eru beitarhús. Jötur eru í flestum húsum, ekki garðar. Til eru þeir, er ekki hafa hús yfir fullorðið fé. Svo er það til dæmis í Grindavík, að enginn bóndi á hús yfir alt fé sitt. Eg hefi nú óvíða orðið var við jafnslæma fjárhirðu sem þar, því fullorðið fé er ekki hýst, ekki baðað, ekkert valið, sem heitið getur, látið lifa og drepast afskiftalaust oft og tíðum. Veturinn 1911—12 var fullorðnu fé smalað á þrettánda í jólum, og síðan ekki fyrr en í miðjum maí. Það gat nú gengið nokkuð þá, af því veturinn var svo góður, en stundum vill féð nú týna tölunni og farast í fönnum þar í hraunum, þegar bylji gerir. Og eitthvað líkt þessu mun víðar koma fyrir en í Grindavík. Efst á Rangárvöllum eru sumstaðar jötulaus hús, og fé gefið á gadd. Marga bændur

¹⁾ Búnaðarrit XXI, bls. 96.

²⁾ Búnaðarrit XXII, bls. 317.

hefi eg hitt á svæðinu, er ekki baða fé sitt.«¹⁾ Eitt af því sem hefir stuðlað að því í hörðum árum að fé megrast á Suðurlandi er það, að »margir láta féð liggja við opin hús, og það þótt féð hafi ekkert teljandi á jörð og ill veður gangi. Þegar svo stendur á, er féð að hröklast út og inn síblautt, og svo verða húsin þá vanalega blaut.«²⁾ Á 20. öldinni er fjárhúsabygging og fjárhirðing þó smátt og smátt að lagast eins í suðursýslunum sem öðrum sýslum, þó hægt fari sumstaðar.

Eitt af því sem helzt hefir verið ábótavant við fjárhúsin á Íslandi er það, hve miklir örðugleikar hafa verið á vökvun og brynning fjár. Húsin hafa verið svo byggð, að ekki var hugsað um brynningu kindanna, í þau hefir alveg vantað vatnsilát og vatnsleiðslur. Þetta er þó dálítið að lagast á seinni árum. Magnús Stephensen segir 1808, að sumir brynni fóðurfénaði daglega, aðrir, sem gefa gott hey, sjaldan nema einu sinni í viku, sumir jafnvel aldrei, og segja þeir að féð þrífist eins vel fyrir það, ef heyið er gott og ómyglað.¹⁾ Vökvun sauðfénaðar hefir fram á vora daga verið mjög óregluleg, ýmist snjógjöf eða brynning. Margir brynna fé sínu í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum, á Héraði og á Jökuldal, en í Húnavatnssýslu vökva menn fénu mest á snjó, en ekki þó reglulega, því oft er þar snjór ekki til. Strandamenn bera snjóinn inn og gefa hann reglulega, og sumir gefa fé sínu salt. Á Hólsfjöllum og í Kelduhverfi er allmikill skortur á vatni og verður féð að svala þorsta sínum á snjó, sem það etur ýmist úti eða inni úr heyjötunum, því sérstakar snjójötur eða vatnsilát eru óviða til í fjárhúsum. Á Suðurlandi er sumstaðar síður að vatna fé að eins annan hvern dag þegar inni er gefið og mjög víða er það, þegar beitt er, að fé gengur illa að ná í vatn eða að svala sér þegar enginn er lausasnjór og alt gaddfreðið. Einstöku menn hafa nú hin síðustu ár sett vatnsleiðslur í fjár-

¹⁾ Búnaðarrit XXVIII, 1914, bls. 130–131. Sbr. Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 30–31.

²⁾ Búnaðarrit XXX, 1916, bls. 265.

³⁾ Veterinair-Selskabets Skrifter I, bls. 181.

hús og brynningarstokka og sumstaðar eru til í fjárhúsum steinsteyptar þrær fyrir snjó.¹⁾

Heyásetning. Ásetning sauðfjár á vetur hefir frá öndverðu verið ásteytingarsteinn hins íslenska landbúnaðar. Því verður heldur ekki neitað, að það er vandaverk að setja vel á vetur, af því að árferðið er svo mismunandi og svo stopult og beitin svo margvísleg í ýmsum héruðum og jafnvel ólík á nálægum jörðum. Þegar í fornöld sáu menn vel hve þýðingarmikil hyggileg ásetning var og reyndu að setja skorður við að fé væri of djarflega sett á vetur, þótt menn þá líka oft og einatt dræpi fénað sinn úr hor. Þó almenn heyásetning sé eigi beinlínis fyrirskipuð í Grágás og Jónsbók, þá sýna fornsögurnar þó, að höfðingjar og hreppstjórnir álitu nauðsynlegt að skipa fyrir um ásetning í hörðum árum og goðarnir munu hafa tekið sér það vald, að setja á hey manna þegar svo bar undir og nauðsyn þótti krefja. Alkunnug er frásögnin um Blund-Ketil (961—62), hann vildi ráða heyásetningu landseta sinna. »Blundketill fór um haustið til landseta sinna, og segir að hann vill hey-leigur hafa á öllum löndum sínum, eigum vér margt fé að fódra, en hey fást lítil. ok vil ek ráða fyrir, hversu miklu slátrað er í haust á hverju búi allra minna landseta, ok mun þá vel hlýða«. Landsetar hans sumir svikust þó um að framkvæma ráðstafanir hans og komust í vandræði.²⁾

Jónsbók ætlast til að í heyskorti megi gera fjárnám í heyjum þeirra er eigi vilja selja. »Nú þurfu menn í byggðum hey að kaupa, þá skal sá er þarf, fara til umboðsmanns með tveggja manna vitni ok biðja hann þingstefnu ok nefna skynsama menn til at rannsaka byggðir allar svá víða sem þarf, ok þar er hey finst til afhlaups, ætli fyrst hrossum bónda traðgjöf til sumars, sauðfé ok geitum til fardaga, mjólkkúm til þings. En slíkt sem þá hleypr af, seli sem

¹⁾ Búnaðarrit XX. bls. 208; XXI, bls. 99; XXII, bls. 318; XXX, bls. 264—265. P. S. Brynning sauðfjár (Freyr IX, bls. 47—48). Um vatnsgjöf og snjógjöf í Hirding sauðfjár eftir Jón H. Þorbergsson 1912, bls. 44—46.

²⁾ Hænsnapóris saga. Rvík 1892, bls. 6—7.

þá gengr flestra manna á milli, fyrri hreppsmönnum en öðrum, þeim þó at fullar vörzlur leggi á móti.«¹⁾ Eftir tíundarlögum 1096 átti að tiunda »heyja-afgang ef fornari eru en veturgömul.«²⁾ Í Búalögum, sem má skoða sem nokkurskonar safn af verðlagsskrám, sveitasamþykktum og búnaðarreglum, er nákvæmlega tekið fram, hvernig setja skuli pening á vetur. Ná margar þær búnaðarreglur, sem þar er skráðar, eflaust upp á 14. og 15. öld, ef ekki lengur fram. Kúnni var ætlaður málfaðmur að haustnóttum, frá góubyrjun var tveimur kúm ætlaður málfaðmur, væri önnur borin hin úborin; frá þrettánda dag jóla skyldu þrjár kýr vera um málfaðm, ein af þeim borin. Tíu lömbum var ætlað eitt kýrfóður. Einn fjórðungsvöndull var ætlaður hverjum 8 ám á þorra, 6 á góu, 4 á einmánuði o. s. frv.

Á seinni tímum hefir um fátt verið jafnmikið skrafað og skrifað eins og heyásetning búpenings. en þó er enn langt frá því að þjóðin sé búin að búa tryggilega um velferð sína á þessu svæði. Sökum þess að það stundum hefnast fyrir einstaka manni að koma upp mörgu fé og lélegu með litlum kostnaði þegar vel árar, þá hættir mörgum við að tefla á tvær hættur og hugsa lítt um það, að af forsjárleysi þeirra getur mikið ilt hlotist, kvalir og dauði fyrir margar lifandi skepnur, sem maðurinn á að annast, og ef til vill hungur og vandræði fyrir sjálfa þá og marga aðra. Menn taka sjaldan tillit til hins gamla orðtækis, að »haustskurður er hollari en horskurður á vori«, og hefir oft orðið hált á því. Ólafur Stephensen setur þessar reglur um haustskurð: »Misfalli heyskapur, þá er næst fyrir þann, sem margt sauðfé á. að farga í tíma megninu af geldum sauðum sínum og gamalám öllum; sauðir eiga að slátrast viku fyrir vetur, enda má það og biða veturnótta ef haust er gott; gamalær með jólaföstu og undir jól, því svo lengi fitna þær; ám og lömbum á fóður að ætla. Verður af þessu fljót og góð viðkoma í stað hins er lógað var. Fásinna mikil er

¹⁾ Jónsbók O. H. bls. 139. Þetta heynáms-leyfi var aftekið með konungsbréfi 19. sept. 1806. Lovs. f. Isl. VII, bls. 89.

²⁾ Dipl. isl. I, bls. 107, 116.

þar á mót lömbunum að farga, nema aftótum einum, sem ei eru á vetur setjandi; í lömbum er ekkert niðurlag, og aldrei verður það gamall sauður sem deyr lamb.¹⁾

Altaf hafa víða um land á öllum öldum verið ýmsir forsjálir bændur, sem settu vel á hey sín, skáru mátulega á haustin og áttu heyfirningar, eins og þeir Þorsteinn rauðnefur og Ulfar á Ulfarsfelli í fornöld, en jafnan voru þeir fleiri, sem að dæmi Flóka eigi gættu að fá heyjanna. Ólafur Stephensen gefur þeim, sem byrja búskap, það ráð, að þeir stundi hin fyrstu ár meira heyfirningar en fjölgun fén- aðar. Hann segist hafa þekt bónda, sem eftir tvö fyrstu búskaparárin átti aldrei minna en 30 faðma heys fyrnda. Árið 1784 átti þessi bóndi rúma 40 faðma af gömlu heyi og framfleytti á því 330 fjár og nokkrum nautpeningi, en bæði hann og aðrir mistu af veikindum meginíð af því fé, sem fóðrað var á nýju heyi vegna óhollustu sem kom í alt gras árið áður af Síðueldum; heyfirningar frelsuðu þar á móti þá hina fáu sem þær áttu frá kollfelli.²⁾ Skúli Magnússon fógeti segir, að allur almenningur ofsetji á hey, en í flestum sveitum séu þó einhverjir sem fyra fram undir eins árs hey og mundu aldrei bila í harðindum, ef þeir veiktust eigi af bónbjörgum nábúanna.³⁾ Einar Ásmundsson í Nesi ræður til hins sama, að safna heyfirningum á fyrstu búskaparárunum, og telur hvern þann bónda frumbyling, sem ekki fylgir þeirri reglu, »bú hans kemst aldrei á fastan fót, því þó hagur hans blómgist þegar nokkur góð ár koma í röð, þá deyr sá blómi skjótlega út á hinum fyrsta harða vetri, sem að höndum ber og nær sér eigi svo auðveldlega aftur þó batni í ári.«⁴⁾ Því miður hafa forsjálu mennirnir eigi altaf haft þau not af heyjum sínum sem mátti, slóðarnir hafa lagst á þá þegar fór að sverfa að á vorin. Það er mjög óvinsælt að hjálpa ekki, og fyrninga-

¹⁾ Gl. Félagsrit V, bls. 98—99.

²⁾ Gl. Félagsrit V, bls. 98.

³⁾ Gl. Félagsrit IV, bls. 194.

⁴⁾ *Einar Ásmundsson: Um framfarir Íslands. Kmhöfn 1871, bls. 37—38. Shr. Freyr X, bls. 115.*

menn hafa í harðindum oft sjálfir komist í vandræði og voða, af því þeir neyddust til að hjálpa misjöfnum náungum, sem heylausir urðu fyrir sjálfskaparviti. Þetta hefir lengi við brunnið, Blundketill varð að farga 40 hrossum vegna skeytingarleysis og óhlýðni landseta sinna, varð svo að gera upptækt hey hjá Hænsna-Þóri og hlaust mikið ilt af því.

Á 19. og 20. öld hefir mikið verið ritað um heyásetning og hefir árangurinn orðið furðanlega lítill. Þau ár sem liðin eru af 20. öldinni hefir yfirleitt verið gott árferði, og þó hafa bændur að því sem sagt er, drepið fé sitt svo þúsundum skiftir úr hor.¹⁾ »Það kemur varla svo góður vetur«, segir Torfi Bjarnason, »að ekki verði einhversstaðar á landinu meiri eða minni vanhöld — er menn kalla svo — vegna fódurskorts, meiri eða minni horfellir. Og það þykir ekki tiltökumál.«²⁾

Þegar framfarahugur Íslendinga fór að vakna á 18. öld, var þegar farið að ræða um heyásetning og ráð til að afstýra horfelli og hallærum. Páll Vídalín lögmaður (1667—1727) stakk upp á því, að amtmönnum væri gert að skyldu að skipa sýslumönnum, að þeir, líklega með aðstoð hreppstjóra, hefðu strangt eftirlit með heyásetningu bænda og þeim sem óhlýðnuðust eða yrðu brotlegir gegn þessum fyrirskipunum skyldi hegnt með flengingu eða hegningarvinnu. Jón Eiríksson vill (1768) þó síður beita hörku í þessu efni, álitur farsælast að sveitirnar komi á heyásetningareftirliti með frjálsum samtökum.³⁾ Í húsaga-tilskipuninni 3. júní 1746 § 32, er ákveðið að hreppstjórar í fátækum sveitum skuli vor og haust líta eftir heybirgðum manna, og höfðu þeir vald til að setja þá í gapastokk, sem þrjóskudust. F.

¹⁾ Sbr. Freyr X, 1912, bls. 113.

²⁾ Búnaðarrit XXIII, 1909, bls. 178. Jón H. Þorbergsson segir að vorið 1911 hafi verið fellir í Sléttuhlíð og víða þar með sjónum að austanverðu í Skagafirði, segir þar sé oft fódurskortur, af því bændur láti sjósóku sitja fyrir heyafli. Norðri VI, 1911, bls. 96.

³⁾ Deo, regi, patriæ. Om Islands opkomst af P. Vidalin. Sorøe, 1768, bls 139—141.

W. Hastfer stingur 1757 upp á að stofnuð séu korn- og fódurforðabúr, og ýmsir íslenzkir embættismenn voru á sama máli eftir harðindi þau sem þá voru nýlega afstaðin, en ekkert varð úr framkvæmdum. Í hinni miklu landsnefnd (Landkommission) sem stjórnin setti 1770, kom fram uppástunga um að stofna heyforðabúr í hverri kirkjusókn og var nákvæm fyrirsögn um hvernig tilhögunin ætti að vera, áttu allir búandi menn í sóknunum að hjálpast að til að byggja heybúr og hverjum svo skylt að leggja árlega töðuhest eigi minni en 3 vættir í forðabúrið fyrir hvern vetrung af nautkyni, er þeir ætla sér að fódra næsta vetur. Hreppstjórar áttu að hafa nákvæmt eftirlit með heyásætning bænda; en ef einhver drap úr hor af skeytingarleysi eða ofdirfskufullri peningsásætning á móti boði og viðvörum hreppstjóra, átti hann að riða tréhesti á þingi, ef hann var þar staddur, eða síðar við kirkju í hálfu eykt eða lengur eftir kringumstæðum. Uppástungur þessar urðu þó aldrei að lögum.¹⁾ Eitthvað mun Ólafur Stephensen amtmaður hafa verið riðinn við þetta mál, því hann sendi rentukammerinu 20. marz 1771 álitsskjal um heyásætningu.²⁾ Málið féll þó eigi niður. Þorkell Fjeldsted (1741—96) stakk upp á heyforðabúrum í riti sínu um íslenska verzlun 1784³⁾ og Lærdómslistafélagið lagði 1791 það verkefni fyrir félagi sína að útlista, hvort það væri eigi hægt fyrir Íslendinga með eigin kröftum, án stjórnarstyrks, að koma á nokkrum hey- og matarforðabúrum.⁴⁾ Um þetta verkefni ritaði svo Stefán Thorarensen amtmaður (1754—1823) ritgjörð í gömlu Félagssritin. »Um heyforðabúa stofnsetning á Íslandi«⁵⁾ Stefán Þórarinsson var búmaður mikill og framfaramaður og mjög vel að sér í búfræði eins og flestir hinir heldri embættismenn í þá daga. Hann hafði áður, 19. sept. 1786, ritað

¹⁾ Þær eru prentaðar í Gl. Félagssritum XIII, bls. 90—98.

²⁾ *Ólafur Stephensen*: Kort Underretning om den islandske Handels Førelse. Kbhavn 1798, bls. 49—50.

³⁾ Om den nye Handels Indretning ud i Island. Kbhavn 1784.

⁴⁾ Gl. Félagssrit XI, 1791, bls. 296—305.

⁵⁾ Gl. Félagssrit XIII, 1794, bls. 85—131.

rentukammerinu uppástungur um heyásetning. Stakk hann upp á því að lögbjóða skyldi, að hreppstjórar á hverju hausti skoðuðu hey manna og fénað og ámintu bændur um að skera, ef þeim sýndist of djarflega sett á heyin. Svo áttu hreppstjórar aftur í öndverðum nóvember að gera nýja rannsókn, og ef það þá sýndi sig, að bóndi eða bændur höfðu eigi hlýtt hinni fyrstu tilskipun, átti hreppstjóri að hafa vald til að skera eða láta skera það af peningnum, sem umfram var þau ákvæði, er gjörð höfðu verið um haustið. Nýja skoðun mátti líka gera í janúar eða febrúar, þegar hart var í ári, og mátti þá líka skera, ef þörf krafði. Rentukammerið vildi þó ekki fallast á þessar uppástungur, þótti of nærri gengið frelsi manna og eignarrétti. Síðar skræði sami maður ritgjörð á dönsku um matforðabúrastofnun á Íslandi til hjálpar í hallærum,¹⁾ og að endingu ritgjörðina um heyforðabúr í gömlu Félagsritunum. Stefán amtmaður stingur þó í þeirri ritgjörð ekki upp á heyforðabúrum í vanalegum skilningi, hann vill láta lögbjóða fyrningar á hverjum bæ. Búandi menn á hverri jörðu á öllu landinu áttu að viðlögðum sektum að skyldast til að gjöra fyrningabúr eða forðasafn á ábúðarjörð sinni í sérstakri hlöðu eða heytóft, ennfremur átti hver bóndi að fyrna einn heyhest (20 fjórðunga) töðu fyrir hvert kúgildi, sem hann setti á vetur. Á þessum fyrningum mátti ekki taka nema í heyskortu og með vitund og leyfi sóknarprests og hreppstjóra. Hreppstjórar áttu að hafa eftirlit með að lögum þessum væri hlýtt. Ekki varð þó neitt úr að stjórnarráðstafanir væri framkvæmdar í þessu máli og datt það svo niður. Sem amtmaður á Norðurlandi brýndi Stefán Þórarinsson það oft fyrir hreppstjórum, að þeim bæri að hafa eftirlit með ásetningu og heybirgðum bænda. Komst þá, í tíð Stefáns amtmanns, upp í vana, að amtmenn í Norðuramntinu álitu það skyldu sína, að hlutast til um búnað bænda og hvetja þá til varúðar og fyrirbyggju og gera ýmsar ráðstafanir þar

¹⁾ St. Thorarensen: Tanker om Uaar, samt Føde-Magasiners Oprettelse i Island. Kbhavn 1792.

að lútandi.¹⁾ og sendu þeir við og við umburðarbréf með upphvatningum og fyrirskipunum út um landið. Bjarni Thorarensen amtmaður sendi þannig umburðarbréf dags 28. sept. 1835 í hvern hrepp í amtinu, og bauð að hreppstjóri með 4 reyndustu bændum skyldu vandlega skoða heybirgðir bænda og setja á þær eftir því sem hentaði meðalvetri. Þá var hart í ári og þóttu fyrirskipanir amtmanns koma að miklum notum þar sem þeim var hlýtt.²⁾ Grímur Jónsson amtmaður hlutaðist og til um búnaðarhagi almennings og síðar tók J. P. Havstein í sama strenginn og ítrekaði upphvatningar og fyrirskipanir fyrirrennara sinna með miklu kappi.³⁾

Á 19. öld voru allmargar blaðagreinir ritaðar um heyásetning og sumstaðar reyndu bændur að koma á eftirliti í sveitum. Þannig var 1850 stungið upp á sveitafélögum til hefyrringa á Vesturlandi⁴⁾ og haustið 1852 voru í Múlasýslum og Mývatnssveit kosnar nefndir manna til að skoða heybirgðir búenda og settu þá ýmsir færri á vetur en þeir höfðu annars ætlað.⁵⁾ Þess er einnig getið, að menn á sýslufundum í Þingeyjarsýslu 1866—67 samþykktu félagsskap og reglur um ásetning búpenings til athugunar og eftirbreytni fyrir almenning. Var þar ákveðið, að eigi skyldi setja á 10 hesta af hverjum 100 hestum heyja, sem aflaðist yfir sum-

¹⁾ Þetta var líka bein embættisskylda amtmanna. Sbr. Lovs. for Island IV, bls. 737.

²⁾ Sunnanpóstur II, bls. 108—110. Fjölur III, 2, bls. 5.

³⁾ Jón Jónsson dósent getur þess (Skírnir 1911, bls. 222), að J. P. Havstein amtmaður hafi 30. sept. 1858 gefið út erindisbréf til hreppsnefnda í Norður- og Austuramt um fjárhirðingu og heyásetningu. Telur höf. að J. P. Havstein hafi fyrstur hafið máls á heyásetningar- eftirliti, og segir að þær ráðstafanir sýni hve langt amtmaður var á undan tímanum. Þetta er alls ekki rétt, enda margt annað skakt í þeirri æfissögu. Eins og hér hefir verið greint, og víða er getið áður á prenti, var heyásetningar- eftirlitið gamalt málefni, sem lengi hafði verið á dagskrá; Páll Vídalín lögmaður virðist fyrstur hafa stungið upp á slíku eftirliti. Furðanlegt er, að Torfi Bjarnason (Búnaðarrit XXVII, bls. 201), sem var svo mikið riðinn við þessi mál, skyldi ekki þekkja hinar eldri ákvarðanir og uppástungur þar að lútandi.

⁴⁾ Hugvekja um nauðsyn Leybirgða (Gestur Vestfirðingur IV, 1850, bls. 58—64 og Þjóðólfrur VI, 1854, bls. 176—177.

⁵⁾ Norðri I, 1853, bls. 95. Sbr. Norðri VI, bls. 85; VII, bls. 91—92.

arið, en setja hyggilega á annað hey. Ásetningarmenn áttu að vera í hverri sveit til að líta eftir hvort þessu væri framfylgt og til þess að ráðleggja betri hirðing og viðurgjörning, þar sem þess gjörðist þörf. Það skyldi og vera algild regla, að taka helmingi meira hey á sumrum fyrir það hey, sem lánað var á vetrum af þeim, sem eigi vilja vera í ásetningarfélagsskapnum, en að eins þriðjungi meira eður sem sanngjarnast af mönnum í félaginu sem taka heylán.¹⁾ Hve mikinn árangur þessi tilraun hefir haft vitum vér eigi. Seinna hafa menn, einnig með frjálsu samkomulagi reynt að koma á ásetningseftirliti í einstökum hreppum, og hefir það lánast vel. Slikur félagsskapur komst á fót í Svínvatnshreppi 1874 og í Fellshreppi í Strandasýslu 1887. Það var meðal annars þessu frjálsa eftirliti að þakka, að Svínafellshreppur komst klaklaust gegnum hin miklu harðindi 1881—82.²⁾ Stjórnin virðist ekki hafa skift sér af þessu eftirlitsmáli að öðru leyti en því, að hún lagði fyrir alþingi 1861 frumvarp til laga um illa meðferð á skepnum, og í álitsskjali þingsins var stungið upp á hegningu fyrir þá, »sem með grimdarfullri hörku drepa skepnur úr hor, þó þeir eigi fóður handa þeim«. Í opnu bréfi 29. ágúst 1862 var þessi grein feld úr sem óþörf, með því að sá maður einnig ætti að sæta hegningu, er með grimdarfullri hörku lætur skepnur sínar drepast úr hor, jafnvel þó hann ekki eigi fóður handa þeim. Þó er horfelli ekki beinlínis nefndur í tilskipun þessari.³⁾

Á þingunum 1881 og 1883 var allmikið rætt um heyásetning og árangurinn varð, að sett voru »lög um horfelli á skepnum« 12. jan. 1884. Þar er fyrirskipað að hreppstjórar og hreppsnefndir hafi eftirlit með að hreppsúar hafi viðunanlegt húsrúm og nægilegt fóður handa fénaði þeim, er þeir setja á vetur, og þá átti að sekta, sem feldu fénað

¹⁾ *Tryggvi Gunnarsson*: Nokkur orð um ásetning (Norðanfari VI, 1867, bls. 75—76.

²⁾ *Búnaðarrit XXVII*, 1913, bls. 201—204.

³⁾ *Tíðindi um stjórnarmál Íslands I*, bls. 581—585; II, bls. 511—514, 804—805.

sinn fyrir illa hirðingu og fódurskort. Þessi lög voru síðar endurskoðuð og upp úr þeim smíðuð lög 26. febr. 1898 og lög 9. febr. 1900, sem nú eru numin úr gildi með forðagæzlulögum 10. nóv. 1913. Í lögunum 9. febr. 1900 var því meðal annars bætt við, að kjósa skuli á hausthreppaskilum 2—4 menn til þess að hafa eftirlit með fódurbirgðum hreppsþúa og meðferð búpenings í hreppnum. Á tímabilinu 1. marz til 15. maí ár hvert áttu skoðunarmenn þessir að skoða allan búpening í hreppnum og fódurbirgðir bænda. Fyrir horfellir voru sektir hækkaðar, dagpeningar ætlaðir skoðunarmönnum og lögð við sekt ef þeir vanræktu skyldur sínar. Horfellslögin hafa verið mjög óvinsæl, enda hefir þeim aldrei verið hlýtt og aldrei framfylgt af yfirvaldanna hálfu. Íslendingar hafa aldrei verið löghlýðnir, enda aldrei haft neitt verulegt aðhald af einbeittu framkvæmdarvaldi.¹⁾ Á alþingi 1887 kom fram frumvarp til laga um heyásetning, sem Páll Briem flutti. Var ætlast til að samþykktir væru gerðar í sveitum, er síðar gætu fengið lagagildi. Ásetningsmenn áttu að fara um sveitirnar og setja búpening á hey; áttu þeir að hafa vald til að skera af heyjum ef fódur þótti vanta. Ennfremur heimilaði frumvarpið sýslunefndum að gera samþykktir um heyforðabúr og kornforðabúr, á kostnað sýslu- eða sveitarsjóða. Frumvarp þetta komst að eins gegnum neðri deild og var felt í efri deild. Á þinginu 1889 var málið tekið upp að nýju, en féll þá með jöfnum atkvæðum. Um frumvarp þetta urðu töluverðar umræður í blöðunum.²⁾

Á hinni 20. öld, einkum síðan 1908, hefir mikið verið rætt og ritað um þá hættu, sem landinu stendur af hafisnum og hörðu árferði. Hafa umræðurnar þegar haft nokkur

¹⁾ *Sig. Stefánsson*: Horfellslögin (Þjóðviljinn XIII, 1899, bls. 26—27). Fjallkonan XVI, 1899, bls. 169—170, Dýravinurinn VII, bls. 33—34. Sbr. Austri I, 1884, bls. 38—39. Ísafold VIII, 1881, bls. 116. *E. Briem*: Um fódurbirgðir (Ísafold IX, 1882, bls. 91—92, 107—108, 109—110).

²⁾ Sbr. Fjallkonan 1888, nr. 7, 12, 26—27; 1889 nr. 6. Þjóðólfur 1887, nr. 42—44; 1888, nr. 16—17, 20; 1886, nr. 50—51. Ísafold 1887 nr. 37, 57.

áhrif á löggjöfina. en hjá oss er oft langt frá lögum til framkvæmda og árangur lagaboðanna um þessi mál er ennþá lítill. Vonandi verður ekki langt þangað til að menn hafa fundið einhver ráð til þess að tryggja framtíð landbúnaðarins í hörðu árferði. Íslenskur bændalýður á sér varla viðreisnar von ef hann ekki getur lagað sig eftir beinum náttúruskilyrðum, rekið af sér ámælin fyrir óforsjála ásetning og trygt sér grundvöll tilveru sinnar með hyggilegum hallæris-ráðstöfunum. Því mun þó ekki þurfa að kvíða, þjóðina vantar hvorki vit né þekkingu, svo þetta hlýtur að lagast með aukinni menningu og með samvinnu þings og þjóðar.

Torfi Bjarnason í Ólafsdal barðist manna mest fyrir ráðstöfunum til váttryggingar fyrir búskapinn í harðindum, skrifaði hverja greinina annari snjallari til þess að brýna fyrir mönnum hver hættu gæti verið á ferðum, og benda á hvað gera skyldi. Guðmundur Björnsson landlæknir skrifaði líka áhrifamikla og málsnjalla ritgjörð um »Næstu harðindin«, sem að maklegleikum vakti mikla eftirtekt;¹⁾ í þessari skörunglegu hugvekju kemst hann að þeirri niðurstöðu, að til bjargráða sé nauðsynlegt að bæta samgöngur við þau héruð, sem geta innlokast af hafís, stofna tryggingarsjóði fyrir bændur gegn grasbresti og fóðurskortu, fyrir sjómenn gegn fiskleysi, og flytja á hverju hausti öruggar vetrarbirgðir af kornmat í öll kaupún, sem lokast geta af ís og hafa þar kornhlöður eða kornforðabúr. Vill höf. láta landið taka að sér alla verzlun með kornmat og á stjórnin að hafa umsjón með, að altaf séu nægilegar kornbirgðir, hvað sem upp á kann að koma. Hin fyrsta grein Torfa Bjarnasonar hét »Landplágan mesta«²⁾ og kom út 1909; þar kemst hann að þeirri niðurstöðu, að trygging gegn skepnufelli í harðindum sé fóðurforðabúr með korn eða hey eða hvorttveggja í sambandi við rækilegar heyja- og gripaskoðanir og strangar reglur um heysölu. Skýrir hann svo nánar hvernig þessu

¹⁾ *G. Björnson*: Næstu harðindin. Rvík 1913, 62 bls.; áður prentað í *Lögrettu*.

²⁾ *Búnaðarrit XXIII*, bls. 177–190. *Sbr. Búnaðarrit XXV*, bls. 142–146.

megi fyrir koma og stingur upp á að landssjóður greiði helming þess kostnaðar, sem árlega leiðir af fóðurgeymslu og eftirliti, og telur hann þann kostnað mundi verða 25 þús. kr. Síðar skrifaði Torfi enn 5 ritgjörðir um sama efni¹⁾ og er í þeim öllum ýms fróðleikur um búnaðarástandið og góðar varúðarreglur og leiðbeiningar. Meðal annars stingur hann upp á að stofnaður sé sérstakur harðindasjóður og bendir á lýsi sem kraftfóður fyrir fénað í viðlögum o. s. frv. Hann telur heyforðabúr og kornforðabúr engan veginn einhlit gegn hallærishættunni, frjáls samtök um ásetning og heyfyrningar verði nú sem fyrr að vera aðalatriðið. En til þess að koma málefnum þessum í viðunanlegt horf. þarf duglegar upphvatningar, undirróður og leiðbeiningar í hverri sveit. Að síðustu (1914) vill Torfi láta landssjóð leggja fram að minsta kosti tvo þriðju parta af öllum kostnaði við heyásetningareftirlitið, fóðurforðabúr og bjargráðasjóð.

Með bréfi til stjórnarráðsins dags. 7. sept. 1908 vakti Landbúnaðarfélag Íslands máls á því, að komið væri á fót kornforðabúrum til skepnufóðurs og að landssjóður lánaði hreppsfélögum 1910 og 1911 50 þús. kr. í þessu skyni, en búnaðarfélagið bauðst til að koma upp skylum yfir kornið. Það varð úr að þingið 1909 heimilaði 10 þús. kr. lán hvort árið til að stofna kornforðabúr; lög þar að lútandi voru staðfest 9. júlí 1909, og er sýslunefndum heimilað að gera samþykktir fyrir einn hrepp eða fleiri um kornforðabúr til skepnufóðurs.²⁾ Hinn 11. júlí 1911 voru samþykkt lög um heyforðabúr er gefa sýslunefndum hina sömu heimild um stofnun þeirra sem um kornforðabúrin, auk þess má í slíkum samþykktum ákveða heyásetningareftirlit. Árskostnað

¹⁾ Lítil ádrepa um heyásetning og fóðurforðabúr. (Búnaðarrit XXV, 1911, bls. 193—207). Um fóðurforðabúr (s. st. XXVI, 1912, bls. 257—281). Enn um heyásetning (s. st. XXVII, 1913, bls. 81—95, 182—213). Hallærissvarna málið (s. st. XXVIII, 1914, bls. 241—256). Um tryggingu búfjár gegn harðindum (s. st. XXIX, 1915, bls. 198—214).

²⁾ Jón Guttormsson hafði löngu áður (1878) stungið upp á að alþingi kæmi upp kornforðabúrum í hverjum hreppi á kostnað hrepps-sjóða og samdi lagafrumvarp þar að lútandi. sjá Ísafold V, 1878, bls. 29—30, 33—34.

við heyforðabúrin skal greiða af notendum og sveitarsjóði. »Vextir af þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, sem og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á honum, endurgreiðist sveitarsjóði úr landssjóði að helmingi. Þó eigi yfir 40 aura fyrir hvern hest (100 kg.) í þessum hluta forðans«. Árangurinn af þessari lagasetningu virðist ekki hafa orðið mikill; árið 1912 var búið að stofna tvö kornforðabúr, auk þess höfðu tvö áður verið til í Þingeyjarsýslu, annað í Skútustaðahreppi síðan 1883, hitt í Helgustaðahreppi síðan 1890, þau voru stofnuð sumpart fyrir hallærisgjafir 1882 og sumpart með lánsfé.¹⁾ Um stofnun heyforðabúra hefir lítið heyrst, þó er getið um að vinnumenn og vinnukonur hafi stofnað heyforðabúr í Fnjóskadal.²⁾

Fyrir ótult fylgi Guðmundar Björnssonar landlæknis tók þingið 1913 hallærisvarnarmálið til meðferðar, voru þá samþykktir viðaukar við kornforðabúrlögin 1909, lög um bjargráðasjód Íslands og lög um forðagæslu; öll lögin staðfest 10. nóv. 1913. Bjargráðasjóður Íslands á að vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. Hvert sveitarfélag og bæjarfélag á Íslandi skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjód, 25 aura fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Landssjóður styrkir sjóðinn árlega með tillagi, er nemur 25 aorum fyrir hvern mann. Það fé, sem landssjóður leggur til, er sameign allra landsmanna, en allt það skal vera séreign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn. Lögin um forðagæslu ákveða að forðagæslumenn skuli vera í hverjum hreppi til þess að hafa gát á heybirgðum, kornvörubirgðum og öðrum fóðurbirgðum hreppsúa og meðferð þeirra á búpeningi. Forðagæslumenn skal kjósa 3. hvert ár til 3 ára í senn um leið og hreppsnefndarkosning fer fram, þeir fá 2 kr. úr sveitarsjóði fyrir hvern dag, sem þeir eru í skoðunarferð. Þeir eiga að koma tvisvar á vetri til eftirlits á hvert heimili, eða oftár

¹⁾ Búnaðarrit XXVI, bls. 270; VII, bls. 57. Freyr VII, bls. 68.

²⁾ Freyr VIII, bls 128; IX, bls. 22.

ef þörf krefur. Þeir eiga að hafa umsjón með forðabúrum ef nokkur eru og gefa búendum holl ráð og bendingar um heyásetningu og skepnuhirðingu. Þeir eiga einnig að sjá til um fódurþröng búenda og tafarlaust skýra hreppstjóra frá ef peningur verður horaður eða fellur úr hor. Sá sem sekur verður um horfelli skal sæta sektum frá 10—200 kr. eða einföldu fangelsi alt að 6 mánuðum.

Hugleiðingar Torfa Bjarnasonar og annara manna í þessu máli hafa haft töluverð áhrif á löggjöf seinni ára, en Torfa og þingið skildi á í því, að þingið var tregara til fjárframlaga, en Torfa þótti hæfa í slíku velferðarmáli; Torfi vildi líka heldur beita uppfræðslu og leiðbeiningum en valdboðum, því það er sannreynt að á Íslandi situr jafnan við hótanirnar einar, en yfirvöldin heykjast þegar á að framkvæma þær. Hins vegar verður því heldur ekki neitað, að undirtektir sveitamanna sjálfra undir þessar váttryggingarárástafanir á bústofninum, hafa víðast verið mjög daufar eun sem komið er. Menn eru enn lengi að átta sig.¹⁾

Fóður sauðfénaðar. Eins og fyrr hefir verið getið, er það ákaflega mismunandi eftir héruðum og árförði hve mikið vetrarfóður er ætlað sauðfé. En yfirleitt mun nú alstaðar á landinu betur hugsað fyrir fódri en áður var. Á fyrri öldum ætluðu menn ákaflega mikið upp á útganginn og hugsun flestra var að slampast af með sem minst. Af Búalögum sést að heygjöfin hefir verið mismunandi af ýmsum tünnum og í ýmsum héruðum. Fjórðungsvöndull er sumstaðar ætlaður 12 ám á dag á þorra, 7 á góu, 4 á einmánuði, en oftast er talið í hinum eldri Búalögum, að 8 ær skuli vera á vöndul heys á þorra, 6 á góu, 4 á einmánuði. Aðrir

¹⁾ Um þessi málefni hefir allmargt fleira verið ritað, vér skulum sérstaklega benda á ritgjörð *Sig. Sigurðssonar* Um forðabúr til skepnu-fóðurs (Freyr VII, bls. 65—68), og ennfremur *Jón H. Þorbergsson*: Um ásetning (Freyr X, bls. 63—64), *sami*: Fjárdaudinn 1914 (Búnaðarrit XXX, 1916, bls. 257—278) og *Kynbætur sauðfjár* 1915, bls. 45—47. Sbr. *B. B.* í Lögrjettu 1914, nr. 41, bls. 148. *J. B. Heyforðabúr* (Freyr XI, bls. 106—108). *Jónas Eiríksson*: Um sauðfjárrækt (Austri 1913, bls. 125—126, 129—130, 156, 163, 167). *Guðmundur Hannesson*: Síðasta heyleysisvorið. Rvík 1916, 8vo (sérpr. úr Ísafold).

segja að 3 vöndlar skuli gefast á dag 21 sauð veturgömlum og sumum tvævetrum, verða þá 7 um vöndul, en ef inni stendur skulu 6 um vöndul, þá eldi nálgast hverja á skulu 5 um vöndul. Það er mælt að 7 sauðir rosknir ætlist á faðm, en 10 lömb.¹⁾ Eggert Ólafsson segir að á miðri 18. öld hafi í Borgarfirði einn kapall verið ætlaður lömbum og tveir kaplar ám og sauðum um veturinn.²⁾ Magnús Ketilsson segir 1778, að í snjóasveitum Norðanlands sé ærin eigi talin vel birg nema henni sé ætlaðir 3 kaplar, en lambinu hálfur annar eða tveir kaplar.³⁾ 1787 ætlar sami höfundur 60 ám og 40 lömbum hverjum 60 hesta, 40 sauðum 20 hesta.⁴⁾ Ólafur Stephensen segir 1785, að alstaðar sunnanlands sé nóg að ætla gildan heyhest hverri á, tvo þar sem vetrarriki er mikið norðanlands, þrjá á hörðustu útkjálkunum; geldsauðum má ætla miklu minna.⁵⁾ Stefán Þórarinsson amtmaður ætlar 1793 5½ heyhest, hvern hest á 200 pd., nægan fyrir 2 ær og 2 lömb árlega.⁶⁾ Magnús Stephensen segir 1808, að 400—480 pund af góðu heyi sé álitit matulegt fóður fyrir á eða lamb, í sumum hérðum sé þó ekki gefinn nema helmingur, og sumstaðar í góðum árum ekkert.⁷⁾ Tryggvi Gunnarsson ætlar 1864 hverri á og hverju lambi heyhest, ¾ úr heyhesti handa geldri á og tvævetrum sauð, ½ heyhest handa þrevetrum sauð, þar sem gott er til útbeitar á vetrum og fjárhús og hirðing góð, en í landsléttum og snjóþungum sveitum telur hann það fóður alt of litit.⁸⁾ Eiríkur Briem gaf ám og lömbum til jafnaðar 21 fjórðung af úthei hvoru.⁹⁾ Um 1882 var í Þingvallasveit alment 2 hestar ætlaðir 4 kindum, því þar er útigangur

¹⁾ Magnús Ketilsson: Sauðfjárhirðing, bls. 86—87. Búalög 1915—16, bls. 6, 36, 82, 98, 133, 146, 147.

²⁾ E. O. Rejse gjennem Island, bls. 208.

³⁾ M. K. Sauðfjárhirðing, bls. 86.

⁴⁾ Gl. Félagsrit VII, bls. 98.

⁵⁾ Gl. Félagsrit V, bls. 96.

⁶⁾ Gl. Félagsrit XIV, bls. 234.

⁷⁾ Veternaire-Selskabets Skrifter I, bls. 180.

⁸⁾ Ný Félagsrit XXIV, bls. 56.

⁹⁾ Búnaðarrit V, bls. 38.

mikill, bezt 2 handa fjórum. Í Laxárdal við Mývatn var þá hestur ætlaður kind hverri og tveir baggar þóttu einnig fullnógir í Fjallasveit, en á Fljótsdalshéraði var ær eða lambi ætlaðir $\frac{2}{3}$ —1 hestur, en hundraði geldfjár 10 hestar. Í Eyjafjarðar-, Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum mun nú venja að ætla kindinni »í vetrarforða 200—400 pd. af heyi, minna þar sem hægt er að treysta á beit. Strandamenn ætla hverri kind 8 ferh. álnir af heyi í hlöðu og 6—7 ferh. álnir í uppbornum heyjum og sá fóðurmælir reynist ætíð fullnægjandi, ef ekki er sett á fyrningar«. ¹⁾ Á Hólsfjöllum er hverri kind ætluð 50 pund í vetrarforða, á Inn-Héraði 150 pd. til jafnaðar, á Út-Héraði 200 pd. eða meira, í Vopnafirði er fóðureyðslan akki minni en á Héraði. Á Langanesi og Sléttu er víða algjört útigöngufé og er því ekkert fóður ætlað. Á engjajörðum í Axarfirði og Kelduhverfi er vetrarforðinn 300 pd. en minni er hann inst í þeim sveitum, 100—150 pd. ²⁾

Léttast er fé á fóðrum á norðausturhorni landsins og svo er fé lítið gefið í sumum sveitum á takmörkum hálendis og dala og allvíða er mikill fódursparnaður að fjörubeit. Mismunur er líka á fóðureyðslu í ýmsum sýslum yfirleitt, þó misjöfn sé beit í hinum einstöku hreppum hveirar sýslu. Eftir upplýsingum frá bændum hefir Jón H. Þorbergsson gert áætlun um heyyeðslu í hinum einstöku sýslum, og miðar við það hvað ærin þarf í meðalári af meðalheyi. Telur hann meðalgjöf í Skaftafellssýslum 90 kg., í Rangárvallasýslu 100 kg., í Árnessýslu 120 kg., í Gullbringu- og Kjósarsýslu 70 kg., í Borgarfjarðar- og Dalasýslu 120 kg., í Mýra- og Snæfellsnessýslu 100 kg., í Barðastrandarsýslu 110 kg., í Ísafjarðar- og Strandasýslu 130 kg., í Húnavatnssýslu 125 kg., í Skagafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu 150 kg., í Eyjafjarðarsýslu 175 kg., í Norður-Þingeyjarsýslu 90—100 kg., í Múlasýslum 100 kg. Eftir þessari ágizkun ætti ærin að þurfa í meðalvetri til jafnaðar yfir land alt 125—128

¹⁾ Búnaðarrit XXI, bls. 98.

²⁾ Búnaðarrit XXII, bls. 317—318. Um heygjöf sjá enn fremur hirðing sauðfjár eftir Jón H. Þorbergsson 1912, bls. 43—44.

kg. Í einstöku sveitum er heyeyðslan miklu minni en meðaltölin fyrir heilar sýslur, í Skaftártungu t. d. 20 kg., þar sem bezt er beit í Mýrasýslu 40 kg. Á Melrakkasléttu, á Langanesi, í Fjallasveit og á sumum bæjum í Vopnafirði og á Langanesströndum er í meðalárum svo sem ekkert gefið. Á Melrakkasléttu er getið um 7—8 vetra gamlar ær, sem aldrei höfðu bragðað hey.¹⁾ Annars er heygjöfin eðlilega mjög mismunandi eftir kringumstæðum, árferði, landslagi og gróðrarfari og í ýmsum mánuðum, sem sjá má á hinum fáu fóðurskýrslum, sem birtar hafa verið.²⁾ Eins hefur það eðlilega þýðingu hverskonar hey er gefið, hvort gefin er taða eða úthei, eða hvernig útheið er, hvort það er vallendishey, mýra- og flóahey, brokhey, víðirlauf o. s. frv.³⁾

Ýmislegt annað fóður en hey er fé víða gefið, sumt í víðlögum þegar hart er í ári, sumt er gefið til uppbætis eða meiri þrifa. Sumstaðar er lyng enn rífið á veturnum til skepnufóðurs og altizka var það á fyrri öldum að rífa hris, fjalldrapa og víðir til fóðurs fyrir skepnur þegar harðna fór. Í gömlum jarðabókum er hrisrif og víðirrif til vetrarfóðurs oft talið til hlunninda á ýmsum jörðum, en slík meðferð hefir eigi til langframa bætt þær jarðir. Á skógarjörðum var í heyleysi limið sem stóð upp úr fönnunum höggið og brytjað niður og svo notað til »heystyrks« fyrir saudfénað og jafnvel kýr. Víðir er sleginn sumstaðar og geymdur til vetrarfóðurs og kallaður *laufhey*. Mest er heyjað af honum í Fjallasveit, mörg þúsund hestar; þar er líka sleginn melur. Lauf og melgresi er þyngra en annað hey; talið er að 4 menn slái 12—15 hesta af víði á dag. Laufhey þykir ágætt fóður og bætir mjög skemt eða hrakið hey ef það er gefið með því. Það er sagt að fénaður sem eingöngu lifir á melgrasi fái oft beinasjúkdóma, kemur ofvöxtur í beinin, einkum á fótum og fylgir því máttleysi mikið.⁴⁾ Kræða

¹⁾ Jón H. Þorbergsson: Kynbætur saudfjár. Rvík 1915, bls. 26—29.

²⁾ Freyr IV, bls. 15—16, 56, 100—101.

³⁾ Sbr. Plógur II, 1900, bls. 22.

⁴⁾ Búnaðarrit VIII, bls. 11.

þykir gott fóður bleytt eða soðin, gefin með fiskúrgangi eða hrossakjöti.¹⁾

Snemma á 19. öld fóru menn að gefa sauðfé kornmat þegar hart var og oft var á 19. öld lífi haldið í fénaði margra sveita með korngjöf. Þannig var fénaði gefinn rúgur í Vopnafirði 1822 og víðar í Norðurmúlasýslu. Hver ær fekk einn pela á dag og til viðbótar var 30 ám gefin hálf tunna af heyi og af því fóðri viðhældust ærnar vel og jafnvel bröggudust. Í útsveitum Húnavatnssýslu var 1836 fjölda fjár bjargað með korngjöf fyrir upphvatning og tilstilli Björns Blöndals sýslumanns.²⁾ Síðan hefir korngjöf altaf verið athvarf manna þegar heyskortur var og sérstaklega hélt Halldór Kr. Friðriksson henni sterklega fram,³⁾ en Torfi Bjarnason dró heldur úr.⁴⁾ Ýmsir hafa notað rúgmjöl, maismjöl og annað kraftfóður handa skeppum sínum, einkum kaupstaðarbúar, þó ekki væri harðindi. Aðflutningur af skepnufóðri frá útlöndum hefir töluvert aukist á seinni árum; skepnufóður var 1909 keypt fyrir 17 þús. krónur, 1913 fyrir 133 þús. kr. Sumstaðar hefir þurkaður þari verið notaður til fóðurdrýginda og gefist vel,⁵⁾ og tilraunir hafa verið gerðar með súrpara sem kindafóður⁶⁾ og þótt takast vel. Á seinni árum hefir töluvert verið talað um lýsi sem fóðurbæti fyrir sauðfénað og annan pening. »Allir sem reynt hafa að fódra með lýsi eru sammála um, að varla sé til svo lélegt eða illa verkað hey, að ekki verði að góðum notum með lýsi«, segir Torfi Bjarnason 1912, en fáir hafa ennþá notað það; þó lýsi hafi verið í lágu verði, hefir það mestalt verið flutt úr landi.⁷⁾ Fóðurmjöl úr hvalkjöti var dálítið

¹⁾ Búnaðarrit I, bls. 100.

²⁾ Sunnanpóstur III, 1838, bls. 74—76.

³⁾ Norðanfari III, 1864, bls. 41. Þjóðólfrur 26. ár, 1873, nr. 1—2. Ísafold IX, 1883, bls. 85—87. Sæmundur fróði I, bls. 83—85.

⁴⁾ Andvari X, bls. 136—140. Freyr XI, bls. 102—105. Lögrjetta 1914, nr. 27.

⁵⁾ Sveinn Sveinsson: Um þang til fóðurdrýginda (Ísafold XIV, 1887, bls. 165).

⁶⁾ Daníel Jónsson: Um sauðfjárrækt og súrpara (Búnaðarrit XXV, bls. 273—81).

⁷⁾ Búnaðarrit XXVI, bls. 271—273. Magnús Friðriksson: Nektun

reynt til skepnufóðurs á Vestfjörðum meðan hvalveiðarnar voru þar.¹⁾ og sumstaðar er kindum gefinn nýr hákarl, en féð er mjög sólgið í hann og verður gott af.²⁾ Fiskslóg af ýmsu tagi hefir stundum verið notað til skepnufóðurs einkum fyrrum, barðir og súrsaðir hausar og dálkar úr fiski o. fl., en það mun nú óviða gert, alskonar fiskúrgangi er kastað í sjóinn í veiðistöðvunum, svo fóður eyðist þar árlega er nemur mörgum tugum þúsunda. Íslendingar hafa á þann hátt fleygt mörgum miljónum króna í sjóinn.³⁾ Á seinni árum hefir kindum verið gefin sild og sildarmjöl til fóðurbætis⁴⁾ sumstaðar. Í harðindum hafa menn stundum gefið hestum hrossaket og sauðfé kindaket til lifs, svo var t. d. sumstaðar gert 1836.⁵⁾

Aðferðin við heygjöfina er nokkuð mismunandi í ýmsum héruðum og fer mikið eftir því hvernig til hagar með fjárhús, hlöður og heygarda. Viðast á Suðurlandi er það venja að bera alt hey í meisum úr heygörðunum, sem eru heima við bæi, til fjárhúsanna, sem eru á við og dreif um tún og haga. Heyið er þá mælt í meisum og eru 5 ær eða 6 lömb vanalega um kýrmeis. Á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi og sumstaðar á Suðurlandi eru víða hlöður eða heytóftir við fjárhúsin og oftast garði í húsunum; þá er heyið borið fram í garðann. Sumir gefa í garðann meðan féð er úti og skilja við húsin opin, svo féð geti farið inn jafnóðum og það kemur heim, en með þessu misjezt féð, sumar kindur verða horaðar, aðrar í góðu standi. Önnur aðferð er kölluð að »stúfgefa« og er hún þannig, að sá sem gefur, mælir heyið í heystæðinu í »hneppum« og ber fram í garðann, lætur á eitt stafgólfið og sækir svo annað og lætur í það næsta, og svo koll af kolli. Hneppi er það af

lýsis (Freyr XI, bls. 83—86, 92—96). *Magnús Finnbogason*: Lýsi til fóðurs (Freyr XI, bls. 133—134). Ísafold 1914, nr. 61, 70, Almanak Þjóðvinafélags 1916, bls. 70—71.

¹⁾ Búnaðarrit IX, bls. 108—123.

²⁾ Freyr IV, bls. 28.

³⁾ Búnaðarrit XXX, bls. 270—271.

⁴⁾ *Jón H. Þorbergsson*: Hirðing sauðfjár 1912, bls. 11—12, 47—49.

⁵⁾ Þ. Th. Árferði á Íslandi, bls. 234.

heyri kallað, sem menn taka í fang sér með bœinum handleggjum framréttum. Sá ókostur er við þessa aðferð, að við það vill féð riðla hvað á öðru meðan verið er að gefa á garðann og misjezt, því ekki kemst alt að heyinu í einu. Til þess að féð njóti sem best og jafnast fóðursins, telur Páll Stefánsson þá aðferð réttasta, að mæla gjöfina og bera hana fram á garðann þannig, að fjármaðurinn gengur aftur á bak fram úr heystæðinu, byrjar að hrista úr fangi sér inst við hlöðudyrnar og dreifir jafnt á allan garðann fram úr. Þannig ber hann hvert hneppið eftir annað, eftir því sem féð etur og hann gefur mikið, og fer ekki úr húsinu fyr en féð er búið að eta og sér um, að alstaðar sé jafnt í garðanum og ekki sé fyr búið á einum stað en öðrum, Féð raðar sér þá á garðann jafnóðum og maðurinn gengur eftir honum með fyrsta hneppið.¹⁾

Beit og útigangur. Vér höfum áður nokkuð talað um afréttir Íslendinga og beitarlönd, og skulum vér hér aðeins greina stuttlega frá ýmsu, er snertir vetrarheit sauðfénaðar og útigang. Af því gróðrarfar og veðráttufar er svo mismunandi í ýmsum landshlutum, er það mjög misjafnt hve mikið má ætla upp á útigang og hve vetrarheitin er góð. Í sumum héruðum á Suðurlandi, á láglandi, þar sem slægjur eru mestar, eru innistöður fyrir sauðfé nærri allan vetur; í öðrum sveitum gengur fé nærri altaf úti í bærilegum árum. Á Hornströndum er haft inni í 18 vikur þegar best er, meðaltal 20 vikur á veturnum, en í harðindaárum 27 vikur eða meira. Yfirleitt eru beitarlöndin best í fjalla- og dalasveitum, en víðast lakari á láglandinu; á útkjálkum og sumstaðar í dölum eru mikil snjóþyngsli, svo snemma tekur fyrir beit. Árferðið hefir afarmikil áhrif á beitina og líka landslagið, sumstaðar getur snjór eigi haldist til langframa, sumstaðar liggur hann í stórum fönnum svo mánuðum skiftir, stundum hindra hrakviðri og kafaldsbyljir útigangiinn, stundum áfreðar, þó snjóar séu litlir.

Á fyrri öldum lifði mesti hluti sauðfénaðar Íslendinga á

¹⁾ P. Stefánsson: Fjármaðurinn 1913, bls. 81–82.

útigangi, kom aldrei í hús, af því þau voru ekki til.¹⁾ Nú mun það vera óviða, að fé lifi eingöngu á útigangi, nema í bezta árferði og þá helzt við sjávarsíðuna, þar sem mikil fjörubeit er, og sumstaðar í eyjum, og svo í einstöku fjallendum, þannig láta Fljótshlíðingar og Eyjafjallamenn um 200 fjár árlega ganga úti í Þórsmörk og nokkuð fé í Goðalandi.²⁾ Í hinum miklu beitarhéruðum uppi í landinu verður sá peningur, sem aðallega, eða að miklu leyti lifir á útigangi, að hafa eftirlit og hirðingu eins og annað fé ef vel á að fara; féð verður að hafa húsaskjól, sem það getur leitað til, annaðhvort beitarhús, fjárborgir, hella eða fjárbyrgi, því verður að gefa þegar þörf gerist, og það verður að hjálpa því til að ná fæðunni, moka ofan af fyrir því o. s. frv. Verður því jafnan að vera duglegur og harðgjör *fjármaður* með kindunum, athugull og vanur því starfi. Það er ekki lítið vandaverk að vera góður fjármaður, enda eru þeir ekki á hverju stráí.³⁾ »Góður fjármaður, sem hirðir fé sitt með nákvæmni, getur átt það í betra útliti, þó hann eyði tvöfalt minna fóðri eftir tiltölu en annar, sem hirðir það illa. en stendur að öðru leyti jafnvel að vígi sem hann. Það verður að vera regla fyrir fjármanninn að halda fénu í sem beztum holdum og útliti, en list hans er einkum innifalin í því, að geta þetta, og eyða þó sem minstu fóðri, því vetrarbeitin er einn hinn bezti arður, sem bóndinn hefir afhinu óræktaða landi jarðar sinnar, þar eð hún sparar heyforðann, en í sama stað kemur, hvort t. a. m. heyhestur er sparaður með beit á vetrinum, eða heyhestur er fenginn í garð að

¹⁾ Fé er enn látið ganga úti á veturnum sumstaðar á Englandi og Skotlandi, í Færeyjum, í eyjum við Noreg og víðar, og horfellur stundum. Í ýmsum úteyjum við Lofoten gengur sauðfé sjálfala úti flesta vetur og þrífst allvel. A. *Helland*: Lofoten og Vesteraalen. Kristiania 1897, bls. 208, 212.

²⁾ *Jón H. Þorbergsson*: Kynferði sauðfjár 1915, bls. 27.

³⁾ *Magnús Ketilsson* telur í Sauðfjárhirðingu, bls. 124—126, þá kosti, sem góður fjármaður þarf að hafa. Sbr. Gestur Vestfirðingur I, bls. 52, 53—54. *Jón H. Þorbergsson*: Um hirðing sauðfjár 1912, bls. 2—8, 53—55. Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 41—44.

sumrinu«. ¹⁾ Á 19. öld voru til ýmsir ágætir fjármenn, einkum í Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, sérstaklega á Jökuldal meðan fjárræktin þar var í blóma. »Vorur þeir ástundunarsamir og óskiftir við fjárgeymsluna, gengu á beit-
arhús, — svo er enn á Dal og víða á Héraði —, stóðu hjá og beittu mikið; keptust hver við annan að eyða sem minstum heyjum, en láta féð lita sem bezt út og gefa sem bezta raun«. »Nú kvarta menn yfir því í þessum héraðum, að erfitt sé að fá fjármenn, einkum góða fjármenn; færri og færri ár frá ári leggja það starf fyrir sig, og margir sem við það hanga, eru alvörulitlir og skiftir við það starf. Nú framfleytir líka Jökuldalur helmingi færri fé en fyrir 50—60 árum síðan«. ²⁾ Jón H. Þorbergsson segir að það altaf leggist meira og meira niður að standa yfir fé á beit, og þó segja skynsamir bændur, að með hjástöðu megi komast af með alt að fjórðungi minna hey. ³⁾

Sumstaðar er sauðfé, sem á að vera í húsi, ekki hýst fram eftir vetrinum og kalla menn það *útilegur*. Er það talið mæla með útilegum, að fé heldur betur holdum og kvið, verður þolnara og hraustara en ella, og á þann hátt geta menn betur notað beitarlöndin. »Það er eins og byljir og illviðri, sem sauðfé verður fyrir í útilegum framan af vetri, hafi litil áhrif á það, þegar það er hraust og óveiklað. Það er þá sljótt og dofíð fyrir öllu, og lítur út fyrir að það sé í hálfgerðum dvala, eða í það leggist skammdegi sem svo er kallað. Það notar hverja stund, sem því er hlýtt, til að éta, og næðið og kviðfyllin er því fyrir öllu. Seinni partinn þarf það betra fóður og nákvæmari hirðingu og engu síður þó það sé í góðum holdum«. »Á vorin eða seinni hluta vetrar er féð næmt fyrir öllum veðrabreytingum og því meiri áhrif hafa illviðrin á það, sem það hefir haft meiri og lakari húsavist«. »Þótt fénu sé veitt gott fóður yfir veturinn, þá kemur það því ekki að neinu gagni,

¹⁾ *Einar Ásmundsson*: Um framfarir Íslands. Kmh. 1871, bls. 36—37.

²⁾ *Hallgrímur Þorbergsson* í Búnaðarriti XXII. 1908, bls. 316—317.

³⁾ Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 31. Sbr. Plógur I, bls. 73—74.

sé það látið verða horað eða holdlítið að vorinu eða áður en það fær sumarbatann.«¹⁾ Þegar menn beita fé út í kaföld og harðviðri, þá er ætíð óhættast að reka það í veðurstöðuna frá húsunum, sé þar annars kostur á beit, og þá er staðið er yfir fé í kafaldi, þá er bezt að lofa fénu nokkurnveginn sjálfráðu að færa út krafsturinn undan veðrinu, þangað til mönnum þykir það vera komið nógu langt, þá skulu menn reka það til baka aftur heldur hart en hægt, og láta það síðan færa út aftur krafsturinn á öðrum stað en það krafsaði fyr.«²⁾ Magnús Stephensen segir, að fé, sem aldrei venst öðru en útigangi, sé furðu duglegt að bjarga sér, krafsa og brjóta skarann og þegar mikið fennir, hnappar það sig saman á hólum eða ásum, en hitt beitarféð, sem er vant húsum, leitar skjóls í grafningum og undir börðum og fennir þar.³⁾

Eins og kunnugt er, ber það oft við að fé fennir svo hundruðum og þúsundum skiftir þegar skyndileg áföll koma af kafaldsbyljum, hafa menn oft á þann hátt beðið stórkostlegt tjón. Mörgum kindum hefir þó verið bjargað úr djúpum fönnum og hafa sumir hundar getað þefað hvar kindur væri undir í sköflum.⁴⁾ Sauðfé getur lifað ótrúlega lengi undir fönnum. Í stórhriðarbyl á Norðurlandi 12. okt. 1869 fenti fjölda fjár og fundust sumar kindur ekki fyr en eftir langan tíma og voru þó lifandi; ein kind lifði í fönnum inni 7 vikur án þess að hafa náð í nokkra fæðu, en náði sér þó og lifði 2 ár eftir það.⁵⁾ Sagnir eru um að fé hafi getað lifað 11—12 vikur, jafnvel 18 vikur⁶⁾ í sveltu undir fönnum, en ekki er alveg víst hvort þær eru áreiðanlegar.⁷⁾

¹⁾ P. St. Fjármaðurinn, bls. 70—71.

²⁾ Bóndi I, 1851. bls. 52. Þar eru ýmsar leiðbeiningar um hirðing á útigangsfé. Sbr. Fjárnæklingur. Akureyri 1855, bls. 46—48.

³⁾ Veterinair-Selskabets Skrifter I, 1808, bls. 165.

⁴⁾ Í Frey VIII, bls. 109 er lýst sérstöku stafprika, til að leita fjár með í sköflum.

⁵⁾ Dýravinurinn II, bls. 34—35. Þar er mynd af kind þessari.

⁶⁾ Í Gandreið Jóns Daðasonar (Ny kgl. Samling nr. 76 101.) er sagt að »sauður þoli hungur upp í 18 vikur«.

⁷⁾ Í Búnaðarriti X, bls. 84—86, er frásögn um Fannar-Höttu, tvævetra

Þegar kindur verða undir fönnum, eða á annan hátt komast í sveltu, eta þær stundum ullina hver af annari, sem hnoðast saman í meltingarfærum þeirra í harðan kökk, sem er kallaður *mýll*; það eru vanalega hnöttóttar kúlur 1—2 þumlungar að þvermáli með harðri skarnskán að utan, en innan í er samundið og samtroðið ullarhnoða.¹⁾ Í hörðum vorum drepast lömb oft af mýlum, sem »orsakast af ull og hroða, sem lömbin eta. Myndar það göndul í vinstraropinu (siggunni) og af því drepast lömbin.«²⁾

Flestallur fénaður á Íslandi fær nú einhverja gjöf á hverjum vetri, þó beitin sé notuð eins og hægt er. Sumstaðar er beitarlandið nærri bæjum, sumstaðar fjær, sumstaðar er féð rekið heiman að skemri eða lengri veg til beitarinnar, sumstaðar er því beitt frá beitarhúsum. Þau eru mörg í sumum héruðum. Sigurður Gunnarsson segir í sóknarlýsingu Hallormsstaðar, að beitarhús séu frá hverjum bæ í Skógum á Héraði og sumstaðar tvönn og þrenn, eins frá mörgum bæjum í Skriðdal. Á 18. öld segir Magnús Ketilsson³⁾ að beitarhús hafi verið algengust norðanlands, einkum við sjávarsíðuna, þau voru oftast flórlögð, ferhyrnd og engar jötur. Á stöku stað var í þá daga heyjað frá seljum og fé beitt þaðan að vetrarlagi.⁴⁾ Mismunandi er það eðlilega eftir veðurlagi hvað lengi er beitt daglega. Páll Stefánsson segir: »Hæfilegan beirtíma má telja 8 kl.tíma á dag, þá ekki er gefið, og má hafa hann eftir því styttri sem meira er gefið, en þó skyldi ekki beita skemur

á, sem lifði 18 vikur í skaffi, varð 12 vetra, vænsta skepna og mesta metfé. Í Klausturpósti VIII, 1825. bls. 80 er þess getið, að í læknisfræðistímariti dönsku, Ny Hygæa 1823 bls. 419 sé sagt að »sauðkindur, er sjálfala gangi á Íslandi, sofi í 6 mánuði af vetrinum undir snjó og viðarrunnum«.

1) Fé verður líka stundum undir fönnum í Sviss og etur hvað af öðru ullina, myndast þá líka mýlar í maga þeirra. Sbr. *J. Tyndall: Naturvidenskabelige Fragmenter*. Kbhavn 1895, bls. 60. *Fjárkvarnir* eða fékvarnir heita smáir og þéttir kögglar í mör kinda; sumir safna þeim saman og halda að sér þá heppist vel fjárrækt.

2) *Jón H. Þorbergsson: Um hirðing sauðfjár* 1912, bls. 23.

3) *Sauðfjárrirðing* 1778, bls. 59—60.

4) *Gl. Félagsrit VII*, bls. 200—201.

en 3 tíma á dag, ef á annað borð er látið út til beitar. Lengja skal beirtímamann þegar kemur fram um góulok, og hafa hann lengri úr því, einkum ef góð tíð er og jörð auð, því þá fer féð að velja meira á beitinni.¹⁾ Eftirlit verður að hafa með beitinni, og helst standa hjá fénu, halda því til beitarinnar, moka ofan af fyrir það ef þarf og bjarga því í hús undan illviðrum.²⁾ Síra Þorkell Bjarnason lýsir starfi fjármanns í Skagafirði við vanalega beit um miðja 19. öld á þessa leið: »Fóru fjármenn til húsanna fyrir dag, þegar veður var gott, til að gefa, svo að féð væri búið að éta, þá er birta færi. Síðan var það látið út um fullbirtu, og stóð fjármaðurinn yfir fram í rökkur og stundum jafnvel framundir dagsetur. Að því búnu var kvöldgjöfin gefin og kom fjármaður oft ekki heim fyr en eftir dagsetur og það stundum nokkuð löngu. Það heyrði eg gamla menn segja, að fjármenn þá á tímum væri skuggi einn af fjármönnum fyrri tímana, þegar þeir voru að alast upp. Þá hefði aðfarirnar og dugnaðurinn verið alt annar. Þá hefði verið síður, að standa miklu meira yfir, og þó að snjóþyngsli væri, hefði féð verið látið út, og fjármaðurinn mokað ofan af fyrir því.³⁾ Það hefir verið síður norðan- og austanlands að standa yfir fénu á vetrum, en eigi sunnanlands, þar hefir féð verið látið eiga sig sjálft, enda hefir þar oftast verið ómögulegt að fá menn til vetrarsmölunar, ef standa átti yfir fénu.⁴⁾ Það hefir jafnan þótt gott að eiga væna *forustusandi* og hafa þeir oft komið að góðu gagni í illviðrum. Ganga margar sagnir um vit þeirra sumra og

¹⁾ Fjármaðurinn, bls. 79.

²⁾ Um almenna tilhögun beitar sjá enn fremur: E. P. Um hirðingu roskins fjár á útbeitarjörðum um vetur (Þjóðólfrur IV, 1852, bls. 321—322, 327—328). Fjárnæklingur. Akureyri 1855, bls. 46—48. *Magnús Stephensen* í Veterinair-Selskabet's Skrifletur I, bls. 185—187. Gestur Vestfirðingur I, bls. 53—55. P. St. Fjármaðurinn 1913, bls. 79—80. Fá orð um fjárhirðing (Freyr X, bls. 36—37) o. fl.

³⁾ Tímarit Bókmaf. XIII, 1892, bls. 203—204.

⁴⁾ Skýrsla búnaðarfelags Suðuramtsins 1874—1876. Rvík 1877, bls. 45.

dugnað; stundum eru líka ær vel fallnar til forustu annara kinda.¹⁾

Fjörubeit er sérstök grein beitarinnar, sem hefir mikla þýðingu fyrir mörg héruð á Íslandi, er að sjó liggja. Mest kveður að henni á Vestfjörðum, en þýðingarmikil er hún einnig undir Jökli, á Langanesi, á Melrakkasléttu og á mörgum öðrum stöðum víðsvegar um land. Björn Halldórsson segir, að vestra sé fjörubeit ýmsra jarða talin í vikum, »6, 8, 12, 18 vikna fjara« o. s. frv., eftir því hvað lengi féð getur lifað á eintómri fjöru; þegar þararek bregzt segir hann að fé vanalega falli á þessum bæjum.²⁾ Eins og fyr hefir verið getið, verða fjárhús fyrir fjörufé að vera öðru vísi útbúin en vanaleg fjárhús, af því féð vætir svo mikið undir sér. Af fjörubeit er sagt, að féð verði beinaveikt, einkum lömbin, af því kalk vantar í sævarfóðrið; stundum bráðdrepst fjörufé af sjúkdómi þeim, sem kallaður er »fjörufall«, segja menn það orsakist af því að kindur eta eittraða sævarorma (skera).³⁾ Það ber oft við að fjörufé flæðir, hefir ekki vit á að forða sér af skerjum og flúðum, þar sem það bitur meðan lágsjávað er, áður en flóðið kemur; á þann hátt hefir fjöldi fjár týnst. Fjörubeit er ágætlega góð, einkum ef nokkuð hey er gefið jafnframt, og fjörufé er oft spikfeitt, þó annað fé sé magurt. Á Látrum við Látrabjarg er mikil fjörubeit, þar er vanalega á vetrum 3—5 hundruð fjár og stundum fleiri, og er því eigi gefið nema 6—7 sinnum á vetri. Vel birgir teljast menn þar ef þeir hafa $\frac{1}{8}$ part úr hesti af töðu handa hverri fullorðinni kind.⁴⁾ »Á Langanesi, Þistilfirði, Sléttu og Núpasveit er

¹⁾ Ýmsar sögur um forustukindur í Dýravini IV, bls. 32; VI, bls. 34—35, 42—44; XIII, bls. 8—12; XV, bls. 34—35. »Forustufé fer heldur þverrandi« segir Jón H. Þorbergsson, »en það kemur sér illa. Einna bezt mun það vera í Þingeyjarsýslu« (Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 89). Ólafur Olavius segir, að góðir forustusauðir séu í svo miklum metum á Melrakkasléttu, að menn láti þá verða 13—14 ára gamla og gefi þeim saxað hey og þessháttar þegar þeir eru orðnir tannlausir. (Oek. Rejse, bls. 375).

²⁾ B. H. Grasnytjar, bls. 227.

³⁾ Ferðabók Þ. Th. II, bls. 138. Landfræðissaga II, bls. 88.

⁴⁾ Búnaðarrit II, bls. 157.

á flestum býlum fjörubeitarfé. Það er svipljótt, ýms afbrigði, en ullin er mikil og féð stórt og feitt. Í Leirhöfn á Sléttu er það einna álitlegast; það er útigöngufé, hefir sumt aldrei lært að eta hey og því síður annað fóður. Ullin af því vigtar þvegin 4—4½ pd. að meðaltali. Til dæmis um frálagsvigt er þetta: 12 þriggja vetra sauðir vigtuðu 72 pd. (kjöt) og 17 pd. (mör) að meðaltali. Þá er frjósemin ekki lítil, 60—70% tvilembt af ánum og nokkrar þrilembdar árlega.¹⁾

Viða í eyjum er ágæt beit fyrir fé, bæði fjörubeit og önnur beit margbreytileg: skarfakál, töðugresi, melur, holtagrös. Er það alsíða við Breiðafjörð, að láta horaðar ær út í eyjar á haustin til fitunar og eru þær láttnar ganga fram á jólaföstu og lögur; skerast þær oft með fjórðung, þó horaðar hafi verið.²⁾ Eyjamenn verða þó flestir að flytja fé sitt á land á sumrin, áður en varpið byrjar, missa málnytu þess og verða að borga hagatoll.³⁾ Það fé sem gengur í eyjum allt árið verður mjög feitt, en mjög er þar flæðihætt við.⁴⁾ Magnús Stephensen segir 1808, að sauðfé gangi þá við á eyjum úti á veturnum án þess að koma í hús og útigöngusauðir í Vestmannaeyjum skerist oft á vorin með 10—15 pd. mörs eins og góðir sauðir á landi á haustin.⁵⁾

Þyngd og frálág kinda hefir enn ekki verið nægilega rannsakað með samanburði á héruðum og ýmsum aldri eftir fóðrun og meðferð. Hvorutveggja stendur í nánú sambandi við arð þann, sem af fénu fæst og er því von á að menn smátt og smátt fái meiri þekkingu í þeirri grein. Oftast

¹⁾ Búnaðarrit XXII. bls. 309.

²⁾ P. St. Fjármáðurinn bls. 69.

³⁾ Sira Friðrik Eggerz segir, að 1859 hafi eyjabændur í Flateyjarhreppi átt 444 ær og 550 geldfjár, sem þeir fluttu allt í land, urðu að borga í hagagöngu 1988 fiska eða 49 vættir 28 f., málnytumissir reiknar hann 155 vættir 16 fiska, og allan skaða eyjamanna á að flytja féð í land 205 vættir (*F. Eggerz*: Um jarðamat, fjárkláða og ýmislega tilhögun. Rvík 1865. bls. 13—14). Í Vigur í Ísafjarðardjúpi verður líka að flytja sauðfé í land á sumrum vegna æðarvarpsins (*Freyr* IV, bls. 42).

⁴⁾ Búnaðarrit II, bls. 167.

⁵⁾ Veterinair-Selskabets Skrifter I, bls. 164.

er aðeins getið um vænar skepnur, sérstaklega þær, sem hafa mikla yfirburði að holdum og mör, en það væri líka fróðlegt að þekkja hinar lélegri skepnur og meðalkindurnar til samanburðar, athugunar og varúðar. Hallgrímur og Jón Þorbergssynir hafa mælt stærð allmargra kinda í ýmsum sýslum á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi, og sýna mælingarnar töluvert ósamræmi í vaxtarlagi kindanna. Mælingar þessar eru mjög fróðlegar, það sem þær ná, en eru enn eigi nógu margar til þess að fullkomið yfirlit fái ist.¹⁾ Féð er stærst í Þingeyjarsýslu, minst í Gullbringusýslu, Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Bakbreiðast er fé í Dölum, Strandasýslu og Húnavatnssýslu. Þó víða sé getið um þyngd kinda á fæti, er þekkingin um meðalþyngd íslenzks fjár á ýmsum aldri enn fremur ófullkomin. Allmargar skýrslur um þyngd lifandi fjár frá kynbótabúum, fjárræktarfélagum, sýningum og kaupfélögum hafa þó verið birtar á seinni árum, en það eru eðlilega oftast skýrslur um hið bezta fé, hins lakara er sjaldan getið, og er það þó miklu fleira á öllu landinu en hitt féð. Það sést á þeim skýrslum sem til eru og ná yfir nokkuð tímabil, að fjárræktin þegar hefir haft mikil áhrif til að gera féð vænna þar sem bændur hafa stundað hana. Í fjárbótafélagi Lundabrekkusóknar í Bárðardal hafa verið haldnar bækur yfir vænleika fjár í félaginu í meira en 30 ár, og sést á skýrslum þess töluverð framför. Árin 1881—84 var meðalþyngd á mylkum ám 87—106 pd. 1913 114—134 pd., veturgamlar ær 1881—84 84—101 pd., lömb fjallgengin 49—60 pd., en 1913 veturgamlar ær 118—133 pd., lömb fjallgengin 73—78 pd. Hrútar á 3. vetri voru 1881—84 115—177 pd., 1913 204—231 pd., lambhrútar 1881—84 58—83 pd., 1913 102—120 pd.²⁾ Frá kynbótabúi Suðurþingeyinga eru líka til

¹⁾ Mælingar þessar eru prentaðar í Búnaðarriti XXI, bls. 93—94, XXII, bls. 314; XXVIII, bls. 127. Jón H. Þorbergsson: Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 21—22. Þar er tafla yfir meðalstærð kinda í ýmsum sýslum.

²⁾ Nokkuð af skýrslum félagsins prentað í Frey V, bls. 15; VIII, bls. 63; IX, bls. 153; X, bls. 102; XI, bls. 123.

nokkrar skýrslur. Þar var meðalþyngd á geldum ám 1903 138 pd., 1908 148^{1/2} pd., á dilkám 1903 119 pd., 1908 129 pd., dilkar 1903 75 pd., 1908 85 pd.¹⁾ Á kynbótabúinu á Auðunnarstöðum í Víðidal var 1911 meðalþyngd á 133 pd., hin þyngsta 156 pd.; 20 kynbótaær á Haga í Húnavatnssýslu vógu haustið 1911 143 pd. til jafnaðar og á sama bæ var geld ær, sem vóg 180 pd. og segir Jón H. Þorbergsson það hina þyngstu á, sem hann hafði heyrt getið á Íslandi.²⁾ Til jafnaðar munu vagnar ær, sem sérstök rækt er lögð við, vega 110—140 pd., en meðaltal um allt land mundi verða töluvert lægra. Hvað hrúta snertir, þá hefir á seinni árum verið lagt mikið kapp á að ala þá og rækta, haldnar hrútasýningar o. s. frv., hefir því þyngd og þrifum þesskonar hrúta eflaust mikið farið fram, en engan fróðleik gefur þyngd þeirra um meðalþyngd almennra og óbreyttra hrúta um land allt. Á kynbótabúi Suður-Þingeyinga ógu 1903 stærstu hrútarnir mest, 1 vetrar 171 pd., 3 vetra 200 pd., 4 vetra 228 pd. og annarstaðar munu vænstu hrútar vega nálægt þessu, 4 vetra hrútar stundum allt að 250 pundum,³⁾ þó mjög fáir séu yfir 230 pd. Þyngsti hrútur, sem menn hafa sögur af, var á Einarstöðum í Reykjadal haustið 1913, hann vó 270 pd.⁴⁾

Fáar skýrslur eru til um þyngd fénaðar sem ekki er beint riðinn við kynbótastarfsemi. Nú eru líka margir bændur hættir að eiga sauði og því er lítil rækt lögð við þá, en í fyrri daga þóttust þeir mestir sem áttu flesta og vænsta sauðina. Eftir skýrslum frá kaupfélagi Þingeyinga voru 1886 fluttir út þaðan 1809 sauðir tvævetrir og vógu 1334 þeirra á fæti 100—119 pd., 432 120—139 pd., en 5 yfir 140 pd. (mest 147 pd.), 38 voru undir 100 pundum. Árið 1887 flutti sama félag 3149 sauði og var meðalþyngd þeirra allra 112 pd., 2119 ógu 100—119 pd., 724 120—139 pd., 31

¹⁾ Freyr I, bls. 48; VI, bls. 30.

²⁾ Freyr IX, bls. 63. 135.

³⁾ Um þyngd ýmsra kynbótahrúta, sýningahrúta og annara eru til ýmsar skýrslur á við og dreif í Frey, Búnaðarriti og víðar.

⁴⁾ Jón H. Þorbergsson: Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 24—25.

yfir 140 pd., 275 90—99 pd. Til jafnaðar voru sauðir Bárð-
dælinga beztir, 119 pd. að meðaltali. Nokkrir þrevetrir
sauðir ógu 150—156 pd.¹⁾ Til samanburðar má geta þess,
að kaupfélag Reykjavíkur keypti nálægt 1890 sauðahóp
austan úr Mýrdal, var enginn sauður yngri en þrevetur, en
meðalþunginn á fæti var 84½ pd. eða eins og vænir dilkar.
Sýnir þetta að lélegir hafa sauðirnir þá verið sumstaðar á
Suðurlandi,²⁾ þó þessir eðlilega hafi verið töluvert slæptir
af löngum rekstri. Annars er fátt um skýrslur um fé á fæti
nema á einstöku heimilum og þá vanalega aðeins skýrt frá
hinu vænsta. Í Breiðdal og á Héraði austan Fljóts er meðal-
vigt á veturgömlu fé talin 85 pd., en vestan Fljóts og í
Vopnafirði 90 pd.³⁾ Féð í Fjallasveit er mjög vænt, í Möðru-
dal eru tveggja vetra sauðir vanalega 160—170 pd. og vetur-
gamlar kindur 110—120 pd. Á Hólsseli á Fjöllum var ær
ein 3 vetra 160 pd. og veturgamall sauður 144 pd. og tvæ-
vetur sauður af Fjöllum var seldur til Vopnafjarðar er vóg
184 pd.⁴⁾ Hallgrímur Þorbergsson segir að á haustum sé
þar jafnaðarvigt á eldri ám 120 pd.; tveggja vetra sauðum
150 pd., veturgamalt fé 110 pd. og gamlir stórir hrútar 200
pd. Haustið 1907 vigtuðu 32 sauðir tveggja vetra á Ær-
lækjarseli í Kelduhverfi 141 pd. að meðaltali og nokkrar
vænar kindur veturgamlar 120 pd. Utan til á Jökuldal
vega veturgamlir sauðir 90—100 pd., þriggja vetra sauðir
130—135, og dilkar 65 pd.⁵⁾ Í Geiradal í Austur-Barða-
strandarsýslu vógu mylkar ær 100—130 pd. haustið 1906,
ein dilkær 140 pd., en dilkurinn 102 pd., gimbradilkar vógu
72—86 pd., nokkrir 90 pd., dilkhrútar 80—90 pd., nokkrir
yfir og um 100 pd. og tveir hinir vænstu hrútar tvævetrir

¹⁾ Búnaðarrit I, bls. 175; II, bls. 211. Í Búnaðarriti XXII, bls. 271 (1908) segir »þungi eins til tveggja vetra gamalla kinda sem kaupfélag Þingeyinga hefir sent út, hefir verið að meðaltali 1884 110 pd., 1889 120 pd., 1895 124 pd. Tölurnar sýna að féð hefir stöðugt farið batnandi«.

²⁾ Freyr VIII, bls. 112.

³⁾ Freyr I, bls. 100.

⁴⁾ Búnaðarrit XVI, bls. 50. Freyr I, bls. 100

⁵⁾ Búnaðarrit XXII, bls. 307, 310, 311.

180 og 190 pd.¹⁾ Þessi dæmi, sem tiltínd hafa verið eru öll tekin af vænu fé, hins lakara er ekki getið.

Um þyngd fénaðar að meðaltali segir Jón H. Þorbergsson, að nýborin lömb vegi $3\frac{1}{2}$ –4 kg., jafnaðarþyngd dilka um alt land 35 kg., þyngdarmunur á hagalömbum og dilkum mjög víða 4–5 kg., veturgamalt fé vegur oftast 40–50 kg., veturgamlir hrútar 57–75 kg., fullorðnir hrútar oftast 75–100 kg., ær eru tíðast 45–60 kg., kvíær yfirleitt léttari en dilkær.²⁾

Fyr og síðar er þess oft getið hvernig vænar kindur hafi lagt sig á blóðvelli, en lítið er skráð um blutfallið milli þyngdar á fæti og frálagsþyngdar af kjöti og mör.³⁾ Í fyrri daga, áður en sauðfjársala til útlanda hófst, var mikill áhugi á því að hafa kindurnar sem feitastar og mörmestar, enda tólg þá í háu verði. Þá lögðu menn mikla stund á að eiga væna sauði og yfirleitt þótti sauða-eignin kjarninn í búi fjárbænda frá því í fornöld og fram yfir miðja 19. öld. Nú sjást, eftir því sem Sigurður Sigurðsson segir, ekki sauðir svo teljandi sé á öllu Norður- og Vesturlandi nema í einstöku sveit, menn auka ærstofninn og selja dilkana.⁴⁾ Í Múlasýslum er þó enn allmikið af sauðum, þó miklu minna en fyrir aldamótin. Áður voru þeir þar látnir verða 5–6 ára, en nú eru þeir mjög sjaldan látnir verða eldri en 4 ára. Einkum eru það efnabændurnir, sem eiga nokkuð til muna af sauðum.⁵⁾ Þó eru nú sumir aftur farnir að komast á þá skoðun, að það sé arðsamara að eiga sauðina en láta ærnar ganga með dilkum.⁶⁾ Fyrrum voru bændur hreyknir af því að eiga sem flesta gamla sauði og slátruðu þeim eigi fyr en þeir voru 5 vetra. Ólafur Stephensen segir: »Þá er þéanlegast geldsauðum að slátra, er þeir eru 5 vetra, en hvorki eldri né yngri. Þann mun hefi eg fundið á 4

¹⁾ Freyr IV, bls. 15.

²⁾ Jón H. Þorbergsson: Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 23–25.

³⁾ Um frálag kinda, sbr. Jón H. Þorbergsson: Kynbætur sauðfjár 1915, bls. 37–39.

⁴⁾ Búnaðarrit XXVI, bls. 140.

⁵⁾ Freyr I, bls. 100.

⁶⁾ Sbr. Freyr X, 1913, bls. 38–39.

og 5 vetra gömlum sauð, að þessi hefir haft yfir hinn frá 5 til 8 marka mörs, og eins 5 til 8 marka kjöts, báðir eins meðfarnir frá lambsbeini að öllu leyti. Á meðan sauður er að vaxa, sem er til þess hann er 4 vetra, fitnar hann aldrei eins og næsta ár eftir eða 5ta árið, það 6. fer hann aftur að þorna, og verður þá viðlíka til mörs og holda og þá hann var 4 ára. Fyrir þessu hefi eg margra ára reynslu¹⁾

Mjög mismunandi er það hvað sauðir leggja sig í ýmsum héruðum landsins, bæði eftir kynferði, meðferð og landkostum og svo eftir árferði. Vænstir munu sauðir vera í norðaustursýslum, í Þingeyjarsýslum og Norðurmúlasýslu, í Bárðardal, Mývatnssveit og Fjallasveit, í Þistilfirði, á Langanesi og Jökuldal. Eðlilega er helzt getið um vænstu sauðina og er ördugt að fá meðaltal úr heilum sveitum, en það yrði eflaust langt fyrir neðan hámrökin, sem oftast er talað um. Sæmundur Eyjólffson segir að á Jökuldal. Fjöllum, í Mývatnssveit og Bárðardal skerist fullorðnir sauðir að meðaltali með 70—80 pundum kjöts og 20 pundum mörs, en það mun nokkuð ríflega til orða tekið, að þetta sé meðaltal. Í Fjallasveit er féð feitast og það ber við, að kindur verða svo þungfærar af fitu, að þær mega ekki rísa, ef þær leggjast óþægilega.²⁾ Árið 1863 er þess getið, að í Mývatnssveit sé »eigi sjaldgæft að fullorðnir sauðir hafi yfir 3 fjórðunga mörs og síðasta haust (1862) var í einum sauð þar 63 merkur af mör, þótt alment skærast mjög illa.³⁾ Þegar eg ferðaðist um þessi héruð 1882, 1884 og 1895 var á Jökuldal, í Þistilfirði og á Langanesi talið að fall vænna 3—4 vetra sauða væri 70—80 pd. og mörinn 2—3 fjórðungar; þetta eru auðvitað hinar allra vænstu kindur. Fjárþóndi í Fjallasveit sagði mér 1882, að meðalsauður þriggja vetra skærast þar með 50—60 punda falli og 16—17 pd. mörs; á Héraði var þá talið að meðalsauður skærast þá með 60

¹⁾ Gl. Félagssrit V, bls. 99.

²⁾ Búnaðarrit VIII, bls. 15.

³⁾ Norðanfari II, 1863. bls. 37.

pd. falli og 15 pd. mörs, en góðir sauðir með 70 pd. falli og fjórðungum mörs.¹⁾

Til er fróðleg skýrsla frá Jóni Jóakimssyni á Þverá í Laxárdal, sem sýnir meðalþyngd á slátursfénaði hans í 23 ár (1865—1887).²⁾ Var meðaltal af kjötþyngd allra sauða á þessum árum 56 pd., en mörinn tæp 15 pd.; flestir voru sauðirnir 2—3 vetra, nokkrir 4—5 vetra; bezti sauður þessara ára skarst með 72 punda falli og 22 pd. mörs, og var hann þrævetur; mestur mör (með 55 punda falli) var 25 pd. Í Fnjóskadal var það 1863 talið vel mörvaður sauður, 3 vetra og eldri, þegar hann skarst með 2 fjórðungum mörs, en gott meðallag þegar sauðir jöfnuðu sig með 16 pundum mörs.³⁾ Sauðir hafa alment verið töluvert rýrari á Suðurlandi. Sveinn Sveinsson telur 1875 að meðaltali 45—50 pd. fall á 3 vetra sauðum í Skaftafellssýslum, mest 60 pd., en mör að meðaltali 9—10 pd., allra mest 15 pd.⁴⁾ Árni Gíslason sýslumaður sagði mér 1883, að góður sauður á Siðu hefði 5 fjórðunga fall og 1—1½ fjórðung mörs. Sveinn Sveinsson telur 1876 meðalfrálag 3—4 vetra sauða í Árness- og Rangárvallasýslum 40—50 punda fall og 9—12 pd. af mör. Jón H. Þorbergsson telur fullorðna sauði á Suðurlandi til jafnaðar gera 45—50 punda fall.⁵⁾ Í Þingvallasveit og Grafningi var 1883 meðalfall af 3—5 vetra sauðum talið 50—60 pd., mör 12—15 pd., í Ölfusi fallið 40—50 pd., mör 6—8 pd. Ólafur Stephensen stiptamtmaður, einn hinn ríkasti maður á Íslandi á 18. öld og hinn mesti búmaður, lógaði haustið 1784 á einum degi 20 sauðum, flestum 5 vetra, og var kjötið af þeim lakasta 55 pd. og af hinum bezta 64 pd. 11 pd. af mör minst, 14 pd. mest.⁶⁾ Þetta var þó í sjálfum móðuharðindunum. Á Vestfjörðum hafa sumstaðar verið vænir sauðir og 1886 var mér sagt á Barðaströnd að

¹⁾ Svipaðir voru sauðir á Völlum um 1830, eftir því sem Páll Melsteð skýrir frá í Búnaðarriti VIII, bls. 35.

²⁾ Búnaðarrit III, bls. 179—185.

³⁾ Norðanfari II, bls. 37.

⁴⁾ Skýrsla búnaðarf. Suðuramts 1876—78. Rvík 1878, bls. 8.

⁵⁾ Búnaðarrit XXVIII, bls. 135.

⁶⁾ Gl. Félagsrit V, bls. 83.

þre vetrir sauðir vanalega skærust þar með 5—6 fjórðunga falli og $1\frac{1}{2}$ —2 fjórðungum mörs. Á Hornströndum var 1887 fallið af 2—3 vetra sauðum talið $5\frac{1}{2}$ —8 fjórðungar, mörinn $1\frac{1}{2}$ —2 fjórðungar.

Meðalfrálag annara kinda í góðu haglendi á Norðurlandi sést best á hinum fyrrnefndu sláturskýrslum Jóns Jóakimssonar á Þverá í Laxárdal. Kindur hans á árunum 1865—87 lögðu sig þannig að meðaltali: hrútar kjöt $62\frac{2}{5}$ pd., mör $15\frac{1}{2}$ pd., geldar ær kjöt $45\frac{3}{4}$ pd., mör $12\frac{1}{4}$ pd., veturgamalt fé kjöt $32\frac{2}{3}$ pd., mör $7\frac{1}{2}$ pd., dilkær kjöt 35 pd., mör $7\frac{1}{3}$ pd., dilkar kjöt 27 pd., mör $5\frac{1}{5}$ pd., fjallalömb kjöt $20\frac{1}{3}$ pd., mör $3\frac{2}{5}$ pd. Hrútar geta orðið mjög feitir og þungir eins og fyr var greint, alt að 250 pundum á fæti. Haustið 1910 var hrút slátrað í Laxárdal í Þistilfirði, kjötið var 106 pd., mörinn 30 pd. Hrútar í Mývatnssveit skerast með 85—96 punda falli og 30—42 pd. mörs. Væfir dilkar ná sumstaðar 36—38 pda kjötþyngd að meðaltali, en allvíða 30—32 pundum; flestir eru þó léttari.¹⁾

Um ágóða af sauðfjarrækt og samanburð hennar við kúabú og aðra atvinnu hefir margt verið ritað á íslenzku, en hér yrði of langt mál að athuga þá reikninga nánar, og verðum vér að vísa til nokkurra ritgjörða eldri og yngri um afrakstur sauðfjár.²⁾ Þar sem sauðfjarræktin er stunduð með fyrirhyggju og nákvæmni, er hún mjög arðsöm at-

¹⁾ Freyr VII, bls. 79; IX, bls. 135; XIII, bls. 35.

²⁾ *Skúli Magnússon*: Sveitabóndi (Gl. Félagsrit IV, 1784, bls. 196—201; V, bls. 186—188). *Ólafur Stephensen*: Um gagnsmuni af sauðfé (Gl. Félagsrit V, 1785, bls. 66—114). *Magnús Ketilsson*: Athugasemdir við sveitabónda (Gl. Félagsrit VII, 1787, bls. 84—94). *Jón Jónsson*: Tilraun til að svara upp á spursmálið um jafnvægi búdrýginga millum sauða og útlenskra matvæla. Kmhöfn 1801. 38 bls. 8vo. *Klausturpóstur I*, 1818, bls. 88. *Jón Johnsen*: Hugvekja um þinglýsingar, jarðakaup o. fl. Kmhöfn 1840, bls. 152—153. *Ásauðarkügildin* (Hirðir I. 1857, bls. 48—53, 60—61, 84—87.) *Tryggvi Gunnarsson*: Nokkrar greinir um sveitabúskap (Ný Félagsrit XXIV, 1864, bls. 44—54). *Guðmundur Einarsson*: Um sauðfénað. Rvík 1879, bls. 55—66. *Samanburður á arði af uppeldi hrossa og sauðfjár* (Norðlingur VI, 1881, bls. 10—11). *Búnaðarrit V*, bls. 38—40; XX, bls. 211—213; XXII, bls. 107—121, 316. Freyr III, bls. 55—56; IX, bls. 48, 96 og víðar.

vinnugrein, enda sagði Páll Vidalín lögmaður, að ásauðar-kúgildið væri hið bezta kúgildi á Íslandi, en Ólafur Stephensen bætir því við, að sauðakúgildið sé þó enn þá betra. Eftir Jónsbók voru 12 sauðir veturgamlir kúgildi, en konungsbréf 17. júlí 1782 lagði 18 veturgamla sauði í kúgildið. Enginn hefir betur en Ólafur Stephensen stiptamtmaður lýst gagnsemi sauðfjár fyrir Íslendinga. Um verzlunarvörur þær sem af sauðfjárræktinni fást og um sauða- og kjötsölu til útlanda, um sláturhús o. fl., mun síðar getið í öðrum köflum þessa rits. Arður sauðfénaðar fyrir heimili Íslendinga hefir frá alda öðli verið mikill og margbrotinn og góðir sauðir voru jafnan hið bezta búsilag. Ullina af fénu hafa menn notað til vaðmála, til klæðnaðar og í allskonar tóskap og sumpart sem kaupeyrir í verzlun, unna og óunna; kjötið nota menn í spað, hangikjöt og kæfu, mörinn í tólg, bræðing og annað viðbit, í spendla og mörbjúgu, til ljósmatar o. fl., blóðið í blóðmör, lifrina í bjúgu, sviðin einnig til matar, vambirnar, garnirnar o. s. frv.; skinnið hefir jafnan verið ómissandi til skóa og skinnklæða, gærurnar notaðar á margan hátt. Ur ánum fæst mjólk og smjör, skyr og sýra, undan sauðfénu tað til áburðar og eldsneytis. Sauðkindin er ein hin gagnlegasta skepna og má alt af henni nota. Í ýmsum öðrum köflum þessa rits mun sérstaklega verða getið um tóvinnu, matvæli o. fl., sem að ýmsu leyti snertir afrakstur sauðkinda.

Sjúkdómar sauðpenings. Sauðfénaður hefir eðlilega til forna eins og á seinni öldum fengið ýmsa kvilla, þó þess sé mjög sjaldan getið, en það er útlit til, að sjaldan hafi gengið almennur faraldur á fé eða næmar farsóttir, því ef svo hefði verið, mundi þess einhversstaðar hafa verið getið. Samgöngur við útlönd voru svo litlar á fyrri öldum, að lítil hætta var á að næmir kvikfjársjúkdómar flyttust til landsins. Á Englandi urðu menn ekki varir við kláða á fé fyr en á seinasta fjórðungi 13. aldar, en áður er getið um ýmsa aðra sauðfjarkvilla, einkum lifrarveiki, sem gjörði mikinn

skaða.¹⁾ Þar sem getið er um fénaðarsjúkdóma í fornum ritum, er lýsingin altaf svo ónákvæm, að eigi er hægt að vita við hvað er átt. Á dögum Guðmundar biskups Arasonar (1203—1237) er þess getið, að »mikill bardagi féll yfir einn búgarð norðanlands með þat kyn, at gangandi fé datt niðr í bráðum dauða«. Guðmundur góði stöðvaði sýkina með vígðu vatni, bænnum og hringingum og yfirleitt hepnudust honum vel dýralækningar. Er sagt, að þegar fénaður var »svá leiddr í dauða, at rétti frá sér hvern fót, spratt kykvandið upp alheilt ok tók á rás, síðan Guðmundr gekk til með bæn sinni ok vígðu vatni«.²) Á kaþólskum tímum höfðu menn eigi önnur ráð gegn fénaðarsjúkdómum en fyrirbæni og vígt vatn, á 17. öld var alt slíkt kent gjörningum. Á árunum 1661—63 gekk fyrir norðan óvanaleg blinda á sauðfé og kom hún líka á menn. Þessi blinda gekk 1661 einkum í Húnavatnssýslu og varð að gefa fé hey inni um hásumarið. Margir menn fyrir norðan, einkum ungt fólk, fengu þá líka blindu þessa, urðu snjöhvít augun og bólgin, raun svo af að viku eða hálfum mánuði og sá þá betur en áður; 1663 varð vart við sjúkdóm þenna í Borgarfirði einkum í Norðurárdal.³⁾ Síra Gunnlaugur Þorsteinsson segir í annál sínum svo frá sjúkleika þessum: »Á Skagaströnd kom 1662 blinda furðuleg á sauðfé, urðu bæði augun hvít á þeim sauðum er hana fengu, og varð að skera af, sást hún fyrst á Háfsstöðum, síðan á Höskuldsstöðum, og færðist um bæi inn eftir ströndinni alt að Breiðavaði, og þó ekki lengra fram; meir en 60 fjár á Höskuldsstöðum fengu blinduna á öðru auga, og svo víðar, batnaði því aftur, en hitt varð af að skera, sem fekk hana á bæði augun. Grunaði suma þetta mundu gjört hafa franskir galdrastrákar, því sumarið fyrir höfðu Strandamenn djarfir verið að ná sér nokkru af hvalreitum þeirra; komu franskir nú aftur þetta sumar að Ströndinni á land hjá Syðri Ey og vildu gefa bónda þar, eða hverjum sem þiggja vildi, lamb franskt,

¹⁾ *Th. Rogers*: Six centuries of work and wages, 1906, bls. 71, 81.

²⁾ *Biskupasögur II*, bls. 35.

³⁾ *Annálar Péturs á Ballará*. Hdrs. J. S. 235, 4^o.

er þeir höfðu með sér, en enginn vildi þiggja og höfðu það svo með sér aftur. Frá þessu kom blindan á féð, en sást ekki fyr. Sögðust þeir hafa gefið tvö lömb á Ströndum og skilið eftir, en með þessu er engin þág(!), má vera að þeir hafi gjört galdur sauðfénu; NB sást mönnum yfir að þeir tóku ekki við, hefðu þeir átt að þiggja og brenna jafnskjótt til ösku, kann vera að þá hefði farið betur.¹⁾

Á 18. öld eru ýmsir sauðfjársjúkdómar nefndir í bókum, þá kom kláðinn til landsins og þá er fyrst getið um bráðapest. Ennþá eymdi eftir af ýmsum hjátrúarlækningum, sem sumar hafa haldist fram á 19. öld. Það var alment sagt, að undir ær hefði flogið, þegar þær fengu júgrabólgu, og var það kent snökkum, óhreinum öndum og steindeplum. Til lækninga bundu sumir heitan surtarbrand við júgríð, og ekki als fyrir löngu var það sumstaðar eystra venja að leggja surtarbrand á kvíavegg til að varna því að flygi undir ær. Til verndar gegn undirflogum hefir það tíðkast enn sumstaðar, að krossa undir júgríð og yfir mælirnar á mjaltapeningi og leggja Davíðssaltara yfir hrygginn.²⁾ Ólafur Stephensen skýrði þó 1785 frá hinum eðlilegu orsökum júgrabólgunnar.³⁾ Gaddur í sauðfé var mjög algengur á 18. öld, vegna hinna mörgu og miklu eldgosa. Þess er getið að Oddur bóndi Oddsson í Geldingaholti í Skagafirði fekk 1788 5 rd. verðlaun fyrir með góðri heppni að lækna 200 sauðfjár í sveit sinni af gaddjaxli⁴⁾; þetta sauðfé hefir auðsjáanlega sýkst í móðuharðindunum. Bráðapest virðist hafa verið óþekt á Íslandi á fyrri öldum, eða að minsta kosti sjaldgæf, nafnið bráðasótt kemur reyndar fyrir, en er notað um alla bráðdrepani sjúkdóma. Um miðja 18. öld fer að bera á bráðapest; þá er hennar getið á Vesturlandi. Magnús Ketilsson segir 1778, að bráðapest sé algeng í eyj-

¹⁾ Annáll Gunnlaugs Þorsteinssonar, Lbs. nr. 158, 4^o bls. 60—61.

²⁾ Ferðabók Þ. Th. III, bls. 216. Íslenzkar þjóðsögur (J. Á.) I, bls. 432, 622. Ferðabók E. Ól. bls. 584. N. Mohr: Isl. Naturhistorie, bls. 53.

³⁾ Gl. Félagsrit V, bls. 104—106.

⁴⁾ Gl. Félagsrit IX, bls. 297.

um á Breiðafirði og Eggert Ólafsson getur um næman fjár-sjúkdóm, sem þá gekk við Arnarfjörð, og var kallaður »svarti dauði«, og segir Magnús Ketilsson að það sé bráðapest.¹⁾ Bráðapest nefnir Eggert Ólafsson líka í Borgarfirði, en það er auðsjáanlega annar sjúkdómur. Sama árið sem fjárkláðinn fór að ganga á Suðurlandi 1762, er líka getið um annan sjúkdóm í fé, sem líklega hefir verið bráðapest. Þá er sagt í annálum að verið hafi »fjárdauði mikill syðra, sumir mistu nær alt fé sitt og var varla ætt, þar alt varð helblátt. Á sumum bæjum til fjalla og afdala mistist lítið, en þó voru þeir fáir syðra«. Enn fremur getur sami annáll um það sóttferli á sauðfé, er samtímis gekk víða, að »lungun urðu bláflekkótt og þrútin, lungnablaðkurinn(!) slóst fram í hálsinn, dróst svo upp af vesöld, og dó svo útaf, sumt dróst lengi, sumt dó strax«. ²⁾ Þess er enn fremur getið, að bráðasótt kom upp undir Eyjafjöllum 1790 og gekk síðan í Hamarsfirði eystra 1793—1795, fórust þar um vorið 1795 þrjú stór hundruð fjár, sem datt niður sjálfdautt og var samstundis helblátt.³⁾

Af vanalegum sauðfjarkvillum eru ýmsir nefndir í ritum Magnúsar Ketilssonar og Eggerts Ólafssonar,⁴⁾ þar á meðal höfuðsótt, sem Magnús Ketilsson segir að hafi verið læknuð með því að skera aftan af rófu kindanna,⁵⁾ líka nefnir hann niðurfalssótt eða »snertur«, fjörufall, júgrabólgu, lífsýki, lungna- og lifrarsótt, njálg, snjóblindu o. fl., einnig nefnir Eggert Ólafsson sérstaka bráðasótt í Borgarfirði, sem fyr var getið, og heldur Jón Sigurðsson það hafi verið uppþemba eða humbusótt. Jón Ólafsson frá Grunnavík getur þess, að 1728 hafi á Vestfjörðum verið það sótt-

¹⁾ M. K. Sauðfjærhirding, bls. 158—160. Ferðabók E. Ól. bls. 526.

²⁾ Breiðafjarðarannáll Hrs. J. S. nr. 39, Fol.

³⁾ Minnisverð tíðindi I, bls. 158. Árb. Esp. XI, bls. 77, 78.

⁴⁾ M. K. Sauðfjærhirding, bls. 157—168. Ferðabók E. Ól., bls. 209—213.

⁵⁾ Í Söknarlýsingu Adalvíkur 1847 er sagt, að sumir lækni þar skjögur í sauðfé með því að kippa burtu einhverjum tilteknum lagði undir öðrum böginum, en mænu sótt með því að taka einn eða tvo liði aftan af rófunni og láta blæða.

ferli á kvikfé, að sumt misti klaufirnar, en sumt drapst sjálfkrafa, einnig var svo mikil óspekt í því, að það hamdist hvergi. Sótt þessi byrjaði í hundum á Hellnum undir Snæfellsjökli og gekk svo norður eftir sveitum. Hér er að eins nefnt kvikfé, en ekki beinlínis talað um sauðfé, en á árunum 1731—1733 gekk svipuð sótt víða um land og er þess þá getið, að hún hafi eigi aðeins lagst á hunda og nautgripi, heldur líka á hesta, sauðfé og refi.¹⁾

Af þeim farsóttum á sauðfé, sem gengið hafa á Íslandi, hafa bráðapestin og fjárkláðinn verið langskæðastar. *Bráðapestin* er líka kölluð bráðasótt, bráðafár, fár, bráði, bráðdaði, vinstraplága, vinstrafár o. fl. Þessi syki, sem hefir verið, og er enn, svo almenn, hefir gert Íslendingum afar mikið tjón, líklega eins mikið og fjárkláðinn, eða meira að öllu samtöldu. Þess var fyr getið, að bráðafárið fyrst virðist hafa farið að stinga sér niður á miðri 18. öld, að minsta kosti hafa menn ekki sögur af því fyr, en á hinni 19. öld magnaðist sóttin ákaflega, útbreiddist smátt og smátt um allt land og gerði víða stórtjón með köflum. Magnús Ketilsson getur um bráðasótt í Breiðafjarðareyjum á 18. öld, og þaðan mun hún hafa flutst á land í Dalasýslu, en lítið varð þó vart við hana þar fyr en 1801, þá olli hún sumum mikils fjártjóns.²⁾ Vér gátum fyr um bráðasótt í Hamarsfirði eystra 1793—95, þaðan virðist sóttin hafa breiðst um Múlasýslur, því á árunum 1807—1814 gekk mikil bráðasótt á Austfjörðum, síra Guttormur Pálsson, prestur á Hólmu í Reyðarfirði misti á 7 árum allt að 100 fjár úr bráðasótt, og fyrir nýjárið 1815 varð mikið tjón af veiki þessari á 4 bæjum í Hólmasókn. Það hefir verið sagt, að bráðasóttin hafi lagst frá á Hólmu um nokkurn tíma (1828—1837), og hafði það valdið, að þá hafði verið rýmkað til í fjárhúsunum, en eftir 1840 er svo frá skýrt, að þar deyji á Hólmu margt fé úr bráðasótt, »því það er títt að frá 10—30 fjár deyi úr henni á vetri.³⁾

¹⁾ Árferði á Íslandi, bls. 138, 140, 141.

²⁾ Minnisverð tíðindi II, bls. 423.

³⁾ Jón Sigurðsson: Um bráðasóttina á Íslandi 1873, bls. 9.

Um og fyrir 1810 gerði bráðasóttin vart við sig í Eyjafirði og drap þar á árunum 1810—1840 alt að 30 kindur á ári á sumum bæjum. Veturinn 1826—27 drap bráðapest 400 fjár í Eyjafirði og var þá eftir uppástungu Gríms Jónssonar amtmanns danskur dýralæknir, L. Heigard, sendur hingað til þess að rannsaka sóttina.¹⁾ Í ytri sveitunum við Eyjafjörð sýnist veiki þessi hafa komið minna fram, en þess er getið, að úr Eyjafirði hafi bráðasóttin komist í Skagafjarðardali, að Silfrastöðum og víðar í Skagafirði. Um og eftir gosin í Eyjafjallajökli 1822 og Kötlugosið 1823 telja menn í Mýrdal og undir Eyjafjöllum, að bráðasóttin hafi magnast og gert mjög mikið tjón²⁾; færðist sykin svo smátt og smátt yfir Rangárvallasýslu og út í Hreppa í Árnessýslu milli 1830 og 1840, og 1842 er sagt að fé í Vestmannaeyjum sýkist þar oft af bráðapest og er kœnt um aðfluttu fé úr Rangárvallasýslu. Í Grímsnesi er mælt að bráðapest hafi gengið síðan 1820 og í Húnavatnssýslu er sagt 1840, að hún stingi sér þar niður hér og hvar.³⁾

Á Austfjörðum var bráðapestin eins og fyr var greint mest í hinum syðri fjörðum, en eftir 1840 fór hún að breiðast út til nyrðri fjarðanna og um Úthérað, svo til hinna efri sveita Fljótsdals og Fella, og þótti mörgum hún magnast við Heklugosið 1845. Veturinn 1861—62 voru mikil vanhöld á fé eystra og dóu þá 1753 kindur á 29 bæjum í Fljótsdal úr bráðafári og öðrum kvillum.⁴⁾ Um og eftir 1830 fór alment að bera á bráðapest í Barðastrandar-, Snæfellsness- og Dalasýslum. Eftir 1840 fór hún að verða enn almennari og koma upp hér og hvar um allar sveitir, og um og eftir miðja öldina er hún í þeim sýslum orðin að sannnefndum faraldri. Eftir 1857, þegar féð fór að fækka, bæði sökum fjárkládans og af því að í ári harðnaði, minkaði pestin þar mjög og hvarf með öllu úr sumum sveitum að heita mátti, t. d. úr Breiðafjarðardölum, þar sem hún hafði

1) Lovsamling for Island IX, bls. 189—192.

2) Hirðir III, bls. 120.

3) Jón Sigurdsson: Um bráðasóttina, bls. 9—10.

4) Norðanfari II, 1863, bls. 20—21.

að undanfögnu geysað mjög á sumum bæjum. Eftir 1866 fór hún að taka sig upp aftur, og árin 1870—71 var hún skæð, næstu ár á eftir var hún vægari, en veturinn 1875—76 var hún með ákafasta móti víða á Vesturlandi og Suðurlandi.¹⁾ Á seinni hluta 19. aldar var bráðapestin yfirleitt að aukast um alt land og var orðin fullkomin landplága.

Ekki eru til skýrslur um það hve margt fé bráðapestin hefir drepit nema fyrir einstök ár og héruð, og er það auðséð á þeim tölum, sem fengist hafa, að hið fjárhagslega tjón oft hefir verið voðalega mikið. Á árunum 1854 og 1855 drápust hvort árið í Borgarfjarðarsýslu 1200 kindur, í Árnessýslu drápust veturinn 1854—55 1558 kindur, í Rangárvallasýslu 1925, í Skaftafellssýslu 1406, að því sem talið var, en úr ýmsum hreppum vantaði skýrslur. Var þá áætlað, að drepist hefði í Suðurumdæminu um 8000 fjár á ári, og var það fé eftir fjársölu þeirra tíma metið á 28,000 rd.²⁾ Á árunum 1849—54 var talið að drepist hefði í Suðurumdæminu að meðaltali 6—7000 kindur á ári. Veturinn 1870—71 var eftir áskorun dr. Jóns Hjaltalíns og fyrirskipun amtmanns safnað skýrslum um fjármissir úr bráðasótt, komu þá skýrslur úr öllum sýslum nema þremur (Norðurmúla-, Snæfellsness- og Barðastrandarsýslum), en í hinum höfðu þá drepist 11,345 kindur, flestar að tiltölu í Vestmannaeyjum (16,4% af fjártölunni), í Gullbringu- og Kjósarsýslum 10,7%, í Borgarfjarðarsýslu 10%. Alls drápust þá í Suðuramtinu 7418 kindur (5,3% af öllu fénu), flestar í Árnessýslu 2761 (5,9%), í Borgarfjarðarsýslu 1963, í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1360. Í Norðlendingafjórðungi drápust 1145 kindur, mest í Húnavatnssýslu 597 (1,01%), minst í Þingeyjarsýslu, þar drápust að eins 17 kindur (0,03%) og í Strandasýslu 81 (0,7%). Tölurnar úr Suðuramtinu sýna, að bráðapestin hefir, að minsta kosti frá því um miðja 19. öld, árlega lagt 7—8000 kindu skatt á bændur í því umdæmi. Yfirleitt virðast skýrslurnar benda á, að bráðasóttin kemur þar minst við

¹⁾ *Guðmundur Einarsson*: Um bráðapestina. Rvík 1876, bls. 1.

²⁾ *Hirðir III*, 1860, bls. 123.

sem féð er bezt hirt.¹⁾ Þó skýrslur vanti, er óhætt að segja að fjármissirinn af bráðapest hefir allan seinni hluta 19. aldar árlega verið mikill, oftast svo þúsundum skifti, en einstök ár hefir sýkin þotið upp og gert óvanalega mikið tjón eins og t. d. 1894, þá gekk mjög skæð bráðapest um haustið og gerði mest tjón fyrir sunnan og vestan. Í Árnessýslu einni er sagt að hafi farist um 6 þúsund fjár, í Borgarfjarðarsýslu hátt á 4. þúsund.²⁾

Það mun nú enginn efi á því, að bráðafárið er næmur sjúkdómur af miltisbruna kyni, en tekur féð eðlilega mismunandi eftir því hvernig það er undirbúið og fyrirkallað, gerir því minna mein þar sem féð er vel hirt og hefir góð hús. Margra ráða hefir verið leitað við þessum sjúkdómi og hafa flest haft litinn árangur, tilraunir alþýðu til lækninga og varúðarreglur gegn fárinu hafa verið margvíslegar og yrði of langt mál að geta þeirra hér nánar.³⁾ Einkennum bráðapestarinnar eins og hún kemur fram á Íslandi er líka víða lýst, sleppum vér þeim hér, en verðum að vísa til hinna sérstöku ritgjörða um það efni.⁴⁾

¹⁾ Heilbrigðistíðindi II, bls. 36–38. Jón Sigurðsson: Um bráðasóttina bls. 11–13.

²⁾ Búnaðarrit IX, bls. 189.

³⁾ Flest þar að lútandi er talið í ritlingi síra Guðmundar Einarssonar um bráðapestina 1876 og auk þess í ýmsum öðrum ritum.

⁴⁾ Um bráðapestina hefir margt verið ritað, og teljum vér hér hið helzta: Jón Sigurðsson: Um bráðasóttina á Íslandi og nokkur ráð við henni. Kmhöfn 1873, 37 bls. 8°. — Guðmundur Einarsson: Um bráðapestina og tilraunir til að varna henni. Rvík 1876, 27 bls. 8°. Sbr. Norðlingur I, 1875, bls. 77–78. Þjóðólfur 1875, bls. 68–69, 72; 1878, bls. 115–116. — Stutt skýrsla um orsakir fjársýkinnar á Íslandi, og um ráð til að eyða henni eftir A Petersen dýralækni. Kmhöfn 1846, 2 blöð 8°. — Snorri Jónsson: Husdyrhold og Husdyrsygdomme paa Island (Tidsskrift for Veterinærer 2. R. IX, 1879). Sami: Um fjárpestitina og hundapestina (Heilbrigðistíðindi I. 1871, bls. 57–64). Sami: Bráðasóttin. S. st. II, 1872, bls. 36–41). Sami: Um bráðafárið í sauðfé (Ný Félagsrit XXX, 1873, bls. 101–114). — Jón Hjaltalin: Bréf um fjársýkina á Íslandi (Ný Félagsrit X, 1850, bls. 132–137). Sami: Um bráðapest og ýms önnur fjárveikindi vor (Heilbrigðistíðindi II, 1872, bls. 65–69, 81–88). Sami: Bráðafar og landfarsóttir í alidýrum vorum (s. st. III, 1873, bls. 51–55). Sami: Um fjárpestitina (Þjóðólfur VII, 1855, bls. 30, 129–130. Sbr. VIII, bls. 40). Um fjárpestitina (Reykja-

Þegar hin mikla bráðapest geysaði 1894 var farið að reyna bólusetningar við henni eftir aðferð hins norska dýralæknis Ivar Nielsen's. Gengu tilraunir þessar misjafnlega í fyrstu og mishepnuðust sumar algjörlega. Um haustið 1895 útvegaði stjórnin samkvæmt fjarveitingu alþingis norskan dýralæknir, J. Bruland, til að rannsaka bráðapestina og á Vesturlandi gerði Hólmgeir Jensson tilraunir til bólusetninga.¹⁾ Árið 1897 byrjaði Magnús Einarsson dýralæknir bólusetningar syðra. Smátt og smátt hefir bólusetningin rutt sér til rúms og hefir komið að miklu gagni sem verndarmeðal gegn fárinu. Magnús Einarsson hefir ötult gengið fram í tilraunum þessum, stýrt þeim og gefið út skýrslur um þær.²⁾ Ýms bóluefni hafa verið tilbúin á tilraunastöð dönsku stjórnarinnar við landbúnaðarháskólann eftir fyrirsögu C. O. Jensens prófessors. Hin ýmsu efni hafa reynst misjafnlega, þeim var útbýtt ókeypis meðan á tilraununum stóð.³⁾

víkurlóstur II, 1847, bls. 28—29). — *Runólfur Sigurðsson*: Um fjarpestina (Landstíðindi I, 1850, bls. 42—43, 52—53). *Stefán Sigfússon*: Um bráðafárið og ráð og varnir gegn því (Búnaðarrit V, 1891, bls. 59—72). — *Sigurður Gunnarsson*: Um bráðafárið í saudfé (Norðanfari XV, 1876, bls. 69—70). Um bráðapestina (Hirðir III, 1861, bls. 120—127). Bráðafárið (Fróði I, 1880, bls. 354—355). *Bogi P. Pjetursson*: Steinolia sem varnarmeðal gegn bráðapest á saudfé (Ísafold XII, bls. 159). Sbr. Ísafold XIII, bls. 159. *Schiebeck*: Um bráðafárið (Ísafold XV, 1888, bls. 13—14, 110). H. J. Nokkur orð um bráðafárið (Þjóðólfur 44. árg. bls. 29—30). Búnaðarrit II, bls. 182—183. Norðri VI, 1858, bls. 74. *H. Krabbe*: Bradsoten hos Faarene i Island og paa Færøerne (Tidsskrift for Veterinærer 2 R. II. Bind, 1872, bls. 81—112. *Ivar Nielsen* i Bergen: Bradsot hos Faaret (Gastronycosis ovis) (Tidsskr. f. Vet. 2 R. 18. Bind, 1888, bls. 1—35). *Jón Hjaltalín*: Foreløbig Indberetning til Indenrigsministeriet om Faaresygen paa Island (Tidsskr. f. Vet. III, 1855, bls. 144—162).

¹⁾ Ísafold 1894, bls. 157. Þjóðviljinn IX, 1895, bls. 51—52; X, bls. 38; XI, bls. 59, 62—63; XIII, bls. 87; XIV, bls. 6. Fjallkonau 1903, bls. 173—174, 181—182. Þjóðólfur 1911, bls. 178. *Sig. Stefánsson*: Um bráðapest (í Vigur) (Freyr V, bls. 4—6).

²⁾ Skýrslur M. E. um bólusetningar: Freyr I, bls. 89—91, 97—99; II, bls. 76—77, 99—101; III, bls. 93—94; IV, bls. 92—94; V, bls. 61 64; VI, bls. 101—102, 129—132; VIII, bls. 97—98; X, bls. 111—112. Búnaðarrit XXII, bls. 67—70.

³⁾ Þó íslenzkir bændur Lafi hafa mikið gagn af þessum bólusetn-

en smátt og smátt hafa menn þokast áfram með reynslunni og notað það sem hentugast reyndist eftir kringumstæðum og mun niðurstaðan vera orðin sú, að tilraunir próf. Jensens hafa borið góðan árangur og gert sauðfjarræktinni á Íslandi ómetanlegt gagn. Á seinni árum hefir bráðafárið auðsjáanlega mikið minkað.

Fjárkláðinn. Kláði á sauðfé er algengur kvilli víða um lönd og hefir mönnum oft veitt örðugt að útrýma honum þegar hann hefir verið orðinn magnaður. Hvort kláðinn er landlægur á Íslandi frá fyrri öldum er vafamál, ekki hafa menn sögur af því, að kláðafaraldur hafi gengið um landið fyr en 1762, þá hóf fjársýkin mikla göngu sína og lætti eigi fyr en 1779; á 19. öld gekk svo kláðafaraldur 1856—77 um Suðurland, og í hvorutveggja skiftið hefir útlendum aðfluttum sauðpeningi verið kent um sýkinguna. Með óyggjandi rökum er þó ekki hægt að sanna, að fjársóttir þessar hafi verið aðfluttar, þó allmikil líkindi séu til þess, en það er heldur ekki hægt að sanna hið gagnstæða. Þó mun enginn efi á því, að kláði sá, sem kom í ljós undir lok 19. aldar, og hefir víða gert vart við sig á 19. öld um land alt, er innlendur eða orðinn innlendur, þó hann ef til vill eigi rót sína að rekja til hinna fyrri sótta.

Fjárkláðinn fyrri á 18. öld var oftast kallaður fjárpestin eða fjársýkin, stundum líka sauðaplágan eða hrútabólan. Þessi kláðafaraldur var hin langmesta fjársýki, sem gengið hefir um Ísland og gerði afarmikið tjón. Það er almenn sögn, að fjárkláðinn fyrri hafi komið hingað með hrúti af spönsku kyni, er Hastfer flutti hingað 1760. Þó er þetta engan veginn víst, frásagnirnar eru mjög á reiki, en nú mun varla hægt að komast að sannleikanum. Það er sagt að einn af hrútum Hastfers hafi verið frá Moss í Noregi og hann hafi verið veikur, er hann fór þaðan, og hrútur

ingum og ákaft sókst eftir bóluefnunum meðan þau voru gefin, virðast þeir ekki meta þau eins mikils þegar þeir eiga sjálfir að borga þau. Sbr. Freyr VI, bls. 130—131.

Þessi hafi svo sýkt hina á leiðinni.¹⁾ Hrúturinn var að sögn svo veikur er hann kom til Reykjavíkur, að hann lá þar 3 daga á túninu, var svo reiddur upp að Setbergi til Guðmundar Runólfssonar sýslumanns, lá þar aðra þrjá daga og var svo fluttur upp að Elliðavatni, var látinn innan um hitt féð og sýkti það. Frá fjárræktarbúinu fóru svo næsta ár hrútar að Leirá í Borgarfirði, Hjálmholti og Skálholti og frá þeim útbreiddist kláðinn um landið.²⁾ Ýmislegt er mjög grunsamlegt í þessum frásögnum, kláðinn á að hafa komið hingað 1760, en ekkert fer að bera á honum fyrir en haustið 1762; Hastfer þekti mjög vel fjárkláða og getur hans í riti sínu, ólíklegt að hann hefði eigi reynt að stemma stigu fyrir honum, og á alþingi 1761 eru hrútar og fénaður frá Elliðavatni opinberlega boðið bændum til kynbóta af sjálfum amtmaninum og enginn nefnir kláða eða fjársýki, sem þó átti að hafa verið mögnuð á Elliðavatni heilu ári áður. Eggert Ólafsson segir líka:³⁾ »Flestir segja að fjársýkin hafi verið að kenna hinu útlenda fé, sem flutt var til fjárræktarbúsins, en aðrir stóðu fast á því, að þeir gætu sannað, að kláðinn fyrst hefði sýnt sig langt frá fjárbúinu, þar sem engin kind af hinu útlenda kyni hafði komið«. Við svipaðan sjúkdóm á sauðfé segir Eggert að fyrir hafi orðið vart, en þó öðruvísi, ljótur útsláttur kom á allan kroppinn, ullin datt af og kjötið fekk alstaðar rauða bletti.

Annálaritarar segja, að fjársýkin hafi þegar í byrjun verið mikil og geysileg, með kláða og skurfum, svita og

¹⁾ Sumir hafa kent Skúla Magnússyui fógeta um innflutning fjárkláðans, segja það hafi verið að kenna stífnu hans að hrúturinn var tekinn með, þó Hastfer álitu hann sjúkan (Fr. Eggerz: Um jarðamat, fjárkláða o. fl. Rvík 1866, bls. 57—58). Það er nú ördugt að skera úr hvort nokkur tilhæfa er í þessu, eða hvort sagan er uppspunnin Skúla fógeta til ófrægðar. Sæmundur Hólm ber Skúla líka á brýn innflutning kláðans og margt annað ilt, en það er nú lítið að marka hvað hann segir um þá, sem honum var illa við. Framfaramenn 18. aldar fengu fyrir tilraunir sínar og óserplægni engar aðrar þakkir hjá alþýðu en niðkviðlinga, skammir og skæting.

²⁾ Ny Kgl. Samling 1098 Fol., bls. 34—36.

³⁾ Ferðabók E. Ól., bls. 979.

sérlegri ónáttúru«.¹) Annar annáll lýsir kláðanum þannig: »Svo var ásigkomulag þessarar fjárótíngunar, að hrúðurþykni komu í jógrið eða koðrann og nárana, hljóp svo skinnið saman í þykkva húð með stóru hrúðri um malirnar, bógena, hrygginn og síðurnar, neri sig og reif af sér ullina við steina og hæðir hvar gat, kvonaðist(!) síðan upp og drapst síðan í hor og vesöld; jafnvel þó fundist á því nokkur holdtóra, var í því enginn mör; það út af drapst var lítt ætt, bláir blettir urðu á ketinu, hverja burt varð að skera ef ætt skyldi vera, var bezt vel saltað«.²) Jón Espólin lýsir fjársýkinni svo: »Sló út um sauðkindur á herðakambi, kviði eða nárum, og var ei ætt það er drapst, fyrir því skáru margir fé sitt heilbrigt fyrir ótta sakir; var hún í því verri en önnur sóttarkyn, að þó ein sauðkind sýndist heil orðin, var hún jafnskjótt yfirfallin aftur, tvisvar eða þrisvar á sama vetri eða vori. en á sumrum varð heldur hlé á; kom hún þó aptur jafnskjótt sem haustaði eða vetaði. og gekk svo hvert ár að öðru; varð eitt ár á milli á sumum bæjum, svo peningur sýktist ei skaðlega, en annað ár var hún þess þyngri; hafði hún ýmislegt atferli á sauðfé, kom út á sumum með þurrum kláða, vosum og skurfum, þurfti þá að klippa af ullina; en á öðrum kom bleytusuddi um herðakambinn, og svo hrygg og síður, í gegnum ullina, til þess er ullarkápan losnaði af hörundinu í einu, og var kvikan eftir vot, var sú miklu verri og hættulegri en hin; á sumum kom mest í fæturnar með bjúg og bólgu, svo klaufir leysti af, var það verst viðureignar, og varla ómaksvert að draga þær kindur við líf, er með þeim hætti sýktust, þó etið gæti. Þá voru enn nokkrar, sem bólgu fengu í höfuðið, og gróf úr augun, og féllu af hor, bólgnuðu varir og tunga, og þurfti þeim ei líf að ætla; má af slíku sjá hver bágindi og skort á ull og öðru bjargræði menn áttu þá við að vera.«³)

¹) Annáll Magnúsar Péturssonar á Höskuldstöðum. Hdrs. Bmf. 149, 4º.

²) Breiðafjarðarannáll Hdrs. J. S. 39 Fol.

³) Árb. Esp. X, bls. 72.

Um haustið 1762 fór fjársýkin að ganga um Árnessýslu og fé drapst þar hrönnum svo að sumir mistu alt fé sitt; árið eftir gekk fjárkláðinn enn um Árnessýslu og um Borgarfjarðar-, Gullbringu- og Kjósarsýslur, 1764 útbreiddist sýkin austur og vestur og gekk um Rangárvallasýslu, Mýra-Snaefellsness- og Húnavatnssýslur, 1765 er hún komin í Stranda- og Dalasýslur og í Skagafjörð. Á alþingi 1766 er sagt, að þá hafi fjárkláðinn eyðilaggt nærri alt sauðfé frá Jökulsá á Sólheimasandi suðvestur og norður um alt land að Öxnadalshéiði, að Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum undanteknum.¹⁾ Þetta er þó nokkuð orðum aukið í þingbókinni, því margar sveitir á þessu svæði höfðu enn eigi orðið fyrir miklum kláðafaraldri, þó sýkin kæmi þar seinna; en rétt er greint frá aðalútbreiðslu sóttarinnar. Voru þá þegar margir farnir að skera niður, einkum í Dalasýslu og afarmikið skurðarfé var rekið í alla kaupstaði. Árið 1767 var pestin einnig komin til Vestfjarða og var farin að ganga um Ísafjarðarsýslu og eystri hluta Barðastrandarsýslu, en vestri hluti sýslunnar, milli Breiðafjarðar og Arnarfjarðar var kláðalaus; voru þar haldnir bænadagar af öllum prestum gegn sóttinni.²⁾ Síðan var eftir konungsboði 1770 beðið móti fjársýkinni af öllum prédikunarstólum á landinu í vanalegri kirkjubæn.³⁾ Í ýmsar sveitir í Ísafjarðarsýslu er sagt að fjársýkin hafi aldrei komið. Fjárkláðinn var hin næstu ár enn að magnast á hinum umtöluðu svæðum og gerði mikið tjón. Árin 1772—74 gekk fjársýkin um Eyjafjarðarsýslu og komst á nokkra bæi í Þingeyjarsýslu, en 1775 var hún komin um allan vesturpart sýslunnar að Skjálfandafljóti og árið eftir gekk hún fyrir austan fljót, en komst aldrei austur fyrir Jökulsá á Fjöllum, svo Norður-Þingeyjarsýsla. Múlasýslur og Skaftafellssýslur komust hjá kláðanum, því austur fyrir Jökulsá á Sólheimasandi komst hann heldur ekki að sunnan.

Flestir embættismenn voru niðurskurðarmenn, þar á

¹⁾ Lögþingisbókin 1766, nr. 16.

²⁾ Bréf Eggerts Ólafssonar í Andvara I, bls. 191.

³⁾ Árb. Esp. X, bls. 97.

meðal Magnús Ketilsson sýslumaður, sem áleit niðurskurð hið eina ráð, af því lækningar væru altof kostnaðarsamar fyrir íslenzka bændur.¹⁾ Bjarni Pálsson landlæknir hélt þegar í byrjun fram lækningum og ritaði umburðarbréf til Íslands búenda um lækningar við sauðfjársýkinni dags. á Bessastöðum 10. nóv. 1762,²⁾ og ritaði síðan hvað eftir annað ráðleggingar og lækningauppástungur, einnig eftir ráðstöfunum stjórnarinnar »Vegvisir til lækningarreynslu við kláðaféð 1775«.³⁾ Landsnefndin 1770 átti meðal annars að leggja ráð á hvernig stemma ætti stigu fyrir fjárkláðanum. Þá var sýslumönnum og hreppstjórum boðið að taka tölu á sauðfé með samanburði við það sem verið hafði fyrir sauðapláguna.⁴⁾ Landsnefndin komst að þeirri niðurstöðu, að best væri að skera niður, og lagði til að öllu fé á kláðasvæðinu væri slátrað á sama ári og öll fjárhús rifin niður. Þetta þótti þó Thordal stiptamtanni og öðrum ísjárverð aðferð og varla framkvæmanleg, og niðurstaðan varð að stjórnin í samráði við embættismenn á Íslandi gaf út »Forordning um meðöl til að hindra fjársýkinnar framgang á Íslandi« 22. maí 1772.⁵⁾ Í þessari tilskipun var valdboðinn almennur niðurskurður, en þó svo, að hvert byggðarlag eða sýsla skyldi tekin fyrir sér í lagi og skorið niður smátt og smátt á öllu svæðinu, alt fé skyldi skorið að haustinu, en ósjúkt fé mátti eigi flytja í það hérað fyr en næsta sumar, öll fjárhús átti að rífa og dreifa efninu o. s. frv. Mun öllum þeim varúðarreglum varla hafa verið fylgt. Almennur niðurskurður var svo framkvæmdur á árunum 1772—79 í öllum sýslum og sveitum þar sem sýkinnar hafði orðið vart, en nýr fjárstofn var fluttur þangað úr heilbrigðu héruðunum.⁶⁾

¹⁾ M. K. Sauðfjærhirðing, bls. 167—168.

²⁾ Hdrs. Lbs. nr. 233, 4^o.

³⁾ Ferðabók O. Olavii. Formáli bls. 75.

⁴⁾ Síra Magnús Pétursson segir í annál sínum, að þá hafi verið rúm fjögur hundruð (líklega stór) í Skagastrandarhreppi, en er fjársýkin kom þar 1766 nær 22½ hundraði.

⁵⁾ Lovsamling for Island III, bls. 754—763.

⁶⁾ Um niðurskurðinn hefir Jón Eiríksson ítarlega ritað í formála fyrir Ferðabók Olavii, bls. 74—88.

Þó skorið væri, var fjárkláðinn þó á næstu árum að gjósa upp aftur hér og hvar á kláðasvæðinu og var þar jafnóðum skorið niður aftur, svo stofninn gat ei náð að tímgastrá ný; þessi missir veikti mjög efnahag alþýðu, svo menn þöldu illa þær miklu hriðir, er síðar komu. Það er alment talið, að búid hafi verið að útrýma fjársýkinni algjörlega á árunum 1779—80, en þó kom hún upp aftur í Miðfirði 1782 á 24 bæjum og var féð þar alt skorið niður á nýjan leik, en stjórnin veitti bændunum styrk til að kaupa heilbrigðan fjárstofn og byggja ný fjárhús. Þá var presturinn á Staðarbakka, Eiríkur Ólafsson, sektaður fyrir vanrækslu í að framfylgja niðurskurðartilskipuninni 1772 og sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, Magnús Gíslason, fekk opinbera áminningu fyrir tómlæti¹⁾. Eftir því sem næst verður komist, drápust 279,703 sauðkindur meðan á fjársýkinni stóð eða voru skornar niður²⁾. Undarlegt var það að fénu fækkaði 1760—70 engu síður í þeim sýslum þar sem enginn kláði kom og þó var gott árferði á þessu tímabili.

Fjárkláðinn seinni, sem oft var kallaður hinn *sunnlenzki fjárkláði*, stóð yfir, að því sem vanalega er talið, í 20 ár, 1856—1877, en þó var fjársýki þessi ekki verulega mögnuð nema á árunum 1856—1859 og komst aldrei í neinn samjöfnuð við hinn fyrri fjárkláða. Flestum kemur saman um að kláðasjúkdómur þessi hafi átt uppruna sinn að rekja til 4 enskra lamba, sem flutt voru til landsins 1855. Fimmtudaginn í 21. viku sumars 1855 var Gísli Gíslason í Gröf í Mosfellssveit sendur frá Reykjavík með 4 ensk lömb, sem áttu að fara austur að Hraungerði, hann reiddi lömbin í kláfum, en komst ekki sökum óveðurs nema undir Lyklafell, og sneri svo aftur ofan að Miðdal, þar bað hann fyrir lömbin þangað til betur gæfi að flytja þau, voru þau

¹⁾ Lovsamling for Island V, bls. 6—7.

²⁾ Arnljótur Ólafsson í Skýrslum um landshagi II, bls. 91. Sjá eunfremur um fjárkláðann fyrri: Islandske Maanedstidender I, bls. 11—12, 50, 102; II, bls. 63—64, 89—91; III, bls. 198—199. Hriðir I, bls. 17—20, 30—39, 41—48.

þar í 1² viku. þangað til sami maður flutti þau austur¹⁾. Lömbin voru höfð á túninu í Miðdal og blönduðust þar saman við fé í fjárrétt og dýrbitið islenzkt lamb var líka haft á túninu með þeim. Það sýndi sig við skoðun heimafólks og bónda á Reynisvatni, að ensku lömbin voru kláðasjúk og skömmu síðar kom kláði fram í dýrbitna lambinu, en því var samt, er það fór að ná sér eftir dýrbitið, slept innan um annað fé, sem gekk úti, og var ekki skoðað fyrr en í 1. viku þorra. Þá var kláði kominn á eina á, en um páska var margt fé orðið kláðugt og um sumarið eftir var mestalt féð orðið sjúkt, var þá leitað lækninga, en þær dugðu ekki. Frá Miðdalsfénu var sagt að kláðinn hefði breiðst út um Mosfellssveit²⁾, og til Borgarfjarðar kom kláðinn með kindum, sem heimtust úr Þingvallarétt. Í Bitru í Flóa byrjaði kláðinn einnig mjög snemma og var það í almæli, að vinnumaður, er skar ensku lömbin í Hraungerði, hefði rétt á eftir skoðað fé í Bitru, og ef til vill flutt þangað sóttnæmið. Um vorið 1856, áður en á fjall var rekið, hafði kláðans hvergi orðið vart nema í Miðdal og Bitru. Dr. Jón Hjaltalín og aðrir lækningamenn neituðu því að kláðinn væri útlendur, sögðu hann innlendan óþrifa-kláða, sem hefði komið upp hingað og þangað samtímis í mörgum sýslum og magnast af skæmdum heyjum og illri meðferð á fé.

Um haustið 1856 hafði kláðinn þegar fengið mikla útbreiðslu, hann var kominn á flesta bæi í Mosfellssveit, um efri hluta Seltjarnarness, í Álftaneshrepp, á Vatnsleysuströnd og Suðurnes; austanfjalls var hann kominn í Ölfus, Grafning, Flóa, Skeið og Ytriðhrepp og hans varð vart í Grímsnesi og ofan til á Rangárvöllum, þá varð síðar um haustið einnig vart við hann í Kjós og í hinum fremri sveitum í Borgarfirði. Trampe greifi, sem þá var stiptamtmaður, reyndi þegar að stemma stigu fyrir þessum kvilla

¹⁾ Hér er farið eftir skýrslu Erlendar Pálmasonar, sem Norðlingar sendu suður til að rannsaka fjárkláðann, hún er prentuð í Nordra V. 1857, bls. 43—45.

²⁾ Þjóðólfur VIII, bls. 137.

og skipaði skoðun á öllu fé og niðurskurð á kláðafé eftir tilskipun 12. maí 1772. Skipun þessari mun þó víst óviða hafa verið hlýtt, enda var sú takmörkun gerð, að bændur, sem áttu kláðafé, fengu kost á fresti með niðurskurð, ef þeir vildu gjöra tilraunir með lækning á kláðanum á sjálfra þeirra kostnað og gátu varnað kláðafénu samgöngur við heilbriggt fé¹⁾. Undir forustu dr. Jóns Hjaltalíns og Teits Finnbogasonar dýralæknis voru gerðar töluverðar tilraunir til lækninga, þó með litlum árangri. Í desember mánuði 1856 er þess getið, að kláðinn þegar sé búinn að fá mikla útbreiðslu um Árness-, Rangárvalla-, Borgarfjarðar- og Mýrasýslur, kláði hafði sézt á nokkrum kindum í Mýrdal, einnig norður í Miðfirði, um Skógarströnd og Miðdali. Víðast var sjúkdómurinn þó vægur nema í Ölfusi, Grafningi og Mosfellssveit, þar virtist hann annarar og verri tegundar²⁾.

Trampe greifi hætti fljótt að framfylgja niðurskurði, gaf 13. febrúar 1857 út auglýsing um kláðalækningar og sendi Teit Finnbogason um amtið til »að leita allra þeirra meðala, sem reynast mættu hentug til að útrýma sýkinni«; átti þá líka að baða fé um haustið. Frá þeim bæjum, sem vart hafði orðið við kláða seinustu 14 dagana var bannað að reka nokkra skepnu á fjall³⁾. Kláði sá, sem hafði stungið sér niður í Vesturumdæmi, í Mýra-, Hnappadals-, Snæfellsness- og Dalasýslum, var mjög vægur, og var að mestu horfinn næsta vor, en í Borgarfjarðarsýslu og annarstaðar á Suðurlandi var sýkin víða skæð og hættuleg. Amtmennu nyrðra og vestra stungu þá þegar upp á kláðaverði til að verja umdæmi þeirra og Jörgen Pjetur Havstøen amtmaður, sem var ákafur niðurskurðarmaður, stakk nú þegar upp á því að alt kláðasjúkt og grunað fé væri skorið. Í sama strenginn tók alþingi 1857, þar var samið lagafrumvarp um almennan niðurskurð á öllu fé bæði sjúku og heilbrigðu í Árness-, Kjósar-, Gullbringu- og Borgarfjarðarsýslum fyrir

1) Þjóðólfur VIII, bls. 145—146.

2) Þjóðólfur IX, bls. 19.

3) Tiðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 168—173.

31. desember s. á. Þó mátti hver bóndi eftir þessu frumvarpi setja nokkrar ær á vetur, þó eigi fleiri en 100 að meðtöldum kúgildis ám og nokkra hrúta. en öllu öðru fé sjúku og heilbrigðu átti að lóga; hefði þessi kynlega ráðstöfun verið framkvæmd, hefði niðurskurðurinn orðið að litlu gagni. Því hrútar og ær geta fengið kláða einsog annað fé. Þetta lagafrumvarp vildi stjórnin eðlilega ekki samþykkja. en lét þó eftir, að menn mættu undir umsjón stiptamtmanns haga tilraunum til útrýmingar kláðanum fyrst um sinn eins og álitid væri hentugast í hverju héraði. Afleiðingin af þessu varð eðlilega eintómur glundroði. sumir skáru, aðrir læknuðu og alt varð á tjá og tundri. Samt hélt stjórnin fram lækningum, þó hún vildi eigi valdbjóða þær. sá líklega að mótspyrna alþýðu mundi verða svo mikil að eigi mundi hægt að framkvæma slíkar ráðstafanir, og þegar stjórnin loks 1859 tók fastara í taumana, var niðurskurðurinn um garð genginn. Samkvæmt ákvörðun alþingis gaf stiptamtmaður 27. ágúst 1857 út auglýsing um að rífa fjárhús og byggja ný. ýmislegt viðvikjandi eftirliti og lækningum o. s. frv.¹⁾, sem ekkert kom til framkvæmda. enginn skeytti þeim fyrirskipunum.

Saga fjárkláðans upp frá þessu og alla tíð er ekki annað en sífeldar deilur, þras og stifni milli lækningamanna og niðurskurðarmanna. Stjórnin heldur með lækningum samkvæmt tillögum þeim, sem lærðir dýralæknar gera og henni fylgja ýmsir af leiðtogum Íslendinga eins og Jón Sigurðsson forseti, Jón Hjaltalín landlæknir og nokkrir aðrir. Alment verður þó niðurskurðarhugmyndin ofan á hjá alþýðu og flestollum embættismönnum út um landið. Sérstaklega voru Norðlingar ákafir niðurskurðarmenn og gerðist Jörgen Pjetur Havsteen þegar foringi þeirra; hann var gedríkur maður og ákafur, sýndi í þessu máli oft mikið gjöræði og skeytti lítið um tilskipanir stjórnarinnar; fékk hann af þessu mikla lýðhylli á Norðurlandi, meðan kláðarimman stóð sem hæst. enda var það á 19. öld jafnan hinn

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni I. bls. 192—203.

vissasti vegur til lýðhylli, að standa upp í hárinu á stjórninni, hvort sem hún hafði á réttu eða röngu að standa. Haustið 1857 fór að bera á kláða í Húnavatnssýslu og lét Havsteen amtmaður þá skera niður alt geldfé fyrir vestan Blöndu, var þá skorið hjá sumum nauðugum, en nokkrir (t. d. presturinn á Staðarbakka, Gísli Gíslason og Kristján Jónsson bóndi í Stóradal) ráku fé sitt suður í Borgarfjörð til að koma því hjá skurði. Síðar vildi amtmaður jafna öllum skaðabótunum fyrir þenna niðurskurð (67.544 rd.) niður á amtsbúa, hvort sem þeir vildu eða eigi, en stjórnin bannaði það¹⁾. Amtmaðurinn í Vesturamtinu, Páll Melsted, var og hlyntur niðurskurði, hann skipaði niðurskurð í Mýrasýslu og voru ekki allir jafnfúsir á að farga fé sínu. 13 bændur í Hvítársíðu mæltu þannig harðlega á móti og heimtuðu háar skaðabætur. Á Suðurlandi urðu niðurskurðarmenn líka ofan á, þar voru haustið og veturinn 1857—58, mest fyrir áeggjan Norðlendinga, skornar niður um 100 þúsundir fjár, mestmegnis kláðalítið fé eða kláðalaust²⁾. Jafnframt var í sumum sveitum, einkum nærri Reykjavík, gengið útult fram í lækningatilaunum, og vorið 1857 seldi Randrup lyfsali kláðalyf á 84 þúsund kindur³⁾.

Það var nú úr vöndu að ráða, hver höndin uppá móti annari, flestir skáru, sumir læknuðu, sumir vildu beita valdi, aðrir vildu eigi þýðast valdboðin. Þá tók stjórnin það til bragðs um vorið 1859 að senda fullvalda erindreka sína tvo til Íslands, yfirdýralækni prófessor Tscherning og Jón Sigurðsson skjalavörð og forseta, til þess að útrýma fjársýkinni. Fengu þeir »ótakmarkað vald til að gjöra allar þær ráðstafanir, sem þeim kynni að þykja nauðsynlegar« til þess að ná þessum tilgangi, og var öllum embættismönnum á Íslandi boðið að láta þeim í té allar skýrslur og aðstoða þá á allan hátt⁴⁾. Jafnframt voru tveir dýralæknar sendir

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 212, 288, 356 og víðar. Hirðir I, bls. 145.

²⁾ Hirðir I, bls. 124, 137.

³⁾ S. st. I, bls. 15.

⁴⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 261—262, 277, 324

til Íslands, Hansteen og Krause, og á fjárlögnum dönsku voru stjórninni veittir 30 þús. rd. til þess að standa straum af þessum ráðstöfunum viðvíkjandi fjárkláðanum. Umboðsmenn gáfu út »Almennar reglur, sem gilda skyldu fyrst um sinn á Íslandi viðvíkjandi fjárkláðanum« 14. sept. 1859¹⁾. Þeir settu síðan nefnd manna í Reykjavík, sem átti að framkvæma ráðstafanir þeirra²⁾. Erindrekarir sigldu um haustið, en dýralæknarnir voru á Íslandi til næsta árs. Nú var tekið til óspiltra mála, og var margt fé læknað, en sumstaðar var skorið niður, en verðir voru þessi ár víða hafðir á fjöllum milli landshluta³⁾. Virtust þessar ráðstafanir hafa góðan árangur, svo að talið var, að búið væri að útrýma kláðanum veturinn 1860—61, og næsta sumar var kláðanefndin lögð niður⁴⁾. Jón Sigurðsson var þá um stund mjög óvinsæll á Íslandi, því niðurskurðarmenn voru í meiri hluta og æsingin mikil gegn lækningum, það þótti landráðum næst að mæla þeim bót. Á alþingi voru niðurskurðarmenn jafnan í meiri hluta og 1859 hafði alþingi opinberlega og í þegnlegri bænarskrá »lýst yfir almennri óánægju yfir ráðstöfunum stjórnarinnar í þessu máli«⁵⁾. Meiri hlutinn í kláðamálinu á alþingi 1861 neitaði að senda stjórninni ágreiningsatriði minni hlutans og 1863 tekur þingið þá óvanalegu ákvörðun sjálft að senda umburðarbréf um sveitir til að hvetja menn til niðurskurðar og áleit stjórnin þessa aðferð edlilega fyrir utan stöðu þingsins og verkahring⁶⁾.

Það hafði þó ekki tekist að útrýma kláðanum í þetta sinn. Veturinn 1861—62 varð aftur vart við fjársýki þessa á nokkrum bæjum á við og dreif í Mosfellssveit, í Borgar-

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 297—304.

2) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 319—320, 338, 377—378, 401—402, 404.

3) Erindisbréf fyrir varðmenn í línunni frá Blöndudal í Jökulfall er prentað í Norðra VI, 1858, bls. 38—40.

4) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 468, 492.

5) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 480—81.

6) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 733, 763—764. Þjóðólfur XV, 1863, bls. 173.

fjarðarsýslu, Rosmhvalaneshreppi og á Kjalarnesi¹⁾. Kláðinn hvarf þó fljótt úr Borgarfirði og 1863 var þar orðið kláðalaust, en sýkin gjörði veturinn 1863—64 vart við sig á stöku bæjum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og var henni að mestu útrýmt þar á næsta ári, en í Árnessýslu kom kláðinn fram á ýmsum bæjum veturinn 1864—65 og svona var verið að eltast við hann sveit úr sveit, en hvergi var hann sérlega magnaður. Árið 1866 voru gerðar nýjar lækningarárstafanir og stiptamtmaður stakk uppá nýrri kláðanefnd og 5. janúar s. á. var gefin út ný tilskipun um fjárkláðann²⁾. Haustið 1867 var enn sendur danskur dýralæknir H. F. O. Nielsen til Íslands, og á næstu árum var kláðinn að stínga sér niður í hinum sömu héruðum þrátt fyrir allar baðanir og lækningatilraunir. Með tilskipun 1. marz 1871 veitti stjórnin amtmönnum vald til niðurskurðar undir vissum kringumstæðum, en það vald höfðu þeir áður tekið sér sjálfir. Á árunum 1870—77 var fjárkláðinn enn að gera vart við sig hér og hvar í Árness-, Borgarfjarðar-, Gullbringu- og Kjósarsýslum; út fyrir svæði, sem takmarkaðist af Brúará, Hvítá og Ölfusá að austan og af Hvítá í Borgarfirði að vestan, komst kláðinn ekki á þessum árum; var stöðugt verið að berjast við að útrýma honum með lækningum, böðunum og niðurskurði á stöku bæ, þar sem féð var sjúkast, en verðir voru hafðir á takmörkum kláðasvæðisins. Kláðinn kom þó jafnóðum fram einhverstaðar aftur, enda voru menn ekki alstaðar hlýðnir og hirðusamir í að gegna fyrirskipunum yfirvaldanna. Hinn 9. september 1875 fekk Jón Jónsson landritari umboð landshöfðingja til að vera lögreglustjóri til upprætingar fjárkláðanum, og gekk hann ótullega fram, var á stöðugum ferðalögum til að líta eftir fjárskoðunum, böðunum og niðurskurði, enda tókst þá loks að útrýma sýkinni svo, að hennar varð hvergi vart um veturinn 1877—1878; var svo lögreglustjórn Jóns landritara lögð niður 26. febrúar 1878.

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, bls. 604—606; II, bls. 39.

²⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II, bls. 169, 263—68, 333, 788.

Það er auðséð á því, sem hér hefur verið skráð, að fjárkláði þessi kemst ekki í neinn samjöfnuð við fjársýkina á 18. öld. var bæði vægari og náði yfir miklu minna svæði, var aðallega bundinn við Suðurland og var því vanalega kallaður hinn sunnlenzki fjárkláði. Þegar kláðinn var ákafastur, komst hann ekki nema austur í Mýrdal, vestur í Dalasýslu og Snæfellsnessýslu og norður í vestanverða Húnavatnssýslu, þar var honum þó fjótt útrýmt með niðurskurði og á Snæfellsnesi og í Dölum hjaðnaði hann fjótt niður aftur, enda efasamt hvort óprifin í fé þar hafa nokkuð staðið í sambandi við hinn sunnlenzka fjárkláða. Aðalsvæði kláðans var á milli Hvítáanna eystri og vestri, og þar var hann þrálátastur, tók þó aldrei alt fé, en var að stínga sér niður hér og hvar. Samt sem áður gerði fjárkláðinn landinu afarmikið tjón; sauðpeningur, sem niður var skorinn, kostaði stórfé, eins voru allar ráðstafanir til útrýmingar fjárkláðanum, lækningalyf, baðanir, fjárskoðanir, dýralæknar, fjallaverðir, sendiferðir o. fl. mjög kostnaðarsamt. Kláðafargan þetta hefur eflaust kostað landið margar miljónir, fyrir utan hin miklu óbeinu áhrif, sem upp-ræting bústofnsins í heilum héruðum hlaut að hafa á afkomu og bjargræði manna. Nú eru víst flestir á þeirri skoðun, að niðurskurðurinn hafi víðast verið óþarfur, menn gripu til þessa óyndisúrræðis í einhverju ofboði og flum-ósuæði, en æsingarnar voru svo miklar, að ekki var hægt að koma viti fyrir menn.

Niðurskurðurinn hafði eðlilega mjög mikil áhrif á fjárfjölda landsins. Fjártalan á öllu landinu féll úr 507 þúsundum 1854, niður í 382 þúsund 1858 og 311 þúsund 1859. Svo fór dálítið að rétta við úr því, en fjáreignin náði sér eigi alveg fyrr en 1878—79. Á 5 árum (1855—59) fækkaði fénu á öllu landinu um 196,738 eða 38.8% eða rúman þriðjung; í Suðurumdæmi um 69,1%, í Vesturumdæmi um 33,8%, í Norður- og Austurumdæmi um 24,5%. Í Norðurmúlasýslu einni fjölgaði á þessu tímabili um 1042 kindur eða 2.2%. Á hinu eiginlega kláðasvæði fækkaði eðlilega mest, í Rangárvallasýslu um 85%, í Árnes-

Fjártala á kláðasræðinu 1854—1859.

	1854	1855	1856	1858	1859
Rangárvallasýsla	35734	29416	27207	21054	5368
Arnessýsla	45922	45512	39055	5092	11364
Gullbringu- og Kjósarsýsla	11624	10303	8508	2145	2572
Borgarfjarðarsýsla	16186	15174	13465	4089	3948
Mýra- og Hnappadalssýsla	25473	22703	21901	19417	14985
Snæfellsnessýsla	11980	9765	9210	8905	6944
Dalassýsla	18520	17716	17418	15881	13260
Húnavatnssýsla	57660	55277	52760	40808	31668

sýslu 75,2 % í Gullbringu- og Kjósarsýslu 77,8 %, í Borgarfjarðarsýslu 75,6 % og í Húnavatnssýslu um 45,1 %, því þar lét Havstein skera fyrir vestan Blöndu. Því má geta nærri að velmegun manna í þessum sýslum hefir farið mjög aftur, þegar aðalbjargræðisstofninum var fargað og allar afurðir sauðfénaðar mistust, t. d. ull, kjöt, smjör, skyr, síra o. fl. Í sumum hreppum í Rangárvallasýslu, t. d. í Landmanna- og Hvolhreppi, var í fardögum 1859 ekki ein einasta sauðkind lifandi, því þá var niðurskurður þar nýlega afstaðinn, og í allri sýslunni voru þá ekki eftir nema 15 kindur af hverju hundraði. Einkennilegt er það hve fé líka fækkaði mikið í öðrum sýslum fyrir utan kláðasvæðið á þessu árabili, alveg eins og í fyrri fjárkláðanum. Lækningamenn vildu sumir skýra það svo, að einhver innlend óþrif og ótíngun hefði þá komið í allan sauðpening Íslandinga, en mest komið fram á Suðurlandi í hinum svokallaða fjárkláða.¹⁾

Nokkru fyrir aldamótin urðu menn þess varir, að fjár-

¹⁾ Við samningu yfirlits þessa hefi eg aðallega fylgt opinberum skýrslum og stjórnarbréfum, sem prentuð eru í »Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands« og í »Stjórnartíðindum fyrir Ísland«. Í blöðum frá þeim tíma er urmull af fréttapistlum og deilugreinum um fjárkláðann, margt af þessu er þýðingarlaust og sumt ritað með ofsa og æsingu. Lækningamenn héldu út sérstöku tímariti, sem hét Hirðir I—III. Rvík 1857—1861; 208 + 114 + 128 bls. 8°. Þó tímarit þetta sé eðlilega einblíða, þá inniheldur það þó ýmsan fróðleik, sem þýðingu hefur. Sjá ennfremur: *Jón Hjaltalín* og *Teitur Finnbogason*: Stuttur leidar-

kláði hafði fengið allmikla útbreiðslu í Múlasýslu.¹⁾ Amtsráðið styrkti þá Sigurð Sigurðsson búfræðing frá Draflastöðum, sem var við nám á búnaðarskólanum í Stend, til þess að kynna sér kláðalækningar, og veturinn 1898--99 og síðar stóð hann fyrir ráðstöfunum, sem að tilstilli amtsráðsins voru gerðar til að útrýma fjárkláðanum á Austurlandi.²⁾ Um aldamótin urðu menn þess enn fremur áskynja, að kláðinn var orðinn mjög algengur víðsvegar um land.³⁾ Páll Briem amtmaður tók þá með mikilli röggsemi að hvetja til ráðstafana gegn þessum ófögnuði. Þá voru gefin út ný kláðalög 8. nóv. 1901 með ýmsum viðaukum við tilskipanir 1866 og 1871.⁴⁾ Var amtmönnum þá heimilað að valdþjóða skoðun og böðun sauðfjár og sótilhreinsun á fjárhúsum, en með lögum 13. nóv. 1903 var landsstjórninni veitt heimild til að setja framkvæmdarstjóra fyrir land alt til algerðrar útrýmingar fjárkláðanum, og gæti hann tekið sér aðstöðarmenn eftir þörfum.⁵⁾ Mun Páll Briem hafa verið aðalhvatamaður þessara ráðstafana. Þá var norskur bóndi, O. T. Myklestad að nafni, sem talsvert hafði fengist við

vísir til að lækna fjárkláða. Rvík 1856, 4 bls. 8^o. *Snorri Jónsson*: Lýsing fjárkláðans og leiðarvísir til að búa til ýms böð og bada sauðfé. Gefin út með viðbæti að tilhlutun lögreglustjórans í fjárkládamálinu. Rvík 1876, 16 bls. 8^o. *Halldór Kr. Friðriksson*: Svar uppá spurningu Húss- og bústjórnarfélags suðuramtsins: Hvernig geta afleiðingar fjárkláðafaraldursins í suðuramntinu orðið sem skadaminstar fyrir almenning. Rvík 1858, 16 bls. 8^o. Úrlausn (á sömu spurningu), sæmd verðlaunum. Rvík 1858, 20 bls. 8^o (nafnlaus). Sbr. ennfremur: Om det grasserende Faareskab i Island. En historisk Fremstilling efter officielle Aktstykker (Tidsskrift for Veterinærer. København. XI, 1863. bls. 214—236. Sbr. XII, 1864, bls. 232—236, 294—297; VIII, bls. 71, 311).

¹⁾ Skýrsla um kláðamálið, gefin af amtmanni Páli Briem á fundum amtsráðs Norðuramtsins, 15.—18. júní 1898, og amtsráðs Austuramtsins, 11.—14. júlí s. á. Akureyri 1898, 12 bls. 4^o.

²⁾ Búnaðarrit XV, 1901, bls. 66—67. Norðurland III, bls. 43, 45—47.

³⁾ Páll Briem segir 1902 að þá sé fjárkláði um alt land nema í Skaffafells-, Rangárvalla- og Vestmannaeyjasýslum (Norðurland I, bls. 121).

⁴⁾ Stjórnartíðindi 1901, A, bls. 194—197.

⁵⁾ Stjórnartíðindi 1903, A, bls. 234—236. Reglugjörð um útrýming fjárkláðans 28. des. 1903 í Stjórnartíðindum 1903, B, bls. 293—296.

kláðabaðanir í Noregi, fenginn til að framkvæma þessar ráðstafanir og voru þá frá því um haustið 1903 til þess í febrúarmánaðar lok 1905 allar kindur á landinu baðaðar. 658,134 að tölu.¹⁾ Eftir skýrslum Myklestads fundust um haustið 1903, þegar byrjað var að baða, alls 4711 kláðakindur á 661 bæjum, mest í Húnavatnssýslu 2025 kindur á 191 bæ, þar næst í Skagafirði 644 kindur á 83 bæjum, og í Þingeyjarsýslu 632 á 47 bæjum. Fráskildar voru í þessum tölum Múlasýslur, þar sem fyrst var baðað, þar var kláði á stöku bæ, og tveir hreppar í Dalasýslu, sem engin skýrsla hafði fengist frá. Haustið 1905 fanst kláði á 15 bæjum hingað og þangað um landið.²⁾

Á árunum 1906—1907 fór fram fjárskoðun á öllu landinu og voru þá skoðaðar 637.716 kindur.³⁾ Til útrýmingar fjárkláðanum voru á fjárlögum 1901—1905 veittar rúmar 120 þúsund krónur.⁴⁾ Árangurinn varð þó ekki einsog til var ætlast, kláðamaurarnir lifðu góðu lífi eftir sem áður. Smátt og smátt fór á næstu árum aftur að brydda á kláða í flestum sýslum landsins, sérstaklega var mikill kláði í Árnessýslu 1909, þá fanst þar kláði í öllum sveitum milli Þjórsár og Hvítár nema í Gnúpverjahreppi; annarstaðar var kláðinn að stinga sér niður á einstöku bæjum víðsvegar um land.⁵⁾ Hefir kláðamálið síðar komið til tals á alþingi, en ekkert orðið úr framkvæmdum.

Auk þessara tveggja faraldssjúkdóma, sem vér nú síð-

¹⁾ Landshagsskýrslur 1905, bls. 188—197.

²⁾ Norðurland V, 1906, bls. 147—148. Sbr. Norðurland III, bls. 1, 50—51, 56, 98—99. *O. Myklestad*: Útrýming fjárkláðans í Noregi. Búnaðarrit XV, bls. 45—66. Sami: Leiðbeiningar við útrýmingu fjárkláðans. Akureyri 1903, 7 bls. 8^o. Reykjavík 1905, 13 bls. 8^o. Leiðarvísir um fjárbaðanir. Akureyri 1904, 8^o (eitt blað). *O. T. Myklestad* hefur nýlega látið prenta ferðabók um Ísland: Gjennem Island paa kryds og tvers. Reiseindtryk og oplevelser. Bergen 1915, 160 bls. 12mo.

³⁾ Landshagsskýrslur 1908, bls. 113—124. *O. Myklestad*: Útrýming fjárkláðans (Búnaðarrit XVIII, bls. 253—258).

⁴⁾ Sumir hafa talið, að þessi síðasta kláðahrið muni hafa kostað landið um hálfja milljón króna (Freyr XI, bls 51).

⁵⁾ *Magnús Einarsson*: Fjárkláðinn (Freyr VIII, 1911, bls. 1—6, 17—24). Höf. telur kláðalækningar Myklestads gagnslaust kák, af því

ast höfum getið. angra margir aðrir sjúkdómar sauðpening voru og gera sumir þeirra mikið tjón, einkum í slæmu árferði. eða þegar nýting hefur verið ill á heyjum, eða þau skemst á ýmsan hátt: er þá sagt að vanhöld séu á fénaði og fer þá oft saman fóðurleysi og ýmsir sjúkdómar. Flestir eða allir hörundskvillar á sauðfénaði eru kallaðir *óþrif* og á það vel við og bendir á, að féð er eigi þrifið eða hirt eins vel og vera ætti. Flestir þessir kvillar orsakast af snýkjudyrum, kláðinn af maurum, en almenn óþrif koma vanalega af færilús og fellilús, sem gera skepnunum óværu og bita þær, svo bólgueitlar og bólguhella kemur í skinnið, sumstaðar smitar vessi út og myndast hrúður: geta lömb og gemlingar með óþrifum veslast upp úr hor, jafnvel þó þau hafi góða gjöf og húsavist. Sauðalúsin eða færilúsin (*Melophagus ovinus*) er algengust, en fellilúsin (*Tricodectes sphaerocephalus*), sem líka er kölluð hafilús, eða hafislús, er með alt öðru útliti og sköpulagi, hún er óalgengari og þrífst aðeins á mögru og illa hirtu fé og þá einkum því, sem haft er um lengri tíma í húsnum, sækir helst á lömb og ungt fé. Við fellilús verða menn helst varir eftir harðindavetur og gróðurlaus vor, einkum hafisvor; líka tóku menn eftir ákafri mergð af fellilús á öllu fé 1856 um það leyti sem fjárkláðinn sunnlenski byrjaði.¹⁾ Stundum koma útbrot af kali á fé, sem er rúið bert í kalsa veðráttu, á mjög mögrum kindum er stundum líka sá hörundskvilli, sem kallaður er hortflasa eða gulafasa.²⁾ Slik óþrif koma ekki í fénað, ef hann er baðaður, og jafnvel á 18. öld er þess getið að sumir forsjálir bændur gáfu lömbum keitubað, áður en þau voru rekin á fjöll og þóttu þau betur þrífast en önnur lömb.³⁾ Annars mun böðun á sauðfé víðast hafa verið óþekt, þangað til fjárkláðinn kom, en lúsasalvi var

aðeins var baðað einu sinni, drepnir maurarnir, en egg þeirra skilin eftir, svo þau á viku eða hálfsmánaðar fresti gátu framleitt nýjar kynslóðir maura. Sbr. Freyr XI, 1914, bls. 51—52.

¹⁾ Þjóðólfrur IX, bls. 19.

²⁾ Snorri Jónsson; Um óþrif í sauðfé. Rvík 1876, 15 bls. 8^o. Sbr. Stefán Sigfússon í Búnaðarriti VI, bls. 107—132.

³⁾ Magnús Ketilsson: Sauðfjárhirðing bls. 45—46.

borið í lömb þegar á fyrri hluta 19. aldar. »Þegar eg var ungur«, segir Olafur Sigurðsson í Ási, »var af sumum notið vel mulin og sigtuð aska til ofaniburðar, var hún af þeim álitin áreiðanlegt lúsameðal, og eigi sögðu þeir að hún skemdi neitt ullarvöxtinn, eða eyddi sauðfitunni; ekki sá eg heldur að svo væri. Því eg skoðaði hjá þeim lömb. En mjög var seinlegt að bera hana í, þar eð hverjum lagði þurfti að fletta sundur um alla kindina.«¹⁾ Svipuð aðferð var, að sögu Guttorms prófasts Pálssonar, höfð við lömb í Múlasýslum, og hann bætir við »sumir hafa og þvegið fráfarulömb sín eður borið í þau hákarlslýsi áður á fjall voru rekin.«²⁾ Nú munu þrifaböð á sauðfé vera farin að tíðkast allviða, þó ekki eins víða og skyldi.³⁾

Af algengum sjúkdómum, sem oft gera mikið ógagn, má ennfremur nefna ormasótt, skitupest og lungnaveiki. *Ormasýkin* hefur á seinni árum gert mikið tjón í ýmsum líeruðum á Íslandi. Ormar í lungum og meltingarfærum (ýmsar tegundir af strongylus) eru mjög algengir í sauðfé, sem fær þá með heyi og vatni og getur jafnvel andað að sér ormaeggjum í hevryki. Ormum þessum getur stundum fjölgað svo geyst, þegar lífsskilyrðin eru hentug fyrir þá, að þeir bráðdrepa skepnurnar, en stundum dragast þær upp með lungnaveiki og lífsýki, sem ormar þessir valda. Með köflum er mikill faraldur af þessari ormasýki, stundum er hún kölluð lungnadrep, þegar ormarnir leggjast mest í lungun, en stundum skitupest, þegar þeir skemma meltinguna. alþýða blandar því þessum sjúkdómi oft saman við aðra sjúkdóma af alt öðrum uppruna. Það hefur verið sagt, að kindurnar fengju helzt orma, þegar þær ganga á votlendi, en þó einkum eftir votviðrissumur. Þó getur eflaust oft brugðið út af þeirri reglu. *ormasýkin* hefur á seinni árum líka gengið í þurrlandum hérúðum. Veiki þessi mun áður

¹⁾ Tímarit bókmentafélagsins XV, 1894, bls. 226.

²⁾ Fjallkonan XV, 1898, bls. 4.

³⁾ Um sauðfjárbaðanir, Freyr VI, bls. 89–93; VIII, bls 39–40. Lögrjetta 1913, nr. 23–24. Jón H. Þorbergsson: Um hirðing sauðfjár Rvík 1912, bls. 14–17, 34–35. Hallgr. Þorbergsson: Þrifaböðun sauðfjár (Norðurland V, 1905, bls. 45–46; VII, 1907, bls. 79–80).

hafa stungið sér niður hér og hvar á 19. öld. en virðist hafa mjög ágerst á þessari 20. öld. Þess er getið 1869 að mikil maðkasýki hafi þá gengið í sauðfé í Hreppum, Biskupstungum og í uppsveitum Rangárvallasýslu, einkum á Landi og ofan til á Rangárvöllum. mistu hinir fjárauðgari menn nærri helming gemlinga sinna og sumir fullorðið að mun. Í fé þessu voru allar lungnapípur fullar af ormum og jafnvel önnur innýfli.¹⁾ Veturinn 1894—95 kom upp lungnaormasýki á Möðruvöllum í Hörgárdal²⁾ og 1900—1901 gekk ormasýki í Þingeyjarsýslu og Borgarfirði syðra. Þá sýktust í Skútustaðahreppi og Reykdælahreppi 2257 kindur af 10274, sem til voru, en 160 drápust.³⁾ Árið 1904 rannsakaði Magnús Einarsson dýralæknir drepstótt af þessu tagi í Múlasýslum, þar hafði hún gert talsvert tjón í 3—4 ár, en í Þingeyjarsýslu var veiki þessi helmingi eldri og hafði að sögn líka gengið þar áður, um og fyrir 1860.⁴⁾ Fardagaárið 1913—14 drapst fjöldi fjár á Suðurlandi úr ormaveiki, mest kvað þó að drepstótt þessari í Austur-Skaftafellssýslu, þar er sagt að árið 1914 hafi drepist um 3000 fjár úr pest þessari.⁵⁾

Þá eru einnig oft bandormar í lömbum og eldra fé, ennfremur innaumlein, sullir í lifur og lungum o. s. frv. Almenn skitupest, lífssýki, búkhlaup eða blóðsótt er sérstaklega algeng á lömbum á haustin og veldur stundum miklu tjóni. Þegar hún er bráð, og drepur þá kindur á fáum dögum, fullorðið fé fær hana sjaldnar; oft er sýkin hægfarandi, og þá ekki eins hættuleg. Lungnaveiki í fé er með ýmsu móti, stundum bráðrepandi líkt og bráðasótt (þá ef til vill orsökud af ormum), þannig drápust úr henni í tveim hreppum í Suður-Múlasýslu 1875—76 1415 kindur, oft fá kindur ýmsa aðra langgæðari lungnakvilla, hósta og innkuls. stund-

¹⁾ Þjóðólfrur XXI, 1869, bls. 129.

²⁾ *Stefán Stefánsson* hefir lýst henni í Búnaðarriti XI. 1897, bls. 113—138.

³⁾ Norðurland I, bls. 109; II, bls. 42.

⁴⁾ *Magnús Einarsson*: »Lungnadrep og skitupest« á sauðfé í Norður- og Austuramtinu (Freyr I, bls. 53—55, 57—62, 65—67). Sami: Ormasýki í sauðfé (Freyr II, bls. 1—3).

⁵⁾ Búnaðarrit XXX, bls. 258—260, 296—297.

um uppdráttarsýki og megurð, sem getur orsakast af ýmsum sjúkleika í lungunum, stundum af gömlum sullum o. fl.¹⁾ Árið 1911 kom upp einkennileg sauðaveiki í Sandfellshaga í Axarfirði og 90 sauðir syktust á vikutíma með þeim hætti, að bólga kom í augu, snoppu og eyru og nálega allt andlit kindarinnar og gróf í; svipuð veiki hafði nokkrum árum áður komið upp í Skagafirði. Telja dýralæknar sjúkdóm þenna skyldan »álfabruna« á sauðfé í Noregi, sem helzt kvað koma í fé, sem er á beit í harðgresis-beitarlöndum, en lítið vita menn um eðli veikinnar.²⁾ Þess er stundum getið í eldri ritum, að sauðfénaður hafi orðið bráðdaður af öðrum sjúkdómum en bráðapest, og hafa menn eigi vitað neina orsök, kallað niðurfalld fénaðar »snert« og öðrum nöfn-um. Sveinn Pálsson getur þess að 1790 hafi undir Eyja-fjöllum komið upp hættuleg fjárveiki og var hún kend óhollum og eitruðum grösum³⁾ Þess er getið 1865 að fé hrundi niður á Skarði á Skarðsströnd á 4 vikna tíma frá miðgóu til miðs einmánaðar, þar drápust 120—140 kindur. Drepsótt þessi átti ekkert skylt við bráðapest, sem allir þektu, kindin kastaðist niður og var steindauð á augna-bragði, en óðar en kindunum sem eftir lifðu, var komið burt af bænum, þá bar ekkert á neinni þeirra.⁴⁾ Það hefur komið fyrir að sauðfénaður og annar búpeningur hefur drepist af hvaláti,⁵⁾ og 1882 stakk sér sumstaðar niður ókennileg veiki í sauðfé, það varð afhvana og varð að skera það í fullum holdum.⁶⁾ Þessa og aðra sjúkdóma á sauðfé hefur almenningur eigi þekt af því engir dýralæknar voru til að leiðbeina og finna sjúkdómsorsakirnar.

Í miklum eldgosum, þegar aska og ólyfjan berst á grasið, fær sauðpeningur alskonar sjúkdóma, mest kvað þó að þessu eftir Skaftárgosin í móðuharðindunum 1783—85,

¹⁾ Snorri Jónsson: Husdyrsygdomme. bls. 31, 33. Stefán Sigfússon í Búnaðarriti VII, bls. 125—158.

²⁾ Sigurður Einarsson: Fjárýkin í Sandfellshaga (Freyr VIII, bls. 101—102). Magnús Einarsson: Álfabruni á sauðfé (s. st. bls. 102—103).

³⁾ Journal paa en Naturforskerreise I, bls. 38—41.

⁴⁾ Þjóðlífur XVII, 1865, bls. 117.

⁵⁾ Þjóðviljinn VII, bls. 56, 92; XVII, bls. 94.

⁶⁾ Árferði á Islandi, bls. 316.

sauðfé drapst þá hrönnum af liðaveiki, brixlum og innan-meinum.¹⁾ Oft kemur þá ofvöxtur í jaxla og tannhold svo fé getur eigi jetið og er það kallaður *gaddur*: hefir oft á 18. og 19. öld orðið vart við þenna sjúkdóm eftir eldgos, í þeim héruðum þar sem askan hefur dreifst yfir. Þar sem fjörubeit er, drepst fé stundum úr sjúkdómum, sem kallaðir eru þembufár og fjörufall, á fjörufallið að orsakast af eitruðum sævarormum. Þá er ennfremur höfuðsóttin algengur kvilli á Íslandi og stendur hún einsog kunnugt er í sambandi við bandormaveiki hunda og sullaveiki manna. Þá er vatnssótt nokkuð algeng á sauðum, sem beitt er úti, en hýstir á nóttu, ennfremur júgrabólga í ám, iðraverkir, hlessing, stjarfi, hjartveiki, skjögur, flog, snjóblindu o. fl.²⁾ Eðlilega eru sjúkdómar þessir ekki vísindalega sundurgreindir hjá alþýðu, og vanalega auðkendir með almennum orðatil-tækjum. Samkvæmt lögum 20. október 1905³⁾ eru menn nú skyldir að senda stjórninni skýrslur um alidýrasjúkdóma, en eiga að sektast ef þeir tregðast við að láta þær upplýsingar í té, sem krafist er.⁴⁾

¹⁾ Veikindum sauðfjár í móduhardindunum lýsir Jón Steingrímsson prófastur í eldriti sínu (Safn til sögu Íslands IV, bls. 37—38).


²⁾ Sbr. Jón H. Þorbergsson: Um hirðing sauðfjár 1912, bls. 25, 33, 56—58, 61.

³⁾ Stjórnartíðindi 1905, A, bls. 164.

⁴⁾ Nánari fræðslu um ýmsa sjúkdóma sauðfjénaðar má fá í ýmsum ritgjörðum t. d. Snorri Jónsson: Husdyr og Husdyrsygdomme paa Island (Tidsskrift for Veterinærer 2. R. IX. B. Kbhvn 1879, bls. 137—178). Stefán Sigfússon: Helztu sjúkdómar búpenings vors (Búnadarrit VI, bls. 107—132; VII, bls. 123—168). Magnús Stephensen í Veterinær-Selskabets Skrifter I, 1808, bls. 206—211. Magnús Ketilsson: Saudfjær-hirðing 1778, bls. 157—168. Guðm. Einarsson: Um sauðfjénað 1879, bls. 80—91. Oddur Hjaltalín: Ráð við niðurgangi í sauðfé (Klaustur-póstur II, 1819, bls. 88). Sighvatur Árnason: Ráð við magakvillum í sauðfjénaði (Isafold XIV, 1887, bls. 164). Jón H. Þorbergsson: Kvillar á sauðfé (Norðri VI, Akureyri 1911, nr. 19, bls. 62) o. fl.







Author **167491** Thoroddsen, Thorvald

Title Lysing Islands. vol.3.

DATE.

HScan
T516ky

University of Toronto
Library

DO NOT
REMOVE
THE
CARD
FROM
THIS
POCKET

Acme Library Card Pocket
Under Pat. "Ref. Index File"
Made by LIBRARY BUREAU

